Þingsályktunartillögur.

A.
Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Skrifstofuhúsnæði í Landsbankanum.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. mars, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um húsnæði fyrir opinberar skrifstofur í Reykjavík (A. 126).

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var till. tekin til einnar umr.

Sigurður Jónsson: Ekki er hægt að segja, að hjer sje um stórmál að ræða, en þó hefir það haft talsverðan undirbúning.

Á síðustu árum hefir verið mjög þröngt um húsnæði hjer í Reykjavík, og hefir ríkið einnig fengið að kenna á því. Á þinginu 1919 kom til tals hjer á Alþingi, að ríkið keypti hús í Mjóstræti, til afnota fyrir ýmsar skrifstofur ríkisins, en horfið var þó frá því ráði þá.

Í lestrarsal Alþingis hefir nú legið frammi umkvörtun frá efnarannsóknarstofunni um algerlega ónógt húsnæði.

Eins og kunnugt er, þá er nú Landsbankinn að láta byggja hús, og getur hann leigt út talsverðan hluta þess, þegar það er fullgert. Húsið er eign bankans, en bankinn er aftur eign ríkisins, svo þar er með skyldum að skifta. Má því vænta þess, að þar geti orðið um hóflega leigu að ræða, þar sem ríkið á í hlut. Ætti að geta orðið viðhaldskostnaður með einhverri lítilli afborgun. Ef vænta má, að húsaleigan verði lægri þar en annarsstaðar, þá ætti það að geta haft einhver áhrif á húsaleiguna alment hjer í bæ.

Stjórnin mun nú hafa hugsað um þetta mál og fengið vilyrði frá bankanum um að sitja fyrir leigu á því húsrúmi, sem bankinn getur mist. Þáltill. getur því virst óþörf, en er þó áhersla

fyrir stjórnina um að framkvæma þetta.

Jeg fer svo eigi fleiri orðum um þetta, en treysti því, að ríkisstjórnin ráði fram úr því á sem hagfeldastan hátt.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg get tekið undir með háttv. 2. landsk. þm. (SJ) um þetta mál. Þessi samningur er þegar hafinn, eða meira en það, því það má heita afgert milli stjórnarinnar og Landsbankans, að stjórnin leigi 2 efstu hæðirnar, eða efstu hæð og þakhæð. Skriflegir samningar verða að vísu eigi gerðir fyr en nánar hefir verið ákveðið um herbergjaskipun.

Í greinargerðinni sje jeg minst á, að í kjallaranum væri hentugt rúm fyrir Landsverslun. Um það hefir ekkert verið talað frá stjórnarinnar hálfu, enda gætu farið fram beinir samningar um það milli Landsverslunar og Landsbankans.

Eins og tekið er fram, þá er stjórnin á sömu braut og till. fer fram á. Get jeg því verið hlyntur henni.

Jónas Jónsson: Jeg vildi bæta örfáum orðum við.

Eins og öllum er kunnugt, þá hefir orðið mikill kostnaðarauki fyrir ríkið á síðustu árum við skrifstofur hjer í bæ. Skrifstofum hefir fjölgað og leiga hækkað mjög. Einnig hefir starfsmönnum við þessar skrifstofur fjölgað.

Þegar Landsbankahúsið er fullgert, þá getur það mist um eða yfir 20 herbergi. Taki ríkið þau á leigu, þarf að nota þau á sem heppilegastan hátt.

Vil jeg því beina þeirri áskorun til stjórnarinnar, ef ekki er hægt að koma þar fyrir öllum skrifstofum hins opinbera, þá að athuga það, hvar leigumáli er verstur, og haga sjer eftir því um valið.

Þá væri einnig rjett, að upplýst verði, hvort það er rjett, sem flogið hefir fyrir, að ríkissjóður hafi lagt 10000 kr. til að breyta húsi því, sem lögregluskrifstofan er í. Leiga fyrir þessa skrifstofu hefir verið 6000 kr. á ári.

Það má gera ráð fyrir því, að leiga í Landsbankanum verði fremur væg, því viðgerð á húsinu mun hafa orðið tiltölulega ódýr. Enn fremur má skjóta því til stjórnarinnar, hvort ekki megi haga svo skipun skrifstofanna, þegar þær flytjast í Landsbankahúsið, er mun verða um næstu áramót, að spara megi fólk á skrifstofunum með því, að skyldar skrifstofur, eins og húsagerðar-, vegamála- og vitamálaskrifstofurnar, sjeu settar saman og noti að einhverju leyti sama starfsfólk.

Þá er það í öðru lagi hagræði fyrir menn, sem oft eiga erindi við fleiri en eina slíka skrifstofu í sama sinn, að þær sjeu saman.

Þá má minnast á eitt atriði, sem er það, að ríkið á timburhús hjer í vesturbænum. Þyrfti að athuga, hvort eigi mætti nota það fyrir eitthvað af skrifstofunum. Vildi jeg gera tillögu um það, þótt óformleg sje, til hæstv. stjórnar, að hún taki það atriði til athugunar.

Jón Magnússon: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg hefi ekkert á móti þáltill. þessari að efni til. Jeg álít það alveg rjett, sem hæstv. landsstjórn hefir gert í máli þessu, sem sje að semja við stjórn Landsbankans um húsnæði fyrir skrifstofur landsins. En jeg vil taka það fram, að mjer hefir altaf verið illa við óþarfar þáltill. þáltill. sú, er hjer um ræðir, fer fram á það, sem

hæstv. landsstjórn á ómögulegt með að gera, af þeirri ástæðu, að hún er þegar búin að gera það. Það, sem þáltill. fer fram á, er þegar uppfylt af hálfu hæstv. landsstjórnar. Jeg teldi rjett, að þáltill. verði vísað til hæstv. stjórnar, þar eð hún þegar hefir ekki einungis hafið samninga um þetta mál, heldur sama sem lokið þeim. Eins og jeg tók fram í öndverðu, þá er jeg eigi á móti þáltill. í sjálfu sjer, en jeg er henni eigi samþykkur, af því að jeg álít hana óþarfa. Jeg geri það því að till. minni, að henni sje vísað til hæstv. landsstjórnar.

ATKVGR.

Till. 4. landsk. þm. (JM) um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, HSn, JóhJóh, JM, SHK, HSt.
nei: EÁ, GGuðf, GÓ, IHB, JJ, KE, SJ.

SE greiddi ekki atkv.

Tillgr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 163).

2. Innlendar póstkröfur.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um innlendar póstkröfur (A. 180).

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 22. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 180).

Flm. (Magnús Jónsson): Eins og sjá má á þskj. 180, er þessi tillaga borin fram samkvæmt tilmælum allmargra útgefenda bóka, blaða og tímrita. Jeg vænti þess, að háttv. þm. hafi lesið fylgiskjalið og kynt sjer þetta mál, sem er alls ekki flókið og engar hættur því samfara, þótt nái fram að ganga. Það liggur í augum uppi, hversu óþægilegt það er að geta ekki hagnýtt sjer jafnþægilega aðferð og póstkröfur eru við innheimtu þessara smáupphæða, sem hjer er oftast um að ræða. Og almenningur vill helst nota þessa aðferð við þess háttar greiðslur. Þessi tillaga til þál. er því borin fram til að greiða úr þessu og þeim erfiðleikum, sem eru á núverandi fyrirkomulagi. Þessi innheimtuaðferð er nú næstum því útilokuð hjer innanlands, vegna þess, að póstkröfur verða ekki innheimtar nema á póstafgreiðslustöðum. Þess vegna er í þessari till. til þál. farið fram á, að einnig verði innheimtar póstkröfur á brjefhirðingastöðunum.

Í fylgiskjalinu er bent á aðferð, sem notuð er á símastöðvunum og virðist mjög vera handhæg. Stöðvarnar hafa handhæg eyðublöð, sem þar eru útfylt,

og eru þau svo send útfylt til eftirlitsstöðvanna á mánaðarfresti, og er þá ávalt auðvelt að kippa í lag, ef eitthvað ber út af þessu viðvíkjandi. Er mjer sagt, að á símastöðvunum fari þetta vel úr hendi, enda er þetta ofureinfalt og óbreytt, og yrði auk þess enn einfaldara í því máli, sem hjer er um að ræða.

Jeg ætla ekki að teygja umræður um þetta að sinni, og vænti þess, að þessi till. gangi auðveldlega í gegnum háttv. deild, enda ekki gott að sjá neina agnúa á þessu máli, þar sem hjer er ekki farið fram á annað en það, sem öllum er til þæginda. Það væri þá helst frá póststjórnarinnar hálfu, að hún fyndi einhverja örðugleika á framkvæmd þessa máls; en þá er á það að líta, að hjer er ekki annað gert en skora á stjórnina að koma þessu í kring, og það er þá á valdi hennar að láta það vera, ef póststjórnin telur fram svo ríkar ástæður á móti, að hún treystist ekki til að koma því í framkvæmd.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get vel tekið undir það með háttv. flm. þessarar till. (MJ), að þetta fyrirkomulag yrði mjög handhægt útgefendum blaða og bóka, til að ná inn andvirðinu. Það vita allir, hversu þetta er erfitt víða um land, og er jeg því fyllilega sammála háttv. flm., að ef þetta væri hægt, mundi það greiða mikið fyrir slíkum viðskiftum úti um landið. En jeg hygg, að þetta verði ekki eins auðvelt og háttv. flm. álítur það vera.

Í fylgiskjalinu stendur, að póstmenn telji þetta auðvelt í framkvæmdinni. Jeg skal að vísu ekki rengja þessi ummæli, en jeg hefi líka talað við aðalpóstmeistara um þetta, og annan póstembættismann, og telja þeir, að hækka þurfi laun brjefhirðingamanna, ef þessi störf bætist við þá. Það gefur og að skilja, að með aukinni ábyrgð fylgi, að launin þurfi að hækka að einhverju leyti. Einnig þykir þeim vafasamt, að allir brjefhirðingamenn, þeir sem nú eru, sjeu þessum starfa vaxnir, og þurfi því að skifta um brjefhirðingamenn á nokkrum stöðum. Þetta mál virðist því ekki vera eins auðvelt og háttv. flm. till. hugði.

En enda þótt brjefhirðingamenn þeir, sem nú eru, hafi getað sint þeim störfum, sem felast í stöðu þeirra, hingað til, þá er þó óvíst, að margir þeirra sjeu færir um að hafa þá skýrslugerð á hendi, sem innheimta póstkrafna hefir í för með sjer. Þetta skiftir vitanlega ekki miklu máli, en er þó til óþæginda, ef víkja þarf frá mönnum, er lengi hafa gegnt þessari litlu stöðu. Auk þess er líklegt, að kaupa þurfi peningaskápa handa brjefhirðingamönnunum, þar sem þeir oft og tíðum myndu hafa allmikla peninga undir höndum.

Þetta, sem jeg nú hefi frá skýrt, eru aðalmótbárurnar gegn því, að till. gangi fram, og legg jeg það á vald þingsins að dæma um það, hvort þyngri muni á metunum, þessar mótbárur, eða nauðsynin á að gera innheimturnar greiðari. Jeg hefi ekki skýrt frá þessum mótbárum sökum þess, að jeg sje persónulega á móti till., heldur vegna þess, að jeg vildi skýra háttv. þm. frá áliti póststjórnar og þeim vandkvæðum, sem gætu verið á því, að till. gengi fram.

Bjarni Jónsson: Svo skildist mjer ræða hæstv. atvrh. (KlJ), sem póststjórnin hafi gert sjer leit að ástæðum, er mælt gætu í gegn till. þeirri, er hjer ræðir um. En hvort er svo, að pósthús

og póstþjónar sjeu fyrir þjóðina, eða þjóðin fyrir þá? Póststarfsemin er orðin það mikið bákn og dýr þjóðinni, að póststjórnin ætti ekki að geta skorast undan að gera mönnum þetta litla hagræði, því ef þessu verður ekki framgengt, verður ókleift að gefa út blöð og tímarit framvegis. Einstökum útgefendum blaða eða rita er ómögulegt að hafa menn úti um alt land til að innkalla fyrir sig andvirðið. Slíkt er nógu erfitt fyrir bóksalafjelagið.

Því er alls eigi hægt að berja við, að brjefhirðingamönnum sje starf þetta ofvaxið. Þeir mundu allir geta útfylt skýrslur, sem með þarf, og innkallað fjeð. Þeir mundu vitanlega fá skýrsluform, og það mundi vera auðvelt að útfylla, því starf þetta er ekki margbrotið. Hjer á landi er lítið um skynskiftinga, nema þá ef til vill á hinum hærri stöðum, svo sem vera kynni hjer á þingi, en svo er eigi um allan almenning.

Kostnaður af þessari innheimtu mundi enginn verða fyrir póstsjóð, því hann fengist endurgreiddur af fje því, er greitt er fyrir innheimtuna.

Jeg vildi segja þessi örfáu orð til stuðnings till., en ekki af því, að jeg viti ekki, að háttv. flm. (MJ) hefir næg rök. Það má ekki vera óátalið, að póststjórnin reyni þannig að koma sjer undan að gera skyldu sína.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg gat þess til, að eina mótbáran gegn till. mundi koma frá póststjórnarinnar hálfu. Jeg er þakklátur hæstv. atvrh. (KlJ) fyrir upplýsingarnar og að hann tók liðlega í málið. Mjer þykir vænt um, að mótbárur þær, er póststjórnin hefir gegn till., skyldu strax koma fram, því við það kom í ljós, að andmælin gegn till. eru alveg hverfandi, og vita þá háttv. þm., að hverju þeir hafa að ganga í þessu máli.

Ástæður þær gegn till., sem hæstv. atvrh. (KlJ) taldi fram, fyrir hönd póstmeistara, voru allar smávægilegar. Fyrst mintist hann á, að það myndi hafa í för með sjer launahækkun brjefhirðingamanna, því bæði væri þetta vandaverk, og auk þess fylgdi því talsverð peningaábyrgð. Jeg segi ekki um það, hvort þetta sjeu nægar ástæður til launahækkunar þeirra, því bæði yrði vandinn lítill, ef þeir fá góð skýrsluform, sem auðvelt ætti að vera að útfylla, og peningaábyrgðin þyrfti ekki að vera mikil, ef oft væri gert upp og aldrei látið safnast mikið fyrir. En þó svo væri, að hækka þyrfti launin, þá fær póstsjóður það aftur með innheimtugjaldinu. Þessi ástæða er því svo lítil, að hún vegur ekkert upp í það hagræði, sem fengist með því að láta innheimtuna ná til brjefhirðinganna. Ólíklegt tel jeg, að skifta þurfi nokkursstaðar um brjefhirðingamenn vegna innheimtunnar, og að minsta kosti yrði aldrei hörgull á mönnum, er gegnt gætu starfanum. Væri þar sjálfsagt hægt að fá þrjá fyrir einn.

Um peningaskápana held jeg megi segja, eins og háttv. þm. Dala. (BJ) komst að orði, að þar hafi verið leitað að ástæðu. Þeir menn, er brjefhirðingar hafa á hendi, hafa oft miklu meiri peninga handa milli en leiða myndi af innheimtu póstkrafna. Vitanlega yrði það talsverður kostnaður, ef kaupa ætti peningaskápa handa öllum brjefhirðingum, en ótrúlegt, að nokkur þörf sje á því.

Yfirleitt tel jeg, að þessar upplýsingar greiði fyrir málinu. Þetta yrði svo

mikið hagræði fyrir bóka- og blaðaútgefendur, að andmæli háttv. póststjórnar vega þar ekkert á móti. Almenningi yrði einnig mikið hagræði að þessu, því margir vilja einmitt greiða andvirði blaða og bóka með póstkröfu, sökum þess, að það er mikið umstangsminna, enda er þetta fyrirkomulag mjög mikið notað orðið um allan heim.

Á mörgum stöðum hjer á landi er póstafgreiðslustöðum ekki svo vel í sveit komið, að auðvelt sje fyrir almenning í þeim sveitum, er heyra undir póstafgreiðslustaðina, að borga þangað póstkröfur sínar. Get jeg nefnt Hraungerði í Árnessýslu sem dæmi þess. Aftur á móti eru brjefhirðingastaðir svo víða, að flestir geta náð til einhvers þeirra.

Jeg ætla ekki að teygja meir umræður um þetta. Býst jeg við, að till. fái góðan byr í háttv. deild. Því að auk alls annars býst jeg við, að hæstv. atvrh. (KlJ) hafi einmitt, af velvilja sínum til málsins, talið rök póststjórnarinnar hjer á móti því, af því að hann hefir sjeð sem var, að þau voru í raun rjettri meðmæli.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 233).

3. Baðlyfjagerð og útrýming fjárkláða.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 22. mars, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um innlenda baðlyfjagerð og útrýmingu fjárkláða (A. 193).

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 23. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf ekki að láta mörg orð fylgja tillögu þessari. Á síðasta þingi lá svipuð tillaga fyrir háttv. deild, og var þessu máli þá svo komið, að þegar var byrjað á rannsóknum um innlenda baðlyfjagerð. Var stjórninni sett í sjálfsvald að nota þau baðlyf, er hún teldi heppilegust, við baðanir síðastliðið haust.

Síðan hefir þessum rannsóknum verið haldið áfram. Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir ritað bæði Gísla gerlafræðingi Guðmundssyni, er framkvæmdi þessar rannsóknir, og Magnúsi Einarssyni, dýralækni í Reykjavík, og er það aðallega af svari Gísla Guðmundssonar, að sjeð verður, hvað gert hefir verið í málinu síðan í fyrra. Hann telur yfirleitt engin vandkvæði á því að gera innanlands örugg og áreiðanleg baðlyf, og hefir hann haldið áfram rannsóknum í því efni. Í vetur fjekk hann nokkrar kláðakindur til þess að gera tilraunir á þeim, og hefir hann reynt baðlyfið stig af stigi á þeim, svo að hann gæti sjeð, hvaða tegund reyndist best. Telur hann, að innlend baðlyf muni verða töluvert ódýrara en danska baðlyfið, sem keypt var síðastliðið haust, en það er þó ekki

dýrt í samanburði við þær tegundir baðlyfja, er menn notuðu mest áður. Hann býst við, að þessum rannsóknum verði lokið í ágústmánuði næstkomandi. Því ber landbúnaðarnefnd fram þessa till., að stjórnin láti halda þessum tilraunum áfram og geri síðan undirbúning undir algerlega útrýmingu fjárkláðans.

Á síðastliðnu hausti var keypt baðlyf frá Danmörku, eitthvað um 40 smálestir. Þetta baðlyf var gert eftir sjerstakar rannsóknir, og mátti búast við, að sjerstaklega vel væri frá því gengið. Það var flokkað í 4 flokka, A, B, C og D, og var B-tegundin keypt hingað. Gísli Guðmundsson og efnafræðingur ríkisins rannsökuðu baðlyf þetta, og telur efnafræðingurinn það allgott, en sá galli sje þó á því, að uppleysingin sje ekki sem æskilegust. Gísli gerlafræðingur tók einnig fram, að baðlyfinu væri vant í þessu efni. Þetta baðlyf hefir nú verið reynt víða og hlotið æðimisjafna dóma. Þannig hefir fje drepist sumstaðar af böðuninni, en hvernig á því stendur, og hvort það hefir orðið fyrir handvömm, skal jeg ekki leggja neinn dóm á. En það er víst, að fje hefir sumstaðar drepist af þessu, og segja sumir menn, að lúsin hafi þó lifað eftir. Þetta eru engin meðmæli með baðlyfinu og gefur ekki þá raun, að tiltækilegt sje að kaupa það framvegis.

En þá er á það að líta, að þetta er ekki besta tegundin. A-tegundina telja menn mjög góða og að hún hafi alla þá kosti, sem krafist verður af góðu baðlyfi. En sú tegund er miklu dýrari, kostar kr. 1,40 lítrinn í Danmörku, en þessi tegund ekki nema 65 aura, og var hún seld í Landsversluninni fyrir kr. 1,25 lítrinn.

Er þá sýnilegt um fjárhagshlið þessa máls, að æðimikið ódýrara yrði að nota innlend baðlyf, þegar trygging er fengin fyrir því, að það sje gott og óyggjandi, heldur en að nota þessi dönsku baðlyf, þegar svona mikill kostnaður þarf að leggjast á þau. Því að besta tegundin yrði þá svo dýr, að mönnum yrði ókleift að kaupa hana, enda ekkert því til fyrirstöðu, að auðið sje að búa til eins gott baðlyf hjer á landi.

Þegar gætt er fjárfjöldans í landinu og hve mikið baðlyf þarf á hverja kind, er þetta engin smáræðisupphæð. Samkvæmt búnaðarskýrslunum 1920 voru hjer á landi um 580 þús. fjár. Ef notað er danska baðlyfið, blandað 1:40, og 3 lítra þarf að meðaltali á hverja kind, verður það alt að 45 smálestum. En eftir þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um innlenda baðlyfið, munar þetta 27 þús. kr. árlega. Hjer er því ekki að ræða um neina smáupphæð, auk þess sem það er fyrir öllu, að örugg trygging sje fyrir því, að baðlyfið sje óyggjandi. Aftur er kostnaðurinn við rannsókn og undirbúning þessa máls hverfandi í samanburði við þetta. Gísli Guðmundsson hefir áætlað, að 3000 kr. muni þurfa til þeirra framkvæmda og kaupa á hráefnum og körum við tilbúning baðlyfsins. Ekki veit jeg, hve miklu af þessu er þegar eytt, en Gísli telur, að ekki þurfi að leggja meira fram til undirbúnings þessa en gert hefir verið, annað en til uppihalds kláðakindunum, er jeg nefndi. Þegar kemur til, að þetta nýja baðlyf verði reynt á hausti komanda, býðst hann til að selja það til reynslu á sinn eiginn kostnað, svo að ríkissjóður þarf ekki að verða fyrir útlátum til þess. En af danska baðlyfinu,

er keypt var í fyrrahaust, liggur mikið eftir óselt hjá Landsverslun, sem sjálfsagt er að nota. Mætti nota það að hausti, með nákvæmum leiðbeiningum, jafnframt því sem nýja baðlyfið verður reynt, því að ófært er að láta svo mikið verðmæti fara til ónýtis, en hins vegar ætti það að geta komið að notum með góðri fyrirsögn, svo það ætti ekki að valda skaða.

Nefndin leggur, svo sem tillagan ber með sjer, sjerstaka áherslu á, að baðlyfjagerðin verði innlend. Og þegar trygging er fengin fyrir því, að baðlyfið sje örugt, liggur næst fyrir að undirbúa algerða útrýmingu fjárkláðans. En í því máli þarf stjórnin mikillar aðstoðar og leiðbeiningar frá dýralækni.

Á síðasta þingi lýsti landbúnaðarnefnd því, hvernig hún vildi, að þessum útrýmingarböðum yrði hagað. Jeg skal ekki endurtaka það, en einungis geta þess, að hún taldi sjálfsagt, að fjáreigendur borguðu sjálfir baðlyfin. Ríkissjóður þarf samt að kosta miklu til. Það þarf eftirlitsmenn í hverju hjeraði, er hafi fengið nákvæma tilsögn og leiðbeiningu hjá dýralækni, svo að ekkert fari í handaskolum, þegar svo mikið er í húfi.

Á síðasta þingi komu fram raddir um það, að þessi útrýmingarböðun þyrfti ekki að fara fram um alt land. Jeg skal ekkert um þetta segja; legg það algerlega á vald stjórnarinnar og dýralæknis. En þó efast jeg um, að útrýming geti orðið trygg með öðru móti.

En skaði sá, er menn eiga jafnan á hættu að verða fyrir meðan pest þessi liggur í landi, er ekki eina atriðið í þessu máli, heldur verður að líta á fleira. Jeg gæti ímyndað mjer, að þessi sjúkdómur sje ein ástæðan til þess aðflutningsbanns, sem er á lifandi fje hjeðan til Bretlands, og má þetta ekki vera því til fyrirstöðu lengur. Getur vel verið, að fleiri ástæður sjeu til þessa banns, þó að jeg viti það ekki, en fjárkláðinn mun þó eiga sinn þátt í því.

Jeg vænti þess, að háttv. deild taki þessari tillögu vel, og hæstv. stjórn geri alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að undirbúa málið, svo að það komist sem fyrst í framkvæmd og verði lagt fyrir næsta þing, eins og nefndin gerir ríka kröfu til.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er raunar óþarfi fyrir mig að taka til máls, því að háttv. frsm. (ÞórJ) sagði rjett og satt frá öllum málavöxtum, og hefi jeg þar engu við að bæta. En jeg áleit þó viðkunnanlegra að standa upp til að lýsa yfir því, að mjer er sönn ánægja að framfylgja þessari tillögu.

Tillagan er í 2 liðum. Fyrri liðurinn, að halda áfram rannsókn á innlendri baðlyfjagerð, er alveg sjálfsagður. Stjórnin fól Gísla gerlafræðingi Guðmundssyni þessa rannsókn; hefir hann haft hana með höndum um nokkurn tíma og býst við að geta lokið henni í ágústmánuði. Að því loknu liggur fyrir að prófa, hvort baðlyfið sje örugt, og reynist það svo, er til þess ætlast, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um baðlyfjagerð. Reynist baðlyfið aftur á móti ekki óyggjandi, býst jeg við, að nefndin ætlist til, að rannsóknum verði haldið áfram, en ekki verði ráðist í aðrar framkvæmdir í málinu.

Ef það kemur í ljós, sem full ástæða er til að vænta, að baðlyfið reynist gott og örugt, verður stjórnin að hafa vandlegan undirbúning undir frv. Þarf hún þá mikillar aðstoðar, sjerstaklega frá

dýralækninum í Reykjavík. Með því verður lagt á hann talsvert aukastarf, sem jeg efast um, að hann telji sjer skylt að inna af hendi endurgjaldslaust, enda efast jeg ekki um, beri þessar tilraunir góðan árangur, að þingið muni ekki telja eftir, þó að honum verði greidd hæfileg þóknun. Verði þessi tillaga samykt, og ef því verður ekki mótmælt, álít jeg því, að í henni felist heimild fyrir stjórnina til að greiða nauðsynlegan kostnað við rannsókn og undirbúning þessa máls.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um danska baðlyfið, er keypt var síðastliðið haust. Þó skal jeg geta þess, að þó að keypt hefði verið besta tegundin, er kostar kr. 1,40 lítrinn í Danmörku, hefði hún orðið talsvert ódýrari en þau baðlyf, er bændur hafa keypt áður. Kreólín mun hafa kostað 3 kr. lítrinn áður fyr, en að vísu kom yfirlýsing í fyrra frá gömlu lyfjabúðinni í Reykjavík, að hún mundi geta selt það talsvert ódýrara, eða fyrir kr. 1,50 lítrann. Samt þótti A-tegundin of dýr, en B-tegundin var keypt, sú sem kostaði 65 aura lítrinn, þar sem hún þótti sæmilega örugt baðlyf, að dómi Gísla Guðmundssonar og efnafræðings ríkisins. En ástæðan til þess, að baðlyfið varð miklu dýrara í útsölu en menn höfðu búist við og líkur þóttu til, var sú, að brúsarnir, sem lyfið var sent í, reyndust afardýrir. Jeg var staddur í Kaupmannahöfn, þegar kaup þessi voru gerð, og var rjett komið að því, að hverfa þyrfti frá kaupunum á baðlyfinu vegna þessa. Það var víða leitað tilboða um þessar umbúðir, og ódýrasta tilboði tekið, en þó þurfti að leggja svona mikið á baðlyfið.

Um gæði þessa baðlyfs skal jeg geta þess, að jeg hefi fengið upplýsingar víða af landinu um, að það hafi reynst mjög vel. Fyrir því hygg jeg, svo sem hv. frsm. (ÞórJ) tók líka fram, að þar sem það hafi ekki komið að haldi, eða valdið tjóni, hafi það verið fyrir handvömm eða ranga blöndun, og megi bæta úr því með rækilegum leiðbeiningum.

Háttv. frsm. (ÞórJ) bar upp þá spurningu, hvort lagt hafi verið fram nokkurt fje til undirbúnings þessa máls. Jeg man ekki eftir því, að svo hafi verið, og geri ekki heldur ráð fyrir, að það verði gert hjer eftir að neinu ráði.

Um það, hversu mikið sje til fyrirliggjandi af þessu baðlyfi, veit jeg ekki, en tel líklegt, að eftirstöðvar birgðanna muni seljast upp í haust.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessari tillögu, en ein athugasemd hjá hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) gaf mjer tilefnið. Hann sagði, að baðlögurinn danski, sem notaður var næstliðið haust og keyptur var eftir ráðum dýralæknis hjer, mundi sumstaðar hafa grandað fjenu, en ekki unnið á færilúsinni. Jeg býst við, að einhverjum hafi þótt saga þessi ótrúleg, en jeg hygg, að hún hafi við talsverð rök að styðjast. Mjer hafa borist frjettir austan af landi um slæma reynslu af baðefni þessu, og að fje hafi farist þar á nokkrum stöðum, þar sem slys af þessu tæi hafa aldrei komið fyrir og þaulvanir menn hafa fengist við böðunina. Hefir um þetta verið leitað til dýralæknis þar, án þess nokkrar verulegar skýringar á slysunum hafi fengist. Giskar hann á, að fjárdauðanum kunni að hafa valdið lungnaormar í fjenu, sem þess vegna

hafi eigi þolað baðið. En slíkt er harla ótrúlegt, því að lungnaormar eru alltíðir í fje á þeim slóðum, og þekki jeg þó engin dæmi þess, að fje hafi þann veg drepist eftir böðun, enda er mjer sagt, að fjeð hafi verið mjög hraustlegt og vænt, er baðað var.

Jeg verð því að álíta, enn sem komið er, að hjer sje um mjög varasama baðlagartegund að ræða, ef eigi háskasamlega, og mundi mjer þykja miður, ef að nýju ætti að fara að nota leifar þessa baðlagar að hausti. Jeg held, að margir sjeu búnir að fá þær fettur af þessum baðlagarkaupum, að rjettara sje að lofa þeim að nota baðlagartegundir, sem reyndar eru að gæðum og þeir þekkja sjálfir, heldur en óþverra þennan, eða þá að sannprófa nýjan baðlög áður en farið er að nota hann.

Stefán Stefánsson: Mjer þótti gott að heyra orð hæstv. atvrh. (KlJ) og allar undirtektir hans í þessu máli, þótt jeg hins vegar telji mjög vafasama þá ályktun hans, að handvömm ein hafi valdið, hvernig baðanirnar reyndust á sumum stöðum.

Þá vil jeg víkja að því, er hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) tók fram, að þar sem þetta baðlyf hafi verið notað, hafi það komið fyrir, að fjeð hafi drepist af því, en færilúsin ekki. Að vísu er þetta fremur ólíklegt, en þó er mjer kunnugt, að í nágrenni við mig kom það fyrir, að nokkrar kindur drápust af böðuninni. Stjórnuðu þó lærðir baðstjórar frá dýralækni böðununum, svo því verður naumast um kent, að undirbúningur hafi verið ónógur eða þekkingarleysi hafi hjer um ráðið. Lá nærri, að 2 kindur dræpust af þessum ástæðum hjá mjer. Bólgnaði önnur þeirra bæði á kviði og nárum eftir baðið og virtist vera með hitaveiki í nokkra daga. Líkt var að segja um hina kindina, þó ekki væru eins mikil brögð að því.

Það er og alkunna, að þessi baðlyf eru mjög misjöfn ár frá ári, þótt frá sömu verksmiðju sjeu og með sömu merkjum. Bæði hefir reynslan sýnt þetta, og svo hefir maður umsögn efnarannsóknarstofunnar, að svo er, og líkurnar benda á, að þetta verði svo áfram, meðan baðlyfin eru ekki búin til hjer innanlands. Það er því bráð nauðsyn, að farið sje að vinna að innlendri baðlyfjagerð, og það því fremur, þar sem hr. Gísli Guðmundsson gerlafræðingur telur það fullvíst, að baðlyfin geti bæði orðið tryggari og ódýrari á þann hátt.

Sem merki þess, hve þetta baðlyf, er síðast var notað, var misjafnt að gerð, þá voru sem botnfall í sumum flátunum smáhratörður, illuppleysanlegar, að líkindum samanrunninn harpix, og þegar svo óvandlega er frá gengið, er ekki undarlegt, þótt reynslan verði dálítið misjöfn.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta, en vildi aðeins geta um reynslu okkar í þessu efni og taka það fram, að það var ekki af þekkingarleysi, eða á annan hátt baðstjóranum að kenna, að slys varð á stöku stað af notkun baðlyfjanna.

Hákon Kristófersson: Það var viðvíkjandi því, sem kom fram í ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), að ef aðstoðar dýralæknis þyrfti með, yrði það kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Þessu vil jeg mótmæla fyrir hönd allra bænda, og jeg býst við, að jeg megi óhætt fullyrða, að svo megi segja vegna margra annara hv. deildarmanna; í það minsta full-

yrði jeg, að við 3 bændur, sem sitjum hjer hver hjá öðrum, munum vera þar allir á einu máli. Laun dýralæknis eru svo ríflega ákveðin, að þessa á ekki að vera þörf; enda geri jeg ráð fyrir, að dýralæknir sje sjálfsagður ráðunautur stjórnarinnar í þessu efni. Þessu vildi jeg ekki láta ómótmælt, ekki síst af því, að hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að fje yrði greitt fyrir aðstoð dýralæknis, ef enginn mælti á móti því nú.

Hitt er annað mál, að hafi dýralæknir einhvern kostnað af ferðalögum eða þ. u. l., þá ber honum að sjálfsögðu endurgjald fyrir það. En þó að stjórnin leiti álits og umsagnar dýralæknis og njóti að öðru leyti smávægilegrar aðstoðar frá honum, á slíkt ekki að geta leitt til neinna útgjalda.

Viðvíkjandi baðlyfinu verð jeg að segja, samkvæmt minni eigin reynslu, að til þess að það verði óyggjandi, verður að blanda það sterkt; en ekki veit jeg til, að lyfið hafi valdið slysum. Um verðið skal jeg ekki ræða sjerstaklega; fer það alt eftir blönduninni. En það er líklega fremur dýrt. Árangurinn af notkun þess hygg jeg ekki að hafi verið sem verstur, að minsta kosti drap það færilúsina á mínu fje. Baðlyf það, sem jeg fekk frá stjórnarráðinu á síðastliðnu hausti, kom svo seint til mín, að þá voru margir búnir að afla sjer baðlyfs annarsstaðar frá; enda baðlyfið nokkru dýrara en önnur baðlyf, þegar tillit var tekið til þess, hve lítið mátti blanda það. Mjer gat því ekki tekist að selja nærri því alt baðlyfið. Þó hygg jeg, að svo mikið hafi verið notað af því í mínum hreppi, bæði af mjer og öðrum, að jeg geti nokkurn veginn dæmt um nothæfi þess. Mín reynsla var sú, eins og jeg hefi þegar tekið fram, að baðlyf það, sem hjer er um að ræða, sje mjög vel nothæft, en mun dýrara en ýms Coopers-baðlyf. Og það hygg jeg, að óskaðlegt sje það, ef rjett er með farið. Kemur mjer því mjög á óvart, að það hefir reynst skaðlegt annarsstaðar, eftir því sem hv. þm. skýra frá.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Hæstv. atvrh. (KlJ) taldi, að það þyrfti að greiða sjerstaklega dýralækninum fyrir aðstoð hans, en hv. þm. Barð. (HK) mótmælti því aftur á móti. Jeg tel sjálfsagt, að svo framarlega sem þetta kemur ekki í bága við önnur nauðsynlegri embættisstörf hans, þá sje aðstoð dýralæknisins ókeypis. En þurfi hann mikið fyrir að hafa eða það rekur sig á önnur störf hans, þá þurfi auðvitað að greiða honum fyrir ómak sitt.

Viðvíkjandi kaupum á danska baðlyfinu, þá er það að segja um tillögur þeirra þar um, dýralæknis og Gísla Guðmundssonar, að dýralæknirinn segir, að fjáreigendur muni sækjast eftir því sem góðu og ódýru baðlyfi, en Gísli Guðmundsson mælir svo fremi með kaupunum, að tilraunastofa landbúnaðarháskólans ábyrgist, að lyfið sje gott. Það er og eftirtektarvert, að báðir taka það fram, að lyfið leysist illa upp, og tel jeg því líklegt, að slysin geti hafa stafað af því. Jeg tel því nauðsynlegt, að ítarlegar leiðbeiningar um uppleysing þess og aðra meðferð verði útvegaðar, þar á meðal, hve lengi fjeð skuli vera niðri í baðinu. Má vera, að hin slæma reynsla á baðinu eigi þar rót sína, því jeg sje á fyrirsögn um gæði og notkun baðlyfsins frá Dönum, að til þess að þessi tegund drepi maurinn, verður kindin að liggja niðri í baðleginum meira en 3 mínútur, eða 202 sekúndur.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 193).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 7. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 193).

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hverrig ræða skyldi.
Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Einar Árnason: Það er síður en svo, að jeg sje á móti till., og jeg býst við, að henni verði tekið vel, en jeg held, að þessari hv. deild sje eigi vel kunnugt, hvað á bak við till. felst nje hver drög til hennar liggja. Því álít jeg rjettast, að málið verði athugað í nefnd, svo hún fái tækifæri til að skýra það fyrir hv. deildarmönnum. Það er því till. mín, að málinu verði frestað og því vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Till. vísað til landbúnaðarnefndar með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 193, n. 425).

Frsm. (Guðm. Ólafsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, því eins og kunnugt er hefir það verið til umræðu á undanförnum þingum. Og í fyrra var samþykt þál. um að láta fara fram rannsókn á baðlyfjum og jafnframt hvort ekki myndi tækilegt að koma á innlendri baðlyfjagerð. Eins og sjá má í greinargerðinni hefir Gísli Guðmundsson gerlafræðingur haft þessar rannsóknir með höndum og gerir ráð fyrir að geta lokið við þær í sumar. Og er álit hans, að hjer muni mega búa til betri og jafnframt ódýrari baðlyf til útrýmingar fjárkláða en hingað til hafa verið notuð hjer. Því eins og kunnugt er hefir sumt af þeim útlendu baðlyfjum, sem hjer hafa verið notuð, reynst mjög ljeleg eða ónýt.
Nefndin hefir því fallist á tillöguna og leggur til, að hún verði samþykt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 28. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 193).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 479).

---

4. Bygging landsspítala.

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 7. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um bygging landsspítala (A. 286).

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Það eru nú liðin nærfelt 78 ár síðan Jón Sigurðsson forseti vakti fyrstur máls á þeirri þjóðarnauðsyn að reisa landsspítala í Reykjavík. Málinu hefir verið hreyft nokkrum sinnum síðan, en eins og raun ber vitni, þá er þetta nauðsynjamál þjóðarinnar ekki komið í framkvæmd enn, og hefir lengst af verið ótrúlega hljótt um það.

Það yrði of langt mál að rekja sögu landsspítalamálsins hjer, enda hefi jeg ekki ætlað mjer það; jeg ætla aðeins að benda stuttlega á þau ártöl, þegar mál þetta hefir verið rætt að einhverju leyti á Alþingi síðan 1845, er Jón Sigurðsson forseti hreyfði því þar fyrstur manna. Hann bar þar þá upp þá tillögu — sem þá var kallað uppástunga — að bætt yrði læknaskipunin hjer á landi og sett á laggirnar sjúkrahús. En mál þetta varð ekki útkljáð. Næst gerir Jón Sigurðsson aðra tilraun í sömu átt á þinginu 1847. Í ræðu, sem hann hjelt þar, fórust honum þannig orð:

„Jeg dirfist að ítreka hina fyrri uppástungu mína, sem var sú, að Alþingi beri upp þá bæn við konung vorn, að læknaskipun hjer á landi verði bætt svo fljótt sem unt er og læknum fjölgað á þann hátt: I. að spítali verði settur á stofn í Reykjavík með tveim læknum, að ótöldum landlækni, og verði þar ætlað herbergi sjer í lagi handa holdsveikum, sem menn ætla læknandi; II. að læknum verði fjölgað smám saman, þangað til læknir yrði að minsta kosti í hverri sveit; III. að kensla á meðferð einföldustu sjúkdóma (sjúkdómstilfella) og leyfi til að fara með þá veittist svo mörgum, að slíkir aðstoðarlæknar yrðu í hverri sveit".

Á sama þingi voru lagðar fram bænarskrár um læknaskipun og spítalabyggingu frá nokkrum sýslum. Svo varð hljótt um málið um langt skeið, þótt ýmsar umbætur kæmust á læknaskipun í landinu.

Læknafundurinn 1896 lagði mikla áherslu á, að spítali, þ. e. landsspítali, yrði reistur, og gerir ráð fyrir, að byggingin komist upp aldamótaárið. Á Alþingi 1897 kemur fram till. til þál. um

landsspítalamálið. Flutningsmenn hennar voru Jónas Jónassen landlæknir, Hallgrímur Sveinsson biskup og Jón Jónsson frá Sleðbrjót, 2. þm. N.-M. Till. var svo hljóðandi:

„Efri deild skorar á stjórnina: I. að leggja fyrir Alþingi áætlun um kostnað við byggingu landsspítala í Reykjavík; II. að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður vill styrkja byggingu spítala þessa og bera árlegan kostnað hans".

Tillögumönnum fanst ástandið í Reykjavík óhæft, að enginn spítali skyldi vera í höfuðstaðnum, nema spítali, er væri eign „prívat"fjelags, og húsið þó hvorki viðunanlega stórt nje viðunanlegt að öðru leyti. Hjer þurfi ekki aðeins spítala, þar sem hægt sje að veita sjúklingum, bæði úr bænum og aðkomandi, aðhjúkrun, heldur einnig stofnun, sem gæti verið hæfileg til æfingar og lærdóms fyrir nemendur á læknaskólanum.

Þá kemur einnig á sama þingi fram till. til þál. frá þórði J. Thoroddsen lækni. Skorar hann á stjórnina að leggja fyrir Alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging landsspítala í Reykjavík, er rúmi 45 sjúklinga, svo og uppdrætti af honum, og um leið að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort bæjarsjóður vilji styrkja bygging spítala þessa og árlegan kostnað við hann.

Þingmenn lögðu nú misjafnlega mikið upp úr þessu máli, eins og vænta mátti. Einn þeirra, sjera Jens Pálsson, telur málið þjóðarnauðsyn og segir meðal annars:

„Að búa í þjóðfjelagi því, þar sem viðunanlegur opinber spítali er ekki til, er sama og að vera í stöðugri lífshættu".

Á Alþingi 1899 kemur fram frv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík, og var flutningsmaður þess Jónas Jónassen landlæknir.

Stjórnin hafði, samkvæmt áskorun Alþingis 1897, látið gera áætlun um kostnað við byggingu spítala, er rúmaði 45 sjúklinga, og var hann áætlaður um 200 þús. kr.

Jónassen landlæknir telur það aðalatriðið í þessu máli, að með öðru móti en landsspítalabyggingu verði læknanámi ekki haldið áfram í landinu. Þetta frv. var að vísu samþykt í þinginu, en varð þó ekki að lögum.

Í síðasta skifti lá landsspítalamálið fyrir Alþingi árið 1901, og var þá lagt fyrir það af stjórninni. Landið bauðst nú til að leggja fram 90 þús. kr. til byggingarinnar, gegn 18 þús. kr. frá Reykjavíkurbæ, og 10 þús. kr. að auki til útbúnaðar. Amtmaður og landlæknir skyldu hafa yfirstjórn spítalans á hendi. En um sama leyti og þetta frv. kom fram á þinginu, buðust St. Josephssystur í Landakoti til þess að byggja hjer spítala með aðgangi fyrir læknanema. Samningar virðast svo hafa tekist með landsstjórn og St. Josephssystrum. Spítali þeirra var bygður og landsspítalamálið þar með úr sögunni um langt skeið.

Það er svo ekki fyr en 1915, að landsspítalamálinu er hreyft aftur, ekki á Alþingi, heldur af íslenskum konum, í tilefni af rjettarbótum þeim, er þær öðluðust með stjórnarskrárbreytingunni 19. júní 1915, þar sem þeim eru veitt full stjórnmálarjettindi. Þegar fregnin

barst hingað til bæjarins, áttu tvö kvenfjelög hjer frumkvæði að því að stefna saman stjórnum eða formönnum allra kvenfjelaga bæjarins til þess að ræða um, hvað gera ætti til þess að minnast þessa mikla viðburðar í sögu landsins á heppilegan og minnistæðan hátt. Og 25. júní voru mættir á fundi, sem haldinn var í Kvennaskólanum, 12 fulltrúar frá 12 kvenfjelögum bæjarins til þess að ræða málið. Var þá ákveðið að stofna sjóð, er verja skyldi til þess að hrinda stofnun landsspítala hjer í Reykjavík sem fyrst í framkvæmd. Konur hugsuðu sjer að starfa að þessu á tvennan hátt: Í fyrsta lagi með sjóðstofnun, og í öðru lagi með því að beita áhrifum sínum um land alt til þess að vinna fyrir þetta nauðsynjamál og fá Alþingi og stjórn til þess að taka málið til undirbúnings og framkvæmda.

Þessum samtökum bundust íslenskar konur hjer í bæ um málið, og var þá jafnframt horfið að því ráði að fá konur víðsvegar um landið til þess að taka einnig þetta mál að sjer. Málaleitun þessi bar mjög góðan árangur; konur skildu víðast hvar þörfina á því að vekja þetta mál af svefni þeim, sem það hafði mókt í undanfarin ár, frá því það var svæft á Alþingi 1901. Og afskiftum íslenskra kvenna má vissulega að nokkru leyti þakka það, að landsspítalamálið á nú nærri því óskift fylgi allra, jafnt karla sem kvenna, um land alt.

Það er satt, að við konur höfum unnið að þessu máli að mestu leyti í kyrþey, en árlega hafa konur þó unnið einn dag ársins opinberlega fyrir landsspítalamálið, bæði hjer í Reykjavík og víðsvegar um landið, og á þann hátt haldið málinu vakandi, auk þess, að talsvert fje hefir safnast á þessum árum. Sjóðurinn var um síðustu áramót um 208 þús. kr. og minningargjafir til Landsspítalasjóðsins rúmar 60 þús. kr. Þetta eru að vísu ekki háar upphæðir nú, þegar hin meiri háttar fyrirtæki eru talin í miljónum. En jeg skal í þessu sambandi taka það fram, að konur ætluðu sjer aldrei þá dul að reisa landsspítala. Þeim var frá upphafi ljóst, að það hlyti ríkissjóður að gera, og það viðurkennir bæði þing og stjórn.

Jeg minnist þess með viðurkenningu, að hæstv. núverandi forsrh. (SE) skipaði nefnd í landsspítalamálið 1916, þegar hann var fjármálaráðherra. Sú nefnd átti að sjá út heppilega lóð undir væntanlegan landsspítala, koma fram með till. um stærð hans o. s. frv.

Nefnd þessi lauk starfi sínu á stuttum tíma, og varð árangurinn af því sá, að landsstjórnin samdi við Reykjavíkurbæ um kaup eða skifti á lóð þeirri í Skólavörðuholtinu, sem síðan er ákveðið, að spítalinn verði reistur á, og telja menn staðinn heppilega valinn.

Árið 1917 voru gerðar nokkrar dýrtíðarráðstafanir af hálfu landsstjórnarinnar, til þess að bæta að einhverju leyti úr atvinnuleysi verkamanna hjer í bænum. Var þá tekið upp og höggið allmikið grjót, sem ætlað var í landsspítalann, og mæltist þessi ráðstöfun stjórnarinnar mjög vel fyrir.

Eins og mörgum er kunnugt, skipaði stjórnarráðið 9. mars 1921 nefnd, til þess að gera nauðsynlegan undirbúning undir byggingu landsspítalans. Þessi nefnd var að lokum skipuð 4 læknum og 1 konu.

Hv. deild hefir nú gefist kostur á að kynna sjer skýrslu þessarar nefndar,

sem formaður hennar sendi stjórnarráðinu ásamt uppdráttum og kostnaðaráætlun um byggingu þess hluta spítalans, sem gert var ráð fyrir að byggja ætti fyrst, sem sje aðalálmunnar og vesturálmunnar.

Gert er ráð fyrir, að þessi hluti spítalans rúmi sem næst 120 sjúklinga, og kostnaður við byggingu hans, auk þvottahúss, vjelahúss, líkhúss og rannsóknarstofu, verði ca. 2600000 kr. með núgildandi verðlagi. En að reisa öll húsin, sem fyrnefndar teikningar sýna, er áætlað að kosti um 3400000 kr.

Jeg hefi nú farið yfir nokkra sögulega aðaldrætti landsspítalamálsins, sem því miður hefir meir lent í skrafi en framkvæmdum. En við svo búið má ekki lengur standa.

Þörfin kallar hærra með hverju ári, þörfin á bættum kjörum sjúklinga og þörfin á betri námskjörum læknaefna okkar.

Árlega fjölgar fólkinu, ekki aðeins í höfuðstaðnum, heldur og í landinu yfirleitt, og um leið fjölgar sjúklingum.

Mikið af þeim sjúklingum, sem nokkur ráð hafa og haldnir eru erfiðum sjúkdómum, koma hingað til bæjarins, þar sem sjerfræðinga er helst völ, einkum þeir, sem undir skurðlækningar þurfa að leggjast.

Auk þess eru húsakynni hjer í bænum víða svo ljeleg, að ekki eru tiltök að hafa sjúklinga heima. Og auðvitað er mörgum sjúkdómum svo háttað, að ekki er gerlegt að hafa sjúklinginn í heimahúsum, sumpart sjálfs hans vegna og sumpart vegna heilbrigðra heimilismanna. Hins vegar eru þau hús, sem sjúkrahússnafnið bera, alt of fá og smá til þess að fullnægja þörfinni.

Þó að læknar og umráðamenn sjúkrahúsanna leggi sig í líma til að útvega langt leiddum sjúklingum sjúkrahússvist, þá hepnast það engan veginn altaf, og síst í tíma.

Og á hinn bóginn leiðir þetta ástand til þess, að margur verður að fara úr sjúkrahúsi í ótíma, löngu fyr en hæfilegt er, af því að þörf annars sjúklings, enn þá aumari, kallar að.

Og þegar litið er til húsnæðisþrengslanna í bænum, þá má nærri geta, að mörgum sjúklingi, ekki síst aðkomumönnum, líður oft óþarflega illa, bæði áður en hann fær sjúkrahúsvist og eins eftir á, sjerstaklega þeim ótöldu mönnum, sem hafa orðið fyrir því óláni að komast of seint í sjúkrahús og fara þaðan of snemma.

Að því er þörfina á landsspítala fyrir læknadeild háskólans snertir, þá tel jeg mjer nægja — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp eftirfarandi ummæli Læknafjelags Reykjavíkur, úr brjefi, dags. 10. f. m.:

> „Læknafjelag Reykjavíkur telur svo brýna nauðsyn bera til þess, að landsspítali sje bygður, að undan þessu verður ekki flúið. Húsnæði vantar hjer fyrir sjúklinga, kensla læknanema verður erfiðari með ári hverju, kensla ljósmæðra- og hjúkrunarnema getur ekki orðið viðunandi fyr en fram úr þessu verður ráðið".

Um þá þörf þarf ekki að efast; læknunum sjálfum er hún kunnust, enda hlýtur læknisfræðin, sem jafnframt er list (sbr. læknis l i s t) að þurfa á stóru og í alla staði vel búnu sjúkrahúsi að halda. Það verður ekki að list, sem ekki er leikið, og það hlýtur vitanlega að vera margfalt erfiðara að læra læknisfræði án þess að sjá hvorttveggja: sjúkdóma og fullkomnustu lækningatilraunir.

Þörfin á stórum og verulega vel búnum landsspítala er þannig staðreynd, enda hafa Alþingi nú borist margar áskoranir, bæði frá fjelögum, sem ant er um mál þetta, og eins í þingmálafundagerðum. Þannig hafa 7 kvenfjelög í Reykjavík skorað á yfirstandandi Alþingi að láta byggja landsspítala svo fljótt sem auðið er.

Þá er komið að hinu atriðinu, hvort vjer sjeum færir um að byggja spítalann í náinni framtíð og búa hann svo vel út sem skyldi.

Það er búist við, að spítalinn kosti fullgerður um 3400000 kr. Þetta er að vísu allmikil upphæð, en þó vel kleift að leggja hana fram „til fjörsins", enda ekki til ætlast, að taka fje þetta af venjulegum ársgjöldum ríkissjóðs, heldur yrði að taka lán, og mun stjórnin hafa byggingarlánsheimildir frá 1922, og er bygging landsspítala þar framarlega.

En þá er og vert að athuga það, að ekki mun þurfa að byggja spítalann allan í einu. Gert er ráð fyrir því, að komast megi af með framhliðina (og e. t. v. ekki alla) og vesturálmuna í bili, auk eldhúss, þvottahúss, líkhúss og rannsóknarstofu. Kostnaðurinn við þetta er áætlaður 2600000 kr. með núgildandi verðlagi, og er þessi upphæð ekki hærri en svo, að ráða mætti jafnvel við hana í fjárlögum.

Komið hafa fram raddir um það að verja nokkru af ágóða ríkisins af áfengissölu til byggingar spítalans. Sýnist mjer það gott ráð, ef ríkissjóður hefir þá verslun svo lengi, að hann megi missa eitthvað af tekjunum, að þá yrðu teknar árlega ca. 200000 kr. og lagðar til hliðar til byggingar landsspítala. Með því móti eignuðumst við hann skuldlausan á 17 árum.

Annars telst mjer svo til, að nýju gjaldaliðirnir í fjárlagafrv. því, sem nú er á ferðinni gegnum þingið, muni nú nema alt að $^3/_4$ milj. og þar af um 300 þús. kr. til nýrra símalagninga. Hvort mun nær að leggja síma inn í hvert kot, að heita má, eða gefa sjúklingum kost á að fá heilsu sína aftur?

Hvort skyldi vera skynsamlegra, að leggja fram styrk og lán til vafasamra fyrirtækja, jafnvel til áhættufyrirtækja einstakra manna, eða hitt, að leggja fram nokkurt fje til heilsubóta öldum og óbornum?

Til hvers er að hafa lækna og læknakenslu, sem kostar alt að 350 þús. kr. á ári, ef við treystum okkur ekki til að fá henni óhjákvæmileg tæki, sjerstaklega spítala, til þess að vinna verk sinnar köllunar?

Til hvers eru yfirleitt öll þessi þing, Alþing, stjórnarþing o. s. frv., ef við treystum okkur ekki til að varðveita „þing allra þinga", heilsu sjálfra vor og eftirkomendanna?

Forsætisráðherra (SE): Það mun öllum ljóst, að kvenþjóðin hefir látið mál þetta mjög til sín taka, og ekki síst hv. flm. (IHB), og þegar landsspítalinn loks verður reistur, mun hann verða skoðaður sem minnisvarði um dugnað íslenskra kvenna.

Hv. flm. (IHB) hefir sagt sögu málsins, og jeg hefi þar litlu við að bæta. Jeg vil aðeins minnast á nefndina, sem skipuð var 1921, til að undirbúa byggingu landsspítala. Þessi nefnd hefir unnið mikið verk og þarft, án alls endurgjalds. Munu störf þessarar nefnd-

ar og áætlanir flýta mjög fyrir framgangi málsins. Tel jeg því skyldu mína að nota þetta tækifæri til að þakka henni hjer á Alþingi hið ágæta starf, sem unnið er.

Eins og hv. flm. (IHB) tók fram, liggur skýrsla þessarar nefndar fyrir Alþingi, og geri jeg því ráð fyrir, að allir hv. þm. hafi kynt sjer hana. Áætlað er, að spítalinn kosti fullgerður 3400000 kr. Þó má til að byrja með byggja fyrir ca. 2600000 kr., eins og hv. flm. (IHB) tók fram; og enn aðrir segja, að þó að ekki verði bygt fyrst um sinn nema fyrir ca. 1½ milj. kr., þá megi sú bygging að góðu gagni koma.

Þá er eitt atriði í áætluninni, sem er eftirtektarvert. Það er ekki gert ráð fyrir meiri rekstrarhalla en 100000 kr. árlega, en þá eru að vísu ekki taldar rentur og afborganir byggingarkostnaðar.

Jeg er fyllilega sammála hv. flm. (IHB), að nauðsynin á góðum landsspítala er brýn, mjög brýn. Það kemur oft fyrir, að menn, sem þarf t. d. að skera, verða að bíða úti í bæ vegna rúmleysis á spítala þeim, sem hjer er fyrir. Auk þess er læknastjett landsins ómetanlegur hagur að fá fullkominn spítala hjer á landi. Hjer er aðeins einn örðugleiki, sami örðugleikinn, sem við rekum okkur svo oft á: þröngur fjárhagur. Hans vegna er ómögulegt að gefa ákveðið loforð um, hve nær landsspítalinn verði bygður.

Hæstv. núverandi forseti (HSt) hefir spurst fyrir um það hjá stjórninni, hvort ekki yrði látið ganga fyrir öðrum verklegum framkvæmdum að lúka við spítalann á Kleppi, og hefir stjórnin sagt honum, að svo mundi verða. Er nú þrátt fyrir alla fjárhagsörðugleika byrjað á því verki, og er því óhugsandi, að byrjað verði á landsspítala fyr en Kleppshælinu er lokið.

Hve nær verður þá byrjað á landsspítala? Því get jeg ekki svarað, en jeg óska og hefi altaf óskað, að það verði sem fyrst.

Í þáltill. stendur, að hann eigi að sitja fyrir öllum meiri háttar framkvæmdum. Því er hættulegt að lofa. Nú sem stendur er eitt stórmál á döfinni, sem alþjóð fylgir með áhuga, en það er að kaupa strandvarnarskip. Get jeg vel ímyndað mjer, að þingið vilji, að sú ráðstöfun sje fyrst gerð.

Jeg get því aðeins gefið það loforð, að gera alt, sem í mínu valdi stendur, til að flýta fyrir byggingu landsspítalans. Vona jeg, að hv. flm. (IHB) taki því ekki þunglega, að jeg get ekki gefið ákveðnari loforð, því þessi hv. þm. (IHB) veit, að jeg vil málinu alt hið besta.

Jónas Jónsson: Jeg vil fara fáeinum orðum um þessa þáltill., ekki til að mótmæla henni, og heldur ekki af því, að jeg sje henni að öllu leyti samþykkur; aðeins til að skýra málið nokkuð frá mínu sjónarmiði.

Jeg býst ekki við, að deilt verði um það, að við þurfum að fá landsspítala. Nú sem stendur lifum við á náð tveggja útlendra fyrirtækja, og er annar þeirra spítala notaður fyrir franska sjómenn nokkurn hluta árs. En báðir eru þeir timburhús, og því meiri hætta á að þeir brenni. Má í raun og veru segja, að ef Landakotsspítalinn brynni, þá stæðum við uppi spítalalausir. Það er ljóst, að við svo búið má ekki standa.

Hitt er annað mál, að ekki má einungis miða við áætlanir þær og teikn-

ingar, sem gerðar hafa verið af nefndinni, sem skipuð var 1921, og hæstv. forsrh. (SE) mintist á fyrir skömmu. Jeg er einn þeirra, sem ekki vilja eingöngu miða við þær áætlanir. Í fyrstu var jeg hrifinn af teikningum þessum og sýndist þær harla álitlegar, en þegar jeg athugaði þær nánar, kostnaðaráætlunina og rekstrarkostnaðinn, fór ánægja mín þverrandi, og svo mun fleirum hafa farið. Jeg verð að segja það, að ef ómögulegt er að reisa spítalann í öðru formi en þar er gert ráð fyrir, þá eru litlar líkur til, að hann rísi upp á næstu árum. Þegar það er athugað, að hann á ekki að rúma nema 150 sjúklinga, en á að kosta 3000000 kr., þá verð jeg að segja, að það er dýrt og að fjárhagur landsins má breytast töluvert til batnaðar, ef landið á að geta risið undir slíkri stofnun. Jeg sje ekki annað en fyrirfram verði að mótmæla því, að hrapað verði að slíku ráði.

En jeg vona, að hægt verði að leysa þetta vandamál öruvísi og á heppilegri grundvelli en nefndin hefir lagt til. Jeg segi þetta ekki hv. 6. landsk. þm. (IHB) til lasts, því þegar hún og hæstv. forseti (HSt) komu í nefndina, munu teikningarnar og áætlanir hafa verið fullgerðar. Mín hugsun er sú, hvort ekki megi ráða fram úr byggingu landsspítala á ódýrari hátt. Jeg hygg, að læknarnir hafi ráðið of miklu um áætlanir nefndarinnar. Jeg get ekki hugsað mjer, að auk annara spítala hjer á landi fáum vjer risið undir þessari þriggja milj. kr. stofnun. Og þó er stofnkostnaðurinn mjer ekki mestur þyrnir í augum, heldur rekstrarkostnaðurinn og viðhaldið. Þó að jeg sje ekki læknisfróður, þá blandast mjer ekki hugur um, að áætlun nefndarinnar er að miklu leyti miðuð við, að spítalinn verði kenslustofnun, en þá er spurning, hvort ekki borgar sig betur að styrkja læknaefni til náms erlendis en að spítalinn verði svo dýr þeirra vegna. Og hann er furðulega dýr eftir áætluninni, ekki síst þegar þess er gætt, að ekki á að gera meira fyrir sjúklingana en svo, að flest rúmin eru ráðgerð í tólf manna herbergjum.

Jeg tek undir það með hv. 6. landsk. þm. (IHB), að afla þarf árlegra tekna til byggingarinnar. Verður erfitt að koma henni í framkvæmd með því að taka lán eða klípa til þess fje af fjárlögum.

En samhliða vil jeg skjóta fram þeirri spurningu, hvort ekki mætti endurskoða áætlanir og teikningar nefndarinnar. T. d. finst mjer undarlegt að byggja þetta stóra hús hjer í Skólavörðuholtinu og kaupa til þess öll kol frá Englandi með ærnum kostnaði, en í tveggja km. fjarlægð sendir náttúran okkur sjóðandi vatn meira en nóg til að hita slíka byggingu.

Þegar menn koma að Vífilsstöðum og sjá þar feikna-kolabyngi, sem þangað eru fluttir á haustin, hlýtur þeim að blöskra, þegar þeir minnast þess, að hjerna í Mosfellssveitinni vellur vatnið upp úr jörðunni og er látið ónotað að mestu. En það er of seint að tala um, hvar hefði átt að byggja Vífilsstaðahælið, en einmitt rjettur tími til að athuga, hvort ekki megi láta hinn fyrirhugaða landsspítala njóta Lauganna hjer við bæinn.

Jeg kemst í töluverð vandræði við atkvgr. um þessa þáltill. Jeg er með henni að efni og anda, en ekki ánægður með formið. Jeg get ekki greitt atkv. með þáltill., ef jeg með því skuldbind mig til að vera fylgjandi því, að spítal-

inn verði reistur á þeim grundvelli, sem nefndin gerir ráð fyrir, og látinn sitja fyrir öðrum meiri háttar byggingum.

Annars hefi jeg áður á þessu þingi með till. minni um, hvernig verja skyldi ágóða af áfengisverslun ríkisins, sýnt hug minn til þessa máls, og mun nafn mitt í sambandi við þá till. nægja til að sýna, að jeg verð aldrei meinsmaður spítalamálsins, ef skynsamlega verður á því haldið.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg get þakkað hv. 5. landsk. þm. (JJ) undirtektir hans og er samþykk ýmsum atriðum í ræðu hans. Honum þykir áætlunin svo há, að hann álítur, að landið fái ekki risið undir svo dýrri stofnun.

Jeg skal ekki deila um það, að í mikið verður ráðist, þegar landsspítalinn verður reistur. Jeg læt læknana tala af þekkingu og reynslu, og þeir telja, að minni bygging geti ekki nægt, nema þá í bili.

Þá er jeg sammála hv. 5. landsk. þm. (JJ) um, að staðurinn sje ekki sem heppilegast valinn. Heppilegra væri að hafa húsið þar, sem fá mætti hita svo að segja ókeypis. Þetta kom til umtals í vetur hjá nefnd, sem hafði málið til meðferðar af hálfu kvenna, og komst nefnd sú að svipaðri niðurstöðu.

Þótt kol hafi mikið lækkað í verði, þá verður það þó altaf mjög hár útgjaldaliður í rekstri spítalans, og þótt segja megi, að þau hafi verið dýrari áður, þá afsannar það ekki, að gott væri að geta sparað þann lið.

Annars voru margar athuganir í ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ), sem vert væri að taka til athugunar.

Jeg vil nú bæta við því, sem jeg gleymdi áðan, að í vetur bauðst stjórn Landsspítalasjóðsins til að leggja fram 20000 kr., ef nefndin, sem hafði þetta mál með höndum, sæi ástæðu til að leita út fyrir landsteinana um uppdrætti fyrir spítalahúsið. Vera má, að tilboð þetta hafi komið helst til seint fram, en þó held jeg ekki, að svo hafi verið.En nokkuð er það, að því var ekki tekið og þessu tilboði sjóðsnefndarinnar ekki einu sinni svarað. Okkur konum fanst, að gott gæti verið fyrir hæstv. stjórn og nefnd þá, sem hafði undirbúning málsins til meðferðar, að fá fleiri uppdrætti til samanburðar og athugunar. En sínum augum lítur hver á silfrið.

Það, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) getur ekki verið með till. eins og hún er orðuð, skiftir ekki svo miklu máli. Aðalatriðið er, að spítalinn verði bygður eins fljótt og eins haganlega og verða má.

Að gert er ráð fyrir 12 manna stofur, er auðvitað vegna sparnaðar, en honum veldur fátækt okkar. En það verða líka 2—4 manna herbergi í spítalanum, og verða þau auðvitað dýrari.

Hæstv. forsrh. (SE) vil jeg þakka fyrir góð ummæli hans í þessu máli, og vona, að þó að hann telji sig ekki geta gefið föst loforð, þá verði hann málinu hlyntur og greiði fyrir því á allan hátt.

Mjer fanst samanburður hæstv. forsrh. (SE) á nauðsyn landsspítala og strandvarnarskips ekkert koma máli þessu við.

Forsætisráðherra (SE): Það er rjett, sem hv. 6. landsk. þm. (IHB) tók fram, að konur buðu fram 20000 kr. til að fá teikningar erlendis frá. Þetta var svo borið undir nefndina, — jeg held að hv. 6. landsk. þm. (IHB)

hafi þá ekki verið búin að taka sæti í nefndinni —, en nefndin bjóst við, að slíkir uppdrættir myndu kosta um 100 þús. kr., og gat því ekki mælt með þessu við stjórnina, enda fjelst hún á tillögur nefndarinnar.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Það er aðeins örlítil athugasemd, vegna umræla hv. 5. landsk. þm. (JJ) um 12 manna stofurnar. Honum uxu þær mjög í augum og taldi hann þær miður heppilegar. En jeg get gefið þær upplýsingar, að í stærstu og fullkomnustu spítölum á Norðurlöndum eru hafðar svo stórar stofur.

Jónas Jónsson: Jeg er ekki að finna að því í sjálfu sjer, þó hafðar sjeu 12 manna stofur. Slíkt er líklega óhjákvæmilegt sökum fátæktar landsins. En jeg er að finna að því, að hús, sem á að verða svona dýrt, skuli ekki hafa meiri þægindi að bjóða sjúklingunum.

Einar Árnason: Jeg get ekki greitt till. atkvæði mitt eins og hún nú er orðuð. Jeg vildi því leggja til, að hún væri borin upp í tvennu lagi, þannig, að seinni parturinn: „og sitja fyrir öllum öðrum meiri háttar framkvæmdum ríkisins", verði borinn upp sjer. Með fyrri partinum get jeg greitt atkvæði, enda þótt jeg telji mig ekki þar með samþykkja uppdráttinn nje framkvæmd verksins endanlega. Með síðari partinum get jeg ekki greitt atkvæði. — Þessum tilmælum vil jeg skjóta til hæstv. forseta.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg vil geta þess út af aths. hv. 5. landsk. þm. (JJ) og hv. 2. þm. Eyf. (EÁ), að ef skifta á till. minni, þá vil jeg heldur að hún falli öll óskift, og sitji þá við það, sem er.

Forseti (HSt): Vegna tilmæla, sem fram hafa komið frá hv. þm., ber jeg tillgr. upp í tvennu lagi, svo sem óskað hefir verið. Kemur þá fyrst til atkv. fyrri hluti till., út að orðunum: „og sitja fyrir".

ATKVGR.

Fyrri hluti tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Síðari hluti tillgr. feldur með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GGuðf, IHB, JóhJóh, JM, HSt.

nei: KE, SE, SHK, SJ, EÁ, GÓ, HSn, JJ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.

(Sjá A. 573).

5. Landmælingar og landsuppdrættir.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti (A. 285).

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 285, 308, 312, 413).

Flm. (Magnús Jónsson): Flestum hv. þm. mun kunnugt mál þetta, og munu sennilega eiga meira eða minna af uppdráttum herforingjaráðsins danska.

Fyrsta orsökin til þessara landmælinga liggur ekki á landi, heldur í sjó, ef svo mætti segja. Var hún sú, að þegar verið var að mæla upp sjóinn fyrir Suðvesturlandinu, þá kom það í ljós, að strönd landsins var mörkuð skakt á uppdráttinn, og olli það erfiðleikum á því að gera nákvæm kort af miðum fyrir sunnan land.

Herforingjaráðið hafði þá nýlega — þetta var nokkru fyrir aldamótin — lokið við að gera mjög nákvæman uppdrátt af Færeyjum. Af Íslandi voru þá engir uppdrættir til aðrir en uppdráttur Björns Gunnlaugssonar og uppdráttur Þorvalds Thoroddsens, sem var bygður á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar, aðeins löguð mynd hálendisins, eins og þar var komist að orði.

Fyrsti undirbúningurinn undir mælingar herforingjaráðsins var sá, að ríkisþing Dana veitti árið 1900 15000 kr. í tvö ár til þess að byrja á þríhyrningsmælingum fyrir sunnan land, til þess að fá strandlengju Suðurlands rjett setta. Voru svo 1902 sendir tveir leiðangrar, annar til Hornafjarðar, en hinn til Reykjavíkur, eða námunda við hana, og áttu þeir svo að mætast við Dyrhólaey.

Sumarið 1903 var svo fyrri þríhyrningamælingunni lokið. Byrjuðu þá nákvæmar mælingar til grundvallar uppdráttum af landinu. Gekk verkið furðu vel, þó að við marga erfiðleika væri að etja.

Leiddu þessar mælingar í ljós, að uppdráttum landsins hafði verið mjög ábótavant. Ströndin reyndist öðruvísi, vegalengdir aðrar og hæð fjalla, t. d. reyndist Öræfajökull 573 fetum hærri en hann áður var talinn. Þessi ónákvæmni, sem í ljós kom, varð til þess, að herforingjaráðið setti sjer það mark að mæla upp alt landið.

Kom fyrst sjerstakur uppdráttur af Reykjavík og svo annar af nágrenninu, og svo sjerstakt kort yfir Hafnarfjörð, og svo jafnt og þjett úr því.

Hjeldu mælingar þessar svo áfram óslitið í 13 ár, eða til 1914, er stríðið kom og hindraði þetta sem margt annað. Hefi jeg sjeð prentaða skýrslu um kostnaðinn af verkinu, sem jeg raunar skal ekki fullyrða að sje rjett, en þar er hann talinn 364000 kr. Hafði ríkisþing Dana veitt 292500 kr., en landssjóður 71500 kr.

Árið 1914 var búið að gera uppdrætti og mæla alt landið frá Hornafirði til Miðfjarðar í Húnavatnssýslu. Árið 1920 var svo aftur unnið að mælingunum, og voru þá gerðir uppdrættir af Húnavatnssýslu austur fyrir Blöndu, og einnig mun Skagafjörður hafa verið mældur að einhverju leyti.

Er nú mikið fje komið í þetta og auðsætt, að ljúka verður þessu verki, enda eru þessir uppdrættir mjög góðir og eru undirstaðan að því að þekkja landið rjett. Eru þeir sú eina Íslandslýsing, er að verulegu haldi kemur. Geta menn ekki þekt sína eigin sveit jafnvel á annan veg og af uppdráttunum. Er kunn-

ugt, að vegalengdir hafa mjög verið miðaðar við það, hversu lengi var verið að ganga eða ríða þennan og þennan spotta, en mjög var það auðvitað ónákvæmt og sífelt ágreiningsefni. Þarf ekki að fjölyrða um það, að eina leiðin til þess að þekkja landið er það að hafa uppdrættina.

Ef litið er til eldri uppdrátta, t. d. þess, sem er í ferðabók Eggerts Ólafssonar, sem er sá elsti, þá sjest, hve feikilega menn hafa gert sjer skakkar hugmyndir um margt. Sama má segja um uppdrætti annara landa áður en reglulegar, nákvæmar mælingar fóru fram. Mælingar Björns Gunnlaugssonar, sem mældi landið að mig minnir á árunum 1830—1840, voru að vísu góðar, þegar litið var til allra ástæðna, og herforingjaráðið hefir lokið miklu lofsorði á það, hve miklu hann hafi fengið afkastað, en nákvæmar voru þær þó ekki, sem ekki var von.

Um uppdrætti herforingjaráðsins get jeg auðvitað ekki dæmt sem sjerfræðingur, og heyrt hefi jeg suma hafa talsvert út á þá að setja, en jeg veit þó, að hjer er um afskaplega mikla framför að ræða. Hefi jeg talsvert notað uppdrættina á ferðalögum, og hafa þeir reynst mjer mjög sannir og fullnægjandi. Sjálfsagt má finna í örsmáum atriðum sumstaðar ónákvæmni, t. d. hvar gras er og hvar ber holt og slíkt, en meðfram stafar það af því, að mælingarnar eru í raun rjettri miðaðar við smærri mælikvarða en uppdrættirnir hafa. Eru uppdrættir þessir ágæt undirstaða til að byggja á ýmsar verklegar framkvæmdir, svo sem vegagerðir o. fl. Ættu þeir að vera uppsettir hjer á Alþingi, t. d. hver sýsla eða nálægt því, svo að þægilegra væri fyrir þm. að átta sig á þeim bygðarlögum, þar sem þeir eru ókunnir. En það verður mjög erfitt með því að skoða hvern einstakan uppdrátt.

Einnig eru þeir nær því ómissandi á ferðalögum, og auk þess er bæði skemtilegt og fróðlegt að eiga þá.

Skal jeg svo ekki hafa þennan almenna inngang lengri, en víkja að einstökum liðum tillögu minnar.

Um 1. liðinn skal jeg geta þess, að jeg taldi sjálfsagt, að reynt væri að leita samninga við hina fyrri aðilja þessa máls, herforingjaráðið; hafa þeir reynslu af mælingunum hjer, og við höfum einnig reynsluna af þeim og hefir þótt hún góð. Get jeg líka vel skilið, að það muni herforingjaráðinu metnaðarmál að ljúka við þessar mælingar, sem það hefir fyrst upp tekið. Þó hefi jeg skilið hjer eftir smugu, ef svo skyldi reynast, að erfitt yrði að ná samningum við það. Mætti vera, að það hefði svo mikið að gera, að það gæti ekki sint því, eða þá að hægt væri að fá verkið ódýrara en það gæfi kost á.

Annar liður till. fjallar um það að setja takmörk um það, hve verkið standi lengi yfir. Sá tími, er gekk til þess, sem búið er af verkinu, er 14 ár. Er talið svo, að verkið sje nokkru meira en hálfnað. Strandlengjan er miklu meira en hálfnuð, en öræfin eru eftir. Var það ætlun herforingjaráðsins að mæla hálendið miklu lauslegar — leggja áhersluna á að fá rjetta afstöðuna, en staðirnir, sem þarf að festa nákvæmlega, eru miklu færri.

Taldi jeg, að hægt mundi að ljúka verkinu 1935, ef byrjað er 1924, því að ef kortin eru dregin upp með minni mælikvarða, eins og till. fer fram á, er

verkið talsvert minna, og mundi það muna 1—2 árum. Auðvitað er mjer þetta ekkert kappsmál, en jeg hefi viljað gefa stjórninni eitthvað fast við að styðjast, til þess að hún gæti hagað sjer eftir því, hve marga menn þyrfti o. s. frv.

Þriðji liðurinn er um stærð mælikvarða uppdráttanna. Uppdrættirnir, er gerðir hafa verið, eru 1:50000, en í till. er miðað við 1:100000. Í bók, sem herforingjaráðið hefir gefið út um mælingarnar, kallar það hið fyrra fjórðungsblöð, en hið síðara atlasblöð. Var mælingunum víst hagað eftir atlasblaðastærð (1:100000), en uppdrættirnir voru svo dregnir á fjórðungsblaðastærð (1:50000). En við þetta er lítið unnið. Hin raunverulega nákvæmni verður engu meiri. Kostirnir, sem stærri kortin hafa, eru aðallega þrír, og allir litlir. Þau eru glæsilegri, plássið er meira, ef menn t. d. vilja safna miklu af örnefnum á það, og svo er það, að þeir uppdrættir, er gerðir hafa verið, hafa þessa stærð, og mönnum er jafnan kærara að halda áfram á hafinni braut.

Smærri kortin hafa aftur á móti mikla kosti. Þau eru ódýrari og verða 2—3 árum fljótari vegna þess, hve vinnan er minni við þau. Auk þess eru þau miklu nothæfari til þess, sem þau eru alment notuð til, t. d. ferðalaga. En mesti kosturinn er það, hve miklu ódýrari þau eru.

Þau stærri, sem mundu verða um 300, kosta 2 kr., og yrðu það 600 kr. Mundu ekki nema sárfáir geta veitt sjer þann „luxus“. Þau minni yrðu 92 og kostuðu 184 kr., og mundi mörgum verða mögulegt að eignast þau.

Jeg vil skjóta því inn í, til þess að fyrirbyggja misskilning, að sumir kynnu að líta svo á, að hjer væri um mótsögn að ræða. Ef fjórðungsblöðin eru 300, þá gætu menn af því ráðið, að atlasblöðin yrðu ferfalt færri, eða 75. En svo er ekki, vegna þess, að atlasblöðin hafa stundum allmikið, t. d. helming, á sjó, og er þá hægt að sleppa fjórðungsblöðum af þeim svæðum. Þar af leiðandi verða þau hlutfallslega dálítið færri.

Jeg hefi sjeð uppdráttinn af Húnavatnssýslu í smærri mælikvarðanum (1:100000); er hann fullnægjandi í alla staði. Það er svo langur vegur frá, að það sje þröngt um nöfnin, að jeg býst við, að það kæmust fyrir alt að því þrefalt fleiri nöfn.

Viðvíkjandi 4. lið till. er það að segja, að eins og menn skilja, er nauðsynlegt að fá uppdrætti af öllu landinu í sama hlutfalli. En það er kostnaðarminna að gera atlasuppdrætti af því öllu heldur en að hafa sömu stærð og var á því, sem eftir er að mæla. Og því ætti að vera lokið á svipuðum tíma, svo að menn gætu þá fengið uppdrætti af öllu landinu í sama mælikvarða.

Þá er það 5. liður. Það hefir verið erfitt að ná í uppdrættina. Morten Hansen skólastjóri hafði þá í umboðssölu, en þegar hann vildi láta af því, lenti í þó nokkru stímabraki um þetta. En það má ekki koma fyrir, að uppdrættirnir fáist ekki hjer.

Þá er verðið. Eins og menn vita, verða bóksalar að fá nokkuð fyrir að selja vöru sína, en venja er að setja verðið í byrjun svo hátt, að þeir þurfi ekki að færa það upp úr því. Síðan gerir gengismunurinn það að verkum, að bóksalar hjer á landi þurfa nú að færa verðið fram. Væri gott, ef hægt væri að koma þessu betur fyrir.

Jeg get þá vikið að þessum 2 brtt., sem jeg á. Sú fyrri er á þskj. 312 og er eingöngu formlegs eðlis; hún breytir ekki efni. Get jeg því leitt hana hjá mjer. Hin brtt. mín er á þskj. 413 og er komin fram af því, að mjer hefir verið bent á, að við þyrftum nauðsynlega að fá hingað heim athuganir þær, sem bygt hefir verið á til þessa, drögin að þeim uppdráttum, sem gerðir hafa verið hingað til. Þetta er sjálfsagt, eftir að landið hefir tekið mælingarnar í sínar hendur, en þá þarf að semja um það að fá það frá fyrri tímunum, því að vitaskuld eigum við enga heimting á því. Þess vegna kom jeg fram með þessa viðaukatillögu.

Það kann nú að þykja óþarfi að koma með þessa þáltill., af því að upphæð er í núgildandi fjárlögum, svo að ætla mætti, að það væri ráðið, að mælingarnar færu nú að hefjast af nýju. En svo er ekki. Það hefir víst altaf staðið í fjárlögum nokkur veiting í þessu skyni, en ekki verið notuð, svo að ekkert er hægt að ráða af því einu. Var jeg að hugsa um að koma með fyrirspurn, en slíkt verður oft svo gagnslítið, að jeg kaus mjer heldur þál.formið.

Loks er það vatill. frá hv. þm. Dala. (BJ) á þskj. 308, en um hana get jeg sagt það, að jeg felst á hana. Það veitti ekki af því að stuðla að því eftir megni, að öll örnefni væru sem rjettust. En það hafa ýmsir rekið sig á ýmislegt ábótavant í því efni. Ekki svo mjög fyrir það, að nöfnin væru skakt rituð, heldur að þau væru á skökkum stöðum eða afbökuð og vantaði stundum alveg mörg nöfn.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg er alveg sammála hv. 4. þm. Reykv. (MJ) um, að það, sem komið er út af landsuppdráttum herforingjaráðsins alt frá Hornafirði til Eyjafjarðar, sje hreinasta gersemi og það mesta og besta, sem gert hefir verið á síðari árum. Að hætta við það verk hálfunnið væri þjóðarminkun. En þetta er hins vegar stórfelt útgjaldamál, en hagur landsins er síður en svo glæsilegur nú. Þegar stríðið skall á, höfðust landmælingamennirnir dönsku við að Hólum í Hjaltadal, eða þar í nágrenninu. Síðan hafa þeir aðeins starfað 1 ár, og hljóta því að vera komnir að Eyjafjarðarsýslu. Það er því búið að kortleggja meira en helming alls landsins. Það er sem sje ekki ætlast til, að óbygðirnar um miðbik og austurhluta landsins sjeu kortlagðar jafnnákvæmlega og hin bygða strandlengja. Jeg er hv. flm. (MJ) því fullkomlega sammála um, að þessu verki verði að halda áfram, enda er áætluð upphæð í þessu skyni í fjárlagafrv. 1924. En ef til vill er upphæðin fulllág, einkum vegna gengismunar, haldi hann áfram. Og eins stóð upphæð til mælinga í fjárlögunum fyrir 1922.

Í fyrravor barst fyrirspurn frá herforingjaráðinu um það, hvort stjórnin vildi láta halda verkinu áfram það ár. Stjórnin ákvað þá að gera það ekki og bar fyrir sig peningaleysi. Sama má segja enn, og skoða jeg það sem afgert mál, að ekkert geti orðið úr mælingum á yfirstandandi ári. En jeg vona, að það rakni kanske eitthvað úr á næsta sumri, svo að það verði þá fært. Um þetta skal jeg ekki fara frekari orðum, en snúa mjer að einstökum liðum í þáltill.

Það verður sjálfsagt engum erfiðleik-

um bundið fyrir landsstjórnina að hefja samninga við herforingjaráðið. Jeg er ekki í minsta vafa um, að ráðið mun taka vel í þá málaleitun, að haldið yrði áfram verkinu. Og hver stjórn mundi af sjálfsagðri kurteisisskyldu snúa sjer fyrst þangað, til þeirra manna, sem unnið hafa þetta mikla verk svo árum skiftir.

Viðvíkjandi 2. lið, þá er jeg ekki hræddur um, að við getum ekki náð í viðunanlega samninga af hendi herforingjaráðsins. Jeg hugsa, að ekki muni stranda á því, en hitt væri frekar, að okkur yrði erfiðara vegna fjárskorts að uppfylla skilmálana. Þess vegna er jeg ekki viss um, að rjett sje að binda samningana of mikið, heldur verðum við að áskilja okkur rjett til að geta stöðvað verkið, ef það yrði óhjákvæmilegt vegna fjárskorts.

Jeg get ekki neitað því, að mjer finst óviðkunnanlegt að hafa hálft landið með mælikvarðanum 1:50000, en hinn helminginn með 1:100000. En þó verð jeg að fallast á það, sem hv. flm. (MJ) sagði, að minni stærðin er betri, bæði vegna ódýrleika og þess, hvað hún er hentug til að hafa með sjer á ferðum. Það er ekki gott að vita, hvað mikið herforingjaráðið á eftir af upplaginu 1:50000, en það er varla mjög mikið. Það hefir gengið vel út til þessa, því uppdrættirnir hafa verið tiltölulega ódýrir, þar sem þeir hafa ekki kostað nema 1 kr. blaðið hingað til.

5. liður er óþarfur, þar sem búið er að gera samning við einn bóksala hjerna í bænum um að hafa útsölu á hendi fyrir ákveðið útsöluverð. Ekki held jeg, að það verði hörgull á uppdráttunum, eins og hv. flm. (MJ) hjelt fram. En það er þá altaf hægt að fyrirbyggja með því að hafa upplagið nógu stórt.

Hvað snertir vatill. frá sama hv. þm. (MJ), um nýjan 6. lið, þá eigum við að sjálfsögðu heimtingu á að fá öll drög til uppdrátta frá þeim árum, sem við kostuðum mælingarnar eingöngu. Það er alveg sjálfgefið, en líklegt er, að þeir verði tregir til að láta af hendi hin frumdrögin.

Um vatill. hv. þm. Dala. (BJ) er það að segja, að það þarf að fara talsvert laglega yfir þann lið við samningana, svo að í honum geti ekki falist móðgun til herforingjaráðsins.

Yfir höfuð get jeg þá fylgt þessari þáltill., sem hjer liggur fyrir.

Flm. (Magnús Jónsson): Það eru aðeins fáein orð, sem jeg ætla nú að segja. Jeg vil byrja með því að þakka hæstv. atvrh. (KlJ) fyrir góðar og liðlegar undirtektir við þetta mál; en jeg hjó eftir því, að hann sagði, að allur kostnaður og útbúningur við þessar landmælingar ætti að greiðast í dönskum krónum. Bið jeg hann því hjer með um svar við því, hvort það sje álit hæstv. atvrh. (KlJ), að landið þurfi að kaupa öll áhöld, sem við þarf, eða hvort ekki mundi mega vænta, að þau fengjust leigð við sæmilegu eftirgjaldi.

Annað atriði vil jeg og spyrja um, og það er viðvíkjandi kaupi herforingjanna. Jeg hygg, að þeir muni halda sínum venjulegu launum, en fái þó auk þess einhverja þóknun fyrir vinnu sína hjer.

Jeg hygg þessi þáltill. hafi enga ósanngirni í sjer fólgna við þá, sem búnir eru að kaupa stærri uppdrættina, því að þeir fá uppdrættina í minni mælikvarðanum yfir alt landið fyrir minna

fje en það kostar að fá þá í stærri mælikvarðanum yfir það, sem eftir er af landinu. Upphaflega mun það hafa verið tilætlun herforingjaráðsins að gefa út uppdrættina í báðum þessum mælikvörðum, 1:50000 og 1:100000, en það byrjaði aðeins á að gefa út kort í stærri mælikvarðanum fyrst. Hygg jeg, að herforingjaráðið hafi þegar fyrir löngu verið búið að komast að því, að þetta var óheppilegur mælikvarði, en haldið þó þessari útgáfu áfram vegna þess, hversu einmitt þetta var hjartfólgið mál manni þeim, sem hjer stóð fyrir mælingunum og var búinn að vinna að þeim hjer mjög lengi, eða nærri því frá upphafi. Þótt herforingjaráðið hafi látið búa til prentunarmót að stærra broti landsuppdráttanna og sitji svo uppi með þau, hygg jeg það verði þó ekki óviðráðanleg tálmun þessu máli.

Viðvíkjandi kortunum af Húnavatnssýslu get jeg upplýst það, að þau eru nú ekki til hjer, en það er aðeins í bili og af sjerstökum ástæðum. Hafði einn maður að norðan keypt alt, er til landsins kom af þeim, þar eð hann hugði, að verða mundi svo mikil eftirspurn eftir þeim þar norður.

Jeg sje ekki, að till. um nöfnin á landsuppdráttunum geti verið neitt móðgandi við herforingjaráðið. Jeg veit til þess, að þegar það framkvæmdi mælingarnar á Snæfellsnesi, lagði það mikla áherslu á að ná þeim sem rjettustum; en þetta strandaði víst oft á því, að fólkið þar var ekki fært um að gefa sem nákvæmastar upplýsingar um þau. Veit jeg, að herforingjaráðið mundi þakklátt fyrir aðstoð í þessu efni; en aðstoð við rjettritun nafna getur það auðvitað fengið í Kaupmannahöfn, en til þess, að rjett nöfn sjeu sett á rjetta staði á uppdráttunum, þarf að senda uppköst að þeim út hingað áður en þau eru prentuð, til leiðrjettingar.

Benedikt Sveinsson: Viðvíkjandi 1. lið þessarar till. til þál. hefir hv. flm. (MJ) þegar bent á, að hann hafi haft þessa smugu, svo sem hann kvað að orði, til þess að stjórnin væri ekki bundin við að semja við danska herforingjaráðið eitt. Jafnvel þótt sjálfsagt sje, að þangað verði fyrst leitað, vegna þess starfs, sem herforingjaráðið hefir leyst af höndum hjer á undanförnum árum, þá er þó rjett, að stjórnin hafi óbundnar hendur til þess að leita til annara, ef þörf gerist eða það yrði að einhverju leyti hentara. — Gengismunur íslensku krónunnar móts við hina dönsku er oss óhagstæður sem stendur. En sumstaðar annarsstaðar er gengismunur oss hagstæður, t.d. á Þýskalandi, og því gæti það vel komið til mála, að stjórn vor leitaði þar fyrir sjer. Þar í landi mundi mega fá nóg af vel færum mönnum til þessa starfa, og auk þess hafa Þjóðverjar nýlega tekið upp nýja aðferð til landmælinga, sem bæði er fljótlegri og ódýrari. Er sú aðferð með þeim hætti, að þeir ljósmynda landið úr flugvjelum og nota síðan ljósmyndir þessar við tilbúning landsuppdráttanna. Hæðamælingar fremja þeir einnig á þennan hátt. Neyttu þeir aðferðar þessarar mjög á styrjaldarárunum, og reyndist hún bæði fljótlegri og ódýrari en eldri aðferðir, og auk þess enn þá nákvæmari en nokkur önnur.

Jeg vil geta þess, að jeg veit til, að herforingjaráðið mun hafa í hyggju að færa alla gömlu uppdrættina í hið minna horfið og gefa þá út á ný. Munu þá og

verða leiðrjett þau nöfn, sem lagfæringar þurfa við.

Kem jeg þá að brtt. hv. þm. Dala. (BJ) um það, að rjett nöfn verði á uppdráttunum, og er það rjett, að sú tillaga er engin móðgun við herforingjaráðið danska. Nöfnin á uppdráttunum eru að vísu allvíðast góð og miklu betri en vænta mátti, þegar litið er á það, hversu íslensk örnefni eru venjulega afbökuð af útlendingum. Þó hefir komið fram ruglingur á nöfnum og ýmsar villur á ekki allfáum stöðum, þótt venjuleg stafsetning orðanna sje yfir höfuð rjett.

Herra Björn Bjarnarson í Gröf í Mosfellssveit hefir ritað um nöfnin á landabrjefum þessum, einkum í Mosfellssveit, og bent á margar örnefnavillur. Munu flestar þeirra stafa af því, að þar hafa eigi verið nógu kunnugir menn til aðstoðar. Jeg skal enn fremur nefna nokkur dæmi, sem mjer detta nú í hug, þótt eigi hafi jeg safnað skrá yfir villur þær, er jeg hefi rekist á, þegar jeg hefi litið í landabrjef þessi:

Hakaskarð í Grímsnesi er nefnt Hagaskarð. Frá örnefni þessu er sagt í Landnámabók; er skarðið kent við Haka, þræl Ketilbjarnar hins gamla að Mosfelli, svo að ekki er um að villast. — Ruglað er nöfnum á smávötnum tveimur fyrir ofan Elliðavatn. — Í Borgarfirði er ruglað nöfnum á bæjunum Guðnabakka við Þverá og Gunnlaugsstöðum þar uppi á Ásunum. Þá eru og í Örnólfsdal nefndar á uppdrættinum Rangárgilstungur, en þar er engin Rangá, heldur heita tungurnar Rangagilstungur, kendar við þrjú gil, er þær liggja á milli og standa á ská hvert við annað. — **Háleiks**múli er nefndur á Mýrum, en á vafalaust að vera Háleggsmúli. Þá er og skráð **Bergsteins**vatn á Mýrum, og má vera, að það sje nú kallað svo, en í sóknarlýsing frá því um 1840 er vatnið nefnt Berserksvatn og sögð þjóðsaga til nafnsins. Hygg jeg það nafnið rjettara. — Djúpalónssandur undir Jökli er nefndur Dritvík, — alveg ranglega. — Víða er slept góðum og merkilegum örnefnum, sem vel hefði mátt koma fyrir og eftirsjón er að.

Þetta er ekki sagt til ámælis mælingamönnunum. Þeim er það sjálfum vel kunnugt, að ýmsar villur hafa orðið í nöfnum, og hafa þeir farið þess á leit við fróðan mann hjer í Reykjavík að laga og leiðrjetta fyrir sig nöfnin á uppdráttunum, til þess að hægt verði að gefa þá út með rjettum nöfnum þegar þeir verða prentaðir af nýju eftir minni mælikvarðanum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) spurði um það, hvað mikið mundi þurfa að borga í dönskum krónum. Jeg er ekki við því búinn nú þegar að svara þessu svo ábyggilegt sje. Það er aðallega allur útbúnaður, sem mjer er ókunnugt um, hvað kosta muni. Fyrir því kýs jeg að fresta svarinu þar til jeg hefi aflað mjer þeirra upplýsinga, sem við þarf, og vænti jeg þess, að það geti orðið fyrir síðari umr. þessa máls, svo að jeg geti svarað því þá.

ATKVGR.

Brtt. 312 samþ. án atkvgr.

1. liður till. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—5. liður till. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 308 samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 413 samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 445, 446, 465).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 465. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 446, sem jeg álít, að segi með færri orðum það, sem hlýtur að vera meining aðaltill. á þskj. 445. Við því má búast, að kostnaðurinn við framhald þessara landmælinga verði upp undir 1 miljón kr. Nú segir till. ekkert um það beinlínis, hvort ætlast sje til þess, að stjórnin fullgeri sjálf þessa samninga eða ekki. En mjer virðist sjálfsagt, að þar sem um svona mikla upphæð er að ræða, ráði stjórnin málinu ekki til lykta án samþykkis þingsins. Annars þurfa ýms atriði þessu viðvíkjandi mjög náinnar athugunar, einkum að því leyti, hvað mikið skuli vinna að mælingum í óbygðum landsins og hvernig skuli haga framkvæmdunum yfirleitt. Þetta álít jeg að ekki sje unt að segja um ákveðið að órannsökuðu máli, og þess vegna sje mín tillaga heppilegri en hin sundurliðaða till. á þskj. 445.

Út af því, sem sagt var við fyrri umr. málsins um mælikvarðastærðina, vil jeg benda á það, að kort í mælikvarðanum 1:100000 hafa að vísu þann kost að vera þægilegri í meðförum, en hins vegar eru þau í mælikvarðanum 1:50000 miklu nothæfari við undirbúning allra verklegra framkvæmda. En aðalatriðið er auðvitað, að til sjeu kort í öðrum hvorum mælikvarðanum. En jeg drep á þetta hjer til athugunar, þegar farið verður að semja um málið og til þess að minna á það, að hjer er margs að gæta.

Flm. (Magnús Jónsson): Það er best að jeg byrji á brtt. mínum, sem eru eingöngu orðabreytingar, sem sje að setja dönsku stjórnina í stað herforingjaráðsins, og á það við till. okkar hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) beggja. Annars er meiningarmunurinn á till. okkar í rauninni enginn. Og að sjálfsögðu ætlast jeg ekki til þess, að stjórnin ráði þessu endanlega til lykta án samþykkis þingsins. En jeg taldi rjettara, til þess að herða á stjórninni, að telja fram nokkur einstök atriði, sem ástæða væri til að athuga sjerstaklega. Það væru kanske helst tímatakmörkin, sem gætu verið mönnum þyrnir í augum, sem sje 1924—1935, en þau eru líka sett meira til áherslu en til þess, að stranglega þurfi að fara eftir þeim, ef það er miklum erfiðleikum bundið, en ástæða til að undirstrika það, að málið verði ekki dregið um of.

Jeg vil leggja áherslu á það, að till. mín verði fremur samþ. en hin brtt., því að hún felur í sjer sama varnagla, en tekur fleira fram. Um mælikvarðann er það að segja, að stærri mælikvarðinn, 1:50000, er miklu dýrari, en engu nákvæmari, en auðvitað er hann greinilegri og þægilegri til að marka vegi á hann o. s. frv. Minni mælikvarðinn, 1:100000, er aftur á móti miklu nothæfari alment og ódýrari, en þó engu ónákvæmari.

Annars var það hugmynd mín, að uppdrættirnir yrðu gerðir eftir báðum mælikvörðunum, þegar stundir líða fram, og það mun líka hafa verið hug-

mynd herforingjaráðsins. En jeg tel rjettara að gera fyrst þann minni. Vona jeg því, að þessi liður till. fái að standa.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal taka það fram, að þessi brtt. á þskj. 465 er nauðsynleg. Verða þessir samningar nú, eftir að vjer erum orðnir sjálfstætt ríki, að ganga á millum stjórna ríkjanna. Er ekki hægt að snúa sjer beint til herforingjaráðsins. Á brtt. þessi því jafnt bæði við brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og þáltill. Jeg skal taka það fram, að jeg álít það skifti engu, hver till. verði samþykt, en þó álít jeg brtt. fult svo heppilega sem aðaltill. þegar samið verður, verður innihald aðaltill. tekið til greina, hvor þeirra sem verður samþykt.

Jón Þorláksson: Tilgangur brtt. minnar var sá, að tryggja það, að uppástungurnar yrðu lagðar fyrir næsta þing. Er þeim tilgangi mínum náð með yfirlýsingum hv. flm. (MJ) og hæstv. atvrh. (KlJ), hver till. sem svo ofan á kann að verða.

En það er atriði í aðaltill., sem fer í bága við þessar yfirlýsingar, þar sem skorað er á stjórnina að gera nú þegar uppdrætti í mælikvarðanum 1:100000 af þeim hlutum landsins, sem þegar hafa verið dregnir upp í mælikvarða 1:50000. Veit jeg ekki, hvort rjett er að gera slíkar áskoranir, þar sem liggur fyrir yfirlýsing frá herforingjaráðinu um það, að það ætli að gera þetta. Er það því nokkurt kostnaðarspursmál, hvort íslensku stjórninni eða herforingjaráðinu beri að framkvæma þetta.

Líti herforingjaráðið svo á, að það eigi að ljúka við það, er það mældi áður en sambandslögin voru samþykt 1918, þá mun það líka kosta þessa uppdrætti.

Má einnig benda á, að ef fje það, sem varið er til þess að gera mælingarnar, reynist ekki nóg, þá verður það til þess, að tekin verður upp aukafjárveiting á næsta þingi, og sýnist því ástæðulítið að koma með till. um þetta nú.

Jeg hefi ekkert á móti því, að brtt. á þskj. 465 verði skoðuð sem brtt. við mína brtt., þó jeg skoði það óþarft. Stjórnin getur vel leitað samninga við herforingjaráðið og gætt þó allrar kurteisi gagnvart dönsku stjórninni.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg þakka hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að hann benti mjer á ónákvæmt orðalag í 4. lið þáltill., þar sem stendur, að láta nú þegar gera uppdrátt í mælikvarða 1:100000. Var það vitaskuld tilætlunin hjá mjer, að ekki skyldi byrja á þessu sem sjálfstæðu verki áður en samninga væri leitað við herforingjaráðið, heldur einmitt í sambandi við þá samninga.

Mun líka vera algerlega óleyfilegt að gera kort af uppdráttunum, nema með leyfi herforingjaráðsins.

Færi svo, að fje það, sem ætlað er til mælinganna 1924, hrykki ekki, mætti ef til vill leggja við það fje, sem veitt var til þeirra 1923, en ef það skyldi ekki vera hægt, þá má leita endurveitingar á fjenu á þinginu 1924.

ATKVGR.

Brtt. 465, 1—2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 466 samþ. með 15:4 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

———

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 28. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 472).

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 30. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 472).

Jónas Jónsson: Jeg er mjög ánægður yfir því, að tillaga þessi skuli vera fram komin. Það mun nú vera búið að kortleggja Skaftafellssýslur, Suðurland alt og Vesturland og meiri hluta Húnavatnssýslu. Þá er ekki eftir nema Skagafjörður, Eyjafjörður, Þingeyjar- og Múlasýslur. En nú á síðustu árum hefir orðið tvennskonar ráðabreytni með kortagerðina. Annars vegar hefir orðið nokkurt hik á framkvæmdum um stund, og hins vegar var það, sem síðast var kortlagt, haft í minna formi. Það mun vera Húnavatnssýsla, sem þannig var gengið frá. Jeg vil nú kasta þeirri spurningu til hv. 4. landk. þm. (JM), þó að hann hafi að vísu mælst undan, að að sjer væri vikið sem stjórnanda, hvers vegna sú ráðabreytni hafi verið upp tekin að minka mælikvarðann, og hvort það sje nokkuð fastbundið að hafa það svo í framtíðinni. Jeg hefi heyrt margar raddir um, að það sje ekki til bóta; kortin voru ágæt eins og þau voru. En hvað sem þessu líður, þá álít jeg þessa tillögu góða og mun greiða henni atkvæði. Það skaðar ekki, þótt eigi verði byrjað í sumar, ef framkvæmdir verða því betri á næsta sumri.

Jón Magnússon: Jeg hygg, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að kortagerðin sje með sama mælikvarða og áður. Þessi breyting var gerð vegna þess, að það kostaði miklu minna að hafa kortin þannig og mælingamennirnir fullvissuðu um það, að kortin væru engu síður nothæf fyrir þetta, og þeir höfðu enga ástæðu til að óska eftir þessari breytingu. En jeg býst ekki við, að neitt sje því til fyrirstöðu að hafa sömu kortagerð og áður, ef þing og stjórn óska þess. Aðrar upplýsingar get jeg ekki gefið um þetta.

Jónas Jónsson: Jeg er ánægður með þessar upplýsingar, það sem þær ná. Jeg bjóst ekki við að fá neinar töluupplýsingar. En það er eitt, sem jeg vildi gjarnan fá upplýsingar um. Það fer tvennum sögum um það, hvort foringi mælingamannanna hafi verið ánægður með þessa ráðabreytni, að minka mælikvarðann. Sumir segja, að hann hafi verið óánægður. Þetta getur vel verið að sje rangt, og er að vísu aukaatriði, en gott væri að fá vitneskju um það.

Jón Magnússon: Það fer fjarri því, að nokkur þvingun hafi átt sjer stað um þetta efni. Mælingamennirnir álitu þetta jafnnothæft og hitt. Ef mælingamennirnir hefðu verið á móti þessu, hefði engin breyting verið á gerð.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 528).

6. Öryggi sjómanna.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um öryggi sjómanna og bætta afkomu barna og ekkna þeirra (A. 588).

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg álít rjettara, að till. þessi væri borin upp í tvennu lagi. Efnið er eiginlega tvennskonar, og vera má, að sumir sjeu með öðrum parti till., þótt þeir sjeu ekki með hinum.

Fyrri hlutinn miðar að því, að skipin geti fengið skeyti frá veðurathugunarstofunni um væntanlegt veðurfar.

Í sambandi við þörfina á þessu má geta þess, að fyrir nokkrum árum rannsakaði núverandi landlæknir, Guðmundur Björnson, þetta mál, og komst þá að þeirri sorglegu niðurstöðu, að eins mikill hundraðshluti af þjóðinni færist í sjó af slysförum eins og fjelli af mönnum í stærstu styrjöldum. T. d., að þjóðverjar hefðu ekki mist meira í ófriðnum við Frakka 1871, að tiltölu, heldur en hjer færist í sjó árlega.

Orsökin til þess, hve hætt smáskipum er hjer við land, er óstöðugt veðráttufar. Hjer mætast heitir og kaldir straumar í sjónum og landið er fjöllótt. Þetta hefir þau áhrif á veðráttufarið, að á skömmum tíma er sjór orðinn ófær, skip farast og menn drukna.

Þetta hefir nú að nokkru leyti færst til betri vegar, þar sem skipin hafa stækkað. En enn þá er þó mikið stunduð veiði af smáum bátum, t. d. vjelbátunum, svo full þörf er aðgerða. Það er nú máske erfitt um vik í þessu efni, en þar sem Norðmenn hafa hafist handa í þessu efni, ætti að mega læra af þeim. Þar sem hjer eru að nokkru kunnar aðgerðir þeirra í þessu efni, þá skal jeg lýsa því stuttlega.

Í Bergen er veðurathugunarstofa í mjög góðu lagi. Forstöðumaður hennar er talinn vera færasti maðurinn í heimi í þeirri grein. Þessi veðurathugunarstofa stendur í sambandi við veðurathugunarstofnanir á Grænlandi og Jan Mayen, og þeir vilja einnig fá glögg skeyti frá Íslandi. Þessi vísindagrein er komin á svo hátt stig hjá Norðmönnum, að þeir sjá venjulega óveður fyrir með 6—12 klst. fyrirvara. Við þessa spástöð er tengd loftskeytastöð, sem sendir þráðlaus talskeyti á hverjum klukkutíma um Noreg allan, og hafa fiskiskipin og bátarnir móttökutæki. Slík áhöld

eru mjög ódýr, kosta aðeins 1—2 hundruð krónur, en taka aðeins móti skeytum.

Gagnið er þá þetta: Veðurfræðistofan segir fyrir um veður, sendir spádóminn til bátanna, og þeir geta svo hagað sjer eftir því, annaðhvort setið í landi eða horfið af sjó, ef illviðri er í aðsigi.

Það ætti því ekki að vera mjög erfitt fyrir stjórnina, með hjálp símastjóra og veðurfræðingsins hjer, að fá skýrslu um þessa starfsemi í Noregi, hvað það kostar og hvernig haganlegast myndi að koma því fyrir hjer.

Það má einnig á það minnast, þótt það liggi ekki fyrir,að þetta mætti nota jafnframt til að varpa ræðum og söng út um alt land, með því að nota þessa ódýru aðferð, sem á ensku heitir „broad casting" en á íslensku hefir verið kallað „víðboð". Þetta gæti haft mikla þýðingu vegna þess, hvað okkar þjóð er dreifð. Það mætti jafnvel koma ræðum okkar þingmanna til afskektustu landshluta, svo hv. kjósendur gætu dæmt um þær þegar í stað af eigin reynd. Slík stöð myndi geta haft mikla menningarþýðingu fyrir þjóðina alla.

Viðvíkjandi síðari lið till. get jeg verið fáorður. Það er sjerstakt atriði, hvernig því væri komið fyrir. Útvegurinn er hættulegur, honum fylgja miklar druknanir, og sýndist því ekki fjarri, að sá atvinnuvegur bæri afleiðingarnar, með því að styrkja ekkjur og börn.

Hvað styrkupphæð viðvíkur, þá mætti hún ekki vera minni en svo, að ekkjurnar og börn þeirra gætu lifað sómasamlegu lífi.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get sagt alveg hið sama um þessa till. sem hina fyrri, sjerstaklega fyrri liðinn, að stjórnin mun fús að taka hana til greina. Það væri mikið unnið, ef hægt væri að koma í veg fyrir skipskaða og druknanir með samskonar tilkynningum og framkvæmdar eru í Noregi. Stjórninni mun því ljúft að athuga þetta sem best og upplýsa það fyrir næsta þingi.

Um síðari lið till. er það að segja, að mjög æskilegt væri að hafa sjóð til handa ekkjum og börnum druknaðra manna. En jeg hygg, að rjettara væri að landið alt styrkti það mál. Á sjávarútveginum eru nú svo há gjöld á ýmsa vegi, að ekki sýnist við það bætandi. Þetta gæti þó talist álitamál, enda ekki farið fram á annað í till. en að stjórnin láti rannsaka það. Þegar rannsakað hefir verið, hversu mikið fje muni til þurfa til þess að ekkjum og börnum látinna sjómanna sje trygður sæmilegur lífeyrir, þá skilst mjer næsta hlutverk stjórnarinnar sje að rannsaka, hvaðan fje þetta skuli taka, og samkvæmt þáltill. mun tilætlunin vera að leita þá fyrst til sjávaratvinnuveganna. En hins vegar skil jeg ekki þáltill. svo, að ætlast sje til, að fjárins verði einvörðungu leitað hjá þeim, heldur sje það einnig hlutverk stjórnarinnar að leitast annarsstaðar fyrir um öflun þess, og gera síðan till. sínar samkvæmt þeim athugunum. Að síðustu vil jeg svo aftur taka það fram, að jeg álít einkum fyrri lið till. mjög þýðingarmikinn.

ATKVGR.

a-liður samþ. með 10 shlj. atkv.

b-liður samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 638).

7. Póstflutningar.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var útbýtt:
Tillögu til þingsályktunar um póstflutninga (A. 587).

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skal ekki tefja fundinn lengi með umr. um þetta mál.
Þáltill. fer fram á, að stjórnin láti undirmenn sína á póstmálasviðinu rannsaka, hvort ekki megi koma póstgöngunum í betra horf, miðað við þá staðreynd, að strandferðirnar verða örari en nokkru sinni áður. Í greinargerðinni við frv. eru tekin fram þau atriði, er máli skifta. Jeg vil aðeins benda á, að flutningur póstsins á hestum verður altaf hægfara um landið. En það er hættulegt bæði andlegu og fjárhagslegu lífi þjóðarinnar. Það munu allir vera sammála um, að hjer þurfi að breyta til bóta.
Í sambandi við það, hvort breytingin yrði ekki of dýr, má geta þess, að það mundi mega flytja póstinn í ljettari umbúðum en gert hefir verið. Hann hefir verið fluttur í koffortum, sem eru $^1/_3$ þyngdarinnar. Töskur mætti nota þegar um skemra ferðalag er að ræða. Þær er víst farið að nota, en þær eru óhentugar til að senda póstinn í löngum flutningi. Aðalatriðið er að rannsaka, hvort ekki megi koma póstflutningum haganlegar fyrir en verið hefir, svo þjóðin fái póstinn oftar, og hvort það þurfi að verða miklu dýrara.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get sagt það fyrir stjórnarinnar hönd, að hún mun eflaust taka till. þessa til greina, ef samþykt verður, einkum þar sem mjer skilst svo, að framkvæma megi og eigi þessa rannsókn án aukakostnaðar, með því að láta póstmeistara rannsaka það.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 637).

8. Póstflutningur í Skaftafellssýslum.

Á 41. fundi í Ed., mánudaginn 16. apríl, var útbýtt:
Tillögu til þingsályktunar um póstflutning í Skaftafellssýslum (A. 358).

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17.

apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg get verið stuttorður um þessa tillögu, því að hún skýrir sig sjálf.

Skaftafellssýsla er afarilla sett með allar samgöngur, vegna hafnleysis. Till. stefnir að því að stórbæta og auka póstgöngur Skaftfellinga, þrátt fyrir hafnleysið. Skaftfellingar hafa sjálfir gert tilraunir til að koma vörum á milli lands og skips, þótt ófært væri að komast á milli á bátum. Var það núverandi þm. V.-Sk. (LH), sem hefir tekist að skipa út kjöti frá Vík, þótt ekki væri hægt að koma bátum við.

Það myndi því óneitanlega bæta mikið úr samgönguleysi Skaftfellinga, ef hægt yrði að koma pósti á land úr strandferðaskipunum, þegar þau færu þar fram hjá, hvernig sem veður er.

Fyrirkomulagið við þennan póstflutning hafa menn hugsað sjer þannig, að hæfilega langt frá landi lægi „dufl" við festar. Tvöfaldur strengur liggur frá landi út að „dufli" þessu. Þegar skip kemur að flothylkinu, er því lyft upp á þiljur, strengurinn leystur frá því, pósthylkið fest við strenginn, og síðan látið dragast til lands. Um leið kemur póstur úr landi, með sama hætti, eftir hinum þræðinum. Að lokum tengja skipsmenn strengina aftur við „duflið".

Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessa átt, eru vitanlega ekki full trygging fyrir því, að þetta geti lánast. En tillagan fer fram á það, að gerðar sjeu frekari tilraunir með þetta. Gæti það svo orðið til þess að bæta úr hinum vondu póstsamgöngum, sem þessar sýslur eiga við að búa, hefir tillagan náð tilgangi sínum.

Björn Kristjánsson: Af því að þetta mál skiftir póststjórnina miklu, þá vil jeg leggja til, að því sje vísað til nefndar til athugunar, því að sjálfsagt virðist að bera undir póststjórnina, hvort hún vilji senda póst á þennan hátt.

Annars legg jeg til, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skal taka það fram, að ekki er ætlast til, að ábyrgðarpóstur verði fluttur á þennan hátt. Annars skal jeg og taka það fram, að jeg tel skynsamlegt að láta málið ganga til nefndar, þótt hins vegar álit póststjórnarinnar geti ekki komið hjer til greina, ef þingið vill leggja út í þennan kostnað.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, KE, SHK, BK, EÁ, HSt.

Tveir þm. (SE og SJ) fjarstaddir.

Till. vísað til allsherjarnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 30.

apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 358, n. 468).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 358).

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Lárus Helgason: Af því að jeg býst við því, að hv. þdm. komi þessi tillaga ókunnuglega fyrir, en jeg er þessu málefni kunnugri en aðrir hv. þdm., þá ætla jeg með fáeinum orðum að skýra frá, hvað hjer er um að ræða.

Þessi hugmynd, er hjer kemur fram, er engan veginn ný. Samskonar aðferð og hjer er átt við hefir verið reynd í Skaftafellssýslu áður, einkum við að koma kjöttunnum út í Skaftfelling og fleiri báta, og gefist vel. Í fyrsta skiftið gekk ekki nema sólarhringur til þess að fullferma bátinn, og var þó alveg ófær sjór, svo að engin tök hefðu verið á að ferma hann á annan hátt. Í síðari skiftin, sem þetta var gert, gekk það einnig sæmilega; helsti ókosturinn við það var, að kaðallinn vildi slitna eða nuggast í sundur. En með ljett hylki er engin hætta á að það verði, svo að líkur eru til, að þetta geti gengið, að minsta kosti á sumrin, en aftur er óvíst, hvort hægt verður að koma því við á veturna, ef hafrót er. Og þar sem kostnaður við þetta er svo sáralítill, þá er rjettmætt að þetta nýmæli sje reynt. Þegar sjór er dauður, verður að sæta lagi að setja dufl við stjóra utan við brimgarðinn og vað í land, sem svo mætti nota til millidráttar þegar skip koma með póst, ef sjór væri ófær.

Það eru nú um 30 ár síðan fyrst voru fluttar vörur í land í Skaftafellssýslu, og ekki nema 5 ár síðan farið var að skipa vörum bæði í land og úr landi við Skaftárós og Ingólfshöfða. Þetta var talið ómögulegt til þess tíma, sem byrjað var á þessu, en alt hefir gengið vel.

Vona jeg, að hv. deild sje því hlynt, að þessar tilraunir sjeu gerðar, og samþykki þessa till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 594).

9. Endurskoðun kaupstaðalöggjafar.

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um endurskoðun löggjafarinnar um málefni kaupstaðanna (A. 313).

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 51., 53. og 55. fundi í Nd., dagana 27. og 30. apríl og 2. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 313).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og kunnugt er, eru allmargir kaupstaðir hjer á landi, og hefir hver sína löggjöf. Að sjálfsögðu er löggjöf þessara kaupstaða að ýmsu leyti svipuð, þó að það eigi ekki alveg við um löggjöf Reykjavíkur. Á hverju þingi koma fram mörg frv. til breytinga á þessum lögum. Er auðsætt, að þetta er mikill ósparnaður á tíma þingsins og miklu hyggilegra að hafa þessa lagasetningu alla í einu lagi, að því leyti, sem það getur samrýmst, en sjerákvæði þar, sem þess er þörf. Nú eru ein sveitarstjórnarlög fyrir alla hreppa á landinu, og á sama hátt ætlaðist nefndin til, að ein lög yrðu sett um málefni allra kaupstaða, að því leyti, sem því verður komið við. Jeg vona, að hæstv. stjórn taki þessari till. vel, því að það er auðsætt, að þetta mundi verða til mikils sparnaðar á tíma þingsins framvegis. Nú koma fram margar tillögur um breytingar á lögum einstakra kaupstaða, og þegar ein breyting hefir verið samþykt fyrir einn kaupstaðinn, koma aðrir kaupstaðir á næsta þingi og heimta sömu breytingarnar, eða þá einhverja aðra. Nefndin vill koma í veg fyrir þetta, og hefir því tekið það ráð að afgreiða ekki frv. þau um breytingar á lögum kaupstaðanna, sem til hennar hefir verið vísað, að undanskildu frv. um breytingu á einu atriði í bæjarstjórnarlögum Siglufjarðarkaupstaðar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. allsherjarnefnd kvaddi mig á fund með sjer þegar hún hafði þetta mál til meðferðar, og beindi þeirri fyrirspurn til mín, sem felst í tillögu þessari, hvort jeg mundi verða við þeim tilmælum að taka löggjöfina um málefni kaupstaðanna til endurskoðunar fyrir næsta þing. Jeg svaraði á þá leið, að jeg sæi ekkert því til fyrirstöðu, en tók þó fram, að varla mundi hægt að hafa Reykjavíkurkaupstað með í þeirri samræmingu. Svo sem menn vita, voru um langt skeið einungis 3 kaupstaðir á landi hjer. Reykjavík var langelsti kaupstaðurinn og hafði sjerstök lög. Árið 1883 voru samin ný kaupstaðarlög fyrir Akureyri og Ísafjörð, sem þá voru einu kaupstaðirnir á landinu að Reykjavík fráskildri. Þessi lög voru talsvert frábrugðin tilskipuninni frá 1872, um bæjarmálefni Reykjavíkur, og þau sniðin eftir yngri lögum fyrir smærri kaupstaði í Danmörku. Þessi tvenn lög frá 1883, fyrir Akur-

eyri og Ísafjörð, voru alveg samhljóða orði til orðs, nema 1. greinar laganna, sem fjölluðu um takmörk kaupstaðanna. Þegar lögin fyrir Seyðisfjarðarkaupstað voru sett, nokkru eftir 1890, voru þau sniðin eftir þessum 2 lögum. Eftir aldamótin fara að koma fram, eftir tilmælum frá einstökum kaupstöðum, ýmsar tillögur um breytingar á þessum lögum, sumar lítilfjörlegar, aðrar allmiklar efnisbreytingar, og voru þær flestar samþyktar. Þegar þetta var byrjað, fór að koma skrið á kaupstaðina, fengu þeir samþyktar sömu breytingarnar, eða þá aðrar, er þeir fóru fram á, eins og hv. frsm. (MG) hefir tekið fram. Er nú svo komið, að talsvert ósamræmi er á milli þessara kaupstaðalaga. Jeg hygg málefni þeirra þó ekki svo ólík, að ástæða sje til að halda þessu ósamræmi við, og vil jeg taka undir með hv. frsm. (MG), að ekki sje meiri ástæða til að hafa mismunandi lög fyrir kaupstaðina heldur en sveitirnar. Jeg gæti ímyndað mjer, að einhver sjerákvæði mundi þurfa um þá kaupstaði, sem sjerstaklega stendur á um, svo sem um Siglufjörð, en í aðalatriðunum gætu sömu ákvæði gilt fyrir alla kaupstaðina. En lögin fyrir Reykjavík eru bygð á ólíkum grundvelli, og þyrfti því að halda þeim fyrir utan þessar samræmingartilraunir, svo sem tekið er fram í till.

Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnin geti orðið við þeirri áskorun, sem felst í tillögunni. Jeg býst við, að það mundi þykja viðkunnanlegra að leita álits bæjarstjórnanna um þetta mál, áður en nokkurt frv. er samið, en ef það er gert strax, býst jeg við, að þær hafi nógan tíma til að átta sig á málinu fyrir haustið, svo að stjórnin geti athugað tillögur þeirra og samið frv. fyrir næsta þing.

Jón Baldvinsson: Jeg býst við, að þessi tillaga hafi verið samin áður en sjeð var fyrir um örlög stjórnarskrárbreytingarinnar, er gerði ráð fyrir þingi annaðhvert ár. En ef þing er á hverju ári, finst mjer það ekki hafa annað að gera en að sinna málaleitunum frá landsmönnum um löggjafarmálefni. (**MG:** Það var ekki ætlast til, að næsta þing fjelli niður). Jeg var að tala um framtíðina. (**MG:** Það kemur þá ekkert við þessa tillögu).

Í tilefni af þessari tillögu verð jeg að taka fram, að það er algerlega rangt af hv. allshn. að setjast á öll frv. um breytingar á kaupstaðalögunum. Það munu aðallega vera 2 frv. um breytingar á lögum Reykjavíkurkaupstaðar, sem hafa verið nefndinni þyrnar í augum og till. þessi á að koma fyrir, þó að hitt sje haft að yfirvarpi, að samræma þurfi löggjöf kaupstaðanna. Þó er það tekið fram, að Reykjavík skuli undanskilin að mestu leyti, enda hefir hæstv. atvrh. (KlJ) einnig látið svo um mælt.

Í fyrra var lítilfjörleg breyting á bæjarlögum Reykjavíkur til umræðu hjer á þingi, og var þá sagt, að bæjarstjórnin ætlaði að endurskoða alla löggjöf sína og leggja tillögur sínar fyrir næsta þing á eftir, og ætti því að bíða þess. En nú sest nefndin á mál þau, er bæjarstjórn Reykjavíkur vill fá framgengt, og ætlar að fresta því um eitt ár enn, án þess að hafa frambærilega ástæðu til þess.

Hv. frsm. (MG) viðurkendi, að þessi tillaga ætti ekki við um málefni Reykjavíkurbæjar, nema að litlu leyti; lagði

hann aðaláherslu á, að í fyrsta lagi ætti að samræma lögin fyrir hina kaupstaðina, og í öðru lagi setja sjerákvæði þar, sem þess þyrfti. Þetta getur rjett verið, en þar fyrir sje jeg enga þörf á að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Jeg hygg, að þær nefndir, sem hafa þessi mál til meðferðar í þinginu, geti haft eftirlit með því, að lögin sjeu ekki í ósamræmi hver við önnur. Annars tel jeg þægilegra, að hver kaupstaður hafi sín lög, í stað þess að þurfa að leita í mörgum lögum.

Ef þessi tillaga verður samþykt, verður framkvæmd þessa máls á þá leið, sem hæstv. atvrh. (KlJ) gat um, að stjórnin leitar álits bæjarstjórnanna, og mun hún að mestu leyti fara eftir tillögum þeirra. Sje jeg þá ekki, hvað unnið ætti að vera með þessu, nema það eitt að draga málið á langinn og tefja fyrir nauðsynlegum umbótum á löggjöf kaupstaðanna.

Hv. frsm. (MG) mintist á hinar sífeldu breytingar á lögum kaupstaðanna. En þar sem kaupstaðirnir breytast og stækka og nýir kaupstaðir vaxa upp, er mjög eðlilegt, að þeir þurfi oft að leita til þingsins um breytingar á löggjöf sinni. Jeg skil svo verkefni Alþingis, að það sje að sinna rjettmætum kröfum landsmanna. Jeg gæti einnig ímyndað mjer, að þó að einn lagabálkur verði saminn um þessi málefni, muni þær breytingar geta orðið á högum kaupstaðanna, að nauðsynlegt verði að breyta lögunum við og við framvegis eins og hingað til.

Það sást líka, hve veigalítil þessi ástæða um samræmingu á löggjöf um málefni kaupstaðanna utan Reykjavíkur er, þar sem nefndin afgreiddi frá sjer frv. um breytingu á bæjarstjórnarlögum Siglufjarðar. Nefndin tók þar aðalatriðið, en slepti öllum umbúðum, til þess að breytingin virtist sem minst, og var það að vonum, að hv. frsm. þess máls (GunnS) flaskaði á þessu, því að hann varaði sig ekki á því, hvað undir þessu bjó.

Þegar leita á álits bæjarstjórnanna um þessi mál, sje jeg enga ástæðu til að auka á erfiði stjórnarinnar á milli þinga. Hún mundi hvort sem er leggja þær tillögur þeirra fyrir þingið, og jeg mundi telja það alrangt, ef stjórnin ljeti þær ekki koma til kasta þingsins.

En þó að þessi tillaga verði samþykt, álít jeg, að hv. allshn. geti ekki að heldur skotið sjer undan því að skila af sjer þeim 2 frv., sem hún hefir til meðferðar um bæjarmálefni Reykjavíkur, en það er frv. um bæjargjöld og frv. um breytingu á kosningalögunum fyrir Reykjavík.

Jeg tel rangt af nefndinni að liggja svo lengi á bæjargjaldafrv., sem varðar svo miklu fyrir kaupstaðinn. Í þessu sambandi má benda á, að bæjargjaldalögunum hefir ekki verið breytt síðan 1887, að jeg hygg, svo að þau eru að vonum orðin mjög úrelt.

Jeg mun því verða á móti þessari tillögu, en þó að hún verði samþykt, tel jeg, að hv. allsherjarnefnd geti ekki annað en skilað frá sjer þessum 2 frv., sem jeg nefndi, samkvæmt yfirlýsingu hv. frsm. (MG) og hæstv. atvrh. (KlJ) um, að þessi endurskoðun eigi ekki að snerta Reykjavík, nema þá að litlu leyti.

Jón Þorláksson: Jeg átti von á, að hv. 2. þm. Reykv. (JB) kvartaði undan því, að allsherjarnefnd hefði sest á 2 frv.

frá bæjarstjórn Reykjavíkur, og endaði hann ræðu sína á því að heimta, að þeim yrði skilað frá nefndinni. Jeg stend því upp sem formaður allsherjarnefndar til þess að taka á mig alla ábyrgð af því, að nefndin getur ekki orðið við þessum tilmælum. Vona jeg, að hæstv. forseti leyfi mjer að gera grein fyrir ástæðum nefndarinnar til þessa, því að þær standa að mestu leyti í sambandi við þessa tillögu, þó að jeg verði að fara út fyrir hana að einhverju litlu leyti.

Annað þessara frv. er frv. um kosningalög fyrir Reykjavík á þskj. 95. Í því eru ýms sjerákvæði um kosningarrjett, kosningar og kjörskrársamningu fyrir Reykjavík, sem eru ný að því leyti, að hingað til hefir ekki verið sjerstök löggjöf fyrir Reykjavík í þessu efni, heldur sameiginleg löggjöf fyrir alla kaupstaðina, og að miklu leyti fyrir öll sveitarfjelög líka. Efnisákvæðin eru hin sömu, og kosningarrjettur um sveitarmálefni var upphaflega eins á öllu landinu, en er nú orðinn nokkuð mismunandi. Allsherjarnefnd lítur nú svo á, að engin ástæða sje til, að kosningarrjettur um sveitarmálefni sje ýmislegum skilyrðum bundinn víðs vegar um landið. Vona jeg, að hæstv. stjórn athugi þetta og gangi svo frá, að þessum málefnum verði skipað á einn veg fyrir alla kaupstaðina og einn og sami grundvöllur verði fyrir kosningarrjetti um sveitarmálefni um alt landið. Þetta er ástæðan til þess, að nefndin þóttist ekki geta lagt til, að sett yrðu sjerstök ákvæði í þessum efnum fyrir Reykjavík, samtímis því, að önnur löggjöf um málefni kaupstaðanna yrði endurskoðuð. Þetta kosningalagafrv. grípur einnig inn í aðra löggjöf, tilskipun um stjórn kaupstaðarins, og gerir breytingar á henni, sem eiga ekki heima í kosningalögum.

Jeg kem þá að hinu frv., um bæjargjöld í Reykjavík. Er þá fyrst að geta þess, að frv. um sama efni hefir áður legið fyrir Alþingi. Aðalatriðið í því var að lögleiða tekjuskatt til bæjarsjóðs í stað niðurjöfnunar eftir efnum og ástæðum. Það mál hafði fengið mikinn undirbúning í bæjarstjórn og á þingi, og hefði verið haldið áfram á sömu braut, væri óeðlilegt að tefja fyrir málinu. En með þessu frv. er öllum undirbúningi varpað fyrir borð og farið inn á nýja braut.

Í þessu frv. eru meginatriðin 3. Í fyrsta lagi er farið fram á að lögfesta þá tilhögun, sem gerð hefir verið með konunglegri tilskipun um niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík, og er heimildin fyrir henni í sjerstökum ákvæðum í tekjuskattslögunum frá 1921. Samkv. þessu er niðurjöfnunarnefndinni gerbreytt. Í henni eru nú 4 menn, kosnir af bæjarstjórn, auk skattstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Er þetta gert í því skyni að samræma niðurjöfnunina til bæjarsjóðs við tekjuskattsframtalið.

Um þetta mál er nú ekki annað að segja en það, að úr því að þessi konunglega tilskipun er komin á og enn er ekki fengin reynsla fyrir því, hvernig hún muni gefast, er að mínu áliti rjett að bíða nokkuð enn þangað til meiri reynsla er fengin af þessari konunglegu tilskipun, sem við nú höfum, og þegar sú reynsla er fengin, mætti taka til athugunar að breyta eitthvað til, t. d. að lögleiða þetta frv., ef menn þá álíta það rjettara.

Annað aðalatriði þessa frv. er það, að

farið er fram á að gerbreyta reglunum um útsvarsskyldu, einkum rjettinum til að leggja útsvör á utanbæjarmenn. Það er nálega á hverju ári verið að breyta þessum reglum, að því er fleiri eða færri kaupstaði snertir, og nú stingur bæjarstjórn Reykjavíkur upp á svo víðtækum breytingum um þetta efni, að ekki eru dæmi til um það annarsstaðar frá. Þess vegna vill nefndin ekki afgreiða þetta frv. nú, en hún vill fá stjórnina til að koma á samræmi í þessum málum um alt land. Þó að þetta sje allerfitt, sjerstaklega að því er snertir útsvarsskyldu og kosningarrjett, ættu þó efnisákvæði laganna að vera þau sömu, eða því sem næst, um alt landið. Þessar tvær aðalástæður, sem jeg nú hefi tilfært, gera það að verkum, að nefndin vill ekki afgreiða þetta frv. á þessu þingi.

Þá er þriðji annmarkinn á þessu frv. bæjarstjórnarinnar, sem er að ákveða hátt lóðargjald af hverri lóð, 2% af matsverði lóðanna. Nefndin álítur, að í sjálfu sjer sje þörf nýrra fyrirmæla um þessi efni, þar sem það er orðið úrelt og á ekki lengur við að miða gjöld af lóðum við flatarmál, í stað þess að taka tillit til verðmætis þeirra. En þessi till. nær ekki nokkurri átt, að ákveða gjaldið svona hátt; það hefði að minsta kosti átt að deila upphæð þess með 2, eða með öðrum orðum hafa hámarksgjaldið 1%.

Það er alment viðurkent af öllum, sem nokkuð hafa hugsað um þetta mál, að ef leggja á svona háan skatt á lóðir í bænum, er það hið sama og tekið væri eignarnámi sem svarar $^2/_5$ af verði lóða til bæjarsjóðs, og þetta verða þeir einir að greiða, sem eru svo illa settir að vera eigendur að lóðum þegar lög þessi ganga í gildi, en ekki neinir þeir, sem seinna fá eignarrjett á þeim. Þetta getur því alls ekki átt sjer stað, og allra síst hjer í þessum bæ, þar sem lóðir eru komnir í mjög hátt verð. Jeg var ekki óruggari um þetta mál en það, að jeg fór og vildi ræða það við kjósendur mína; gerði jeg það og var það rætt á almennum fundi hjer í bænum með fullri stillingu og rökum, og frá bæjarstjórnarinnar hendi mætti þar einn velmetinn lögfræðingur, sem varði þar málið frá sjónarmiði hennar; en er leitað var atkvæða um þetta mál, fekst aðeins eitt einasta atkvæði með því. Og á sama hátt fór það og á þessum sama fundi, er leitað var álits manna um það, hvort þetta mál skyldi afgreitt nú af þessu þingi.

Jeg skoða þetta að vísu ekki neitt bindandi fyrir mig sjerstaklega, en þó þykir mjer gott að vita um stuðning kjósenda minna við mína skoðun á þessu máli. Skýt jeg svo þessu máli til hæstv. stjórnar, að þar sem að sumu leyti þessi lagaákvæði eru orðin úrelt, þá þarf að endurskoða þau ásamt samskonar ákvæðum um aðra kaupstaði landsins, sem eigi munu síður þurfa umbóta við en hjer; en ef það þætti óeðlilegt að hafa þessi ákvæði um Reykjavík í sama lagabálki og um aðra kaupstaði, mætti setja sjerstök lög fyrir Reykjavík um þetta, þar sem stjórninni sýndist þess helst þurfa við. Treysti jeg því, að stjórnin gangi svo langt í þessu máli sem tími hennar og starfskraftar hennar leyfa, með endurbætur fyrir Reykjavíkurbæ, en endurskoðun allrar löggjafar um alla kaupstaði landsins er mikið vandaverk, og það má helst ekki eiga

sjer stað mikið ósamræmi í henni milli einstakra kaupstaða, hvort heldur Reykjavíkur eða annara bæja landsins.

Jakob Möller: Úr því að umræðurnar eru farnar að snúast um þetta frv. bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem þó ekki er á dagskrá í dag, get jeg ekki látið það mál afskiftalaust. Jeg álít það geti ekki verið neitt álitamál, að það eigi að vera samræmi í lögunum um Reykjavík og alla aðra kaupstaði, að því er snertir almenn mannrjettindi, t. d. kosningarrjett o. s. frv. En að því er til gjalda- og tekjustofna hinna einstöku bæjar- og sveitarfjelaga kemur, þá getur beinlínis átt sjerstakt við á hverjum stað, og því ekki hægt að krefjast almennra ákvæða, er gildi um alt landið. T. d. getur það átt vel við, að í Siglufjarðarkaupstað sje tekið útsvar af fólki, sem aðeins kemur þangað til að leita sjer atvinnu um skamma stund, þó að það sje óþarft annarsstaðar. (**MG:** Þetta á sjer stað nú þegar á nokkrum stöðum á landinu). En nefndin mun hafa rekið sig á, að víða eru til svipuð ákvæði í lögum um aðra kaupstaði og um Reykjavík, og af þeim ástæðum þyrfti ekki að salta frv.

Um lóðaskattinn er það að segja, að það liggur í augum uppi, að hann er rjettmætur bæjarskattur. Það er og því meiri ástæða til þess að leggja þennan skatt á, sem lóðirnar eru verðmætari og vegna þess, að þessar lóðir komast jafnan á fárra manna hendur, en verðmæti þeirra fer eftir þjettbýli og mannfjölda. Lóðaeigendur geta þannig auðgast stórkostlega, án nokkurs eigin tilverknaðar, en aðrir bíða halla af. Því get jeg ekki fundið neinn sanngjarnari gjaldstofn en lóðirnar. Þessu fylgi jeg af því þetta er mín sannfæring, en ekki af því, að jeg hafi til þess umboð kjósenda minna.

Jeg man ekki heldur eftir, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafi lagt útflutningsgjaldsmálið fyrir sína kjósendur. Það er alt annað mál, hversu langt á að ganga með upphæð skattsins, en það raskar ekki rjettmæti hans. Jeg hefði t. d. aldrei samþykt, að hann væri fastákveðinn 2% af matsverði, enda var það þegar tekið fram við flutning málsins, að við flm. myndum bera fram brtt. í þá átt, að bæjarstjórn yrði heimilað að setja skattinn alt að 2%. Því hefði ekkert verið til fyrirstöðu að færa hámarkið niður í 1—½%.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gerði og mikið úr eignarnámi, sem þessi lög hefðu í för með sjer; er þess þar að gæta, að skatturinn er alstaðar miðaður við fasteignamatsverð lóða, en eigi sölu- eða gangverð þeirra, eða peningavirðingu, sem ætíð er miklu hærra. En ætti þingið að fara eingöngu eftir því, hvort hitt eða þetta er vinsælt eða óvinsælt sem gjaldstofn til bæjar- og sveitarsjóða, eða hve mörg atkvæði það fái á þjóðmálafundum, hygg jeg, að erfitt mundi veitast að finna góða gjaldstofna, enda hætt við, að sitt sýndist hverjum. Hins vegar eru óvinsældir þessa gjalds vafalaust mest sprottnar af því, að bæjarstjórnin hefir farið of geyst í málið, sett gjaldið óþarflega hátt í upphafi, í stað þess að byrja lægra og láta það hækka smátt og smátt.

Hitt harma jeg minna, þótt þetta mál verði að bíða nú. Það kemur þá til greina við kosningarnar í vetur til bæjarstjórnar hjer í bænum, sem þá eiga að fara fram, og fá kjósendur þá fult tækifæri til þess að átta sig á því og

láta vilja sinn í ljós um það. Hygg jeg, að þá muni deilurnar um þetta mál jafnast af sjálfu sjer.

Jón Baldvinsson: Mjer þótti leitt að heyra yfirlýsingu hv. frsm. allshn. (MG) um það, að nefndin ætli ekki að skila þeim frv. um kaupstaðalöggjöfina, sem hafa nú um hríð legið hjá henni, og þar á meðal frv. um málefni Reykjavíkurkaupstaðar. Finst mjer, að það megi minnast lítið eitt á það mál í sambandi við þessa till., því það snertir allmjög löggjöf allra kaupstaðanna, ekki síst Reykjavíkur.

Hv. frsm. (MG) mintist á nokkur atriði í þeim lögum, sem nauðsyn væri að samræma hvert við annað, og taldi hann af þeim sökum best að vísa þeim málum öllum til stjórnarinnar. Jeg lít aftur á móti svo á, að margt megi nú þegar lagfæra á þessu þingi. Skal jeg til dæmis benda á það, að kosningalöggjöf Reykjavíkur er í sumum atriðum miklu þrengri en annara kaupstaða landsins. Hefði hv. allshn., ef hún hefði haft viljann til þess, vel getað komið fram slíkri breytingu, að löggjöf Reykjavíkur í þessum efnum yrði samræmd löggjöf hinna kaupstaðanna. Í öðrum kaupstöðum landsins hafa sömu mennirnir kosningarrjett bæði til Alþingis og bæjarstjórnar. En í Reykjavík er kosningarrjettur til bæjarstjórnar þó nokkru þrengri. Gæti jeg bent á fjölda af gömlu fólki óútsvarsskyldu, sem hefir rjett til alþingiskosninganna, en ekki til bæjarstjórnarkosninganna. Liggur þó í augum uppi, hve þetta er fjarri öllum sanni og full nauðsyn að breyta því sem fyrst.

Orsökin til þess, að breytt hefir verið skipun niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík, er sú heimild, sem er í núgildandi skattalögum, þar sem ákveðið er, að með konunglegri tilskipun megi breyta þessu skipulagi. Og nú er starf niðurjöfnunarnefndar framkvæmt með hliðsjón af framtali til ríkisskattsins. Þessi ákvæði í bæjargjaldafrv. eru því komin í framkvæmd.

Svo er um lóðaskattinn, að jeg sje ekki, að það sje neitt á móti því „principi", sem hv. allshn. hefir tekið upp, að samræma alla kaupstaðalöggjöfina, þótt þetta þing verði við óskum bæjarstjórnarinnar í því efni. Sje jeg ekki ástæðu til þess, að þingið neiti Reykjavík, fremur en öðrum kaupstöðum, um að leggja á slíkan skatt. En á undanförnum þingum hefir 2% lóðaskattur fyrir Akureyrarkaupsað og fyrir Húsavíkurhrepp flogið mótmælalaust í gegn. Það skyldi þá helst vera mótstaða gegn því, að lóðaskatturinn er fastákveðinn 2%. En nefndin hefir ekki þá afsökun lengur, því fram er komin brtt., sem heimilar að leggja á lóðaskatt „alt að 2%". Og verður það þá á valdi bæjarstjórnarinnar, hve langt verður gengið í þessu efni. Hefir þetta einmitt verið venja til þessa, að láta bæjarstjórnir eins sjálfráðar í slíkum efnum og unt er, enda fer vel á því. Hefir og hæstv. stjórn tjáð sig sömu skoðunar, og þótti mjer vænt um það.

Það hefir nú þegar verið svarað ýmsu, sem hv. samþingismaður minn (JÞ) sagði áðan, og get jeg því farið fljótt yfir sögu. Jeg vil þó víkja því að honum, að mjer finst það óþarfa varkárni af honum að vilja stinga sjer bak við kjósendur í þessu máli. Ef hann er á móti því, þá hefði hann átt að láta málið koma fram, berjast hjer gegn því í hv. deild og fella það, ef hann hefði

getað. Það hefði verið hreinlegri aðferð en að liggja á málinu í nefndinni. Jeg hefi enga trú á því, þótt þessi málefni kaupstaðanna verði undirbúin af stjórninni og borin fram af henni síðar, að sú aðferð yrði vænlegri en hin, að kjördæmaþingmennirnir beri þau fram hver fyrir sitt kjördæmi. Undanfarnar stjórnir hafa ekki átt svo upp á háborðið hjá þingunum, að ætla þurfi, að málum sje endilega best borgið, ef þau eru borin fram af stjórninni.

Jeg vildi nú helst vænta þess, að hv. deild feldi þessa till. Og þótt svo færi, að till. yrði samþykt, þá lít jeg svo á, að ekki sje hægt að skorast undan því að láta frv. bæjarstjórnarinnar í Reykjavík koma til atkvæða nú á þinginu. Er það vart hugsanlegt, eftir að hæstv. stjórn hefir lýst yfir því, að þessi þáltill. nái ekki til Reykjavíkurkaupstaðar, að nefndin geti haldið lengur hjá sjer þessum málum. Að vísu get jeg hugsað, að það mál kæmist ekki fram á þessu þingi, en það myndi þó flýta fyrir málinu síðar.

Skal jeg svo ekki lengja umr. meira.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get verið stuttorður, þar eð hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir hjálpað mjer og tekið fram ýmislegt, sem jeg hefði annars þurft að segja.

Jeg vil þó geta þess, að það var látið í veðri vaka í fyrra, að fram mundi koma á þessu þingi lagabálkur, er tæki yfir alla löggjöf Reykjavíkurkaupstaðar. Hún er nú, sem menn vita, öll í pörtum og auk þess mjög gömul — elsti parturinn frá 1872, ef jeg man rjett —, og er því kominn meira en tími til að skinna hana upp. Það er því naumast rjett, að minsta kosti að því er Reykjavík snertir, að till. nefndarinnar sje ekki á rökum bygð.

Jeg veit annars ekki, hvernig hv. 2. þm. Reykv. (JB) gat búist við betri undirtektum en þetta hjá nefndinni. Þess er einmitt getið, að Reykjavík hafi sjerstöðu að ýmsu leyti, og þá sjerstöðu eigi að taka til greina með sjerstökum lögum. Hvaða ástæða er þá til að vera ónægður?

Um útsvörin skal jeg taka það fram, að það er gengið lengra um útsvarsskylduna í frv. bæjarstjórnar Reykjavíkur en nokkursstaðar á þessu landi er eða hefir verið gert. Yrði frv. þannig óbreytt að lögum, þá yrði t. d. bátur útsvarsskyldur hjer, sem kæmi frá Ísafirði með fisk, sem hann hefði fiskað á leiðinni. Eins væri um erlenda fiskimenn, er hingað kæmu. Nei, það verður að fara varlega í þessum efnum. Ef slíkt yrði lögleitt hjer, þá kæmu aðrir kaupstaðir og sveitir landsins þegar í stað og krefðust, að þeim væru gerð sömu skil. Gæti að lokum svo farið, að enginn maður gæti óhræddur farið um landið, þar sem atvinnu væri að hafa, sökum útsvarsskylduhættunnar.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að lóðargjaldið gæti orðið mjög góður gjaldstofn. Já, ef það er ekki of hátt, en það gjald, sem frv. ráðgerir, er of hátt, að minsta kosti í einu stökki, og sennilega þótt hækkað væri smátt og smátt. Annars þykist jeg sjá, að hjer sje ekki annað að gera en að löggjöfin taki í sínar hendur skipun þessara mála. Hjer í bænum ríkja nú svo miklir flokkadrættir, að hæpið er, að menn geti komið sjer saman. Auk þess er nú, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gat um, kom-

in á ný skipun útsvarsmálanna. Mætti vel vera, að þar væri komið á fyrirkomulag, sem menn gætu vel felt sig við, og er því rjett að sjá fyrst, hvernig það reynist, en lögleiða ekki í millibilinu aðra aðferð. Engum efa er það bundið, að tekju- og eignarskatturinn muni gefa góðar bendingar um það, hvernig leggja skuli á aukaútsvarið, enda mun síst af því veita.

Jeg tók svo eftir, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) þætti það fjarstæða að hugsa sjer sama fjármálafyrirkomulag í öllum kaupstöðum landsins. Jeg veit ekki, hvort hann átti þar aðeins við niðurjöfnun aukaútsvara. **(JakM:** Gjaldstofna yfirleitt). Jeg fæ ekki betur sjeð en að líkt standi á um þá í kaupstöðunum í öllum aðalatriðum, og að svipað fyrirkomulag eigi því við. Það má vera, að sjerstök ákvæði þurfi t. d. um Siglufjörð, en till. okkar nefndarmanna er því ekki til fyrirstöðu.

Mjer heyrðist hv. 2. þm. Reykv. (JB) vera að kvarta undan því, hve tafsamt það væri að þurfa að leita í mörgum lögum að náskyldum ákvæðum. Svo er því einmitt farið um löggjöf Reykjavíkurkaupstaðar, og það er þetta, sem við viljum lagfæra. Eins og jeg gat um í byrjun, eru nú sum ákvæði þeirra laga frá 1872, og er því mál til komið, að þeir lagastúfar allir verði færðir saman og settir í eitt kerfi.

Jón Baldvinsson: Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. (MG) sagði um það, að í veðri hefði verið látið vaka, að fram mundi koma lagabálkur um alla löggjöf Reykjavíkurkaupstaðar,þá skal jeg taka það fram, að jeg hefi ekki sagt það. En á hitt hefi jeg bent, að þótt slíkur lagabálkur kæmi fram, þá yrði hann of viðamikill til þess, að hann kæmist allur í gegn á einu þingi. Mundi það, að taka slíkan lagabálk fyrir allan í einu, aðeins verða til að seinka bráðnauðsynlegum umbótum, sem koma mætti fram sjerstökum.

Hv. frsm. (MG) kvað ekkert hóf á útsvarsskyldu þeirri, sem ákveðin væri í frv. Jeg skal játa, að mjer finst þar einnig of langt gengið, enda hefi jeg komið fram með brtt. um það efni. En eitt vil jeg benda hv. þm. á, og það er, að einmitt sveitirnar hafa gefið fordæmið hjer. Í fyrra var sem sje samþykt að leggja útsvar á laxveiði, þótt ekki væri nema einn dag verið að veiðum. Hjer er því komið greinilegt fordæmi fyrir slíkri löggjöf, svo það stenst ekki, sem hv. frsm. (MG) sagði um það, að ekkert væri í lögunum þessu til samjafnaðar.

Þá sagði hv. frsm. (MG), að miklir flokkadrættir væru um þessi mál hjer í Reykjavík. Jeg skal játa, að svo er um mörg mál hjer í bænum. En því vil jeg bæta við, að það er varla eins mikil eining um neitt mál eins og þetta. Það frv., sem hjer er um að ræða, var samþykt á bæjarstjórnarfundi með öllum atkv. gegn einu einasta, og er því vilji bæjarstjórnarinnar svo að segja einróma í þessu máli. Ætti bæjarstjórnin og helst að vita, hvað hentar í þessum efnum, og vænti jeg þess því fastlega, að hv. Alþingi taki nokkurt tillit til vilja hennar í slíkum málum.

Jakob Möller: Hv. frsm. (MG) vjek að því áðan í ræðu sinni, að löggjafarvaldið yrði að taka þessi mál kaupstaðanna í sínar hendur og ákveða gjaldstofnana. Sagði hann, að mjög líkt stæði þar á um flesta kaupstaði landsins. Jeg

vil þó benda á það, að þótt lóðargjald kunni að vera hentugur gjaldstofn í Reykjavík, þá er ekki víst, að hægt sje að koma því við í kaupstöðum, eins og t. d. Vestmannaeyjum, þar sem lóðirnar eru landssjóðseign. Mundi það á slíkum stöðum koma alt öðruvísi niður. Jeg held því fast við þá skoðun mína, að rjett sje, að löggjafarvaldið kveði ekki upp á eigið eindæmi svo ríkt á um þessi mál, heldur geri þeim aðeins rúmlega umgerð eftir till. bæjar- og sveitarstjórnanna, sem svo kveði nánara á um þau einstöku atriði. Tel jeg t. d. rjettast, að þingið ákveði, að leggja megi á lóðargjald alt að þeirri og þeirri hundraðstölu. Ákveður svo bæjarstjórnin, eftir því sem þörfin krefur og við á á hverjum stað, að hve miklu leyti heimildin skuli notuð. Er það eðlilegast, að bæjarbúar sjeu sjálfráðir um þetta, hvort lóðargjald skuli vera og hve hátt. Jeg skal þó ekki vera á móti því, að lágmarksákvæðið sje ákveðið 1%, eins og gert hefir verið ráð fyrir, í stað þess að setja það í sjálfsvald bæjarstjórnarinnar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg held, að það sjeu ekki fullnægjandi rök á móti lóðargjöldunum, þótt lóðirnar í einstöku kaupstað sjeu ekki einstakra manna eign, heldur eign ríkissjóðsins. Þegar svo stendur á, kemur skatturinn aðeins niður á leigjanda, í stað eiganda lóðarinnar. Annars þykir mjer gott að heyra, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) er ósamþykkur frv. í sumum greinum. Jeg hafði annars búist við, að hann væri með því, þar eð hann er flm.

Jakob Möller: Það var þegar tekið fram í framsögu málsins, að óheppilegt mundi að hafa föst ákvæði um þennan gjaldstofn, heldur yrði hitt rjettara, að rúmleg heimild yrði gefin til þessa, og bæjarstjórnir settu svo nánari ákvæði þar að lútandi. Jeg sagði og aldrei, að ekki mætti koma við lóðargjaldi, þótt lóðirnar væru ekki eign einstakra manna. Hitt sagði jeg, að það gjald kæmi þá öðruvísi niður.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 555).

---

10. Slysatryggingar.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 12. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um slysatryggingar (A. 331).

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 16. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 331).

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg þarf

ekki að vera margorður um þessa till. Í greinargerðinni eru tekin fram helstu atriðin, sem liggja til grundvallar fyrir því, að hún er fram komin. Er þar bent á, hve mikil nauðsyn sje, að ríkisstjórnin fari að afhafast eitthvað í þessu máli, svo að þeir menn, sem fyrir slysum verða, sjeu ekki lengur svo báglega settir, sem þeir eru nú. Annars var á þinginu 1921 samþykt till. til þál. um það, að ríkisstjórnin skuli undirbúa og koma fram með frv. til laga um almennar líftryggingar og slysatryggingar. En þar sem líkur eru til, að fleiri ár taki að undirbúa svo yfirgripsmikil lög, og hins vegar lítið starf að undirbúa frv. um slíkar slysatryggingar, þá hefi jeg komið fram með þessa till. í því skyni að reka á eftir ríkisstjórninni með að hraða því máli. Munu flestir viðurkenna, að svo nauðsynlegar sem líftryggingar eru, þá eru þó slysatryggingar enn nauðsynlegri. Þau eru ekki svo fá slysin, sem þegar hafa orðið við þá vinnu, sem till. hljóðar um, og eftir því, sem útlit er fyrir, þá má búast við, að verksmiðjum hjer á landi fjölgi á næstunni, og mundi þá slysum fjölga að sama skapi. Eins er um uppskipun og útskipun. Við þá vinnu verða slys altaf annað slagið, og eru þau heldur að færast í vöxt. Er því sannarlega mál til komið, að samin sjeu lög um þetta, og væri mjög æskilegt, að stjórnin yndi sem bráðastan bug að undirbúningi þeirra og kæmi fram með frv. þessa efnis á næsta þingi.

Vona jeg svo, að hv. deild taki vel í málið og samþykki það mótmælalaust.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi áður komið með till. sama efnis inn í þessa hv. deild, en hún var feld. Var þar kveðið á um, á hvaða grundvelli skyldi bygt í lögum þessum um slysatryggingar.

Verði nú þessi till., sem svo er alment orðuð, samþykt, þá vil jeg beina því til ríkisstjórnarinnar, að rjett sje að byggja á þeim grundvelli, að atvinnurekendur greiði kostnaðinn við slysatryggingarnar, enda er eðlilegast, að tryggingargjöldin sjeu greidd af atvinnurekendum, eins og hver annar kostnaður við atvinnurekstur þeirra.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 595).

---

11. Húsmæðraskóli á Staðarfelli.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 16. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um húsmæðraskóla á Staðarfelli (A. 356).

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r. (A. 356).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi reynt að orða þessa till. svo ljóst, að umr. þyrftu ekki.

Er farið fram á í henni, að rannsakað verði, hvernig málinu horfir nú við og hvað óhætt sje að gera, en ekki farið fram á bráðar aðgerðir, nema ef það þykir ráðlegt að rannsókn lokinni En vita þykist jeg, að stjórnin muni komast að þeirri niðurstöðu, að hægt sje að stofna skólann á næsta ári eða mjög bráðlega.

Sá eini kostnaður, sem um er að ræða, er viðbótin við húsið. En miklu mun það verða minni kostnaður en verða mundi hjer, því jeg veit, að Magnús Friðriksson mun gera tilboð, sem yrði að mun ódýrara en smiðir mundu hjer gera.

Kem jeg þá að síðasta lið till. Er þar farið fram á, að íhugað sje, hvort arðurinn sje ekki nægur til rekstrar skólans. Hefi jeg heyrt, að Herdísarsjóðurinn stæði nú á 5% vöxtum, en vafalaust mætti ávaxta hann fyrir 6%.

Enn fremur vil jeg gefa nokkrar upplýsingar um hlunnindi Staðarfells; geri jeg það meðfram af því, að í Ed. var farið mjög óviðeigandi orðum um þessa höfðinglegu gjöf. Var slíkt næsta ómaklegt og illa gert, því að frúin, sem er mjög taugaveikluð, tók sjer það mjög nærri. Er gjöf þessi mjög mikils virði, og það þótt hjónin segðu sig ekki til sveitar á eftir, en fengju þennan lífeyri, sem ekki er meira en eftirgjaldinu nemur, og er þá jörðin gefin. Hlunnindi Staðarfells eru þau, er jeg nú greini: 100 selskinn á 20 kr. = 2000 kr. Spik, kjöt og svið af selnum er meira en fyrir tilkostnaði. 30 pd. dúnn á 15 kr. pd. nettó = 450 kr. Eyjabeit fyrir 30 fjár, 10 kr. fyrir kind = 300 kr. Beit fyrir 6 hesta, 40 kr. fyrir hest = 240 kr. Eru þetta alt hreinar tekjur, því að þeir, er beitina kaupa, flytja sjálfir skepnur sínar til eyjanna. Verða þessar hreinu tekjur samtals 2990 kr.

Túnið á Staðarfelli fóðrar 10 kýr, og auk þess er eyjatáða 6 kýrfóður. Útheysslægjur 1000 hestar, fyrir utan slægjur á svonefndum Flekkudal. Girðingar 2500 faðma langar. Og upprekstrarland ágætt á Flekkudal.

Sjá menn af þessu, að svona jarðir eru ekki á hverju strái. Hygg jeg, að ef ráðsmenska væri góð, mundu tekjurnar langdrægt duga til þess að reka skólann. Hefi jeg viljað rekja þetta alt til að sýna, hve illa þeir mæla, sem segja, að þessi góðu hjón, sem gáfu þessa eign sína í sorg sinni eftir efnilegan son, hafi viljað hlunnfara Alþingi með gjöfinni. Er það einnig fallega gert af dætrum þeirra hjóna að samþykkja gjöf þessa og svifta sig með því öllum arfi. Veit jeg, að hv. deild kann að meta göfuglyndi þetta og mun samþykkja till. mína.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla mjer ekki að mótmæla till. þessari, en jeg vil mótmæla því fyrir hönd Vestfjarða, að Alþingi geti slegið því föstu, ef kvennaskóli verður stofnaður á Staðarfelli, að vextir af Herdísarsjóðnum skuli renna þangað, þvert ofan í arfleiðsluskrá þessarar heiðurskonu. Veit jeg ekki til, að leitað hafi verið álits sýslunefnda við Breiðafjörð eða í Ísafjarðar- og Strandasýslum, sem er þó viðeigandi, því að eins og kunnugt er, var amtsráðinu fal-

ið í arfleiðsluskránni að gera till., en nú er það lagt niður og störfum þess skift á milli annara stjórnarvalda, og mun þetta nánast nú heyra undir sýslunefndir fyrnefndra sýslna.

Lít jeg svo á, að óheimilt sje að nota þetta fje til kvennaskóla á Staðarfelli, sem jeg annars vil í engu mótmæla.

Ekki vil jeg heldur í neinu kasta skugga á gjöf þessa nje þann huga, sem á bak við stóð, en það verð jeg að segja, að gott þætti bændum við Breiðafjörð, ef þeir gætu fengið 20 kr. fyrir hvert selskinn. Er það meira en þeir hafa fengið til þessa eða hafa von um að fá.

Sama má segja um verðið á dúninum, 15 kr. nettó. Veit jeg ekki, hvað verða kann í framtíðinni, en á síðastliðnum árum hefir það aldrei verið svo hátt, og ekki er útlit á því, að það verði svo hátt í ár.

Get jeg ekki verið með till. þessari eins og hún er orðuð, því bæði er, að jeg tel Staðarfell ekki hentugan stað fyrir kvennaskóla Vestfjarða, og eins veit jeg, að Herdís heitin mundi fremur hafa kosið hann í Flatey, ef hún mætti nú ráða.

Magnús Jónsson: Hv. þm. Barð. (HK) tók af mjer ómakið að athuga, hver ákveði, hvar skólinn skuli vera; skal jeg því ekki endurtaka það. En annað atriði tel jeg þó mikilsverðara, en það er, að í erfðaskránni er greinilega tekið fram, að fjeð sje gefið til þess að stofna kvennaskóla, og einmitt í gjafarbrjefinu vitnað í kvennaskólann á Ytri-Ey, og því til þess ætlast, að hann yrði sem allra líkastur þeim skóla.

Að vísu veit jeg ekki, hvernig þar hefir hagað til um 1890, en það þori jeg að fullyrða, að Ytri-Eyjarskóli hafi þá ekki verið húsmæðraskóli. Þess vegna álít jeg algerlega óheimilt að stofna húsmæðraskóla með þessu fje án breytingar á erfðaskránni.

En um það atriði vil jeg taka það fram, að jeg er og mun ávalt vera á móti því að breyta erfðaskrá, nema það sje bersýnilega ómögulegt að framfylgja ákvæðum hennar, eða þá að af því stafaði mjög mikið óhagræði að hafa hana óbreytta.

Það má telja víst, að þegar gefið er fje í einhverjum ákveðnum tilgangi, þá vilji gefandinn, að honum sje nákvæmlega fylgt, og að hann hafi gefið það til þess eins og einskis annars. Það má nú telja yfirleitt vel farið, að efnamenn ráðstafi eigum sínum til þjóðþrifafyrirtækja. En vissasta leiðin til þess að fá þá til þess að hætta því er sú, að vera sí og æ að breyta gjafabrjefum. Oft og einatt er áhugi gefandans einmitt á því sjerstaka efni, sem hann gefur til, orsök gjafarinnar, og er þá ekki von, að hann vilji kasta því fje út í óvissu og leggja það undir geðþótta einhverra og einhverra síðari tíma manna. Gefandinn er undir öllum kringumstæðum sá, sem á að ráða. Og sje hann óviss um, að hann fái það, þá gefur hann ekki.

Vona jeg, að forsrh. (SE) skýri frá því, hvort slíkrar breytingar þurfi ekki með á erfðaskránni, til þess að gjafarfjeð verði notað á þann hátt, sem farið er fram á í tillögu þessari.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Að vísu er það hæstv. forsrh. (SE), sem hjer ætti að tala, en af því að hann þarf að vera við atkvgr. í Ed. hefir hann beðið mig að halda uppi svörum í máli þessu.

En annars má geta þess, að jeg er málinu vel kunnugur, því að jeg hefi haft stjórn Herdísarsjóðsins undir höndum í 13 ár.

Stjórnin hefir ekkert við það að athuga að gera þær rannsóknir, sem tillagan fer fram á, en fyrst verð jeg að slá fram þeirri spurningu, hvort búið sje að ákveða það endanlega, að skólinn skuli reistur á Staðarfelli, og hver hafi gert það. Jeg hefi heyrt á ýmsum hv. þm., að þeir telja víst, að Staðarfell hafi af þáverandi forsætisráðherra eða þinginu jafnvel verið þegið að gjöf, og þar með því slegið föstu, að skólinn ætti að standa þarna, en jeg á bágt með að trúa þessu.

Samkvæmt arfleiðsluskrá frú Herdísar Benedictsen heyra allar ráðstafanir til þess að koma arfleiðsluskrá þessari í framkvæmd undir landshöfðingja í samráðum við amtsráð Vesturamtsins, en þær ráðstafanir hljóta nú að heyra undir landsstjórnina, og enn fremur það viðaukaákvæði, að skólinn, þegar hann sje stofnsettur, skuli vera undir stjórn sömu manna, þ. e. a. s. nú undir stjórn landsstjórnarinnar. Þinginu kemur því mál þetta alls ekkert við.

Það var mjög eðlilegt, að framkvæmdin yrði falin landsstjórninni, því bæði hafði frú Herdís Benedictsen mjög miklar mætur á Magnúsi Stephensen landshöfðingja, og hann mun jafnvel hafa samið arfleiðsluskrána, því að hún er skrifuð með hans eigin hendi, og svo er þetta alveg eðlilegt. Það er því augljóst, að það er landsstjórnin ásamt sýslunefndum Vesturamtsins, sem geta ákveðið, hvar skólinn skuli reistur.

Jeg get því ekki álitið, að því hafi verið slegið föstu af þinginu, að skólinn skuli vera á Staðarfelli, en hafi svo verið gert, þá er það að mínu áliti algerlega óheimil ákvörðun, því að það heyrir undir landsstjórnina.

Það er síður en svo, að menn hafi verið ásáttir um, að skólinn skuli vera á Staðarfelli. Áður var barist af miklu kappi fyrir því, að skólinn væri í Ólafsvík, til þess að notuð yrðu hin góðu húsakynni þar og aðrar góðar aðstæður. Um eitt skeið var mikið kapp lagt á, að hann yrði í Flatey, en enda þótt ætla megi þann stað æskilegan frá sjónarmiði gefandans, þá þótti hann þó ekki heppilegur. Enn fremur var talað um að reisa hann í Stykkishólmi, og loks hafa Reykhólar verið tilnefndir.

Um þessa fjóra staði hefir verið rætt, en aldrei fyr um Staðarfell, og því þykir mjer undarlegt að heyra nú, að búið sje endanlega að ákveða Staðarfell sem skólasetur.

Í till. þessari er farið fram á, að stofnaður verði h ú s m æ ð r a skóli á Staðarfelli. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) tók rjettilega fram, að samkvæmt arfleiðsluskránni væri gjafarfjeð gefið til þess að stofna kvennaskóla, sem mest í líkingu við kvennaskólann í Ytri-Ey, sem nú hefir verið fluttur að Blönduósi. Frú Herdísi var þetta mjög mikið kappsmál, og Magnús Stephensen bað mig að hafa hann sem líkastan Ytri-Eyjarskóla, ef mín nyti við þegar hann yrði reistur.

Það þarf því að breyta arfleiðsluskránni, en henni verður ekki breytt nema með konunglegum úrskurði; en síðasti vilji er jafnan álitinn heilagur, og því get jeg þess, að enginn muni fús til þess að brjóta hann, nema brýnar ástæður sjeu fyrir hendi og hin ítrasta nauðsyn. Þetta vil jeg biðja hv. þm. að athuga vel.

Við síðustu áramót mun sjóðurinn

hafa verið 110000 kr., en árleg viðbót um 5000 kr., og get jeg ekki álitið þetta fje nægilegt til stofnunar og rekstrar skólans, og að hann hljóti því að bíða enn nokkra hríð, því það var áreiðanlega vilji frú Herdísar, að hann bæri sig sjálfur.

Að öðru leyti hefir stjórnin ekkert að athuga við það, sem till. fer fram á, og er fús til þess að undirbúa frekari framkvæmdir í máli þessu.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg bjóst ekki við, að svo miklar umræður yrðu um till. þessa, en til skýringar get jeg getið þess, fyrir hv. þm. Barð. (HK), að venjulega selja menn betur dún fyrir sunnan Breiðafjörð en norðan. Fyrir sunnan fjörðinn þekki jeg til þess, að síðastliðið ár var dúnn seldur fyrir 20—24 kr. pundið, en dúnn frá Staðarfelli var seldur á 18 kr. pundið, og þá álít jeg mjög sparlega áætlað, að reikna með 15 kr. nettó. **(HK:** Hvar er salan?). Á Íslandi — við Breiðafjörð — en líklega ekki á Barðaströnd. Jeg tel mig ekki hafa reiknað um of að áætla söluverð selskinna 20 kr. stykkið nú, þar eð þau í fyrra seldust fyrir 16 kr., en hafa nú hækkað í verði. Útreikningur minn mun vera gætilegur og nær því sanna, en hefði jeg áætlað tekjurnar 2500 kr. í stað 2900 kr., þá hefði jeg nákvæmlega fengið upphæð þá, sem gefendurnir áskildu sjer.

Annars vil jeg þakka hæstv. stjórn fyrir undirtektir hennar undir þetta mál, og að hún hefir tjáð sig fúsa til þess að vinna fyrir framgang þess, en umræðurnar, sem spunnist hafa út af skólastaðnum, undra mig mjög, einmitt sakir þess, að hæstv. stjórn hefir samþykt, að skólinn skuli reistur á Staðarfelli, með því að þiggja það að gjöf, því að gjöfin var gefin með því skilyrði og með það fyrir augum, að Herdísarsjóðnum yrði varið til þess að byggja þar skólann, sem arfleiðsluskrá hennar getur um. Skólinn verður þar ágætlega settur, en í Flatey álít jeg, að ekki geti komið til mála að byggja hann. Herdísarauðurinn er kominn frá Staðarfelli, en nú er jörðin sjálf gefin, og tel jeg því mjög gott, að hvorttveggja skuli geta farið saman, jörðin, sem skólinn er bygður á, og peningarnir, sem hann er reistur fyrir.

Jeg kannast við að hafa áður haldið fram Ólafsdal sem heppilegu skólasetri og að jeg gekst fyrir því, að stjórninni yrði veitt heimild, sem hún hefir enn, til kaupa þar; en kaup voru ekki gengin saman þegar Staðarfell var gefið. En með því nú að þiggja Staðarfell er ákveðinn staður skólans, og áreiðanlegt er það, að verði skólinn ekki settur á Staðarfelli, þá verður hæstv. landsstjórn að skila því aftur.

Hákon Kristófersson: Hæstv. atvrh. (KlJ) lofaði í ræðu sinni að gera þær ráðstafanir til skólabyggingarinnar, sem í till. felast, og álít jeg, að í því felist vilji hæstv. stjórnar til þess, að skólinn verði stofnaður á Staðarfelli; en jeg mótmæli því, að skólinn verði reistur á Staðarfelli, og krefst þess, að hæstv. stjórn geri engar ráðstafanir á þeim grundvelli. **(LH:** Máske ætti ekki að reisa skólann). Má vera, að það sje það besta. Jeg álít affarasælast, að skólinn verði ekki stofnaður fyr en sjóðurinn er orðinn svo mikill, að með honum mætti reka hann, því að þá þyrfti ekki altaf að vera að sækja um styrk til þingsins.

Hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að Staðar-

fell hafi verið gefið með því skilyrði, að skólinn yrði reistur þar; en um það skilyrði efast jeg stórlega, því að fyrv. forsrh. (JM) sagði mjer nú nýskeð, að hann hefði engu um það lofað, er hann þáði gjöfina.

Hv. þm. Dala. (BJ) sagði enn fremur, að auðurinn væri kominn frá Staðarfelli. Um það ætla jeg ekki að deila, en álit mitt er þó, að auður Brynjólfs Benedictsens sje kominn annarsstaðar frá.

Um verðlagið vil jeg slá því föstu, að hv. þm. Dala. (BJ) geti ekki fullyrt, að selskinn verði í 20 kr., nema hann hafi fengið vísbendingu frá æðri heimi. **(BJ:** Misskilningur; jeg sagði, að að sunnanverðu fjarðarins seldist betur en að norðanverðu). Þau eru að minsta kosti ekki komin í það verð enn, og áður en jeg legg trúnað á það verð þyrfti jeg að sjá framlagða reikninga.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. þm. Dala. (BJ) hjelt því fram í ræðu sinni, að jörðin hefði verið gefið með því skilyrði, að skólinn yrði settur þar, og að fyrv. stjórn hefði gengið inn á þetta um leið og hún tók við gjöfinni, og er þá því sjálfsagðara, að stjórnin taki því vel, enda þótt ekki sje útsjeð um, að skólinn verði reistur þar. Og hvort sem er, mundi hún fús til þess að styðja 1. og 2. lið, en síður 3. og 4. lið, fyr en það kemur í ljós, hverju stjórnin hefir lofað á sínum tíma og útsjeð er um það, að skólann eigi að setja þar.

Magnús Jónsson: Í síðari till. á dagskránni er engu slegið föstu um það, að skólinn eigi nokkuð skylt við Herdísarsjóðinn, en í þessari till. er farið fram á húsmæðraskóla og hann orðaður við þann sjóð.

Jeg vil því beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (KlJ), hvort það geti komið til mála, að stjórnin láti breyta erfðaskránni í þeim tilgangi, að nota mætti fje Herdísarsjóðsins til húsmæðraskóla. Því ef svo er, hlýt jeg að vera algerlega á móti því að fela stjórninni að fara með þetta mál.

Sigurður Stefánsson: Ágreiningur hefir risið um það hjer í deildinni, hvort þessi skóli megi samkvæmt gjafabrjefinu heita húsmæðraskóli, en jeg hygg, að allir kvennaskólar sjeu í raun og veru húsmæðraskólar, og jeg efast ekki um, að gefandinn, svo hagsýn kona sem hún var, hefði kosið húsmæðraskóla, ef hún hefði lifað nú.

Sú hugmynd var þá óþekt, og því áít jeg algerlega óþarfar allar breytingar á erfleiðsluskránni í þessu efni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg gleymdi að geta þess áðan, hvers vegna gefandinn setti samanburð við Ytri-Ey, en ekki við kvennaskólann í Reykjavík, en það var af því, að Ytri-Eyjarskóli var þá miklu fremur húsmæðraskóli, og því nær hugtakinu að stofna húsmæðraskóla. En Staðarfellshjónin gáfu ekki jörðina í öðru skyni en því, að skólinn yrði reistur þar, og hygg jeg, að það sje tekið fram í gjafarbrjefinu, en máske er þess þó ekki þar getið. Fyrv. forsrh. (JM) vissi, að Magnús Friðriksson gaf ekki jörðina nema með því skilyrði, að skólinn yrði reistur á Staðarfelli.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, IngB, JakM, JB, LH, MG, MK, SSt, StSt, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, BSv.

nei: HK, JÞ, MJ, PO, PÞ, SvÓ, BH.

Sjö þm. (JAJ, JS, MP, ÓP, SSt, StSt, ÞorlG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

álykturn neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 597).

12. Tryggingar fyrir enska láninu (till. í Nd.).

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu í sambandi við enska lánið (A. 298).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 14. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 298, 340).

Flm. (Sveinn Ólafsson): Á öndverðu þingi gerðum við flm. þessarar till. á þskj. 298 tilraun til þess á lokuðum fundi að fá samkomulag um það að láta trúnaðarmenn allra flokka þingsins gera í kyrþey þá athugun á hag Íslandsbanka, sem till. þessi stefnir að. Tilraunin mistókst, og fórum vjer þá fram á það við hæstv. stjórn, að hún gengist fyrir því, að slík athugun færi fram, á líkan veg og vjer höfðum ætlað, en hún hefir ekki orðið við þeirri ósk vorri. Fyrir þá skuld höfum vjer nú sjeð oss knúða til að koma fram með tillögu í þessari mynd.

Vjer lítum ekki aðeins á þessa athugun eins og rjettmæta íhlutun og eftirgrenslan frá þingsins hlið á hag bankans, heldur eins og ófrávíkjanlega skyldu vegna þjóðfjelagsins og þeirra margvíslegu hagsmuna þess, sem við bankann eru tengdir, eins og líka áhættu, sem því getur stafað frá bankanum, ef illa vill til.

Engin stofnun utanlands nje innan hefir í tvo síðustu áratugina haft eins gagnger áhrif á efnalega afkomu þjóðarinnar sem Íslandsbanki, enda er það eðlilegt.

Bankanum hafði verið fengið því nær ótakmarkað vald í þessu efni með einkarjettinum til útgáfu gjaldmiðils í landinu og mörgum öðrum mikilsverðum forrjettindum og fríðindum. Þess vegna hefir líka verið svo mjög á hann treyst og svo lengi. Óneitanlegt er það að vísu, að bankinn hefir átt talsverðan þátt í efnalegri framför þjóðarinnar alt að 4 síðustu árum, enda má segja, að þing og stjórn hafi undir hann hlaðið alt frá byrjun, og því átt fylstu heimtingu á fulltingi hans.

En krosstrje bregðast sem önnur trje, og svo hefir hjer farið. Einmitt þegar

mest reið á og fjárhagsörðugleikarnir steðjuðu að í sambandi við verðhrunið á afurðum landsins eftir stríðslokin, þá brást líka stuðningurinn frá bankans hendi. Þá brást sú lögmælta yfirtrærsluskylda bankans og hinn svonefndi gulltrygði gjaldmiðill fjell í verði. Greiðslur til útlanda, bæði opinberar og einstakra manna, fóru í strand, og fljótandi skuldakröfur svifu að eins og skæðadrífa, án þess að greiðast.

Með þessu var hafin sú erfiða ganga, sem mætt hefir mest viðskifti vor í seinni tíð og mæðir enn. Síðan hefir dýrtíðin verið í algleymingi og lággengið lamað allan efnahag vorn. Miljónir hafa fjarað úr landinu vegna lággengis og gjaldþrotin hafa hvert af öðru lagt í rústir starfandi fyrirtæki. Jafnframt hefir verið ránverð á allri vinnu, ránverð, sem að miklu leyti stafar af óeðlilegu lággengi íslensks gjaldmiðils. Dýrtíðin hefir stöðvað nær allar framfarir í landsrækt og fleiri atvinnufyrirtækjum. Yfirleitt hefir á hinum síðustu árum í sambandi við lággengið og dýrtíðina skapast það kviðvænlega ástand, sem hvarvetna er kvartað yfir í þingmálafundargerðum úr öllum landshlutum. Fólkið finnur, að efnalegt þrot færist nær með ári hverju. Einstaklingar og atvinnufjelög gefast upp hvert á fætur öðru, einkum til sveita. Fólksstraumurinn stefnir um stund að sjónum, en von bráðar úr landi og vestur á sljetturnar í Norður-Ameríku, enda er nú hreyfing hafin þar vestra í því skyni að greiða honum leið. Af dýrtíðinni og lággenginu stafa kaupkröfurnar hóflausu og kröfur opinberra starfsmanna um launabætur, kröfur, sem ekki verður lengi komist hjá að fullnægja og ríkið hefir þó engin efni á að fullnægja.

Það er því eigi undarlegt, þótt hugir manna hafi snúist að Íslandsbanka upp á síðkastið og honum hafi verið kent um ástandið. Það er ómögulegt að verja það, að fjármálameðferð hans á mestan þátt í þessu ástandi. Hann hefir framar öllu og öllum öðrum skapað lággengið, og hann hefir vegna stóráfalla, sökum óvarlegrar meðferðar fjárins, komið á og viðhaldið um langan tíma þeim allra þungbærustu vaxtakjörum, sem dæmi eru til hjá oss í opinberum lánsstofnunum. Hefir hann um langt skeið haldið útlánsvöxtum 1 og 1½ hundraðshluta ofan við útlánsvexti annara lánsstofnana. Dálítið sýnishorn af þessum vaxtakjörum, sem fólkið hefir orðið að búa við, er reikningur bankans árið 1921. Þá var hreinn arður af rekstri hans á pappírnum 2206000 krónur, en aðalarður 2571653 krónur, eða með öðrum orðum: Hreinn arður bankans það ár samsvarar ca. 24 kr. nefskatti á hvern íbúa landsins; en sá skattur var þó í raun og veru lítill í samanburði við þann óbeina skatt, sem lággengið af dýrtíðinni lagði á þjóðina þá og hefir lagt á hana síðan; og þegar svo þjóðfjelagið einmitt á þessu sama ári, 1921, tekur að sjer þungbæra ábyrgð á stóru útlendu gjaldeyrisláni til bankans, ofan á fyrri rjettindaveislur, og það án þess að nokkur veruleg rjetting á hag bankans eða viðskiftakjörum almennings fengist við það, þá er eigi að furða, þótt ótti og grunur hafi vaknað hjá þjóðinni um það, að hjer væri eigi alt með feldu, og um það, að hjer kunni að vera hætta á ferðum, og eðlilega hefir sá ótti magnast við það, að margendurtekin misferli í bankastjórnsemi nágrannalandanna hafa bent í þessa átt. Það hefir heldur eigi dregið úr þessum

ótta og grunsemdum, að almenningur, og jafnvel þingið, hefir ekki fengið að vita, hvernig varið væri tryggingum fyrir þessu láni, sem er að upphæð 280930 sterlingspund, eða 5618600 kr., ef miðað er við 20 kr. verð á sterlingspundi, en 7023250 kr., ef miðað er við 25 kr. verð, sem telja mætti líklega meðalgengi íslenskra peninga undanfarin 2 ár, og er þó líklega fullhátt. Sú saga hefir borist út um land, að tryggingar þessar væru í víxlum, og sumum jafnvel dálítið hæpnum, víxlum, sem alls væru að upphæð lítið sem ekkert hærri en lánið. Líkt hefir talið verið að væri farið tryggingum fyrir öðrum verðmætum ríkisins þarna, og að sjálfsögðu er öllum ókunnugt um tryggingar þær, sem Landsbankinn kann að hafa fengið fyrir þeim tiltölulega stóru upphæðum, sem hann hefir lánað Íslandsbanka, og telja verður þó ríkisins eign. Hefi jeg fyrir satt, að þær upphæðir sjeu að minsta kosti 2 miljónir króna, og er þannig alls hjer um að ræða 8—9 miljónir ísl. kr., sem Íslandsbanki hefir frá ríkinu fengið, beint og óbeint, auk seðlafúlgunnar, sem ríkið á alt undir, að eigi falli í verði, en hún mun nú á 8. miljón króna, og aðalupphæðin þess vegna 16—17 miljónir.

Hjer er því óvenjumikilla hagsmuna að gæta fyrir ríkið og almenning, svo mikilla, að ef bankanum ómætti til ábyrgðar og greiðslu, þá myndi hjer í landi hin mesta vá- og óöld fyrir dyrum, og jafnvel allsherjar gjaldþrot fyrirsjáanlegt. Og þetta er því líklegra, sem dýrtíðarástandið og lággengið er búið að mergsvíkja þjóðina, eða lama hana svo efnalega, að viðnámsþróttur inn er á förum. Þetta finna best atvinnurekendurnir mörgu og smáu úti um landið til sjávar og sveita, sem á síðari árum hafa eytt varasjóðunum sínum litlu, sparisjóðsinnstæðunum, og sokkið í skuldir.

Engan þarf því að furða, þótt þeir vilji vita, hvert horfir um lagfæringu á þessu ástandi, hvort stofnun sú, sem þeir eiga svo mikið undir og átt hefir svo mikinn þátt í að skapa þetta ástand, er líkleg til að rjetta við aftur, eða hvort meiri vonbrigði eru í vændum, — vilji vita, hvort fje ríkisins hjá henni er sæmilega trygt eða í hættu, hvort fljótandi skuldir hennar utanlands eru enn þá líklegar til að þrýsta niður gengi íslensku krónunnar, ef bætandi árferði og sjálfbjargarviðleitni fólksins gæti um sinn þokað henni upp á við, — eða hvort halda á við framvegis því óheillaástandi, sem verið hefir, og fleyta áfram líkt og undanfarið óheilbrigðum atvinnufyrirtækjum tiltölulega fárra manna, sem lifa af lággenginu á kostnað alls fjöldans.

Allra hluta vegna er nauðsynlegt að eyða þeim ótta og grunsemdum, sem vaknað hafa hjá almenningi um hag bankans. Það er jafnnauðsynlegt fyrir bankann sjálfan sem þjóðina, og beinasta leiðin til þess er óhlutdræg aðsjón, sem framkvæmd er af trúnaðarmönnum þingsins. En ef hagur bankans er svo erfiður sem grunsemdirnar og orðrómurinn benda til, þá væri óviðurkvæmilegt að draga fjöður yfir það og setja þannig ljósið undir mæliker.

Því kann nú að verða svarað, að með þessari aðsjónargerð sje varpað skugga á bankann og rýrt álit hans út á við. En þá er á hitt að líta, að ekki hefir gefist kostur á að fá aðsjón þessa fram-

kvæmda, eins og jeg hefi áður getið um, á þann hátt, sem vjer flm. óskuðum, og í kyrþey.

Hins vegar er mikilvægi þessarar athugunar og þýðing hennar fyrir þjóðfjelagið fullgild ástæða, og í raun og veru ætti bankanum að vera ljúft að taka við henni, ef alt er í sæmilegu lagi og fjesýsla hans þjóðinni hættulaus. Ekkert getur æskilegra verið fyrir hann en að geta sýnt öryggi sitt.

Það er ekki til neins í þessu sambandi að benda á þá rannsókn í bankanum, sem fram fór fyrir tveimur árum, er hlutabrjef hans voru metin á 95%; kauphallarverð þeirra í Kaupmannahöfn mun á næstliðnu ári hafa komist niður í 30—40%. Trúin á áreiðanleik þeirrar skoðunar er því að mestu gufuð upp, og þótt hún hefði nákvæm verið, þá hefir ólagið á peningamálunum síðan og erfiðleikar bankans bent í öfuga átt við niðurstöðurnar af þeirri athugun, enda mjög margt síðan breytt, og jafnvel nú fallin í rústir stóreflis bankafyrirtæki í nágrannalöndunum, sem fyrir 2 árum voru álitin örugg eins og lífakkeri. Ekki þýðir heldur neitt að tala um frið, sem bankinn þurfi að hafa meðan hann eigi erfiðast og sje að vinna sig upp. Slíkur friður getur leitt til hins mesta böls fyrir þjóðina, og friðurinn svo nefndi, þ. e. umburðarlyndið og íhlutunarleysið um athafnir og stjórn bankans á undanförnum árum, hefir orðið þjóðinni of dýrkeyptur til þess, að hún geti í andvaraleysi látið alt velta þarna sem vill. Auk þess er allsendis óþjettmætt að tala um þessa aðsjón eins og andstöðuna við frið, þótt það hafi áður heyrst hjer. Tillagan um þessa athugun á fjárhagsaðstöðu bankans gagnvart ríkinu er aðeins vingjarnleg og kurteisleg ósk um að fá að vita líkurnar fyrir því, að viðreisn sje í vændum, eða hvort hjer muni eiga að sökkva dýpra og dýpra, — hvort vænta má frekari áfalla af óhöppum bankans og ófullnægjandi tryggingum.

Það verður að sjálfsögðu eigi tími fyrir þinglok til að framkvæma ítarlega athugun í því efni, sem till. ræðir um. En með velviljaðri aðstoð bankastjórnarinnar, sem að $^2/_3$ er skipuð settum fulltrúum ríkisins, á að geta fengist nokkurn veginn ljóst yfirlit yfir tryggingarnar, ekki aðeins fyrir enska láninu, heldur og yfirleitt öllum þeim verðmætum ríkisins, sem undir bankann falla, sem og líka horfurnar fyrir því, að hækkað verði og fest gengi krónunnar. Það út af fyrir sig er enn þá þýðingarmeira en tryggingarnar fyrir enska láninu.

Verkefni aðsjónarmanna þeirra, sem athugun þessa ættu að gera, virðist því fyrst og fremst eiga að vera þetta:

1. Að athuga eftir föngum tryggingar fyrir enska láninu og ganga úr skugga um öryggi þeirra.
2. Að kynna sjer líkurnar um öryggi og gjaldgetu bankans vegna annara eigna ríkisins í vörslum hans.
3. Að fá yfirlit yfir þær útlendar skuldir bankans, sem þrýsta genginu niður, og líkurnar fyrir greiðslumöguleikum þeirra.
4. Að athuga, hvort lögmæltur málmforði og tryggingar seðlafúlgunnar eru í lagi.
5. Að fá upplýsingar um það, hvort vaxtakjör þau, sem bankinn setur og hefir sett, geta eigi orðið hagfeldari bráðlega, eða hvort sú tvísýna og hætta vofir yfir fje bankans í útlánum, að beita þurfi há-

um vöxtum við trygg lán, til að standast áhættu þeirra gömlu lána.

Um alt þetta á bankastjórnin að geta leiðbeint þeim, sem aðsjónina gera, og ætla verður, að hún geri það fúslega og eftir bestu vitund. Það er engin ástæða til annars en ætla, að þeir stjórnsettu bankastjórar telji sjer skylt að gefa Alþingi svo sannar og óhlutdrægar upplýsingar sem þeir geta. Og ef horfurnar eru góðar og öllum hagsmunum ríkisins vel borgið, þá á það að vera og hlýtur að vera metnaðaratriði fyrir bankann að færa sönnur á það fyrir Alþingi, og eyða þar með órjettmætri tortrygni. Jeg verð að segja það fyrir sjálfan mig, og jeg held jeg geti sagt það fyrir munn vor allra, flm. þessarar tillögu, að vjer mundum telja þær frjettir einna bestar, er vjer gætum fært kjósendum við heimkomu vora, að vjer hefðum fengið ábyggilega vissu um, að stjórn og starfsemi bankans væri í góðu lagi og hagsmunum ríkisins hættulaus starfsemi hans og viðskifti.

Loks vil jeg taka það fram, að jeg frábið mjer og oss flm. allar aðdróttanir um óvild eða árásarviðleitni við bankann eða þá menn, sem að honum standa. Slíkt er með öllu órjettmætt, þótt því hafi brugðið fyrir. En að sjálfsögðu metum vjer meira hagsmuni og velfarnan þjóðarinnar en stundargróða bankans, og mun enginn leggja oss það til ámælis, sem fordómalaust lítur á málið. Vjer erum með tillögunni að reka það erindi, sem samviskan og skyldan býður oss.

Hjer er fram komin brtt. á þskj. 340, einskonar dilkur við tillöguna, óburðugur þó, eins og síðungur í öfugsnoði. Við hefi jeg þá líkingu vegna þess, að brtt. þessi er hjer seint á ferð og miðar til þess að hverfa við till. vorri og gera sem minst úr henni, en dylja sem vendilegast hag bankans fyrir Alþingi. Að vísu er þar gert ráð fyrir, að bankinn gefi fjárhagsnefnd skýrslu um tryggingar fyrir enska láninu, og getur það verið brúklegt út af fyrir sig, ef það á þá ekki að vera leyndarmál þessarar nefndar, en ekkert meira virðist tillögumaður vilja fræða þingið um. En þó er annar þáttur þessa máls ekki síður mikilsverður, svo sem jeg hefi tekið fram, vitneskjan um það, hvernig horfi um þá hagsmuni ríkisins, sem bundnir eru við lagfæringu gengisins og öryggi hins gulltrygða gjaldmiðils, sem kallaður er; en eitt er þó gott við þessa brtt. Hún sýnir það, að mótstöðumenn vorir telja ekki lengur gerlegt að leyna fyrir þjóðinni þessum tryggingum enska lánsins, og er þar nokkur viðurkenning þess, að hjer þurfi þó eitthvað að upplýsa. Býst jeg við, að vjer flm. getum alls ekki fallist á þessa brtt., og virðist mjer hún ekki á vetur setjandi.

Stefán Stefánsson: Jeg get búist við, að hv. þingdeildarmenn hafi tekið eftir því og þyki það máske undarlegt, að jeg er sá einasti af Framsóknarflokksmönnum, sem ekki er flytjandi þessara rannsóknartillagna, sem bornar eru fram í báðum deildum á hendur Íslandsbanka. Því fremur kann þetta að þykja undarlegt, þar sem tillögur voru samþyktar á þingmálafundum í mínu kjördæmi, Eyjafirði, um það, að nauðsyn bæri til þess, að þingið fengi sem nánasta vitneskju um hag bankans, en þó sjerstaklega var tekið fram um veð þau, sem ríkið hefði fyrir lánveitingu til hans.

Út af þessu vil jeg taka það fram, að þegar jeg ásamt flokksbræðrum mínum óskaði þess, að um þetta mál yrði talað af öllum þingmönnum við stjórnina á lokuðum þingfundi, þá var það mín meining með þeim fundi, að sem allra minstur hávaði yrði út af þessu máli, — að alt þingið ætti þar tal við stjórnina og rjeði þar fram úr því, hvernig þessara nauðsynlegu upplýsinga skyldi leitað. Þetta samtal eða samvinna við stjórnina um framkvæmd málsins áleit jeg að gæti orðið friðsamlegt. Jeg leit svo á, að það, sem hlyti að vinnast með þeim fundi, yrði það, að ríkisstjórninni yrði falið að annast um, að sem nákvæmust athugun færi fram — í kyrþey — á fjárhagsástandi bankans, þó einkum tryggingum þeim, sem ríkið hefði frá bankanum. Þessi athugun varð auðvitað að miðast að nokkru leyti við þann takmarkaða þingtíma, sem naumast leyfði hana svo nákvæma sem sumir hefðu helst kosið.

Þessar samkomulagsvonir mínar um fundinn rættust því miður ekki, og hvar sem aðalorsökin liggur til þeirra friðslita, þá tel jeg illa farið, að svo fór sem þá fór.

Nú hefir þetta mál enn verið upp tekið, en allmjög á annan veg en áður, og það á þann veg, sem mjer e k k i líkar a l l s k o s t a r, þótt flokksbræðrum mínum þyki þessi kostur vænstur.

Jeg hefi sem sje nauðalitla trú á því, að sú þingnefnd, sem ráðgert er að kjósa samkvæmt þessari tillögu, — nefnd, sem kemur alókunnug inn í bankann —, að hún hafi nokkru hæfilegri tíma — með öðrum þingstörfum — til þess að geta gefið skýrslu, sem verulega væri á að byggja, eftir ca. þriggja vikna tíma. Já, mjer finst, að þeir góðu menn yrðu ekki öfundsverðir af starfinu; jeg hygg, að það væri meiri vandi en vegsemd. Þeir tækju, að mjer skilst, á sig þá siðferðislegu ábyrgð að geta sagt um það afdráttarlaust, hvar komið væri með tryggingar bankans, tryggingar, sem þeir hefðu þó — að mínu áliti — alls ónógan þingtíma til að gera lokarannsóknir á. Með öðrum orðum, mjer er ekki ljóst, hversu mikið yrði lagt upp úr þessari skýrslu, sem slík nefnd gæfi. En legðu menn alment lítið upp úr frásögn nefndarinnar, væri til lítils unnið.

En svo er önnur hlið þessa máls, hvernig á þessa nefndarkosningu og nefndarstörf mundi verða litið í útlöndum, þar sem bankinn hefir sín viðskifti; jeg hefi dálítinn geig af þessari hlið málsins, að þetta tiltæki eða verk þingsins mundi vekja óhug eða vantraust á bankanum og torvelda viðskifti hans, sem þá gæti leitt til meira verðfalls á íslensku krónunni. Þetta virðist mjer það alvarlegasta, sem kynni að geta leitt af þessu rannsóknarnefndarstarfi, og jeg vil ekki óneyddur taka á mína ábyrgð áhættuna.

En þá vil jeg minnast á leið, sem mjer sýnist, og óefað ýmsum fleiri hv. þm., líklegri til þess, að á henni megi byggja, að líkindum miklu fremur en þeirri, sem tillagan ræður til, og hefir þann mjög verulega kost, að hvað bankann eða sambönd hans snertir, væri ekkert að óttast, og það er sú leið, að stjórnin með aðstoð og samstarfi bankastjóranna vinni að þessari athugun og leggi fram í þinglok skýrslu um tryggingarafstöðu bankans til ríkissjóðs.

Á þessa leið hefi jeg minst við marga af hv. þdm., sjerstaklega flokksbræður mína, og verður ekki sagt annað en sú

leið sje áhættulítil eða áhættulaus.

Nú vitum við það, allir þingmenn, að þessa getum við krafist af stjórninni og hún af bankastjórunum. Kemur þá fram sú spurning, hvort ríkisstjórnin sje þessari leið mótfallin, svo að þess vegna verði að taka þá leiðina, sem óneitanlega er tvísýnni, óaðgengilegri. Um stjórnarleiðina í þessu máli hefi jeg þegar rætt við einn ráðherrann, hæstv. fjrh. (MagnJ). Kvaðst hann mundu geta hlutast til um, að þessi skýrsla gæti orðið gefin undir þinglokin, því bankastjórarnir væru þegar farnir að vinna að henni.

Þegar jeg fekk þessi góðu svör, gat jeg vænst þess, að að þessu ráði yrði horfið, því satt að segja þótti mjer vænkast málið fyrir okkar flokki, þar sem hann átti frumkvæði að því í þinginu, að sem glöggust grein fengist á afstöðu bankans gagnvart ríkinu eða lánveitingum þess til hans. Auk þess virðist það liggja í augum uppi, að slík skýrsla yrði miklu nákvæmari og áreiðanlegri en þekking sú, sem nefnd, ckunnug bankanum, gæti aflað sjer með nokkurra daga rannsókn.

Annars sýnist mjer ýmislegt benda til þess, að bankinn sje að rakna við úr rotinu, þar sem hann er nú tekinn að yfirfæra eftir þörfum manna háar upphæðir við útlönd, og annað atriði, sem ekki síður bendir á, að hann sje trygg stofnun, er það, að þegar er gerður samningur milli bankanna (Íslandsbanka og Landsbankans) um það, að Landsbankinn leggur inn í Íslandsbanka og hefir þegar lagt stórfje — jeg hygg um 1½ milj. kr. — og ríkisstjórnin veitt fult samþykki sitt. Er þetta sönnun fyrir því, að bankinn er alls ekki eins hörmulega staddur og margir vilja álíta, því Landsbankastjórninni er best allra óviðkomandi manna trúandi til þess að vita, hvað tryggilegt er í þessu falli. Segi jeg ekki þetta í því skyni að draga úr eða telja óþarfa þá skýrslu, sem jeg hefi á minst, eða að jeg ætli að fara að bera sjerstakt lof á Íslandsbanka; nei, engan veginn; jeg var á móti stofnun hans í fyrstu, og eins mótfallinn sumum þeim hlunnindum, er Alþingi síðan hefir veitt honum. En þessi atriði benda ótvírætt á það, að hjer er ekki svo mikill voði á ferðum, að leggja beri út í þann tvísýna ávinning að setja á bankann opinbera rannsókn, þegar þess er gætt, að við höfum aðra leið, sem stendur opin fyrir.

Að fleiri en jeg líta þannig á þetta mál, sýnir brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Við þá tillögu er þó það athugavert, að hv. fjárhagsnefnd einni er ætluð skýrslan, en hún ætti að liggja öllum þingmönnum til sýnis. Er það sjálfsögð krafa, að hv. þm. gefist kostur á að athuga skýrsluna, svo þeir síðar geti skýrt kjósendum sínum frá, að loknu þingi, hvernig tryggingunum sje varið, og þá hag bankans, eftir því sem kostur er.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta nú, en vegna afstöðu minnar vildi jeg segja þessi fáu orð.

Jón Þorláksson: Í tillögu þeirri til þingsályktunar, sem 9 hv. þm. úr Framsóknarflokknum hafa borið fram, á þskj. 298, um skipun nefndar til að athuga fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu í sambandi við enska lánið, felst það, að sú nefnd kynni sjer, svo sem unt er, fjárhag bankans. Hún á með öðrum orðum að vera rannsóknarnefnd á bankann,og er þetta beint framhald af

tilraunum þeim, sem gerðar hafa verið af ýmsum mönnum, bæði utan þings og innan, til þess að rýra traustið á Íslandsbanka bæði hjer á landi og erlendis.

Til þess að skýra afstöðu mína og annara þeirra, sem óska, að báðir bankarnir hjer njóti sem mests trausts og verði sem færastir um að fullnægja sínu mikilsverða verkefni í þjóðfjelaginu, því verkefni að leggja atvinnuvegum landsins til stofnfje og starfsfje, verð jeg að rifja upp sögulegan aðdraganda þessa máls.

Á stríðsárunum og næstu árunum eftir stríðið, frá 1914 til sumarsins 1920, hækkaði vöruverð í heiminum svo stórkostlega, að slíks voru engin dæmi síðustu 100 árin. Þessi verðhækkun hafði í för með sjer mikla aukningu á seðlaveltunni í öllum löndum, og mikla dýrtíð hjer í landi sem annarsstaðar. Svo byrjaði verðfallið og varð að sama skapi stórfelt sem verðhækkunin áður, ekki síst á íslenskum afurðum. Af verðfallinu leiddi auðvitað, að allir eigendur vörubirgða urðu fyrir stórkostlegu tapi hjer á landi, þó einkanlega eigendur íslensku afurðanna, útflytjendurnir. Uppgangstíminn hafði aukið mjög getu landsmanna til þess að taka verslunina, bæði innflutning og útflutning, í sínar hendur, og þegar kreppan skall á hjer, snemma árs 1920, var óvenjulega mikið af afurðum fyrra árs óselt úr landinu, var enn þá í eign framleiðenda og innlendra útflytjenda. Svo skall verðlækkunin yfir þá, og vörurnar seldust seint og fyrir afarlágt verð, sumar urðu óseljanlegar og ónýttust, svo sem mikið af íslenska síldaraflanum frá 1919. Um sömu mundir urðu landsmenn að greiða til útlanda stórfje fyrir aukningu á skipastól landsins, — hjer voru í ársbyrjun 1919 einir 9 botnvörpungar, en voru um 30 í árslok 1921. Af þessu öllu varð skortur á erlendum gjaldeyri, og eftir að reynt hafði verið um hríð að halda íslenskri krónu í jafngengi við danska krónu, með því að takmarka sölu á erlendum gjaldeyri, neyddust menn til að hverfa frá því ráði og viðurkenna lággengi á íslenskri krónu. Verðfall afurðanna hjelt áfram, og varð aftur stórtap á sölu mikils hluta afurðanna frá 1920.

Það var óhjákvæmilegt, að nokkur hluti þessa stórkostlega þjóðartaps lenti á bönkunum, hjer eins og annarsstaðar. Ýmsir menn hafa gerst til að lasta bankana, og þá einkum Íslandsbanka, fyrir þetta, og kent um slæmri bankastjórn. En slíkt lýsir algerðu skilningsleysi á verkefni bankanna innan þjóðfjelagsins. Báðum bönkunum hjer eru með lögum veitt mjög mikilsverð rjettindi, þar á meðal eru þeir lausir við alla venjulega skatta, og þeim er að öðru leyti gefin aðstaða til þess, að í góðæri og venjulegu árferði geta þeir verið og eru mestu gróðastofnanir á landinu. Þeir geta bókstaflega rakað saman fje — og gera það — úr vösum landsmanna vitanlega, jafnframt því sem þeir halda atvinnuvegum landsins uppi með því að leggja þeim til fjármagn. Til endurgjalds fyrir þessa aðstöðu og þennan gróða ber þeim vitanlega fyrst og fremst skylda til að taka á sig hæfilegan hluta af tapi þjóðarheildarinnar á fjárkrepputímum. Það er auðvitað, að hvert einstakt tap lendir fyrst og fremst á þeim einstaklingi þjóðfjelagsins, sem beinlínis verður fyrir því. Hann verður að gjalda það alt, ef hann getur. Bankarnir verða

samkvæmt hlutarins eðli einatt stærstu skuldheimtumennirnir, og hafi einstaklingurinn með ráðleysi eða á annan hátt sýnt það, að hann sje ekki fær um að reka atvinnu sína, þá er ekkert út á það að setja, þó að bankarnir gangi svo hart að honum, að hann verði gjaldþrota og atvinnutæki hans seld öðrum mönnum í hendur. Öðru máli er að gegna um þá einstaklinga, sem hafa sýnt hæfileika til að veita atvinnu sinni forstöðu, en hafa komist í kröggur sökum þeirra viðburða einna, sem þeim voru ósjálfráðir og óviðráðanlegir. Það er ekki í þágu þjóðfjelagsins, að slíkir menn sjeu hlífðarlaust slegnir niður. Það er miklu fremur skylda bankanna gagnvart þjóðfjelaginu að ganga ekki nær þeim en svo, að þeir haldi starfslöngun sinni og umráðum yfir einhverju því fjármagni, sem þeim er nauðsynlegt til þess að þeir geti rekið atvinnu áfram og þjóðfjelagið haldið áfram að njóta góðs af reynslu þeirra og hæfileikum. Einkanlega á þetta við um fáment þjóðfjelag eins og okkar, þar sem um fáa menn er að velja til forstöðu áhættumikilla og vandasamra, en þjóðnauðsynlegra atvinnufyrirtækja.

Báðir bankarnir hjer hafa skilið rjett þetta verkefni sitt á krepputímanum. Báðir hafa þeir tekið á sig sinn hluta af tapi þjóðarheildarinnar, og báðir gætt varúðar um að kollvarpa mönnum og fyrirtækjum, sem lent hafa í eðlilegum og afsakanlegum kröggum. Íslandsbanki hefir miklu frekar en Landsbankinn haft á hendi stuðning hins áhættusamari og fjárfrekari af aðalatvinnuvegum landsins, sem er sjávarútvegurinn og verslunin með afurðir hans, og það er þess vegna eðlilegt, að tap hans hefir orðið nokkru meira en tap Landsbankans, eftir því sem vitað verður, en Landsbankinn hefir engan veginn farið varhluta af tapinu, og að tiltölu við fjármagn það, sem hvor bankinn fyrir sig hefir haft í sjávarútvegi og verslun með sjávarafurðir, hefir tap Landsbankans líklega orðið meira en tap Íslandsbanka.

Enn verð jeg að draga fram tvö atriði, til þess að þetta tap bankanna sjáist í rjettu ljósi. Fyrst það, sem áður hefir sagt hv. þm.Dala.(BJ) hjer í deildinni, og hermt alveg rjett, að svo að segja alt hið tapaða fje bankanna hefir lent í vösum landsmanna sjálfra, einkanlega verkalýðsins og hinna smærri atvinnurekenda. Árin 1919 og 1920 var verkalýð sjávarútvegsins greitt miklu hærra kaup en samsvaraði því verði, er aflinn seldist fyrir að lokum. Og allur þorri hinna smærri útgerðarmanna mun að minsta kosti 1919 hafa selt aflann úr sinni hendi fyrir hærra verð en framleiðslukostnaðurinn nam. Mismuninn á kaupinu og hagnað framleiðenda hafa útflytjendurnir greitt að miklu leyti, og sumir eytt til þess aleigu sinni, en bankarnir að nokkru leyti, með tapi og uppgjöf nokkurs þess fjár, er þeir höfðu lánað útflytjendunum. Þessi rás viðburðanna hefir dreift varasjóðum bankanna út í vasa almennings, og ættu bankarnir síst að sæta ámælum fyrir þetta af hálfu þeirra manna, sem tjá sig andvíga allri auðsöfnun. En af þessu leiðir, að sjálft tap bankanna, eða það, að bankarnir tóku nokkuð af tapinu á sínar herðar, hefir ekki rýrt þjóðareignina. Þjóðartapið stafar af verðfallinu, og hefði orðið jafnmikið, þótt bankarnir hefðu ekki borið neitt af því.

Hitt atriðið, sem líta verður á, er það, hvort bankatapið hjer á landi hafi

orðið tiltölulega meira en í öðrum þeim löndum, sem unt er að bera saman við okkar land, og hygg jeg, að svo sje ekki. Fullkomnar tölur þessu til sönnunar get jeg ekki lagt fram. Það er kunnugt, að danskir bankar hafa tapað samtals yfir 400 milj. kr., sænskir bankar meiru, enda er landið fólksfleira. Tap bankanna hjer er, eftir því sem næst verður komist, um 10 milj. kr., og er því að minsta kosti ekki meira að tiltölu við fólksfjölda en bankatapið í Danmörku, líklega minna.

Nú er Íslandsbanki eign hlutafjelags, svo sem kunnugt er, og meiri hluti stofnfjárins eign útlendinga. Þessi tilhögun hefir frá öndverðu verið þyrnir í augum þeirra manna, sem helst vilja koma öllum atvinnurekstri í hendur hins opinbera. Þegar fjárkreppan dundi yfir og það vitnaðist, að þessi banki hefði orðið fyrir nokkuð miklu tapi, sáu þessir menn sjer leik á borði. Það vöknuðu hjá þeim vonir um, að svo mundi mega veikla bankann, að hann yrði annaðhvort að gefast upp og hætta eða ganga inn undir yfirráð ríkisins. Aðferðin átti að vera sú, að vekja tortrygni gegn bankanum, gera menn hrædda um, að hann mundi ekki standast tapið, og fá með þessu móti almenning og skiftavini bankans til að taka innlánsfje sitt út úr honum. Í þessu skyni var hafin rógburðarherferð gegn bankanum í tveim blöðum hjer í bænum, sem bæði eru og voru þá í höndum sömu klíkunnar, annað ætlað almenningi hjer í bænum og við sjávarsíðuna og hitt ætlað sveitamönnum. Auðvitað var ekki sparað að láta líka berast út meðal almennings munnlegar ádrepur sama efnis, í sama tilgangi og úr sömu átt. Bankinn stóð varnarlaus gegn þessum rógi, eins og hver banki mundi gera, er eins stæði á, og hann hafði nokkur áhrif á hag bankans um eitt skeið. Eftir reikningum bankans og öðrum gögnum virðast hafa verið teknar út um 4 milj. kr. árið 1920 eftir að herferðin hófst og áður en almenningur hafði áttað sig á því, hvað hjer var á ferðinni, og nam þetta nálægt $^1/_6$ af þáverandi innlánsfje í bankanum. Bankinn dró að lokum ritstjóra annars blaðsins fyrir dómarann, og hefir sá ritstjóri (Ólafur Friðriksson) nú verið dæmdur í sektir og 20 þús. kr. skaðabætur til bankans fyrir hæstarjetti, svo sem kunnugt er. Hitt blaðið hefir ekki verið lögsótt, enda mun það hafa hagað orðum sínum eitthvað ofurlítið gætilegar, og lesendur þess yfirleitt í meiri fjarlægð frá bankanum, og þess vegna ekki átt þar innlánsfje til muna, en bergmálið af rógburði þess endurómaði hjer í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Sem betur fór, mistókst þessi herferð að miklu leyti; almenningur áttaði sig á því, hvað hjer var á ferðinni, og bankinn stóðst árásina.

Rógur þessi hefir þó orðið til þess, að ýmsir menn munu gera sjer rangar hugmyndir um tap bankanna og fjárhagsaðstöðu þeirra. Náttúrlega verður að tala með mikilli gætni um þessi mál, en jeg lít svo á, að nú sje versta kreppan um garð gengin, og að ekki sje nema gott, að almenningur fái sem rjettasta hugmynd af því, sem gerst hefir.

Það vill nú svo vel til, að fyrir liggur skýrsla um tap Íslandsbanka til ársloka 1921, gerð eftir ítarlega rannsókn hæfra og óvilhallra manna samkvæmt ákvörðun þingsins 1921. Nefnd þessi átti að meta hlutabrjef bankans, sem kunnugt er, með það fyrir augum, að landssjóður keypti hluti í bankanum. Í

nefndinni voru þeir Björn Kristjánsson alþm. og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri, kosnir af Alþingi, framkvæmdarstjórarnir Ágúst Flygenring og Ólafur Benjamínsson, kosnir af hluthöfum bankans, og Eiríkur prófessor Briem, útnefndur af hæstarjetti. Þessi nefnd rannsakaði bæði aðalbankann og útibúin, tryggingar fyrir öllum lánum og allan hag bankans, og varð niðurstaða hennar sú, að hlutabrjef bankans væru 91 kr. virði fyrir hverjar 100 kr. ákvæðisverðs. Jeg hefi fengið leyfi bankastjórnar Íslandsbanka til að skýra nokkru nákvæmar frá niðurstöðu nefndarinnar, eftir skýrslu hennar, sem dagsett er 22. febr. 1922, og skal jeg þá jafnframt gera grein fyrir því, hvernig hagur bankans stendur eftir reikningi hans í árslokin 1922.

Nefndin áætlar tap bankans á lánum og víxlum, bæði við aðalbankann og útibúin, 4855000 kr. Þar leggur hún ofan á fyrir ófyrirsjeðu tapi, óútkljáðum kröfum og öðrum halla, sem hún hefir ekki reiknað sjerstaklega, 575000 kr. Samtals 5430000 kr. Hjer við má bæta tapi, sem bankinn var búinn að afskrifa á ð u r en nefndin tók til starfa, 1200000 kr. Tapið samtals 6630000 kr.

Enn fremur áætlar nefndin gengismun bankanum í óhag á enska láninu og gengismun bankanum í hag á erlendum innieignum hans, og nokkra smærri pósta svipaðs eðlis tekur hún inn í mat sitt, og verður útkoman sú, að þessi gengismunur m. m. nemi bankanum í óhag 1183658 kr., og er þá enska lánið alt reiknað á 27 kr. sterlingspundið. Þessi upphæð er alt annars eðlis en tapið á hinum einstöku lánum, af því að enska lánið er afborgunarlán, tekið til 30 ára. Er fyrst og fremst talið ólíklegt, að meðalgengi íslenskrar krónu verði svo lágt á þessu tímabili, að samsvari 27 kr. á hvert sterlingspund, og í öðru lagi kemur gengismunurinn ekki til útborgunar fyrir bankann fyr en jafnóðum og lánið afborgast, þ. e. hann dreifist á 30 ár, og er eðlilegast að telja hann með öðrum árlegum útgjöldum bankans á þessu tímabili, er greiðist af hvers árs tekjum, og engan veginn nauðsynlegt að leggja upphæðina til hliðar fyrirfram eða draga hana út úr veltu bankans eins og hinar töpuðu fjárhæðir.

Þá er að líta á, hvað bankinn hefir haft og hefir nú til að standast þetta tap. Á reikningi bankans 1920 voru afskrifaðar 1200000 kr., sem jeg nefndi áður. Til þess að mæta því tapi, sem þá var eftir, og nefndin áætlaði, hefir bankinn:

Afskrifað árið 1921 ..	kr.	3893270,00
Varasjóður	—	2313015,00
Af arði ársins 1922 ..	—	1157048,00
Samtals	kr.	7363333,00
En tapið áætlaði nefndin	kr.	5430000,00
Mismunur	kr.	1933333,00

Af arði ársins 1922 hefi jeg hjer einungis talið þann hluta, sem bankastjórnin tjáist leggja til, að verði varið til afskriftar, eða lagt til hliðar fyrir tapi. Eftir því verður þá raunverulegur varasjóður tæpar 2 milj. kr., eftir að tap það, sem nefndin áætlaði, er að fullu greitt.

Í þessum reikningi hefi jeg ekki tekið gengismuninn á enska láninu með bankanum í óhag. Sje það gert, verður líka að taka gengismuninn á gulli því, sem er bankans eign, honum í hag.

Bankinn á $2^1/_4$ milj. kr. í skandinaviskum gullkrónum og gulldollurum, sem reiknaðir eru á kr. 3,75. Verð gullkrónu er sem stendur hjer um bil nákvæmlega $1^2/_3$ íslenskrar pappírskrónu, og er þá gengismunurinn á gulleigninni $1\frac{1}{2}$ milj. kr., bankanum í hag, eða hærri en sú gengismunarupphæð bankanum í óhag, sem jeg hefi slept. Hvernig sem reiknað er, á bankinn því um 2 milj. kr. í varasjóði. Hjer við bætist svo hlutafjeð, $4\frac{1}{2}$ milj. kr., sem einnig er til tryggingar fyrir öllum skuldbindingum bankans. Hjá Íslandsbanka stendur því $6\frac{1}{2}$ milj. króna sem hrein eign til tryggingar gegn tapi, umfram það tap, sem nefndin áætlaði.

Jeg gat þess áðan, að Landsbankinn hefði líka tapað, en um það er engin opinber skýrsla til nje neitt mat, hliðstætt nefndarmatinu um Íslandsbanka. Í reikningum sínum hefir Landsbankinn lagt til hliðar 450 þús. kr. fyrir tapi hvort árið, 1920 og 1921, og auk þess afskrifað afföll á sínum hluta enska lánsins og gengismun á því, samtals með 760 þús. kr., sem líka má skoða sem lagðar til hliðar fyrir tapi. Eru þetta samtals 1660000 kr. Hjer við má bæta varasjóði bankans, kr. 3345019,00 og ágóða af bankarekstrinum 1922, sem jeg veit ekki hver er, en er líklega á aðra miljón króna, og má því ætla, að Landsbankinn hafi um eða yfir 6 milj. kr. til að mæta sínu tapi. Og fráleitt er tap hans nándar nærri svo mikið. Nákunnugur maður hefir áætlað tap á einstökum lánveitingum hans milli 3 og $3\frac{1}{2}$ milj. kr., og væri þá raunverulegur varasjóður hans um 3 miljónir. Hjer við bætist svo innskotsfje landssjóðs, sem er orðið eign bankans, og nemur nú um 1 milj. kr., og standa þá um 4 milj. kr. sem hrein eign í þessum bankanum til tryggingar gegn tapi, umfram það, sem hjer var giskað á, að mundi vera.

Það er nú öllum mönnum vitanlegt, að á árinu 1922 hefir ekki gerst neitt það, sem getur hafa veikt fjárhagsaðstöðu bankanna. Afurðir landsins hafa selst öllum vonum fremur, og yfir höfuð hefir verið fremur árgæska en hitt, til sveita og sjávar. Það er því ekki sjáanleg nein ástæða til að grípa nú til svo algerlega óvenjulegs örþrifaráðs sem það er að skipa þingnefnd til að rannsaka „fjárhagsaðstöðu“, þ. e. efnahag þess bankans, sem rannsakaður var af trúnaðarmönnum fyrir ári síðan. Og ef öðruvísi stæði á, ef einhver ástæða væri til að óttast um hag annarshvors bankans, þá væri þessi aðferð alveg óverjandi, og slík tillaga, hvort sem hún er borin fram opinberlega eða á lokuðum fundi, er ekkert annað en auglýsing frá flutningsmönnunum um það, að þeir sjeu ekki færir um að fást við bankamál. Aðalstarfsfje hvers banka er innlánsfjeð, en það fá bankarnir því aðeins, að þeir njóti trausts almennings. Alt, sem rýrir traustið, er bönkunum skaðvænlegt. Ákvörðun um opinbera og óvenjulega rannsókn á efnahag banka mundi venjulega hafa það í för með sjer, að bankinn yrði að loka samstundis; innlánsfjeð mundi annars verða rifið út. Að ekki fer svona hjer, þó að slík tillaga komi fram, stafar af því, að öllum er ljóst, af hvaða toga þetta er spunnið. Menn vita, að þótt heiðarlegir þingmenn Framsóknarflokksins hafi gerst til þess að setja nöfn sín undir tillöguna, þá eru upptök hennar runnin frá sömu rógburðarklíkunni hjer í bænum, sem stýrir þeim tveim blöðum, er jeg gat um, og að þessum hv. þm. hefir það

eitt orðið á, að láta teygja sig of langt í þessu máli, þótt það sje raunar vitanlegt, að þeir hafi ekki fengist til að fara eins langt út á brautina og hvatamenn þeirra hafa viljað. Þess vegna er ekki svo mjög hætt við, að slík tillaga vinni bankanum tjón hjer. En utanlands er alt öðru máli að gegna. Þar skilur enginn maður, að slíkt sje gert nema í örþrifum, ef algert hrun er á ferðinni. Þar mundi samþykt slíkrar tillögu, sem þessir hv. 9 þingmenn bera fram, verða til þess að gerspilla því trausti, sem bankinn er nú hröðum fetum að vinna sjer aftur, og þar með spilla álitinu á fjárhag landsins og landsmanna og lækka um nauðsyn fram gengi íslenskrar krónu.

Að því leyti, sem tillagan fer fram á, að skipuð verði rannsóknarnefnd á bankann, er hún háskagripur, og ef ekki stæði annað í henni, væri sjálfsagt að fella hana. Ef rannsókn þarf að gera á hag banka eða sparisjóðs, þá á að gera slíka rannsókn í kyrþey, án þess að um hana vitnist, eða nota sjerstakt tilefni, sem ekki gefur ástæðu til tortrygni, eins og það, er meta þurfti hlutabrjef Íslandsbanka vegna væntanlegrar hlutafjáraukningar frá landssjóði.

En í tillögunni felst meira. Bankinn hefir, sem kunnugt er, fengið hluta af enska láninu, 280 þús. sterlingspund, að láni frá landssjóði, og sett veð fyrir því láni. Nú er það auðvitað skylda fjármálaráðherrans að gæta þess, að tryggingin fyrir þessu láni, eins og fyrir öðrum lánum úr landssjóði, sje nægileg og í góðu lagi, úr því að trygging var heimtuð og sett fyrir láninu. Í tillögunni er farið fram á, að þessi trygging sje sjerstaklega rannsökuð. Í þessu felst yfirlýsing um, að tillögumenn vantreysti landsstjórninni, og þá sjerstaklega fjármálaráðherranum, til að rækja skyldu sína í þessu efni. Nú er tillagan borin fram af aðalstuðningsflokki stjórnarinnar, og fjármálaráðherrann er flokksmaður í þeim flokki. Þegar þessir nánustu pólitisku vandamenn stjórnarinnar, og sjerstaklega fjármálaráðherrans, sýna honum slíkt vantraust, þá hefi jeg enga ástæðu til að sýna honum meira traust, og ber því fram brtt. á þskj. 340, þess efnis, að landsstjórnin leggi fyrir fjárhagsnefnd fullkomna og nákvæma skýrslu um tryggingar Íslandsbanka fyrir enska láninu. Það er öldungis óþarft að kjósa sjerstaka nefnd til þess að taka við þessari skýrslu, þar sem til er fastanefnd í deildinni, sem einmitt hefir það verkefni sjerstaklega að hafa gætur á fjárhag ríkissjóðs og annast þau málefni, er hann varða sjerstaklega, svo sem tryggingar fyrir lánum þeim, er veitt hafa verið úr ríkissjóði.

Till. mín hermir ekki, hvort fjárhagsnefnd eigi, að fenginni þessari skýrslu, að birta hana hv. deild. Það er á valdi nefndarinnar, og vitanlega hefir nefndin öll, eða meiri eða minni hluti hennar, bæði rjett og skyldu til að gefa deildinni skýrslu um þetta mál, ef hún álítur, að það skifti máli fyrir hag þjóðarinnar, að það sje gert. Þetta vil jeg taka fram í tilefni af athugasemd hv. 1. þm. Eyf. (StSt).

Nú vil jeg bæta því við, að það er því síður ástæða til að skipa rannsóknarnefnd á þennan banka, sem nýlega hefir verið ákveðið, með hagsmuni ríkissjóðs fyrir augum, að stjórnin skuli skipa meiri hluta bankastjórnarinnar,

og eru nú 2 af 3 bankastjórunum stjórnkjörnir. — Staða þessara 2 bankastjóra er auðvitað þannig, að þeim ber eins mikil skylda til að líta á hag ríkissjóðs sem bankans og hluthafa hans. Sá stjórnarflokkur, er bæri traust til stjórnar sinnar, eða vildi láta það í ljós, mundi telja fullnægjandi að eiga aðgang að stjórninni, en hún aftur að bankastjórum þeim, er hún hefir skipað, til að fá allar skýrslur um hag bankans. Þar við bætist, að í bankaráðinu eru 3 fulltrúar af 7 kjörnir af Alþingi, en hinn 4., oddamaðurinn, er sjálfur forsætisráðherra. Einnig að því er snertir yfirstjórn bankans hefir stjórn og þing fullan aðgang að því, að fá vitneskju um allan hag hans og þingið fulla kröfu um það, að í yfirstjórninni sje hagsmuna ríkisins gætt í fullum mæli, engu síður en hluthafa. Af þessu leiðir, að engin ástæða er til að skipa sjerstaka nefnd, þó að menn vildu halda því fram að heimta allar þessar upplýsingar til handa þinginu.

Áður en jeg lýk máli mínu vil jeg minnast á það, að mönnum hefir oft fundist á krepputímanum, að ekki væri eins góð samvinna á milli bankastjórnanna í Landsbankanum og Íslandsbanka og vera bæri og þörf landsins krefði. Jeg ætla ekki að þessu sinni að fara að rifja upp neitt af því, sem á hefir brostið í þessu efni, eða gera neinar ásakanir í garð einstakra bankastjóra í þessa átt. — Nú hafa orðið alger mannaskifti í stjórn Íslandsbanka, og nokkur mannaskifti í stjórn Landsbankans ekki alls fyrir löngu. Og nú lítur út fyrir, að samvinna milli bankanna sje orðin stórum betri en verið hefir, hvort sem það er mannaskiftunum eða öðru að þakka. Eins og menn vita, á Íslandsbanki nú að draga inn seðlafúlgu sína smám saman, 1 milj. kr. á ári fyrst um sinn, og er svo til ætlast, að landsstjórnin og Landsbankinn annist um útgáfu nýrra seðla í skarðið, ef þörf er fyrir meiri seðlaumferð en þá, sem Íslandsbanki má hafa á hverjum tíma. Nú hafa báðir bankarnir haldið mjög að sjer hendinni um útlán undanfarið, en afborganir eldri lána vitanlega goldist inn í bankana á eðlilegan hátt. Íslandsbanki hefir notað sjer þetta til að minka seðlaumferðina og (einkum síðan um síðastliðin áramót) til þess að koma sjer upp nægilega stórum sjóði af handbærum peningum, sem hann þarf að hafa nú eftir að seðlaútgáfurjettur hans er takmarkaður, en þurfti ekki að hafa meðan hann ávalt gat gefið út nýja seðla, ef fyrirliggjandi sjóður hrökk ekki. Hjá Landsbankanum varð þetta íhald um útlán til þess, að honum safnaðist meira fje í sjóð en eðlilegt var að láta liggja þar óarðberandi, og nam að sögn um 2 milj. kr. um og eftir áramótin síðustu. Þegar vertíðin hófst og útgerðarmenn þurftu að fá sín venjulegu rekstrarlán, vildi Íslandsbanki ekki auka seðlaveltu sína með útgáfu nýrra seðla, því að hann þóttist ekki viss um að geta þá náð þeim seðlum inn aftur, svo að veltan í október næstkomandi færi ekki fram úr lögmæltum 7 milj. kr. Enda lá ekki annað hendi nær en að það fje, sem lá arðlaust í fjárhirslu Landsbankans, væri notað í þessu skyni. Eftir talsvert þóf er nú samningur á kominn milli bankanna með samþykki landsstjórnarinnar um þessi efni, og eru aðalatriði hans þau, að Landsbankinn leggur það fje, sem hann hefir aflögum, á hlaupareikning í Íslandsbanka, og er tilætlunin, að Íslandsbanki veiti síðan rekstrarlán til út-

gerðarinnar sem að undanförnu. Ef til þess kemur, að Íslandsbanki hafi ekki handbæra peninga í sjóði, svo sem honum þykir þurfa, þegar Landsbankinn þarf að taka út úr hlaupareikningi sínum, hlutast landsstjórnin til um, að gefnir verði út seðlar svo sem nauðsyn krefur, og Landsbankinn kaupir (rediskonterar) víxla frá Íslandsbanka, sem upphæðinni nemur. Að öðru leyti mun stjórnin geta skýrt nánar frá efni þessa samnings, ef þörf þykir. Jeg lít svo á, sem þetta samkomulag sje gleðilegur vottur um batnandi samvinnu milli bankanna. Með því virðist Landsbankinn hafa gengið inn á þá braut að starfa sem seðlabanki eða þjóðbanki, en aðalverkefni slíkra banka er einmitt það að leggja öðrum bönkum þjóðfjelagsins til fjármagn, síður hitt, að lána sjálfir fje til áhættusams atvinnurekstrar. Með þessu hefir Landsbankinn sýnt hinum bankanum fullkomið traust.

Mjer finst, að við þingmennirnir, og allir þeir, sem hafa hag þjóðarinnar fyrir augum, ættum að láta þetta samkomulag bankanna verða okkur til fyrirmyndar um það, að vinna af heilum huga að eflingu beggja þessara lánsstofnana, en lána þeim ekkert eyra, sem af persónulegum hvötum eða af löngun til að umsteypa þjóðfjelagsskipuninni vilja níða aðrahvora stofnunina niður.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 298, 340).

Forsætisráðherra (SE): Mín afstaða til þáltill. þeirrar, sem hjer liggur fyrir til umræðu, er þessi:

Jeg greini fyrst á milli hinnar almennu rannsóknar á bankanum, sem tillagan fer fram á, og svo hinnar sjerstöku rannsóknar á veði ríkissjóðs. Mun jeg þá fyrst víkja að fyrri rannsókninni og fara nokkrum orðum um hana.

Á þingi 1922 var gert ráð fyrir því, að bankinn yrði ef til vill keyptur, og var þá jafnframt ákveðið að skipa nefnd til að rannsaka, hvers virði hlutabrjef bankans væru. Þingið tilnefndi 2 menn í nefnd þessa, hæstirjettur 1 og bankinn 2. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að 100 kr. hlutabrjef í bankanum væru þá 91 kr. virði. Þáverandi bankastjórn var mjög óánægð með þetta mat, taldi það of lágt og mótmælti því, að enska lánið væri tilfært bankanum til útgjalda með 27 kr. gengi á sterlingspundinu.

Nú fer þessi tillaga fram á, að sama þingið, sem fyrirskipaði rannsókn á bankanum 1922, rannsaki hann á ný og skili niðurstöðunni af þeirri rannsókn fyrir þinglok í ár. En almenn rannsókn á bankanum að tilhlutun þingsins er svo óvenjuleg ráðstöfun, sjerstaklega þar sem sama þing hefir áður nýlega látið rannsaka hann, að þeir, sem fara fram á slíkt, verða að færa mjög alvarlegar ástæður fyrir þessari ráðstöfun, og það ekki síst vegna þess, að það er vitanlegt, að ómurinn einn af þessari rannsókn getur haft mjög óhagstæð áhrif á lánstraust vort, á gengi íslensku krónunnar og á fjárhagslega aðstöðu

vora yfirleitt. Þó mættu ástæðurnar fyrir þeirri ráðstöfun vera svo ríkar, að taka yrði tillit til þeirra.

Hið fyrsta, sem verður því að spyrja um, er þetta: Hvaða ástæður eru til þessarar rannsóknar? Og ástæðurnar gætu þá tæplega verið aðrar en þær, að reynslan hefði sýnt, að hagur bankans væri annar og margfalt verri en nefndin ætlaði. Nú er sú breyting, sem orðin er á hag bankans síðan rannsóknin var ger, þessi, sem hjer segir:

Nefndin gerði tap bankans, það, sem afskrifað var þegar rannsóknin fór fram, ca. 6600000 kr. Nú hafa verið afskrifaðar af því tapi og lagðar til hliðar 5 miljónir króna, og eru þá taldar þar með 1200000 kr. af gróða bankans frá fyrra ári, sem gert er ráð fyrir, að lagt verði til hliðar í þessu skyni. Varasjóður bankans er 2300000 kr. Afgangs eru þá 700000 kr., og þegar hlutafjenu er bætt við, á bankinn 5200000 kr. til þess að hlaupa upp á. Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gerði auk þessa ráð fyrir gengiságóða af gullforða bankans, en þar sem það atriði er enn óútkljáð, og ágreiningur um það milli bankans og stjórnarinnar, hvernig gullforðann skuli reikna, tek jeg það ekki með.

Bankastjórar Íslandsbanka telja, að þegar miðað sje við niðurstöðu nefndarinnar, þá hafi hagur bankans batnað síðan um 25%, svo að hlutirnir ættu nú að standa í 116 kr. Bankanum hefir farið það fram síðan rannsóknin var gerð, en ekki aftur. Það þarf því að tilgreina aðrar og ríkari ástæður fyrir því, að rannsókn þessi skuli hafin.

Því hefir verið haldið fram, að sumir af fyrverandi bankastjórum Íslandsbanka hafi stjórnað honum mjög ógætilega. Jeg ætla nú að haga orðum mínum eins gætilega og manni í minni stöðu jafnan ber að gera, og ætla því ekki að dæma um þetta. Jeg skal ekki dæma um, hve mikinn þátt hinir óhagstæðu tímar eigi í tapi bankans, tímar, sem velt hafa hverjum bankanum á fætur öðrum hjá nágrannaþjóðum vorum, og jeg dæmi ekki heldur neitt um það, hvort eða að hve miklu leyti fyrverandi bankastjórar hafa með óaðgætni sinni bakað bankanum tap. En þó skal jeg í þessu sambandi minna menn á, að nú er gamla bankastjórnin farin frá og nýir bankastjórar teknir við. Og jeg get ekki sjeð, að þessi nýja stjórn geti haft nokkra hugsanlega ástæðu til þess að dylja fyrir landsstjórninni, ef hún hefði orðið vör við tap í bankanum, sem rannsóknarnefndinni hefði sjest yfir. Jeg hefi margspurt bankastjórnina um það, hvort hún hafi orðið vör við nokkuð það í bankanum, sem benti á, að meira mundi tapast en nefndin hefði gert ráð fyrir. Og þessu hefir bankastjórnin svarað neitandi. Nú á landið 2 trúnaðarmenn í bankanum, og er annar þeirra auk þess skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, og því tvöfaldur trúnaðarmaður stjórnarinnar. Þessum mönnum ber skylda til þess að skýra stjórninni frá því, ef þeir verða varir við einhverjar misfellur, og í þeirra þágu getur því ekki verið að taka á sig syndir annara. Þessir menn eru því í raun og veru daglega að rannsaka bankann. — Þetta tvent, að nýir bankastjórar stjórna nú bankanum — og það tveir þeirra trúnaðarmenn stjórnarinnar, en sá þriðji maður, sem hingað til hefir þótt gætinn í fjármálum —, þetta krefur enn þá sterkari röksemda fyrir því, að rjett sje að fara að rannsaka bankann enn á ný.

Eftir þann hreinsunareld, sem bankinn fór í gegnum 1922, hefir hann nú fengið lánstraust erlendis, sem fer vaxandi. Einnig þetta gerir það, að þingið má ekki veikja aðstöðu bankans með slíkri rannsókn, nema því að eins, að knýjandi ástæður sjeu fyrir hendi.

Nú spyr jeg: Hver er þá ástæðan til þess, að menn vilja endilega fara að rannsaka bankann að nýju? Jeg fæ ekki betur sjeð en að hana vanti gersamlega. Að vísu hefir verið ráðist á bankann í blöðum hjer á landi, og þær árásir hafa vakið nokkra tortrygni á bankanum meðal sumra landsmanna. En eru þessar blaðagreinar þá svo þrungnar af rökum, að þinginu beri að fara eftir þeim? Það get jeg að minsta kosti ekki sjeð.

Sumir segjast með þessu vilja skapa frið um bankann — og sannarlega vanhagar bankann mjög átakanlega einmitt um þetta. En þótt gengið væri nú inn á þessa rannsókn, sem hv. flm. till. stinga upp á, hvernig mætti samt slík rannsókn skapa þann frið, sem bankann vantar?

Rannsókninni á að vera lokið fyrir þinglok. Jafnframt má gera ráð fyrir því, að þingi verði slitið fyrri hluta maímánaðar. Þessi rannsóknarnefnd hefði því aðeins fáa daga til umráða, og auk þess má búast við, að í hana yrðu kosnir menn, sem hlaðnir eru öðrum þingstörfum frá morgni til kvölds. Hvernig mættu þá þessir menn anna því að rannsaka bankann svo í fáeinum fristundum, að þeir með þeirri rannsókn gætu felt dóm um hag bankans, sem nokkuð yrði bygt á? Jeg vil biðja hv. þm. að athuga, hvílíkt feiknastarf það er að rannsaka slíka stofnun sem Íslandsbanka. Hugsum oss bara eitt einasta togaralán. Hvílíkan tíma tekur að rannsaka það! Fyrir láninu standa ef til vill 12—20 menn, og öryggi tryggginganna fer eftir því, hvernig þessir menn eru staddir. Rannsókn þessa eina láns getur tekið feiknatíma. Til samanburðar má geta þess, að fyrri rannsóknarnefndin var í marga mánuði að rannsaka bankann.

Fyrir því getur hver einasti maður, sem komið hefir nálægt bönkum, skilið, að 10—15 daga rannsókn er engin rannsókn. Og svo mjög þykist jeg þekkja samviskusemi þeirra manna, sem þetta þing skipa, að jeg þori að fullyrða, að þeir yrðu fáir hjer af hv. þm., sem eftir 10—15 daga rannsókn treystu sjer til að kveða upp dóm um hag bankans. Af þessari einu ástæðu er því þegar fyrir það sjeð, að þingið getur ekki fallist á slíka rannsókn.

Af þessu má enginn draga þá ályktun, að jeg vilji ekki, að eftirlit sje haft með bönkunum. Síður en svo. Jeg er aðeins mótfallinn því, að ráðstafanir sjeu gerðar viðvíkjandi bönkunum, sem í eðli sínu eru þannig, að þær fela í sjer fyrirfram vantraust á þeim. Það er mjög vont fyrir slíkar stofnanir sem banka að vera að ástæðulausu gerðir að umtalsefni og á þá ráðist í blöðum, sem tekið er tillit til í landinu, en hvað er það nema hjegóminn einn hjá því, ef Alþingi, sjálf fulltrúasamkoma þjóðarinnar, kveður upp dóm, sem fyrirfram felur í sjer vantraust? Í þessu er hættan fólgin. Sjálf ákvörðun rannsóknarinnar myndi hlaupa eins og eldur í sinu út um öll lönd. Og hve dýr gæti sá eldur orðið þessari þjóð? Hve miklu verðmæti gæti hann brent upp?

Enginn skilji orð mín svo, að jeg ætli, að þeir hv. þm., sem að þessari till. standa, hafi borið hana fram í illu

skyni. Slíkt munu þeir hvorki heyra frá mjer innan nje utan þings. En kapp þeirra, að komast að niðurstöðu um, hvað satt kunni að vera í ýmsum þeim kviksögum, sem um bankann hafa farið um bygðir landsins, hefir orðið að ofurkappi, sem mjer virðist hafa falið fyrir þeim, hve tvíeggjað það sverð er, sem þeir hafa nú brugðið hjer í hv. deild.

Því verður tæplega neitað, að margt hefir oft og einatt orðið til að fela okkur rjetta sýn í bankamálum okkar. Liggja til þess ýmsir þræðir. Fyrst er á það að líta, að bankamálasaga okkar er svo stutt, að ekki hafa af þeim ástæðum getað skapast neinir framúrskarandi fagmenn á þessu sviði. Hins vegar eru þessi mál öll mjög flókin og mörg atriði mjög vafasöm. Sjer maður þetta best með því að kíkja dálítið í bankafræði og kynna sjer umbrotin í ýmsum skoðunum á bankamálum. Um Íslandsbanka er því ekki heldur að neita, að þjóðernistilfinning eða tilfinning fyrir því, að erlendir menn eigi mikið af hlutafjenu, grípur eða hefir gripið nokkuð fast í strenginn. En nú finst mjer, að þetta ætti ekki að þurfa að raska neinu framar, þar sem allir bankastjórarnir eru nú íslenskir menn, þar sem bankaráðið eða meiri hluti þess er íslenskur, þar sem málin, praktiskt tekið, snúa svoleiðis að oss nú, að vjer höfum hjer erlent hlutafje undir yfirráðum vorum og greiðum aðeins af því mjög hóflega vexti. En aðalatriðið í málinu er þetta, að bankinn er nú orðinn sá liður í viðskiftum vorum, að velgengni hans er velgengni þjóðarinnar, styrkur hans er að nokkru leyti okkar styrkur. Af þessu leiðir það, að vjer verðum að taka með skilningi á málum bankans og hugsa okkur tvisvar um áður en vjer beitum hann mjög hörðum tökum.

En er þá ekki hægt að finna leið, þar sem við getum allir mæst? En áður en jeg vík frekar að því, vil jeg enn minna á eitt atriði, sem við ef til vill allir saman munum helst til sjaldan eftir. Þetta atriði eru sparisjóðir vorir. Árið 1921 námu innieignir í sparisjóðum utan Reykjavíkur 7646685 kr. Sparisjóðirnir voru 49 að tölu og innstæðueigendur 20735. Þessir sparisjóðir eru smábankar víðs vegar um landið. En hvar er eftirlitið með þeim bönkum? Praktiskt tekið er það ekki neitt. Býst jeg við, að ýmsir verði sammála mjer um það, að svo búið megi ekki lengur standa. Tel jeg knýjandi nauðsyn á að skipa einhvern opinberan starfsmann til að hafa eftirlit með þeim, og er þar tækifæri til að láta sama manninn vera umsjónarmann með bönkunum. Ráðstöfun eins og þessi gæti með engu móti veikt lánstraust vort, heldur þvert á móti. Hún yrði þessi venjulegi liður í þeim tryggingarráðstöfunum, sem víða annarsstaðar eru gerðar til þess að vekja traust á þessum stofnunum. Mun stjórnin annaðhvort fá einhverja nefnd þingsins til að flytja frv. þessa efnis nú á þinginu, eða þá að öðrum kosti gera það sjálf. Hefir mjer dottið í hug, hvort þessi leið gæti ekki fullnægt þeim, sem grípa vilja til þingrannsóknanna á hag bankans alment.

Eftir því sem jeg hefi komist næst, er nú byrjuð mjög góð samvinna með bönkunum sjálfum, og er það mikils virði. Hygg jeg, að því myndi og fylgja mikil gifta, ef samkomulag gæti náðst um þetta mál og þetta umsjónarembætti stofnað. Auðvitað skal jeg játa

það, að alt er undir því komið, að vel takist með valið á þeim bankaeftirlitsmanni, en þar myndi stjórnin, ef til kæmi, gera sitt ítrasta til þess, að þetta færi vel úr hendi, og reyna að velja þann mann í stöðuna, sem öll þjóðin gæti borið fylsta traust til.

Þá hefi jeg drepið á hina almennu rannsókn á hag bankans, og skal nú víkja með nokkrum orðum að rannsókninni á veðinu fyrir enska láninu. Lít jeg svo á, að það ætti að vera eitt af því, sem þingið treysti stjórninni til að rannsaka. Efast jeg ekki um, að fjármálaráðherra myndi gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að gefa þinginu bráðabirgðaskýrslu um þetta veð. Annars mun fyrverandi fjrh. (MagnJ) hafa gefið viðskiftamálanefndinni á fyrra ári nokkra skýrslu um þetta veð. En að sjálfsögðu ber stjórninni skylda til að hafa fult og tryggilegt eftirlit með þessu veði.

Að svo mæltu get jeg lokið máli mínu að þessu sinni.

Jón Baldvinsson: Mjer finst það sjálfsagt að gera grein fyrir, af hverju jeg greiði þessari tillögu atkvæði mitt, og skal jeg nú lýsa afstöðu minni til þess máls.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. (SE) um það, að það hljóti að vera alvarlegar ástæður, sem liggja til þess, að slík tillaga er borin fram hjer í hv. þingi. En jeg held því fram, að þær alvarlegu ástæður sjeu fyrir hendi. Og jeg á bágt með að skilja þá menn, sem neita því að ástæða sje til að vilja fá vitneskju um hag Íslandsbanka og um tryggingar fyrir enska láninu, sem tillagan fjallar um. Jeg á bágt með að skilja það, hvað sje á móti því, að þingið kynni sjer fjármálaástand bankans. Það er þó vitanlegt, að bankinn hefir verið í kröggum nú fyrir skömmu, enda varð þá að hlaupa undir bagga með honum. Vitanlegt er líka, að verðfall hefir orðið á eignum manna á síðari tímum, og er því hætt við, að tryggingar hans fyrir lánum hafi rýrnað nokkuð síðan bankamatið fór fram.

Jeg vil nú lítillega minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið í þessu máli.

Jeg kem þá fyrst að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), sem flutti mjög ákafa varnarræðu fyrir Íslandsbanka, en árás á þá, sem ekki eru þeirri náðargáfu gæddir, að geta trúað í blindni því, sem þeim er sagt um þá stofnun. Hann kvaðst skoða þessa tillögu sem framhaldstilraun til að hnekkja áliti bankans. Kallaði hann það einskonar rógburðarherferð, og fleira geipaði hann. Hjer er þó ekki um annað að ræða en þetta eðlilega, að það hefir verið fundið að því, sem aflaga hefir farið, og það á að finna að því. Með því móti er vænlegast, að ráðin verði bót á ástandinu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði sögu bankans síðustu ár frá sínu sjónarmiði, og mjer finst þá einnig ástæða til þess að rifja hana líka upp.

Mjer er það minnisstætt á þinginu 1921, er fyrverandi fjármálaráðherra (MG) lýsti því, að um haustið 1920, er hann var staddur í Kaupmannahöfn, hefði hann boðið Íslandsbanka stuðning til að útvega lán erlendis. En bankastjóri frá Íslandsbanka, sem mun hafa verið Tofte, neitaði því, kvað bankann engan stuðning þurfa. En það var ekki liðið langt á þingið 1921, er það kom

upp úr kafinu, að Íslandsbanki kæmist ekki af án þess, að hann fengi stuðning. Mun það sjást í þingtíðindum þá, og ætla jeg, að það væri þm. Dala. (BJ), og líklega fleiri, sem þessu lýstu yfir. Var á því þingi samþykt heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán. Tók hún svo þetta enska lán, sem að mestu leyti rann til Íslandsbanka. Þannig liðu ekki nema nokkrir mánuðir frá því bankastjórnin þóttist engan stuðning þurfa og til þess, er því var yfir lýst, að hann kæmist ekki af án þess. Svipað átti sjer stað nú í vetur. Bankastjóri Íslandsbanka ljet þá í ljós á opinberum fundi, að Íslandsbanki þyrfti ekki á stuðningi ríkisins að halda, en það hefir líklega átt að þýða, að bankinn þyrfti ekki frekari stuðning en orðið var. En hvað skeður skömmu seinna?

Þá skeður það, að Landsbankinn verður að lána þessum banka hátt á aðra miljón króna, til þess að hann geti starfað. Þegar annað eins og þetta kemur fyrir svona hvað eftir annað, þá er von, að flestum fari að skiljast, að ekki sje alt með feldu um hag bankans.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) talaði um, að á uppgangstímunum hefðu bankarnir gerst djarfari til lána, og þá einkum Íslandsbanki. Já, það er víst enginn, sem neitar því, að Íslandsbanki hafi þá verið fulldjarfur í lánveitingum, og þarf ekki að nefna nema stærri lánin til fiskhringsmannanna, og það hefðu víst margir óskað, að varlegar hefði verið farið. En gagnvart almenningi, sem lána þurfti að leita, býst jeg við, að bankinn hafi sýnt „gætni“ þá eins og fyr og síðar. Jeg er sammála hv. þm. (JÞ) um það, að bankarnir eigi þakkir skildar fyrir það, að hafa gætt varúðar um að kollvarpa einstaklingum, sem komist hafa í kröggur, ef það hefir þá verið gert hlutdrægnislaust.

Þá get jeg ekki stilt mig um að minnast á þá höfuðfirru, sem hv. þm. (JÞ) hjelt fram, og haldið hefir verið fram af öðrum áður, einkum hv. þm. Dala. (BJ), að ekki sje ástæða til að fárast út af hinu mikla tapi bankans, þar sem hið tapaða fje hafi runnið til landsmanna sjálfra, og að kaup verkamanna, sjerstaklega 1919, hafi verið hærra en samsvaraði því verði, er síðar fjekst fyrir afurðirnar.

Því er nú fyrst til að svara, að það er ekki sök verkamannanna, þó að útgerðarmennirnir hafi braskað og brallað með afurðirnar og tapað á því braski. Kaup verkamanna hefir aldrei verið hærra en það, og þá ekki heldur 1919, að þeir hafa, þegar best hefir látið, getað dregið fram lífið án þess að vera upp á aðra komnir.

Svo mætti ef til vill á það minna, að þó að atvinna væri talsverð 1919, þá koma þar á eftir mörg atvinnuleysisár, og að tap útgerðarmanna þá varð mest af því, að þeir „spekúleruðu“ með afurðirnar. Og þó að verkamenn fengju sæmileg laun þá, af því vinnan var mikil, þá mundu þeir þó miklu fremur hafa kosið, að atvinna væri altaf sem jöfnust.

Og þetta, sem haldið er fram, að tap Íslandsbanka hafi lent í vösum landsmanna sjálfra, og aðallega hjá verkalýðnum, er höfuðfirra í röksemdafærslu þeirra.

Jeg skil ekki annað en að allir hv. þm. viti, og ekki síst hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að mikið af tapi Íslandsbanka hefir líka orðið erlendis, sem best sjest á því, að fjárkreppan lýsir sjer einkum í skorti á erlendum gjaldeyri.

Ekki hefir það runnið til íslenskra

verkamanna alt tapið á verðfalli íslensku togaranna. Árin 1920—1922 hafa verið keyptir frá útlöndum yfir 20 togarar, og verðfall á þeim hefir varla numið minna en 6—7 miljónum króna. Þetta fje hefir alt farið út úr landinu. Þá má nefna vöruflutningaskip þau, sem fiskhringsmennirnir voru að láta byggja í Englandi í mestu dýrtíðinni, og þeir urðu að greiða hátt á 2. miljón króna til þess að losna við og fá uppgjöf á samningum. Ekki hefir þetta fje runnið til landsmanna. Og ekki heldur verðlækkunin á öllum þeim dýru mótorbátum, sem keyptir voru í dýrtíðinni. Það fje hefir alt runnið til útlanda. Tap íslenskra útgerðarmanna á síldarbraski í Svíþjóð og á fiski á Spáni hefir ekki heldur runnið til landsmanna.

Ótalið er enn alt það fje, sem íslenskir stríðsgróðamenn hafa eytt erlendis á stríðsárunum, og það eru líklega ekki svo fáar miljónir. Ekki hefir það lent hjá íslenskum verkamönnum

Þegar hv. þm. (JÞ) var að tala um hátt kaup verkamanna, þá mintist hann ekkert á laun bankastjórnar Íslandsbanka og bankaráðsins á stríðsárunum. Það er þó talið fullvíst, að kaup eins bankastjórans hafi numið um 80 þúsundum króna eitt árið. En mjer finst ástæða til að spyrja, hvort kaup þessara manna hafi ekki verið fullhátt, borið saman við þá niðurstöðu um hag bankans, sem komið hefir í ljós eftir þessi ár! Og þetta háa kaup bankastjórans er álíka eins og 30—40 verkamannafjölskyldur verða að láta sjer lynda í samanlögð árslaun.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafði það eftir „nákunnugum“ manni, að tap Landsbankans á þessum árum væri 3—3½ miljón króna, og væri þannig tiltölulega meira en tap Íslandsbanka. Jeg ætla mjer alls ekki að rengja þetta, því þar sem hv. þm. tekur svo til orða, að hann hafi þetta eftir „nákunnugum“ manni, þá verð jeg að líta svo á, sem hann hafi þetta eftir einhverjum bankastjóra Landsbankans eða einhverjum starfsmanni þess banka, handgengnum bankastjórninni. En út af þessu vildi jeg segja það, að kunnugur maður hefir getið þess til — jeg nota orðið „kunnugur“, en ekki „nákunnugur“, svo hv. þingmaður ætli ekki, að það sje neinn úr stjórn Íslandsbanka —, að ekki muni fást greiddur nema liðugur helmingur þeirra víxla, sem Íslandsbanki telur á reikningi sínum.

Þá kom fram í ræðu hv. þm. (JÞ) merkilegt atriði, sem jeg sannast að segja bjóst ekki við. En það atriði sýnir, að ýmislegt er gert bak við þingið, sem þar ætti þó fyrst og fremst að koma fram.

Hv. þm. (JÞ) var að lýsa því, að samvinnan hefði verið slæm á milli bankanna á krepputímunum, hvaðan sem hann hefir það. En nú, síðan skift hefði verið að mestu leyti um bankastjórnir í báðum bönkunum, þá væri samvinnan orðin betri. Tók hann til dæmis um það góða samkomulag, að Landsbankinn hefði nýlega lánað Íslandsbanka 1½ miljón króna. Hefði um þetta verið gerður samningur með atbeina ríkisstjórnarinnar, og enn fremur, að í þeim samningi væri ákveðið, að ef Íslandsbanki gæti ekki staðið í skilum með greiðslu, þegar Landsbankinn þyrfti á þeim að halda, þá skyldi ríkisstjórnin hlutast til um, að gefnir yrðu út nýir seðlar.

Nú getur hæglega staðið svo á, að þó að Íslandsbanki geti ekki borgað, þá sje ekki þar fyrir þörf á að gefa út nýja seðla. Á þingskjali, sem nú er nýkomið fram í hv. Ed., er talið, að Landsbankinn hafi um 4 miljónir króna í sjóði með því, sem hann hefir lagt inn í Íslandsbanka. Og Landsbankinn getur haft talsverða peninga í sjóði, þótt hann vilji fá skuld sína greidda hjá Íslandsbanka. En þar fyrir sje jeg ekki ástæðu til aukinnar seðlaútgáfu. Mjer skilst því, að með þessum samningum sje farið gegn gildandi lögum um þetta efni, þar sem ákveðið er, að ekki skuli gefa út seðla, nema gjaldmiðilsþörfin sje almenn og brýn. En ef útgáfa seðla á að fara eftir gjaldþoli Íslandsbanka, þá sje jeg ekki betur en að þetta sje áframhald af því ástandi, sem var áður en Íslandsbanka var gert að skyldu að fara að draga inn seðlana. Þá var það venjan, að Íslandsbanki fór til stjórnarinnar, þegar honum sýndist, og heimtaði meiri seðla, og það stóð ekki heldur á því hjá landsstjórninni; þetta virðist aðeins grímuklædd tilraun í sömu átt, og tel jeg óforsvaranlegt, að farið sje með það bak við þingið.

Þá kom hv. þm. (JÞ) aftur að þessari „rógburðarherferð" — sem hann kallaði — gegn bankanum. Og af þessum völdum hefðu verið teknar 4 milj. kr. af innlánsfje út úr bankanum. En nú er það öllum vitanlegt, að fyrsta orsökin til þess, að farið var að taka fje út úr Íslandsbanka, var sú, að bankinn hætti að innleysa seðla sína erlendis árið 1920. Og á hálfum mánuði voru þá teknar út úr bankanum um 2 milj. kr. áður en fyrsta greinin kom út um bankann. Það er því bankinn sjálfur, sem fyrstur gaf merki um það, að ekki væri óhætt að treysta honum.

Þá hlakkaði hv. þm. (JÞ) yfir því, að ritstjóri annars blaðsins, sem um bankann hefði ritað, hefði verið dreginn fyrir lög og dóm og dæmdur í 100 þús. kr. skaðabætur. (**JÞ**: 100 þús. kr. var mismæli, sem hjer með leiðrjettist). Já, hv. þm. (JÞ) margfaldaði með 5! Skaðabæturnar voru 20 þús., og vel má geta þess, að sá dómur var kveðinn upp af meiri hluta hæstarjettar, af þremur dómendum af fimm, svo jeg veit ekki, hvort hv. þm. þarf að hlakka svo mjög yfir þessum dómi. Og svo hugsa jeg nú, að Íslandsbanki fitni ekki mikið af þessum skaðabótum og þurfi sennilega að fá bæði lán og aukna seðlaútgáfu þrátt fyrir skaðabótadóminn.

En hefir þetta þá ekki alt reynst satt, sem um bankann var sagt? Hefir það ekki alt komið fram? Allir bankastjórarnir, sem þá fóru með fjárhagsstjórn Íslandsbanka, eru farnir frá völdum. Og hefir bankinn ekki þurft að fá hjálp á hjálp ofan?

Jeg heyri nú sagt, að núverandi bankastjórn Íslandsbanka sje að leitast við að fá framkvæmt fjárnám fyrir skaðabótafjenu, og get jeg ekki annað sagt en að mjer finst það óviðeigandi ofsókn hjá hinum nýju, stjórnkjörnu bankastjórum, og sýnist hún helst vera gerð í nafni hinna erlendu hluthafa og fráförnu bankastjóra. Þetta er því undarlegra, þegar tillit er tekið til þess, að reynslan hefir sýnt og sannað, að farið var með fullkomlega rjettmætar og rökstuddar aðfinslur um misfellur í bankanum.

Þá bar hv. þm. (JÞ) bankamatsnefndina sælu fyrir sig — eins og hæstv.

forsrh. (SE). — En hv. þm. (JÞ) gengur þó að ýmsu leyti lengra en nefndin, og fylgir þar skoðun stjórnar Íslandsbanka, bæði viðvíkjandi gengi á enska láninu, og eins matinu á gullforða bankans, sem hann á að hafa sem tryggingu fyrir seðlum sínum. Og þar sem hv. þm. (JÞ) þannig rengir matsnefndina á þessa hliðina, þá getur hann alls ekki furðað sig á því, þótt mat hennar sje rengt á hina hliðina, sjerstaklega þar sem nú er liðið meira en ár síðan nefndin starfaði, og á þeim tíma hefir orðið mikið verðfall á eignum manna og veð bankans því rýrnað, eins og áður er sagt, og á þessu ári hefir verið mjög mikið atvinnuleysi, sem líka hlýtur að stuðla að því, að bankanum greiðast ver skuldir.

En vel á minst. Úr því að talað er um gulltryggingu bankans, þá vildi jeg beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. (SE), hvar gullið sje nú niður komið. Oft hefir verið um það talað á þingi og ályktanir um það gerðar, að gullið skyldi flytja hingað og geymt hjer. Og svör stjórnarinnar hafa ávalt verið á þá leið, að það gæti komið hve nær sem væri, og hið sama sagði hæstv. forsætisráðherra (SE) síðast í vetur. En gullið hefir samt ekki komið, svo það er full ástæða til þess að spyrja: Er nokkur gulltrygging til?

Þegar þingið þannig er dregið á þessu og öðru, sem það vill vita um bankann, þá sje jeg að minsta kosti fulla ástæðu til þess að greiða atkvæði með tillögu þessari um athugun á hag bankans.

Og þegar bankaráðið, sem þingið kýs af sinni hendi til eftirlits með bankanum, stendur á móti allri rannsókn og formaður þess neitar að gefa upplýsingar gegn beinum fyrirspurnum, sem bornar eru fram á Alþingi, svo sem t. d. um eftirlaun Tofte og um afstöðu bankaráðsmannanna í einstökum atriðum, þá finst mjer fullkomin ástæða til rannsóknar. (**Forsrh. SE:** Þetta er ekki rjett; jeg sagði, að ekki mætti skýra frá því, sem gerðist á bankaráðsfundum, nema að fyrirfram fengnu leyfi bankaráðsins; verði bankaráðsfundur bráðlega, þá skal jeg biðja um leyfi til þess). Já, hæstv. forsrh. (SE) svaraði því þá, að það hefði verið samþykt af bankaráðinu að skýra ekki frá því, sem gerðist. Jeg fekk ekki að vita þá, hvort hæstv. forsrh. (SE) mundi vilja upplýsa þetta síðar. Og síðan er liðinn svo langur tími, að hæstv. ráðherra hefði getað verið búinn að útvega sjer þetta leyfi, einkanlega þar sem hann sjálfur hefir meiri hluta atkvæða í bankaráðinu, og getur því ráðið, hvaða skýrslu hann gefur. (**Forsrh. SE:** Ekki í augnablikinu). En hæstv. forsætisráðherra getur fengið það með símskeyti, hve nær sem er.

Annars hefir áður komið fram allkynlegt fyrirbrigði í bankaráði Íslandsbanka í sambandi við umboðsmensku forsætisráðherra fyrir hluthafana. (**Forsrh. SE:** Hve nær var það?). Það eru fleiri forsætisráðherrar en sá núverandi, sem hafa farið með umboð fyrir hluthafana. Og þetta kynlega fyrirbrigði gerðist í tíð fyrverandi forsætisráðherra. Í bankaráðinu var verið að samþykkja áskorun á stjórnina um að veita bankanum einhver hlunnindi, og þá greiðir ráðherrann atkvæði með áskoruninni sem umboðsmaður hluthafanna, en situr hjá atkvæðagreiðslunni sem formaður bankaráðsins, af því

hann gat ekki greitt atkvæði með áskorun á sjálfan sig!! Þetta kom fram í þingskjali á Alþingi 1921.

Að síðustu vildi jeg bera saman Landmandsbankann danska og Íslandsbanka, af því að mjer sýnist sömu einkennin koma að nokkru fram hjá báðum. Fyrst er nú þessi mikla leynd um hag bankanna. Alt dregið á langinn og lítið upplýst um raunverulegan hag þeirra og viðskiftamöguleika. Báðir bera sig vel, og til að byrja með þykjast þeir engan stuðning þurfa. Svo fer fram skoðun á bönkunum; þá kemur í ljós, að Landmandsbankinn þarf að fá stuðning, og fær hann hjá þjóðbankanum danska. Eftir að matsnefndin hafði athugað Íslandsbanka, kemur í ljós, að hann þarf stuðning. Þá fær hann enska lánið hjá landinu. Landmandsbankanum dugir ekki sá stuðningur, sem hann fekk. Hann þarf meiri stuðning. Og Íslandsbanka nægir ekki heldur sá stuðningur, sem hann fær með enska láninu.

En hvert er svo framhald þessa máls? Það verður nokkuð annað hjá sambandsþjóð vorri að því er snertir stjórnendur bankanna. Þar eru hinir fráförnu bankastjórar ekki leystir út með stórgjöfum og eftirlaunum, eins og hjer var gert við bankastjórn Íslandsbanka; þar eru þvert á móti eignir bankastjóranna og ágóðahluti bankaráðsmannanna látnar ganga upp í tap Landmandsbankans Hjer er mikill aðferðarmunur.

Nú kann að verða sagt, og hefir verið sagt, að tap danska Landmandsbankans sje alt öðruvísi til komið en tap Íslandsbanka; Landmandsbankinn hafi tapað á „spekúlationum", en Íslandsbanki á atvinnuvegum vorum. En nú er „transit"-verslun stór atvinnuvegur hjá Dönum, og mikið af tapi Landmandsbankans er einmitt á slíkri verslun. Og þó að sagt sje, að tap Íslandsbanka hafi orðið á atvinnuvegum landsmanna, þá verður tap á fisksölubraski einstakra manna og á vafasömum skipakaupum ekki frekar talið tap á atvinnuvegi okkar en tap Dana á versluninni. Og samanburðurinn er því fyllilega rjettmætur.

Og út af öllu því, sem fram hefir komið um Íslandsbanka, þá er mjer óskiljanlegt, hvernig nokkur þingmaður getur haft á móti því, að þingið kynni sjer ástæður bankans og sjerstaklega tryggingar þær, sem þjóðin á að hafa fyrir því fje, sem landið hefir lagt í bankann.

Og jeg skil ekki hæstv. forsrh. (SE), sem altaf er að tala um frið fyrir bankann. Ef alt er með feldu í bankanum, þá er vel farið, en ef það er ekki, þá verða þingmenn að fá að vita það. Heldur hæstv. forsrh. (SE), að bankinn fái frekar frið með þeirri aðferð að bægja þingmönnum frá því að athuga hag bankans? Nei; því fer mjög fjarri.

Magnús Kristjánsson: Nú er liðin nálega ein vika síðan þessi umræða byrjaði, og er slíkur dráttur á meðferð mála víst einsdæmi, enda vel til þess fallinn að gera tillöguna áhrifalausa, þótt fram gengi. Hins vegar má vera, að þessi dráttur verði til þess, að umræðurnar verði hóflegri en til var stofnað síðastliðinn laugardag af hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Eins og kunnugt er, þá er þessum þm. jafnan teflt fram af flokksmönnum hans, þegar mikils þykir við þurfa. Enda er þá venjulega allra vopna neytt, og ekki mun það vera fjarri að álíta, að trúarjátning hans sje sú, að tilgangurinn helgi meðalið.

Jeg skal ekki að svo komnu fara lengra út í þessa sálma, en vil snúa mjer

að nokkrum atriðum í ræðu þessa hv. þm. (JÞ), sem mig furðaði á. Ræðan var merkileg fyrir tvent: Í fyrsta lagi fyrir þá alvarlegu tilraun, sem gerð var til þess að villa mönnum sýn í málinu, og í öðru lagi af því, að hún var svæsin árás á flutningsmenn tillögunnar og Framsóknarflokkinn í heild sinni.

Hann byrjaði á að slá því föstu, að tillagan væri ákveðin tilraun til þess að rýra traust bankans, og er synd að segja, að það sje góðgjarnleg tilgáta í garð flutningsmanna. Satt að segja er það undarlegt, að svona ósvífin ummæli skuli koma fram frá nokkrum þingmanni, því að engum getur verið hagur að því að spilla áliti bankans. En öllum hlýtur að vera ant um að tryggja álit bankans og tiltrú, og það er tilgangurinn fyrir okkur flutningsmönnum tillögunnar. Jeg verð því að ætla, að hv. þm. (JÞ) hafi haldið þessu fram á móti betri vitund.

Annað atriði, sem raunar er ekki þýðingarmikið í sjálfu sjer, en sýnir þó ljóslega, hversu langt er gengið í því að reyna að villa mönnum sýn, er það, að sami þm. (JÞ) hjelt því fram, að fjárkreppan stafaði aðallega af óhæfilega miklum skipakaupum. Ef öll rök eru jafnmikils virði sem þessi, þá verð jeg að segja, að það er ekki mikið á þeim byggjandi. Nei! Skipakaupin geta aðeins að litlu leyti hafa haft áhrif á fjárkreppuna. Ef skilningur þm. (JÞ) væri rjettur, þá ætti að rjettu lagi Eimskipafjelag Íslands, landsstjórnin og togaraeigendur að vera valdir að fjárkreppunni. En því vil jeg fastlega mótmæla. Sannleikurinn er sá, að mikið af þessum skipum er keypt fyrir lánsfje í útlöndum, sem greiðist með samningsbundnum afborgunum á löngum tíma, og getur því aðeins að mjög litlu leyti haft áhrif á hag bankanna. En eins og jeg tók áður fram, þá er þetta ekkert aðalatriði í þessu máli.

Þá var það eitt enn, sem kom mjer furðulega fyrir. Hann sagði, að bönkunum væri í lófa lagið að raka fje saman eftir vild úr vösum almúgans, og gat þess jafnframt, að bankarnir, Íslandsbanki og Landsbankinn, hefðu skilið rjett þetta hlutverk sitt. Það liggur þá nærri að álíta, að með þessum ummælum hafi þm. viljað lýsa velþóknun sinni á okurvöxtum og óhæfilegu afskiftaleysi á gengishruni hinnar íslensku krónu. Þetta gefur oss tillögumönnum tilefni til að halda, að bankarnir hafi ekki skilið vel hlutverk sitt, ef þeir hafa haldið, að það væri í því einu fólgið að græða fje. Þótt það verði ekki umflúið, að almúginn greiði nokkurn hluta af tapi bankans, þá verður að fara mjög gætilega í þær sakir og dreifa þeim rangláta skatti á sem lengst tímabil.

Það þýðir ekkert að endurtaka það, að þessar svokölluðu árásir geti haft óþægileg áhrif á hag bankans og lánstraust. Það er varla hætt við, að mikið verði lagt upp úr því, að í þessu liggi vantraustsyfirlýsing á bankann, heldur verður mönnum að skiljast, að það, sem vjer viljum fá fram, er einmitt það, að bankinn sje svo stæður, að ekkert sje að óttast. Vjer teljum misráðið að slá svo skjaldborg um bankann, að ekkert megi vitnast um hag hans, eins og verið hefir að undanförnu. En auðvitað vonum við, að alt sje í sem bestu lagi. Að slík rannsókn sem þessi, sem hjer er farið fram á, muni stíga útlendum fjesýslumönnum mjög til höfuðs, þarf varla að óttast. Þeir hafa hvort sem er Móses og spámennina, skýrslur nefndar

og rannsóknarmanna, eins og Bjarna Jónssonar frá Vogi og Björns Kristjánssonar, fyrverandi bankastjóra, og er þess að vænta, að þær máttarstoðir sjeu svo styrkar, að traust bankans verði ekki rýrt, þótt einhverjar skýrslur verði gefnar nú, svo alþingismenn, er þeir koma heim, geti minkað óvissuna, sem er um þessi efni hjá alþýðu manna úti um landið.

Ekki er það heldur rjett, að umtalið um bankann og það, sem um hann hefir verið ritað, hafi getað spilt fyrir honum svo mjög, heldur það, að hann hefir orðið að draga úr og stöðva yfirfærslurnar, sem hann átti að annast, og einmitt í því liggja þær sönnu orsakir fyrir verðfalli peninganna og tapinu, sem orðið hefir á undanförnum árum.

Þá er komin fram brtt. frá hv. þm. (JÞ), að fjárhagsnefnd gefist kostur á að fá allar upplýsingar um þessi efni. Jeg ætti nú síst að vera mótfallinn því, þar sem jeg er einn úr þeirri nefnd, en hins vegar sje jeg fram á, að þótt þessi till. yrði samþykt, þá er svo liðið á þingtímann, að það mundi tæplega koma að gagni. En ekki hvað síst þetta sannar það, að hjer, í hinu háa Alþingi, er nokkurskonar samábyrgð um það að halda öllu leyndu í lengstu lög, og verð jeg þó að álíta það mjög óheppilegt.

Jeg býst við, að það geti varla talist hættulegt, þótt jeg láti í ljós álit mitt um það, hvernig hagur bankans standi. Hins vegar álít jeg ekki, að reikningar bankans sjeu svo glöggir, að hægt sje nákvæmlega að sjá, hvernig einstökum liðum er varið. Jeg geng út frá því, að þó að bankinn reikni 31. jan. skuldir sínar við erlenda banka ekki meira en 3409000 kr., þá sje ekki ofreiknað hjá mjer, að þær hafi um síðustu áramót numið um 6 milj. kr. En þetta bendir á, að ástandið sje að batna. Þá geri jeg ráð fyrir, að skuldir við erlend verslunarhús á sama tíma sjeu um 4 miljónir og skuld við ríkissjóð Dana um 5 miljónir. Þetta er ekki svo átakanlega mikið, en það getur líka verið talsvert meira.

Mjög erfitt er að átta sig á ýmsum liðum, eins og t. d. „ýmsum skuldheimtumönnum", 7 milj. kr. Er ekki gott að segja, hvort þeir eru íslenskir eða erlendir.

Þá eru innstæður á hlaupareikningi 11 milj., og er ómögulegt að sjá, hvort það er innlend eða erlend eign.

Loks kemur svo enska lánið. Jeg hefi í þessum áætlunum gert mjer að reglu að reikna með því lægsta, sem gat átt sjer stað, og geri samkvæmt því þennan lið 5 milj. Þá má telja lánsfje frá Landsbankanum, 2 milj., seðla í umferð um 7 milj. og innstæðufje kringum 6 milj. Þetta kann nú alt að virðast eðlilegur hlutur, en þegar þess er gætt, að um 20 milj. af þessu er fje, sem ríkið hefir allan veg og vanda af, þá ætti það að vera næg ástæða til þess, að oss tillögumönnum væri ekki legið á hálsi fyrir það, að vjer viljum knýja fram, hvernig ástatt er með þetta, svo vjer verðum ekki lengur duldir þess, sem allir þurfa að vita. Upphæðirnar samanlagðar nema æðimörgum miljónum, og getur því tæplega talist óeðlilegt eða ósanngjarnt, þótt þm. eða almenningur óski þess að fá sem besta vitneskju um það, að eignir bankans sjeu svo tryggar, að fjárhag hans sje borgið.

Að það sje rógburður eða árás á bankann, tel jeg næsta óviðurkvæmileg ummæli.

Jeg vil í þessu sambandi minna á orð, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) ljet falla

um þetta. Hann sagði, að tillagan sannaði það, að tillögumennirnir væru í alla staði ófærir um að fjalla um þessi mál, og þá auðvitað um fjárhag landsins. Jeg bið menn að taka eftir því, að þetta voru hans óbreytt orð. Hinu verð jeg að biðja hv. þm. afsökunar á, þótt þessar athugasemdir sjeu nokkuð ófullkomnar og ekki skemtilegar, því jeg verð að reyna að fylgja þeim slitrótta hugsanaþráði, sem hann var að spinna úr sínum óþrjótandi ósannindalopa.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. forsrh. (SE). Það virtist svo, sem hann væri nálega sömu skoðunar og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), því hann sagði, að þessar tilraunir frá þingsins hálfu um að fá nokkra vitneskju um þessi efni, væru mjög óeðlilegar. Hann sagði einnig, að ómurinn af slíkri rannsókn sem þessari hlyti að berast mjög víða, og skildist mjer helst á honum, að það gæti bakað landinu ómetanlegt tjón. Raunar var þetta heldur óljóst og fremur torskilið, en það er hryggilegt, að hann, sem á að vera forystumaður þjóðarinnar, skuli hafa svona óheilbrigða skoðun á þessu máli.

Ekki er því að leyna, að vjer tillögumenn höfum þráfaldlega leitað til hæstv. forsætisráðherra (SE) á kurteisan og vel viðeigandi hátt, til að fá skilmerkileg svör og skýringar viðvíkjandi þessu máli. En því miður hefir árangurinn orðið lítill eða enginn, því þótt við hefðum stundum getað gert okkur von um, að upplýsingarnar kæmu, þá hefir það jafnan brugðist.

Hæstv. forsrh. (SE) tók það fram, að hlutabrjef Íslandsbanka hafi staðið í 91 kr. hundraðið um áramótin 1921, og hann gat þess einnig, að síðan hefði hagur bankans batnað svo, að nú væru þau líklega 116 kr. virði. Auðvitað gleddi þetta víst alla, ef á því mætti byggja, og er eitthvað í áttina til þess, sem vjer tillögumenn vildum fá sannað, að hagur bankans sje góður. Raunar skal jeg játa, að fyrir mjer skyggir það dálítið á gleðina, að jeg er þess fullviss, að enginn maður muni vilja kaupa brjefin fyrir þetta verð, og máske tæplega fyrir helming þess, er hann nefndi.

Þá kom enn annað atriði fram í ræðu forsætisráðherra (SE), að nú væri stjórnin búin að setja tvo trúnaðarmenn landsins í bankastjórastöðurnar. Síst vil jeg bera brigður á góða hæfileika þessara manna eða vilja þeirra til að bjarga bankanum við, en jeg hygg þess þó tæplega að vænta, að þeir muni eins geta notið sín, þar sem þeir aðeins eru settir um óákveðinn tíma, eða geti komið eins fram gagnvart stjórn og þingi eins og ef skipaðir væru menn til frambúðar með fullri ábyrgð. Sú ábyrgð, sem á stjórninni hvílir í þessu efni, hefir verið vanrækt hingað til, en nú hefir forsætisráðherra (SE) gefið yfirlýsingu um það, að þessir settu bankastjórar fullyrði, að ekkert tap þurfi að verða á rekstri bankans framvegis. Það væri æskilegt, að þetta reyndist rjett, en hætt er við, að hæstv. forsrh. (SE) hafi nú talað heldur djarft um þetta; en reynslan verður að skera úr því.

Forsætisráðherra (SE) taldi tillögu þessa, ef samþykt yrði, sama sem að þingið kvæði upp dauðadóm yfir þessari stofnun. Jeg býst við, að varla yrði neinn endanlegur dómur upp kveðinn

yfir bankanum fyr en þá, að þessari rannsókn, sem hjer ræðir um, væri lokið.

Jeg býst ekki við, að forsætisráðherra (SE) hafi, meðan hann var dómari, kveðið upp dóma áður en hann rannsakaði málin, og verða því ummæli hans um þetta efni ekki tekin alvarlega, heldur sem mishepnuð tilraun til að verja miður góðan málstað.

Jeg hefi nú drepið á helstu fjarstæðurnar í ræðu hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), og öðrum er ekki að svara enn sem komið er. Jeg álít samt, að miklu lengra hefði mátt fara inn á þetta mál en gert hefir verið. En það er búið að tefja það og spilla því með óþörfum drætti, og jeg býst við, að búið sje að mynda samtök til þess, að tillagan nái ekki fram að ganga. En samt eru umr. nú þegar orðnar til nokkurs gagns, þar sem ýmsar upplýsingar hafa komið fram, sem að gagni mega verða. Jeg vil svo að lokum vísa á bug öllum aðdróttunum í þá átt, að till. sje til þess fram borin að spilla áliti bankans. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið að þessu sinni.

Lárus Helgason: Jeg þarf ekki að fjölyrða um mál þetta, m. a. af því, að hv. þm. Ak. (MK) hefir að ýmsu leyti tekið af mjer ómakið. En jeg verð, sem meðflutningsmaður till., að fara nokkrum orðum um þau ummæli, sem sumir hv. deildarmenn hafa haft um till. og það, hvers vegna hún sje fram komin. Við höfum sem sje farið mjög rólega og stillilega í þetta mál. Við vildum í vetur tala um málið við samþingismenn okkar í kyrð og næði á lokuðum fundi, en eins og kunnugt er, þá gat það ekki tekist. En aðalástæða þess, að jeg hefi gerst meðflutningsmaður þessarar till. og að jeg ásamt meðflutningsmönnum mínum taldi þess þörf, er sú, að þetta virtist vera sá eini möguleiki til þess að fá fræðslu í þessu efni, einkum þar sem hæstv. fjrh. (MagnJ) skýrði mjer og fleirum frá, að hann hefði ekki aðgang að bankanum til þess að kynna sjer fjárhagsástæður hans. Þetta út af fyrir sig gerði mál þetta athugavert í mínum augum. **(PO:** Hann gaf þó skýrslu um hann í fyrra). Þegar jeg sá því, að þessi leið með fjármálaráðherrann var ekki möguleg, eftir hans frásögn, áleit jeg nauðsynlegt að koma með tillöguna. Jeg skal svo ekki tefja umr.; þær verða nógu langar samt, en vil hjer með leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (SE), hvernig á því stendur, að fjármálaráðherrann skuli ekki hafa aðgang að bankanum til þess að athuga fjárhagsástæður hans og tryggingar fyrir fje því, sem landið hefir lagt honum.

Bjarni Jónsson: Það var einna skrítnast í þessu máli, sem jeg heyrði seinast, að fjármálaráðherra hefði ekki aðgang að bankanum til að skoða þær tryggingar, sem hann hefir sjálfur og geymir sjálfur. Jeg geri nú ekki mikið úr slíkri rökfærslu, og skal því snúa mjer að hv. 2. þm. Reykv. (JB) og hv. þm. Ak. (MK). Þeir sögðu, að till. væri ekki til þess fram borin að rýra álit bankans. Það getur vel verið, að þetta eigi ekki að verða til þess, en það verður til þess, ef mark er tekið á þeim árásum, sem till. eru samfara, og það er aðalatriðið.

Jeg verð að segja það, að jeg sje ekki, að erfitt ætti að vera að komast að fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka í þessu

efni, þar sem tryggingarnar liggja hjá stjórninni sjálfri og þar sem stjórnin hefir aðgang að öllum bókum hans, skjölum og skilríkjum, og auðvitað líka fjármálaráðherrann, sem bankamálin heyra undir, þótt sumir þingmenn virðist ekki vita það.

En hvað hafa nú þessir hv. tillögumenn gert til þess að fá þær upplýsingar, sem þeir eru nú að biðja um? Hafa þeir snúið sjer til formanns bankaráðsins, hafa þeir snúið sjer til bankans sjálfs? Nei, ónei; þeir hafa hvorugt gert, þótt þetta lægi auðvitað næst. Og hvers vegna hafa þeir ekki gert það, þótt þeim hafi verið það innan handar að fá þannig allar upplýsingar, sem hægt er að fá? Þeir hafa ekki gert það af því, að þeir þurftu að gera hávaða um málið, þeir þurftu að nota málið sjálfum sjer í hag og sinni pólitisku baráttu. Þeir gerðu það ekki af því, að þeir hjeldu, að það yrði sjálfum þeim í hag að segja við kjósendurna, þegar heim kemur, og klappa þeim öllum og kjassa um leið: Elsku góði, vertu rólegur, jeg spurði og spurði, jeg gerði alt, sem jeg gat, svo að það er ekki mjer að kenna, hvað úr þessu verður, ef það fer illa.

Hv. þm. Ak. (MK) talaði eitthvað um samábyrgð í þessu sambandi, en jeg þekki enga samábyrgð í þessu máli, nema þá, sem til þess er stofnuð að varðveita blaðaróg um viðskiftaheill þjóðarinnar, eða með öðrum orðum rógvarnarsamábyrgð tillögumanna og þeirra fylgifiska.

Þá verð jeg að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JB). Hann vildi vefengja það, sem við hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) höfðum haldið fram, að skaði bankans hefði að nokkru leyti runnið í vasa landsmanna sjálfra, eða að hann hefði skilað landsmönnum aftur nokkru af þeim gróða, sem hann hafði áður fengið. Hitt er alt annað mál, og kemur þessu máli ekki við, hverju landsmenn hafa tapað erlendis að öðru leyti á þessum tíma, og þeir, sem ekki geta gert greinarmun á þessu, ættu ekki að tala með um málið. Annars skýrði hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) þetta svo vel, að jafnvel hv. 2. þm. Reykv. (JB) hefði átt að geta skilið það.

Þessi hv. sami þm. (JB) talaði einnig um það, að breytt væri lögum um seðlaútgáfuna, eða út af þeim brugðið, með samningum milli bankanna, sem oft hefir verið minst hjer á. Veit þá ekki hv. þm., að það er með lögum ákveðið, hvað Íslandsbanki má hafa úti af seðlum, og því verður ekki og hefir auðvitað ekki verið breytt, og að það raskar auðvitað ekkert seðlaútgáfunni, þótt Landsbankinn geti lánað Íslandsbanka nokkuð af þessum sömu seðlum, sem hann má sjálfur hafa úti. Og annað er það ekki, sem gerst hefir.

Þá mintist sami hv. þm. (JB) á matið á hlutabrjefum bankans, og vildi rengja það. Það, sem deilt hefir verið um í þessu sambandi, er, hvernig reikna ætti verð pundsins, þegar meta átti hlutdeild bankans í enska láninu í þessu sambandi. Matsnefndin reiknaði pundið á 27 kr., og varð þá 100 kr. brjef metið á 91 kr. En ef miðað er við 21 kr. meðalverð á pundinu, eins og bankastjórnin vildi, hefði það þau áhrif á matið í heild sinni, að brjefin hækkuðu upp í 110 kr.

Þar sem hv. þm. (JB) talaði hins vegar um gulltrygginguna, þá erum við

sammála þar um það, að gullið ætti að vera hjer heima, og er nú farið að flytja það. En hins vegar eru það ósannindi, sem blað þessa hv. þm. (JB) hefir flutt, að engin önnur gulltrygging væri til en þær 700 þús. kr., sem þar hefir verið klifað á. Lögmælt trygging hefir verið til að fullu og öllu undir umsjá og eftirliti stjórnar og þings.

Þá er stöðugt verið að spyrja um eftirlaun Tofte bankastjóra. Þetta er þó í raun og veru smáatriði, sem ekki kemur Alþingi við, því hjer er ekki um Landsbankann að ræða, heldur einkabanka, þar sem menn út í frá skiftir það ekki neinu, hvaða laun eru greidd, fremur en menn skiftir það, hvaða laun forstöðumaður alþýðubrauðgerðarinnar ákveður sínum starfsmönnum. Annars þarf það ekki að vera neitt launungarmál, að Tofte bankastjóri hefir engin eftirlaun fengið.

Út í þann samanburð, sem hjer er oft verið að gera við Landmandsbankann danska, þarf jeg ekki að fara, bæði af því að hann er fjarstæða í sjálfu sjer og af því að honum hefir verið mótmælt áður. Kreppan hjer er komin af því, að landsmenn hafa skaðast á framleiðslu sinni og ekki getað selt vörur sínar, og er það tap bæði meira og víðar en það, sem Íslandsbanki hefir tapað, eins og auðvitað er. En hitt er það, að bankinn hafði lánað til ýmsra þessara fyrirtækja, og getur hver gert það, sem álítur það sanngjarnt, að brigsla honum um það, að hann hafi lánað atvinnuvegum hjer rekstrarfje. Hitt er altaf hægt, að vera hygginn eftir á, ef alt tekst ekki eins vel og menn hefðu óskað.

Vilji þeir heimila bönkunum ráðsmensku og íhlutun hjá öllum, sem við þá skifta, þá myndi það verða til þess, að bæði jeg og margir aðrir mundu ekki taka hjá þeim einn einasta eyri.

Undantekningar eru auðvitað frá þessu sem öðru. Á erfiðum tímum getur verið rjett og sjálfsagt af bönkunum að hvetja menn til að selja. En athugandi er, að það er ekki öllum gefið að sjá, hve nær skuli gera þetta eða hitt. Er þægilegt að sjá þetta alt eftir á, en ekki er hægt að krefjast, að bankastjórar sjái það, sem öllum öðrum er dulið. Verða þeir því ekki ámælisverðari en aðrir menn, þótt reynslan sýni, að þeir hafi ekki haft þessa ófreskisgáfu.

Það er eftirtektarvert hjá hv. 2. þm. Reykv. (JB), að honum finst það jafnsjálfsagt, að menn og stofnanir sjeu rógbornar eins og það, að sauðkindin bítur grasið. Hann hefir ekkert við það að athuga, þótt gengið væri um bæinn og reynt að telja mönnum trú um, að ekki væri óhætt að hafa fje sitt í Íslandsbanka. Og honum finst það heiðarlegt og samviskusamlegt að taka þessa ónýtu (að hans dómi) seðla úr Íslandsbanka og leggja þá inn í Landsbankann og krefja svo bankann um nafnverð þeirra. Eftir skoðun þessara manna var hjer um tilraun að ræða til að láta Landsbankann tapa öllu þessu fje.

Það hefði ef til vill getað talist vorkunn, þótt þingmaður verkamanna hefði viljað telja þá á þetta, en að láta alla njóta þess, sýnist fullmikil manngæska. Óþrotlega var unnið að því af þessum mönnum að gera bankann tortryggilegan og telja öðrum trú um, að hann stæði völtum fótum.

En Landsbankinn sjálfur mótmælti þessu. Hann tók óhræddur á móti þessum ónýtu Íslandsbankaseðlum, og seinna lagði hann þá svo aftur þar inn. Landsbankinn hefir því tvívegis átt

sömu seðlana undir Íslandsbanka og sýnt með því, að hann hefir aldrei óttast um bankann. Og nú síðast lánar hann þessum banka stórfé, eða rjettara sagt leggur það inn í hann til ávöxtunar. Þessir óttaslegnu menn hefðu getað spurt Landsbankann um hag Íslandsbanka. Hann hefði svarað: Þegar verst stóð, tók jeg á móti seðlum frá Íslandsbanka, og nú hefi jeg lagt inn hjá honum 1½ miljón. Þið sjáið því, hvort Landsbankinn telur bankann hætt staddan. Svona fóru hinir gætnu bankastjórar Landsbankans að, og er það einhver besta sönnunin fyrir því, að Íslandsbanki hefir aldrei verið og er ekki illa stæður.

En hv. 2. þm. Reykv. (JB) segir samt sem áður, að alt hafi reynst rjett, sem í blaðinu stóð, og að bankinn hafi þurft hjálpar. En af hverju þurfti hann hjálp? Hann þurfti þess ekki sín vegna, heldur til að hjálpa með atvinnuvegunum. Þessi hjálp var ekki hjálp við Íslandsbanka, heldur landsmenn sjálfa.

Hjer er því verið að ásaka bankann fyrir það, að hann hugsaði minna um sjálfan sig en atvinnuvegi landsins, og þó leyfir þessi hv. þm. (JB) sjer að tala um, að nýja bankastjórnin fari með ofsóknir á hendur saklausum mönnum, þótt hún vilji ná því fje, sem hæstarjettardómur er fyrir. Hjer er verið að nota sjer þinghelgina til svigurmæla og ofsókna á hæstarjett landsins og saklausa, fjarstadda menn.

En ekki er undarlegt, þótt ámátleg hljóð komi úr þessu horninu. Á þingmálafundum hjer í Reykjavík hefir verið heil fylking með þennan hv. þm. (JB) og ritstjóra blaðs þeirra í broddi fylkingar, sem brigslað hafa mjer um falska skýrslu.

Standa menn þessir saman við annað blað hjer og fyrirspurnaverksmiðjuna hjer á þingi um þetta rógvarnarsamband. Lýsi jeg þá vísvitandi rógbera um alt það, sem þeir hafa sagt um mig og mína skýrslu, — og skulu þeir vera minni menn bæði lífs og liðnir fyrir það. Var skýrsla mín hárrjett og gefin eftir bestu vitund. Hefi jeg viljað festa þessi ummæli, svo að aðrir fái sjeð aðferð þessara manna. Mun það sannast, að þótt þeir hafi marga með sjer nú, þá munu þeir verða smáir, er framtíðin leggur sinn dóm á þá.

En hvað mundu þeir nú vinna með þessari rannsóknartill. sinni?

Hún mætti vera hraðvirk, þessi 5 manna þingnefnd, ef hún ætti að ljúka öllu starfi sínu fyrir þinglausnir. Skýrsla hennar yrði líklega ekki alveg ófölsk.

En sje það einungis tilgangurinn að sjá, hvernig tryggingum enska lánsins er varið, þá þarf hvorki nefnd nje langan tíma til að kynnast því. Öll þau skjöl, sem þar að lúta, eru í höndum stjórnarinnar, og er ekki annað en að biðja stjórnina að lofa sjer að sjá það. En nær er mjer að hugsa, að þeir vilji skygnast í þessa víxla til þess að sjá nafn Pjeturs eða Páls þar, og setja svo þingnefnd til að rannsaka, hvort ekki hefði verið rjettara, að Páll hefði fengið alt, en Pjetur ekkert. Væri þessum mönnum nær að vinna að því, að Ríkisveðbankinn komist á fót, en þvarga um þetta.

Að síðustu vil jeg geta þess, að í till. þessari felst vantraust á stjórnina og einnig á þá menn, er kosnir hafa verið til að vaka yfir þessari stofnun. Jeg þakka þeim nú vantraustið á mjer, en jeg þykkist fyrir hinna hönd, er með mjer voru. Mun jeg aldrei leita trausts

þeirra manna, er mig vefengja, enda liggja mjer aðrir vegir opnir.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Tveir hv. þingdeildarmenn hafa nú tekið flest það fram, er jeg vildi sagt hafa, og því mun svar mitt ekki verða langt.

Þó vildi jeg svara nokkru hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), enda þótt jeg geti að mestu leyti látið mjer lynda svör þeirra hv. 2. þm. Reykv. (JB) og hv. þm. Ak. (MK). En það var eitt, sem jeg tók ekki eftir, að andmælt væri hjá hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og hv. þm. Dala. (BJ). Allir þessir þm. hafa haldið því fram, að við höfum farið fram á rannsókn á bankanum, sem leiddi til vantrausts á honum og spilti áliti hans. En hvorki í þáltill. nje í framsöguræðu minni er minst á r a n n s ó k n, heldur aðeins á a t h u g u n á þeim atriðum, er þáltill. fjallar um. Tók jeg fram, að jeg ætlaðist til, að þeir trúnaðarmenn þingsins, sem kosnir yrðu, mundu snúa sjer til bankastjórnarinnar og fá hjá henni allar upplýsingar. Tók jeg það einnig fram, að jeg treysti vel bankastjórunum, einkum hinum stjórnskipuðu, til þess að gefa þessa skýrslu. Og þegar þetta er rjett skilið og upp tekið, þá er auðsætt, að tíminn til slíkrar athugunar er nægur.

Hvorki hefir vakað fyrir mjer „kritisk" rannsókn á bankanum, nje heldur hafði jeg nefnt hana. Þess vegna er allur þessi hávaði málsvara bankans utan við efnið. Hins vegar er nákvæm athugun á hag bankans og upplýsingar um hann ómissandi, til að slá niður þann óhug, er ríkir gegn bankanum í öllum landsfjórðungum. Er engin ástæða til að leggja þetta illa út fyrir oss flm., þótt vjer leitum þessara upplýsinga. En hrópyrði þau, sem hjer hafa fram komið gegn oss, leiða hvorki til gagns eða vinsælda fyrir bankann. Hitt mætti verða, að þau yki fremur á tortrygni fólksins gegn honum.

Liggur hjá oss flm. enginn misjafn tilgangur á bak við till. Sjest það best á því, hversu vægilega var hjer af stað farið á öndverðu þingi. Hirði jeg ekki, þótt kastað sje kaldyrðum að oss fyrir þetta, og er það alt skiljanlegt þeim, sem riðnir voru við deiluna um bankalögin nýju frá 1921, og vissu, hve margir gerðust þá til að halda fram hagsmunum bankans og verja bresti hans og dylja.

Þessi vörn var líka að þessu sinni ljós í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Stefndi öll ræðan að því að drepa á dreif aðalefni till. og leiða gruninn á Landsbankann. Vissulega gæti þessi hv. þm. (JÞ) borið fram till. um rannsókn á Landsbankann, ef hann væri hræddur um hag hans, en um það mun hann líklega ekki hirða. En segja vil jeg þessum hv. þm. (JÞ), að hann má ekki ætla, að vjer flm. till. getum tekið skýrslu hans um hag Íslandsbanka með trúarinnar augum. Fleira eða færra þar var ekki litlaust. Einkanlega gætti þess þó, er hann mat gullið, er bankinn hefir til tryggingar, $^2/_5$ meira en nafnverð þess er. Er auðsætt af því og ýmsu öðru, hvað skýrslan var villandi. Mætti minna hv. þm hjer á, að það er skylda bankans að halda seðlum sínum í nafnverði eða jafngildum gulli. Allur verðmunur þeirra frá gullverði er í raun og veru skuld, sem bankinn er í við handhafa seðlana. Því hastarlegra er það að gera nú seðlana með lággengi að myntfæti og meta gullið langt yfir nafnverð.

Þá upplýsti þessi hv. þm. (JÞ), að tap Landsbankans væri á 4. milj. kr. Um þetta hefi jeg fengið nokkrar upplýsingar og veit nú, að þetta fer mjög fjarri sanni hjá hv. þm. Hitt veit jeg nú, að upphæð sú, sem týnd er hjá Landsbankanum, er tiltölulega lítil, og þar á meðal munu vera nokkrar skuldir, sem nokkrar líkur eru þó til, að greiðist að meira eða minna leyti. Er þetta því alls eigi hliðstætt Íslandsbanka. Enn fremur er mjer kunnugt um það, að Landsbankinn hefir lagt til hliðar upphæð til uppbótar á væntanlegu tjóni, þó að það sje eigi enn þá komið á pappírinn. Væri vel, ef Íslandsbanki hefði lagt jafnvel til hliðar fyrir tjóni sínu. Má vera, að bankinn hafi þegar gert það, en um það sannfærðist jeg eigi af ræðu hv. þm. Annars var alt skraf hv. þm. um Landsbankann og samanburðurinn við hann nauðalíkur gauraganginum undanfarið út af skuldum Sambands íslenskra samvinnufjelaga.

Þegar ýmsir fjárglæframenn og stórbraskarar hjer í höfuðstaðnum höfðu gefið upp skuldagreiðslur eina af annari við bankann og látið vanskilin bitna á fjelitlum skilamönnum í okurvöxtum, sem Íslandsbanki að minsta kosti hefir haldið uppi, þá fyltust þessir braskarar heilagri vandlætingarsemi út af skuldum Sambandsins og æptu að því, þótt enginn eyrir hefði þar týnst og allar skuldir þess væru á þurru landi og tryggar. Alt þetta var til ólíkinda gert, eins og samanburður hv. þm. (JÞ) við Landsbankann, sem ekkert kemur till þessari við, og kemur fram í þessu sama eðlishvötin og hjá beljunum, þegar þær veifa óhreinum hala, a f þ v í a ð þ æ r v i l j a a ð r a e i n s o g s i g.

Þannig reyna þessir menn að draga athygli fólks frá sjer og yfir á aðra. Kom það fram í ræðu hv. þm. (JÞ), sem og ræðu hæstv. forsrh. (SE), sem annars mælti mjög hóglega og jafnvel vingjarnlega í garð vorra flutningsmanna og taldi, að hagur Íslandsbanka væri góður nú orðið. Slíkt eru að vísu góð tíðindi, en betra væri að fá þau staðfest með athugun trúnaðarmanna þingsins og með reynslu, sem sýndi, að gengið færi hækkandi. Hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) verða að fyrirgefa, þótt trúin hjá oss sje veik á skýrslugjafir þeirra um glæsilegan hag bankans, þegar gengi krónunnar er litlu meira en $^2/_3$ nafnverðsins og dýrtíð í algleymingi hvarvetna.

Hæstv. forsrh. (SE) lagði áherslu á það, að það þyrfti að vera knýjandi ástæða fyrir hendi til þess að ráðast í eftirgrenslun á hag bankans, svo sem vjer krefðumst; hann sagði reyndar „rannsókn", sem jeg neita, að eigi við orð mín eða till. Jeg er honum öldungis sammála um það, að knýjandi ástæða þurfi að vera fyrir hendi, en sú ástæða er einmitt til, og hefi jeg tekið hana fram áður. Vjer höfum nú um langt skeið búið við lamandi lággengi peninga, og það skiftir miklu máli, hvort og hve nær lagfæring á því er væntanleg.

Þegar menn mæla því ástandi bót með því, að það sje nokkrum mönnum í landinu að liði, þá sjest þeim sömu mönnum yfir það, að annarsstaðar á landinu eru menn sokknir niður í botnlaust skuldafen vegna illvígra ókjara í viðskiftum við bankann og dýrtíðarverðs, sem lággengið skapar.

Jeg ætla mjer eigi að gefa tilefni til að lengja umræðurnar, en þó get jeg eigi að því gert, þó að einhverjir vilji

reyna að hrekja orð mín. Yfirlýsingar þær, sem fram hafa komið, einkum frá hæstv. forsrh. (SE) um blómgun bankans, eru auðvitað mikilsverðar og fullkomið gleðiefni, eftir því sem þær þá eru metnar, en þær sýna líka vel, þótt eigi sje nema milli línanna, að spurningar vorar hafa eigi verið að ástæðulausu.

Mjer skildist á ræðu hv. 1. þm. Eyf. (StSt), að hann segði, að bankastjórar Íslandsbanka væru að undirbúa skýrslu um hag bankans, til birtingar fyrir þinginu. Sje svo, þá ætti ekki að þurfa frekari aðgerða við um till., en ekki rætast allar vonir, og má vera, að lítið verði úr þessari líka.

Enda þótt margt hafi það verið í ræðum þeim, sem haldnar hafa verið á móti okkur flutningsmönnum, sem ástæða hefði verið til að svara, þá ætla jeg þó, til að lengja eigi umr., að sýna þá sjálfsafneitun að sleppa þeim flestum. Læt jeg mig hjeðan af litlu skifta, hvort till. gengur fram óbreytt eða ekki, því að bæði er málið orðið margspjallað og tafið í ótíma af málfærslumönnum bankans, og hins vegar virðist von á skýrslu um tryggingar enska lánsins og aðrar niðurstöður bankastarfseminnar næstl. ár, eftir því sem hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafa látið á sjer skilja.

Það var ýmislegt í ræðu hv. þm. Dala. (BJ), sem mjer kom ókunnuglega fyrir. Er jeg eigi viss um, að það sje rjett hjá þeim hv. þm., sem hann hjelt fram, að þegar auka ætti seðlaútgáfuna af nýju vegna þess, að Íslandsbanki hefði fest í útlánum seðlalán Landsbankans, þá væri aukning seðlanna í þarfir almennings. Finst mjer það einkar hæpin kenning, því ef Íslandsbanki fær fje að láni hjá Landsbankanum og festir það í hættulegum fyrirtækjum, þá er það eigi fyrir þarfir almennings, að aukin er seðlaútgáfan, heldur ef til vill hreint og beint gert vegna bralls með seðlana, sem leitt getur til þess að halda seðlaverðinu niðri.

Líka er það hæpin ályktun hjá hv. þm. (BJ), að það sje einungis fyrir greiðasemi bankans við atvinnuvegina, að svo mikið hefir týnst af fje og vaxtakjörin eru svo þungbær. Víst er um það, að mikið fje hefir týnst, en það hygg jeg sanni næst, að mest hafi það farist í þeim fyrirtækjum, sem lítinn eða engan stuðning veita atvinnuvegunum.

Ýmsar fleiri hæpnar kenningar um lofsamlegar athafnir bankans flutu með olnbogaskotunum til vor flm. hjá hv. þm., en ekki borgar sig að elta þær. Aðalatriðið er það, að fram hefir komið yfirlýsing um, að skýrsla um hag bankans sje í vændum. Í því er nokkur viðurkenning fólgin. En þótt efndir verði litlar á þessu, þá er þess að vænta, að athygli verði veitt starfsháttum þessarar stofnunar eftirleiðis.

Jón Þorláksson: Það gladdi mig að heyra ótvíræðar yfirlýsingar hv. þm. Ak. (MK) og hv. þm. V.-Sk. (LH) þess efnis, að þeir óskuðu einlæglega að auka traust Íslandsbanka, og að till. sje eigi fram komin frá þeirra hálfu til þess að veikja traust hans. Vona jeg, að sem flestir hv. flm. telji þau orð mælt fyrir sinn munn, og jeg ætla að bæta því við, að jeg vona, að þeir sýni það í verkinu, að hugur fylgi máli, með því að beita áhrifum sínum til þess að stöðva þá rógburðarherferð, sem farin hefir verið gegn bankanum í blöðum, sem standa þeim nærri. Munu þeir vafalaust geta áorkað nokkru hjer um. **(SvÓ:** Það fer

eftir skýrslunum). Jeg heyri það á orðum hv. þm., að þessi góði vilji sje eigi skilyrðislaus hjá honum.

Að öðru leyti hefir hv. þm. Dala. (BJ) svarað ýmsu, sem fram hefir komið í umr. um þetta mál, þar á meðal hv. samþm. mínum, 2. þm. Reykv. (JB), sem fekk svo væna ádrepu, að eigi er við það bætandi. Þó vil jeg leiðrjetta einstaka atriði í ræðu hans. Hann hermdi það rjettilega, að stjórn Íslandsbanka lýsti því yfir í febrúar, að hagur bankans væri þá svo, að hann þyrfti eigi á styrk frá ríkinu að halda, en að nú í aprílmánuði hafi bankinn eigi verið betur staddur en svo, að hann hafi fengið 1½ miljón kr. lán frá Landsbankanum. En það er eigi rjett, ef sagt er, að Íslandsbanki hafi fengið lán hjá Landsbankanum. Ef maður, sem á einhverja peninga aflögum, leggur þá inn á hlaupareikning í Íslandsbanka, þá er eigi venja að segja, að Íslandsbanki hafi tekið lán hjá þessum manni. Eins stendur á um Landsbankann. Stjórn hans leggur inn á hlaupareikning sinn í Íslandsbanka fje, sem Landsbankinn hefir aflögum, eins og hver annar viðskiftamaður bankans. Er það eigi af því, að Íslandsbanki hafi sjerstaklega þurft á þessu fje að halda, en það voru aðrir, sem þurftu á fjenu að halda, útgerðarmenn, sem voru að búa sig undir vertíðina, en Íslandsbanki hafði ekki fje í sjóði til að veita þeim það lán, sem þeir þurftu. Stjórn Landsbankans hefir þótt hentugra að nota Íslandsbanka þannig sem millilið. Skil jeg ráðstöfunina svo, að stjórn Landsbankans hafi þótt þessi leið tryggust, því að auk þess sem skuldunautar Íslandsbanka voru ábyrgir fyrir láninu, þá naut bankinn einnig tryggingar Íslandsbanka sjálfs. Jeg hefi eigi samninginn milli bankanna, — hæstv. stjórn mun geta gefið skýrslu um hann —, en jeg hygg, að málið sje þannig vaxið, að Íslandsbanki hafi neitað að taka við fje frá Landsbankanum, nema að svo væri um búið, að hann þyrfti eigi að svara því út aftur skyndilega, ef honum væri það erfitt. Í þessu sambandi mintist hv. 2. þm. Reykv. (JB) á það, að það væru brotin lögin um seðlaútgáfurjettinn með þessu. Talaði hv. þm. af litlum skilningi um málið. Eftir því, sem mjer er frá skýrt, þá mun hafa verið gert ráð fyrir því, að seðlar væru gefnir út, ef Landsbankinn þyrfti að taka út meira fje en Íslandsbanki teldi sjer fært að greiða úr sjóði. Hv. þm. (JB) gerir úr þessu það, að Íslandsbanka sje í sjálfsvald sett, hvort seðlar sjeu gefnir út, þó að nógir peningar sjeu t. d. hjá Landsbankanum. Er þetta sagt í algerðu hugsunarleysi. Er tæplega hægt að hugsa sjer, að Landsbankinn fari að ganga eftir fje sínu í Íslandsbanka, meðan nógir peningar eru heima fyrir, en seðlaútgáfan kemur eigi til framkvæmda þegar bankarnir eiga nóg fje til samans til þess að annast þær greiðslur, sem þeir þurfa.

Hv. samþm. minn (JB) sagði, að jeg hefði sagt, að uppgangstímarnir hefðu orsakað, að Íslandsbanki hefði lánað djarflegar. Um það sagði jeg raunar ekki orð, en hitt tók jeg fram, að aukin geta þessi ár hefði leitt til þess, að landsmenn tóku verslunina, og þá sjerstaklega útflutningsverslunina, meira og meira í sínar hendur, og lánaði Íslandsbanki að sjálfsögðu fje í því skyni.

Sami hv. þm. (JB) sagði, að jeg hefði ásakað verkafólk fyrir að hafa fengið

hærra kaup árið 1920 en atvinnuvegirnir gátu í raun rjettri borið, eftir sölu afurðanna. Jeg skýrði aðeins frá þessari staðreynd, en ásakaði engan. Það er yfirleitt fjarri skapferli mínu að fara með ásakanir eftir á fyrir atburði, sem hvorki jeg nje aðrir gátu sjeð fyrir. Sagði hann, að eigi væri rjett að skella skuldinni á verkalýðinn. Það hefi jeg og ekki heldur gert. Jeg sagði, að tapið hafi stafað af verðfalli. Eigi nokkur verkalýður sjerstaklega sök á því, þá er það helst spánskt verkafólk, sem ekki vildi kaupa fiskinn okkar hærra verði en raun varð á.

Hv. þm. Ak. (MK) hafði ekki rjett eftir mjer, að jeg hefði talið mikið af tapinu stafa af skipakaupum. Ummæli mín um þetta efni voru tekin eftir skýrslu, sem fylgdi reikningum Landsbankans 1921. Skipabyggingar landsmanna höfðu að vísu áhrif á og juku skort á erlendum gjaldeyri, en hins vegar mun enginn verulegur hluti af tapi bankanna stafa af þeim, og er því ekki rjett sú tilgáta hv. 2. þm. Reykv. (JB), að mikill hluti tapsins hafi vegna þessara skipakaupa lent í vösum útlendinga. Jeg fortek ekki, að eitthvað af tapinu stafi af þessu, enda er það ekki óeðlilegt, en hitt mun og satt, að flestir þeir, sem skip keyptu — og einmitt þeir, sem mestu fje hættu til skipakaupanna, — hafa staðist áföllin sjálfir. Tapið stafaði aðallega af verðfalli útflutningsvöru, þó að einhverjar undantekningar finnist

Þessum sama hv. þm. (JB) til upplýsingar skal jeg geta þess, að áætlun mín um tap Landsbankans á undanförnum árum er ekki eftir upplýsingum stjórnar bankans. Býst jeg ekki við, að jeg hefði fengið upplýsingar þar að lútandi, þó að jeg hefði farið þess á leit.

Þá vildi sami hv. þm. (JB) bera í bætifláka fyrir blaðaskrif um bankann, og telja orsökina til þess, að menn tóku út inneign sína, vera þá, að hætt var að innleysa seðla hans erlendis. Þetta er hæpin skýring, og komið hefir fyrir, að Landsbankinn ljet hætta að innleysa seðla sína erlendis, og hafði það ekki hjer umrædd áhrif, enda liggur í hlutarins eðli, að þegar seðlar hætta að vera í umferð erlendis, ætti það að vera til þess, að meira yrði hjer í umferð af þeim, og ekki sjáanlegt, að bankainnstæður manna geti minkað af þeirri ástæðu. Og þegar Landsbankinn notaði þetta ráð, var það beinlínis tilætlun hans að halda seðlunum í umferð innanlands. Þyrfti því að leita sennilegri orsakar að því, að inneignir minkuðu, ef ekki á að telja, að blaðaskrifin hafi ráðið þar um.

Sami hv. þm. (JB) sagði, að jeg hefði hlakkað yfir dómi Ólafs Friðrikssonar í Íslandsbankamálinu. Þetta er heldur engan veginn rjett. Er það síst siður minn að hlakka yfir óförum annara, en jeg varð að nefna þetta mál til þess að gera ljóst, að það var leyfilegt að tala um rógburð. Að vísu er óviðeigandi að blanda utanþingsmönnum inn í umr., en hæstarjettardómurinn í nefndu máli er sönnun þess, að hægt var að viðhafa þetta orð.

Sami hv. þm. (JB) sagði mig hafa rengt mat bankanefndarinnar, og hv. þm. Ak. (MK) sagði, að skýrsla mín um það væri lituð. Hvorugt er rjett. Allar tölur, sem snertu Íslandsbanka, tók jeg úr skýrslu nefndarinnar, að þeim einum undanteknum, sem snertu síðasta ársreikning. Var þar engu undan skotið, en hins vegar ýmsar smáupphæðir dregnar saman í eina upphæð.

Raunar getur verið álitamál um gengismat á gulli bankans, en ekki svo, að það haggi í nokkru verulegu tölum mínum.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) hjelt því hvergi fram, að sjer væri ant um álit Íslandsbanka, og því held jeg ekki, að neinn maður trúi. Hann líkti saman ástæðum Íslandsbanka og Landmandsbankans í Kaupmannahöfn, og hefir hv. þm. Dala. (BJ) fyllilega svarað því. Jeg vil aðeins benda á, að þessum hv. þm. (JB) mun hafa verið sjerstök ánægja að þessum samanburði, því meðan á honum stóð ljómaði andlit hans af brosi.

Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hv. þm. Ak. (MK) um, að hann vilji auka traust bankans, skilur okkur ekki annað en leiðirnar, og að bera fram svona till. er ótæk leið, eins og hæstv. forsrh. (SE) hefir tekið fram. Miklu nær hefði legið, að flutningsmennirnir eða Framsóknarflokkurinn hefði snúið sjer beint til stjórnarinnar, og hefði mátt merkilegt heita, ef sjálfur stuðningsflokkur hennar hefði eigi getað fengið hjá henni þær upplýsingar, er hann æskti. **(Forsrh. SE:** Jeg hefi ekki verið beðinn um slíkar upplýsingar). Finn jeg þá engu ósvarað í ræðu hv. þm. Ak. (MK), enda hefir hv. þm. Dala. (BJ) svarað henni rækilega.

Þessum hv. þm. (MK) þótti ræða mín merkileg **(MK:** Já, á vissan hátt.) — og gleður það mig, að svo reyndur þingmaður og virðulegur skuli líta svo á hana. Reyndar sagði hann, að jeg í ræðu minni hefði gert tilraun til þess að villa mönnum sýn, en þar eð hann gerir enga tilraun til að rökstyðja þessi ummæli, þá nenni jeg ómögulega að eltast við þau.

Þá sagði hann, að ræða mín hefði verið árás á Framsóknarflokkinn. Jeg sagði, að þeir, sem sett hefðu nöfn sín undir þessa þáltill., væru ekki færir um að fást við bankamál. Annars er langt frá því, að jeg vildi spilla fyrir þeim eða rýra álit þeirra.

Hv. frsm. (SvÓ) dró saman seglin í seinni ræðu sinni; sagðist hann þá ekki viðurkenna, að nefndin ætti að framkvæma almenna rannsókn á bankanum. En í framsöguræðu sinni taldi hann 5 atriði, sem voru þess eðlis, að ómögulegt er að rannsaka þau, nema að rannsaka um leið allan hag bankans. Svo er t. d. um öryggi útistandandi lána bankans, sem munu nema nálægt 40 milj. kr., og um tryggingu fyrir enska láninu. Er vitanlegt, að slíkar tryggingar er ekki hægt að rannsaka til hlítar, nema hagur bankans í heild sje rannsakaður. Hafi það ekki verið meining allra flutningsmanna upphaflega, þá hefir hv. frsm. (SvÓ) dregið saman seglin, og er það síst að lasta.

Hv. frsm. (SvÓ) sagði, að jeg í ræðu minni hafi viljað leiða grunsemdir að hag Landsbankans. Þessi ummæli eru með öllu tilefnislaus, sem menn geta sannfærst um, þá er ræðan verður prentuð. Ræða mín átti að vekja rjettmætt traust til beggja bankanna, og getur enginn skilið hana öðruvísi.

Þá taldi sami hv. þm. (SvÓ) hastarlegt að telja gullkrónu $^2/_5$ hærri í verði en pappírskrónu. Jeg get því miður ekki gert við þessu. Þetta er staðreynd, og hefi jeg vitanlega ekkert atkvæði um það átt.

Enn fremur eru þau ummæli sama hv. þm. (SvÓ), að jeg hafi dregið S. Í. S. inn í umr., tilefnislaus. Jeg hefi í höndum sundurliðaða áætlun um upphæðir,

sem Landsbankinn hefir tapað, og í þeirri áætlun er ekki talið neitt tap á S. Í. S., og jeg nefndi Sambandið alls ekki. Eru því tilefnislaus þau ummæli hans, að jeg hafi viljað gera S. Í. S. tortryggilegt, til þess að leiða athyglina frá fjárglæframönnum og bröskurum, sem Íslandsbanki hefði tapað á. Og illa situr á þessum hv. þm. (SvÓ), meðan hann er frsm. þessara 9 manna, sem till. flytja, að tala um fjárglæframenn í sambandi við Íslandsbanka. Það er langt frá því, að jeg haldi fram, að bankinn hafi tapað á honum sjálfum, en hann ætti að litast um í hópnum sínum og spara stór orð.

Þá notaði sami hv. þm. (SvÓ) þá smekklegu samlíkingu, að jeg hafi sömu aðferðina og beljurnar, sem sletta skítugum halanum. Jeg ætla aðeins að skjóta því að honum, sem er höfuð þessara 9 manna, hvort ekki myndi hyggilegt, að hann hygði að, hvort enginn fyndist bletturinn á halanum hjá honum sjálfum.

Þá er eitt atriði, sem jeg mun reyndar ekki gera að neinu kappsmáli. Bæði hv. frsm. (SvÓ) og hv. þm. Ak. (MK) hafa talað um lággengi og dýrtíð í sambandi við þetta mál, og vænta, að rannsókn á bankanum leiði í ljós, hvernig ráða megi bót á hvorutveggja. Telja þeir landið tapa árlega miljónum á lággengi. Þetta er náttúrlega ekki rjett athugað. Þjóðin gerir yfirleitt hvorki að tapa nje græða á lággengi, aðeins ef gengið er stöðugt; það er aðalatriði málsins. Hins vegar stendur á sama, hver peningaeiningin er, meðan gengið er fast. Jeg hefi reyndar áður gert grein fyrir því, hversu fjarri fer, að lágt gengi baki þjóðunum tjón; miklu fremur gæti það hjálpað þeim til þess að halda uppi atvinnu í landinu á erfiðum tímamótum. Undan teknar eru einungis þær, sem gengið er fallið svo hjá, að öll tiltrú til peninga er horfin. Er því alveg vonlaust, að rannsókn á Íslandsbanka bæti að nokkru úr lággengi eða dýrtíðinni í landinu. Mun hún engu þar um þoka. Jeg hygg, að gengið skapist af tveim aðalástæðum. Annað er hlutfallið milli útflutnings og innflutnings, og hitt er alment verðlag innanlands. Þetta getur hvorttveggja breyst, án þess að Íslandsbanki komi til greina, nema að því betra trausts sem bankinn nýtur, því meiri stuðningur er að honum. Er því ekki annað að gera en að efla traust hans sem mest, bæði innanlands og utan.

Jeg ætla að enda ræðu mína með þakklæti til hv. frsm. (SvÓ) fyrir þá yfirlýsingu hans, að hann og meðflutningsmenn hans geti felt sig við brtt. mína.

Eiríkur Einarsson: Jeg ætlaði ekki að kveðja mjer hljóðs í þessu máli, en þar sem ýmsir hv. þm. hafa orðið til þess að lá okkur flutningsmönnum, að við skyldum bera þessa tillögu fram, sá jeg mjer ekki annað fært en gera lítils háttar grein fyrir minni aðstöðu.

Jeg skal strax taka það fram, að jeg gerðist ekki meðflutningsmaður þessarar tillögu til þess að ala á tortrygni gegn Íslandsbanka með henni. Að minni skoðun á tillagan að veita þær upplýsingar um hag bankans, sem nú er óskað eftir víðs vegar af landinu. Jeg veit það úr mínu kjördæmi, að þar er upplýsinga um stofnun þessa alment æskt, og svo mun víðar vera. Það er öllum vitanlegt. En hvort hugir manna standa svo af rógburði eða blaðaundirróðri gegn bankanum, eða þá hinu, að ástæða er til

tortrygninnar, skal jeg ekki segja um, en hitt er víst, að þessi skoðun almennings er til staðar, og því þarf að leita svars við því, sem spurt er að. Og þó ekki sje skylda þingmanns að fara eftir vilja kjósenda sinna fremur en sannfæringu sinni, þá er þó altaf ástæða til að taka almennar óskir til greina, að svo miklu leyti sem hægt er, og ekki síst er um almenn hagsmunamál er að ræða.

Annars tel jeg það stóran hag fyrir bankann, að þeim orðrómi, sem um hann er, sje slegið niður, sem vitanlega yrði strax, þegar það yrði kunnugt, að hann stæði sig vel og ekkert væri við starfsemi hans að athuga. En leiddi rannsóknin eitthvað athugavert í ljós, myndi á sannast, að hún hefði verið því sjálfsagðari.

Aðstaða þeirra manna, sem tillöguna flytja, er því hliðstæð kröfum almennings, t. d. um rannsókn á Vífilsstaðahælinu, sem vondar sögur gengu af. Menn vilja fá að vita, hvort þær sögur, sem um bankann hafa gengið, sjeu rjettar, eins og öryggisþörf landsmanna heimtaði rannsókn um það, hvort sögurnar um Vífilsstaðahælið væru á rökum bygðar. Sú rannsókn mun verða hælinu til góðs.

Jeg verð því að halda því fram, að frá bankans sjónarmiði væri þessi rannsókn miklu frekar til öryggis en álitshnekkis.

Hæstv. forsrh. (SE) hefir haldið því fram, að þó að þingmenn ættu að fara að rannsaka hag bankans og athuga, hvort lánveitingar hans og tryggingar væru öruggar eða ekki, þá myndu þeir ekki komast að neinni niðurstöðu, því að það væri svo seinlegt verk og tíminn naumur, sem þeir hefðu til þess.

Þá er jeg hæstv. ráðherra alveg sammála, að nefnd, sem starfaði svo stuttan tíma, eins og hjer er ætlast til, gæti ekki komist að svo ákveðinni niðurstöðu um hag bankans, að sönnun fengist um efni hans. Er fleira á að líta en það, hvað rannsóknartíminn yrði naumur og mennirnir lítt kunnugir, að líkindum þeim málum, er þeir skyldu athuga. Það er svo margt um hag bankans — eins og peningastofnanir flestar — álitamál, er verður þess valdandi, að skýrslugjöfin gæti ekki veitt fullnaðarupplýsingar um styrkleik stofnunarinnar. Eignarskjöl bankans eru t. d. því mjög háð, hvað verðgildið snertir, hvort framtíðin, næstu ár, bera mikinn fisk á land eða ekki, og hvort Reykjavík, sem örlög bankans eru mest bundin við, á blómaskeið eða hnignun fyrir sjer. Tryggingar, sem bankinn nýtur fyrir svo miklu af útlánsfje sínu, munu reynast góðar eða ljelegar, eftir því, hvernig þetta ræðst, og margt er annað, sem ekki verður svarað að svo komnu. Það er einnig ofætlun að ætla nefnd, sem þeirri, er hjer yrði skipuð, að meta, hve góðar væru t. d. sjálfskuldarábyrgðartryggingar eða víxlar bankans. Þeir, sem þar eru til tryggingar, eru dreifðir, ókunnugir margir og hagur þeirra í óvissu margskonar. Nákvæm rannsókn á verðbrjefum bankans og tryggingum er því að mínu áliti alls ekki tilætlunin.

En tillagan getur verið og er eðlileg og nauðsynleg samt sem áður. Með henni er leitað upplýsinga um, hvort nokkuð sjerstaklega tortryggilegt sje á seiði, og þannig komið í veg fyrir tortrygnina. Slíkt yfirlitsstarf um heildarástandið ætti nefndin að geta int af höndum. Og mjer finst, að sú athugun ætti að geta farið svo hóglátlega og

hlutdrægnislaust fram, að alt harkið og illindin, sem tillagan hefir valdið, yrði eftir á að maklegleikum til athlægis. — Vel má það og vera, að þótt nefndin kæmist ekki að neinni ákveðinni niðurstöðu um hag og eignir bankans, gæti hún þó með starfi sínu aflað nokkurs heildaryfirlits um peningamálin, eða vakið menn þar til athugunar, sem síst er vanþörf.

Jeg get alls ekki sagt um það, hvort fjármagni bankans hafi verið varið vel nú á síðari árum; en þó vil jeg geta þess, að jeg heyrði einn mikilsvirtan þingmann í Ed. segja um daginn, að hjer í Reykjavík hefðu verið bygð hús fyrir 11 miljónir kr. síðan 1919. Vitanlega hefir nokkuð af því fje verið frá þeim, er húsin bygðu, en eigi að síður hlýtur allmikið af því að hafa verið fengið að láni hjá bönkunum. Jeg er ekki að tala um þetta í ásökunarskyni á bankana, heldur finst mjer, að hjer sje komið inn á merkilegt svið, sem sje hvernig peningastraumarnir skiftast á milli atvinnuveganna. Gæti þetta vel orðið mikið starf fyrir þingnefnd, að athuga, hve mikið fje gengi til bygginga í kaupstöðum, hve mikið til útgerðar og hvað til landbúnaðar o. s. frv. Jafnframt mætti athuga, hvort ekki gæti verið rjett að hafa mismunandi vaxtakjör fyrir atvinnuvegina. Alt þetta er margfaldlega athugunarvert, og virðist ekki fara illa á því, að löggjafarnir byrjuðu með því að gera sjer grein fyrir slíku við athugun á stærsta bankanum. Hefir satt að segja oft verið skipuð milliþinganefnd til athugunar smærri málum.

Jeg tók svo eftir í ræðu hæstv. forsrh. (SE), að hann teldi einna bestu lausnina á þessu máli, að skipaður yrði einn allsherjareftirlitsmaður með öllum sparisjóðum og peningastofnunum landsins, þar á meðal bönkum.

Jeg skal ekki segja, hvort það svaraði kostnaði, þar sem við höfum umsjónarmann fyrir, og það er hæstv. landsstjórn sjálf, sem á að hafa ítarlegt eftirlit með báðum bönkunum, og einhverskonar eftirlitsrjett á hún og með öðrum lánsstofnunum landsins. Og ef bankamálunum slær svo mjög á víð og dreif hjá henni eins og nú virðist, þá hefi jeg ekki trú á því, að meðferð þeirra batni, þó að farið væri að bæta þar við nýjum millilið, — stofna nýtt embætti.

Það hefir vitanlega verið rætt fyr hjer á Alþingi að skipa sjerstakan eftirlitsmann með sparisjóðunum, en þó fór nú svo, að sparisjóðslögin komust í kring án þess að sjerstakt eftirlit væri trygt. Skal jeg fúslega játa, að þörf væri á einhverskonar eftirliti með sparisjóðunum, og það máske áhrifaríku á stöku stað, en hvort nokkur ástæða er til nýs embættis fyrir slíkan bankamillilið, sem hæstv. forsrh. (SE) gerir ráð fyrir, er annað mál. Beiti landsstjórnin þar rjettvíslega áhrifum sínum, er það nóg.

Jeg vona nú, að allir hv. þingdeildarmenn sjái, að jeg hefi ekki sagt þessi orð til þess að ala á tortrygni eða til þess að skara frekar í þann eld, sem sjá má blossana frá, og því miður er um þetta bankamál.

Forsætisráðherra (SE): Jeg get verið stuttorður nú og vísað að mestu leyti til þess, sem jeg sagði áðan.

Skal jeg þá fyrst svara fyrirspurn hv. þm. V.-Sk. (LH) um það, hvort fjármálaráðherra hefði ekki haft aðgang að

skjölum bankans. Er því þar til að svara, að eftir 22. gr. reglugerðar fyrir Íslandsbanka á sá ráðherra, sem bankinn heyrir undir, fulla heimild á að sjá öll skjöl hans, og skal jeg til frekari sönnunar lesa upp grein þessa:

„Jafnframt því, að landsstjórnin, með því að hafa þrjá þingkosna fulltrúa í fulltrúaráðinu, getur haft eftirlit með því, að bankinn hlýði fyrirmælum laga 7. júní 1902 og reglugerðar þessarar og fullnægi sjerstaklega skilyrðunum fyrir seðlaútgáfurjetti sínum, er enn fremur ákveðið, að ráðherra Íslands hefir rjett til þess, hve nær sem hann vill, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sje í hinu lögákveðna hlutfalli við seðla þá, sem í veltu eru, og auk þess hefir hann aðgang að framkvæmdarstjórnarumræðum og rjett til þess, hve nær sem vera skal, að láta sýna sjer bækur bankans og skjöl".

Þegar þessi reglugerð var gefin út, var vitanlega ekki nema einn ráðherra, en það liggur í hlutarins eðli, að nú er það sá ráðherra, sem bankinn heyrir undir, er yfirumsjón á að hafa með honum.

Hv. þm. Ak. (MK) sagði, að þetta mál heyrði undir mig, og vil jeg því svara honum með því að skírskota til þess, er jeg svaraði hv. þm. V.-Sk. (LH), að eftir 22. gr. reglugerðar bankans heyrði þetta undir fjármálaráðherra.

Þá er það hv. 2. þm. Reykv. (JB), er jeg skal svara nokkrum orðum. En jeg skal strax taka það fram, að jeg ætla ekki að fara að grípa á lofti þær hnútur, sem að mjer hafa verið rjettar hjer í dag, heldur svara hv. þm. í sama tón og jeg hjelt mína fyrstu ræðu, því jeg tel friðinn fyrir miklu.

Hv. þm. (JB) var reiður yfir því, að hann hefði ekki fengið svar upp á þá fyrirspurn sína, hver eftirlaun Tofte bankastjóri hefði fengið, er hann fór frá bankanum. En það hefir verið upplýst áður, að í bankaráðinu hefir verið samþykt að birta ekki það, sem þar gerist, nema samþykkis bankaráðsins sje áður leitað til þess. Ástæðan til þessa var, að sum blöð hjer gripu hvað eina, sem gert var viðvíkjandi Íslandsbanka, til þess að gera árásir á hann, og til þess því að skapa frið um bankann, þótti rjett að birta ekki ýmsa hluti, sem snertu innri stjórn bankans.

Annars get jeg vísað til þess, er jeg sagði fyrir stuttu í þessari hv. deild, að Tofte fekk alls engin eftirlaun.

Það er langur vegur frá, að jeg beri kinnroða fyrir það, sem jeg hefi gert í þessu máli. Jeg álít miklu frekar, að það ætti að mæla með mjer í augum hv. þm. Og jeg er í engum efa um, að það hefir verið landinu og bankanum í stórhag.

Þá skildist mjer, að hv. þm. (JB) væri að tala um, að stjórnin hefði tekið ábyrgð á láni, sem Íslandsbanki hefði fengið hjá Landsbankanum í vetur. Út af þessum ummælum skal jeg lýsa yfir því, að um enga slíka ábyrgð var að ræða. Hið eina, sem stjórnin gerði í því máli, var, að hún lagði samþykki sitt á samninga, sem bankarnir voru búnir að gera um viðskifti sín á milli, án tilhlutunar frá stjórninni.

Bankarnir komu sjer áreiðanlega saman um þessa samninga vegna viðskiftalífsins. Íslandsbanki á samkvæmt lögum frá 1921 að draga inn 1 milj. í seðlum

á ári, og þetta vildi bankinn auðvitað ekki láta bregðast. En af því leiddi aftur, að annaðhvort varð Landsbankinn að taka við nokkrum viðskiftum Íslandsbanka, eða Íslandsbanki varð að fá fje annarsstaðar frá. Voru þessir samningar því gerðir á milli bankanna, til þess að hægt yrði að reka atvinnuvegina eins og að undanförnu. Íslandsbanki gat ekki bæði dregið inn seðlana og lánað til útvegsins, eins og hann hafði gert áður. En Landsbankinn vildi aftur á móti ekki taka við neinu af viðskiftum Íslandsbanka.

Var því, eins og báðir bankarnir sáu, mikil nauðsyn á þessum samningum, og gerðu þeir þá því sín á milli, en stjórnin fjelst á þá, sem sjálfsagt var.

Hv. þm. Ak. (MK) og jafnvel hv. frsm. (SvÓ) sögðu, að stjórnin hefði neitað að gefa skýrslu um hag bankans. En þetta er með öllu órjett, því að jeg hefi aldrei verið beðinn um slíka skýrslu, en hefði vitanlega gefið hana, ef þess hefði verið óskað.

Jeg tók það fram á fundi, sem jeg var á hjá Framsóknarflokknum í þingbyrjun, og þar sem bankamál bárust á góma, að jeg teldi rjett fyrir flokkinn að fá bankastjóra beggja banka og stjórnina á fund til að ræða þessi mál. Taldi jeg víst, að þá mundu öll kurl koma til grafar. En úr þessu varð ekkert af flokksins hálfu. Mjer hefir því aldrei dottið í hug að neita að gefa slíka skýrslu.

Jeg skildi hv. frsm. (SvÓ) svo, að hann nú hjeldi því fram, að till. færi ekki fram á almenna rannsókn, og lýsi jeg hjer með ánægju minni yfir því, að hann heldur ekki þessu fram, en mjer var ómögulegt að skilja tillöguna eins og hún er orðuð, nje heldur framsöguræðu hans, á annan veg. Það er ekki hægt að neita því, að það er margt, sem bendir á það, að um meira hafi verið að ræða, en þar sem þessi yfirlýsing er komin fram, er ekki ástæða til að deila um það.

Annars legg jeg áherslu á, að stjórnin hefir ekki verið afskiftalaus um þetta tryggingamál, þar sem bætt hefir verið við veðið á tímum núverandi stjórnar um 2 milj. og 400 þús. kr.

Jeg hafði ástæðu til þess að skilja hv. þm. Ak. (MK) á þá leið, að jeg með ummælum mínum um þetta mál hefði sýnt þeim stjórnmálaflokki, sem bar þessa till. fram, hálfgerða móðgun. Það var alls ekki hægt að skilja mig þannig. Jeg sagði, að enginn skyldi skilja orð mín svo, að jeg áliti, að þetta væri borið fram í illum tilgangi. En kapp þessara hv. flm. um að fá upplýst málið hefir orðið að ofurkappi, sem hefir orðið til þess að hylja þeim sýn, hve afartvíeggjuðu vopni þeir hefðu brugðið hjer í hv. deild. Og jeg verð að segja það, að þessi ummæli mín byggjast á því, að jeg hefi átt tal við ýmsa hv. þm. og komist að því, að þeim er þetta mikið kappsmál að komast að því sanna í þessu máli, vegna umtals þess og sögusagna, sem borist hafa út um alt land um þetta efni.

Jeg tók fram í fyrri ræðu minni, að æskilegt væri að hafa lögskipaðan eftirlitsmann með sparisjóðum, enda inneignir í þeim margar miljónir. Það er alveg rjett, að á fyrri þingum hefir oftar en einu sinni verið reynt að koma þessu máli fram, en jafnan mætt mikilli mótspyrnu. En nú eru tímarnir allir aðrir, meiri órói yfir öllum hlutum en áður var, ekki síst á fjármálasviðinu. Auðvitað eiga bankarnir einnig að vera undir eftirliti þessa manns. Þetta mundi

alls ekki verða til þess að rýra traust og álit bankanna, heldur þvert á móti. Þetta er öryggisráðstöfun, sem yrði til þess að tryggja bankana. Eftirlitsmaðurinn væri auðvitað skyldur til þess að gefa stjórn og þingi upplýsingar um þessi mál, hve nær sem væri, og þó ekki væri annað, mætti grafa ýmsar kviksögur fljótlega, svo engum væri til neins að byggja framtíð sína á þeim. (**JB:** En bankaráðið?). Jeg hefi vakið máls á þessu við stjórn Íslandsbanka, og orðið þess var, að hún var því meðmælt. Hún er ekkert hrædd við rannsókn. Það eru aðeins hinar óvenjulegu aðferðir, sem hún óttast, eins og til dæmis, að þingið tæki að sjer að framkvæma þá rannsókn. Ef slíkt frjettist til útlanda, mundi það, vegna þess, hversu aðferðin er sjerstakleg, hafa mjög ill áhrif á hag og álit bankans. Það eru engar stofnanir jafnviðkvæmar og bankarnir, og því skyldi með gætni leggja þá á höggstokk blaðaárása.

Jeg gat um samkomulag það, sem fengist hefir milli bankastjórnanna, og veit, að það muni hv. þm. gleðiefni, og jeg verð að segja, að jeg held, að það yrði einnig happasælast þessu máli, að sama samkomulag fengist hjer í hv. deild um þetta mál. Jeg held það væri öllum fyrir bestu, enda vona jeg, að svo fari. Á það finnast mjer benda hinar mörgu yfirlýsingar, sem fram hafa komið nú í lok þessarar umr.

Jón Baldvinsson: Fyrst ætla jeg að minnast á brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Mjer virðist, eftir því sem hún er orðuð, að hún muni ekki koma að miklu haldi, þar sem talað er um, að fjhn. eigi að taka við skýrslunni, og þá líst mjer hún muni bundin þagnarheiti og megi ekki gefa þinginu neinar upplýsingar um það, sem hún kann að verða vísari. Enda er þetta alls ekki heppilegt, er nefnd þessi er ekki skipuð svo, að allir flokkar eigi þar fulltrúa. Sýnist mjer því brtt. vera hrein og bein vitleysa Á síðasta þingi var fjárhagsnefnd Nd. sýnd einhver skýrsla um þessar tryggingar enska lánsins, og voru það eintómir víxlar, fyrir sömu eða mjög líkri upphæð og lánið nam. Sjá allir, hversu lítil trygging þetta er, og er óvenjulegt, að veð skuli ekki nema meiru að nafnverði en skuldin; og allir vita, hvernig þeir meta tryggingarnar, bankastjórarnir, þegar þeir eru að veita lán. Sjerstaklega þegar um smærri lán er að ræða. Þessi skýrsla var ekki heldur mikils virði; þó að nafngreindir væru þeir menn, sem á víxlunum standa, gat nefndin harla lítið ráðið í það, hversu gildar þessar tryggingar voru.

Um till. er þó sýnu nær, og mætti vænta einhvers frekari gagns af henni, þar sem er þó ætlast til, að alt þingið fái þessa vitneskju, svo menn geti þá sjeð og heyrt, hvað um er að vera.

Jeg vil segja það, að það er greinilegt hjá meiri hluta þingsins, að hann gerir tilraun til að draga þetta mál svo á langinn, að ekki verði hægt að rannsaka þetta mál til hlítar. (**JakM:** Hvaða meiri hluti?). Meiri hluti hv. deildar

Hæstv. forsrh. (SE) drap á Toftemálið, og þóttist geta útvegað vitneskju um það, ef hann spyrði bankaráðið leyfis um það. Jeg er hissa á því, að hann skuli ekki hafa gert það fyr, þar sem svo langt er umliðið síðan till. kom fram. Hann sagði, að það hefði verið gert upp við hr. Tofte á „vissan máta". Jeg

veit nú, að honum voru greiddar 70 þús. danskar krónur. Þótt þetta heiti kanske ekki eftirlaun, þá er þetta þó gert með samþykki bankaráðsins. Jeg álít, að þetta hafi alls ekki verið rjett gert, því að hann bar að miklum hluta ábyrgðina á óförum bankans og öllu þessu ólagi, og jeg efast stórkostlega um, að hæstv. forsætisráðherra geti forsvarað allar gerðir sínar í þessu máli. **(Forsrh. SE:** Jú, áreiðanlega!).

Hann sagði, að stjórnin hefði ekki gengið í ábyrgð fyrir láni Landsbankans til Íslandsbanka. Þó kom fram hjá honum, að stjórnin mundi hafa komið þar allnærri. Enn fremur, að stjórnin hefði gefið loforð um nýja seðlaútgáfu. Þetta var nú hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) búinn að upplýsa um áður, svo þess var nú vart þörf aftur. Jeg skil ekki, hvernig eigi að fara að skýra það, að ekki hafi með þessu verið gerð skipun á seðlaútgáfunni, og skil ekki heldur, að þess hafi þurft með. En verði seðlar gefnir út undir slíkum kringumstæðum, þá er seðlaútgáfan óbeinlínis í höndum Íslandsbanka.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) dró inn seglin og hefir verið á undanhaldi síðan um daginn. Hann gat um samninginn milli bankanna og taldi það ekki hafa verið lán, sem Íslandsbanki fekk hjá Landsbankanum, og tilfærði dæmi um sparisjóðsfje. Það heitir nú og innlán, en Íslandsbanki má alls ekki taka við sparisjóðsfje, og er ekki sambærilegt við samning þennan milli bankanna. Það er ekki það sama, þó að jeg eða hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) færum að leggja þar inn fje. Um það verður enginn sjerstakur samningur gerður. Hjer var gerður samningur milli bankanna með vilja og samþykki stjórnarinnar. Þetta er því lán, og er það þá annað stóra lánið, sem Íslandsbanki fær hjá ríkinu. Þetta getur hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) ekki hrakið, þótt hann hins vegar reyni að verja þessir gerðir stjórnarinnar.

Annað atriði var það í ræðu sama hv. þm. (JÞ), að honum þótti það ósennilegt, að þegar Íslandsbanki hætti að innleysa seðla sína erlendis, þá hafi það haft áhrif á úttekt úr bankanum. Jeg vil leyfa mjer að staðhæfa, að þegar þetta frjettist hingað, þá hafi þegar verið teknar út 2 milj. kr. úr bankanum, og það nokkru áður en greinar fóru að birtast um þetta í blöðunum.

Hann sagði, að Landsbankinn hefði áður gert það sama, og ekki orðið að meini. Þetta er alls ekki sambærilegt. Landsbankinn hefir seðla í umferð um $^3/_4$ milj., en Íslandsbanki um 10 milj. kr., og sjá allir, hversu sá samanburður er rangur og villandi. Eða hvaða áhrif ætli $^3/_4$ milj. kr. geti haft á móts við 10 milj. kr.?

Þá neitar hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) því, að bankinn hafi á uppgangstímunum gerst djarfari til þess að lána. En þóttist hafa aðeins sagt, að menn hefðu gerst djarfari í því að taka verslunina í sínar hendur, einkum útflutningsverslunina. En hann sagði líka, að bankarnir hefðu verið miklu djarfari að lána einmitt í því sambandi, og er það rjett. En ekki var alt það fje lánað íslenskum mönnum, og mun líka hæsta tap Íslandsbanka vera hjá einum útlendum manni.

Þá sagði hann, að flm. hefðu lýst yfir því, að þeir vildu ekki veikja traust bankans, en skaut þó þar inn í, að það ætti ekki við mig. Sagði hann, að jeg hefði verið brosleitur, er jeg var að líkja Íslandsbanka saman við Landmandsbankann danska. Hann var nú

heldur ekkert óánægður sjálfur hjer um daginn, þegar hann flutti varnarræðu sína fyrir Íslandsbanka og neri saman höndunum af ánægju. En mjer láðist þá að spyrja hann, hvort hann væri hluthafi í bankanum.

Hv. þm. Dala. (BJ) var með mikinn reiðilestur yfir mjer. En það kom ljóst fram hjá honum, eins og líka áður hjá hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að þeir vilja alls ekki leyfa þm., hvorki opinberlega eða leynilega, að athuga hag Íslandsbanka. Þeir hafa áður komið í veg fyrir, að þetta yrði gert leynilega, sem þeir nú vilja banna opinberlega.

Það er eðlilegt, að þm. sje áhugamál að fá að vita eitthvað um þessa hluti, er margsinnis hefir verið skorað á þá á þingmálafundum víðs vegar úti um landið að láta athuga þessar tryggingar frá hendi bankans, og það er orðin almenningskrafa um alt land. Skyldi þá ekki þessum sömu þm. verða það mikil ánægja að koma svo heim í sín kjördæmi, og verða að segja: Við fengum ekkert að sjá?

Það eru einmitt þeir þm. Dala. (BJ). 3. þm. Reykv. (JÞ) og hæstv. forsrh. (SE), sem auka ófriðinn um bankann með allri þessari miklu leynd á öllu, sem honum við kemur, og með því að koma í veg fyrir rannsókn.

Hv. þm. Dala. (BJ) segir, að enginn hafi beðið forsætisráðherra um skýrslu. Jeg veit ekkert um, hvað rjett er í því, en þó má þetta vel vera.

Þá var hv. þm. Dala. (BJ) svo hæverskur að láta á sjer skilja, að hann væri ekki ófús að vinna að einhverri skýrslu, og trúa allir, er hann þekkja, að svo muni og vera.

Jeg sagði, að tap bankans hefði runnið mest til útlanda. Þessu hefir hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) játað, en þm. Dala. (BJ) neitað, og taldi það alt runnið til innlendra manna og fjelaga.

Skipafjelagið „Levanta" mun nú ekki algerlega hafa verið innlent, og alt tap þess rann til útlendra manna. Þá má líka minna á Copland, og ef ætti að fara að skilgreina alt, sem til innlendra manna hefir runnið, og hvernig, þá mætti vel líkja þessu við tap Landmandsbankans danska; þar var tapið mest á innlendum mönnum, en rann til útlanda.

Þá voru það eftirlaunin, sem hv. þm. (BJ) talaði um og kallaði smáráðstöfun, sem þingið varðaði ekkert um og gæti ekki krafist skýrslna um, þótt stungið væri um 100 þús. kr. í vasa hins fráfarna bankastjóra. En þá er skörin farin að færast upp í bekkinn, ef þingið varðar ekkert um slíkar ráðstafanir sem þessar. Hv. þm. Dala. (BJ) mistókst fyndnin, þegar hann í þessu sambandi var að líkja mjer við hænu, sem altaf væri að unga út eggjum. En mjer finst miklu nær að segja, að bankaráð Íslandsbanka sje hæna, sem liggur á hinum óttalegu leyndardómum Íslandsbanka, og sem líklegast eru tóm fúlegg.

Þá sagði hv. þm. Dala. (BJ), að jeg hefði farið rangt með, er jeg gerði samanburð á Íslandsbanka og Landmandsbankanum. En jeg færði full rök fyrir máli mínu, og treysti hann sjer ekki til að hrekja þau á neinn hátt. Það komst upp með Landmandsbankann, að reikningarnir voru látnir sýna annan hag en var í raun og veru. Það var víst eitthvað í svipaða átt með reikninga Íslandsbanka. Nú hefir einn bankastjóri

Íslandsbanka lýst því yfir á opinberum fundi, að bankinn hafi engu tapað síðan 1920. En á því ári báru reikningarnir ekki með sjer neitt því líkt tap, sem síðan hefir komið fram, að þá hafi verið orðið. Ætli þetta sje ekki svipað og um Landmandsbankann, og ef reikningar hans hafa verið falsaðir, þá veit jeg ekki, hvað jeg á að segja um reikninga Íslandsbanka.

Þá var þessi hv. þm. (BJ) að víta það, að menn hefðu verið hjer á árunum að telja fólk á að taka fje sitt út úr Íslandsbanka og leggja það inn í Landsbankann. En þar sem Landsbankinn er af ríkinu viðurkend trygg stofnun, þar sem ákveðið er, að þar skuli ávaxta sjóði opinberra stofnana, og að sá banki á auk þess að hafa sparisjóðsfje, þá er það fyllilega rjettmætt, þótt fólk væri heldur eggjað á að hafa fje sitt þar. Auk þess er það algerlega bannað, að Íslandsbanki taki sparisjóðsfje.

Næst kom hv. þm. (BJ) að því, að það væri traustsyfirlýsing á Íslandsbanka, að Landsbankinn hefði lánað honum fje. En þetta fer alveg í öfuga átt, því Landsbankinn setti skilyrði fyrir láninu; og að hann vildi ekki lána skilyrðislaust, sýnir og sannar, að hann telur Íslandsbanka ekki tryggan. Hefir Landsbankinn áður lánað Íslandsbanka fje án þess að setja þetta skilyrði um tryggingu, svo að ætla má, að álitið hafi versnað síðan.

Hv. þm. Dala. (BJ) fullyrti, að nóg veð væri fyrir öllum lánum Íslandsbanka. En ef svo er, sem óskandi er að sje satt, hvers vegna er þá þessi múr utan um bankann, svo að þm. mega ekki fá neina vitneskju frá bankanum? Það er þetta, sem einna mest bendir á, að ekki sje alt með feldu.

Þá er jeg kominn að þeim kafla í ræðu hv. þm. (BJ), er hann tók að fara ýmsum vel völdum orðum bæði um mig og aðra, sem ekki vildu taka skýrslu hans trúanlega. Mjer þykir nú að vísu engin furða, þótt hv. þm. (BJ) sje sár út af þessu, því þeir, sem kunnugastir honum eru, segja, að hann trúi því enn sjálfur, að skýrslan sje góð og gild. En þótt hann yrði nú beiskyrtur, sem oft vill henda hann, þá var óþarfi af honum að álasa mjer, því að mín orð voru mjög svo hógværleg. Til þess að fá þessi málblóm hans á sama stað, skal jeg telja upp nokkur þau helstu, svo sem: óskammfeilni, svigurmæli, falskar skýrslur, vísvitandi rógburður, og fleira líkt þessu.

Það er ekki í fyrsta sinn, sem þessi hv. þm. (BJ) notar rangfærslur og ókvæðisorð í ræðum sínum, enda eru það helstu rökin, sem þessi hrokafulli þinggikkur hefir fram að bera.

Forsætisráðherra (SE): Það voru nokkur orð út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JB), þar sem hann talar um, að Íslandsbanki hafi vikið að kunningjum sínum, svo sem í vináttuskyni, vissum upphæðum. Þar sem hv. þm. mun eiga hjer við bætur þær, er Tofte bankastjóri fekk, er hann ljet af stjórn bankans, þá eru þessi ummæli hv. þm. (JB) mjög óviðurkvæmileg.

Því er haldið fram, að Tofte hafi fengið 70 þús. danskar krónur, og er þá gaman að athuga, hversu mikil gjöf þetta hefir verið.

Tofte átti eftir 1½ ár af ráðningartíma sínum, og jeg geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. álíti, að halda beri gerða samninga. Þegar nú er reiknað eftir þeim launum, sem Tofte hafði, — 20

þús. kr. árslaun og jafnháa dýrtíðaruppbót, og auk þess „tantiéme", sem ómögulegt er að segja, hve mikil hefði orðið —, þá er hægt að sjá, hvílík gjöf þetta hefir verið. Laun og dýrtíðaruppbót, ef reiknuð er með sömu uppbót og þegar þeir yfirgáfu starf sitt, hefði þá verið 60 þúsund, og þá er tantiémið óreiknað.

Það, að skift var um bankastjóra, var sökum þess, að gert var ráð fyrir því í lögum frá Alþingi, að stjórnin skipaði tvo bankastjóra, en alls ekki af því að þeir væru reknir. Hlutafjelagið Íslandsbanki gekk að lögum Alþingis, og var því skyldugt að hafa tvær bankastjórastöður lausar, þegar stjórnin óskaði að skipa í þær. En auðvitað varð hlutafjelagið að semja við þá bankastjóra, sem það vildi láta fara. Og þar sem nú lífsstarfi bankastjóranna var kipt af þeim, án þess þeim væri gefið nokkuð að sök, þá var varla hægt að skilja við þá með mikilli harðýðgi. Víst er um það, að báðir bankastjórarnir voru óánægðir, er þeir fóru.

Það er einkennilegt, að því skuli enn vera haldið fram, að landsstjórnin hafi gengið í ábyrgð fyrir Íslandsbanka við Landsbankann, eftir að stjórnin hefir gefið skýlausa yfirlýsingu um, að svo er ekki. Gefur þetta ástæðu til að halda, að hjer sje verið að magna drauga gegn bankanum.

Bankarnir hafa komið sjer saman um alt, er að viðskiftum þessum lýtur, og árásir út af því lenda því engu síður á Landsbankanum, sem var annar aðilinn.

Það er leiðinlegt að heyra hv. meðmælendur þáltill. sífelt vera að tala um einhverja samábyrgð í kringum bankann. Sterkasti þátturinn í þeim varnargarði, sem hv. þm. eru að kvarta yfir, að sje hjer í þinginu um bankann, er heilbrigð skynsemi. Og það er órjett að segja í raun og veru, að varnargarðurinn sje í kringum bankann; hann er í kringum lánstraust landsins.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal ekki vera langorður, því engu hefir verið hnekt af því, sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni. Umræðurnar hafa nú líka af hálfu andmælenda tillögunnar leiðst út fyrir það, sem tala átti um. Það, sem fyrir lá, var einungis það, að úrskurða, hvort þingið ætti að fá vitneskju um, hvernig skuldaskiftum ríkisins og Íslandsbanka væri varið.

Jeg ætla þá fyrst að minnast lítið eitt á hv. þm. Dala. (BJ). Hann er sífelt að núa öðrum um nasir, að þeir misbrúki þinghelgina, þótt enginn gangi jafnlangt honum sjálfum í því. Okkur flm. þessarar till. kallar hann rógburðarsamábyrgðina. Er hægt að komast lengra í svívirðilegum ummælum? Þetta er aðeins eitt dæmi. Þessi þm. (BJ) er mjög hreykinn af sjálfum sjer, þrátt fyrir sínar veiku hliðar. Hann sagði meðal annars, að þeir, sem vefengdu skýrslu hans, skyldu verða sjer til minkunar fyrir það. Enn fremur, að meðal flm. till. væri enginn, sem fær væri um að framkvæma rannsóknina. Þetta sannar, að hann lítur allstórt á sjálfan sig. Hann einn á að geta gefið ábyggilega skýrslu. Mjer dettur í hug um þessa framkomu hans, að hana megi skoða sem nokkurskonar brjálsemishroka. En það dettur máske einhverjum öðrum í hug eitthvað annað enn verra.

Þá sagði sami þm. (BJ), að í till. fælist vantraust á stjórnina. Ef till. getur á nokkurn hátt gefið tilefni til þess, þá

er það því aðeins, að stjórnin hafi ekki gert skyldu sína. Annars er þetta sagt út í loftið, eins og fleira hjá þessum þm.

Þá eru örfá orð til hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Jeg skal játa, að þar gætti talsverðrar sanngirni, nú venju fremur, því hann dró svo úr ummælum þeim, er hann hafði um þetta mál síðast, að jeg var farinn að halda, að vel mætti við una, en ekki gat hann að sjer gert að óhreinka dálítið nytina sína.

Hann kom með áskorun til mín og hv. þm. V.-Sk. (LH) um að hann óskaði þess, að við reyndum hjer eftir að koma í veg fyrir Gróusögur um menn og stofnanir. Þessi ummæli eru alveg óskiljanleg og ástæðulaus, nema þá því aðeins, að við værum grunaðir um að hafa fengist við slíkan söguburð. En jeg hygg, að enginn, sem þekkir okkur, og ekki einu sinni þessi hv. þm. (JÞ), muni þora að halda slíku fram í alvöru.

Það var nú reyndar fleira, sem hann sagði í þessa átt, sem jeg get ekki verið að tína til núna; nóg að það sjáist í ræðu hans. Yfirleitt var vilji hans sá sami og um daginn, þótt hann færi nú vægara í sakirnar.

Þá vík jeg lítið eitt að því, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði. Mjer skildist á honum, að eiginlega væri það fjrh., sem hefði átt að svara til saka í þessu máli. En jeg lít öðruvísi á þetta. Forsrh. (SE) fanst það rjettast að taka í sínar hendur umráðarjettinn yfir bankanum. Á jeg þar við þá stjórnarframkvæmd, er sumir hafa nefnt valdarán. Álít jeg, að við þetta tækifæri hafi skyldan færst yfir á hæstv. forsrh. (SE), og þar sem hann auk þess er formaður bankaráðsins, er skyldan tvöföld.

Úr því, að farið er að ræða málið á þessum grundvelli, þá vil jeg taka það fram, að það eru ekki aðgerðir forsrh. (SE) eingöngu, heldur og aðgerðaleysi, sem sökin hefir hlotist af. Því það, sem jeg legg mesta áherslu á, er það, að stjórninni bar skylda til að hafa strangt eftirlit með því, að bankinn væri starfræktur á þann hátt, sem koma mætti þjóðinni að sem mestu gagni á þessum erfiðu tímum. En á því hefir orðið hinn mesti misbrestur.

Jeg kalla það til dæmis hörð vaxtakjör hjá Íslandsbanka, sem tekur nú alt að 1½% hærri vexti en Landsbankinn, og tel skyldu stjórnarinnar að koma í veg fyrir það. Ef forsrh. (SE) hefði beitt áhrifum sínum, hefði honum verið það kleift með aðstoð bankaráðsins.

Annars er jeg sáróánægður yfir því, að bankaráðið skuli ekki hafa gleggri skilning á því, hve afarskaðlegar þessar síðustu gengissveiflur eru. Þær baka þjóðinni stórtjón. Jeg skal ekki fara að sýna fram á þetta með tölum, en þó mætti fara nærri um það. Og ef það er satt, sem jeg hefi heyrt fleygt, að auk hinna óviðunandi vaxtakjara, þar sem Íslandsbanki er feti framar, selji bankarnir nú þeim fáu, er enn halda höfðinu upp úr þessu fjármálakviksyndi, sterlingspund fyrir 1½—2 kr. hærra verð en þeir hafa sjálfir gefið fyrir þau, þá er þetta sannarlega rannsóknarefni fyrir stjórnina,og hlutverk hennar að koma í veg fyrir það, ef satt skyldi vera. Það er gott, að bankastjórarnir skuli vera hjer viðstaddir og hlýða á orð mín, því jeg óska, að þetta komist þeim til eyrna. Það er rjett, að þetta komi líka fram, þar sem málið er komið út á svo breiðar brautir, en það er sök hæstv. forsrh. (SE) og fylgismanna hans.

Það er fleira, sem vert væri að minnast á, en jeg er sár á að eyða tíma þingsins að óþörfu, og fer því fljótt yfir sögu.

Hæstv. forsrh. (SE) bar það fram, að jeg hefði farið með ummæli, sem hefðu ekki átt við nein rök að styðjast, sem sje það, að fullkomlega hafi verið farið fram á það við stjórnina, að hún ljeti þingið eða þingnefnd í tje fullkomnar upplýsingar um þau atriði, er tillaga þessi fer fram á. Mjer þykir leiðinlegt að þurfa að tilgreina stað og stund, en það er sjálfsagt, fyrst hæstv. forsrh. (SE) mótmælir þessu. Í fyrsta lagi hefðu engin tilmæli um þetta átt að þurfa að koma fram; það var sjálfsögð skylda stjórnarinnar að gefa þessa skýrslu. En þau tilmæli komu samt fram, bæði beinlínis og óbeinlínis. Forsrh. (SE) mun hafa fengið brjef, er ritað var hjer á Alþingi 18. febrúar síðastliðinn, um að kalla saman einkafund um þetta mál. En hann hefir þó ekki sýnt þeim, er brjefið sendu, það lítillæti að svara því. Í öðru lagi var forsrh. (SE) á fundi með Framsóknarflokkn um nú nýlega, og vil jeg halda því fram að þetta mál hafi verið fullkomlega rætt á þeim fundi, þó að hæstv. forsrh. (SE) hafi ekki sint því síðan. Jeg gæti tilgreint fleira, en sleppi því þó í bráðina.

Mjer hefir skilist, að hæstv. forsrh. (SE) vilji halda því fram, að bankaráðinu beri engin skylda til að gefa þinginu vitneskju um það, sem fer fram á fundum þess. Jeg er á annari skoðun í þessu efni. Jeg vil þó ekki fullyrða, að sú skoðun mín sje rjett, en jeg tel þetta rjettmæta og eðlilega kröfu.

Þá fór forsrh. (SE) mörgum orðum um, hve ákjósanlegt samkomulag væri nú á milli bankanna, og að þeir ynnu nú saman í mesta bróðerni. Jeg skil ekki að nokkur ástæða sje til að gefa slíka yfirlýsingu. Það hefir ekki verið á vitorði almennings, að ósamkomulag hafi verið áður á milli þeirra. Þetta samkomulag ætla jeg að liggi í því, að Landsbankinn hefir gengið inn á þá braut að afhenda Íslandsbanka mikinn hluta af fyrirliggjandi starfsfje sínu. Það er auðvitað engin ástæða fyrir Íslandsbanka að amast við þessu; þetta mun vera hagkvæmt fyrir hann, en jeg tel Landsbankanum vorkunnarlaust að vinna sjálfur með fje sitt, og virðist svo, sem hann hefði ekki þurft að leita aðstoðar hins bankans til þess.

Það má vel vera, að einhverjir glæpist á að trúa því, sem mjög hefir verið haldið á lofti, að óverjandi væri að tala um bankamál hjer í þinginu; af því stafaði svo mikil hætta út á við. Jeg get ekki skilið annað en að það hljóti að vera æskilegt að öllu leyti. Jeg skil ekki, hverskonar hrófatildur fjármálafyrirkomulag bankanna er, ef nokkur hætta getur stafað af því að ræða það opinberlega. Jeg mótmæli því algerlega þeim móðgandi aðdróttunum í garð Framsóknarflokksins, sem komið hafa fram í þessum umræðum, að flokkurinn sje vísvitandi að reyna að hnekkja bankanum og rægja hann. Það hlýtur að liggja eitthvað óheilbrigt á bak við slíkar aðdróttanir til flokksins.

Forsrh. (SE) gerði sjer mikið far um að hreinsa sig af því, að hann hafi átt nokkurn þátt í hinum nýju viðskiftum milli bankanna. **(Forsrh. SE:** Jeg sagðist hafa samþykt þau). Þá var ástæðulaust af forsrh. (SE) að segja, að þessi samningur væri óviðkomandi stjórninni. Sannleikurinn í málinu er sá, að þessi viðskifti hefðu sennilega ekki tekist nema fyrir tilverknað stjórnarinnar, en

þar fyrir vil jeg ekki leggja mjög þungan dóm á þetta. Jeg er ekki viðbúinn að dæma um það, en reynslan mun skera úr því síðar.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þessi atriði. Jeg hefði getað bætt við ýmislegu, en ætla að neita mjer um þá ánægju í bili. Hingað til hefi jeg verið að hrekja ámæli frá öðrum, og hefi því verið neyddur til að halda mjer á þeim þröngu götuslóðum.

Ákúrurnar, sem tillögumenn hafa fengið, og þau ómaklegu háðungarorð, stafa af því, að þeir hafa farið fram á, að athugað verði, hvort fjárhæð sú, sem Íslandsbanki hefir fengið frá landinu, beinlínis og óbeinlínis, sem nemur að mínu áliti um 20 miljónum króna, sje fullkomlega vel trygð. Þetta er höfuðsyndin, sem borin er á okkur. Jeg er mjög ánægður yfir því að hafa verið í þeim hóp, er flutti þessa tillögu, þrátt fyrir alvarlegar tilraunir til að kasta miklum skugga á okkur, ekki síst frá hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Jeg skal ekki taka upp ummæli hans, en jeg tel þau að minsta kosti miður viðeigandi.

Að lokum skal jeg geta þess, að það er svo margt, sem knýr menn til alvarlegrar íhugunar um ástandið, sem nú er og blasir við fram undan. Jeg skal ekki nefna þá upphæð, er landið skuldar út á við, bæði ríkissjóður, bankar og einstakir menn. En jeg skal nefna annað, sem er næsta einkennilegt og eftirtektarvert, að af skuldum, er hjerlendir menn hafa stofnað til erlendis — hjer eru skuldir bankanna og ríkissjóðs ekki taldar með, og engar skýrslur eru um, hvernig þær skuldir skiftast —, koma 85% á þennan bæ, en einungis 15% á alt landið utan Reykjavíkur. Þetta gefur tilefni til að hugsa um, hvort alt þetta fje er fullkomlega trygt. Það er meðal annars þetta, sem veldur því, að jeg álít ekki ótímabært, þótt minst sje á fjármálaástandið svona yfirleitt.

Bjarni Jónsson: Frsm. þessa máls (SvÓ) virtist í dag byggja svo mikið á hag Íslandsbanka, að á honum ylti, hvernig gengið væri í landi hjer. Jeg hygg ofmælt, þó að Íslandsbanki sje að vísu stór og mikil stofnun á vora vísu, að hann ráði öllu um gengið. Annars hefir hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) tekið þetta svo skýrt fram, að jeg þarf engu við að bæta.

Jeg vil leyfa mjer að gera athugasemd við eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), sem kom ekki málinu við. Jeg tel hv. þm. hafa verið of harðorðan í garð sumra af flutningsmönnum þessarar tillögu, er hann kvað ummæli hv. frsm. (SvÓ) geta átt við þá sjálfa. Jeg hygg, að þau orð geti ekki átt við marga, og hafi hv. þm. (JÞ) talað þau í garð þess manns, sem mjer hefir flogið í hug, get jeg skýrt hv. þm. frá því, að þau eru algerlega ómakleg. Þessi maður hefir að vísu orðið fyrir stórtjóni, en þar er öðrum um að kenna, fremur en honum. Hefði hann mátt ráða, mundi hagur hans standa nú með miklum blóma. Annars hafa umræðurnar verið mjög hógværar, nema af hendi þeirra manna, er hafa tekið að sjer að sýna oss smámennunum, að vjer skyldum ekki hreykja oss hátt.

Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. 1. þm. Árn. (EE) afsakaði, að hann skyldi hafa gerst meðflutningsmaður þessarar tillögu, sem von var, þegar hann sá, að aðrir flutningsmenn hennar lögðu frekari skilning í hana en hann hafði gert. Hv. þm. (EE) talaði um orð-

róm, er berja þyrfti niður. En þá er að gæta að, hvort þetta sje rjetta ráðið til þess. Jeg hygg og, að hv. þm. hafi ekki aðgætt, hvaðan orðrómur þessi stafar og hverjir hafa gengið best fram í að breiða hann út. Jeg get þá bent hv. þm. (EE) á það, að orðrómur þessi er runninn frá 2 blöðum, er standa mjög nálægt þeim flokki, er flytur tillöguna. En þetta er ekki í fyrsta sinn, að menn vekja upp draug, er þeir hafa ekki mátt til að kara. Og áður fyr var sú raunin á, að þegar galdramenn vöktu upp draug, sem þeir gátu ekki kveðið niður aftur, snerist draugurinn gegn þeim sjálfum.

Jeg skil ekki, við hvað hv. þm. (EE) hefir átt með samanburði sínum við sjúkrahús, nema hann hafi hugsað til þess reginrógs, er var látinn dynja á Vífilsstaðahælinu. Sá rógur hefir nú orðið sjer til skammar við rannsóknina á hælinu, og hafa kunnugir menn sagt. að fáar svipaðar stofnanir mundu hafa getað sýnt jafnhreinan skjöld við þvílíka rannsókn. Hv. þm. (EE) telur ef til vill,að þessar árásir og rannsóknir muni hafa bætt stofnunina, en það á alls ekki við um banka. Og styrktarmönnum stjórnarinnar er síst ástæða til að vefengja, að hún hafi gætt hagsmuna landsins gagnvart bankanum og sjeð um, að hann setti nægar tryggingar fyrir því fje, sem honum er trúað fyrir. Auk þess hefir hæstv. forsrh. (SE) skýrt frá, að tryggingin fyrir enska láninu hefði verið aukin, og væri nú hálfu meiri heldur en þegar lánið var veitt.

Þá sagði sami hv. þm. (EE), er mjer þótti skemtilega mælt, og sjálfsagt rjettilega, að ekki mundi verða auðið að komast að nokkurri niðurstöðu um hag slíkrar stofnunar, því að jafnan mundi það orka tvímælis, hve mikils virði tryggingarnar væru, hverjir skuldunautar gætu greitt skuldir sínar og hverjir ekki. Þetta mun vera rjett; reynslan ein verður að skera úr, hvers virði hver og ein skuld er. En þó komst hv. þm. (EE) að þeirri niðurstöðu síðar í ræðu sinni, að einhverri niðurstöðu yrði að ná, þó að óhugsandi væri að komast að nokkurri niðurstöðu. Þetta kalla jeg hreystisvar, en það kemur ekki alveg heim við það, er hann sagði áður.

Þá gat hv. þm. (EE) þess, að talsverður hiti væri kominn í umræðurnar. Jeg veit ekki, hvernig hv. þm. metur þennan hita. Mjer virðast allir ræðumenn hafa verið svo einstaklega spakir, sumir hafa meira að segja verið svo vænir að segja mjer til siðanna, og hafa sjálfsagt ætlað að gera það ókeypis. Og þó að jeg kunni að borga þeim eitthvað lítillega fyrir það áður en jeg sest niður, er það meira en þeir væntu og hafa mælst til.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Reykv. (JB), er var bæði skemtilegur, fyndinn og yfirlætislaus, eins og allir þekkja. Það er svo sem munur eða gikkirnir. Hann var að vefengja, að tryggingarnar væru góðar. Það væri annars nógu gaman og fróðlegt fyrir hann að lesa síðustu lög Alþingis um þessar tryggingar. Þar er ekki heimtuð nein trygging; hún er því umfram það, sem lögin krefjast.

Auk þess hefir bankinn þessa víxla og kröfur til tryggingar ásamt veði í eignum manna, fasteignum, svo sem

húsum, lóðum og skipum. Er jeg þess fullviss, að þetta myndi, ef til kæmi, reynast nóg fyrir lánunum.

Þá sagði hv. þm. (JB), og bar sannleikanum vitni, að drátturinn, sem væri orðinn á máli þessu, væri okkur að kenna, sem erum á móti till. Þetta sýnir best sjaldgæfa sanngirni þessa manns og óvenjulegt yfirlætisleysi, að hann skuli ekki, úr því hann lítur svo á þetta, fyrir löngu vera búinn að krefjast þess, að við þegðum, en hann einn talaði í málinu. Slík hógværð er sannarlega launaverð.

Þá gat jeg ekki annað en dáðst að nákvæmni hv. þm. (JB), er hann tók að tala um Tofte bankastjóra. Hann komst þar að þeirri niðurstöðu, að hann þyrfti að spyrja sjálfan sig um það, sem hann vissi áður. Njáll ljet segja sjer þrisvar það, sem honum þótti ótrúlegt, en hv. þm. vill heyra tvisvar frá sjálfum sjer það, sem hann veit áður, og verður hann því fremri Njáli í nákvæmninni. Má vera, að jeg víki frekar að því síðar, af hverju þessi nákvæmni hv. þm. (JB) stafar.

Það kom fram í svörum hv. þm. (JB) til hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að hann lítur svo á, að það fje, sem lagt er inn á hlaupareikning, sje lán til bankans. Því sje þó ekki þannig varið, ef það er jeg eða hann, sem legg inn fjeð, heldur aðeins ef það er Landsbankinn, sem á hlut að máli. Ekki gat hann neitt um það, hvort þessu væri eins farið um alla aðra banka, og bætir hann það vonandi upp síðar og lofar okkur að njóta hjer frekar bankavisku sinnar.

Þá flutti þessi hv. þm. (JB) þá nýstárlegu kenningu, að samþykki eins manns sje sama og ábyrgð hans. Lítur hann svo á, að samþykki landsstjórnarinnar sje sama og ábyrgð hennar á því fje, sem Íslandsbanki fekk hjá Landsbankanum. Það er tilhlökkunarefni, er þessi hv. þm. (JB) er orðinn bankastjóri, hversu þessi nýja lánsaðferð hans hlýtur að ljetta á mörgum vafstri og óþægindum. Þá getur manni nægt, er maður ætlar að taka lán hjá þeim nýja bankastjóra, að fá samþykki einhvers góðs manns og óþrætugjarns um, að rjett sje að taka lánið. Hinn víðsýni bankastjóri myndi taka það sem ábyrgð, en hins vegar ólíkt auðveldara að fá menn til að láta samþykki sitt í tje en ábyrgð sína.

Þá talaði hv. þm. (JB) um það, að þegar bankinn hætti að leysa inn seðla sína erlendis, þá hefðu menn hlaupið til og tekið út í einu kasti um 200 þúsund krónur, áður en hann og hans fræga blað fengi færi á að leggja sitt til málanna Lá hann bankanum mjög á hálsi fyrir þetta, og kvað hann með því hafa valdið hinu mesta tjóni. Hjer var þó um mjög eðlilegan hlut að ræða. Bankinn hlaut að hætta að yfirfæra af þeirri einföldu ástæðu, að miklu meira fje var flutt á milli en hann gat annað. Annars ætti þessum tilvonandi bankastjóra að vera það kunnugt, að bankar eru yfir höfuð ekki vanir að hafa þetta fyrirkomulag. Seðlar þeirra eru yfirleitt keyptir eins og hver önnur vara.

Skakt er það hjá hv. þm. (JB), að menn hefðu hætt um stund að hefja inneignir sínar í bankanum, af því, að ekki væri til neins að senda út seðlana. En hitt er jafnvíst, að þegar hann, þessi fjármálavitringur, fór að skrifa í sitt þjóðnýta blað um málið, þá tóku margir að hefja þar inneign sína og flytja hana yfir í Landsbankann. Þá fól bankaráð Íslandsbanka mjer að semja skýrslu

um hag bankans. Þegar hún kom út, og það varð augljóst, hve miklu hafði verið logið í blaðinu, kiptu menn þegar að sjer hendinni. Hefir helsti maðurinn og ráðvandasti í flokki hv. þm. metið þessa skýrslu mína 600 þúsund króna virði fyrir bankann. Gerði hann þetta á fundi nú nýlega, og tel jeg mjer það til gildis, að hafa getað komið svo góðu til leiðar, bara með því að segja satt um hag bankans. Því ekki gerði jeg annað en að segja eftir bestu vitund frá því, sem var, og því, sem unt var að geta sjer til með mestum sanni.

Þá kvartaði hv. þm. (JB) undan því, að jeg og skoðanabræður mínir í þessu máli vildum hvorki að hagur bankans yrði rannsakaður opinberlega nje í kyrþey. Það kemur hjer ljóslega fram, að menn geta svo títt iðkað eina vissa andlega íþrótt, að þeir að lokum viti ekki sjálfir, hve nær þeir eru að fremja hana. Þessi athugasemd þm. er svo fjarri, sem nokkur hlutur getur verið, að jeg eða aðrir hjer sjeu á móti því, að hv. þm. kynni sjer hag bankans. Bankinn hefir sjálfur lýst yfir því, að þm. sje velkomið að kynna sjer hag hans, og skuli þeim látin í tje öll þau plögg, sem þeir æskja. Mun hann hafa gert þetta í því skyni að sefa þessa miklu óró hv. þm. Hitt verð jeg einnig að fullyrða, að hvorki jeg nje hinir bankaráðsmennirnir hafa lagt neinn stein í götu hv. þm. í því efni. Veit jeg ekki, hvernig þessi hv. þm. treystir sjer til að kvarta um mótstöðu okkar í þessu tilliti, þar sem honum hefir ekki til þessa hugkvæmst það, að snúa sjer til bankaráðsins og leita fróunar sinni óttaslegnu fjármálasálu. Að því er jeg veit best til, hefir hann ekki enn mælst til þess, að bankaráðið gæfi nokkra skýrslu um hag bankans. Jeg efast jafnvel um, að hann hafi nokkurntíma spurt fyrverandi fjrh. (MagnJ) um, hve traustar myndu tryggingarnar fyrir láninu. Þar var þó ráðherra, sem hv. þm. studdi, og átti hann greiðan aðgang að honum. Nei; hv. þm. (JB) kaus heldur þessa leiðina. Og af hverju? Af því, að hann langaði til að láta ljós sitt skína nú rjett fyrir kosningarnar og sýna landsmönnum, hvað hann, af landsföðurlegri umhyggju sinni, hefði gert til að bjarga landinu.

Hv. þm. (JB) vitnaði í fundargerð þingmálafundar, sem nýlega hefði verið haldinn. Kvað hann hana bera vitni um það, að almenningi væri ekki rótt að vita ekki nánar um hag bankans. En af hverju er það? Af því, að þessi hv. þm. og aðrir honum jafnsnjallir stjórnmálaspekingar, hafa þyrlað upp þessu moldviðri í málgögnum sínum. Og þessi till., sem hjer er komin fram, er bara afleiðing þeirra óhljóða, sem þessir menn hafa fylt loftið með upp á síðkastið. Moldviðrið er nú komið inn í þingið, á þann hátt, að þessir hv. þm. hafa að lokum orðið hræddir við sitt eigið bergmál — bergmálið af hrafnagargi sínu í eyru kjósendanna um fjárhagslegt hrun bankanna og landsins.

Hv. þm. (JB) sagði, að það værum við, sem sköðuðum bankann með þeirri leynd, sem við vildum halda yfir honum. Það sætir undrum, hve vel honum láta öfugmælin, þessum hv. þm. (JB). Það sanna er, að enginn banki mun finnast á þessum hnetti, sem er eins opinskár um hagi sína og Íslandsbanki. Því svo lítur út, sem hver maður telji sig eiga hann og hafa tilkall til að stjórna honum að sinni vild.

Fyndnistilraun háttv. þm. (JB) og orð hans hvað snerti fúsleik minn og formanns bankaráðsins til að gefa út aðra skýrslu nýja, svara jeg aðeins því, að jeg er fús að gefa aftur skýrslu, ef þess verður beiðst. Annars ráðlegg jeg þessum hv. þm. (JB) að hætta sjer ekki út á hina hálu braut fyndninnar á hrossleggjum sínum. Og á rangar skýrslur ætti hann síst að minnast, því líklegra tel jeg, að hans skýrslur um æfina verði vænlegri til vefengingar en mínar.

Þá var hv. þm. (JB) eitthvað að þvarga um, að fje það, sem bankinn hafi tapað, hafi að mestu lent í höndum erlendra manna. Það má náttúrlega teygja hvert mál og skekkja, alt eftir því, sem hverjum manni endist til vitleysa eða samviskuleysi. En það sanna í þessu máli er, að þetta tapaða fje bankans hefir að mestu leyti lent í vösum landsmanna sjálfra. Ættu þeir því ekki að æpa að bankanum sem argandi kríur fyrir þá sök.

Jeg veit annars ekki, hvort þessi hv. þm. (JB) hefir skilið það, sem jeg hefi sagt honum áður, að skaðinn, sem landsmenn hafa beðið, er miklu meiri en tap bankans. Ef ekki væri um annað tap að ræða en tap Íslandsbanka, þá mætti með meiri líkum segja, að hann einn væri sök í gengishruninu. En svo er ekki. En orsakir eru til gengishrunsins, og fleiri en ein. Ber þar ekki síðast að telja þennan hv. þm. (JB) og aðra menn jafnsnjalla honum, sem hófu þessar árásir á bankann og ljetu bergmála um alt landið þessi náhljóð sín. Það eru þessir menn, sem hófu þennan fjárhagslega harmagrát á versta tíma, það eru þessar „pólitisku“ grátkonur í karlmannsbuxum, sem hafa fyrst og fremst felt gengi íslensku krónunnar. Harmakvein þeirra hafa náð eyrum útlendinga, því nú er eigi lengur svo sem áður var, að hægt sje að tala hjer og skrifa eins og menn lystir, án þess að umheimurinn fái vitneskju um það. Nú skilja margir erlendis íslenska tungu, sem minna var um áður. Blöðin þar verða einnig stundum gripin af málsníkjunni og eru engu síður sólgin í hneykslissögur en blöð vor. Þessum þjóðnýtu mönnum hefir því gengið vonum betur að grafa ræturnar undan tiltrú Íslands meðal erlendra þjóða. Það er ekki furða, þótt slíkir menn hreykist og þykist góðir af starfi sínu fyrir föðurlandið. Þessi viðleitni þeirra hefir sannarlega borið sýnilegan ávöxt. Annars mætti margur, sem hlýddi á ræðu þessa hv. þm. (JB) í dag, ætla, að hann sje annaðhvort ekki jafnvitur og hann heldur, eða jafnsannleikselskur. Og ekki kæmi mjer á óvart, þótt einhver kynni að ímynda sjer, að hann væri hvorugt.

Þá kem jeg að samanburði hv. þm. (JB) á Íslandsbanka og Landmandsbankanum. Þarf jeg í rauninni ekki að árjetta aftur neitt í því efni, því hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir nú nýlega tekið til máls og hnekt með fullum rökum staðleysuorðum hv. þm. (JB). Hann þóttist verða hart úti, er jeg kallaði það ósvífni að bera hjer á bankastjórn Íslandsbanka, að hún ofsæki einstaka menn hjer í bænum. En sjálfur leyfir hann sjer að fullyrða, að bankastjórnin og fulltrúaráð bankans hafi falsað reikninga hans. Ef þetta heitir ekki að nota sjer þinghelgina, þá veit jeg ekki, hvað má kallast því nafni. Og ef hv. þm. (JB) segði þetta annarsstaðar en hjer, og það væri látið ganga hæstarjettarleiðina, þá leið, sem honum og sumum flokksbræðrum hans er fremur lítið um,

þá kynni hann að komast að raun um, að tungan getur orðið dýr limur.

Og hvernig er nú þessu tvennu farið, sem hv. þm. (JB) jafnar saman? Í Landmandsbankanum var settur inn nýr liður til þess að hylja það, sem þurfti að hylja. Íslandsbanki, segir hv. þm. (JB), hefir tapað miklu árið 1920, en þó standi ekki neitt tap í reikningum þess árs. Og þessu jafnar hann saman, þessi Kvásir fjármálanna. Þyrfti ekki að rjettu lagi að gera einhverjar öryggisráðstafanir til að forða því, að slíkir menn kafni í bankaviti sínu eða logi upp af sannleiksást? Hvernig mátti Íslandsbanki færa skuldir manna sem tap inn í reikninga sína, fyr en hann var viss um, að þær borguðust ekki? Slíkt væri sannarlega að falsa reikningana, ef hann hefði þetta á hinn veginn. Eða heldur hv. þm. (JB), að sjeð verði á einum degi, hvort stærðar framleiðslufyrirtæki geta staðið í skilum eða ekki? Nei, það var ekki sökum fölsunar, heldur af mjög eðlilegum ástæðum, að tapið 1920 kom ekki til reiknings fyr en síðar.

Þá sópaði ekki lítið að hv. þm. (JB), er hann var að sýna fram á það, að eðlilegt og sjálfsagt hefði verið, að menn tækju peninga sína úr stofnun, sem væri að hrynja, og flytti þá yfir í bankastofnun landsins. En um leið sagði hann þó, að seðlarnir væru einskis virði. Búhnykkurinn var þá í því fólginn, að landsmenn svíkja einskisverða seðla inn á sína eigin stofnun. Það, sem helst bregður skugga á þessa fögru hugsjón hv. þm. (JB), er það, að honum hefir hjer orðið það á, að gera sig sekan í „hringavitleysu", sem á latnesku máli heitir „circulus vitiosus". Er það óneitanlega skaði um svo veglega björgunarráðstöfun, að hún skuli bíta í skottið á sjálfri sjer. En af þessu má marka, hve miklu góðu þessi hv. þm. (JB) myndi koma til leiðar, ef hann hefði lítið eitt meira vit. Hjer hefir hann bara reist sjer hurðarás um öxl, og því mist tökin á hugsjónarbákninu. Þegar hann vildi svo breiða yfir mistökin með sinni venjulegu orðaflækju, þá varð netið of stórriðið, eins og önnur heilavinna hv. þm. (JB), svo skein á hringavitleysurnar í gegnum götin.

Þá kom hv. þm. (JB) aftur að skýrslu minni um hag Íslandsbanka. Kvaðst hann nú virða mjer það til vorkunnar, að jeg hefði haldið, að að hún væri rjett. Jeg held því fram, að hún sje rjett. Talsverður hluti hennar hlaut að vera nokkurskonar framtíðaráætlun, en um það veit enginn með neinni vissu, hvað framtíðin kann að bera í skauti sjer. Jeg gerði allar áætlanir mínar þar eftir bestu vitund, en fór bara eins og öðrum á þeim tímum, að giska ekki rjett á í öllum greinum. Og jeg verð að halda því fram, að framtíðaráætlanir þessa hv. þm. (JB) í þeim efnum hafi ekki staðið fastari fótum en annara. En það má vera, að þetta sje gikksháttur og hroki af mjer, að ganga svo langt, að bera slíkan mann saman við aðra, þótt honum hafi þóknast að bera upp á mig svik. Sjálfsagt er,að minni háttar maður sem jeg eigi að þola þeim manni nokkuð, sem lýstur sjálfan hæstarjett með sínu orði og segir, að hann kveði upp ranga dóma. Ekki er það þá heldur tiltökumál, þótt slíkum manni leyfist að bera hjer upp á menn, sem ekki eiga völ á að verja sig, að þeir gefi út falska reikninga. Um alla aðra myndi sjálfsagt vera sagt, að hjer væri þinghelgin not-

uð í frekara lagi. En öðru máli er að gegna, er það er slíkur maður, sem hlut á að máli.

Þá er það hv. þm. Ak. (MK), sem jeg vildi svara nokkrum orðum.*)

Magnús Guðmundsson: Við umr. um þetta mál hefir verið rætt töluvert um samábyrgð og múr, sem sleginn sje um Íslandsbanka, og það látið skína í gegn, að þetta sje gert vegna h.f. Íslandsbanka eða hinna erlendu hluthafa. En þetta er ekki í fyrsta skifti, sem svo er talað hjer á þingi. Það hefir verið í hvert skifti, sem um þetta mál hefir verið rætt hjer. Og það er gaman að líta á, hverjir hafa myndað þennan múrvegg. Það hefir fyrst og fremst venjulega verið meiri hluti þings, og altaf stjórnin, hver sem hún var, og nú hefir bæst við nýliði í múrinn, og það er Landsbankinn. Getur nú nokkur trúað því, að allur þessi múr sje myndaður aðeins vegna hinna útlendu hluthafa? Hver trúir því, að meiri hluti þings, landsstjórnin, hver sem hún er, og stjórn Landsbankans, þyki svo vænt um þetta hlutafjelag, af því að meiri hluti hlutafjárins er útlendur? Jeg er þess fullviss, að það, sem liggur á bak við, er að vernda viðskiftin í landinu, því að meiri hluta þings var það ljóst, hversu viðskiftin eru viðkvæmt málefni, og til þess að bjarga þeim við, var eina ráðið að hlaupa undir bagga með bankanum. Þetta er hin sanna ástæða, og það er árangurslaust að reyna að fá aðra til að trúa því, að þetta hafi verið sjerstaklega gert fyrir hina útlendu hluthafa.

*) Niðurlag ræðunnar hefir fallið niður hjá skrifurunum.

Það hefir verið sagt, að Landsbankinn hafi hjálpað Íslandsbanka í síðastliðnum aprílmánuði. Jeg held, að meiningin hafi ekki verið að hjálpa bankanum sjerstaklega, heldur viðskiftalífinu. Landsbankinn hafði mikið fje í sjóði í seðlum Íslandsbanka. Þá var um tvær leiðir að velja, annaðhvort að setja sjálfur seðlana í umferð eða láta Íslandsbanka fá þá; þriðja leiðin var að vísu til, sem sje að kreppa að viðskiftunum. Nú gat Landsbankinn vitaskuld valið, hvora leiðina helst skyldi fara, og hann tók þá að taka ekki á sjálfan sig áhættuna við að lána út fjeð, því að hann taldi ekki hyggilegt að taka við viðskiftamönnum Íslandsbanka, heldur að láta þann banka hafa fjeð. Það má náttúrlega deila um, hvort þetta hafi verið rjett valið, en um hitt er ekki hægt að deila, að bankastjórnin ræður þessu, lögum samkvæmt.

Það vantaði seðla í umferð, en það var eðlileg afleiðing löggjafarinnar, þar sem seðlaútgáfan er takmörkuð og samkvæmt lögunum verður Íslandsbanki að draga inn 1 miljón á ári. En þessa þurfti ekki í bili, af því að seðlarnir lágu í Landsbankanum. Jeg sje þess vegna ekki, hvers vegna Landsbankinn ætti að vera ámælisverður fyrir að hafa komið þessum seðlum í umferð og lánað út fje, sem lá hvort sem var alveg rentulaust, eða þá stjórnin fyrir að hafa stuðlað að því.

Það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg er óánægður með, en af því að það er viðkomandi þeim ráðherra, sem er nýfarinn frá, ætla jeg ekki að fara út í það.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) mintist á tryggingarnar, en það er misskilningur, að Landsbankinn hafi fengið nokkra

tryggingu hjá Íslandsbanka eða stjórninni, aðra en þá, að stjórnin leyfi honum að gefa út seðla, ef þá vantaði í umferð. Því hefir verið haldið fram, að fjármálaráðherra hefði ekki aðgang að handveðinu frá Íslandsbanka fyrir enska láninu. Mjer finst undarlegt, að nokkrum skuli detta slík fjarstæða í hug. Tryggingarnar eru handveð, sem fjármálaráðherra hefir sjerstaklega fengið, og svo á sami ráðherra ekki að hafa aðgang að þeim tryggingum. Þær liggja yfir í Íslandsbanka í sjerstökum innsigluðum kassa, með innsigli stjórnarinnar, og í þann kassa getur einmitt enginn farið, nema fjrh. eða maður með fulla umboði stjórnarinnar. Það er því svo langt frá því, að hann hafi ekki aðgang að skjölum þessum, að hann þvert á móti er sá eini, sem hefir aðgang að þeim.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að það væri skylda Íslandsbanka að halda seðlunum í gullverði. Þá er farið að heimta meira af þeim banka en nokkur önnur þjóð heimtar af sínum bönkum, því að það vita allir, að seðlar flestra landa eru fyrir neðan gullverð.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að tryggingin hefði verið of lítil í byrjun, þar sem hún var ekki hærri en lánsupphæðin. Má vera, að svo hafi verið, en þá er rjett að taka tillit til þess, að ríkissjóður skuldaði bankanum um 1 miljón króna, svo að það var ekki nema sanngjarnt, að bankinn ljeti sína skuld koma á móti.

Þá þótti hv. sama þm. (JB) ilt, að forsætisráðherra skyldi hafa umboð fyrir erlenda hluthafa. Jeg sje ekki, hvað því ætti að vera til fyrirstöðu; hann er þó maður, sem þingið hlýtur að bera mikið traust til, því að annars gæti hann ekki komist í þá stöðu, og það ætti því ekki að vera hættulegt, þótt hann fari með rjett erlendra hluthafa. Það er ómögulegt að gera þetta tortryggilegt, nema að gera fyrst ráð fyrir, að forsætisráðherra sje á bandi útlendu hluthafanna.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi talað fátt í dag, og ætla nú aðeins að gera stuttar athugasemdir við ræðu hv. þm. Ak. (MK). Hv. þm. bar upp á mig, að jeg hefði gert mig sekan í valdaráni. Jeg veit ekki, við hvað hann á. Það, að forsætisráðherra skipi í æðstu embætti við bankana, getur ekki talist neitt valdarán. Það hefir gengið fyrir sig á alveg löglegan hátt. Hv. þm. (MK) vildi svo draga þá ályktun, að fjrh. bæri ekki lengur ábyrgð á bönkunum. En það er langt frá, að nokkur breyting hafi orðið á því; bankarnir heyra eftir sem áður undir fjrh. Ef við það er eitthvað sjerstaklega ámælisvert, þá ber að snúa sjer til fjrh. með það. Jeg vona, að orð mín skiljist ekki svo, að jeg sje að koma ábyrgð af höndum mjer, sem á mjer hvíli. Jeg legg áherslu á að sýna hv. þm., að það, sem hann kallar valdarán, hefir alls ekki verið í því fólgið að breyta yfirráðunum yfir bankanum, því að þau heyra eftir sem áður undir fjrh., en skipun í hin æðri embætti heyra undir forsætisráðherra og engan annan.

Hv. þm. (MK) tók fram, eftir því, sem mjer skildist, að jeg hafi verið beðinn um að gefa skýrslu um bankann. Jeg lýsi því hjer með yfir, að það hefir aldrei komið til mín nokkur áskorun um slíkt. Þá talaði hv. þm. (MK) um brjef, sem jeg hefði fengið. Það var rjett. Jeg fekk brjef frá forseta sameinaðs þings, þess efnis, að það var skorað á mig að

kalla saman fund í sameinuðu þingi til þess að ræða um bankamál. Jeg hlýt að hafa leyfi til þess að skýra frá þessu nú. Jeg minnist þess, að það var rætt um þetta á stjórnarfundi, að fjármálaráðherra viðstöddum, og var þá skotið til mín þeirri spurningu, hvort jeg vildi kalla saman fund í Sþ. Svaraði jeg því til, að jeg mundi ekki kalla saman fund til að leggja fyrir hann mál, sem jeg væri mótfallinn að næði fram að ganga. Það væri óeðlilegt, þar eð jeg væri á móti allri rannsókn. Aftur á móti tók jeg fram, að það væri eðlilegt, að málið yrði rætt innan flokka, og ef menn kæmust þá að einhverri niðurstöðu, sem jeg gæti fallist á, þá væri ekki nema sjálfsagt að kalla saman fund.

Annars lá ekki í þessu áskorun til mín um að gefa skýrslu um Íslandsbanka. Hitt er satt, að jeg sagði í ræðu á fundi með Framsóknarflokknum, að mjer þætti eðlilegt, að flokkarnir ræddu um bankamál við stjórnina og reyndu að komast að einhverri niðurstöðu.

Það kom fram hjá hv. þm. (MK), að jeg, sem formaður bankaráðsins, ætti að skýra þinginu frá öllu því, sem gerðist í bankanum. Undir bankaráðið eru borin mál eins og hvort veita skuli þessum og þessum lán o. s. frv., og hvaða ástæða ætti að vera til þess að fara að skýra þinginu frá slíku?

Stjórnin hefir gert alt, sem hún gat, til þess að fá bankana til þess að vinna saman, og nú er sú samvinna hafin.

Eiríkur Einarsson: Það er aðeins stutt athugasemd út af ummælum hv. þm. Dala. (BJ). Hann hefir misskilið orð mín, er hann tók fram, að jeg hefð verið að afsaka, að jeg var meðflutningsmaður þessarar tillögu. Jeg var alls ekki að afsaka meðflutning minn, heldur gerði jeg grein fyrir því, hvers vegna jeg væri meðflytjandi. Hjer er gert mikið úr því, að það hafi verið blaðarógur, sem hleypt hafi tillögu þessari af stokkunum. En þetta er ofmælt. Jeg veit raunar, að einn þátturinn í því, að Íslandsbanki er tortrygður, eru ummæli blaðanna. Blöðin eru boðberar; eftir skýrslum þeirra og ummælum myndar þjóðin sjer skoðun á málinu. Jeg skal ekkert um það dæma, hvort skýrsla þeirra sje rjett; það er eitt af því, sem rannsaka á. Fyrsta ástæðan til þess, að bankinn varð tortryggilegur, er að ýmsu leyti rás viðburðanna. Stórkostleg gjaldþrot á síðustu tímum, sem orsakast af því, að lagt hefir verið í fyrirtæki, sem ekki gátu staðið straum af lánum sínum, vegna þess, hve tíminn er óstöðugur og alt í óvissu, og alt leikur á lausum kili, en það eru afleiðingar stríðsins, sem valda því. En þetta segir ekkert beint um það, hvort lánsstofnunin hefir farið óforsvaranlega að ráði sínu. Þegar blöðin berast út til þjóðarinnar með skýrslur um töpin, þá er von, að henni gremjist, og það því fremur, er þungir dómar fylgja frásögninni. Þeim dómum á nú með tillögunni að skjóta til sjerstakrar þingnefndar.

Þá hafði hv. þm. Dala. (BJ) það rjettilega eftir mjer, að það væri ekki auðhlaupið að því, að komast að sannvirði tryggingarinnar. Jeg ítreka það hjer, að það er erfitt. Jeg get nefnt sem dæmi, ef bankinn hefir tryggingu í húsi í Reykjavík eða skipi. Hvers virði sú trygging er, er mikið komið undir framtíð bæjarins, hvort hjer er hallæri, góðæri, fiskirí eða aflaleysi. En er sami hv. þm. (BJ) segir, að jeg vilji ná niðurstöðu með rannsókninni, þótt jeg hafi

áður sagt, að ómögulegt væri að ná henni, þá víkur hann við rjettu máli. Þótt ekki sje hægt að komast að fullri niðurstöðu, þá má þó komast að ýmsum mikilsverðum atriðum, sem varpa ljósi yfir hlutina. Það má fá hugboð um tryggingarnar og komast að því í stórum dráttum, hvernig bankinn ráðstafar fje sínu og hefir haldið á efnum sínum. Þetta getur og gefið þinginu hugmynd um, hvort bankinn muni ekki geta breytt vaxakjörum sínum, breytt starfrækslunni til batnaðar o. s. frv., svo sem jeg gat um í fyrri ræðu minni.

Þeir, sem halda því fram, að ekki megi hreyfa neitt þessum málum, hefðu átt að sjá um, að miklar umræður spynnust ekki út að þessari till. Þeir hefðu átt að geta komið sjer saman um að fella þetta eða samþykkja umræðulaust. Þessar umræður verða hljóðbærar, eigi síður en annað, sem um bankann er sagt. Skal jeg ekki verða til þess að hella olíu í eldinn, og get lokið máli mínu.

Magnús Kristjánsson: Jeg get verið mjög stuttorður, því að í rauninni þarf jeg engu að svara, sem fram hefir komið síðan jeg talaði síðast. Því mun vera þannig varið með mig og hv. þm. Dala (BJ), að við erum báðir nokkuð bráðlyndir og bersöglir, en hvorugur neitt sjerlegt fúlmenni, og býst jeg við, að við höfum nú samið nokkurskonar vopnahlje um þetta mál í bráðina. Annars er jeg ánægður yfir þessum umræðum; það hefir töluvert upplýst með þeim. T. d. hefir hæstv. forsrh. (SE) upplýst það, að stjórn Íslandsbanka hafi lýst yfir því, að ekki þyrfti að búast við meira tapi, og að bankinn væri fær um að sjá um sig sjálfur framvegis. Þetta er hið mesta gleðiefni.

Þá var mjer ekki síður ánægjuefni ræða hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hann stóð upp til að færa varnir fyrir stjórnina og lýsti yfir, að hann og hans flokkur væri sammála öllum gerðum stjórnarinnar í þessu máli. Hjer hefir stjórninni því bæst nýtt fylgi, og er það vel farið, því að fylgi hennar hefir ekki verið svo öflugt, sem skyldi. Af því, sem fram er komið, ætti að mega vænta þess, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) og hans nánasta fylgilið veiti hæstv. stjórn þann stuðning, sem með þarf, til þess að hún geti haldist við völdin fyrst um sinn Þá má segja, að sagan um Heródes og Pílatus endurtakist. Nú er stjórnin þá væntanlega komin yfir örðugasta hjallann.

Viðvíkjandi hæstv. forsrh. (SE), þá hefir hann fullkomlega kannast við, að jeg hafi skýrt rjett frá **(Forsrh. SE:** Nei), er jeg segi, að stjórnin hafi oft verið beðin um upplýsingar, bæði munnlega og skriflega, en hann ekki haft svo mikið við þá menn, sem það gerðu, að virða þá svars. **(Forsrh. SE:** Jeg hefi hvorki verið beðinn munnlega nje skriflega). Jæja; þá verð jeg að segja, að hæstv. forsrh. (SE) er of mikill „diplomat", því hvorki hann nje aðrir skilja, hvað hann fer, þegar hann hvað eftir annað neitar staðreyndum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki verða mjög langorður, til þess að verða þess ekki valdandi, að umræðurnar dragist langt fram á nótt. Enda eru umræður þegar orðnar alllangar og málið skýrt frá ýmsum hliðum.

Jeg verð að játa, að jeg varð mjög

hissa, er jeg sá, að þessi tillaga hv. flm. var fram komin. Tilætlunin gat engum dulist. Hjer átti gagngerð rannsókn fram að fara á hag bankans. Og því meir undraðist jeg, er jeg sá, að meðal flutningsmannanna var einn bankamaður. Honum hefði þó átt að vera fullljóst, að það var a l l s ó m ö g u l e g t fyrir þingnefnd að framkvæma slíka rannsókn á þeim stutta tíma, sem eftir var þings, þegar till. kom fram, og það þótt sú nefnd hefði ekkert unnið að þingstörfum á meðan.

Hins vegar skil jeg vel, að hv. flm. hafi þótt ástæða til að flytja tillögu um einhverskonar rannsókn, eftir að jeg hefi heyrt yfirlýsingu hv. þm. V.-Sk. (LH) um, að fjármálaráðherrann hefði skýrt Framsóknarflokknum frá, að hann hefði engan aðgang að bankanum, til að rannsaka hag hans eða tryggingar ríkissjóðs fyrir enska láninu. Það er því afsakanlegt og skiljanlegt, að slík tillaga kæmi fram, þegar slík yfirlýsing var gefin af þeim ráðherra, sem átti að hafa eftirlit með tryggingunum fyrir láni ríkissjóðs til bankans. En nú hefir það komið í ljós, að sumir hv. flm., og þar á meðal hv. frsm. (SvÓ), hafa fengið aðrar upplýsingar eftir að till. kom fram. Í fyrri ræðu sinni gaf hv. frsm. (SvÓ) fulla ástæðu til að ætla, að hjer væri um raunverulega rannsókn að ræða, en nú hefir hann dregið í land, eftir að hann sá, að forsendur þær, sem fjármálaráðherra gaf flokknum, voru ekki rjettar og að rannsókn, eins og till. fer fram á, er óframkvæmanleg. Nú vill hann taka gildar allar yfirlýsingar, sem hinir stjórnskipuðu bankastjórar vilja gefa stjórn og þingi.

Það mætti ef til vill gera ráð fyrir, að svo væri litið á, að það hefði einhver áhrif á skoðun mína í þessu máli, að jeg er starfsmaður við eina deild Landsbankans. En svo er ekki, og skal jeg taka það fram, að stjórnendur Landsbankans hafa aldrei reynt að hafa áhrif á framkomu mína í stjórnmálum. Hinu skal jeg lýsa yfir frá eigin sjónarmiði, að jeg álít, að það yrði til ógagns, einnig fyrir Landsbankann, ef þessi till. verður samþykt. Kæmi það fyrir, að traustið á Íslandsbanka væri veikt svo mjög, að hluthafarnir óskuðu að láta bankann hætta að starfa, þá væri það sama og að loka öðrum lánsstofnunum. Það er hætt við, að lánstraust ríkisins reyndist ekki svo mikið, sem þyrfti, til að halda öllum viðskiftum áfram, að minsta kosti ekki nú sem stendur, þó að vonandi sje, að það verði betra í framtíðinni. Þeir menn, sem virðast hafa það að markmiði að koma Íslandsbanka fyrir kattarnef, hafa bersýnilega ekki gert sjer grein fyrir afleiðingunum. En þær virðast auðsæjar, því að þá yrði alment hrun. Færi svo, að eignir viðskiftamanna bankans væru yfirleitt settar á uppboð, þá er fyrirsjáanlegt, að innieigendur í Landsbankanum og öðrum peningastofnunum, tækju út sparifje sitt, til þess að kaupa við sárlitlu verði eignir hinna ógæfusömu viðskiftamanna Íslandsbanka, auk alls annars fjárhagsböls og atvinnuleysis, sem af lokun bankans leiddi.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) vildi gera samanburð á ástandinu í Íslandsbanka og í Landsmandsbanken. Hv. þm. Dala. (BJ) hefir nú bent á, að það sje ekki sambærilegt, og vil jeg undirstrika, að það er mjög ólíkt, sem betur fer. Bankastjórarnir í Landmandsbanken „spekúleruðu“ með fje bankans, að því er virðist í eigin hagsmuna skyni, en slíku er

ekki til að dreifa með bankastjóra Íslandsbanka.

Jeg vil nú leyfa mjer, út af ummælum blaðs eins hjer í bænum, að fara nokkrum orðum um tap, sem varð við útibú Landsbankans á Ísafirði 1919. Blaðið virðist hafa reiðst út af því, að jeg varð nokkuð harðorður í eldhúsdagsumræðunum við þáverandi fjármálaráðherra (MagnJ), og segir, að jeg ætti fyrst að gera hreint fyrir mínum dyrum og borga tap, sem orðið hafi við útibúið, áður en jeg vítti aðra.

Jeg skal nú skýra hv. deild frá orsökunum til síldartapsins á Ísafirði 1919.

Í stríðslok var það álit allra, að mjög mikill feitmetisskortur yrði hjer í álfunni, og því myndu allar feitmetisvörur hækka mjög í verði, enda hafði síld og lýsi stöðugt haldið áfram að hækka. Sjerstaklega var vitanlegt, að í Þýskalandi og Rússlandi var lítið um feitmetisvöru. Því var það, að margir menn, fleiri en áður, gerðu nú út á síld, og aflinn varð óvenjumikill. Þegar kom fram í september, fer að koma í ljós, að vafasamt væri, hvort Þýskaland og Rússland gætu keypt síld, vegna skorts á erlendum gjaldeyri. Þar við bættist, að Finnar bönnuðu innflutning á síld, vegna þess að þeir vildu nota ljelegri vöru, veidda af landsmönnum sjálfum, til að losna við að þurfa að greiða erlendan gjaldeyri og til að hjálpa innlendum síldveiðum. Alt þetta kom í svo skjótri svipan, að þeir, sem seldu ekki í ágústmánuði, gátu alls ekki selt.

Svíar, sem eru ein hin mesta síldarneytenda- og síldarsöluþjóð, höfðu þá þegar keypt mikið af íslenskri síld, svo mikið, að óhugsandi var, að hún yrði öll notuð í landinu. Þeir sáu því fyrir stórskaða á kaupunum og reyndu með öllu móti — má óhætt segja með rjettu og röngu — að losna við gerð kaup, og því miður voru „Slutseðlar", sem gerðir voru í Kaupmannahöfn af miðlarafirma þar, svo rúmir, að þeim tókst það í mörgum tilfellum. T. d. fóru þangað frá Ísafirði 3000 tunnur, sem seldar voru til firma í Gautaborg, og minna en ekkert fekst fyrir.

Þetta var gersamlega ófyrirsjáanlegt, og má meðal annars marka það á því, að öll hin gömlu síldarsölufirmu í Svíþjóð töpuðu stórfje á íslensku síldinni, flest þeirra svo, að þau hafa ekki rjett við síðan.

Þeir menn, sem útibú Landsbankans á Ísafirði tapaði stórlega hjá á síldinni 1919, voru í ársbyrjun mjög vel efnum búnir og dugandi útgerðarmenn. Það eina tilboð, sem þeir höfðu, var um sölu á ca. 1200 tunnum af reknetasíld, en þar sem það var besti hluti síldarinnar, þótti viðsjárvert að selja þessa bestu síld út úr heildinni, ca. 10000 tunnum, því álitið var, að reknetasíldina væri altaf auðvelt að selja.

Það má nú ef til vill kenna mjer um, að þessar 1200 tunnur voru ekki seldar, því jeg var þess ekki hvetjandi. En jeg neita því fastlega, að hjer hafi verið um nokkra „spekúlation" að ræða frá minni hendi. Þessir menn veiddu með eigin skipum og keyptu ekki síld af öðrum þeir seldu 3000 tunnur með tapi, svo þær hefðu betur verið óseldar; en jeg skal gjarnan taka á mig, ásamt þeim ábyrgðina á því, að þeir seldu ekki þessar 1200 tunnur, þegar þeir gátu það. Meðstjórnendur mínir við útibúið eru lausir við alla ábyrgð í því efni.

Hins vegar setti jeg öllum, sem

„spekúleruðu“ í síld 1919, þ. e. keyptu síld af öðrum til verkunar og útflutnings, það skilyrði, að selja fyrir ágústmánaðarlok, því að víxlana átti að greiða 15. september.

Að jeg setti ekki þessum áminstu útgerðarmönnum sömu skilyrði, kom af tvennu:

1. Þeir voru vel efnaðir menn og útgerðin gekk ágætlega. En það var, því miður til stórskaða, því ef þeir hefðu aflað lítið, þá hefði skaðinn ekki orðið þeim tilfinnanlegur; en af því að aflinn varð um 12000 tunnur hjá þessum tveimur mönnum, varð 1 milj. kr. tap.
2. Jeg sá enga hættu á því, að síldin seldist ekki, og jeg hafði áður, á fyrri árum, látið þessa menn selja strax og útgerðarkostnaður fekst greiddur, en stórgróði hefði þeim orðið þá að bíða nokkru lengur. En meðan þeir voru lítt efnaðir, vildi jeg, að gætt væri frekustu varúðar.

Af þessu, sem jeg nú hefi sagt, vona jeg, að hv. þm. geti felt sinn dóm um tapið hjá bönkunum á síldveiðinni, því að líkt mun ástatt hjá öðrum bönkum.

En um það tilfelli, sem jeg hefi gert hjer að umtalsefni, skal jeg að lokum geta þess, að jeg vil ekki, að alt þetta umrædda tap útibúsins sje reiknað því til skuldar, þó að svo sje gert reikningslega, því að þar eiga aðrir líka talsverða sök á. Og það er ósatt, að jeg hafi gefið eftir 500 þús. kr. af skuldum útibúsins.

Jeg hefi komið með þessa skýringu af því, að sum blöðin hafa kallað þetta síldar-„spekúlation“.

Nú gætu sumir álitið, að jeg væri að bera hönd fyrir höfuð Íslandsbanka, af því að jeg væri sekur um það sama og hann, eða máske líka af því, að jeg er hluthafi í Íslandsbanka. En þegar fyrirspurnin um hlutafjáreign þingmanna í Íslandsbanka kom fram, sendi jeg hæstv. forsætisráðherra skýrslu um eign mína í honum. Eru það 1500 kr., sem jeg á þar, og er ólíklegt, að nokkur maður trúi því, að jeg sje hlutdrægur vegna þeirra.

Jeg óska, að samvinna og samkomulag haldist milli bankanna. Það er meir en nóg verkefni handa þeim báðum að vinna að viðreisn atvinnuveganna. Ef menn skiftast í flokka og fylkja sjer með harðvítugheitum á móti öðrumhvorum bankanna, þá mun það áreiðanlega hefna sín, ekki einungis á bönkunum, heldur fyrst og fremst á þjóðinni. Þetta er ekki meint til hv. flutningsmanna, þótt vitanlega hafi ýms orð fallið hjer í deildinni, sem hefðu mátt vera ósögð.

Jakob Möller: Umræður um þetta mál hafa nú staðið 12 klukkustundir, og jeg verð að segja, að þetta þing hefir ekki varið tíma sínum ver í annað skifti. Jeg hefi hlustað gaumgæfilega á umr., og jeg verð að segja það, að þegar forseti hafði nærri slitið umræðum áðan, þá vissi jeg ekki, um hvað jeg átti að greiða atkvæði.

Jeg skildi till. svo, er hún kom fram, að ætlast væri til, að þingið framkvæmdi sjálfstæða rannsókn á hag Íslandsbanka. En hv. frsm. (SvÓ) gaf þá skýringu, að till. væri aðeins komin fram til að fá skýrslu frá bankastjórninni um hag bankans.

Jeg hefði nú ekkert verið hræddur við að greiða atkv. mitt með því, að skipuð væri nefnd til þess að rannsaka hag Íslandsbanka. Jeg held einmitt, að

það væri eina ráðið til að koma á friði um þetta mál. Hins vegar skil jeg þó afstöðu þeirra manna, sem eru þessu mótfallnir. Þeir óttast það, að slík rannsókn kynni að verða hættuleg lánstrausti bankans erlendis. En tillaga þessi er komin fram fyrir hálfum mánuði, og vika liðin síðan byrjað var að ræða hana. Ef hún gæti haft einhver skelfileg áhrif á lánstraust bankans, þá væru þau áreiðanlega farin að koma í ljós.

Jeg held, að skipun nefndar hafi engar afleiðingar, hvorki út á við nje inn á við, nema þá að friða hugi manna. Jeg tel óþarft að óttast, að það gæti eyðilagt lánstraust landsins erlendis. Þó að lánstraust bankanna megi að vísu telja allmikið, eftir atvikum, þá er því þó þannig varið, að það mundi varla raskast við þetta. Það er alkunna, að bankar flestra þjóða hafa við erfiðleika að stríða á þessum tímum, svo að enga mun undra, þótt hjer sje um hið sama ástand að ræða. Enda er það alkunna, bæði innanlands og utan, að Íslandsbanki hefir átt við slíka erfiðleika að stríða nú árum saman.

Það er von, að menn amist við rannsókn, ef þeir álíta, að það spilli fyrir bankanum. En ef rannsóknin leiddi það í ljós, að bankinn stæði tiltölulega vel og ekkert væri að óttast, þá ætti rannsóknin ekki að spilla fyrir honum, heldur þvert á móti. Og jeg er sannfærður um það, að nefnd, sem nú væri látin athuga hag bankans, gæti ekki að loknu starfi látið uppi annað álit en að hagur bankans væri tiltölulega góður.

En nú fara þinglausnir að nálgast, og á einum hálfum mánuði er ekki mikið hægt að gera. Það er ekki hægt nema með löngum tíma og ítarlegri rannsókn, að komast að alveg óyggjandi niðurstöðu í slíku máli. Og þó aldrei hægt til hlítar, vegna þess, hve tímarnir breytast.

Það var undirstrikað hjá hv. þm. Ak. (MK), að skýrslur þeirra Bjarna Jónssonar og nefndarinnar 1921 hefðu aðeins verið miðaðar við yfirstandandi tíma. Þetta er alveg rjett. Og jeg vil undirstrika það enn frekar, að skýrsla Bjarna hafi verið alveg eins ábyggileg á sínum tíma eins og skýrsla nefndarinnar á þeim tíma, sem hún var gerð. Bjarni gerði að vísu ekki ráð fyrir neinu tapi. Nefndin gerði aftur á móti ráð fyrir talsverðu tapi, en eins og það kom í ljós síðar, að bankinn hlaut að tapa, þó að ekki væri komið neitt í ljós um það 1920, þá getur það og komið í ljós síðar, að tap bankans verði meira en nefndin frá 1921 áætlaði, því segja má, að kringumstæðurnar breytist frá degi til dags, auk heldur frá ári til árs. Og margt hefir breyst síðan árið 1921. Hagur bankans fer auðvitað eftir því, hvernig fer með hag landsins í heild sinni. Er því hætt við litlum árangri af rannsókn nú, því slíkt sjest ekki fyrir með neinni vissu.

En það gæti verið mikið unnið við það, ef slík skoðun gæti orðið til þess, að allir landsmenn gætu orðið ásáttir um að efla hag bankans. Og ef sú hefði orðið lausn þessa máls, þegar um það var rætt á lokuðum fundi hjer í byrjun þings, að slík athugun færi fram í kyrþey, þá hefði farið betur. Jeg harma því, hvernig fór með þetta mál í þingbyrjun.

Hv. þm. Dala. (BJ) segir, að bankastjórnin hefði ekkert haft á móti því, að formenn eða trúnaðarmenn þingflokkanna fengju að athuga hag bank-

ans. Það er því aðeins nokkur hluti þingsins, sem telur það varhugavert. Bankinn álítur það auðsjáanlega ekki hættulegt; annars hefði hann ekki boðið það fram. Það stappar því nærri því, að það sje óskiljanlegt, hve mikill eldur hefir kviknað um þetta mál hjer á þingi.

Jeg hafði hugsað mjer að greiða ekki atkv. í þessu máli. Ekki vegna þess, að jeg telji mjer ekki heimilt, vegna sjerstakrar aðstöðu til bankans, að greiða atkvæði hvernig sem mjer líst. En eftir að því hefir verið lýst yfir, að bankastjórninni sje ljúft að leyfa fulltrúum flokkanna að athuga hag bankans, og eftir að aðalflutningsmaður till. þeirrar, sem hjer er til umræðu, hefir lýst því yfir, að nefndinni sje ekki annað hlutverk ætlað, en að fá skýrslu bankastjórnarinnar um hag bankans, greiði jeg hiklaust atkvæði með tillögunni.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal leiða hjá mjer að svara flestu af því, sem fram hefir komið. Aðeins víkja að því, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði. Jeg hefi litið svo á, að till. þessi væri eins hugsuð og hún er orðuð, og hún nefnir hvergi þá rannsókn, sem hjer hefir verið rætt svo mikið um. Hinn naumi tími til þingloka sýnir líka, að hún gat aldrei gert ráð fyrir öðru en athugun þeirra gagna og upplýsinga, sem bankastjórnin gat í tje látið. Enginn gat vænst þess, að hún gæfi einstökum mönnum slíkar upplýsingar, en þess verð jeg að vænta, að hún teldi sjer skylt að gefa trúnaðarmönnum þingsins þvílíkar upplýsingar, og myndu þær greiðlega í tje látnar. Að þetta er meining okkar, má sjá fyrst og fremst af því, að við höfum óskað eftir því, að þessi athugun færi fram í kyrþey. Í öðru lagi af því, að þetta kemur svo seint fram, að ekki mundi tími vinnast til rannsókna. En þó að fáir dagar sjeu eftir af þinginu, þá ætti þó að vera nægur tími til að taka á móti skýrslu bankastjórnarinnar, þótt ekki sje tími til að fara í gegnum allar bækur bankans og skjöl.

Mjer fanst þessi hv. þm. (JakM) taka með meiri þekkingu og gætni á þessu máli en ýmsir aðrir hv. þm., sem talað hafa. Hann hefir engar getsakir gert okkur flutningsmönnum tillögunnar, og tekið hana eins og hún liggur fyrir, með þeirri skýringu, sem jeg gaf í framsögu.

Vjer flm. höfum með till. rækt beina skyldu vora, og engum, sem þekkir til úti um sveitir landsins, mun þykja ótímabært að fá vitneskju um horfur peningamálanna. Það er alkunna, að fólkið yfirleitt kennir bankanum um lággengið og kröggurnar, þótt vitanlega sjeu fleiri gjörendur í því máli. Hann verður þó jafnan talinn stærstur.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvernig atkv. falla, og tel, að við það, sem er fram komið, sje þegar nokkuð fengið, þótt fyrirheitin einhver frá hendi talsmanna bankans kunni að misfarast.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. Ak. (MK). Hann viðhafði þau orð, að hann mátti vænta svars við þeim. Hv. þm. (MK) gengur út frá því, að úr því að jeg er ekki í stjórnarflokknum, hljóti jeg að vera á móti öllu því, sem stjórnin gerir, hvort sem það er rjett eða rangt. En jeg vil segja honum það, að jeg skil stöðu mína sem þingmaður svo,

að mjer beri að styðja mál, sem jeg tel rjett, hvort sem jeg er stuðningsmaður stjórnar eða ekki. Hann þarf því ekki að skipa mjer í stjórnarflokkinn, þótt jeg fylgi stjórninni í þessu máli. Jeg ætla ekki að gera honum sömu skil og geta þess til, að hann sje með þessari till., sem hjer er til umr., af því að hann sje að slíta fylgi við stjórnina. Þvert á móti ætla jeg að geta þess til, að hann verði fylgismaður hennar áfram. Hæstv. stjórn þarf því ekki míns fylgis með Hún hefir, eins og hv. þm. Ak. (MK) sagði í dag, Móse og spámennina. Hún hefir Framsóknarflokkinn til fylgis, og það er víst ekki hætt við, að hann reynist ekki nógu tryggur.

ATKVGR.

Brtt. 340,1 (ný tillgr.) samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, BSv.

nei: PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EE, IngB, JakM, JB, MK.

LH greiddi ekki atkv.

Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.

Brtt. 340,2. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo orðuð, með fyrirsögninni

Þingsályktun um tryggingar fyrir enska láninu,

afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 408).

13. Tryggingar fyrir enska láninu (till. í Ed.).

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu í sambandi við enska lánið (A. 299).

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. og 43. fundi í Ed., dagana 16. og 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 21. apríl, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 299, 348, 349).

Flm. (Einar Árnason): Atvikin hafa hagað því svo, að við flutningsmenn þessarar tillögu höfum orðið að fara nokkuð aðra leið í þessu máli en við hefðum helst kosið. En þó að sú leið, er við töldum æskilegasta, reyndist útilokuð, þá gátum við þó ekki látið þetta mál með öllu niður falla, vegna þess, að við teljum, að hjer sje um svo mikilvægt alþjóðarmál að ræða.

Í fyrsta lagi liggja þau drög til þessa máls, að við teljum það skyldu hvers einasta þingmanns, og þá þingsins í heild, að gera sjer sem ljósasta grein fyrir fjárhagsástandi landsins, bæði út á við og inn á við. En þar sem fjárhag-

ur ríkissjóðs og fjármálaviðskifti þjóðarinnar er svo samtvinnað þeirri peningastofnun, sem tillagan ræðir um, þá verður ekki hjá því komist að athuga hvorttveggja í senn, ef hugsanlegt á að vera að vita deili á öðruhvoru. Um fjárhagsástand ríkissjóðs verður því ekkert sagt með vissu, öðruvísi en með því að kynna sjer að einhverju leyti þá peningastofnun, sem hefir haft í hendi sjer viðskiftafjöregg þjóðarinnar og spunnið hefir örlagaþræðina um fjárhagslega afkomu hennar á síðustu tveim áratugum.

Í öðru lagi er það vitanlegt, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir vænst þess, að þetta þing tæki bankamálin til rækilegrar athugunar, og gerði sitt ítrasta til að leysa viðskiftalífið úr þeim læðingi, sem það liggur nú fjötrað í. Úr flestum kjördæmum landsins berast kröfurnar um þetta, ótvíræðar og ákveðnar. Þjóðin horfði til þingsins með þeirri von og vissu, að það ljeti endurbót þessara mála sitja fyrir öllu öðru. Enda má óhætt segja, að ef þessu þingi auðnaðist að greiða vel úr banka- og viðskiftamálunum, þá hefði það unnið ómetanlegt stórvirki og leyst mikil vandræði af höndum þjóðarinnar. Jeg verð að játa, að þegar jeg fór til þings í vetur, taldi jeg víst, að þetta mál yrði eitt aðalviðfangsefni þess. Jeg þóttist þess fullviss, að bæði landsstjórnin og leiðandi menn bankanna mynduhafaeinhverjar tillögur að gera þessu ástandi til umbóta. En því miður hefir þetta alt brugðist. Ekkert er gert. Þingið veit lítið um málið og þjóðin enn þá minna. Það eina, sem þjóðin veit, er það, að fjármála- og viðskiftalífið sigldi í strand fyrir þrem árum; að skilamennirnir hafa orðið að greiða á þessum árum óhæfilega háa vexti til bankanna, vegna vanskila annara; að þjóðin borgar miljónir á ári út úr landinu vegna gengismunar, sem skapast hefir af óheilbrigðri fjármálastjórn; að hún hefir lánað Íslandsbanka fje, sem nemur fullum 7 miljónum króna, eftir núgildandi verðlagi á íslenskum peningum; loks, að fjárkreppa og dýrtíð er að drepa allan framkvæmdaþrótt í landinu.

Þetta er sjúkdómur í viðskiftalífinu, sem ekki má láta ráðast, hvernig snýst. Það þarf að þekkja ræturnar til meinsins og byrja þar lækninguna. Og það er trú mín, að ef bankarnir, landsstjórnin og þingið vildu hefja heilhuga samstarf til þess að greiða úr þessum málum, þá megi komast langt í endurbótum á tiltölulega skömmum tíma.

Jeg hefi heyrt það utan að mjer, síðan þessi tillaga kom fram, að fyrir okkur flutningsmönnum hennar vaki það eitt að veikja traustið á Íslandsbanka og gera honum erfitt fyrir, með öðrum orðum, að hjer sje ofsókn á ferðinni. Þessu vil jeg eindregið mótmæla. Við erum reiðubúnir til að styðja bankann að hverju góðu verki. Við teljum það skyldu okkar gagnvart þjóðinni. En aftur á móti viljum við krefjast þess, að okkur sje sýnt fult traust af bankanum og að engin leynd sje viðhöfð gagnvart fulltrúum þjóðarinnar. Það er vissasti vegurinn til þess, að bankinn vinni aftur það traust, sem hann áður naut, en óneitanlega hefir rýrnað á síðustu árum.

Það er ekki úr vegi að athuga í þessu sambandi, hvað það er, sem þjóðin hefir látið Íslandsbanka í tje, og hvað hann hefir veitt henni í staðinn.

Honum hefir verið veittur einkarjettur til seðlaútgáfu; það hefir verið látið

óátalið, þótt hann ræki sparisjóðsstörf; það hefir verið ljett af honum innlausnarskyldunni og honum hefir verið veitt undanþága frá því að greiða nokkra opinbera skatta. Af þessum fríðindum er seðlaútgáfan mikilvægust. Framan af starfsárum bankans var hún allmikið takmörkuð, en þegar á leið, var smámsaman rýmkað um þetta, og að lokum ljet þingið þetta að mestu eða öllu leyti á vald landsstjórnarinnar og bankans. Með þessari takmarkalausu eða takmarkalitlu seðlaútgáfu er bankanum fengið í hendur nokkurskonar einveldi í fjármálum þjóðarinnar út á við. Það liggur í hlutarins eðli, að undir honum var þá að miklu leyti komið, hvernig fjárhagnum reiddi af, því að það var hans hlutverk sem seðlabanka að hafa vald á fjárreiðum landsins gagnvart útlöndum.

Jeg hefi enga tilhneigingu til að draga fjöður yfir það gagn, sem Íslandsbanki hefir gert landinu. Þvert á móti viðurkenni jeg fúslega, að hann hefir hrundið hjer af stað ýmsum gagnlegum framkvæmdum; hann hefir eflt og aukið sjávarútveginn að miklum mun og með því aukið framleiðsluna. En hann hefir líka stofnað til ýmsra tvísýnna verslunarframkvæmda, og enn fremur lánað mikið fje til húsabygginga í kaupstöðum og sjávarþorpum, og með því beint fólksstraumnum úr sveitunum til sjávarsíðunnar. Er það álit margra, að á sumum þessum sviðum hefði bankinn þurft að gæta meiri varúðar. En tilhneiging hans til að græða á seðlaútgáfunni hefir farið með hann í gönur.

Á stríðsárunum, sem voru að mörgu leyti veltiár í verslun, græddi bankinn því meira sem hann setti meira út í umferð af seðlum. Freistingin var auðvitað mikil, en varygðin lítil. Þegar svo verðfallið skall yfir, kom það í ljós, að gróði stríðsáranna var falskur, því að peningarnir, eða rjettara sagt seðlarnir óinnleysanlegu, höfðu verið settir í fyrirtæki, sem hrundu í rústir við fyrsta vindkast örðugleikanna. Þá fyrst varð það ljóst, að bankinn hafði ekki gætt þeirrar skyldu, sem á honum hvíldi sem seðlabanka, sem sje þeirrar, að gefa ekki meira út af verðmiðli en hægt var að rísa undir, þótt eitthvað bjátaði á. Síðan hefir seðlamergðin verið bankanum hið mesta harmabrauð.

Vitaskuld kemur mjer ekki til hugar að halda því fram, að bankinn hefði getað komist í gegnum þá fjárhagsörðugleika, sem gengið hafa yfir öll ríki veraldarinnar, án þess að verða fyrir einhverju tjóni. Slíkt var óhugsanlegt. En hann hefir tapað óþarflega miklu og þjóðinni hefir blætt of mikið í það fórnartrog.

Sakir standa þá þannig: Íslandsbanki er lamaður, — vanmegna þess að bæta úr viðskiftaþörfum þjóðarinnar. Þjóðin er búin að bíða 3 ár eftir því, að þetta ástand lagaðist. Ríkissjóður hefir lánað bankanum allmikið fje. Landsbankinn sömuleiðis. Þó virðist engin breyting til batnaðar. Er þá ekki ástæða til þess, að þingið láti sig einhverju skifta hvernig því er varið með þessi lán?

Nú er þess ekki að dyljast, að úti á meðal þjóðarinnar er nokkur uggur um það, hvort þessi lán til bankans sjeu svo trygð, sem skyldi. Sje þessi uggur ástæðulaus, þá er nauðsynlegt að kveða hann niður. Það er báðum málspörtum betra.

Það er næsta líklegt, að fyrsta spurn-

ingin, sem fyrir okkur þingmenn verður lögð, þegar við komum heim af þingi, verði eitthvað á þessa leið: Hvernig eru lánin til Íslandsbanka trygð og hverjar vonir eru um, að svo fari að rakna fram úr fyrir bankanum, að hann geti farið að greiða eitthvað fyrir viðskiftum manna? Ef sama þögnin og sama leyndin á að hvíla yfir þessu máli áfram eins og hingað til, þá sje jeg ekki annað en að svarið hjá okkur æðimörgum hljóti að verða eitthvað á þessa leið: Jeg veit það ekki. Stjórnin nefndi það ekki, og þingið ljet sig það engu skifta.

Jeg býst ekki við, að nokkur einasti þingmaður sje ánægður með að gefa þessi svör; en jeg sje ekki heldur, hvernig hægt verður að gefa önnur svör, ef þessari tillögu verður ekki sint.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni; það er ekki ólíklegt að tilefni gefist síðar til þess að fara nákvæmar út í einstök atriði. Jeg verð þó að kvitta fyrir 2 brtt., sem fram hafa komið við tillögu okkar. Það er ekki ástæða til að viðhafa mikla snúninga við þessar brtt., en þær eru þannig vaxnar, að við flutningsmenn sjáum okkur ekki fært að greiða þeim atkvæði. Báðar brtt. hafa það sameiginlegt að draga úr þeirri vitneskju, sem till. okkar ætlast til, að þingið fái um bankann, með því að binda athugunina einungis við tryggingarnar fyrir enska láninu En eins og þáltill. ber með sjer, er ætlast til nokkurs meira.

Í till. stendur, að nefnd sú, sem skipuð yrði, eigi samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar að kynna sjer, svo sem unt er, fjárhagsaðstöðu bankans gagnvart ríkinu. Með þessu er þó ekki sagt, að hefja skuli gagngerða rannsókn í venjulegri merkingu þess orðs. Þótt það væri vitanlega ekkert á móti því, þá væri það óframkvæmanlegt, því að til þess er enginn tími nje möguleikar nú. Það, sem við flutningsmenn ætlumst til, er það, að nefndin fái nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur um alt það, er nauðsynlegt er að vita um ásigkomulag og horfur með fjárhag bankans, svo og viðskiftamöguleika í framtíðinni. Nefndin þarf að gera sjer ljóst, í samráði við bankastjórnina, hverra ráða þarf að leita og hverjar vonir eru um það, að bankinn geti farið að starfa að nauðsynlegum viðskiftamálum þjóðarinnar og greiða fyrir framkvæmdum hennar og atvinnuvegum; og í öðru lagi að athuga, hvort bankinn muni ekki með einhverjum hætti geta stutt að lagfæringu gengisins.

Við flutningsmenn teljum víst, að bankastjórn Íslandsbanka sje ljúft að eiga tal um þetta við trúnaðarmenn þings og þjóðar, og láti þeim því fúslega í tje allar nauðsynlegar skýrslur og aðstoð. Einnig álítum við, að henni mundi vera ljúft, að gerðar væru einhverjar tillögur til að bæta úr því ástandi, sem nú er. Við getum því ekki gengið inn á brtt., vegna þess, að okkur fanst ekki nóg að vita um tryggingarnar einar saman.

Jeg hefi nú reynt að skilgreina, hvað fyrir okkur flutningsmönnum vakir, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að í þessari hv. deild yrðu málaðar samskonar myndir af vissri persónu, eins og átti sjer stað í hv. Nd., við umræðurnar um þetta mál.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Þegar enska lánið var tekið, gekk nokkur hluti þess til þess að greiða áfallin gjöld rík-

issjóðsins, en hinu var skift á milli bankanna. Landsbankinn fekk sitt lán án þess að setja fyrir því tryggingu. Jeg læt þess aðeins getið, án þess að jeg sje að átelja það. Bankinn naut þess þar eins og fyrri, að hann er eign landsins. En Íslandsbanki fekk stærstu fúlguna og setti veð fyrir láninu. Það var fyrverandi stjórn, sem lánið veitti og tók á móti veðinu.

Skömmu eftir að þetta hafði gerst urðu stjórnarskifti, en við fjármálastjórninni tók maður, sem var flokksbróðir þeirra 14 manna, er nú báru fram í þinginu tillögu um rannsókn á Íslandsbanka, og þá meðal annars rannsókn á tryggingunni fyrir enska láninu. Ástæða var því til þess að ætla, að þessir 14 þingmenn mundu bera traust til ráðherra síns og flokksbróður og una því vel, að veðið væri undir yfirstjórn hans. Að sjálfsögðu átti það að vera eitt af fyrstu skylduverkum hans að kynna sjer tryggingarnar fyrir láninu og sjá um að halda þeim svo við, að þær rýrnuðu ekki. Að sjálfsögðu var það skylda hans að gefa ekki aðeins flokksbræðrum sínum, heldur öllu þinginu skýrslu, ef veðið rýrnaði á nokkurn hátt, án þess að bankinn bætti úr því, og yfir höfuð heimta allar þær tryggingar, er hann taldi nauðsynlegar.

Það er víst, að fyrverandi fjármálaráðherra gaf þinginu enga slíka skýrslu, og jeg leyfi mjer að fullyrða, að hann fór ekki fram á neitt það í tryggingaráttina, sem bankinn ekki uppfylti.

Sjeu ráðherranum ekki gerðar getsakir um vítaverða vanrækslu á embættisskyldu hans í þessu efni, eða því að honum dróttað, að hann hylmaði yfir með bankanum á einhvern hátt, — og hvorugt þetta vil jeg gera —, þá verður ekki dregin önnur ályktun af því, að hann gaf enga skýrslu um málið, en sú, að hann hafi sjálfur verið sannfærður um, að veðið væri nægilegt og tryggilega um það búið. Jeg verð líka að gera ráð fyrir því, að fjármálaráðherrann hafi nú verið kunnugastur veðinu allra manna, annara en bankastjóra Íslandsbanka.

Hins vegar hefir því verið svo varið hjer í þessu landi, að síðan enska lánið var veitt bankanum hefir verið haldið uppi sífeldum og látlausum tilraunum til þess að skerða álit og traust bankans, bæði innan lands og utan. Jeg segi síðan enska lánið var veitt bankanum, ekki af því, að þetta væri ekki gert alveg eins áður, heldur af því, að nokkur ástæða hefði verið til þess að vænta þess, að þegar landið var orðið svona mikill lánardrottinn bankans, þá yrði enginn pólitiskur flokkur í landinu, og allra síst aðalstjórnarflokkurinn, til þess að halda uppi ofsóknum gegn bankanum. Það mun vera nokkuð fágætt í viðskiftalífinu, að sá, sem lagði fje sitt í hendur annars manns eða fór með umboð þess, er það gerði, hjeldi jafnframt uppi ofsóknum gegn lánþiggjanda og reyndi til þess að skaða hann fjárhagslega. Foringjar Framsóknarflokksins hefðu átt að vita það, að þingmenn þess flokks voru líka þingmenn þjóðarheildarinnar, eða áttu að vera það. En öllum er kunnugt um atrennuna að Íslandsbanka, sem gerð var af flokksblaði Framsóknarflokksins, meðan Eggert Claessen bankastjóri var erlendis síðasta vetur, til þess að útvega bankanum — og þar með landsbúum — veltufje. Með þeirri atrennu tókst að koma

óróleik á hugi manna víðs vegar um land og tæla kjósendur, sem fremur lítið skynbragð báru á bankamál, til þess að heimta rannsóknir og eftirlit þingsins með því verðmæti, er Framsóknarmennirnir höfðu sett sinn eigin ráðherra til að gæta.

Þegar svona var ástatt, virtist ekki annað liggja beinna við en að fjármálaráðherrann skærist í leikinn, til þess að reka af sjálfum sjer ámælið um það, að hann færi illa með það pund, er honum hafi verið fengið í hendur. Ekkert virtist eðlilegra en að hann sjálfur, ótilkvaddur, gæfi þinginu skýrslu um tryggingarnar fyrir láninu, og að hann gerði þetta sjálfs sín vegna.

En hann átti líka að gera þetta vegna Íslandsbanka, vegna þeirrar hættu, sem bankanum gat stafað af því innan lands og utan, að honum væri sýnd svo þrálát og illvíg áreitni.

Og hann átti loks að gera það vegna þjóðarinnar. Peningar þjóðarinnar voru í vörslum bankans; margir einstaklingar áttu þar líka sparisjóðsfje sitt. Þjóðin átti rjett á að fá að vita, hvort nokkur hætta væri á ferðum. Stjórnin hafði sjálf skipað tvo af bankastjórum bankans. Henni átti, að minsta kosti eftir það, að vera mjög hægt um vik að gefa skýrslu. Á öllum öðrum sviðum atvinnulífsins, þar sem um mikið fje var að ræða, sem heita mátti að þjóðin ætti, þótt ekki væri nærri eins mikið fje og þetta, hefði einhver yfirlýsing verið birt frá æðsta eftirlitsvaldi stofnunarinnar.

Fjármálaráðherrann hefði átt að tala, en hann kaus að þegja.

Hann hefir nú losað sig við óþægindin af því að standa hjer til reikningsskapar. Jeg treysti því fyrir mitt leyti, að honum verði það aldrei til vansæmdar, að hann hafi vanrækt tryggingarnar fyrir enska láninu, en jeg get ekki sýknað hann um þau „þöglu svik“ að þegja við tilraunum foringjanna í flokki hans til þess að glepja þjóð og þing til þess að vinna bankanum tjón.

Því í skjóli þessarar þagnar ráðherrans er hinn nýi leiðangur gegn bankanum hafinn.

Jeg á samleið með hv. flutningsmönnum aðaltillögunnar um það, að jeg vil vita um tryggingar fyrir enska láninu. Úr því fjármálaráðherra gaf ekki þessa vitneskju ótilkvaddur, er eðlilegt, að um hana sje beðið og að skýrslan um tryggingarnar sje athuguð af fjárhagsnefndum deildanna; en jeg tel það sjálfsagt, að þetta verði gert á þann hátt, að fullkomin þögn geti verið út á við um víxla þeirra viðskiftamanna bankans, er bankinn hefir sett til tryggingar. Jeg tel þetta nauðsynlegt fyrir velsæmi þingsins, einkahagsmuni þeirra manna, er við bankann skifta, og fyrir bankann sjálfan.

Útlit er fyrir, að ekki sje til þess ætlast af hv. flutningsmönnum tillögunnar, að þessa sjálfsagða hófs sje gætt við rannsóknina, eða öllu heldur á eftir henni. Þá á að vera lokið allri þagnarskyldu af þeirra hálfu. Með þessu eru þessir hv. flutningsmenn að áskilja flokksblaði sínu rjettinn til þess að ráðast eftir á á einkahagsmuni þeirra manna, er því er í nöp við.

En þessum hv. herrum er það svo sem ekki nóg að fá að vita um tryggingarnar fyrir enska láninu. Þeir vilja umfram alt komast inn í bankann og setja þar rannsóknarrjett yfir honum samkvæmt 35. grein stjórnarskrárinnar.

Ákærendurnir vilja sjálfir gerast dómarar í sínu eigin kærumáli.

Svo langt gengur yfirdrepsskapurinn, að þeir jafnvel gera ráð fyrir því, að bankanum muni vera og eigi að vera það sjerstök ánægja, að þeir sjeu að gera þar ófrið og uppistand í bankans eigin húsi. Svo langt gengur yfirdrepsskapurinn, að þeir lýsa yfir því í þingsölunum, að það sje þeirra heitasta ósk að geta sagt kjósendum sínum, að ekkert sje að athuga við bankann.

Rannsókn á bankanum nú! — Er það ekki fáránleg uppástunga? Það er ekki liðið nema rúmt ár síðan lokið var við algjöra rannsókn á öllum efnahag bankans og útibúa hans. Mat þetta var framkvæmt af mönnum, er voru svo vel til þess hæfir, að engir munu vera hæfari í þessu landi. Þeir höfðu nægan tíma til þess að framkvæma rannsóknina. Getur nokkrum heilvita manni dottið í hug, að mat, sem framkvæmt væri af þingnefndum, mönnum, sem eru önnum kafnir við önnur störf hjer í þinginu, gæti orðið nokkuð nándarnærri eins ábyggilegt, jafnvel þótt þeir hefðu starfað að því allan þingtímann, hvað þá þennan stutta tíma, sem þingið á eftir að sitja?

Þingið hefir engan siðferðilegan rjett til þess að vefengja matið. Tap bankans var metið hátt, en bankinn átti líka mikinn varasjóð, og niðurstaðan varð sú, að hlutabrjef bankans voru þá metin á 91%, eða með öðrum orðum, af hlutafjenu, 4½ milj. kr., vantaði 405000 kr. til þess, að brjefin væru í pari. En síðan þetta var hefir bankinn grætt allmikið fje, en ekki, svo kunnugt sje, tapað neinu umfram það tap, sem matsnefndin vissi um og hafði áætlað um, og enn þá er víst ekki nærri alt það tap, sem matsnefndin áætlaði, komið fram.

Matsnefndin mat tap bankans á þessa leið:

Tap af lánum	kr. 5430000
Gengistap	— 1183658
Samtals kr.	6613658

Um fyrri liðinn, tapið á lánunum, mun það vera að athuga, að þegar nefndin hafði reiknað út það tap, sem hún taldi vera á lánunum, bætti hún mjög álitlegri fjárhæð ofan á, til tryggingar því, að þetta mat hennar yrði ekki of lágt.

Um síðari liðinn er það aftur að segja, að þar er að ræða um áætlað gengistap, er bankinn mundi bíða af enska láninu, og var þá gert ráð fyrir því, að bankinn mundi þurfa að endurborga hvert pund með 27 íslenskum krónum. En nú var þetta lán veitt til 30 ára. Jeg ímynda mjer, að flestir okkar, ef ekki allir, sem hjer sitjum, eigum bágt með að trúa því, að um næstu 30 ár verði meðalgengi pundsins gagnvart íslenskri krónu 27 krónur, heldur að hjer sje reiknað of hátt. Samt má öllum þykja vænt um, að nefndin hefir metið svona hátt.

Þetta sýnir okkur svo ábreifanlega varfærni hennar og samviskusemi. Þetta er atriði, sem við getum sjálfir myndað okkur hugmynd um, og það hlýtur að vekja traust þeirra, sem við rökum vilja taka eða eru færir um að taka á móti nokkrum rökum, á því, að nefndin hafi líka áætlað tapið af lánunum nógu hátt.

Síðan þessi tapsáætlun var gerð hefir bankinn verið svo heppinn að geta lagt fyrir mikið fje, til þess að mæta þessu áætlaða tapi.

Þetta hefir verið lagt til hliðar:

Frá varasjóði	kr.	1687000,00
Arður ársins 1921 . .	—	2206270,81
Greitt upp í tap	—	2093,31
Samtals	kr.	3895364,12

En bankinn er að leggja meira til hliðar fyrir tapinu. Af ársarðinum fyrir 1922 leggur bankastjórnin til, að lagt sje til hliðar fyrir tapinu kr. 1157048,89. En í árslok 1922 á varasjóðurinn þá að vera kr. 2345406,31.

Sjeu þessar þrjár tölur:

kr.	3895364,12
—	1157048,89
—	2345406,31

lagðar saman, þá kemur út . . . . . kr. 7397819,32

Þessi tala er kr. 784161,31 hærri en alt það tap bankans, sem matsnefndin áætlaði, og er þá líka talið með alt gengistapið, sem hún áætlaði, sem þó kemur niður smátt og smátt á 30 árum.

Með öðrum orðum, bankinn á þá nú, að minsta kosti, alt hlutafje sitt óskert og auk þess kr. 784161,31, og hefir þá sumpart lagt til hliðar eða á í varasjóði alla þá fúlgu, er matsnefndin áætlaði, að hann frekast mundi hafa tapað á lánum sínum og viðskiftum.

Væri banki að byrja hjer með 4½ miljónar hlutafje og meira en $^3/_4$ miljónar tryggingarfje, þá held jeg, að okkur litist ekki svo illa á þann búskap.

En vitanlega er aðstaða Íslandsbanka að mörgu leyti miklu betri en byrjandi banka, af því hann hefir þegar fengið fasta viðskiftamenn, og þarf því ekki að búast við neinu rentutapi á stofnfje sínu, auk þess sem hann hefir fengið dýrkeypta reynslu á viðskiftamálum landsins.

Jeg fæ því ekki betur sjeð en að flest bendi til þess, að bankinn sje nú vel stæður og að engin minsta ástæða geti verið til þess að fara að ryðjast inn í bankann með rannsóknarnefndir. Og af því að bönkunum græðist svo fljótt fje, þegar vel gengur, er eins líklegt, að eftir tiltölulega stuttan tíma geti hann verið orðinn ágætlega stæður.

Tap það, sem bankinn hefir orðið fyrir, er ekki heldur að neinu leyti einstætt. Við vitum það t. d., að á sama tíma, sem bankinn var að tapa, tapaði Landsbankinn miklu fje, en af því engin rannsókn hefir farið fram á því tapi, vitum við miklu minna um það tap heldur en um tap Íslandsbanka, vitum miklu minna eða óglöggar um tapið í þeim bankanum, sem við eigum sjálfir, heldur en í bankanum, sem er eign einstakra manna og að mestu leyti eign útlendinga.

Sje litið til annara landa, verður líkt uppi á teningnum, alstaðar hafa bankarnir verið að stórtapa eftir heimsstyrjöldina, sem aðallega stafar af því verðfalli, sem orðið hefir síðan, og styrjaldargróðavímunni, sem var í mannkyninu.

En jeg skal játa það, að þegar verið er að gera ráð fyrir því, að horfur Íslandsbanka sjeu nú góðar, eins og jeg vona að horfur Landsbankans sjeu líka góðar, þá vitum við ekki, fremur en aðrar þjóðir, hvað framtíðin hefir í skauti sínu. Við verðum að miða flest við líðandi stund. Við getum ekki annað gert en biðja guð að forða þjóðinni við nýjum áföllum og leggja fram það vit og krafta, sem þjóðinni eru gefnir, til þess að halda þjóðarskútunni á floti.

En það er víst, að hagur Íslandsbanka og hagur íslensku þjóðarinnar er óaðgreinanlega sameinaður.

Farnist Íslandsbanka illa, þá má segja,

að mikill meiri hluti af atvinnufyrirtækjum þessa lands sje í hættu staddur. Farnist honum vel, þá er uppfylt fyrsta skilyrðið fyrir því, að atvinnufyrirtæki geti blómgast í landinu, að þau hafi eða geti haft afl þeirra hluta, sem vinna þarf með.

Íslandsbanki hefir ekki notað fje sitt til útlendra spekúlationa. Hann hefir lánað það til rekstrar atvinnufyrirtækjanna, og til þess að greiða fyrir því, að afurðir landsins komist í sem best verð.

Á meðan hann vinnur að þessu, og ekki öðru, á hann fullkomlega skilið að bera sitt fagra nafn og heita Íslandsbanki.

Á meðan hann hefir þetta með höndum á hann líka rjett á því, að ekki sje verið að áreita hann að ósekju.

Og einmitt af því, að Íslandsbanki hefir haft það starf með höndum, sem hann hefir haft, þá verður því ekki heldur mótmælt, að langmestur hluti af því tapi Íslandsbanka hefir runnið á margvíslegan hátt til landsbúa sjálfra. Hjer er það sama að segja um tap Íslandsbanka eins og t. d. um tap Landsbankans.

Þetta alt hefðu þeir menn átt að íhuga, sem hófu ofsóknina gegn bankanum og hafa haldið henni áfram alt til þessa dags.

Árásirnar á bankann hafa verið og eru ekkert annað en óhæfuverk, eða öllu heldur níðingsverk, ekki aðeins gegn bankanum, heldur líka gegn íslensku þjóðinni.

Hvernig halda menn að litið yrði á það í heiminum í kringum okkur, ef það frjettist, að þingið væri búið að skipa pólitiska rannsóknarnefnd á Íslandsbanka? Jeg geri ráð fyrir því, að þeim, sem hefðu af þessu glöggar frásagnir og þektu vel til, þætti þetta nokkuð kynleg nefndarskipun. Pólitiskar rannsóknarnefndir hafa ekki beinlínis orð á sjer í heiminum fyrir rjettdæmi. Sagan hefir áreiðanlega oftar en hitt orðið að dæma verk þeirra með glæpum og svívirðingum mannkynsins. En það eru ekki nema svo undurfáir í umheiminum kringum okkur, sem þekkja hjer vel til. Menn draga, langflestir, ályktanir sínar af því, sem verður á yfirborði viðburðanna. Þess vegna held jeg líka, að það væri áreiðanlega ógerningur að ætla sjer að koma umheiminum í skilning um það, að þetta væri alveg ástæðulaust, og það eftir það, að nýlega væri búið að rannsaka allan hag bankans. Í augum ókunnugra en óvilhallra manna hlyti að líta svo út, sem sú rannsókn, er gerð var áður, hlyti að vera eitthvað stórkostlega óábyggileg, eða jafnvel öllu heldur, að komnar væru upp um stjórn bankans einhverjar stórfeldar misfellur eða svik. Það væri alls ekki hægt að gera ráð fyrir því, að ókunnir útlendir menn færu að ályktа, að þessi meiri hluti, er þessu hefði ráðið, væri rekinn út í þetta með hnútasvipum rógs og haturs.*) — Það mætti sjálfsagt koma þeim í skilning um, að til væru pólitisk flón í íslenska þinginu, — því þau eru til í öllum þingum —, en það væri víst örðugra að gera þeim skiljanlegt, að pólitisku flónin væru í meiri hluta, og sjerstaklega að sá stjórnmála-

*) Við fengum dálitla bendingu um þann róg í gær, er við hlustuðum á umræðurnar í hv. Nd. og flóttinn var að bresta þar í liðið. Einn flutningsmannanna lýsti því yfir, að hann hefði gerst flutningsmaður tillögunnar af því honum hefði verið sagt ósatt af sjálfum fjármálaráðherra.

flokkurinn, sem mesta ábyrgð ber á stjórnarstörfunum, hefði fylgst að, nærri því sem einn maður, í því að koma þessari rannsókn á, algerlega að ástæðulausu.

Afleiðingin hlyti að verða sú, að á bankann — aðalviðskiftabanka landsins — hlyti að falla afarþungur grunur um óábyggilegleika, ef ekki óheiðarleika. Og allir ættu að vita það, að traust og tiltrú er hverjum einasta banka nauðsynleg, ef hann á að geta unnið sæmilega ætlunarverk sitt.

Og hver yrði svo afleiðingin af þessari rannsókn fyrir íslensku þjóðina? Jeg held hún mundi ekki bæta úr fjárhagsörðugleikunum. Er hægt að hugsa sjer öllu hressilegar blásið að kolunum til nýrrar álitsskerðingar fyrir alt íslenskt viðskiftalíf, ekki aðeins viðskifti Íslandsbanka, heldur líka fyrir viðskifti Landsbankans og viðskifti íslenskra manna, sem skifta við útlendinga?

Hver áhrif þetta gæti haft á gengi íslensku krónunnar, geta menn nokkurn veginn getið sjer til. Halda hv. flutningsmenn, að þetta mundi hækka gengi hennar? „Þeir ætla að hækka með þessu gengi íslensku krónunnar, blessaðir", sagði vitur fyrverandi þingmaður við mig á götunni um daginn, þegar þessi undraverða tillaga kom fram. Hann sagði það með gremjuþrungnu háði. Honum varð það fyrst fyrir að hugsa um það, sem líka var augljósast.

Er þá ekki orðið nóg um það tjón, sem þessar tillögur hafa gert? Því vitanlega er nú búið að síma um það til útlanda og það þegar komið fyrir eyru fjölda margra þeirra manna, sem Ísland og íslenskir menn eiga lánstraust sitt undir, að borin hafi verið fram í báðum deildum þingsins, og það af aðalstjórnarflokknum, tillaga um það að skipa rannsóknarnefnd á Íslandsbanka. Er ekki nóg komið, þó að þingið geri sjer ekki líka þá óvirðingu að samþykkja hana?

Fái fjárhagsnefndir þingsins skýrslu bankans um tryggingarnar fyrir enska láninu og rannsaki fjármálastjórnin þessa skýrslu og geri við hana þær athugasemdir, sem hún telur þörf á, og verði þessi skýrsla og þessar athugasemdir íhugaðar með viðeigandi þagmælsku og gætni, svo að bætt verði úr því, er kynni að þykja athugavert eða óvarlegt, — ef það þá verður nokkuð —, þá tel jeg alt það sje gert, sem þingið á að gera og má gera í þessu máli. Jeg get ekki greitt atkvæði mitt með neinni þingnefnd, er eigi að fara inn í bankann til rannsóknar, þótt hún sje ekki skipuð með því valdi, sem 35. grein stjórnarskrárinnar ræðir um. Það verk, sem á að vinna, má og á að vinna í þinginu sjálfu. Jeg segi þetta einnig gagnvart tillögu hv. 6. landsk. þm. (IHB), þótt hún sje að öllu leyti miklu sæmilegri en tillaga hv. flm. aðaltillögunnar og mjer reyndar skiljist, sem það sje helst smámunir og fyrirkomulagsatriði, sem á milli ber till. minnar og tillögu hv. 6. landsk. þm. (IHB).

Hv. flutningsmenn aðaltillögunnar þykjast vilja kynna sjer alla fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu, og til þess hefir margt verið talið, svo sem málmforðinn og seðlaútgáfan.

Við höfum embættismenn til þess að rannsaka þetta, ekki einu sinni á ári, heldur mörgum sinnum á ári. Þessir embættismenn gefa stjórninni skýrslu um störf sín. Annar þeirra, er þetta verk hafa með höndum, er hæstv. forseti Nd., hinn er beint kosinn af

stjórninni sem trúnaðarmaður hennar. Hvað á þessi nefnd að rannsaka annað en það, sem þessir menn hafa rannsakað alveg nýlega, og líklega gert miklu betur en þingnefnd mundi gera? Rannsóknarnefndin þarf þó líklega einhvern tíma til sinna rannsókna. Og hvað lengi á að stöðva bankann, meðan nefndin er að sínu veglega verki? Er ekki alt þetta til athlægis? Finst mönnum ekki, að þingið hafi eitthvað annað að gera þann stutta tíma, sem það á enn þá að hafa setu, en að vasast í slíku?

Þá hefir svo verið látið, sem skipa þurfi rannsóknarnefnd á bankann, af því landsmenn eigi þar nokkurt alment innlánsfje, og sjálfsagt líka fje á hlaupareikningi. Ætli eigendum þessa innlánsfjár væri það svo fjarska kærkomið, að fjandmenn bankans væru þar að snuðra í innlánseignum þeirra? Spyr sá, sem ekki veit.

Og um öll þessi atriði má segja það, að ef nú er ástæða til þess að skipa rannsóknarnefnd á bankann af þeim ástæðum, sem til hafa verið tíndar, þá verður alveg sama ástæðan til þess að skipa rannsóknarnefnd á bankann að ári og hitt árið og árið þar á eftir o. s. frv., og þá hefði verið ástæða til að skipa þessa rannsóknarnefnd á bankann í fyrra og hittifyrra, árið þar áður o. s. frv.

Ætla hv. Framsóknarmenn að skipa rannsóknarnefnd á bankann árlega, meðan hann fer með nokkra seðlaútgáfu eða þar er nokkur eyrir af innlánsfje?

Mikil yrði virðing þess þings í tölu löggjafarþinga veraldarinnar, sem hagaði sjer svo.

Þá er að minsta kosti eftir ein ástæðan, sem til hefir verið tínd fyrir þessari rannsókn, en hún er sú, að Landsbankinn hefir lagt inn á hlaupareikning sinn í Íslandsbanka um 3 miljónir króna. Mjer finst þetta væri ekki nein rannsókn á Íslandsbanka, heldur rannsókn á ráðstöfun Landsbankans. Jeg ætla ekki að fara ótilneyddur mikið út í þá ráðstöfun. Jeg tel, að Landsbankinn eigi að fá að vera óáreittur, ef stjórn hans gefur ekki tilefni til aðfinslu. Og jeg lít svo á, að þessi ráðstöfun bankans gefi ekki tilefni til aðfinslu. En eitt er óhætt að segja: Þessi ráðstöfun Landsbankans ber þess ljósastan vottinn, hve afarmikið traust hann hefir á Íslandsbanka, að Landsbankinn leggur inn hjá Íslandsbanka svona mikið fje tryggingarlaust og með lágri rentu. Skyldi nokkur verða til þess að trúa því, að hv. flm. þessara till. í báðum deildum sjeu færari um að dæma um ábyggileika Íslandsbanka en Landsbankinn?

Og reyndar held jeg það sje fullsannað af rás viðburðanna, að Landsbankinn hafi ætíð borið gott traust til Íslandsbanka, jafnvel þá, þegar horfurnar voru miklu lakari fyrir bankann en nú, hvað svo sem kann að hafa verið látið í veðri vaka.

Það tókst hjer um árið, þegar báðir bankarnir höfðu tapað mestu, með fádæma ofsóknum, að koma af stað „run“ á Íslandsbanka. Fólkið streymdi að bankanum í hópum, til þess að taka þar út sparisjóðsfje, bæði sitt og annara. Peningarnir voru fluttir úr Íslandsbanka yfir í Landsbankann og lagðir þar inn. En hvað gerði Landsbankinn við peningana? Hann hefir víst ekki sjeð sjer meira en svo fært að torga þeim. Það er ekki á öllum tímum áhættulaust að lána út peninga. Lands-

bankinn flutti því peningana aftur í hundruðum þúsunda yfir í Íslandsbanka og lagði þá þar inn með lægri vöxtum en hann hafði greitt sjálfur fyrir þá. Ef þetta var ekki traustsyfirlýsing af hálfu Landsbankans til Íslandsbanka, þá veit jeg ekki, hvað á að kalla það.

Skyldu ekki allir menn í þessu landi, með heilbrigðu fjármálaviti, geta komið sjer saman um það, að allar þessar ástæður, sem fram eru bornar til rjettlætingar því, að skipa rannsóknarnefnd á bankann, sje ekki annað en tylliástæður, algerlega ómerkar og þýðingarlausar? Þær eru hvorki fluttar af umhyggju fyrir velferð bankans nje heldur velferð landsins.

Fyrir mínum augum eru ofsóknir gegn peningastofnunum landsins raunalegt, en þó hjákátlegt fyrirbrigði. Það er svo sem engin hætta á því, að við þurfum að verða of mikið sammála, þótt það athæfi legðist niður. Vilji menn deila um Íslandsbanka, hví deila menn þá ekki um það, hvort hann eigi að vera ríkiseign eða einstakra manna eign? Jeg ætla ekki að fara að rökræða það, en þar er þó um sæmilegt mál að deila og umræðuefni, sem þjóðinni gæti orðið til skilningsauka og uppbyggingar, ef það væri rætt með rökum og sanngirni. En ádeilur þeirra manna, sem aldrei standa við neitt og lítið hafa annað að bjóða en öfgar og illkvitni verða bæði þeim og þjóðinni til skammar og þjóðinni til stórtjóns.

Það er aðalblað Framsóknarflokksins, sem mest hefir unnið að því úti um land að vekja vantraust og óvildarhug til Íslandsbanka. Alþýðublaðið er svo lítið keypt úti um land, að það kemur þar varla til greina, nema í stöku stað. Jeg veit, að þessi rógur var upphaflega hafinn án þess að meiri hluti Framsóknarflokksins ætti þar hlut að máli. En fyrir því eru þeir flokksmenn alls ekki saklausir um þetta mál. Þeir ljetu ginnast af voninni um það, að þarna væri komin upp í hendurnar á þeim einhver tálbeita fyrir kjósendurna. Þeir ljetu ginnast til þess að bera upp sjálfir og láta stuðningsmenn sína bera upp fyrir kjósendum tillögur, er lýstu vantrausti og fjandskaparhug til þessarar þýðingarmiklu peningastofnunar landsins. Þeir ljetu glepjast til þess að meta meira væntanlega flokkshagsmuni sína en lánstraust og velferð landsins. Ef til vill gerðu þeir þetta ekki beinlínis vísvitandi. Og loks ljetu þeir ginnast til þess að bera þessa till. hjer upp í þinginu. Jeg veit, að þeir eru missekir, eins og t. d. kindurnar eru mislitar, sumar alveg svartar, sumar miklu hvítari á lagðinn. En viljandi eða óviljandi, vitandi eða óafvitandi hafa þeir verið að selja fjárhagslega hagsmuni landsins fyrir linsur flokkshagsmunanna. (Forseti hringir).

Og svo lýk jeg máli mínu með þeirri ósk, að allar peningastofnanir landsins megi blessast og blómgast.

Flm. (Einar Árnason): Jeg hefi hlustað undrandi á klukkutímaræðu hv. 2. þm. S.-M. (SHK). Undrandi vegna þess, að hún virtist hvergi koma nærri því, er jeg sagði í framsöguræðu minni. Ræða hv. þm. bar þess auðsæjan vott, að hún hafi verið samin áður en jeg hjelt mína ræðu og áður en hv. þm. hefir áttað sig á því, hvað hjer var um að vera. Eða þá að hann hefir ekkert heyrt af því, er jeg sagði: **(SHK:** Ræða frsm. var gagnslaus!). Hvort ræða mín

hefir verið gagnslaus eða ekki, skiftir engu máli. Hv. þm. átti samt að halda sjer við efni till.

Enn fremur var jeg undrandi yfir því, að svo gamall þm., sem hv. 2. þm. S.-M. (SHK) er, skuli leyfa sjer að viðhafa slík ókvæðisorð og þau, er hann kom með í ræðu sinni, eða vilja vera þektur fyrir slíkt.

Jeg skal lesa upp fáein af þeim, er jeg skrifaði hjá mjer. (**SHK:** Þau koma í þingtíðindunum! — **JJ:** Þau koma þar þá bara tvisvar! — **SHK:** Ættu þau ekki að koma þar þrisvar? — **JJ:** Þau koma í þriðja sinni í sögunni!). — Hjer eru þá fáein málblóm, sem hann beindi að okkur tillögumönnum: „Ár á s i r, f l ó n s k a, o f s ó k n i r, i l l k v i t n i, r ó g u r, n í ð i n g s v e r k, g l æ p i r, s v í v i r ð i n g a r“. Þessi orð hefi jeg öll skrifað eftir honum. En þótt hann kalli okkur flutningsmenn flón og heimskingja og öðrum verri nöfnum, þá eru það engin rök. (**SHK:** Jeg ætlaði ekki heldur að gera það!). Ef það hefir ekki verið meining hv. þm. (SHK) að koma fram með rök í málinu, þá er ræða hans líka skiljanlegri.

Jeg þóttist hafa farið mjög gætilega af stað í þessu máli og ekki gefið tilefni til neinna stóryrða. Það er því hv. 2. þm. S.-M. (SHK), sem með þessari ræðu sinni hefir leitt asnann í herbúðirnar. Og jeg held, eins og jeg sagði áður, að ástæðan sje sú, að hv. þm. hafi samið ræðu sína of snemma, eða áður en hann hafi áttað sig á því,hvað hjer var á seiði.

Hv. þm. (SHK) sagði, að Framsóknarflokkurinn hefði haldið uppi látlausum ofsóknum gegn Íslandsbanka. Það þýðir víst ekki að deila við hv. þm. um þetta. Hann telur það látlausar ofsóknir, þótt ekki sje annað en að menn vilji vita, hvernig á því stendur, að bankinn getur ekki nema að litlu leyti fullnægt þörfum þjóðarinnar og þeim kröfum, sem gera verður til hans sem aðalseðlabanka landsins, til að halda uppi viðskiftum.

Hv. þm. (SHK) fór út í matið á Íslandsbanka fyrir ári síðan og gróða bankans síðastliðið ár. Þetta kom nú að vísu till. okkar ekkert við, nema þá að hv. þm. ætlist til, að þessar tölur, sem hann kom með, sjeu teknar fyrir góða og gilda vöru, til sönnunar því, að hjer þurfi engu að kippa í lag.

Þá sagði sami hv. þm. (SHK), að Framsóknarflokkurinn hefði komið óhug inn hjá mönnum úti um land, og að þeir hefðu æst kjósendur á þingmálafundum, vegna aðgerða stjórnarinnar um setningu bankastjóra í Íslandsbanka, og látið menn samþykkja kröfu um rannsókn á bankanum. En þetta getur ekki verið rjett, tímans vegna, því þingmálafundir voru yfirleitt haldnir áður en ráðstöfun stjórnarinnar varð kunn um setningu bankastjóranna. (**SHK:** Það er alt rjett, sem jeg hefi sagt. Þm. hefir bara tekið skakt eftir!). Nei, þm. sagði þetta, en máske vill hann slá aftur af orðum sínum.

Þá talaði sami hv. þm. (SHK) um, að hjer ætti að skipa rannsóknarnefnd og stöðva ætti alla starfsemi bankans meðan rannsókn færi fram. Þetta er alveg út í hött talað. Engum tillögumanni hefir komið til hugar að stöðva bankann.

Þá talaði hv. þm. enn um það, að tíminn væri orðinn of stuttur fyrir þingnefnd til gagngerðrar rannsóknar.

Sama sagði jeg, og er till. einmitt

miðuð við það, svo þetta er engin mótbára hjá hv. þm.

Þá talaði hv. þm. (SHK) um, að bankinn hefði grætt síðan í fyrra og yrði innan lítils tíma vel stæður. Þetta er gott. En geti bankinn ekki samt sem áður fullnægt þörfum þjóðarinnar og þeim kröfum, sem gera verður til bankans, þá gagnar lítið, þótt hann verði ríkur.

Þá sagði hv. þm. (SHK), að bankinn hefði nú miklu betri starfsaðstöðu en nýr banki myndi hafa. Ef svo er, þá tel jeg okkur litlu bættari, þótt stofnaður væri hjer nýr banki.

Hv. þm. sagði, að hagur bankans og þjóðarinnar færi saman. Það hafði jeg líka sagt á undan honum, svo það var alls ekki nein nýfundin hlið á málinu hjá hv. þm.

Hv. þm. sagði, að bankinn ætti rjett á því, að ekki væri altaf verið að áreita hann að óþörfu. En þessi eftirgrenslan er aðeins gerð með það fyrir augum að fá að vita, hvernig á því stendur, að hagur bankans er enn ekkert rýmri, þótt þrjú ár sjeu nú liðin síðan kreppan byrjaði og ríkið hafi styrkt hann framar getu á þessu árabili.

Þá sagði hv. þm. (SHK), að þetta yrði símað út og myndi veikja traust viðskiftamanna bankans erlendis. Þessa hefir enn ekki orðið vart, og er þó liðinn hálfur mánuður síðan till. komu fram. En ef hv. þm. heldur, að einu ráðin sjeu þögn og að láta alt standa og sitja fast, þá þýðir víst ekki við hann að deila um það.

Enn talaði hv. þm. (SHK) um það, að rannsaka ætti innieignir einstakra manna í bankanum. Um það er ekki getið í till. og heldur ekki tilgangurinn. En tilgangur hv. þm. (SHK) með því að segja þetta og fullyrða er skiljanlegur.

Ræða hv. þm. (SHK) var á köflum aðeins dómur um persónur manna. Það er afaróviðeigandi að ráðast á heila flokka eða einstaka menn, þegar alvarleg mál eru á ferðinni. Jeg hefi ekki þá trú, að neinn vaxi af slíku.

Mjög margt var það í ræðu hv. þm. (SHK), sem nauðsynlegt hefði verið að athuga, og hefi jeg skrifað margt af því niður hjá mjer, en jeg vil ekki eyða tímanum í að fara nánar út í það nú. Mikið af því var fyrir utan efnið og sumt var gersamlega rangt, en að svo komnu skal jeg ekki um það deila.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla aðeins að gera stutta grein fyrir brtt. minni á þskj. 348. Var hún upprunalega gerð í miðlunarskyni. En nú hefir hv. flm. (EÁ) lýst yfir því, að hann geti hvorki fylgt minni brtt. nje hinni. En Nd. batt enda á þetta mál í gær, eins og kunnugt er, með því að samþykkja brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) með 16:10 atkv. Af því að jeg tel óviðfeldið, að úr Ed. komi slík till., sem hlyti að veikja till. Nd., ef hún væri ekki svipuð að efni og orðalagi, þá tek jeg mína till. aftur.

Jónas Jónsson: Jeg býst ekki við að snúa mjer strax mikið að hinni merkilegu ræðu hv. 2. þm. S.-M. (SHK), þótt hún sje í sjálfu sjer alveg jafneinstök í sinni röð eins og höf. sjálfur. (Hlátur). Jeg hygg, að málið skýrist best með því að athuga bankann nokkuð frá sögulegu sjónarmiði. Þeir atburðir, sem nú eru að gerast í sambandi við Íslandsbanka, þar á meðal hin ofsalega og bræðiþrungna framganga hv. 2. þm. S.-M. (SHK), skýrist best í ljósi sögunnar. Í nálega

aldarfjórðung hefir um það verið deilt hjer á landi, hversu samræma skyldi hagsmuni hluthafanna, sem áttu bankann, við hagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Þá er fyrst að minnast á tillögu þá, sem hjer liggur fyrir til umræðu. Hún fer fram á, að athugað sje veðið fyrir enska láninu, og í viðbót við það, að athuguð sje aðstaða Íslandsbanka að öðru leyti til landsins. En hvers vegna er till. fram borin?

Í fyrsta lagi af því, að Íslandsbanki hefir verið stórlega lamaður um nokkur missiri, ekki getað sint ýmsum af þeim sjálfsögðu skyldum, sem hvíla á banka, en slík stöðvun grípur djúpt og hættulega inn í alt þjóðlífið. Einstakir menn eiga allmikið fje í bankanum. Og Landsbankinn, sem er eign þjóðarinnar allrar, hefir smátt og smátt eignast allháa innstæðu í Íslandsbanka, sem ekki hefir ætíð verið hægt að standa í skilum með og Íslandsbanki gæti ekki skilað nú, nema með því að stöðva allar greiðslur.

Jeg skal taka fram, að daginn eftir fullveldisdaginn í vetur sendi Landsbankinn ávísun yfir í hinn bankann, um 80 þús. kr., en hann gat ekki borgað hana, því að hann hafði ekki handbært nægilega mikið fje til þess. Í vertíðarbyrjun var það ljóst í bænum, að togararnir gátu ekki nema sumir farið út, því að sjávarútvegsbankinn, Íslandsbanki, hafði ekki handbært fje og gat ekki kostað þá, nema með hjálp frá Landsbankanum.

Þar sem hæstv. forsætisráðherra er í senn yfirmaður Íslandsbanka og formaður landsstjórnarinnar, geri jeg ráð fyrir, að í hans hlut hafi fallið ekki óverulegur þáttur í þeirri milligöngu, er varð þess valdandi, að Íslandsbanki fekk fje hjá Landsbankanum til að halda úti skipum sínum. Fyrir utan þessa innlendu hjálp hefir Íslandsbanki fengið bróðurpartinn af enska láninu, líklega eftir núgildandi peningagengi 6—7 miljónir króna. Það er því síst undrunarefni, þótt þjóðin vilji fá að vita um fjárhagsástæður hins stærsta skuldunauts, sem hún hefir nokkurn tíma átt við að skifta, því að ef hin beinu lán til bankans frá landsins hálfu og seðlafúlga hans eru lögð saman, verður það um 17 miljónir króna.

Mjer þykir sennilegt, að ef hv. 2. þm. S.-M. (SHK) hefði sjálfur lánað einhverjum 17 miljónir, þá þætti honum hart, ef lánardrottni væri svarað með skömmum og fúkyrðum, er hann vildi grenslast eftir, hvað liði fjárhag lánþiggjanda. (Hávaði). Jeg óska, að hæstv. forseti haldi hv. þm. (SHK) í skefjum. Það ætti að vera nægilegt fyrir þennan þm. (SHK) að geta opnað og tæmt sálarskjóðu sína þegar jeg hefi lokið máli mínu.

Viðvíkjandi aðstöðu bankans að öðru leyti er það að segja, að hann hefir mjög lítið lánstraust erlendis. Það vita allir, hversu lítill árangur varð af hinni margumtöluðu ferð Claessens til að afla bankanum láns. Eitt af dagblöðunum birti viðtal við bankastjórann, og var þar að sjá, að hann hefði fengið um 4 miljónir kr. að láni. En síðar hefir komið í ljós, að verulegur hluti af þessari upphæð, ef til vill alt að helmingur hennar, var aðeins framlenging á eldri skuldum. Sú hin erlenda hjálp hefir ekki náð langt til að hjálpa atvinnuvegum landsins. Má af þessu sjá tvent, að Íslandsbanki hefir mestalt sitt fje og lánstraust frá íslensku þjóðinni, en hlut-

fallslega lítinn stuðning frá útlöndum. Má því segja, að skörin færist upp í bekkinn, er fulltrúar þjóðarinnar verða fyrir heiftarþrungnum reiðiyrðum og staðlausum ókvæðisorðum fyrir að gera skyldu sína, að vilja sjá með eigin augum, hvernig fje landsins er trygt.

Þá ætla jeg að víkja örfáum orðum að því óttalega böli, sem hlotist hefir af vandræðum Íslandsbanka síðan 1920. Fyrst má telja gengismuninn. Við vitum, hvað íslenska krónan hefir verið lág í samanburði við dollarann, pundið og sænsku krónuna, sem eru nokkurn veginn í samræmi við gullgengi. Þar sem Íslendingar verða að skifta mjög mikið við aðrar þjóðir, sjerstaklega við England, skaðar þetta lága gengi landið um margar miljónir króna á ári. Fátæktin eykst, kaupgjald til embættismanna hækkar og jafnframt eiga atvinnurekendur erfitt með að standast kaupkröfur verkamanna. Það er geysimikið tjón fyrir landið að standa straum af sínum erlendu skuldum og verða fyrir miklu verðfalli á hverri krónu, sem út úr landinu fer upp í vexti og afborganir. Síðar mun jeg koma að aðalþættinum í gengishruninu. Íslandsbanki hefir ekki annast greiðslur erlendis fyrir viðskiftamenn sína, nema að takmörkuðu leyti, síðan vorið 1920. Nú vita menn, að fyrverandi stjórn setti enska lánið í bankann og fekk í staðinn eitthvað af víxlum, líklega mest Reykjavíkurvíxla, en slíkir „pappírar" eru yfirleitt ekki álitnir gulls ígildi, eða hafa ekki fengið það orð á sig síðustu árin. Það lítur annars helst út fyrir, að þetta eigi alt að vera á huldu framvegis, því að engin skýrsla hefir verið gefin eða þingmönnum boðið að kynna sjer hag þessa skuldunauts. **(Forsrh. SE:** Jeg hefi ekki verið beðinn um neina skýrslu, heldur fjármálaráðherra). Í skyndi hefir bankinn neyðst til að gefa mörgum af sínum stærstu viðskiftamönnum upp stórar upphæðir, margar miljónir. Einmitt þessa stóru víxla áleit hv. þm. Dala. (BJ) sjerstaklega vel trygða, eins og sjá má í hinni nafntoguðu skýrslu hans. Og með þá reynslu um verðmæti Reykjavíkurvíxla að baki sjer er engin furða, þótt þjóðin vilji vita, hvort þau skuldaskírteini, sem hún hefir að veði, eru miklu tryggari. Að órannsökuðu máli geta menn ekkert um þetta sagt; það getur verið, að víxlarnir sjeu góð trygging, en ef til vill eru þeir það ekki. Þess vegna eru þessi tvö mál nátengd, gengismálið og Íslandsbankamálið. Sjúkdómur gengisins og sjúkdómur bankans er í raun og veru sama meinið og sprottið af sömu orsök.

Hv. 2. þm. S.-M. (SHK) spyr, hvort rannsókn á Íslandsbanka myndi bæta gengið. Þetta atriði er raunar dálítið læknisfræðilegt, og mætti ætla, að fyrirspyrjandi bæri eitthvert skyn á slíka hluti. Aðrir læknar grípa ekki ósjaldan til uppskurðar til að lækna duldar meinsemdir líkamans. Uppskurðurinn bakar sjúklingnum stundaróþægindi og sársauka, en góðir læknar setja það ekki fyrir sig. Meta meira batavonina að uppskurðinum loknum. Sama gildir oft um fjárhagsleg fyrirtæki, sem fengið hafa stundarkrankleik. Rannsókn er byrjun að fullum bata.

Af því að þeir menn hjer á landi, sem mesta hafa ótrú á allri rannsókn á fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka, eru að jeg hygg flestir mjög hrifnir af öllum dönskum fyrirmyndum, og það er þeim að vissu leyti til sóma, þá vil jeg víkja með fáeinum orðum að því merkilega

fordæmi, sem Danir hafa gefið okkur einmitt á þessu sviði. Nú vill svo til, að hjá þessari frændþjóð okkar hefir atburður gerst, sem að sumu leyti minnir á vandræði okkar. Þar hefir einn stærsti bankinn, Landmandsbankinn, lent í vandræðum og orðið að fá hjálp hjá ríkinu. Þetta getur verið mjög fræðandi dæmi og til stuðnings í því máli, sem hjer liggur fyrir. Í Danmörku vildi til það sama og hjer, að margir kaupsýslumenn og hlutafjelög urðu gjaldþrota og bankarnir töpuðu stórfje, einkum Landmandsbankinn. Danir hafa bankaendurskoðara einn, að nafni Green, valinn mann og glöggan í fjármálum, er nýtur fulls trausts manna. Samskonar embætti er að vísu ekki til hjer, en hliðstæðastur var sá starfi, sem þm. Dala. (BJ) hafði um eitt skeið við Íslandsbanka. Þessi danski bankaeftirlitsmaður var talinn manna færastur og samviskusamastur, en samt var fyrsta áætlun hans ekki nákvæmari en svo, að tap bankans er nú talið 12 sinnum meira en hann gerði ráð fyrir í fyrstu. En því meir sem á leið, óx óánægja almennings og hver rannsóknin rak aðra. Þar eins og hjer vildi stjórnin bera blak af bankanum. Prestur einn leyfði sjer að segja, að forsætisráðherrann danski færi með ósannindi í þinginu, til að bera í bætifláka fyrir óhepnu bankastjórnina. Risu út af þessu þrálát málaferli, og fylgdi mikill hluti almennings presti að málum. Þjóðbankinn danski og landið hlupu undir bagga með bankanum, og er það hliðstætt við það, sem gerst hefir hjá okkur. Loks var knúin fram meiri rannsókn. Ef hv. 2. þm. S.-M. (SHK) hefði lesið „Politiken", „Social-Demokraten" og önnur frjálslynd blöð í Danmörku þá dagana, þá hefði hann getað sjeð dögum oftar bitrari árásir á ráðsmensku bankastjórnarinnar en hann hefir órað fyrir í sínum tryltustu draumum gegnum hin lituðu Morgunblaðsgleraugu sín. Það getur verið, að minni sje ástæðan hjer, en óneitanlega er hliðstæðan lík. Almenningsálitið í Danmörku heimtar gagngerða rannsókn á bankanum. Hún er hafin og bankastjórarnir eru settir frá; formaður efri deildar, sem var í bankaráðinu, sagði af sjer virðingarstöðu sinni í þinginu undir eins og ólagið varð uppvíst. Eitt atriði sýnir drenglyndi þeirra dönsku manna, er ljetu af störfum sínum við bankann; þeir framseldu allar eignir sínar til að borga tap bankans. Þeir sögðu sem svo: Úr því að bankinn hefir tapað undir okkar stjórn, þá eru hjer allar eignir okkar til að bæta það, því að okkur dettur ekki í hug að skorast undan ábyrgð þeirri, sem við tókum okkur á herðar. Glückstadt taldi það heiðurssök að framselja allar sínar eignir, smáar og stórar, jafnvel málverkasafn sitt og innanstokksmuni.

Jeg er glaður yfir því, að hv. 2. þm. S.-M. (SHK) er íslenskur borgari, því að ef hann hefði verið í Danmörku sem danskur þegn um þessar mundir, þá hefði hann áreiðanlega mist heilsuna af að lesa frásagnir dönsku blaðanna um rjettarhöldin út af Landmandsbankanum. Í fyrstu vitnaðist aðeins, að bankinn hefði tapað mörgum miljónum. Síðar, við nánari rannsókn, komst upp, að ýmsir af forráðamönnum bankans höfðu misnotað þar stöðu sína í eiginhagsmunaskyni. Varð það þó ekki fyr uppvíst en rannsóknarnefndin fór að yfirheyra bankastjórana og bankaráðsmennina og kryfja til mergjar bækur

og skjöl bankans. Endirinn varð sá, að einn góðan veðurdag snemma í vetur segir stjórnin þinginu, að bankanum verði lokað eftir sólarhring, nema þingið gangi inn á skilyrðislausa samábyrgð fyrir öllum skuldum bankans, eins og þær eru nú og kunna að verða næstu 5 ár. Socialistar og radikalir voru hikandi og heimtuðu meiri rannsókn. En stjórnin var varasöm líka í Danmörku, — það er gott fyrir hv. 2. þm. S.-M. (SHK) að hafa aðstoð þar og vera stjórnarmaður —, hún neitaði, að menn fengju meira að vita og barði samábyrgðina í gegn í þinginu með litlum meiri hluta.

Í Danmörku kom í ljós við hina ítarlegu rannsókn, sem gerð hefir verið, að ýmsir af forráðamönnum Landmandsbankans hafa orðið brotlegir við hin borgaralegu lög. Jeg vona, að svo sje eigi ástatt hjer, heldur aðeins, að um frámunalega klaufalega fjesýslu sje að ræða. Að vísu má segja með formlegum rjetti, að þegar Danir voru á sama stigi málsins og við nú, vissu þeir ekki, að neitt saknæmt væri á ferðum, heldur aðeins um mjög mikið skuldatap. En þótt ekki sje gert ráð fyrir nema skuldatapi hjer, og það vil jeg ekki gera að ófyrirsynju, þá eru nægar ástæður samt til þess að hefja þá rannsókn, sem þáltill. okkar fer fram á.

Þá get jeg ekki stilt mig um að benda á, hv. 2. þm. S.-M. (SHK) til leiðbeiningar, að í einu atriði er ástandið hjá okkur verra en það var í Danmörku. Í Landmandsbankanum hafa ekki komið fyrir „kassasvik“, sem því miður hafa átt sjer stað í Íslandsbanka. Þetta er eitt þeirra atvika, sem gera mál þetta því leiðinlegra, þegar þeirri aðferð er beitt, að leyna þingmenn ástandi bankans. Síðastliðinn vetur upplýstist nefnilega, að í kassa bankans vantaði 120 þús. kr. Fór þetta ekki í hámæli að vísu, og að því er jeg best veit, lauk máli þessu með því, að tekið var hús yfir eina fjölskyldu af einum starfsmanna bankans upp í sjóðþurðina. Að öðru leyti mun hafa verið farið með málið, eins og fleira viðvíkjandi Íslandsbanka, eins og „ríkis-leyndarmál“.

Hv. þingdeild verður að vera ljóst, að hjer er um óvanalega hluti að ræða, og maður, sem kominn er á efri ár, hlýtur að vera orðinn barn aftur, til þess að geta talað með þeirri dýrðlni um jafnsjálfsagða kröfu eins og tillöguna um að rannsaka aðstöðu Íslandsbanka til landsins, eins og hv. 2. þm. S.-M. (SHK) leyfði sjer. Flestum mundi finnast sjálfsagt, að slíkt mál væri rannsakað til hlítar og komist fyrir, hvort einn eða fleiri starfsmanna ættu sök á sjóðþurðinni, en það var ekki gert.

Annars kastar þessi atburður ekki skemtilegu ljósi yfir dagleg störf eða eftirtekt bankastjóranna. Verð jeg að segja, að þeim bankastjórum, sem eigi sjá minna grand í mat sínum en 120 þús. kr. vöntun í sjóðinn, treysti jeg ekki sjerstaklega vel, hvorki sem borgari eða þingmaður, og vil ógjarnan trúa þeim fyrir mörgum miljónum af fje þjóðarinnar, án verulegs eftirlits. Að vísu mun enginn saka yfirmenn bankans um annað í þessu efni en frámunalega sleifarlegt eftirlit, en það er líka nægilega mikið. Jeg myndi ekki hafa minst á þetta atvik, nema fyrir það, að hv. 2. þm. S.-M. (SHK) talaði með slíkum myndugleika um, að bankarannsóknir væru jafnan fordæmanlegar. Fanst mjer sáluhjálplegt fyrir þm., að hann kynti sjer þetta dæmi um stjórnar-

hætti í Íslandsbanka, ef ske kynni, að hann sýndi framvegis meiri auðmýkt í umræðum um þessa sjálfsögðu tillögu en í síðustu ræðu sinni.

Jeg álít, að mál þetta sje stærsta þjóðmálið, sem nú er á döfinni. Mál, sem hefir gripið dýpst inn í hag ríkisins og einstaklinga þjóðarinnar. Í því er fólgin meinsemd, sem veldur mestu um lággengið, dýrtíðina og skuldabaslið, meinsemd, sem lækna þarf, og það sem fyrst.

Mönnum mun veitast auðveldara að skilja þetta til hlítar með því að láta hugann hvarfla nokkur ár aftur í tímann, til þeirrar tíðar, er hv. 2. þm. S.-M. (SHK) var ungur og sæmilega frjálslyndur maður.

Árið 1899 kom fram hjer á Alþingi frv. um að stofna stóran hlutabanka, sem danskir auðmenn stóðu á bak við. Buðust þeir til að láta landið fá nokkrar miljónir, ef þeir fengju í staðinn mikil fríðindi fyrir banka sinn, svo sem einkarjett til seðlaútgáfu í 90 ár, að Landsbankinn væri drepinn og seðlar hans brendir á báli, eins og Savonarola á hallartorginu í Florenz forðum. Fylgjendur þessa frv. komu fram gagnvart Landsbankanum eins og væri hann glæpastofnun og ásóttu hann á allar lundir, eins og ofsatrúarmenn miðaldanna ofsóttu „villutrúarmenn“. Landsbankann átti að leggja strax niður, og ætlaði nýi bankinn að innheimta útistandandi skuldir hans fyrir ekki neitt.

Ýmsar skringilegar röksemdir komu fram hjá þeim, sem fastast fylgdu frv. þessu. T. d. sagðist einn þeirra vona, að enginn vændi hann eða fjelaga hans um, að þeir vildu selja landið með húð og hári! Annar komst svo að orði, að ef bankinn eyðilegði landið, þá eyðilegði hann sjálfan sig um leið. Það er annars nógu gaman að þessari röksemd, því að hún hefir aftur verið hjer á ferðinni í dag. Annars er það vitanlegt, að banki getur þrifist, um stund að minsta kosti, þótt hann hafi óhagkvæmileg áhrif á fjárhag alls landsins. T. d. hefir Íslandsbanki grætt síðustu árin, enda þótt fjárhagur landsins í heild hafi farið versnandi. Jeg vil ekki nefna með nöfnum þá menn, sem báru fram þetta sorglega frumvarp 1899. En jeg vil minnast á fáeina af þeim mönnum, sem þá stóðu á verði fyrir sæmd þingsins og heill landsins. Einn af þeim var Jón sál. Jensson yfirdómari. Hann sá við þessari flugu og dró sundur í háði þá af vinum hlutabankans, „sem fyrir hálfum mánuði hefðu verið gallharðir andstæðingar frv., en hjeldu nú hrókaræður með því“. Þá sat og á þingi Björn Sigfússon á Kornsá. Hvatti hann til að efla Landsbankann og stækka, í stað þess að gína við þessum nýja banka. Guðjón á Ljúfustöðum, sem a. m. k. ýmsir af andstæðingum þáltill. okkar í þessari hv. deild viðurkenna sem vel viti borinn mann, sagði um dönsku auðmennina, sem að bankanum stóðu, að þó að þeir væru máske bankafræðingar, þá væru þeir engir mannþekkjarar, „þar sem þeir hafa tínt eins og gullkorn úr sorpi upp í sína þjónustu þá menn úr mannfjelaginu, sem farið hafa í loftköstulum gegnum lífið í eigin fjármálum, sem þó hafa verið miklu óbrotnari en þetta stóra bankamál“. Og Guðjón talar um útlenda og innlenda stuðningsmenn hluthafabankans, sem fari með óskaplegan róg um Landsbankann. Níðþjesar væru skrifaðir um bankann og jafnvel þýddir

á erlend mál. Væri þessum ósóma meira að segja þrýst inn í þingsalinn.

Var maður einn þá sjerstaklega grunaður um þátttöku í þessari pjesagerð og rógi um bankann, sem síðar hefir verið staðinn að samskonar störfum og af jafngöfugmannlegum hvötum. Í stuttu máli: Alt var gert til að svívirða Landsbankann og kasta þessu fjöreggi landsins í hendur danskra gyðinga. Og þá var hálfur mánuður álitinn nógur tími til þess að ljúka af svo stórmerku máli. Frv. var samþykt í Nd. með 13:3 atkv., en dagaði uppi í Ed. — Þá barg Ed. sóma þingsins, og jeg er ekki vonlaus um, að svo geti farið enn. Að minsta kosti er jeg ekki eins vondaufur og hv. 6. landsk. þm. (IHB), sem tók sína till. aftur, til þess, að mjer skildist, að greiða annari lakari atkv.

Eftir þessi málalok sumarið 1899 kom heldur dauft hljóð í útlendu „grösserana", sem fram að þessu höfðu látið alldólgslega og haft í hótunum að sópa peningunum aftur ofan í vasa sína og fara með þá heim.

Veturinn eftir leituðu forgangsmenn hlutabankans til stjórnarinnar, sem þá sat í Danmörku, og fóru fram á, að hún legði samskonar frv. fyrir næsta Alþingi. Stjórnin leitaði álits þjóðbankans danska, sem reyndist hollari þjóð vorri en sumir fulltrúar hennar höfðu reynst á þinginu áður og reynast enn, eftir að sól fullveldisins hefir þó skinið. Bankinn taldi hæfilegt, að seðlar í umferð næmu ca. 30 kr. á mann; 90 ára einkaleyfi til seðlaútgáfu áleit hann forsmán, sem hvergi þektist. Slík leyfi væru erlendis veitt til skamms tíma, 10 ára eða minna. Sjálfur Englandsbanki fengi t. d. leyfið frá ári til árs. Þá taldi þjóðbankinn ótækt, að þessi fyrirhugaði banki hefði hjer sparisjóð, þar eð hann yrði seðlabanki, og $^3/_8$ væri of lítil gulltrygging fyrir seðlafúlgunni.

Nú urðu auðmennirnir dönsku auðmjúkir við stjórnina, en hún reyndist þjóðhollari en svo, að hún ljeti undan síga. En Íslendingar voru samir við sig. Málið kom fyrir Alþingi 1901 og var sett í 5 manna nefnd í Nd. Í þessari nefnd sat, sem einn áhrifamesti maðurinn, núverandi 2. þm. G.-K. (BK). Var hann í meiri hluta nefndarinnar, sem klofnaði, og voru þeir núverandi hæstarjettardómari L. H. Bjarnason og fyrv. bankastjóri Tryggvi sál. Gunnarsson í minni hluta. Meiri hlutinn taldi óhugsandi að efla hag Landsbankans. Ef lán væri tekið, hlyti landið að skaðast á því. Meðal annars reiknuðu þeir afborganir allar tapað fje, og þótt það væri vitanlega hrakið þá þegar, sýnir þetta vitsmuni meiri hluta nefndarinnar og óhlutdrægni. Reyndar bentu þeir á, að hægt væri að líkindum að útvega lán með því móti, að annaðhvort væri ríkissjóðstillagið (60000 kr.) eða tollar ríkissjóðs veðsettir. Þarna mun þessi gullvæga kenning fyrst hafa gert vart við sig. En meiri hlutinn vildi nú samt ekki nota sjer þetta, heldur koma valdinu yfir peningamálum landsins í hendur útlendinga. Hins vegar krafðist minni hlutinn eflingar Landsbankans, en kvartaði undan samstarfinu við meiri hlutann í nefndinni. Þetta sumar sagði einn þjóðkunnur maður, Hannes skjalavörður Þorsteinsson, í þingræðu, að það væru ótrúlegar blekkingar, sem sumir forvígismenn hlutabankans leyfðu sjer að hafa í frammi, t.d. að allir fengju nóga og ódýra peninga, ef bankinn kæmi o. s. frv. Væri þó sannanlegt, og enda þinglesið hjer á landi, að einn af helstu að-

standendum bankans, Warburg, hefði tekið 7—8% vexti, sem þótti mikið í þá daga. En öll andmæli þessara manna reyndust árangurslaus í Nd. Hún samþykti að slá Landsbankann af, en hleypa danska bankanum í fjármálahásætið. En enn þá bar Ed. gæfu til að bjarga málinu, þannig, að Landsbankinn hjeldi áfram, og má sjerstaklega þakka það landshöfðingjanum sál., Magnúsi Stephensen, og einum hinna konungkjörnu þm., Jónassen heitnum landlækni. Hann sagði m. a. um útlendu hluthafana: „Þetta eru útlendir gyðingar, sem ætla að fjefletta Íslendinga sem framast er unt og nota sjer það, að Íslendingar sjeu nógu grunnhygnir að gína við slíkri danskri flugu".

Árið 1902 var svo strax kosið í bankaráð danska bankans. Þetta var fyrsta ráðstöfunin, sem gerð var, og sýnir hún, að þá þegar hefir verið sama ásóknin í fríðindi eins og síðar varð. En nokkru seinna varð nokkur óvissa um, að bankinn tæki til starfa, og lýsti Jónassen hinni mestu gleði yfir því, ef ekkert yrði úr bankanum. Bankinn komst samt á laggirnar og gerðist brátt aðsúgsmikill um aukin hlunnindi. Á þinginu 1907 lýsti hr. Lárus H. Bjarnason sigurför hluthafanna hin fyrstu ár. Þótti honum sem bankinn hefði verið nokkuð aðsúgsfrekur í kröfum um síaukin rjettindi. Fann hann að því með rjettu, að þingið kysi bankaráðsmenn, en bankinn launaði þeim. Taldi heppilegra, að þeir fengju svo sem 600 kr. hver úr landssjóði, og myndu þeir þá frekar skoða sig sem trúnaðarmenn landsins. Enn fremur lýsti hann því, hvernig bankinn hefði sótt á og fært sig upp á skaftið, barist fyrir eigin gróða, enda vitað við hverja hann átti. Bankinn hafi, þvert á móti tilgangi sínum og áliti Þjóðbankans danska, tekið að leggja undir sig sparisjóði, t. d. á Akureyri, Seyðisfirði og í Reykjavík, og farið að reka almenna sparisjóðsstarfsemi undir innlánsforminu. Þá gulltrygginguna færða úr $^4/_8$ niður í $^3/_8$. Loks hafi hann viljað fá að gefa út bankavaxtabrjef. Hafi 3 vinir bankans borið fram frv. um þetta á þingi 1905 og með frekju komist allir í nefnd, sem átti að athuga málið. Síðan geymdi nefndin frv. hjá sjer eina nótt. Síðan var það hamrað í gegnum þingið.

Árið 1909 var kreppuár, og veittist bankanum erfitt uppdráttar. Kom þá til mála, að landið keypti hluti í honum, en var felt í Ed. En af því að minni hv. 2. þm. S.-M. (SHK) virðist nokkuð bilað, vil jeg minnast á það hjer, að það ár var með miklum gauragangi sett nefnd til að rannsaka Landsbankann, og starfaði hún marga mánuði með miklum dugnaði. Ef ástæða hefir verið til þess að skipa rannsókn þessa 1909, er áreiðanlega engu minni ástæða nú að skipa rannsókn á Íslandsbanka, sem nýtur hjer svo gífurlegra hlunninda. Þessi hv. þm. (SHK) var 1909 ákaflega fylgjandi rannsókninni á Landsbankanum, og þætti mjer því ekki ósanngjarnt, að hann heimfærði á sjálfan sig eitthvað af öllum þeim bölbænum, er hann söng áðan yfir okkur, flm. þessarar till., og öllum þeim, sem gerðust svo djarfir að vilja láta rannsaka banka. Jeg er ekki að áfellast rannsóknina 1909. Til þess er jeg því máli ekki nógu kunnugur. En hv. 2. þm. S.-M. (SHK) mætti gjarnan vera dálítið hæverskari í dómum um slíkar aðgerðir. (**SHK**: Það er ósatt, að

jeg hafi verið við þá rannsókn riðinn). Hv. þingmaðurinn var ákafur stuðningsmaður þeirrar stjórnar, sem ljet framkvæma rannsóknina. Annars gefst vonandi tækifæri til þess síðar og á öðrum stað að rifja upp, hvern þátt hann átti í því máli. **(SHK:** Jeg bíð þess óhræddur).

Jeg get nú farið fljótt yfir sögu. Má telja, að fyrsta tímabilið í sögu Íslandsbanka nái að árinu 1908. Þá er búið að veita honum ýms hlunnindi, þvert ofan í tillögur þjóðbankans danska, minka gulltrygginguna, afhenda honum sparisjóði kaupstaðanna, geymslufje landsins, tímunum saman, rjett til að gefa út bankavaxtabrjef o. s. frv. Bankinn hafði eitthvert dularfult töfravald yfir þingi og stjórn. Talið er, að á hinum fyrstu árum hafi auðmenn þeir hinir útlendu, sem lögðu fram hlutafjeð, lagt mikla stund á að afla sjer bandamanna hjer á landi. Hafi heldri menn og broddborgarar fengið lán og góða aðstöðu í bankanum til að kaupa hlutabrjef bankans, í von um að græða á þeim.

Í þingræðu 1907 tekur hr. Lárus H. Bjarnason fram, að margir þingmenn sjeu orðnir hluthafar í bankanum.

Með árinu 1916 hefst nýtt tímabil í sögu bankans. Á því ári fóru fram kosningar til Alþingis í Reykjavík. Jeg átti þá kosningarrjett hjer í bænum, og spurði frambjóðendur nokkurra spurninga, sem snertu Íslandsbanka. Meðal annars spurði jeg þá, hvort þeir vildu gera alt, sem í þeirra valdi stæði, til þess, að landið keypti smám saman hlutabrjef bankans, þar til hann yrði landsins eign. Annar þeirra, sem kosningu náði, var hv. 4. landsk. þm. (JM). Hann fór hjá sjer við spurningu þessari og lofaði engu. En skömmu síðar vildi svo til, að þessi hv. þm. (JM) varð forsætisráðherra, og þar með æðsti maður Íslandsbanka. Gegndi hann því starfi í 4—6 sögulegustu árin, sem Íslandsbanki hefir starfað hjer. Kom og fljótt í ljós, að ráðherra hugsaði öðruvísi en jeg og skoðanabræður mínir um þetta bankamál, og hefir sá skoðanamunur síst minkað eftir því sem nær dró núverandi krepputíma. Jeg hefi talið það ósvinnu, að þetta stóra fyrirtæki, sem grípur svo mjög inn í hag einstaklinga og þjóðarinnar í heild, skuli rekið sem hlutafjelag einstakra útlendra fjáraflamanna, undir mjög slælegu eftirliti frá hálfu þjóðfjelagsins, en núverandi 4. landsk. þm. (JM) hefir víst altaf verið á annari skoðun. Í hans tíð sem forsætisráðherra gekk seðlapressan látlaust. Miljón á miljón ofan af Íslandsbankaseðlum var velt yfir peningamarkaðinn.

Þá er önnur frændþjóð, Svíar. Þeir voru svo gæfusamir að hafa á stríðsárunum yfir peningamálum sínum hina lærðustu hagfræðinga, sem reyndu að halda niðri, svo sem unt var, fjárbraski í landinu. Að sama skapi var seðlaútgáfan takmörkuð. Og Svíum tókst þetta snildarlega, enda ber raunin best vitni. Sænska krónan er jafngild dollara og sterlingspundi, og stendur stundum betur. En hjer var öðru máli að gegna. Hluthafar Íslandsbanka voru húsbændur í landinu, eins og þeir höfðu byrjað 1899—1901. Hluthafarnir vildu færa út kvíarnar og ljetu gefa út fleiri og fleiri seðla. Allir hjeldu, að þeir væru stórauðugir. Strákar, sem ekkert áttu, gengu með 100 króna seðla í vösunum. Þannig var peningaflóðið í landinu **(Forseti HSt:** Jeg vil vekja athygli ræðumanns á því, að jeg slít fundi eftir 10 mínútur). Það gerir ekkert, jeg held

ræðunni þá áfram þegar umræðurnar hefjast aftur.

Ástandið hjá okkur varð því að ýmsu leyti keimlíkt og í Danmörku. Ágóðahlutur bankastjóra og hluthafa varð býsna mikill, t. d. fekk einn bankastjóranna um 80 þús. króna tekjur á ári, og bankaráðsmenn 10 þúsund hver, einmitt þegar bankinn var að byrja að tapa. Og það stendur enn á svari hjá hæstv. stjórn við fyrirspurn frá mjer um það, hve þetta fje muni hafa verið mikið, sem bankinn varð að borga einstökum mönnum, einmitt er hann var að byrja sitt opinbera hnignunarskeið.

Veldisár Jóns Magnússonar, sem var æðsti maður bankans, liðu að þessu leyti eins og í sælum draumi fram á útmánuði 1920. Þá bað bankinn enn á ný um ívilnanir með seðlana, og hann fekk þær, með þeim skilyrðum, að hann tæki á sig yfirfærsluna fyrir Landsbankann og þar með að sjálfsögðu fyrir landið.

En „Adam var ekki lengi í paradís". Úr yfirfærslunum varð aldrei neitt í það skifti. Seðlabylgjan var þá búin að ná hámarki sínu og hrunið byrjaði. Lánstraust landsins erlendis hvarf á stuttri stund, eins og mjöll bráðnar í vorsól. Hluthafarnir guldu hin nýfengnu rjettindi með hættulegri óorðheldni. Sama vorið fór einn af aðalbankastjórum Íslandsbanka til Danmerkur, til þess að reyna að semja við lánardrotna bankans. En honum varð lítið ágengt. Og Prívatbankinn, sem Íslandsbanki skuldaði einna mest, gekk svo hart eftir skuldum sínum, að Íslandsbanki varð að láta ganga til hans mest af því fje, er hann fekk inn þá um sumarið. Er það einna mest þjóðarógæfa, að meginið af framleiðsluvörum landsmanna hvarf það sumar og haust í þessa einu skuld í Danmörku. Fjöldamargar aðrar skuldir stóðu þá ógreiddar. Sökum þeirra komst óálit á alla fjármálamensku hjer á landi.

Landsbankinn átti aftur erfitt með að gera meira en halda uppi sínum viðskiftum. En þó varð hann sá vígði þráður, sem hjelt þjóðinni lifandi á þessum voðatímum. Og fyrir það hefir honum alls ekkert verið þakkað, heldur þvert á móti, af þeim hluta þjóðarinnar, sem stóð að hluthöfunum. En við þessa ráðstöfun, að einn danskur banki fekk nær því alla þá peninga, sem Íslandsbanki hafði yfir að ráða erlendis, skapaðist sú skoðun, að bankinn væri gjaldþrota, og þá jafnframt landið um leið. Því að hann bar nafn landsins, og útlendingar gátu ekki skilið, að banki, sem bar nafn landsins, væri annað en þjóðbanki þess. Fyrir erlenda viðskiftamenn var erfitt að átta sig á því, annað en að það land væri gjaldþrota, þar sem höfuðbankinn gat ekki svo missirum skifti annast greiðslur erlendis. Ef til vill er ekkert erfiðara að fyrirgefa þeim trúnaðarmönnum landsins, sem stóðu að hlutabankanum í upphafi, en að þeir skyldu ljá honum nafn landsins. Því að allar þær yfirsjónir, sem slíkt gróðafjelag kann að fremja, kasta vegna nafnsins skugga á þjóðina alla.

Nú líður fram á sumarið 1920. Þá ætlar landsstjórnin að senda 1 miljón króna til Danmerkur, og Íslandsbanki lofar stjórninni að yfirfæra upphæðina. En það gerði hann aldrei. Ávísunin mun hafa legið lengi í einskonar millibilsástandi niðri í Danmörku. Slíka óreiðu, að gefa út ávísanir yfir efni fram, leyfa engir sjer nema sjerstakir vandræðamenn í fjármálum. Og engin dæmi eru til, að nokkurt land hafi verið svo háðu-

lega leikið eins og Ísland var í þetta sinn. Enda leið ekki á löngu áður en þjóðin fekk að kenna á því, er hún tók enska lánið, í hvert óefni búið var að koma lánstrausti hennar. Eftir alllanga bið sendi stjórn Jóns Magnússonar þáverandi fjármálaráðherra á eftir ávísuninni, og honum tekst að fá einhvern greiðslufrest á upphæðinni, og mun honum hafa tekist það að einhverju leyti, a. m. k. um stundarsakir. Í þessum vandræðum greip þáverandi landsstjórn til þess eina manndómsbragðs, sem eftir hana lá, og það var að hefta innflutning á ýmsu glingri. Hafði stjórnin til þess fullan stuðning Framsóknarflokksins. — En sú dýrð stóð ekki lengi. Brátt kom hljóð úr horni frá verslunarmannastjett landsins. Skelfdist stjórnin þá og ljet þessar ráðstafanir að engu verða. Og vörur, sem vel mátti komast af án, hauguðust inn í landið. Þessi ófarnaður, sem kaupmannastjettin og þrekleysi stjórnarinnar leiddu yfir landið, jók miklu við fjármálaóstandið. Íslandsbanki hafði byrjað, með skuldir útgerðarmanna. Nú bættust við skuldir kaupmannanna. Þeir einu, sem sáu hvað að fór, voru samvinnumenn. Formaður og forstjóri Sambandsins, Pjetur heitinn Jónsson og Hallgrímur Kristinsson, sendu út ávarp til samherja sinna, um að takmarka sem mest eyðslu og innflutning.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 299, 348, 349).

Jónas Jónsson (frh.): Jeg hafði, er umr. um þetta mál var slitið síðast, lokið við að gefa yfirlit yfir vissa þætti í sögu Íslandsbanka um síðustu 20 ár. Jeg var kominn fram að vorinu 1920, þegar núverandi kreppa hófst.

Um leið og bankinn hætti að yfirfæra fyrir almenning kom upp talsverður uggur hjá kaupsýslumönnum, er áttu fje inni í bankanum, eða höfðu önnur skifti við bankann. Þá gerðist það, víst í fyrsta sinni í sögu bankans, að einn bankaráðsmaðurinn grípur á eftirtektarverðan hátt inn í eftirlitið með þessari stofnun, að jeg tel rjettast að fara um störf hans nokkrum orðum. Eins og mörgum er kunnugt, átti hv. þm. Dala. (BJ) sæti í bankaráðinu, og tekur vorið 1920 að sjer að rannsaka hag og ástæður bankans og gefa skýrslu um þær rannsóknir. Það er ekki hægt að sjá, hvort hann hafi gert það að tilhlutun landsstjórnar eða bankans eða tekið það upp hjá sjálfum sjer, en að vísu gat þetta legið innan hans verksviðs sem bankaráðsmanns. Niðurstaða rannsóknarinnar var svo birt í blaði hjer í bænum, og gekk út á, að bankinn væri í prýðilegu ástandi. Þar eru viðhöfð sterk orð um, hversu tryggingarnar sjeu miklar, einkum þó tryggingar Fiskhringsins og stórkaupmanna. Yfirleitt eru þar stærstu orðin höfð um öryggi þeirra lána, er síðar hafa reynst hættulegust fjárhag bankans. Það sjest af skýrslunni, að honum hefir verið fenginn til aðstoðar starfsmaður í bankanum, sem farið hefir með hann í gegnum hinar og þessar bækur, og á því hafi dómurinn verið bygður, án þess að bankaráðsmaðurinn kynti sjer sjálfur tryggingarnar. Síðan fer bankaráðsmaðurinn til bankastjórnarinnar og spyr hana, hvernig stórlánin sjeu trygð, og hún lætur vel yfir. Síðan kemur út

dómurinn um ástand bankans, á þá leið, að alt sje í ágætu lagi. Skýrslan hefir sjálfsagt haft áhrif í þá átt að styðja traustið á bankanum hjer innanlands, þegar hún kom út. Erlendis hjeldu menn áfram að byggja skoðun sína á vanmætti bankans til að yfirfæra. En er frá leið og upp komst, að skýrslan var tóm endileysa, gerði hún bankanum verulegan álitshnekki. Það hafa verið skiftar skoðanir um það, hvort rannsóknin hafi verið svo grunnfær eða skýrslan gerð þannig úr garði með vilja. Jeg hallast að þeirri skoðun, að hv. þm. Dala. (BJ) hafi samið skýrsluna í góðri trú. Að hóflaust sjálfsálit hans, samfara vöntun á þeirri greind og þekkingu, sem að gagni mátti koma í þessu máli, hafi leitt hann út í ófæruna.

Það var allra hluta vegna óheppilegt fyrir bankann, að þessi maður skyldi vera fenginn til að gera skýrsluna. Maður, sem var þá á 10—15 þús. kr. launum fyrir að gera ekki neitt. Þar að auki tók hann við sjerstakri borgun fyrir þetta ómak, 4—6 þús. kr. — Hæstv. landsstjórn hefir ekki enn viljað skýra þinginu opinberlega frá, hvor talan er rjettari. — Skýrslan er að mörgu leyti einstök í sinni röð. Hún er vitlausasta endurskoðun, sem sögur fara af hjer á landi. Engin endurskoðun hefir verið borguð með jafnmiklu fje, miðað við vinnuna. Og þjóðin má líklega að talsverðu leyti kenna skýrslunni um, hversu álappalega hefir tekist með ríkishjálpina til bankans. Eftir að skýrslan kom út byrjaði hrunið fyrir alvöru. Þessir ríku menn, sem skýrslan talaði svo fleðulega um, stóðu á fallanda fæti og fjárhagur þeirra var hinn hörmulegasti. Það hafði verið myndað fjelag, svo nefndur Fiskhringur, sem keypt hafði mestan hluta af íslenskum fiski það ár. Enn fremur hafði hringurinn gert ráðstafanir til að láta smíða 2 skip í Englandi, sem nota skyldi til vöruflutninga milli Íslands og Suðurlanda. Nú lækkaði verðið á fiskinum óðum og tapið varð gífurlegt, svo að þegar til skjalanna átti að grípa, varð bankinn að gefa hringnum upp mörg hundruð þúsundir. ef ekki miljónir króna. Það er ekki ljóst, hvað tapið hefir numið miklu, bæði af hinni illu sölu fiskjarins og af því, að Fiskhringurinn hafði orðið að sleppa skipunum, en tapið á skipunum einum saman er áætlað 1½ miljón króna.

Þá tapaði bankinn stórfje á mörgum nýjum togurum, sem þá voru keyptir og kostuðu á þeim tímum meira en helmingi meira en nú, svo að tap eigenda og lánardrottins varð óskaplegt. Loks varð bankinn í tvö haust fyrir miklum skelli út af síldarsölunni. Var tap landsins á henni áætlað alls um 10 miljónir króna, og af því lenti allmikill skerfur á Íslandsbanka. Þessi tvö töp, fyrir utan mörg önnur, stöfuðu algerlega af verslunarbralli kaupmanna í Reykjavík, sem fengu fjeð út úr bankanum eftirlitslítið, gegn tryggingu í sjálfum fyrirtækjunum, og þegar þau mishepnuðust, kom skellurinn á bankann. En hluthafarnir hafa síðan reynt að koma tapinu yfir á þjóðina.

Ekki verður sjeð, að formaður bankaráðsins, þáverandi forsætisráðherra, hafi aðhafst nokkurn skapaðan hlut. Í stað þess að gera ráðstafanir til þess að bjarga landinu og bankanum, var haldið undan. Fyrst var hætt að yfirfæra, því næst hætt að innleysa seðlana erlendis. Jeg var þá staddur í Kaupmannahöfn, þegar Tofte bankastjóri

bannaði viðskiftabanka sínum þar að innleysa seðlana. Varð jeg var við, að miklum óhug sló á menn, og ótrúin á fjárhag landsins margfaldaðist. Um þetta leyti var Landsbankinn í samningaumleitunum við enskan banka um viðskifti, en þeir samningar strönduðu, er bankinn heyrði, að íslensku seðlarnir væru óinnleysanlegir erlendis. Enn fremur kom fyrir þá um sumarið leiðinlegt atvik, sem enn hefir ekki verið fyllilega skýrt, en skýrist ef til vill hjer við umræðurnar í dag. Það kom brjef til kaupsýslumanna hjer, frá erlendum viðskiftamönnum, þar sem spurst var fyrir um það, hvernig stæði á því, að stjórnin bannaði Íslandsbanka að greiða skuldir sínar erlendis. Eftir því sem heyrst hefir, báru þessi brjef bankastjórn Íslandsbanka fyrir þessu. Sje það rjett, verður þessi syndin ekki ljett á metunum, þegar gerður verður upp skuldareikningur hluthafanna við landið. Væri hörmulegt til þess að vita, ef forráðamenn stofnunar, sem notið hefir slíkra vildarkjara hjer á landi, hefði skrökvað upp á landsstjórnina, eins og illa vaninn götudrengur. En nærri má geta, hver áhrif þetta hefir haft á álit landsins, er erlendir kaupsýslumenn fóru að trúa þessu.

Haustið 1920 varð ástandið verra og verra og álitið tæpara og tæpara út á við. Stafaði það af þessum mörgu glappaskotum, sem nú hafa verið rakin, þar sem stjórn Íslandsbanka og stjórn landsins áttu sameiginlega sök, meir sökum fávisku og aðgerðaleysis heldur en af öðrum ástæðum. Því hefir verið haldið fram í Nd., að fjártap Íslandsbanka skaði ekki landið svo mikið, því að mestur hluti fjárins hafi tapast innanlands. En þetta er hinn mesti misskilningur. Mjög mikið af fjenu er tapað úr landi. Má þar til nefna togarakaupin. Togararnir voru keyptir 3—400 þús. kr. of dýrt. Þetta fje, ef það verður nokkurn tíma borgað, er vitanlega tapað út úr landinu. Sama er að segja um skipatap Fiskhringsins, tap á síld og fiski, þar sem mikill hluti framleiðslukostnaðar var greiddur erlendis. Þá hefir því verið haldið fram, að verkalýðurinn hafi grætt á hinu háa kaupi. Því er fyrst að svara, að bankinn tapaði fjenu engu að síður og að tap og skuldabasl bankans hefir valdið gengishruninu, lánstraustsspjöllum og almennri óáran í þjóðlífinu. Í öðru lagi er það vafasöm blessun, að kaup sje hærra heldur en framleiðslan ber á hverjum tíma. Í sveitunum, þar sem kaupfjelögin og Sambandið selja íslensku vöruna á ábyrgð hinna starfandi manna, þar helst jafnvægið milli söluverðs og framleiðslukostnaðar. Þess vegna eru samvinnufjelögin tryggustu skiftavinir bankanna. Og hvað viðvíkur sjálfum háu verkalaununum, sem borguð voru 1920 og 1921 við útgerðina, þá hafa þau á vissum sviðum haft beinar skuggahliðar, aukið óhóf og eyðslu, a. m. k. hjá flestöllu einhleypu fólki.

Um haustið 1920 kom grein í blaði einu hjer í Reykjavík, sem mun hafa komið óþægilega við kaun hv. 2. þm. S.-M. (SHK). Hún mun hafa verið sá ásteytingarsteinn, sem olli því, að hann talaði af sjer í gær. Þessi grein var einföld skýring á því, af hverju sjúkleikinn í bankanum stafaði, sem sje af klofningi milli hagsmuna hluthafanna og hagsmuna þjóðarinnar. Þetta kom strax fram, er rætt var um stofnun bankans. Þess vegna stóðu flestir þjóðhollir menn á móti bankastofnuninni. Þeir

skildu, að þegar bankinn var rekinn með hagsmuni hluthafanna fyrir augum, sem að mestu leyti voru erlendir menn, þá gat augnablikshagnaður hluthafanna orðið stórtjón fyrir þjóðina. En sumir forvígismenn bankans töluðu þá strax eins og þeir ættu eiginhagsmuna að gæta móti hagsmunum landsins. Byrjun meinsemdarinnar lá í hinu hættulega fyrirkomulagi á skipulagi bankans. Það var nauðsynlegt að skilja upphaf og eðli meinsemdarinnar, enda er öll lækning óhugsanleg án þess. En síðan Tíminn skýrði hagsmunaklofning hluthafanna og íslenska þjóðfjelagsins hefir málið legið ljóst fyrir öllum hugsandi mönnum í landinu. Eftir að hluthafarnir höfðu sett bankann í strand 1920 og margbrotið rjett sinn bæði gagnvart landsstjórninni og viðskiftamönnum sínum átti vilji þeirra að lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum þjóðfjelagsins. En fyrir ofsa og frekju hluthafanna og undirlægjuskap meiri hluta þings og stjórnar sitja hluthafarnir enn sem fyr í hásætinu í fjármálum landsins. Jeg minnist á þessa blaðakrítik hjer af því, að hinar einföldu og óhrekjanlegu sannanir, sem þar komu fram, hafa valdið nokkru um þann taumlausa geðofsa, er kom fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M. (SHK).

Á útmánuðum 1921 kemur Alþingi saman. Þá fær þáverandi stjórn heimild til að taka lán erlendis til þess að hjálpa landinu og ef til vill leggja eitthvað í bankann sem lán eða hlutafje. Stjórninni gekk nú erfiðlega að fá lánið. Það fekst ekki í Danmörku af skiljanlegum ástæðum. Orðstír landsins var lítill, og Íslandsbanki nokkurskonar sendiherra þess út á við. Sumarið 1921 tókst stjórninni að fá 10 miljón króna lán í Englandi. Þá er maður kominn að þessu nafntogaða enska láni, sem óhjákvæmilegt er að minnast á í þessu sambandi, því að mest af því fór til Íslandsbanka, til að bjarga honum úr kröggum þeim, sem stjórnleysi bankastjórnarinnar hafði skapað honum. Þeim, sem kynni að þykja þetta ofmælt, má benda á það, að hinn bankinn, sem skifti við sömu aðilja, útvegsmenn og kaupmenn, auk þeirra litlu skifta, sem bændur hafa þar, gat altaf starfað, af því að forráðamenn hans skildu, hvert stefndi. Landsbankinn var sú afltaug, sem þjóðin lifði á yfir erfiðasta tímann. Í sambandi við ástand Íslandsbanka er erfitt að láta hjá líða að fara fáeinum orðum um enska lánið, en stjórnin hefir engar skýrslur um það gefið. Það má slá því föstu, að það hafi fyrst og fremst verið tekið fyrir Íslandsbanka, því næst til almennrar eyðslu fyrir þáverandi landsstjórn. Minstur parturinn fór til Landsbankans. Það voru býsna margir gallar á láni þessu, eins og þjóðkunnugt er orðið. Fyrst og fremst fóru 100 þús. kr. í milliliði. Þetta er óþægileg hnot að brjóta fyrir þá, sem telja mikið gagn að sendiherranum, því að auðvitað var sjálfsagt að láta hann annast um lántökuna, ef fjármálaráðherrann, hv. 1. þm. Skagf. (MG), kendi sig ekki mann til að koma þar fram fyrir landsins hönd. Hr. Sveinn Björnsson tekur að vísu lánið og skrifar undir það, en þó þurfum við að borga 100 þús. krónur til milliliða. Það er sagt, að hr. Páll Torfason hafi verið að skrifa hingað heim og beiðst hjálpar að ná því inn, sem hann telur sig eiga inni fyrir aðstoð við enska lánið. Jeg veit ekki, hvort

þetta er satt, en það sýnir, að stjórnin hefir þurft hjálp frá milliliðum, og það fleiri en einum. Og auk þess lítur út fyrir, að samningar við þessa aðstoðarmenn hafi verið loðnir, úr því að 100 þús. kr. nægðu ekki. Til samanburðar vil jeg geta þess, að þegar Sambandið semur um lán erlendis vegna kaupfjelaganna, þá framkvæma umboðsmenn þess þar það og fá ekki eyri sjerstaklega fyrir og nota enga milliliði. Það er partur úr daglegri vinnu þeirra. Annar galli enska lánsins var, að af því var ekki útborgað nema 85%. Kjörin eru þau, að þó að vextirnir sjeu 7%, þá er bannað að endurborga lánið fyrstu 10 árin,en ef skuldin er þá borguð upp,verður að borga hver 100 sterlingspund með 103. Þá er þriðja atriðið. Íslandi er ekki trúað betur en svo, að afborgun og rentur verður að senda til London 2 mánuðum fyrir gjalddaga. Þetta ber vitni um megnasta vantraust á fjárreiðum landsins og skilsemi landsstjórnarinnar. Þessir peningar, sem liggja í Englandi 2 mánuði á undan greiðsludegi, eru á afarlágum vöxtum. Þá er beiskasta pillan eftir, en það er bandið á tolltekjunum. Jeg verð að minnast á þetta atriði, úr því að lánið var tekið fyrir Íslandsbanka, til þess að sýna, hve gífurlegar fórnir landið hefir lagt á sig fyrir þennan banka. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp úr enska textanum þær línur þessu viðvíkjandi, sem mest hefir orkað tvímælis um:

„The said loan, both as regards principal and interest, shall be the direct obligation of the Kingdom of Iceland, and shall further be secured by a specific charge on the customs Receipts, which the Government declare are at date hereof uncharged. No charge on the customs Receipts shall be given whilst any bonds of this loan are outstanding, ranking either ahead of, or pari passa with this charge".

Skilmálarnir eru þá svona. Ísland tekur þetta lán, og ber fulla ábyrgð bæði á höfuðstól og vöxtum. Enn fremur skal lánið gert öruggara með sjerstakri tryggingu í tolltekjum landsins. Íslenska stjórnin (þ. e. umboðsmaður hennar, sendiherrann) lýsir yfir, að tolltekjurnar sjeu ekki veðbundnar, þegar samningurinn er gerður. Að lokum lofar íslenska stjórnin, að tolltekjurnar skuli ekki vera veðsettar neinum öðrum (nema þá með 2. og 3. veðrjetti!) meðan nokkurt af skuldabrjefum enska lánsins eru óinnleyst.

Þannig hefir fyrverandi landsstjórn tekist að ganga frá fjármálum landsins. Hugsjón hv. 2. þm. G.-K. (BK), sem kom fram í sambandi við stofnun Íslandsbanka 1901, að til mála gæti komið að veðsetja tolltekjurnar, var nú orðin að veruleika.

Að festa þannig tekjur landsins er ráð, sem ræfilsþjóðir eru stundum neyddar að grípa til, svo sem Tyrkir og Kínverjar, og er í þessu hin mesta auðmýking.

Enn er eitt dálítið einkennilegt við skilmálana. Ef lánveitendurnir vilja skifta sjer eitthvað af okkur, þá snúa þeir sjer ekki til landsstjórnarinnar, heldur til Landsbankans. Landsstjórnin er ekki talin hæfur aðili í þessu máli, og má segja, að Bretinn hafi fljótt fundið, við hverja hann átti. Þessir menn hafa vitað, að Landsbankinn var aðaltraust landsins með skilagreiðslur erlendis. En til hvers skyldu þessir 2 mánuðir vera settir? Jeg geri ráð fyrir, að lánveit-

endurnir hafi hugsað sem svo: Ef Íslendingar standa ekki í skilum og senda peningana ekki 2 mánuðum fyrir gjalddaga, þá getum við gert okkar ráðstafanir. En hvaða ráðstafanir? Þeir gætu sent mann hingað til þess að taka við tolltekjunum, um leið og þær innborgast hjer í Reykjavík. Þessi umboðsmaður yrði eftirlitsmaður hinnar ómyndugu, skuldaflæktu landsstjórnar. Hann mundi heimta, að hver eyrir af tollunum gengi til Landsbankans og þaðan upp í skuldina. Þetta ástand er ekki alveg hliðstætt skuldabasli Tyrkja og Kínverja. En það er eingöngu forms- en ekki efnismunur.

Þannig var þá enska lánið fengið.

Jeg kem þá að hinu nafntogaða mati á Íslandsbanka, sem núverandi og fyrverandi landsstjórn telur einskonar goðasvar og innibyrgja í sjer þá vitneskju um bankann, sem þjóðin hafi gott af að fá.

Danir fóru samt ólíkt að, þegar þeir hófu rannsókn í Landmandsbankanum. Þar datt engum í hug að skipa rannsóknarnefndina að $^2/_5$ hlutum trúnaðarmönnum bankans sjálfs. Enda mun það hvergi tíðkast í víðri veröld, þegar lánardrottinn þarf að rannsaka hag skuldunauts, eins og hjer stóð á, að blönduð nefnd sje skipuð til þess. Í Danmörku áttu hluthafar Landmandsbankans engan þátt eða trúnaðarmann í rannsóknarnefndinni, er haft gæti áhrif á virðingu hlutabrjefanna. Þar var því líka strax ákveðið, að hlutabrjefin væru hið fyrsta, sem ganga ætti upp í skuldir bankans, og að hluthafarnir töpuðu alveg andvirði þeirra. Hjer er þessu öðruvísi farið. Nefndin var skipuð þannig, að hluthafar völdu 2 af 5 nefndarmönnum, þingið 2 og hæstirjettur 1. Í augum barna og fáfræðinga leit þetta mjög sakleysislega út, að hafa oddamann, sem hæstirjettur kaus. En sá styrkur, sem það var fyrir bankann að hafa 2 menn sína í nefndinni, auk áhrifa þeirra, sem hluthafarnir virðast hafa á suma menn í þinginu, og þar með á dóma þingsins, verður naumast of hátt metinn.

Þegar kom til að kjósa þessa tvo menn í nefndina, neitaði meiri hluti þingmanna að taka þátt í kosningunni. Sá nefndarmanna, sem fleiri atkvæði fekk, var svo kosinn með eitthvað 17 atkvæðum.

Mjer dettur auðvitað ekki í hug að segja, að meiri hlutinn hafi ekki verið lagalega bundinn við þessa kosningu, en aðferð meiri hlutans sýnir geig og ugg margra þingmanna við allan þennan málatilbúnað.

Annar þessara manna, sem kosinn var, var 2. þm. G.-K. (BK), sem hafði verið einn af hvatamönnum þess, að bankinn var stofnaður. Og þótt nokkur kuldi væri milli hans og Íslandsbanka meðan hann var bankastjóri Landsbankans, þá hafði hann þó nokkurskonar guðföðuraðstöðu til þessarar stofnunar. Jeg segi ekki, að það hafi haft nein áhrif við rannsóknina, en þetta er staðreynd.

Hinn maðurinn var Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri. Þótt sá maður sje að allra dómi dugandi borgari, þá var þó aðstaða hans ekki sem ákjósanlegust, þar sem hann var mjög vensluður sumum þeim, sem einna mest skulduðu í bankanum. Þetta sýnir, hve erfitt er í okkar litla þjóðfjelagi að fá algerlega óháða menn til trúnaðarstarfa eins og þeirra, sem hjer var um að ræða.

Jeg er ekki að segja, að þessir menn hafi ekki viljað vinna starf sitt trúlega. Aðeins, að þessi aðstaða skapar ekki nægilega tiltrú.

Jeg skal ekki fara mikið út í matið sjálft. Niðurstaðan varð sú, að hlutabrjefin væru enn nálega í fullvirði. Að vísu væri um verulegt tap að ræða, en varasjóður myndi duga til að jafna það að mestu. Nefndin virti hlutabrjefin á 91%, en einn bankastjórinn, Eggert Claessen, var óánægður með þá virðingu, vildi láta landið, ef það keypti þau, kaupa þau yfir nafnverð.

En það hefir fallið annar dómur um störf nefndarinnar. Erlendis hafa brjefin mjög fallið síðan matið var framkvæmt. Þau munu jafnvel hafa komist niður í 38%. Sá dómur er bygður á kauphallarverði í Danmörku, bygður á dómi þeirra manna erlendis, er mest afskifti hafa af Íslandsbanka. Hann er því þungur dómur á rannsóknarnefndina. Það er hæpið, þegar svona stendur á, að nota allra svæsnustu skammaryrði málsins um þá menn, er ekki að öllu leyti vilja ganga inn á dóm nefndarinnar, sem hefir þar að auki ekki á minsta hátt rökstutt þetta mat opinberlega. Og skrítin tilviljun er það, að nálega sömu menn, sem kusu hagstofustjórann og þm. G.-K. (BK) til þessarar virðingargerðar, lögðu á flótta út af lokaða fundinum í vetur, þegar farið var fram á heimulega athugun á Íslandsbanka. Þeir vildu þá ekki einu sinni eiga tal við þá, sem vildu á friðsamlegan hátt kynna sjer tryggingar þær, er Íslandsbanki hafði gefið fyrir því fje, er hann hafði fengið af enska láninu.

Um þetta leyti höfðu bankastjórar Íslandsbanka mjög farið að týna tölunni. Einn hafði fengið lausn, vegna heilsubilunar, og annar lengi legið veikur. Bankaráðið er svo skipað, að í því eru 7 menn. Eru 3 kosnir af þingi, 3 af hluthöfum og forsætisráðherra Íslands sá 7. Ísland hefir því jafnan meiri hluta í bankaráðinu, auk þess sem forsætisráðherra hefir venjulega umboð fyrir erlendu hluthafana. Val bankastjóranna ætti því að vera á ábyrgð íslenskra manna, og gæti verið það. En í framkvæmdinni mun það hafa orðið svo, að minni hlutinn, útlendingarnir, hafa stungið forsætisráðherranum og hans fríða íslenska fylgdarliði í vasann. Þegar nú stjórn Jóns Magnússonar og hluthafarnir fóru að svipast um eftir manni í stað þess, sem burtu fór, þá völdu þeir málfærslumann einn hjer í bænum, sem verið hafði lögfræðilegur ráðunautur mjög margra af stærstu útgerðar- og kaupsýslufyrirtækjunum hjer í bænum. Og mörg af þeim voru þá orðin höfuðskuldunautar Íslandsbanka.

Jeg vil nú á engan hátt segja það, að bankastjórinn, sem skipaður var af hluthöfunum, sje ekki duglegur og gegn maður, eða að það hafi ekki að ýmsu leyti verið ávinningur fyrir bankann að fá hann, einkum ef miðað er við dáðleysi fyrirrennaranna. Jeg álít meira að segja, að bankinn myndi hafa tapað minna 1919—1920, ef hr. Claessen hefði þá verið einn í stjórn hans. En að hann er skipaður af hluthöfum, og telur sig því fyrst og fremst eiga að gæta hagsmuna þeirra, kom ljóst fram á fundi, er 1. þm. Rang. (GunnS) hafði boðað til hjer í bænum í vetur og ræddi um bankamál. Eggert Claessen lýsti því yfir á þeim fundi, að gengismálið kæmi Íslandsbanka ekkert við. Ef rjetta ætti við gengið, þá ætti landið að gera það.

þetta er auðvitað rjett frá lagalegu sjónarmiði. Íslandsbanki er gróðafjelag, eign erlendra manna. Bankastjóri, sem hluthafarnir skipa með aðstoð vina sinna í landsstjórninni, skoðar sig fyrst og fremst sem fulltrúa hluthafanna og telur sig eiga að gæta rjettar þeirra. En þetta kemur þjóðinni við, sem líka á sinna hagsmuna að gæta í bankanum, vegna þess fjár og þeirra hlunninda, sem hún hefir látið bankanum í tje. En hjer kemur til greina vanræksla frá hálfu stjórnarinnar. Hluthafar bankans hafa einn mann til að gæta sinna rjettinda, en landið á að hafa tvo til að gæta sinna. Og nú kemur að því, hversu landsstjórnin hefir þar gætt skyldu sinnar. Fyrverandi landsstjórn hafði látið bankanum í tje meiri hluta enska lánsins, honum til hjálpar, en framfylgdi ekki þeirri heimild, er hún hafði, til að skipa tvo bankastjóra í hann, til að gæta hagsmuna landsins. Danski bankastjórinn, Tofte, mun því hafa ráðið mestu um, hvernig þessu láni var ráðstafað. Þetta var hvorki tilgangur þingsins nje í samræmi við erlenda venju, þar sem líkt stendur á.

Í sambandi við þessa ráðningu hr. Claessens hefir komið fram megn eyðsla á fje bankans, og þar með þjóðarinnar. Umræddur bankastjóri, sem sagt er að hafi samning til 10 ára, mun hafa verið ráðinn þangað með 40 þúsund kr. árslaunum, eða með hæstu launum, sem þekst hafa nokkrum Íslendingi til handa fyr eða síðar. Nú mun það verða sagt, að bankinn borgi þessi laun, og það komi því þjóðinni ekki við. En þetta er ekki rjett, því það er þjóðin, sem borgar þau með háu vöxtunum.

Þá hefir og annar íslenski bankastjórinn, sem hætti störfum, fengið há eftirlaun, líklega, eftir því sem mælt er, ein 13—14 þús. kr. á ári undanfarin ár, að meðtalinni dýrtíðaruppbót. Að ákveða eftirlaunin svona há er hvorki rjett nje eðlilegt. Þessi bankastjóri ber að sínu leyti ábyrgð á tapi bankans, og er þar að auki ríkur maður, svo ekki er um þurftarlaun að ræða. Þetta er því eyðsla, sem seint verður álitin rjettmæt, og er ekkert hliðstætt fordæmi til um eftirlaun hjer á landi. Jeg þarf naumast að taka það fram, að þegar bankar tapa erlendis fyrir ógætilega stjórn og bankastjórarnir eru látnir fara frá, þá eru færð niður laun starfsmanna svo sem unt er og sparað sem verða má. Þessi eyðslusemi í Íslandsbanka er því einstök og óverjandi.

Þá kem jeg að því, er hluthafarnir fengu hluta af enska láninu. Í því máli er það aðalatriði, hverja tryggingu fyrv. fjármálaráðherra (MG) fekk. Ef til vill hefir einhverjum þingnefndum verið skýrt frá því, en þjóðin veit áreiðanlega ekkert um það. — Það hefir nú samt einhvern veginn lekið út, að tryggingin muni hafa verið 4—5 miljónir króna, mest í víxlum reykvíska kaupmanna og útgerðarmanna, eða máske alt. Þetta er mjög undarlegt. Væri gott, að hv. 4. landsk. þm. (JM) gæti gefið upplýsingar um það, hvert nafnverð þessarar tryggingar var, einkum um það, hvort nafnverð veðsins hefir verið lægra en lánsupphæðin. Þetta er merkileg ráðstöfun, því venjulega er ekki lánað út á meira en mest $^3/_5$ virðingarverðs tryggingar, jafnvel þótt um fasteignaveð sje að ræða. En því miður leikur sterkur grunur á, að í tíð fyrverandi stjórnar hafi nafnverð víxlaveðsins verið mun lægra en upphæð lánsins, ef miðað er við núverandi gengi

krónunnar gagnvart enskri mynt. Að hafa veðið ófullnægjandi, var bæði rangt og óþarft, því auðvitað átti bankinn miklu meira í víxlum, og hefði þá getað látið þá sem tryggingu.

Þegar þing kom saman 1922, mun hafa verið aðalástæðan fyrir því, að stjórnin fjell, vanræksla hennar og axarsköft í aðgerðum viðvíkjandi Íslandsbanka. Þingið mun hafa litið svo á, að þetta mál væri ekki í góðum höndum hjá fyrverandi stjórn. Hún hafði þótt lin og aðgerðalítil. Enn fremur eyðslusöm, hvað launin snerti. Þingmenn óttuðust auðvitað mjög hina hóflausu eyðslu á landsfje, sem stjórnin var sek um. Eyðslan var alstaðar höfuðeinkennið, hvort sem litið var á launin, eftirlaunin eða þóknun til millilíða (100 þús. kr. við enska lánið).

Þetta gegndarleysi í launagreiðslum og eftirlaunum vakti líka almenna gremju, t. d. hjá ýmsum starfsmönnum landsins. Sýslumenn, sem lengi höfðu þjónað, fengu ekki meira en $^1/_5$ þeirrar eftirlaunaupphæðar, sem bankastjórinn fekk, sem bar þó þunga ábyrgð á tapi bankans.

Stjórnin hafði, eins og áður er sagt, þótt aðgerðalítil og eyðslusöm. Því fjell hún. En ný stjórn var skipuð í þeirri von, að hún rjetti hlut þjóðarinnar gagnvart hluthöfunum.

Aðalhlutverk nýja bankastjórans, Eggerts Claessens, fyrstu mánuðina var að moka þetta Ágíasarfjós bankans, og má telja það honum til lofs. Hann sýndi rögg af sjer við að rannsaka, hverjir ekki gætu borgað, og gefa þeim upp, og urðu þeir býsna margir og upphæðirnar háar. Þessi allsherjarhreingerning mun hafa verið nauðsynleg, en þó hygg jeg, að það hafi gert aðstöðu bankans erfiðari í bili. Það gat líka orkað nokkuð tvímælis, hverjum var gefið upp og hvernig átti að semja. Eggert Claessen hafði, eins og fyr er sagt, áður verið lögráðunautur ýmsra útgerðarfjelaga hjer. Gat það orðið til þess, að menn álitu, að honum væri ekki fært að dæma jafnóhlutdrægt um aðstöðu þessara skuldunauta bankans. Sýnir þetta aftur, hve afarerfitt er að fá algerlega óháða menn hjer á landi til slíkra trúnaðarstarfa, þótt dugandi sjeu að öðru leyti. Það er því ekki hægt að áfella þá menn, sem vorkenna þessum bankastjóra að hafa orðið að gefa upp miljónir króna af þessum töpuðu skuldum, og sumt til fyrirtækja, sem hann hafði áður átt að vera verndarmaður fyrir. Til dæmis um þessa örðugleika má nefna alþektan kaupsýslumann í Hafnarfirði, sem gefið hefir verið eftir, í Fiskhringnum. Hann hafði hælt sjer af því 1920, í siglingu, að hann ætti 10 börn og gæti látið hvert þeirra fá 100 þús. kr. Hefir þessi maður borgað aleigu sína til bankans upp í tap hringsins? Eða hefir honum verið gefið eftir meira eða minna af eignum sínum? Þetta veit þjóðin ekki, en verður að vita fyr eða síðar. Því að almenningur getur ekki tekið með þökkum að borga skuldatap fyrir auðmenn landsins. Og það væri langbest fyrir alla hlutaðeigendur, að ekki orkaði tvímælis um neinar staðreyndir í slíku máli.

Enska lánið dugði ekki til að rjetta bankann við. En þá var sagt, að „kritikin“ hjer heima hafi verið þess valdandi, en hv. 2. þm. S.-M. (SHK) ætti að geta skilið, að bankanum myndi veitast erfitt að ná sjer upp, og það voru fyrst og fremst hans eigin gerðir, sem voru þess valdandi. Það er barnalegt og

skoplegt, að hjer megi ekki tala um misfellur bankanna; það er þó alstaðar gert erlendis, og ekki minna en hjer. Þessir hv. þm. ættu að lesa dönsk og norsk blöð um þessar mundir. Eftir þessa hreingerningu í bankanum, að gefa nokkrum af helstu kaupmönnum og útgerðarmönnum í Reykjavík upp 5—6 miljónir, sem voru þá þegar tapaðar, fór þessi bankastjóri, Eggert Claessen, í ferðalög um mörg hin næstu lönd, til að fá peninga að láni handa stofnuninni. Eftir heimkomuna var fullyrt í Morgunblaðinu, að nú væru nógir peningar til að bæta úr þörfum bankans; fjórar miljónir hefðu fengist að láni. En í raun og veru fekk hann ekki svo mikið, því að töluverður partur, alt að því helmingur upphæðarinnar, var aðeins framlenging eldri skuldar við Prívatbankann í Kaupmannahöfn.

Svo kom atvik, sem hv. 2. þm. S.-M. (SHK) ber ábyrgð á, að jeg neyðist til að minnast á. 2. desember í fyrra gat bankinn ekki staðið í skilum með ávísun, sem var ekki 100 þús. kr., og mun hafa komið frá landsstjórninni. Þetta er skiljanlegt, þegar þess er gætt, hve bankinn hefir haft lítið í sjóði við sum hin seinni opinberu reikningsskil, og sýnir þetta, hversu erfitt bankinn á með að annast stórar útborganir, sem vitanlega altaf geta komið fyrir.

Eins og jeg hefi fyr tekið fram, urðu stjórnarskiftin í fyrra fyrst og fremst með tilliti til Íslandsbanka. Og af því að Framsóknarflokkurinn var aðalþátturinn í stuðningsliði núverandi landsstjórnar, var ekki óeðlilegt, að hann óskaði eftir, að einhverju verulegu yrði breytt til batnaðar frá ráðlagi fráfarandi stjórnar, sem virtist meira setja fyrir sig hluthafahagsmunina en hagsmuni þjóðarinnar. Það er óhætt að segja, að eftir að þingi sleit í fyrra ljet miðstjórn flokksins ekkert tækifæri ónotað til þess að minna stjórnina á þá sjálfsögðu skyldu að framfylgja þingviljanum. Stjórnin tók þessu líklega og mun hafa gert einhverjar bráðabirgðaráðstafanir í þá átt. En þó var ekki laust við tvískifting í stjórninni, eins og síðar varð fullkunnugt. (**Forsrh. SE:** Öll stjórnin var sammála). Jeg skal víkja að því góða samlyndi síðar. Á miðju sumri gerðist sú formlega breyting viðvíkjandi bankanum, að forsætisráðherra ákvað að breyta verkaskiftingunni meðal ráðherranna þannig, að forsætisráðherra skyldi eftirleiðis skrifa skipunarbrjef bankastjóra, þar á meðal vitanlega hinna stjórnskipuðu bankastjóra við Íslandsbanka. Forsætisráðherra hrifsaði þannig undir sig veitingarvaldið yfir bönkunum, með konunglegri auglýsingu, úr höndum stjettarbróður síns, fjármálaráðherrans. Þessi atburður hefir verið kallaður valdarán. Forsætisráðherra ákvað þessa breytingu að fjelaga sínum fjarverandi og þvert ofan í óskrifaða samninga við Framsóknarflokkinn, sem hafði gert það að skilyrði fyrir stuðningi við stjórnarmyndunina, að fjármálaráðherrann færi með bankamálin og að verkaskifting milli deildanna hjeldist óbreytt. Þessi atburður breytti þungamiðjunni í stjórnmálunum um stund. Af einhverjum leyndardómsfullum ástæðum flutti forsætisráðherra hug og hjarta yfir á skákina til hluthafanna, eins og gerðir hans sýna síðan í máli þessu. Með þessu hvarf ábyrgð bankamálanna yfir á forsætisráðherra. Áður höfðu tveir ráðherrar haft ábyrgðina saman, annar á því, að losa ekki um

stöðurnar í bankanum, en hinn á því, að vanrækja að skipa í hinar lausu stöður. Svo líður fram á haustið, en þá fer forsætisráðherra að hugsa sjer til hreyfings að framfylgja bankalögunum og losa stöður í bankanum. Mönnum er kunnugt, að það haust voru fleiri fundir í bankaráði Íslandsbanka en öll undanfarin ár, og voru aðallega tvö umræðuefni á dagskrá. Annað var vaxtalækkunin. Landsbankinn var búinn að setja niður sína vexti talsvert, og öll sanngirni og kröfur almennings mælti með því, að Íslandsbanki yrði knúður til að hafa ekki hærri vexti. Það gekk lengi í þófi um þetta, en svo fór, að Íslandsbanki hjelt sínum óforsvaranlega háu vöxtum. Það er skiljanleg ástæða, að banki, sem hafði orðið fyrir gífurlegu tapi, vildi vinna það upp með háum vöxtum, og flytja þannig skaða þann, sem fyrst og fremst átti að koma niður á hluthöfunum, yfir á þjóðarheildina.

Hitt umræðuefnið, sem virðist hafa eytt miklum tíma fyrir bankaráðinu, var að semja við fráfarandi bankastjórn um launafúlgur, er þeim bæri að fá að skilnaði. Það virtist liggja í augum uppi, að hagsmuna þjóðarinnar yrði best gætt með því að láta þessa menn fara umsvifalaust, eins og gert er við banka erlendis, þar sem stórfeld töp koma fram, eins og hjer hafði átt sjer stað. Kröfur þeirra um eftirlaun eða heiðurslaun gátu þá orðið dómstólamál.

Í bankaráðinu var forsætisráðherra voldugasti maðurinn, því að auk síns atkvæðis fór hann með atkvæði fyrir þrjá útlendu hluthafana. Hann einn var því meiri hluti í bankaráðinu. En í stað djarftækra framkvæmda gagnvart bankastjórninni var ákveðið að fara samningaleið, og endirinn varð sá, að annar bankastjórinn fekk 70 þús. danskar krónur í eitt skifti fyrir öll, sem bætur fyrir atvinnumissi, en hinn fekk 4, 5 eða 6 þús. í eftirlaun, auk dýrtíðaruppbótar. En það er meira en ráðherralaun hjer á landi. Það hefir þó varla verið gustukaverk að gefa danska bankastjóranum þessar 70 þúsundir, því að ekki hefir hann haft sultarlaun við bankann undanfarið. Eitt árið vita menn, að laun hans urðu 80 þús. kr., og yfirleitt munu þau hafa verið hærri en laun nokkurs annars manns á landinu. Hinn, sem hrepti 10 þúsund, er líka með efnaðri mönnum bæjarins og hefir fengið mikla erfð og er maður á besta aldri og barnlaus, svo að ekki verður sjeð, að hann eigi við mikla örðugleika að stríða. Tölur þessar eru að vísu að nokkru leyti ágiskanir, því að formaður landsstjórnarinnar hefir neitað að gefa upplýsingar um þetta efni opinberlega, frá gerðum bankaráðsins. Þær eru ríkisleyndarmál, sem „ríkið“ sjálft má ekki fá neitt að vita um. Áreiðanlega hefir þessi ákvörðun um að leyna þjóðina gerðum bankaráðsins, verið studd af hæstv. forsætisráðherra, því að hann einn gat á þessu tímabili myndað meiri hluta ályktun í bankaráðinu.

Annars er það ekki fyrst og fremst peningaupphæðin, sem er eftirsjá í, þótt hún sje töluvert há. En það er blærinn á öllum þessum aðgerðum, að moka þannig peningum út, þegar bankinn er í nauðum staddur, og það til þeirra manna, sem hafa stýrt bankanum á þeim tíma, þegar stjórn hans orsakar þjóðfjelaginu mikil vandræði.

Nokkru fyrir jól, töluvert áður en ákveðið var endanlega um heiðurslaunin handa Tofte, varð um 120 þús. kr. sjóðþurð í Íslandsbanka. Datt mjer þá

ekki annað í hug en að bankastjórarnir fráförnu hefðu orðið glaðir yfir því að sleppa úr embættum sínum, þótt þeir hefðu orðið að fara þaðan slyppir og snauðir. En þetta mikla óhapp virtist engin áhrif hafa á þá eða meiri hluta bankaráðsins. Danski bankastjórinn Tofte, var alveg eins kröfuharður, þegar komið var fram í dagsljósið svona sjerstakt dæmi um afleiðingarnar af hirðuleysisstjórn á bankanum. Óhappið hlaut að varpa skugga á stjórn þeirra, sem frá viku. Að sjálfsögðu vissu bankastjórarnir ekki um þessa miklu óreiðu. En í því liggur einmitt sönnunin um, að þeir voru ekki vaxnir húsbóndastarfinu á heimilinu. En þeir bera þó ábyrgðina. Þannig þótti fyrv. forsætisráðherra Dana, I. C. Christensen, ekki tilhlýðilegt annað en að segja af sjer, er það vitnaðist, að einn úr ráðuneyti hans, Alberti, hafði stungið miklu fje undan, þó að allir vissu, að forsætisráðherrann væri saklaus um alla hlutdeild í fjárdrættinum.

Þegar þessi sjóðþurð vitnaðist, fanst miðstjórn Framsóknarflokksins keyra úr hófi fram, og f y r i r jól skrifaði hún forsætisráðherra brjef, áður en hann sigldi, og lagði þar eindregið til, að stjórnin skipaði tvo duglega menn til að gæta hagsmuna landsins í bankanum. Forsætisráðherra svaraði með því, að það væri ekki hægt, því að búið væri að slíta fundi í bankaráðinu; hann hefði ekki lengur útlendu umboðin, nema með nýjum samningum við hluthafana. Síðar hefir komið í ljós, að hr. Claessen hafði beðið hann að gera ekki neitt. Og sú ósk hafði verið tekin til greina.

Þegar forsætisráðherra kemur heim úr utanför sinni um áramótin, slær hann upp báðum bankastjórastöðunum, og um þær sækja 10—15 menn. Rjett á eftir ákveður bankaráðið laun fyrir hina nýju bankastjóra, hin hæstu, sem þekkjast í hinu íslenska ríki, 25 þús. kr. eða meira. Síðari fregnir herma, að þau sjeu 30 þús. Hæstv. forsætisráðherra getur gefið skýringu á þessu, því að hann er sá eini maður hjer í deildinni, sem um þetta veit.

Hjer ber aftur að sama brunni og áður. Þegar bankanum hefir gengið í lakasta lagi, þá eru launakröfurnar óstjórnlegastar.

Þannig heldur þessum leik áfram til mánaðamótanna janúar—febrúar. Þá er umsóknarfresturinn liðinn, og enn þá hefir landsstjórnin ekki ákveðið að skipa neina fasta menn í stöðurnar. Þá setur hún tvo menn í þær, bókara úr bankanum og skrifstofustjóra úr stjórnarráðinu. Þetta hefir mælst illa fyrir. Báðir eru menn þessir að vísu góðir og gegnir menn. En aðstaða þeirra gerir þeim ómögulegt að starfa eins og þjóðarhagsmunirnir krefjast. Þessir menn geta verið reknir á brott með klukkutíma fyrirvara. Þeir vita aldrei að kveldi, hvort þeir verði bankastjórar að morgni. Þeir geta þess vegna ekki gert það, sem þjóð og þing ætlast til af mönnum í þessari stöðu: Að leggja grundvöll að framtíðarskipulagi og starfsemi bankans, þar sem fyrst og fremst sje gætt hagsmuna landsins, en hluthafanna þar á eftir.

Það hefir engin skýring verið gefin á því, vegna hvers hæstv. forsætisráðherra tekur fyrst undir sig valdið til að skipa í bankann, en notar svo ekki þetta vald. Með valdaráninu sjálfu hefir hann

brotið af sjer traust þeirra manna, sem studdu hann til ráðherratignar. En með því að nota ekki valdið eftir anda og bókstaf bankalaganna hefir hann brotið af sjer traust þjóðarinnar.

En til að gera hæstv. forsætisráðherra greiða vil jeg gefa honum tækifæri til að mótmæla því, sem haldið er á lofti um þessi efni. Það er álit margra, að hann hafi gripið til þessarar ráðstöfunar, að setja í embættin, til þess að geyma embætti handa sjálfum sjer, er hann ljeti af störfum. Einn af bestu borgurum þessa bæjar hefir sagt, að ef stjórnin hrifsaði þessi embætti undir sig, vanrækti síðan að velja í þau heppilega menn, þá væri slíkt athæfi líkast því þegar forsetinn í Mexico fer í langt ferðalag með landssjóðinn í vasanum. (**Forsrh. SE:** Hver er þessi ágæti borgari?). Það skiftir engu máli, hvert nafn hans er. Allir óspiltir menn í landinu eru og verða manni þessum sammála.

Jeg vona og þykist vita, að grunur þessi sje ástæðulaus, og trúi honum ekki, fyr en jeg tek á. Það er algerlega í bága við reynslu mína hingað til af hæstv. forsætisráðherra. En jeg gef honum hjer með tækifæri til að hreinsa sig af þessu, með því að skýra frá, hvers vegna hann hafi vanrækt að skipa í embættin, og lýsa því yfir í áheyrn þingsins, að hann ætli hvorki beint eða óbeint að njóta hagsmuna sjálfur af þessari vanrækslu.

Þá kem jeg næst að hinum ýmsu tilraunum Framsóknarflokksins hjer á þingi til að fá gleggra yfirlit yfir þetta mál. (**Forsrh. SE:** Talar hv. þm. í nafni Framsóknarflokksins?). Jeg tala í mínu nafni um tilraunir Framsóknarmanna til að koma viti fyrir hæstv. forsætisráðherra í þessu efni.

Stjórnarskiftin í fyrra voru gerð vegna Íslandsbanka og fjármálanna yfirleitt. Það er ekki hægt að neita því, að þó að mikill munur hafi verið á fjárreiðum fyrverandi og núverandi stjórnar, eins og fjáraukalögin frá tíð hvorrar um sig sýna best, þá er munurinn á stjórn þeirra á Íslandsbanka ekki ýkjamikill. Þær vonir, sem menn gerðu sjer um, að nýja stjórnin, sem tók við í fyrra, sýndi röggsemi í stjórn bankans, hafa ekki ræst. Þeir bera margar sameiginlegar syndir, fyrverandi og núverandi forsætisráðherra. Höfuðástæðan til þessa sameiginlega syndafalls er ef til vill sú, að þeir hafa verið formenn í bankaráði erlends hlutabanka, án þess að vera nógu sterkir til að standa í þeirri raun. Við skulum hugsa okkur, hvað sagt yrði í Englandi, ef Bonar Law tæki að sjer að vera formaður í bankaráði þýsks banka, sem starfaði í London. Bankaráðsformenskan er að vísu lögleg, en jafnframt erfið skylda, og því meiri ætti löngun ráðherranna að hafa verið að láta hagsmuni landsins sitja fyrir hagsmunum hinna erlendu hluthafa.

Jeg kem nú að einu aðalatriðinu, sem mikið hefir verið talað um í sambandi við mál þetta. Það er, hversu alt hefir gengið seint hjá landsstjórninni, þegar um rjettmætar ráðstafanir gagnvart bankanum hefir verið að ræða. Er ekki ástæða til, að þeir, sem við stjórn bankans hafa verið riðnir síðan hann byrjaði að tapa, skili aftur ágóðahlut sínum? Er ekki rjett að afskrifa hlutafje bankans fyrir tapinu, í stað þess að hann vinni það upp með alt of háum vöxtum, sem vitanlega eru teknir úr vasa almennings?

Hv. 2. þm. S.-M. (SHK) vonar, að

bankinn fari að græða aftur og rjetta við. En á hverju græðir hann þá? Á vaxtamismun. Útlánsvextir eru nú hærri í Íslandsbanka en í Landsbankanum, og hafa verið um langt skeið. Það er því bersýnilegt, að með þessu á að koma tapinu á herðar almennings, en bjarga hluthöfunum, sem þó þóknanlegast hirða gróða góðu áranna.

Og hvers vegna eru ekki festir þeir tveir trúnaðarmenn stjórnarinnar, sem fyrir landsins hönd eiga að gæta þess fjár, sem bankanum hefir verið lagt til úr ríkissjóði?

Það er nærri broslegt að heyra stöðugar ásakanir og illyrði í garð þeirra manna, sem vilja framfylgja lögfestum þjóðarvilja í þessu máli. Og hvaðan eru þessar ásakanir sprottnar? Vitaskuld frá þeim, sem eiga hlutabrjef í bankanum, þeim, sem skulda honum eða hafa notið bitlinga við hann. Það eru þeir, sem telja þá menn óalandi, sem heimta rjettlæti. Það eru hinir seku, sem áfella þá saklausu, þeir sjúku, sem brigsla um veikindi þeim, sem heilbrigðir eru. Það er ekki verið að áfella þá, sem margföld fá heiðurslaun fyrir að hafa stjórnað bankanum svo dæmalaust vel, og ekki heldur hina, sem gefin hafa verið upp hundruð þúsunda. Nei, en á okkur er hlaðið gífuryrðum fyrir að krefjast rannsóknar á stjórn þeirra. Fyrir að gera það eitt, sem hver og einn góður borgari í þessu þjóðfjelagi hlýtur að krefjast af fulltrúum sínum.

Þá eru nokkur atriði í ræðu hv. 2. þm. S.-M. (SHK), sem þarf að athuga.

Góður og gegn þm., sem mjög er kunnugur þingsögunni síðastliðin 25 ár, sagði við mig, að ræða þessa hv. þm. (SHK) í máli þessu væri sú ókurteisasta, sem flutt hefði verið hjer á þingi um síðasta aldarfjórðunginn. Á þessu eru ýmsar skýringar, t. d. veikindi þessa hv. þm. (SHK). En jeg mun halla mjer að hinu, sem er honum til verulegs sóma, að honum er ljóst, hvern málstað hann er að verja. Hann finnur, að sá málstaður er alt annað en góður, og því meiri verður gremja hans, er honum verður ljóst, hversu málstaður hans er lítið virðulegur fyrir íslenskan alþingismann.

Ádeilu hans á fyrv. fjármálaráðherra (MagnJ) er svarað með því að taka fram þá staðreynd, að það er forsætisráðherra, sem er æðsti maður bankans, og honum ber því að gefa skýrslur um hann. **(Forsrh. SE:** Heyra bankamál undir forsætisráðherra?). Jeg hefi þegar tekið fram, að hann er yfirmaður bankans. **(Forsrh. SE:** Hvar stendur það skrifað?). Það stendur illu heilli skrifað í stofnlögum bankans, að ráðherrann skuli vera formaður bankaráðsins. Og þar að auki hefir hæstv. forsætisráðherra aukið völd sín og sorgir með því að hrifsa undir sig veitingarvaldið nú í sumar sem leið. Annað mál er það, að þó að skýrsla hefði nú verið gefin og þó að henni hefði verið trúað, þá hefði hún aldrei verið það fullnægjandi, að tillaga þessi væri ekki jafnrjettmæt. Og þingið á í raun og veru aðeins að trúa sínum eigin augum í svo mikilvægu máli. **(Forsrh. SE:** Flutningsmenn till. eru þá ekki sammála, eftir því sem kom fram í umr. í hv. Nd.). — Ef rannsókn yrði hafin á tryggingunum fyrir enska láninu, sem eru mestmegnis víxlar, þá er hætt við, að ýms góð nöfn sæjust þar standa fyrir svo sem hálfri miljón, 300 þús. o. s. frv. Ef menn nú óskuðu

að vita gerla um, hvers virði þessar tryggingar eru, þá er ómögulegt að fá nokkurn botn í þá rannsókn, nema að athuga, hvernig þessir skuldunautar bankans eru stæðir. Og þá er rannsóknin orðin að almennri athugun á hag bankans. Þetta er kjarni málsins. Engin skýrsla til þingsins gaf fullnaðarskýringu. Um ástand veðsins verður ekki dæmt, nema af ástandi bankans sjálfs og skuldunauta hans. En hluthafarnir og vinir þeirra í þinginu virðast bera kvíðboga fyrir því, að þjóðin eða fulltrúar hennar fái að sjá þau hin göfugu nöfn, sem á víxlunum standa.

Neðri deild hefir nú samþykt, að þingið skuli ekki fá að vita neitt um hag bankans, nema gegnum gleraugu stjórnarinnar. Og þar sem hæstv. forsætisráðherra hefir neitað að gefa upplýsingar um laun Tofte, geta menn nokkurn veginn gert sjer í hugarlund, að það verður takmarkað, sem þingmenn græða á þessari tilvonandi skýrslu stjórnarinnar.

Það er og villandi hjá hv. 2. þm. S.-M. (SHK), að fyrv. fjármálaráðherra (MagnJ) hafi sett enska lánið í bankann. Það gerði fyrirrennari hans, núverandi hv. 1. þm. Skagf. (MG), og það var hann, sem vanrækti að skipa tvo umsjónarmenn með fje þessu, sem hann hafði þingheimild til. Aftur á móti má telja það til lofs fyrverandi fjármálaráðherra (MagnJ), að honum tókst að auka tryggingunа um eitthvað 25%, eftir að fyrirrennari hans var búinn að sleppa peningunum í bankann.

Eitt atriði sýnir, hvernig margt breytist undarlega í heimi þessum. Hv. 2. þm. S.-M. (SHK) fordæmdi með sterkum orðum rannsókn þessa, kvað hana glæp o. s. frv. Fyrir nokkrum árum kom líkt atvik fyrir hjer á landi. Það var 1909. Þá átti þessi sami maður (SHK) sæti á þingi og var ákafur stuðningsmaður þeirrar stjórnar, sem skipaði rannsóknarnefnd á annan bankann. En þá var það Landsbankinn.

Ef allir þeir eru glæpamenn, sem nú standa að þessari tillögu, þá mætti jafnvel finna einstaka slíka herra meðal þeirra, sem fastast stóðu að rannsókninni 1909.

Um haustið 1909 sendu Heimastjórnarmenn undirskriftaskjöl út um alt land, til að lýsa vantrausti á þáverandi ráðherra, vegna rannsóknarinnar á Landsbankanum. Þá var gefið út blað á Akureyri, sem hjet „Norðurland". Ritstjóri þess hjet þá Sigurður Hjörleifsson, en hefir nú gengið úr gamla reifinu og heitir nú alt öðru nafni. Það er núverandi 2. þm. S.-M. (SHK). Í ritstjórnargrein í blaði sínu 21. des. 1909 segir hann í tilefni af þessu atferli stjórnarandstæðinganna:

„Með þessu ætlast þeir til, að þjóðin launi honum (þ. e. Birni Jónssyni ráðherra, sem skipaði rannsóknarnefndina) þá drengilegu djarfmensku að stöðva óregluna í Landsbankanum".

Enn fremur:

„Engar sannanir hafa verið færðar fyrir því, og e n g a r l í k u r v e r ð a f y r i r þ v í f æ r ð a r, að þessi ráðstöfun muni spilla fjárhag eða lánstrausti bankans eða þjóðarinnar".

Á þingi 1911 var mjög deilt á þá, sem að rannsókninni stóðu, en þessi sami maður (SHK) stóð til varnar fyrir rannsókninni. M. a. sagði hann þá í einni þingræðu:

„Það má telja þrjá merkisdaga í þessu máli eða hátíðisdaga, þó að

margir hafi verið tyllidagar þar að auki. Fyrsti merkisdagurinn er 27. apríl 1909, þegar bankarannsóknarnefndin er skipuð. Þá er 22. nóv. 1909, þegar stjórn Landsbankans var vikið frá, og loks 3. jan. 1910, þegar háyfirdómari Kristján Jónsson ljet setja sig inn í bankann með fógetavaldi".

Hjer talar þm. með miklum fjálgleik um hátíðisdaga, sem margir aðrir köllúðu hneykslisdaga. Í sömu ræðu segir hann, að ástæðurnar fyrir rannsókninni hafi ekki verið lítilfjörlegar, þótt hann telji nú enga ástæðu til rannsóknar. Ástæðurnar kvað hann þá, að vantað hefði á víxlaforða bankans og að uppgerð sparisjóðs hafi ekki verið í fullri reglu, „og loks, að töluvert var álitið tapað af útlánum bankans".

Þá telur hann, að bankinn hafi tapað á 11 mönnum, sem riðnir voru við gjaldþrot, þetta frá 10—171 þús. á hverjum Ef þessar ástæður hans, í grimmri varnarræðu fyrir stjórn þeirri, sem skipaði rannsóknina, eru bornar saman við afstöðu hans nú, þá undrast menn breytinguna. Sannast á þm., að enginn veit sína æfina fyr en hún öll er.

Á þessu sama þingi (1911) var svo skipuð rannsóknarnefnd á stjórnina, og átti hv. núverandi 2. þm. S.-M. (SHK) sæti í henni í Ed. Nefndin klofnaði, og var hann einn í minni hluta. Þótti honum bankarannsóknin 1909 hafa verið nauðsynleg og varði hana, en hins vegar fanst honum þessi nefnd ekki gera nógu mikið að því að hnýsast í bækur bankans. Fórust honum svo orð:

„Niðurstaða bankastjórnarinnar nýju hefir orðið sú, að 500 þús. kr. sjeu tapaðar, eða þá að meira eða minna leyti í hættu. Mjer þótti rjettara, að hv. samnefndarmenn mínir hjer í deildinni hefðu reynt að rannsaka nokkuð þetta atriði málsins, hvort þetta ískyggilega ástand bankans stafaði af einhverjum slysum eða óhepni, eða af ófullnægjandi eftirliti hinnar fráförnu bankastjórnar, en jeg get ekki betur sjeð en að þetta sje órannsakað enn".

Þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna, hvernig hv. núverandi 2. þm. S.-M. (SHK) leit á slíka rannsókn þá, og er þessa alls ekki getið honum til lasts. Það er rjettmætt að finna að stjórn og rekstri banka eins og annara fyrirtækja. En hins ber að minnast, að þessi framkoma hv. 2. þm. S.-M. (SHK) þá er engan veginn samrýmanleg illyrðaaustri hans út af bankarannsóknum alment, eins og kom fram í ræðu hans um daginn.

Munurinn á ástæðunum til rannsóknar 1909 og nú er aðallega sá, að þá var óendanlega lítilfjörleg ástæða til að rannsaka Landsbankann, í samanburði við þær, sem nú hrópa á rannsókn á Íslandsbanka.

Þá hefir því verið slegið fram, að þagnarskylda hvíldi ekki á mönnum, samkvæmt tillögu okkar Framsóknarmanna, nema rjett á meðan á rannsókninni stæði. Hjer er rjettu máli vikið við. Ef rannsóknin færi fram, þá er tvent til: Annaðhvort að alt sje í lagi eða ekki. Við viljum, að alt fari fram með ítrustu varasemi og að lokaður fundur taki ákvörðun um, hvað gera skuli, þá er rannsókn er lokið, og þinginu í heild sinni skýrt frá árangrinum. Ef alt reynist í góðu lagi, þá er engin ástæða til að upphefja þagnarskylduna, en annars er óhugsandi að þegja. Þjóðin yrði að fá vitneskju um, ef ólag

reyndist á bankanum; annað væri óhæfa.

Jeg hefi nú rakið þetta mál allítarlega, dregið fram í dagsbirtuna aðalatriðin í sögu bankans frá byrjun og fram á þennan dag. Ræða mín er orðin nokkuð löng, en lengri er því miður óhappaferill hluthafastefnunnar hjer á landi. Hefir ekki í skemra máli verið hægt að gefa deildinni, og síðan öllum borgurum landsins, viðunanlega hugmynd um áhrif hluthafastefnunnar á þjóðlífið og fjármál landsins. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort hluthafarnir eða þjóðin eru í meiri hluta í þessari deild. Fyrir okkur flutningsmönnum tillögunnar vakir það eitt að gera skyldu okkar og gefa þinginu tækifæri til að gera skyldu sína. Nærfelt helmingur þm. hefir áður á þessu þingi flúið salinn vegna Íslandsbanka. Ef til vill verður í kvöld meiri hluti í deildinni fyrir því að flýja enn undan boði skyldunnar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg gerði ítarlega grein fyrir þessu máli í Nd., og þar sem margir þm. úr þessari hv. deild munu hafa heyrt það, get jeg farið nokkuð fljótar yfir sögu hjer.

Jeg skildi tillöguna svo, er jeg fyrst mintist á hana í hv. Nd., að með henni væri tilætlunin, að þingnefnd sú, sem skipuð yrði, rannsakaði allan hag bankans, og þetta kom einnig ljóslega fram í framsöguræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg gerði í hv. Nd. ítarlega grein fyrir því, hvers vegna jeg stæði gegn slíkri almennri rannsókn. Í fyrsta lagi af því, að nýbúið væri að rannsaka bankann af þingnefnd, sem þetta sama þing, sem nú situr, hefði skipað. En síðan væri, að dómi núverandi bankastjóra, sem allir væru nýlega komnir í bankann, og 2 stjórnskipaðir, ekkert skeð, sem gæfi ástæðu til að ætla, að meira tapaðist en nefndin hefði gert ráð fyrir. En eftir niðurstöðu þessarar nefndar, í samræmi við þær upplýsingar, sem síðan væru fram komnar um hag bankans nú, þá ætti bankinn nú, eftir að búið væri að taka frá fyrir tapinu, sem nefndin hefði áætlað, af varasjóði sínum um 700000 kr. — jeg tilfæri ekki smærri upphæðir — og auk þess hlutafjeð óskift 4500000 kr. Jeg benti og á, að þingnefndarrannsókn í 15 daga væri engin rannsókn, og loks, að þingrannsókn á bankanum, ekki síst af sama þingi og rannsakaði hann áður, mundi meðal fjármálamanna annarsstaðar vera skoðuð svo óvenjuleg ráðstöfun, að aðeins það að ákveða rannsóknina mundi spilla trausti bankans.

Hv. flm. hjer í þessari hv. deild (EÁ) sagði nú, að meiningin væri ekki, að almenn rannsókn færi fram á bankanum, og svo skildi jeg einnig hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) í lokaræðu hans í hv. Nd., en hins vegar, að nefndin tæki aðeins á móti skýrslu af bankastjórninni um hag bankans, — hv. þm. leiðrjettir mig, ef jeg fer með skakt mál —, en ef þetta er meiningin, þá liggur sú skýrsla í raun og veru fyrir.

Jeg hefi margsinnis spurt núverandi bankastjórn, hvort hún hafi orðið nokkurs þess vör, sem benti á, að meira mundi tapast en rannsóknarnefndin hefði gert ráð fyrir, og þessu hefir bankastjórnin svarað neitandi. Þetta ætti því í raun og veru að vera fullnægjandi fyrir þingið, ef tilætlunin er aðeins að fá skýrslu hjá bankastjórninni.

Nokkur atriði vil jeg drepa á í ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ). Þessi hv. þm. sagði, að 2. des. 1922 hefði Landsbank-

inn sent ávísun á Íslandsbanka, að upphæð 1 miljón kr., en Íslandsbanki hefði ekki getað greitt hana. Sagði hv. þm. (JJ), að á þessum degi hefði Íslandsbanki strandað. Jeg get nú upplýst það, að samkvæmt yfirlýsingu eins bankastjórans, sem jeg spurði um þetta, var þessi upphæð borguð sama daginn, og jafnframt er það þá upplýst, að bankinn strandaði ekki 2. desember.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um samkomulag Landsbankans og Íslandsbanka, er forsætisráðherrann hefði gengist fyrir. Sannleikurinn er sá, að bankarnir áttu sjálfir upptökin að samningum þeim, sem þm. á við, en stjórnin lagði á eftir, eftir ósk Landsbankans, samþykki sitt til þess, sem bankarnir höfðu komið sjer saman um. Annars get jeg vísað til þeirra upplýsinga, sem gefnar hafa verið hjer í þinginu um þessa samninga, hvernig þeir voru.

Þá flutti hv. þm. (JJ) langan fyrirlestur um sögu bankans. Jeg skal ekki rekja þann lestur í einstökum atriðum eða gagnrýna, en hitt er víst, að af því sögulega ljósi, sem hv. þm. (JJ) brá yfir bankann, stóð lítil birta um hann.

Einu vil jeg þó slá föstu, að menn verða að skoða bankann í ljósi nútímans. Og því má ekki gleyma, að bankinn er orðinn svo mikill liður í viðskiftalífi þjóðarinnar, að styrkur hans er að ýmsu leyti styrkur þjóðarinnar. Má í því sambandi minna á það, að þessi banki hefir nú á herðum sjer 21 af botnvörpungum þjóðarinnar. Og ekki er það sama fyrir framtíð þessarar þjóðar, hvernig fer um þann flota.

Þá talaði þessi sami hv. þm. (JJ) allmikið um afstöðu mína til hinna erlendu hluthafa, og í blaði sínu, Tímanum, hefir hann einnig blásið að þeim kolunum, að þar mundi alt mitt traust. En ef hv. þm. og blað hans ætti aðeins ofurlitla sannleikstýru í eigu sinni og vildi bregða henni upp, þá mundu þau sjá, hvað öll þessi ummæli eru undarlega öfugsnúin við það, sem gerst hefir í þessum málum í minni stjórnartíð. Er þá rjett að benda á það, að í minni stjórnartíð hefir það gerst, að öll bankastjórnin er orðin alíslensk. Danski bankastjórinn, sem naut fulls trausts erlendu hluthafanna, er nú farinn frá bankanum, og hver er kominn í staðinn? Alíslenskur maður. Og nú í fyrsta sinni í sögu þessa banka skipa íslenskir menn allar bankastjórastöðurnar. Þarna er nú sýnishornið af því, sem gert hefir verið fyrir erlendu hluthafana.

Yfirleitt eru árásir þessa hv. þm. (JJ) á mig þannig, að jeg mun bráðlega leita mjer vitneskju um það, hvort flokkur sá, sem hann tilheyrir, stendur þar á bak við eða ekki. Jeg veit að vísu, að þessum hv. þm. (JJ) hefir verið það áhugamál að fá mig úr ráðherrasæti og að blað hans hefir í öðru sambandi kallað mig t. d. Gissur Þorvaldsson. Það hefir nú að vísu komið í ljós í því máli, sem þar var um að ræða, að ekki einn einasti af samflokksmönnum þm. fylgdi honum þar að málum á mót mjer. Og má vera, að svo sje víðar, því það er alkunnugt, að ærinn mismunur er á skoðun flokksins sjálfs og hugsunarhætti og á skoðunum og hugsunarhætti blaðsins, sem þessi hv. þm. (JJ) lætur blása tortrygni, eilífri tortrygni, inn í alt og alla. Jeg efast um, að bændastjett þessa lands hlusti með aðdáun á alla þessa undarlegu tóna tortrygninnar, og sá stormur, sem hv. þm. er nú að leitast við að reisa út af þessu máli,

gæti snúist snögglega að honum sjálfum og blásið hann um koll.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) kallaði Íslandsbanka feita fósturbarnið, og átti það víst að þýða, að honum væri skipað hærra en Landsbankanum. En jeg sje nú ekki,hvernig það á að samrýmast við það, að landsstjórnin hefir stöðugt tekist á hendur ábyrgðir fyrir Landsbankann gagnvart erlendum bönkum, og hefir aldrei verið minsta fyrirstaða fyrir þessu, og má á þessu sjá, hvort þessi banki hefir verið skoðaður sem olnbogabarn.

Þá talaði þm. þannig, eins og hið lága gengi krónunnar væri alt Íslandsbanka að kenna. Það er svo sem ekki verið að reyna að gera reikningana rjettlátlega upp og taka hina óhagstæðu tíma til athugunar, sem alstaðar hafa knúð að dyrum og alstaðar gert meiri og minni spjöll.

Þá sagði hann, að flestir þeir, er að þessum banka hefðu staðið, hefðu haft ást á honum. Skal jeg ekki fara út í það, en auðsjeð var, að tilgangur hv. þm. var með þessu að koma að samanburðinum milli Íslandsbanka og Landmandsbankans. Þegar hv. þm. (JJ) er á því spori, þá er hann í draumalandinu sínu. Hann sagði að vísu, að það væri ekki alveg eins ástatt með þessa banka, en öll ræða hans sýndi þó, að hann taldi líkindin mikil. Jeg vil nú geta þess, að mikið af tapi Landmandsbankans stafaði af því fje, sem tapaðist hjá Transatlantisk Company. Nam sú upphæð á annað hundrað milj. króna, og lenti ekkert af þessu fje hjá Dönum sjálfum. Enn fremur lánaði bankinn mikið fje kaupmönnum til spekúlationa, til þess að kaupa vörur fyrir og selja til Rússlands. Svo fjellu þessar vörur og tapið varð afskaplegt. Voru bankastjórarnir einnig sjálfir frumkvöðlar að ýmsum spekúlationsfyrirtækjum. Hjer hefir ekkert líkt þessu átt sjer stað. Og þó er eitt blaðið altaf að jafna þessu saman. Hvað þýðir þetta nú fyrir lánstraust landsins? Ef haldið væri nú áfram á þessari braut og skipuð yrði rannsóknarnefnd af þinginu í framhaldi af þessum þokkalega samanburði, hvernig mundi þá verða litið á þetta í Danmörku og yfir höfuð í útlöndum? Þar mundi auðvitað talið víst, að hjer stæði eins á og um Landmandsbankann, og má vera, að þá mætti víða finna þess merki, hve viturlega oss farnast í fjármálum vorum.

Þá sagði hann, að ekkert saknæmt hefði verið komið upp um bankastjórn Landmandsbankans, þegar ekki hafð lengra verið komið rannsókninni þar en nú er hjer. Hjer er enn verið að blása og blása í lúður tortrygninnar. Gefið í skyn, að eitthvað glæpsamlegt muni koma hjer upp síðar. Hann talaði um bankastjóra Íslandsbanka líkast því, sem þeir væru menn, er ættu heima í steininum, og jafnaði við menn, er settir hafa verið undir opinbera rannsókn.

Þá kom hann að sjóðþurðinni. Það er rjett, að það var 120 þús. kr. sjóðþurð. Hann sagði, að þetta væri eitt af ríkisheimulegheitunum og kastaði ekki skemtilegu ljósi yfir fráfarandi bankastjórn. Jeg gat um þessa sjóðþurð við Clausen bankastjóra í Privatbanken um leið og jeg mintist á fráför bankastjóra Tofte o. fl. Er það víðast annarsstaðar svo, að bankastjórarnir sjálfir telja ekki kassann, heldur endurskoðendur. Þeir höfðu nýlega talið kassann og urðu ekki varir við sjóðþurðina. Jeg efast því um, að hægt sje að leggja þessa sök alla á

bankastjórnina eða nokkuð af henni. Í þessu sambandi held jeg að taka megi fram, að bankastjórn Landsbankans telji ekki kassann þar, eftir því sem jeg veit best.

Það má vel vera, að þessi hv. þm. (JJ) finni til hlýju, er hann talar um þessa sjóðþurð og sje unun að draga fram óhamingju mannsins, sem sekur varð um sjóðþurðina. En feginn hefði jeg viljað, að fjölskyldu þessa manns hefði verið hlíft við þessu umtali hjer. Jeg hefi nú þekt þennan mann um langt skeið, og síst hefði mig grunað, að þessi óhamingja henti hann, því vandaðri mann til orða og verka þóttist jeg ekki vita um. En hann hafði einn slæman breyskleika; hann var því miður of vínhneigður, og frá engu öðru getur þetta stafað en því. En þessi óhamingja var meira en óhamingja fyrir hann; eins og reiðarslag kom hún yfir ættfólk hans, sem aldrei hefir mátt vamm sitt vita. Og allir skilja, og ekki síst við, sem höfum þekt móður hans, hve sárt þetta tók hana. Börn hennar og tengdabörn þorðu fyrst ekki að segja henni frá þessu, en svo varð þó að vera. Og það fyrsta, sem hún gerði, var að bjóða strax fram allar eignir sínar til þess að greiða bankanum tap hans. Það var svo sem ekki verið að draga það tilboð, og þess vegna, einmitt þess vegna, hefði, finst mjer, mátt hlífa henni við að láta þetta mál koma hjer til umræðu. Var nokkur unun, gat nokkur haft ánægju af að sjá hjarta þessarar góðu, öldruðu konu bresta? Og engan skal jeg öfunda af að kasta þessum steini.

Hv. þm. (JJ) segir, að bankarannsóknin sje stærsta þjóðmálið. Hann segir, að þarna liggi þungamiðja íslenskra stjórnmála. En sje það rjett, sem frsm. þessa máls sagði í Nd., að það nægi að fá skýrslu bankastjóranna, og ef hún er bankanum í vil, hvernig á þetta þá að teljast þungamiðja íslenskra stjórnmála?

Hann mintist á bankarannsóknina 1909. Jeg var þá ekki kominn inn í stjórnmálin, en jeg var á móti henni. Veit jeg þó, að sumir þeir menn, er að henni stóðu, og sá ráðherra, er ljet framkvæma hana, hafa verið sannfærðir um rjettmæti hennar, eins og auðvitað ýmsir eru nú í góðri trú um þessa rannsókn. En niðurstaðan af þessari rannsókn sýndi, að ekkert var að athuga við bankastjórnina, og sagan hefir kveðið upp dóm sinn yfir þeim bankastjórum, sem þá voru dregnir inn í eldinn. — Kristján Jónsson varð seinna ráðherra og er nú dómstjóri hæstarjettar. Minnisvarði er yfir Tryggva Gunnarsson hjer í Alþingisgarðinum, og allir eru sammála um ágætismanninn Eirík Briem. — Þessi varð niðurstaðan af þeirri rannsókn, og hver urðu töp bankans? Hjegóminn einn.

Hann sagði, að hagsmunir erlendu hluthafanna væru settir hærra en hagsmunir þjóðarinnar. Í hverju? Eru það hagsmunir erlendu hluthafanna, sem verið er að hugsa um, þegar verið er að gera ráðstafanir til að koma botnvörpungum okkar á flot? Eru þetta ekki hagsmunir þjóðarinnar? Hver er svo litblindur, að hann sjái ekki þetta? Og hvílíkt ranglæti að halda öðru eins fram og því, að hjer sje nokkuð annað á ferðinni en hreinir og beinir hagsmunir þjóðarinnar. En auðvitað er það, að ef tekið er fyllilega tillit til hagsmuna þjóðarinnar, þá getur ekki farið

hjá því, að þeir hagsmunir sjeu að ýmsu leyti sameiginlegir hagsmunum hluthafanna, því velgengni bankans er auðvitað þeirra hagur.

Jeg hefi skrifað hjer á blað hjá mjer nafn hv. þm. V.-Sk. (LH). Hann gerði fyrirspurn til mín í hv. Nd., hvort það væri rjett, að fyrverandi fjármálaráðherra hefði ekki aðgang að veði landssjóðs. Jeg svaraði því, að það væri algerlega undir hans umsjón. Ástæðan til, að þessi hv. þm. (LH) hafði gerst meðflytjandi till., var það, að hæstv. fyrv. fjármálaráðherra hafði, að því er mjer skildist, sagst ekki hafa aðgang að veðinu, og þá var auðvitað öðruvísi ástæða til rannsóknar á því af þinginu. En er þessi hv. þm. (LH) hafði fengið að vita um þetta, greiddi hann ekki atkv., sem eðlilegt var.

Þá sagði hv. 5. landsk. þm. (JJ), að rannsóknin, sem fór fram á bankanum nú síðast, hefði verið einkennileg. Jeg skil það ekki, en eitt er víst, að hún var sett þannig af stað, að hún gat ekki vakið neitt vantraust á bankanum. Landið var að hugsa um að kaupa hlutabrjef bankans, og nefndin var skipuð til að komast að raun um, hvers virði hlutirnir væru, því án þess var auðvitað ómögulegt að gera sjer í hugarlund, hvers virði hlutirnir væru. Þá má nú nærri geta, hvort tilhneiging hafi verið, þegar svona stóð á, hjá þingkjörnum mönnum að fara hærra með verð hlutanna en rjett var.

Hann sagði, að þeir hefðu ekki verið kosnir af meiri hluta þingsins. En hví notaði ekki meiri hlutinn rjett sinn til að ráða kosningunni? Hann losnar sannarlega ekki við neina ábyrgð með því að sitja hjá.

Þá talaði hann um, að dómur kaup-hallarinnar dönsku á hlutum Íslandsbanka væri þungur á metunum. Það er nú svo, en ætli þeir dómar hafi ekki farið nokkuð eftir óminum, sem barst hjeðan? Ómurinn frá „Tímanum“ hefir ekki orðið til þess að hækka hluti Íslandsbanka. Jeg skal segja hjer frá skemtilegu atriði; jeg nefni engin nöfn. Jeg heyrði einn mann tala mjög illa um hlutabrjefin, og taldi hann þau lítils virði; en sami maður lagði mikið kapp á að kaupa brjefin erlendis.

Hv. þm. (JJ) sagði, að bankastjóri Eggert Claessen hefði gert gott í bankanum, og talaði heldur vel um hann. En aðalverk hans hefði þó verið það að gefa eftir skuldir, en hjá því hefði nú ekki verið hægt að komast. En þrátt fyrir mjúku orðin var sama tortrygnin, þessi tortrygni, sem er undiraldan undir nálega öllu, sem hv. þm. (JJ) segir um þetta mál. Og því var heldur ekki gleymt, að bankastjórinn hefði verið málaflutningsmaður þeirra manna, sem gert var upp hjá. Það er dálítið spaugilegt þetta. Hv. þm. (JJ) heldur, að bankastjórinn hafi fengið ást á hverjum manni, sem hefir borgað honum málfærslulaun. Ekki trúi jeg á þá ofurást. Hverjum datt nú í hug að halda, að það skifti nokkru, þótt bankastjóri Landsbankans, Magnús Sigurðsson, væri málaflutningsmaður áður?

Hv. þm. (JJ) sagði, að það hefði sjálfsagt ráðið miklu hjá nýju stjórninni, að hún keypti ekki bankann, að hún hefði ekki haft traust á honum. Þetta hefir aldrei komið fram, en stjórnin áleit, að það væri gott að hafa áfram þetta erlenda hlutafje starfandi í bankanum með hæfilegum vöxtum.

Þá kem jeg að breytingunni um stjórn bankans. Rjett eftir þinglok, áð-

ur en jeg sigldi, spurði jeg samverkamenn mína, hina ráðherrana, um það, hvort þeir vildu breyta þá strax til um stjórn bankans, en þeir vildu þá ekki að svo stöddu máli taka ákvörðun um það. Ef ákvörðun hefði þá verið gerð um málið, þá hefði ef til vill mátt ráða því til lykta fyrir aðalfund bankans. Þegar jeg kom heim aftur, var enn fundur um málið, og þá var afráðið að skifta um stjórn bankans, en þó ekki fyr en eftir áramót. Litum við þá allir svo á, að varhugavert væri, vegna trausts bankans út á við, að umskiftin yrðu of snögg og á óeðlilegum tíma. Styðst þessi skoðun okkar og við skeyti, sem við fengum frá Claessen bankastjóra, meðan hann var utan, þar sem hann mæltist til, að breytingin á bankastjórninni yrði ekki látin fara fram meðan hann væri í lánaumleitunum fyrir bankann, því breytingin gæti orðið skilin þannig, að eitthvað væri að athuga við bankann.

Eins og jeg tók fram áðan, var það ákveðið með samþykki allra ráðherranna að breyta ekki til í bankanum fyr en við áramót, og á fjármálaráðherrann, sem frá er farinn, átrúnaðargoð hv. 5. landsk. þm., óskilið mál þar með okkur hinum ráðherrunum.

Þar sem nú hlutafjelagið Íslandsbanki hafði gengið að því að láta tvær bankastjórastöður vera lausar, þegar landsstjórnin óskaði að skipa í þær, þá varð hlutafjelagið auðvitað að taka á sig þau óþægindi, sem því fylgdu að losa þessar stöður. Það var svo langt frá, að sakir væru bornar á bankastjórana eða þeim væri vikið burt, og þar sem þetta var ekki tilfellið, þá var það svo sem auðvitað, að bankinn varð sóma síns vegna að skilja sæmilega við þá.

Sjerstaklega virðist það hafa hneykslað hv. 5. landsk. þm. (JJ), að of vel hafi verið skilið við Tofte bankastjóra. Að vísu hefir nú ekki verið birt neitt um það, hvernig sá viðskilnaður hafi verið, en hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir slegið því föstu, að hann hafi fengið einu sinni fyrir alt 70 þús. kr. Jæja. Af samningstímabili hans voru eftir 1½ ár. Laun hans voru 20 þúsund á ári, og þá er hann fór frá, var dýrtíðaruppbótin 20 þúsund. Það verða í 1½ ár 60 þúsundir, og þá er ekki reiknað neitt fyrir „tantiéme". Það er satt, þessi laun eru há. Jeg hafði heldur ekki samið um launin. En samninga verður að halda; á þeim grundvelli munu allir standa hjer, nema ef hv. 5. landsk. þm. (JJ) skyldi standa á þeim hinum nýja grundvellinum.

Nú var það svo með Tofte, að þó að hv. 5. landsk. þm. (JJ) hafi ekki trú á honum, þá báru erlendu bankamennirnir í bankaráðinu óskorað traust til hans. Og þar sem nú sá maður var tekinn úr bankanum, sem þeir sjerstaklega trúðu, og enginn settur inn, sem þeir sjerstaklega þektu, þá sjá allir, hvort hyggilegt hefði verið á þessum tímum fyrir bankann að ganga einnig á móti þeim í að skilja sæmilega við aðaltrúnaðarmann þeirra í bankanum.

Jeg vil leyfa mjer að geta þess nú, til þess að sýna fram á það, hvað misjafnlega sanngjarnlega menn líta á málin, að jeg átti einu sinni í trúnaði tal um þetta mál við Hallgrím heitinn Kristinsson. Jeg sagði honum þá, hvað erfitt væri að ná samkomulagi um þetta mál, og varð honum þá að orði, að honum fyndist það engu skifta, þótt gert væri sæmilega við hina fráfarandi bankastjórn.

það hefir verið reynt að siga öllum árum á Tofte bankastjóra; honum hefir verið kent um gengisfallið; hann hefir verið settur á bekk með misindismönnum úti í Danmörku o. m. m. fl.; þess vegna á það að vera vottur um hörmulegt ástand hjá oss, að stjórnin skuli gerast svo djörf að halda við hann gerða samninga. Nú ber einnig að taka tillit til þess, að auk þess sem Tofte bankastjóri átti kröfur eftir samningi, þá var hann með þessu stöðvaður í því starfi, sem hann auðvitað bjóst við, að hann gæti haldið áfram og gert að lífsstarfi. Hann er líka áreiðanlega mjög óánægður við oss og álítur, að hann hafi verið beittur hörðu. Og svo kemur það í viðbót, að honum á skilyrðislaust að fórna á altari hinna óhagstæðu tíma og hann á að vera fórnarlambið — og því má ekki láta honum eftir æru fyrir túskilding.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) blandar hr. I. C. Christensen inn í þetta mál. Jeg hefi ekki talað um danska stjórnmálamenn, en verð þó að segja, að hann mun alment vera álitinn einn af helstu stjórnmálamönnum Dana. (JJ: Hann hefir víst grætt á Alberti?). Nú, þarna kemur það! Hann á að vera líkur Alberti, hann Tofte; það eru þessar indælu samlíkingar hv. 5. landsk. þm. (JJ), sem eru svo ágætar: Alberti—Tofte; Glückstadt—Tofte! Hann er aftur byrjaður að blása.

Þá kem jeg að stóra atriðinu, höfuðsyndinni, því, að ekki var skipað strax í stöðurnar, heldur sett í þær. Þegar fresturinn var útrunninn, 1. febrúar, þá komu ráðherrarnir sjer allir saman um, að þá strax yrðu nýir menn að taka við. En satt að segja treystum við okkur ekki til að skipa þá strax í stöðurnar. Setningunni var líka vel tekið, og hv. 5. landsk. þm. (JJ) hafa farist sæmilega orð um þá settu menn, þótt hann hafi látið fylgja þeim meðmælum nokkra sjálfsagða tóna úr tortrygnisbúð sinni. Svo þegar bankastjóri Eggert Claessen sigldi nú í vetur, bað hann um, að ekki yrði skipað í embættin fyr en hann kæmi aftur, og færði hann sem ástæðu, að bankastjórarnir væru í sameiningu búnir að leggja plan fyrir framtíðina. Jeg held því, að sæmileg grein sje nú gerð fyrir þessu máli.

Enn var það, að þessi hv. þm. (JJ) ætlaði að gefa mjer tækifæri til þess að hreinsa mig af áburði eða illu umtali, sem gengi staflaust um bæinn, að hans sögn. Einn af „bestu" borgurum þessa bæjar hafði sagt, er svo var skipað málunum í stjórnarráðinu, að forsætisráðherra skyldi undirrita skipun hinna æðstu embætta, að þá hefði jeg farið að eins og forsetarnir í Mexikó, þegar þeir færu frá, þá hlypu þeir burt með kassann. Jeg tók fram í fyrir hv. þm. (JJ) og spurði, hver þessi besti borgari væri. En jeg fekk ekkert svar. Nú er það svo, að hv. þm. (JJ) vitnar oft í þennan besta borgara, án þess að nefna hann, og mjer er því farið að detta í hug, hvort það muni ekki vera maður, sem jeg veit, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) dáist mjög að, nefnilega Jónas frá Hriflu.

Hv. þm. (JJ) gengur í óumræðilegri angist fyrir því, að jeg muni fara í bankann, því hann óttast alla þá menn í þýðingarmiklum stöðum, sem hann getur ekki ráðið við. Þennan ótta ætla jeg alls ekki að taka frá þingmanninum.

Honum hefir fundist, þessum hv. þm. (JJ), að jeg mundi ætla að búa vel um mig í framtíðinni. Jeg er nú hálfhissa

á þessu, vegna þess, að þessi sami hv. þm. hefir búið furðuvel um sjálfan sig. Hann býr sjálfur í miklu veglegri höll en jeg sem forsætisráðherra. Þó öfunda jeg hann ekki af þessari veglegu höll hans, eða hinu ljómandi fagra útsýni, sem hann nýtur þaðan o. fl. En mjer finst hv. þm. ætti að geta skilið, þótt jeg vilji búa vel um sjálfan mig líka. (JJ: Þjer játið þá þetta?). Með þessu hefi jeg engan veginn tekið angistina frá hv. þm. Enn þá verður hann um tíma að skjálfa á andvaka nóttum af hryllingi við það, að jeg kunni að fara í bankann. Jeg álít, að þetta komi hvorki honum nje þinginu við. Jeg læt engan þingflokk segja mjer fyrir, hvernig jeg skuli skipa í stöður. Ef stjórninni er ekki treyst til þessa, þá er sjálfsagt, að þingið losi sig við hana. Jeg hefi aldrei verið með neitt bænarkvak, hvorki til hægri nje vinstri, til þess að fá að hanga við völdin. Ef mjer er treyst til að fara með æðstu stjórn landsins, þá er það gott; en ef ekki, þá ættu menn að hafa þá mannrænu í sjer að koma fram með vantraustsyfirlýsingu í þinginu. Nú veit jeg um afstöðu hv. 5. landsk. þm. (JJ) til mín, en jeg mun bráðlega komast eftir, hvort framkoma hans gagnvart mjer og stjórninni er í nokkru samræmi við vilja meiri hluta Framsóknarflokksins.

Þá vil jeg segja nokkur orð um einkafundinn. Það er rjett hjá hv. þm. (JJ), að 18 þm. skoruðu á mig að fá fund í Sþ. til þess að ræða um rannsókn á bankanum. Ástæðurnar til þess, að jeg bað ekki um fundinn, voru nú auðvitað meðal annars, að meiri hluti þingmanna var ekki undir áskoruninni, en hitt rjeð þó mestu, að jeg gat ekki beðið um fund til að ræða mál, sem jeg var algerlega á móti. En hitt tók jeg fram, að jeg mundi fúslega biðja um að fá málið rætt í þeim flokki,sem jeg heyrði til, og mjer virtist einnig rjett, að það yrði rætt í hinum flokkunum. Ef út af þeim umræðum hefði runnið eitthvað, sem jeg gat fallist á, þá var jeg fús til að biðja um fundinn í sameinuðu þingi.

Þá spyr hv. 5. landsk. þm. (JJ) enn fremur, hvers vegna bankastjórar og bankaráð hefðu eigi verið látnir skila aftur ágóðahlut þeirra. Jeg sje ekki, með hvaða rjetti það hefði mátt ske. (JJ: En í Danmörku?). Jú, þarna kemur það enn, þessi gamli samanburður við Landmandsbankann. Það er verið að blása. En er ekki nóg, að jeg taki það fram enn, að engir þessara manna eru undir neinni kæru. Engum dettur þetta í hug, nema hv. 5. landsk. þm.

Hv. þm. (JJ) spyr um, hví ekki hafi verið afskrifað fyrir tapi bankans. Nú, en það er einmitt það, sem hefir verið gert. Jeg skýrði frá því, að þegar búið væri að taka frá fyrir öllu tapinu, sem nefndin hefði áætlað, þá mundu vera eftir góðar 700 þúsund kr. í varasjóði og hlutafjeð óskert. Þess vegna er þessi hávaði svo skrítinn.

Einkennilegt er það, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) heldur því stöðugt fram, að bankamálin sjeu fjármálaráðherra óviðkomandi, og þó heyra þau alveg undir hann. Þá er það skrítið að kalla breytinguna milli deilda í stjórnarráðinu valdarán, þar sem sú breyting er gerð á fullkomlega löglegan hátt.

Rangt er það, að jeg hafi neitað að skýra frá hag bankans. Um það hefi jeg aldrei verið beðinn. Jeg kom eitt sinn í vetur á fund í Framsóknarflokknum og stakk þá einn upp á því, að bankastjórn beggja banka ásamt ríkisstjórninni

yrði boðið á fund til þess að ræða þetta mál, svo ekkert þyrfti að fara milli mála og sem bestar upplýsingar fengjust um það. En úr þessu varð þó ekki neitt.

Jeg vil víkja að því sama, sem jeg gerði í hv. Nd., þegar þessi tillaga var þar til umræðu. Sparisjóðsfje vort er nú yfir 7 miljónir kr. í sparisjóðum, fyrir utan Reykjavík. Með þessu fje er í raun og veru sama sem ekkert eftirlit af stjórnarinnar hálfu. Þetta má ekki viðgangast svo lengur. Áður hefir komið fram frv. um þetta efni, en ekki náð fram að ganga. En nú eru tímarnir og aðstæður allar breyttar, og mjer finst ekki geti annað komið til mála en að þetta þing taki nú það mál upp á ný, og um leið mætti þá fela sama manni eftirlit með bönkunum. Þetta yrði alls ekki til að spilla lánstrausti bankanna, því þetta yrði aðeins einn nýr, en eðlilegur liður í tryggingarráðstöfunum til þess að varðveita traust bankanna bæði utanlands og innan.

Stjórn Íslandsbanka er þessu meðmælt. Bankinn er ekki hræddur við rannsókn, sem er eðlileg og því ekki getur veikt aðstöðu hans.

Það er augljóst, að þótt skipuð yrði nú rannsóknarnefnd á bankann, þá mundi hún ekkert geta gert á þeim tíma, sem þing á eftir að standa. Þótt hv. þm. kanske hjeldu það fyrirfram, þá mundu þeir þó komast að raun um, er út í rannsóknina væri komið, að þeir mundu ekki vera komnir að mikilli niðurstöðu eftir 15 daga. Þótt ekki væri nema einn einasti botnvörpungur, sem þeir þyrftu að athuga í sambandi við bankann, og hvernig hagur bankans væri trygður gagnvart honum, þá tæki það þegar langan tíma. Það væru máske 20 ábyrgðarmenn fyrir skuldum botnvörpungsins, og þá þyrfti að athuga hag hvers þeirra fyrir sig. Einungis þetta mundi taka upp mikið af tímanum, hvað þá ef athuga þyrfti hag allra botnvörpungafjelaganna.

Jeg hefi nú gert grein fyrir skoðunum mínum viðvíkjandi þessu máli, og með uppástungu minni um eftirlitsmann með sparisjóðum og bönkum hefi jeg sýnt, að jeg vil hafa sem öruggast eftirlit með bönkum og sparisjóðum, þótt jeg sje á móti rannsóknum, sem ekki eru fullnægjandi, og auk þess í eðli sínu þannig, að þær fyrirfram veikja traust landsins og bankans.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg fann enga ástæðu til þess að taka til máls í hv. Nd., þegar samskonar tillaga þeirri, sem hjer liggur nú fyrir, var þar til umræðu. Málið snerti mig ekki neitt fyrst, og enda þótt jeg væri búinn að taka við fjármálastörfunum undir lok umr., þá sá jeg ekki ástæðu til að fara að blanda mjer inn í þær deilur þá.

Jeg hefði ekki heldur látið mig þetta mál skifta nú, hefði ekki hv. 5. landsk. þm. (JJ) gefið mjer tilefni til þess, með því að fara nokkrum orðum um sögu bankans og stofnun hans. En þar sem jeg var einn af stofnendum bankans, og fáir munu nú sitja á þingi, er sæti áttu þar á þeim árum, er bankinn var stofnaður, þá vil jeg fara dálítið út í sögulegan aðdraganda málsins, og það því fremur, sem jeg braut algerlega í bága við minn flokk í þessu máli. Jeg skal þó ekki vera langorður, því jeg álít, að margar af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið um þetta mál, hafi verið mikils til of langar, og því óþarfar, og

mörg orð fallið, sem hefðu verið betur ótöluð.

Mjer fanst á ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ), að honum þætti það hafa verið ilt verk, er útlendingum var gefið einkaleyfi til þess að reka hjer bankastarfsemi, og hann talaði um, að þessir útlendu menn hefðu ekki verið feimnir, því þeir hefðu beðið um einkaleyfi til 90 ára, og hefði tilgangur þeirra verið að drepa jafnframt Landsbankann.

Það var að vísu satt, að þeir sóttu um 90 ára leyfi, en fengu það ekki, eins og hv. þm. er kunnugt, og þó að þetta sje langur tími, þá ber þess að gæta, að þeir höfðu fyrirmynd frá Danmörku, þar sem þjóðbankinn danski hafði fengið einkaleyfi til 90 ára. Auk þess er ekki nema eðlilegt, að nokkuð hátt sje farið í byrjun, því venjulega er meira eða minna dregið úr slíku. Að meiningin hafi verið að drepa Landsbankann, trúi jeg varla, að nokkur geti talað af alvöru, þótt einhver ógætileg orð í þá átt hafi fallið, enda varð ekkert úr því.

Þá sagði hv. 5. landsk. þm. (JJ), að rógur hefði verið borinn um Landsbankann á þeim árum af stofnendum Íslandsbanka. Þessu var að vísu slegið fram þá á þingi af einhverjum, en það var alls eigi rjett. Bankinn var að vísu kritiseraður í blöðunum þá og á Alþingi, en sú kritik var alveg hlutdrægnislaus og því rjettmæt, en alveg rangt að kalla slíkt róg. Því hvernig stóð á um þetta leyti hjer á landi? Þá höfðu verið mjög góð ár alt að áratug, eða frá 1890—1900, eftir hörmunga- og harðindaár 1890. Eftir því sem leið á áratuginn 1890—1900 fóru menn, einkum þeir, sem ungir voru og áhugasamir, að hugsa um að efla og bæta atvinnuvegi landsins, og þá sjerstaklega sjávarútveginn. Skipaútgerðin var þá í byrjun. Fiskiskip voru þá fá og lítil. Norðanlands voru gerð út nokkur hákarlaskip og sunnanlands voru mest opnir bátar, en þilskip fá. Framsæknir og ötulir menn vildu nú koma af stað fiskiveiðum í stærri stíl og auka sjávarútveginn, án þess að lífi manna væri mikil hætta búin, eins og var á opnu bátunum. Þeir sneru sjer þá fyrst til Landsbankans, en honum stýrði þá roskinn maður og þjettur fyrir. Honum var líkt farið og gömlu verslunarstjórunum, að hann vildi einn ráða, hvort lánin voru veitt og hverjum þau voru veitt og til hvers þau ættu að ganga. Varð þetta því þungur róður fyrir þá, sem lán vildu fá. Bankastjórinn hafði áður verið bóndi í sveit, en þó naut landbúnaðurinn lítils styrks hjá honum. Veðdeildin, sem stofnuð var á þeim árum, var t. d. ekki hans verk; hann mun frekar hafa verið henni mótfallinn. Sjávarútveg var hann öllu fúsari á að styðja, en hvergi nærri svo, að fullnægði þeim þroska, sem sú atvinnugrein var þá að taka. Bankinn hafði ekki nægilegt fje fyrir höndum og stjórn hans gerði sjer ekki mikið far um að útvega fje til hans. Þá vorum við á þingi nokkrir ungir og sumir mjög framtakssamir menn, svo sem Skúli Thoroddsen, Guðlaugur Guðmundsson og fleiri. Þeim gramdist mjög, hversu þessi stofnun var föst fyrir og hve litlu þeir fengu um þokað. Þeir reyndu að bæta úr þessu á ýmsan hátt, bæði með fyrirspurnum á þingi og fleiru, og gerðu sitt ítrasta til þess, að þessi eina lánsstofnun landsins, Landsbankinn, hlypi undir bagga með þessari atvinnugrein, sem þá var óðum að blómgast, nefnilega sjávarútveginum. Þessir menn voru þá á líkum

aldri og hv. 5. landsk. þm. (JJ) er nú, og jeg er sannfærður um það, að með því hugarfari, sem hann hefir, mundi hann hafa fylgt þessum mönnum að málum, hefði hann þá verið á þingi.

Þegar þessir menn fengu nú engu um hreyft hjer, var eina úrræðið fyrir þá að reyna nýjar brautir, og varð það þá að ráði að reyna að stofna nýjan banka. Um fje til bankans var þá ekki í önnur hús að venda en til útlanda, og var það gert. Komu tveir danskir menn upp alþingissumarið 1899, í þeim tilgangi að afla þessum banka hlunninda. Var annar þeirra danskur hæstarjettarmálaflutningsmaður, mjög duglegur og ábyggilegur maður. Kyntist jeg honum þá, og hafði náin kynni af honum meðan hann lifði, og þori jeg að fullyrða, að hann var mesti heiðursmaður og jafnan mikils metinn. Hinn var Gyðingur, og er hann mjer ekki eins vel kunnur. Átti hann meiri þátt í útvegun fjárins. En sá, sem flutti mál þetta inn á þing, var ekki ómerkari maður en Benedikt Sveinsson, maður, sem þá bar höfuð og herðar yfir aðra þingmenn. Var það eitt af hans síðustu málum, því hann dó nokkrum dögum síðar. Jeg veit, að bæði eldri menn, sem þá voru komnir til vits og ára, og yngri menn, sem kynst hafa Benedikt af blöðum og þingtíðindum, þeim muni ekki koma til hugar að væna þann mann um það, að hann hafi viljað brugga landinu nokkur vjelráð. Hann var allajafna hugsjónamaður, og þótt hann væri þá kominn alveg á grafarbakkann, bar hann málið fram með eldmóði og miklum áhuga, því hann áleit, að það myndi verða lyftistöng atvinnuvegum landsins í framtíðinni. En honum auðnaðist ekki að sjá afdrif þess.

Jeg skal játa það með hv. 5. landsk. þm. (JJ), að meðmælendur og flutningsmenn málsins á þingi hafi stundum verið nokkuð ógætnir í orðum, þegar þeir töluðu um, að nú mundi hægt að fá nóg lán og ódýr lán. En viðvíkjandi láninu, sem sagt var, að Warburg hefði veitt með okurkjörum, tekið 7—8% í vexti, sem í rauninni ekki geta kallast okurvextir, þá er mjer kunnugt um, að það lán var illa veðtrygt, og mun aldrei hafa verið borgað. En renturnar fara mikið eftir því, hve vel lánið er trygt.

Mótstöðumenn málsins spöruðu ekki heldur stór orð. T. d. sagði Magnús landshöfðingi þá þessi alkunnu orð: „Timeo Danaos et dona ferentes".

Svo fór, að málið dagaði uppi 1899, en var svo samþykt 1901. En á milli þessara þinga skeði nokkuð, sem hefði átt að gerast fyr. Bankastjóri Landsbankans fór utan til þess að fá lán til bankans, og tókst honum að fá lán með góðum kjörum. Þetta var mjög heppilegt, því þrátt fyrir það, þótt nýi bankinn kæmi með 2½ milj. kr. í hlutafje, auk væntanlegra innlána, þá kom það brátt í ljós, að fje Landsbankans hefði ekki hrokkið til. Og það var beinlínis nýja bankanum að þakka, að togaraútgerðin komst á um 1906 og hefir haldið áfram síðan. Vita allir, hvílíka þýðingu hún hefir haft fyrir landið í heild sinni. Er það Íslandsbanka aðallega að þakka, og líka auknu lánstrausti Landsbankans, að sá atvinnuvegur hefir blómgast svo, sem raun hefir á orðið. Er ekki hægt að bera brigður á það, að Íslandsbanki hefir alla tíð verið meginstoð sjávarútvegsins.

Þá hefi jeg skýrt frá aðaltildrögunum til stofnunar bankans. Hika jeg ekki við að lýsa því yfir sem minni skoðun, að hann hafi aldrei brugðist þeim von-

um, er stofnendur hans gerðu sjer um hann, og ekki landsmanna yfirleitt. En það skal jeg viðurkenna, að bankanum hefir ekki altaf verið vel stjórnað, t. d. 1919. En það voru fleiri en Íslandsbanki, sem höguðu sjer ógætilega í fjármálum það ár, þegar peningar streymdu um og yfir landið, og menn hjeldu, að það mundi haldast við. Fór tiltölulega betur fyrir þinginu það ár? Jeg held varla.

Jeg viðurkenni, að heimilt sje að gagnrýna opinberar stofnanir, en altaf verður að gera það með gætni og stillingu, sjerstaklega þegar um banka er að ræða.

Þá vík jeg að till. eins og hún liggur fyrir. Verð jeg að segja það, að þótt hún sje hógvær að efni til, þá hefði jeg þó óskað, að hún hefði aldrei komið fram opinberlega. Er hún alt of rúm, og hefði jeg álitið heppilegra, að hún hefði verið orðuð eins og brtt. hv. 6. landsk. þm. (IHB). Sje jeg eftir því, að sú brtt. var tekin aftur. Vona jeg, að hv. flm. till. (JJ) játi, að tilganginum sje að mestu náð með brtt. hv. 2. þm. S.-M. (SHK), á þskj. 349. Verði sú till. samþykt, sem jeg efast ekki um, þá skal jeg heita því, að ekki skal standa lengi á því, að skýrslan komi, því nú þegar er byrjað á því að undirbúa hana.

Jeg hafði eiginlega ekki fleira að segja, og sje ekki ástæðu til þess að ganga inn á einstök atriði. En það hafði einhver hv. þm. í hv. Nd. talað um, að engin gulltrygging mundi vera til í Íslandsbanka. Jeg vil því upplýsa, að hún er til og hefir altaf verið til, og hefir hún verið geymd í Nationalbanken undanfarin stríðsár, en er nú verið að flytja hana hingað upp. Er ekki hægt að senda það alt í einu, en 4 sendingar eru þegar komnar, og verður ekki langt að bíða, að alt sje komið.

Þá var hv. 5. landsk. þm. (JJ) að tala um samninginn milli bankanna, og taldi hann vera leynilegan, og að stjórnin væri annar samningsaðili. Slíkt er alls ekki rjett. Samningurinn er einungis gerður milli Landsbankans og Íslandsbanka og er alls ekki leynilegur. Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skýrði frá innihaldi hans í hv. Nd. Samningurinn hljóðar svo, að Landsbankinn leggur á hlaupareikning í Íslandsbanka fje það, er hann getur verið án, gegn 3%. Íslandsbanki skuldbindur sig til þess að greiða ávísanir frá Landsbankanum á innieignir hans í Íslandsbanka. Verði hann ekki fær um að útborga þær, getur Landsbankinn snúið sjer til stjórnarinnar og fengið leyfi til þess að gefa út seðla.

Nú er mönnum vitanlegt, að Íslandsbanka er með lögum frá 1921 gert að skyldu að innleysa árlega af sínum seðlum 1 miljón króna. Bankinn hafði seðla í umferð í fyrra minst í mars, 6,3 milj., en mest í fyrrahaust, 8,3 miljónir. Nú hefir hann í umferð 7,3 miljónir, og yrði því í haust 9,3 miljónir, en samkvæmt lögum má hann ekki hafa nema 7 milj. í umferð þá. Nú er ekki meiningin með þessum lögum að girða fyrir það, að nógir seðlar verði til umferðar. Viðskiftalífið krefst þess, að þeir sjeu ætíð nægir. Sje nú svo, að 7 miljónir nægðu, þá verður Landsbankinn að gefa út 1 miljón, þegar Íslandsbanki er kominn niður í 6 miljónir o. s. frv. Það er því ekkert viðsjárvert fyrir landsstjórnina að samþykkja samninginn. Það kom að vísu til tals að takmarka seðlaútgáfuna við einhverja fastákveðna upphæð, en úr

því varð þó ekki, enda gerist þess engin þörf, að mínu áliti, því hvað skyldi bönkunum ganga til að fara fram á meira en þörf krefur? Mjer virðist óhætt að trúa bankastjórum beggja bankanna svo, að þeir fari ekki að auka seðlaútgáfuna um þörf fram.

Jón Magnússon: Jeg held jeg hafi það ekki rangt eftir, að í blaði hv. 5. landsk. þm. (JJ: Jeg á það ekki einn) væri kvartað undan því, að ekki væri hægt að koma málum fram í þinginu fyrir vaðli einstakra þingmanna. Jeg er samdóma þessu. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) veit best um þetta. Hann hefir nú með vaðli sínum komið máli þessu svo, að ekki er hægt að taka það alvarlega. Það er orðinn loddaraleikur af hálfu flutningsmanna. Það var blásið upp í byrjun í Nd., en bólan sprakk þar furðu skyndilega. Jeg hefði nú haldið, að nægilegt hefði verið, að þessi rannsóknartillaga væri samþykt í Nd., og gætu því hv. tillögumenn tekið tillögu sína aftur hjer, einkum þar sem flm. hennar í Nd. lýsti því þar, að hann væri ánægður með þá till., sem samþykt var þar. Jeg tók ekki eftir því, hvort hv. flm. hjer í deildinni hefir lýst yfir því sama, en held, að hann hafi þó sagt eitthvað í þá átt. — Nei, það er ekki til þess að gera neitt, að þessi till. kemur fram. Tilgangur forgöngumannanna er sá, að hafa gagn af þessu við næstu kosningar. Enda hefir það komið fram í málgagni þeirra, að þetta ætti að vera aðalmálið við næstu kosningar. Þetta er bara áframhald af árás á Íslandsbanka og einstaka menn, eins og best sjest af ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ)

Það hefir einatt verið svo um mig, að jeg hefi ekki átt því láni að fagna að hafa mikið blaðafylgi um dagana. Tíminn var mjer að vísu velviljaður fyrst í stað. En síðustu 3 árin rúmlega hefir hann, að jeg held, aldrei viljandi sagt neitt satt um mig. Jeg skal þó ekki kvarta undan þessu, því þetta hefir stutt mig allra best sem stjórnmálamann. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) veit vel, að það er sagt um stjórnmálamenn, að ilt sje, að um þá sje talað í blöðunum, því það er venjulega misjafnt, sem um þá er sagt; en hitt sje verra, að um þá sje þagað. Það er sagt í Njálu, þegar Gunnar Lambason var að segja frá brennunni í Orkneyjum, að um allar sagnir hefði hann hallað mjög til, en logið víða frá. Svipað og ekki rjettara er því farið með söguburð hv. 5. landsk. þm. (JJ) um mig. Jeg þakka honum fyrir þann stuðning, sem hann hefir veitt mjer með því. Og jeg er ekki sá eini, sem getur sagt eitthvað svipað.

Það er alment talið, að forsætisráðherra (SE) hafi vaxið í áliti manna síðan hann fór að hundsa þennan þm. (JJ), sem oft vinnur mótstöðumönnunum mikið gagn með þessu undarlega móti. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) heldur víst, að jeg sje enn í stjórn þessa lands. (JJ: Er þetta Íslandsbankamál?). Er það alt um efnið, sem talað hefir verið? Nei, ekki. Við skulum ekki gera okkur alt of heimska. Hv. þm. (JJ) hefir sjálfur vaðið utan við efnið. Saga hans o. fl. kom ekkert efninu við.

Það er oft sagt frá því í fornsögum vorum, er talað er um bardaga, að sumir garparnir hafi virst ekki sjá nema foringja mótstöðumannanna. Mjer virðist einatt líta svo út, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sjái engan nema mig. Jeg hefi að vísu altaf haft mjög hóflegt álit á sjálfum mjer, en jeg játa, að það hefir

töluvert vaxið við þessa athygli, sem hv. þm. hefir sjerstaklega veitt mjer.

Þá sagði sami hv. þm. (JJ), að Íslandsbanki hefði í stjórnartíð minni blásið upp, en vindurinn farið úr honum síðar. Auðvitað. Þetta var svo alstaðar seinni hluta stríðsáranna og fram á árið 1920, að fje safnaðist, en þá kom fellirinn. Jeg bjóst við því og sagði það einatt fyrir, að brekkan myndi reynast býsna brött, og það varð hún.

Þá var talað um það í blaði hv. sama þm. (JJ), að húsaleiga fyrir landið hefði hækkað í minni stjórnartíð. Þetta var sagt með mesta sakleysissvip. Auðvitað. Öll leiga hækkaði á þeim tíma.

Það er eins og með fleira, að auðvitað gerði það ekkert til, þótt annar færi með bankamálin í minni tíð. Mjer er samt kent um það alt.

Annars er ilt að svara þessum hv. þm. (JJ), því það er með hann eins og sagt var um aðra mjög virðulega persónu, að hann veður vítt um veraldarfrón. Hann kom víða við í ræðu sinni. Jeg held það hafi verið eitthvað í sambandi við mig, að hann var að tala um, að skila bæri aftur þeim ágóðahluta, sem bankinn hefði borgað út, eftir að hann fór að tapa. En hve nær fór hann að tapa? Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að það hefði verið á árinu 1919, en það er ekki rjett. Eftir því, sem einn af kunnugustu mönnum bankans sagði mjer í morgun, þá hefir það ekki verið fyr en síðari hluta ársins 1920. Þá fyrst tapar hann verulega. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að hann hefði tapað á síld árið 1919, en það er ekki rjett. Útgerðarmenn hafa þá tapað, en bankinn ekki. (JJ: En Elías Stefánsson?). Jeg veit ekki um það; veit ekki einu sinni, hvort búið er að gera búið upp enn. En tapið varð auðvitað að koma. Og jeg álít, að það hefði verið óforsvaranlegt að reka bankann svo varlega á þessum árum, að ekki hefði orðið tap.

Það varð tap á síld 1919, en bankinn fór ekki að tapa fyr en á árinu 1920. Þá fæst ekkert fyrir fiskinn og heilir farmar fara forgörðum; jafnvel var farmi, sem var miljón króna virði, fleygt í sjóinn af einu skipi. Svona lagað er ekki hægt að sjá fyrir nje reikna með því fyrirfram.

Vegna þess, hve hv. 5. landsk. þm. (JJ) er mjög ant um að vita, hve mikinn ágóðahluta jeg fekk, þá skal jeg friða hann með því að segja honum það. 1920 var ágóðahlutinn 1950 kr., og skiftist hann jafnt milli þriggja ráðherranna. Það voru því um 650 kr. í hlut. 1921 fekk enginn neitt.

Eftir þessu loflega dæmi, sem hv. þm. (JJ) talaði um, þá ætti hver ráðherra að borga aftur þessar 650 kr. Ef almennur vilji væri, að það væri gert, þá held jeg, að jeg myndi komast fram úr því, fyrir mitt leyti. — Í ár verða það líklega nálægt 400 kr. Íslandsbanki yrði varla feitur af því.

Það er hlægilegt alt þetta sögulega hjal um Íslandsbanka. Eftir till. og ræðu hv. frsm. (EÁ) sýnist það lítið koma málinu við. Jeg sje enga hættu fyrir landið í heiti bankans. Hann fekk þetta nafn, er lögin um hann voru samþykt, og var gefið það af þeim mönnum, er hv. 5. landsk. þm. (JJ) ber svo mikla virðingu fyrir og talar svo vel um. Nei, þetta er alt tómur loddaraleikur. — Íslandsbanki tapaði á ýmsu fleiru en fiskinum, eða fiskhringnum, sem talað hefir verið um. Vandræði hans stöfuðu frá

fleiru. T. d. lögðu Englendingar hjer inn fje til vörukaupa á ófriðarárunum. Að ófriðnum loknum voru eftir af því um 5 milj. króna. Þetta fje varð bankinn að yfirfæra til Englands, og skapaði þetta meðal annars örðugleikana. En jeg ætla ekki að fara lengra út í sögu bankans að sinni, enda er jeg ekki til þess búinn. Jeg bjóst ekki við að þurfa að gefa skýrslu sem ráðherra, enda engin heimild til að krefja mig um hana úr því sæti, er jeg nú sit í. Jeg skal þó aðeins drepa á einstök atriði.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) talaði um, að bankinn hefði brugðist skyldu sinni um yfirfærslur. Þetta er rjett, að nokkru eða miklu leyti — um tíma. Og ef það hefði staðið lengur, hefði máske orðið að láta bankann hætta störfum. Hv. þm. Dala. (BJ) fór þá til bankastjóra Landsbankans og spurði að því, hvort sá banki treysti sjer til að halda uppi viðskiftunum, ef Íslandsbanki hætti. Landsbankastjórnin neitaði því. Þótti þá ekki rjett að fara út í nein harðræði.

Það kemur mjer ekki við, og þó að nokkru leyti, að fara að tala um skýrslu hv. þm. Dala. (BJ), sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) varð svo tíðrætt um. Tildrögin voru þau, að vegna þess, að vitanlegt var, að bankinn hafði átt allerfiða tíma um hríð, þá þótti bankaráðinu rjett, að athugaðir væru ýmsir víxlar og fleiri hlutir viðvíkjandi störfum bankans og viðskiftum. Varð það svo úr, að hv. þm. Dala. (BJ) tók það að sjer. Jeg var þá fjarverandi, þegar þetta var gert og skýrslan var gefin. En um þessa rannsókn og skýrslu hv. þm. Dala. (BJ) veit jeg það, að hann vann að henni og vann mikið; hafði hann sjer til aðstoðar einn af glöggustu starfsmönnum bankans, og hann reyndi að afla sjer upplýsinga um skuldunauta og aðra viðskiftamenn bankans. Veit jeg ekki til, að neitt það yrði þá upplýst, er gæfi ástæðu til að ætla, að viðskiftamenn bankans gætu yfirleitt ekki staðið í skilum. Jeg get sagt það um þessa skýrslu hv. þm. Dala. (BJ), að hún er gefin af mjög bjartsýnum manni, eins og allir vita að hv. þm. Dala. (BJ) er, að þá sagði hann ekki neitt annað en það, sem allir góðir drengir mundu hafa sagt, og að þessi skýrsla hans er gefin eftir bestu sannfæringu.

En hv. 5. landsk. þm. (JJ) segir að vísu ekki, að hv. þm. Dala. (BJ) hafi gefið vísvitandi ranga skýrslu, en hann segir það ósatt, því hann álítur hitt, enda kom slíkt fram í blaði hans, og hann gæti þá alls ekki sagt um þessa skýrslu hv. þm. Dala. (BJ), að hún væri það allra vitlausasta, sem til væri á jarðríki. (JJ: Hver er vitlausari?). Það er ekki hægt að dæma skýrsluna eftir því, sem eigi varð vitað fyr en síðar; auk þess hefir hv. 5. landsk. þm. (JJ) margsinnis talið þessa skýrslu ranga (JJ: Hve nær?) og gefið í skyn, að hv. þm. Dala. (BJ) hafi þar vísvitandi farið með rangt mál. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) er afskaplega tortrygginn, og kemur þessi tortrygni hans ljósast fram í þessu máli. Skýrsla hv. þm. Dala. (BJ) er gefin eftir bestu samvisku, en af mikilli bjartsýni, eins og þeim manni er eiginlegt. En aðaltap bankans á fiskhringnum svo nefnda stafaði næstum eingöngu frá 3 viðskiftamönnum Landsbankans.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að tala um og álasa fyrri þingmönnum, og er það allmerkilegt, hversu hann er altaf að dæma fyrri þingmenn; stafar það líklega af því, hversu sögufróður hv. 5. landsk. þm. (JJ) er. En jeg álít þetta

rangt, því það hefir vitanlega hver nóg með sjálfan sig.

Þá var hv. þm. (JJ) að lá þingmönnum, að þeir sæktust eftir að komast í bankaráðið eða eftir öðrum slíkum bitlingum. Jeg skal játa, að jeg er á svipaðri skoðun um hina svo kölluðu bitlinga, þótt jeg vilji ekki fara að taka undir ásakanir hans á þingmenn í þessu efni. Um sjálfan mig get jeg sagt það, að jeg hefi aldrei bitling þegið. Einu sinni átti jeg kost á því að verða kosinn í bankaráð Íslandsbanka, en jeg afþakkaði það, og þau árin, sem jeg var forsætisráðherra, skifti jeg ágóðahlut mínum milli mín og hinna ráðherranna, jafnt til hvers okkar. Yfir höfuð held jeg, að jeg geti sagt það, að jeg hefi aldrei haft aðrar tekjur en þær, er jeg hefi unnið fyrir. Allar sögur um fjár-„spekúlationir" mínar eru ósannar; jeg hefi aldrei verið við riðinn neitt þess háttar; hefi t. d. aldrei átt hluti í botnvörpungum.

Þá fer hv. 5. landsk. þm. (JJ) að mælast til að fá skýrslu um það, hvernig á því hefði staðið, að það frjettist til útlanda, að stjórnin hefði bannað yfirfærslur. Hv. landsk. þm. á engan rjett til þess að krefjast skýrslu af mjer. En mig minnir, að hjer væri þá innflutningsnefnd; hefir þetta líklega verið eitthvað í sambandi við hana.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var eitthvað að saka Íslandsbanka um, að hann hefði átt mikinn þátt í dýrum botnvörpungakaupum. Jeg spurði um það á sínum tíma, hvern hlut bankinn hefði átt í togarakaupum, og fekk það svar, að bankinn hefði aldrei verið að spurður, hvort þar fengist fje til kaupanna, eða verið við hann ráðgast um þau. Fyrst höfðu menn fest kaup á skipum eða látið byggja, og eytt til þess miklu fje frá sjálfum sjer, máske 400—500 þús. kr., áður en fullgerð var smíðin, og þá komnir í fjárþrot. Þá fyrst var venjulega komið til bankans og hann beðinn um lán. Þá komu menn og sýndu fram á, hvernig komið væri fyrir þeim, og að ef þeir ekki fengju meira fje, mundu þeir tapa öllu, sem þegar væri í þetta lagt. Jeg held því, að það hafi verið þannig, að Íslandsbanki hafi sjaldan verið með frá byrjun, en leiðst til að hjálpa með lánum til þess að forða mönnum frá mjög miklu fjártjóni.

Enn var hv. 5. landsk. þm. (JJ) að tala um hið háa kaup hjer. Mjer er spurn: Var nú nokkurn tíma svo hátt kaup hjá verkamönnum eða öðrum, að það væri of mikið? Jeg efast mjög um það. Það kann að hafa átt sjer stað um sjómenn; en við því er það að segja, að svona var það þá um allan heim, og stafaði þetta af þeirri áhættu, sem siglingum þá voru samfara.

Þegar verið er að tala um tjón Íslandsbanka, þá verður ávalt að hafa það í huga, að hann hafði stöðugt aðaláhættuna alstaðar. Flestöll áhættumestu fyrirtækin, áhættumesta framleiðslan, hafði þar viðskifti sín, og því var eðlilegt, að hann tapaði. Tímarnir eru og þannig, að allflestir bankar í álfunni hafa beðið mikið tjón undanfarið. En jeg hefi þó ekki orðið var við, að svo hafi verið hrópað upp erlendis eins og hjer út af þessu, nema þá um bein svik hafi verið að ræða.

Þá var hv. 5. landsk. þm. (JJ) enn að tala um það, að umhyggju fyrir hagsmunum hluthafa hefði mjög svo gætt hjá stjórn bankans. Jeg sje nú ekki, hvað sje svo athugavert við það, meðan bankinn er rekinn sem einkafyrir-

tæki. Því skal síst neitað, að Landsbankinn hjálpaði vel um tíma með yfirfærslur.

Þá var sami hv. þm. (JJ) að tala um það, að Ísland hafi verið orðið svo ófrægt erlendis, að eigi hafi fengist viðskiftalán handa Landsbankanum í útlöndum 1920. Jeg var nú einmitt staddur í London í maí 1920 og samdi þá um lán handa Landsbankanum og fekk það, sem jeg bað um. Jeg komst að því, að Ísland var þar í fremur góðu áliti, en þó sagt, að það væri fremur óþekt þar á peningamarkaðinum. Jeg vissi um það, að seinna hafði bankinn leitað fyrir sjer með stærra lán, sem þó ekki varð neitt úr, en mjer er ókunnugt um, hvers vegna svo fór þá. Jeg veit ekki til, að bankinn hafi mætt neinum erfiðleikum á peningamarkaði Englands. Aðalatriðið er það, að komast inn á þessa stóru markaði, og ef svo er staðið í skilum, þá er alt gott.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) vill helst altaf vera í eldhúsverkum fráfarinnar stjórnar, og sjest það best á „Tímanum", er hann segir, að stjórnin sje eyðslusöm; en fjvn. hv. Nd. hefir ósannað þetta. Jeg veit nú ekki, hversu vel „Tíminn" trúir þessu, en jeg ætla að trúa betur þingnefnd heldur en „Tímanum". Jeg ætla að staðhæfa það, að meðan jeg var forsætisráðherra var stjórnin ekki eyðslusöm. Þá var svo um öll lönd, að miklu var eytt; það var svo hjer líka, en það var ekki stjórnin, sem því olli sjerstaklega, miklu fremur þingið. Nú má að vísu segja, að stjórnin hefði átt að halda aftur af því og aftra þessu, en það gerði nú engin stjórn þá.

Þá er enska lánið; hv. 5. landsk. þm. (JJ) drap og á það. Sagði hann, að jeg hefði þar farið út fyrir efni dagskrárinnar. Þetta hygg jeg vera misskilning hjá hv. þm., og ef það er ekki að fara út fyrir efnið, sem hann þar gerði sig sekan í, veit jeg ekki, við hvað er átt með því að fara út fyrir efnið. Hann var sem sje að tala um, hve enska láníð væri dýrt. (JJ: Þetta er misskilningur. Það er talað um þetta úti um alt land). Ef svo er, að óskað hafi verið eftir því, að lán væri tekið utan Danmerkur, þá var það vel gert af fráfarinni stjórn, að hún tók það þarna. Annars er óþarft að vera að tala um þetta nú. Þáverandi fjármálaráðherra (MG) gaf ítarlega skýrslu um það í þinginu í fyrra, sem jeg læt mjer nægja að vísa til.

Þá talaði sami hv. þm. (JJ) um veðsetning á tolltekjunum fyrir láninu. Jeg ætla nú ekki að fara nánar út í þær umr., en jeg ætla að segja þingmanninum sögu. Einn af mestu fjármálamönnum Dana sagði við fulltrúa vorn einn, að tolltekjurnar væru veðsettar fyrir láninu. Maður þessi er mjög kunnugur enskum peningamarkaði og öðrum fjármálum. Fulltrúi vor spurði hann, hvort hann þyrði að standa við þessi orð, eða hvort þetta væri hans skoðun. „Nei, alls ekki", kvað hann, „en „Tíminn" ykkar segir það". (JJ: Enski textinn?). Þessi hv. þm. (JJ) er eigi meiri ættjarðarvinur en það, að þótt erlendir fjármálamenn þori ekki að telja tekjur okkar veðsettar fyrir þessu láni, segir hann, að þær sjeu það.

Þá talar hann um ákvæði lánssamningsins og milligöngu Landsbankans. Hann sjer ekki það, sem liggur beinast fyrir augum í öllum þessum málum. En það er það, að ofureðlilegt er, að bankafirmu vilji heldur fara til banka í þessum efnum en þurfa að snúa sjer til rík-

isstjórnar. Það er ekkert vantraust á stjórnunum, þótt svo sje. Þegar jeg var að semja um lánið 1920 handa Landsbankanum, þá var miklu greiðara að fá lán handa bankanum heldur en handa ríkisstjórninni, sem líka var um talað. Banki sá, er jeg átti við um lánið, sagðist heldur vilja veita lánið bankanum, vegna þess, að reynslan væri sú þar, að ríkislánunum væri eytt, en bankalánum ekki.

En hvað er það þá um þessar tolltekjur? Það er alt og sumt, að því er lofað, að þær verði ekki veðsettar öðrum meðan enska lánið stendur. Jeg veit, að menn vilja í lengstu lög forðast veðsetningu á þeim. (JJ: Það er nú samt búið að gera það). Hv. 5. landsk. þm. (JJ) er það fyrir öllu að finna einhvern höggstað á óvinum sínum. Vegna hans miklu meðfæddu tortrygni getur vel verið, að hann haldi, að erlendir bankar tryðu betur stjórninni en bankanum, en til þess þarf afarkrókóttan hugsunarhátt.

Áður en jeg hverf frá enska láninu ætla jeg að leyfa mjer að geta þess, að þegar hr. Kaaber bankastjóri sigldi til þess að reyna að fá betri kjör á láni hjá enskum bönkum, þá sagði sá maður, er hafði verið milligöngumaður bankans þar, að erfitt væri að fá lán í London, vegna þess, hve Ísland væri þar lítt þekt. Fekk Kaaber þau svör hjá fjármálamönnum þar, að kjörin yrðu að teljast góð eftir kringumstæðum, og hann rjeð til að taka lánið.

Þá taldi hv. þm. (JJ) virðing hlutabrjefanna ekki rjetta á 91%, og viðvíkjandi því, er hann ber fyrir sig kauphallarsöluna, þá er það vitanlegt, að verðið er þar oft mismunandi, eftir framboði og eftirspurn, og auk þess sjaldnast selt fyrir sannvirði. Enn fremur var það alt rangt, sem þessi hv. þm. (JJ) sagði um verð hlutabrjefanna í kauphöllinni, auk þess sem það í sjálfu sjer er engin sönnun fyrir sannvirði þeirra, þótt rjett hefði verið frá skýrt um verðið.

Þá taldi þessi þm. (JJ) það aðeins vera ræfilsþjóðir, sem veðsettu tekjur sínar. Mig minnir hann nefndi Tyrki, Grikki og Kínverja. Hvað Tyrkjum viðvíkur, er vafasamt, hversu miklir ræflar þeir eru. Þeir munu þó og nokkru þektari í heiminum en vjer, og um Kínverja er það að segja, að þeir eru nokkru fleiri en vjer og einnig talsvert efnaðri. Ræfilsnafnið er einnig dálítið varasamt fyrir okkur að nota um Grikki.

Það, sem þessi hv. þm. (JJ) var að tala um fullveldið, á alls ekki við mig. En meðan hann var í flokki sjálfstæðismanna gæti þetta þá hafa átt við hann sjálfan. Jeg man eftir því, að í blaði hans var hæðst að hátíðahaldinu 1. des. 1919 — held jeg — og fullveldisviðurkenningunni.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að tala um útrjetta hönd, er verið var að boða okkur á einkafund um daginn um bankarannsóknina. Ef þessi þm. rjetti mjer höndina, þá mundi jeg hika við að taka í hana, af því að jeg óttaðist, að rýtingur væri í henni. Hið sanna er, að jeg vil ekkert leynimakk við þennan hv. þm. eiga. Það var ekkert annað en yfirdrepskapur að tala um leynifund, því að vitanlega var ekki hægt að gera neitt án þess að allir vissu um það. Það, sem átti að gerast, varð að gerast opinberlega. Framsóknarflokkurinn fór óforsvaranlega að ráði sínu. Hann ljet flokksmann sinn, forseta sameinaðs þings, kalla saman einkafund. Hinir

flokkarnir fengu ekki að vita, hvað gera átti. Er spurt var, fekst ekkert svar, og er á fundinn kom, tóku þeir að lesa upp skrifaðar ræður og tilbúnar ályktanir til samþyktar. Þetta er neðansjávarverk, kafbátahernaður. Hv. þm. (JJ) ætti að minnast þess, að það, sem gera á, á að gerast opinberlega. (JJ: Það er þá best að samþykkja þessa tillögu). Það er ekki annað en spaug að ætla nú að fara að rannsaka bankann, þegar ekki er hægt að búast við, að eftir sje nema í hæsta lagi hálfur mánuður af þingtímanum. Sjerstaklega þó þegar það eru Framsóknarflokksmenn, sem framkvæma eiga rannsóknina, því að það þori jeg að fullyrða, að enginn úr þeim flokki, sem sæti á hjer í deildinni, hefir minsta vit á að rannsaka bankann. Segi jeg þetta ekki þeim til lasts; það er ekki von, að þeir sjeu bankafróðir eða sjerstaklega hafi þann kunnugleik, er hjer þarf til.

Þá fann þessi hv. þm. (JJ) að vali bankastjóra Eggerts Claessens. Jeg skal fúslega játa, að jeg á sök á því máli. Jeg áleit, að það væri ekki hægt að fá heppilegri mann í bankann, eins og þá stóð á, og hygg jeg, að það muni hafa sýnt sig, að hann var vel valinn. Hv. þm. talaði um hið óskaplega kaup, er hann fengi, og jeg minnist þess, að það mun hafa staðið í Tímanum, að hann væri ráðinn með 40 þús. króna lágmarkslaunum. En sannleikurinn er sá, að jeg rjeð hann með 20 þús. kr. föstu kaupi. En hins vegar hafa bankastjórarnir dýrtíðaruppbót, sem bankaráðið ákveður eftir á fyrir ár hvert, svo það er algerlega undir því komið, hve há hún er. Mín synd er því ekki fólgin í öðru en því, að jeg rjeð þennan íslenska mann með sömu kjörum og hinn danski bankastjóri, Tofte, hafði. Maðurinn var í tekjumikilli stöðu áður, og var ekki eðlilegt, að hann vildi fara úr henni, nema hann fengi há laun, og auk þess mátti búast við, að bankanum yrði þá og þegar lokað, ef hv. 5. landsk. þm. (JJ) og hans nótar fengju vilja sínum framgengt, og hvað var þá orðið úr þessum háu launum? (JJ: Þetta er skáldskapur). Þetta er ekki skáldskapur, því að ef þessi hv. þm. (JJ) verður að teljast með fullu ráði, þá er ekki hægt að fá annað út úr skrifum hans og skrafi en að hann vilji láta leggja bankann niður, ef hann verður ekki algerlega landsins eign.

Hv. þm. (JJ) kvaðst hafa spurt mig að því fyrir nokkrum árum, hvort jeg vildi, að landið eignaðist Íslandsbanka. Jeg býst við, að jeg hafi svarað því svo, að meðan bankanum gekk vel og hann var vel stæður, þá hafi jeg viljað það. Nú tel jeg það óráð; best að láta hlutafjelagið bera áhættuna.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um það, að það hefði veri vanrækslusynd af fyrv. stjórn að skipa ekki í bankastjórastöðurnar. Jeg hefi nú heyrt þetta fyr, að það hefði verið rjett af fyrv. stjórn að gera þetta, og líklega hefði það ekki verið óskemtilegt fyrir mig, sem altaf hefi átt að vera að trana gæðingum mínum og nánustu venslamönnum í feitar stöður, eftir því sem þessi hv. þm. (JJ) segir. En jeg skal taka það fram hjer, að jeg veit ekki til, að nokkur náinn venslamaður minn eða ættingi hafi fengið nokkra opinbera stöðu í minni ráðherratíð, nema ef telja skyldi það, að einn systursonur minn varð háseti á einu landssjóðsskipinu. Hvað viðvíkur bankastjóraskipuninni, þá taldi jeg mjer ekki rjett að skipa þá; það hlaut að hafa

áhrif á skipunina, hvort landið tæki hluti í bankanum og eignaðist þannig bankann að meiri hluta, með öðrum orðum, banki þessi yrði og landsbanki. Og þótti mjer rjettast að láta núverandi stjórn hafa óbundnar hendur, er ráðið væri, hvort hlutir væru keyptir eða ekki. Jeg vildi í þessu máli, sem öðrum, gera það, sem mjer þótti rjettast, en jeg veit, að það þýðir ekki að segja hv. þm. þetta; hann trúir því ekki, því að honum er farið eins og sagt er um þá, sem þjófgefnir eru, að þeir halda, að allir steli. Hann heldur, að jeg hlynni að mjer sjálfum, af því að hann hefir svo ósleitilega skarað eld að sinni köku. (**JJ**: Hve nær hefi jeg hlynt að sjálfum mjer á opinberan kostnað?) Hve nær hefir þingmaðurinn hlynt að öðrum en sjálfum sjer? Sagði þm. það? Mjer heyrðist. Ja, því get jeg ekki svarað. Annars heyrðist mjer hæstv. forsrh. (SE) eitthvað minnast á það í einni ræðu.

Hv. þm. (JJ) er stuðningsmaður núverandi stjórnar, og hún hefir ekki enn skipað í embættin, svo þm. getur nú átt um þetta við sína eigin stjórn. En það er oft eins og þessi þm. sjái ekki aðra en mig, er hann þykist að einhverju þurfa að finna.

Þá taldi þessi hv. þm. (JJ) eftir þessi 6000 kr. eftirlaun til Sighvats Bjarnasonar. Honum þótti þau of há. Það má kanske deila um, hvort þau hafi átt að vera 5 eða 6 þús. En þessi maður hefir lengi verið í landsins þjónustu, og jeg efast um, að hann geti talist efnaður, eins og þm. tók fram. Annars mun hann vera einn uppi með að sjá eftir þessum eftirlaunum til þessa heiðursmanns, og þegar hann á næsta þingi ræður öllu einn, eins og hann hefir haft á orði, þá fer hann sjálfsagt að reyna að breyta þessu.

Jeg veit ekki, hvað veðið hefir verið hátt, sem Íslandsbanki setti í byrjun fyrir enska láninu (sínum hluta). Það má vera, að veð í víxlum hafi eigi verið meira en matsverð á enska láninu, en þar fyrir utan var skuld ríkissjóðs ca. ein miljón, sem telja má hafa verið og að veði. Það er annars ekkert nýtt með slíka víxla. Er Kaupmannahafnarbankarnir þurfa að fá seðla hjá þjóðbankanum danska, þá fara þeir með víxla.

Þá talaði hv. þm. (JJ) um, að vextir Íslandsbanka væru hærri en hjá Landsbankanum. Þeir voru hærri fyrir þingið 1922, en þá fekk þáverandi stjórn loforð um vaxtalækkun, gegn ákveðinni breytingu á bankalögunum, sem þingið samþykti. Jeg veit ekki til, að önnur niðurfærsla hafi átt sjer stað síðan. Annarsstaðar fara vextir eftir því, hvort lánin eru áhættumikil eða ekki; þeir fara eftir tryggingum og mönnum, sem lánað er. Því er í raun og veru ekki undarlegt, þótt vextir Íslandsbanka sjeu eitthvað hærri. Nú munar, að jeg hygg, ½% á vöxtunum. Jeg hygg, að það sje nú svo, að áhætta Íslandsbanka sje ekki öllu minni en svo, í samanburði við Landsbankann, að hún samsvari vaxtamismuninum.

Mjer þykir leitt að þurfa að lengja mikið umræðurnar um þetta mál, sem nú er orðið ómerkilegt. Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir lýst yfir því, að skýrslan sje nú bráðum tilbúin. Að henni fær fjhn. aðgang, og býst jeg við, að nefndarmönnum geti orðið veðið fullljóst eftir henni, þótt þeir sjeu ekki allir bankamenn. Jeg vænti þess, að jeg þurfi ekki

að halda langar tölur hjer eftir; jeg á heimtingu á því af hv. 5. landsk. þm. (JJ), að fá að vera óáreittur af honum sem stjórnandi, en sem þingmaður mun jeg engrar vægðar biðjast af honum.

Björn Kristjánsson: Jeg ætlaði mjer ekki að lengja umræðurnar í þessu máli, en ræða hv. 5. landsk. þm. (JJ) gaf mjer tilefni til þess, þar sem hann var að lýsa stofnun Íslandsbanka í hinni löngu sögu um það, sem vitanlega kom ekki þessu máli við. En áður en jeg fer að minnast á það, vil jeg svara hv. frsm. (EÁ) fáum orðum, af því hann var að kvarta um, að hv. 2. þm. S.-M. (SHK) hefði ekki svarað sjer.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að hann færði fram sem aðalástæðu, að mikill meiri hluti kjósenda hefði krafist rannsóknar á bankanum. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi hjer þingmálafundagerðir úr 13 sýslum, eða frá 36 þingmálafundum, fyrir framan mig, og engin þeirra krefst r a n n s ó k n a r á Íslandsbanka; þar er á stöku stað krafist af þinginu að sjá um, að veðið sje í lagi.

Þá talaði frsm. (EÁ) um það, að bankinn væri svo samtvinnaður viðskiftalífi þjóðarinnar, að eftirlitsins þurfi að gæta. Þetta er rjett. En einmitt þess vegna verður að gera það með gætni, svo að bankinn og atvinnuvegirnir ekki líði við það. Og það má finna fleiri fulltryggar leiðir til þess en beina opinbera rannsókn.

Framsögumaður (EÁ) taldist hafa verið þess fullviss, að þetta r a n n s ó k n a r m á l yrði aðalmál þingsins. Á hverju bygði hann það? Á þingmálafundagerðunum gat hann ekki bygt það. Ætli sannfæring hans í þessu efni hafi ekki fyrst mótast, er hann hitti „Tímaklíkuna“ hjer í höfuðstaðnum?

Þá kvartaði frsm. (EÁ) um, að vextir væru háir og gengismunurinn mikill. Þetta er rjett. En stafar það ekki af verslunarástandinu yfirleitt í heiminum? Rannsókn á bankanum bætir ekki úr þessu. Ef hagur bankans reyndist slæmur við rannsóknina, mundi það ekki bæta gengismuninn. Og þótt rannsóknin leiddi í ljós, að bankinn stæði vel, þá mundi það heldur ekki bæta gengismuninn, því til þess er bankinn ekki nógu stór nje sterkur. Úr því getur ekkert annað bætt en að vjer flytjum út meira en vjer flytjum inn.

Hv. frsm. (EÁ) taldi þetta sjúkdóm á viðskiftalífinu, sem mætti komast út úr á skömmum tíma, en hann benti ekki á neina leið til að komast út úr þessu, nema þessa rannsóknarleið.

Þá kvartaði hv. frsm. (EÁ) um, að þessi rannsókn væri skoðuð ofsókn. Það er mjög eðlilegt, því hún er ekkert annað, eins og sýnt hefir verið fram á af öðrum. Hann ætlast enn fremur til, að þingmenn beri fult traust til hans og flokks hans í þessu máli, en jeg fæ ekki sjeð, á hverju slíkt traust ætti að vera bygt.

Þá segir hv. frsm. (EÁ) enn fremur, að Íslandsbanka hafi á sínum tíma verið veittur ótakmarkaður og of mikill seðlaútgáfurjettur. Jeg er honum alveg sammála um það, enda mun hann kannast við, að jeg var ekki aftastur í lest inni með að finna að því. En nú er sá tími fyrir löngu liðinn, og síðan hefir einmitt hv. frsm. (EÁ) s j á l f u r gerst aðalflutningsmaður að frumvarpi, 192[illegible] um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, þar

sem seðlarnir voru svo takmarkaðir, að bankanum var skylt að draga inn 1 miljón króna á ári, og kem jeg síðar að því.

Þá segir hv. frsm. (EÁ), að Íslandsbanki hafi lánað mikið til húsabygginga hjer á landi í kaupstöðum. Mjer er persónulega kunnugt um, að bankinn hefir gert lítið að því; slík lán hafa einkum hvílt á veðdeild Landsbankans, eða hvíldu að minsta kosti fram að styrjöldinni og jafnvel til 1918. Og enn fremur segir hann, að fyrsta spurningin, er heim kemur til kjósendanna, verði, hvernig lánin sjeu trygð í Íslandsbanka. Hvernig stendur á því, þegar búið er að sýna fram á, að 13 sýslur, að minsta kosti, hafa alls ekki krafist neinnar rannsóknar? Jeg get skilið, að spurningar um það geti risið upp, í þeim kjördæmum, sem hafa þá menn fyrir þingmenn, er standa allra næst Tímaklíkunni.

Af því svo virðist, sem hv. frsm. (EÁ) muni ekki vel eftir því, sem gerðist á Alþingi 1921, í þessu bankamáli, vil jeg leyfa mjer að rifja upp fyrir honum afskifti þingsins og sjerstaklega Framsóknarflokksins af Íslandsbankamálinu.

Eins og menn muna, var mikið rætt um Íslandsbanka 1921, bæði um seðlaútgáfu hans, sem hann átti þá að fara að takmarka, og hjálp þá, sem þingið vildi veita honum til að komast yfir örðugleikana.

Það var augljóst á öllu því, sem fram fór þá, að Alþingi vildi styðja bankann, svo að hann gæti starfað áfram og veitt þeim atvinnugreinum stoð, sem, fjárhagslega sjeð, bera nú þjóðina langmest uppi. Landsmenn skulduðu bankanum þá um 34 miljónir króna, sem voru óveðtrygðar skuldir, og var því auðsætt, að ef bankinn yrði að hætta starfsemi sinni, þá yrði það svo mikið tjón fyrir landið, að það gæti ekki undir risið.

Þingmenn litu þá líkt á, hvað gera þyrfti til að reisa bankann við, eins og Danir gerðu, er Landmandsbankinn komst í þrot.

Eins og menn muna, vissu allir þingmenn þá, að bankinn mundi bíða allmikið tjón, og því var það, að Framsóknarflokkurinn, ásamt öðrum, bar fram frumvarp um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, sem var breyting á lögum, sem stjórnin bar fram, þess efnis, að heimila Íslandsbanka að hækka hlutafje sitt um 100% og að ríkið skyldi leggja fram hlutafjeð, ef hluthafar Íslandsbanka vildu fallast á það.

Í frumvarpi þessu er ekki ríkissjóði áskilin nein sjerstök trygging eða forrjettindi fyrir hlutafje þessu, en áskilið, að bankinn ætti að vera háður eftirliti tveggja „kritiskra“ endurskoðenda.

Gert var ráð fyrir í frumvarpi þessu, að 5 manna nefnd mæti verð hlutanna, og var það gert, eftir að hluthafar Íslandsbanka höfðu samþykt þetta fyrirkomulag.

Samtímis voru á þinginu samþykt lög, er heimiluðu landsstjórninni að taka lán í því skyni að kaupa hlutabrjefaaukninguna, eða í því skyni að veita bönkunum lán til þess að greiða úr fjárhagskreppunni.

Að lokum var síðar á þinginu ákveðið í seðlafrumvarpinu, að í staðinn fyrir 2 endurskoðendur skyldi stjórnin velja 2 af 3 bankastjórum bankans, og segir svo í því: „á meðan Íslandsbanki hefir

á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum fyrir hans hönd". Frekari tryggingar krafðist Framsóknarflokkurinn ekki. Og orðin sjálf sýna, að til frekari tryggingar ætlaðist flokkurinn ekki en að hafa yfirráðin í stjórn bankans. Enginn minnist þá heldur einu orði á frekari tryggingu fyrir hlutafjenu eða láni en þessa.

Framsóknarflokkurinn, sem tók að sjer að flytja þetta frv., mintist því alls ekki á neitt veð, hvorki í frumvarpinu nje umræðunum um það nje í umræðunum um lántökuheimild stjórnarinnar. En þetta mun hafa komið til af því, að þingið var að hugsa um það eitt að bjarga atvinnuvegunum frá hruni og þeim, sem skulduðu þessar 34 miljónir króna.

Samt hefir bankinn verið látinn setja veð, þótt Alþingi gerði ekki ráð fyrir því, og mátti telja sjálfsagt, að stjórnin gerði það, að minsta kosti á meðan það skilyrði var ekki uppfylt, að stjórnin skipaði 2 af 3 bankastjórum bankans.

Nú er gamla bankastjórnin farin frá og stjórnin búin að setja 2 bankastjóra í bankann, sem allir ættu að geta borið fult traust til. Það má því telja, að skilyrðum Framsóknarfokksins og þingsins sje fullnægt.

Þegar litið er nú til hags bankans sjálfs, þá skyldu menn ætla, að hann sje ægilegur, þegar önnur eins tillaga og þessi kemur fram frá Framsóknarflokknum.

5 manna nefnd sú, sem kosin var samkvæmt lögunum um seðlagáfu Íslandsbanka, lauk við mat sitt í febrúar 1922. Og hún verðlagði hlutabrjef bankans á 91%. Með öðrum orðum, nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að varasjóðurinn yrði að ganga til greiðslu á væntanlegum töpum, og kr. 407372 af hlutafjenu, sem var 4500000 kr. Eftir var þannig óeytt af hlutafjenu kr. 4092628.

Nú hefir bæst við hreinn gróði á árinu sem leið, eftir að hluthöfum hefir verið áætlaður arður 5%, kr. 1157048. Skuldlaus eign bankans ætti þá að vera um 5249000 kr. En það nemur um 749 þús. kr. meira en alt hlutafjeð.

Vel getur verið, að nefndin, sem rannsakaði bankann 1922, hafi reiknað verðmuninn á enska láninu full ríflega, bankanum í óhag, þar sem hún mat sterlingspundið 27 krónur, en lánið á að endurborgast á 30 árum, og kemur þá sá mismunur bankanum til góða. En á þeim tíma hafði nefndin ekki á öðru að byggja en dagverði pundsins þá, miðað við íslenska krónu.

Þessi álitlega upphæð stendur því nú sem trygging fyrir því, að bankinn geti staðið í skilum við alla sína lánardrotna. Og þetta er eign bankans, eftir að búið er að draga frá öll lán, sem telja mátti töpuð eða mjög vafasöm. Íslandsbanki mun því eiga talsvert meiri eign til þess að standast ný áföll en t. d. Landsbankinn.

Þá kem jeg að því, sem jeg í upphafi ræðu minnar vjek að, ósannindum hv. 5. landsk. þm. (JJ), er hann var að skýra frá afskiftum mínum um stofnun Íslandsbanka. Hann gleymdi því ekki, hv. þm. (JJ), að senda mjer tóninn eins og 4. landsk. þm. (JM). Það á eflaust að sýna, að jeg sje eitt af mikilmennunum, sem hann þurfi að ryðja úr vegi.

Hann sagði, að jeg hefði viljað leggja Landsbankann niður og veita Íslandsbanka seðlaútgáfu í 90 ár. Þetta er hv. þm. (JJ) búinn að segja tvisvar áður

í Tímanum, og hefi jeg mótmælt því opinberlega. En samt verður hann að koma með sömu vísvitandi ósannindin í þriðja sinn, eins og altítt er í Tímanum. En frumvarpið um að leggja Landsbankann niður og veita Íslandsbanka seðlaútgáfu í 90 ár var borið fram á þingi 1899, en þá var jeg ekki kominn á þing. Jeg var fyrst á þingi árið 1901, er frumvarp þetta var borið fram í annað sinn, mjög breytt. Var þá farið fram á að veita seðlaútgáfurjettinn í 40 ár. Jeg skrifaði þá undir það rökstuddasta nefndarálit, sem samið hefir verið síðan jeg kom á þing, og var það í þessu máli, en jeg skal taka fram, að jeg skrifaði það ekki. Frumvarpið, eins og nefndin gekk frá því, er að finna á þingskjali 376 árið 1901. Og tel jeg mjer æru að hafa stutt það mál. Í því frumvarpi var lagt til, að seðlaútgáfurjetturinn yrði ekki veittur til lengri tíma en 30 ára, og við Landsbankanum var ekki hreyft. Var þessi bankastofnun upphafið til þess, að atvinnuvegirnir fóru að þróast og vaxa að mun.

Þá vildi hv. 5. landsk. þm. (JJ) gera sem allra minst úr matsnefnd Íslandsbanka og mati hennar, og sagði, að mat hennar hefði verið 91%, en mat brjefa þessara væri þrátt fyrir það 40% eða jafnvel 38%. Á þeim tíma, sem nefndin lagði mat á brjefin, stóðu hlutabrjef Íslandsbanka í um 70% í Kaupmannahöfn. Og þegar gengi íslenskrar krónu var þá um 30% lægra en dönsk króna, þá munu menn sjá, að eigi munaði miklu á matinu. Og „Börs"-verð er ekki ávalt áreiðanlegt. Það byggist mest á trausti kaupendanna, á t i l f i n n i n g u þeirra, eins og aðrir hafa bent á.

Ekki hafði 5. landsk. þm. (JJ) öllu meira út á mig að setja sem nefndarmann, en að jeg hafi verið „guðfaðir" Íslandsbanka. Tíðræddast var honum um hagstofustjórann, sem hann taldi hafa verið illa settan, þar sem hann hafi verið mægður fólki, sem hefði stórskuldað í botnvörpuskipafyrirtækjum. Alt auðvitað sagt til að níðra nefndinni og til að gera hana tortryggilega.

Jeg verð því að bera af þessum manni ámæli, sem getur enga vörn sjer veitt, því hann kom heiðarlega fram í alla staði í nefndinni, eins og nefndarmennirnir yfir höfuð. Nefndarmennirnir unnu allir af trú og dygð og vildu síst gera matið hærra en ástæða var til.

Ekki er heldur nein ástæða fyrir hv. 5. landsk. þm. (JJ) að kvarta yfir of miklum gróða hluthafa Íslandsbanka. Mjer hefir verið skýrt frá af nákunnugum manni, að meðaltalsgróði þeirra hafi verið fram að árinu sem leið 6,29%. Og síðasta ár fengu þeir enga vexti og nú í ár munu þeir fá 5%. Þegar nú þess er gætt, að hlutabrjef bankans standa nú erlendis í um 50% og að hlutafjeð samkvæmt því er fallið í verði að minsta kosti um helming, þá sjá allir, hvað gróðinn verður mikill. Enginn útlendingur mundi vilja leggja fje sitt í fyrirtæki, sem gæfi jafnlítinn arð. Og flestir þessir hlutabrjefaeigendur hafa keypt hlutina á 130%, sem gerir tap þeirra enn tilfinnanlegra.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta óþrifamál, en mun greiða atkvæði með breytingartillögunni.

Sigurður Jónsson: Það er með hálfum huga, að jeg kveð mjer hljóðs til að leggja orð í belg, því að fleirum en mjer mun þykja þessara umræður orðnar nokkuð langar, þótt jeg vilji eigi með

þessum orðum setja ofan í við hv. samdeildarmenn mína.

Jeg vildi leyfa mjer að minnast á örfá atriði, sem hafa ekki verið dregin nógu rækilega fram, en þyrfti að skýra betur.

Jeg var ekki viðstaddur, þegar hv. 2. þm. G.-K. (BK) mintist á, hvernig tekið hefði verið í þetta mál á þingmálafundum. Jeg hefi líka rannsakað þetta nokkuð í sambandi við ýms ummæli, er fallið hafa hjer í hv. deild í sambandi við þetta mál. Tek jeg þingmálafundagerðirnar af handa hófi, þær sem hendi eru næstar, en ekki í neinni ákveðinni röð. Fyrst urðu fyrir mjer 4 fundargerðir úr Skagafjarðarsýslu, þar sem lýst er óánægju yfir afskiftaleysi stjórnarinnar gagnvart Íslandsbanka og er skorað á þingið að hlutast til um, að næg trygging sje fyrir enska láninu. Líkt þessu er víða í öðrum fundagerðum, og tekið oft svo til orða, að fundurinn lýsi „megnri óánægju", „víti harðlega stjórn bankans" o. s. frv. Úr Austur-Skaftafellssýslu eru 3 fundargerðir, 3 úr Mýrasýslu, er ætlast til, að þingið skifti sjer af málinu. Úr Eyjafirði eru 4 fundargerðir, og kemur þar fyrir orðatiltækið „megn óánægja". Af sameiginlegum fundi fyrir báðar Múlasýslur og þingmálafundi fyrir Norður-Múlasýslu er sama að segja, og í Suður-Múlasýslu voru 2 fundir haldnir, á Nesi í Norðfirði og á Djúpavogi. Þar eru samþyktirnar einna harðorðastar og ákveðnastar. Þetta er þá umboð hv. 2. þm. S.-M. (SHK) frá kjósendum hans, og sjá hv. deildarmenn, hversu hann hefir farið með umboðið í þessu efni.

Jeg held því fram, að þrátt fyrir það, þótt Ólafur læknir Thorlacius sje Tíma maður, þá sje hann góður maður og greindur. Og þrátt fyrir það, þótt hann sje í tengdum við hæstv. forsrh. (SE), þá þorir hann samt að skora á stjórnina að láta rannsaka hag bankans. Hjer getur því varla verið fjandsamlegum persónulegum ástæðum til að dreifa.

Úr langflestum kjördæmum koma fram áskoranir um að athuga hag Íslandsbanka.

Jeg veit annars ekki betur en að það sje venjan, að Alþingi taki tillit til vilja kjósendanna úti um landið, enda fæ jeg ekki betur sjeð en það sje mjög eðlilegt. Rataðist hv. 1. þm. S.-M. (SHK) þar rjett orð af munni, er hann sagði, að þjóðin ætti r j e t t á a ð f á a ð v i t a, h v o r t n o k k u r h æ t t a s j e á f e r ð u m. En þá veit jeg ekki, hvers vegna þessi hv. þm. (SHK) vill endilega spyrna gegn vilja kjósendanna í þessu efni. Það er ekki annað en þetta, sem till. fer fram á.

Sami hv. þm. (SHK) talaði um „yfirdrepskap" og að till. okkar Framsóknarflokksmanna væri ekki fram komin af umhyggju fyrir hag bankans. Gaf hann það í skyn, að þetta ætti að vera kosningabeita. Það er undarleg ósamkvæmni hjá hv. þm. (SHK), að játa í öðru orðinu, að rjett sje að taka tillit til vilja kjósenda, en lá öðrum svo í hinu, að þeir gera það. Jeg skal fúslega játa, að ástæðan til, að jeg fylgi þessari till., er einmitt sú, meðal annars, að jeg veit, að þetta er vilji kjósendanna. Mönnum er orðið órótt út af bankanum, en vonandi að ástæðulausu, og býst jeg því við, að rannsóknin verði fremur til að gera bankanum gagn en hið gagnstæða.

Hjer ætti við að minnast þess, að samþykt var á þinginu 1918 till. um að rannsaka Landsverslunina, sem kom frá 10 þm. í Nd. Átti þetta að ná til starfs-

ins „inn á við og út á við“. Þetta var stórmikið verk, þar sem veltan var þá um 20 miljónir króna, og fór svo, að nefndin skilaði aldrei áliti sínu. En ekki er sjáanlegt, að rannsókn þessi hafi neitt rýrt álit ríkisverslunarinnar.

Sama máli gegnir um rannsókn þá á Landsbankanum í tíð Björns heitins ráðherra, sem nefnd hefir verið. Bankinn beið engan hnekki af þeirri rannsókn. Þvert á móti. Eins gæti farið hjer, og líklegt, að svipað færi nú. Líklegt er líka, að svo færi nú, að sú fyrirhugaða nefnd manna gæti ekki skilað neinu áliti áður en þingi verður slitið. En það er ekki þetta, sem skilur á milli, heldur hitt, að við flm. viljum, að það sjeu trúnaðarmenn þingsins, sem hafi þessa rannsókn á hendi, en ekki aðrir. Það er þó ekki svo, að jeg vilji væna skýrslu góðra manna um að vera fölsk, en hitt verður þó betra og kemur að meiri notum. Mundi skýrsla slíkra manna geta orðið bankanum hinn mesti styrkur.

Hæstv. forsrh. (SE) gaf í skyn, að með þessu væri lýst vantrausti á bankanum. Svo er það ekki frá mínu sjónarmiði. Jeg hefi þá trú, að bankinn sje sterkur. Og því má þá almenningur ekki fá að vita það? Rjett frásögn um góðan hag bankans mundi aðeins verða til að auka traust hans bæði innanlands og utan.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) talaði um það áðan, að það væri „loddaraleikur“, sem hjer væri á ferðinni. Því er þar til að svara af minni hálfu, að jeg hefi ekki lært sjónhverfingar. Annars er það ekki líkt þeim manni að hafa slík orð, og mun hann hafa verið kominn í mikinn hita. Kvað hann okkur í fjárhagsnefnd þessarar deildar ekki hafa neitt vit á bankamálum, og datt mjer þá í hug þetta, sem skáldið sagði forðum:

Hafðu, bóndi minn, hægt um þig.
Hver hefir skapað þig í kross?

Svo lítur út, sem sami hv. þm. (JM) hafi gleymt því, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) er þó einn í nefndinni, sem kemur til að fjalla um málið, en varla býst jeg við, að hann telji þann mann ekki hafa neitt vit á bankamálum.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Jeg hefi sýnt fram á það, að það er ekki rjett hermt, að fundagerðir þingmálafundanna úti um landið óski ekki eftir því, að slík rannsókn verði gerð. (**BK:** En af hverju stafar sá vilji kjósendanna?). Það kemur ekki málinu við. En vilji hv. þm., sem fram í tók, halda því fram, að það sje Tímanum að kenna, þá sýnir það þó, að hann muni vera sterkari en margur vill halda fram og jafnvel sterkari en Framsóknarmenn hafa þorað að vænta eftir í sínum [illegible]örfustu dagdraumum, og mu[illegible]ari en þessum hv. þm. mun kærkomið. (**JJ:** Hann er að minsta kosti sterkari en Moggadótið).

Jeg lýk svo máli mínu með því að taka það fram enn á ný, að þessi till. okkar er ekki fram flutt í því skyni að v e i k j a bankann, heldur miklu fremur til að s t y r k j a hann og afla almenningi rjetts álits á Íslandsbanka.

Flm. (Einar Árnason): Það er hvorttveggja, að fátt hefir komið fram af hálfu andstæðinganna, sem þörf er á að svara, enda væri tæpast fært að bæta miklu við þær umr., sem þegar eru orðnar um málið. Get jeg því verið mjög stuttorður að þessu sinni.

Það hefir verið stangast talsvert utan við till. þá, sem hjer er á ferðinni, og vil jeg ekki gefa mig í þann orðaleik. Þó

vildi jeg víkja nokkrum orðum til hæstv. forsrh. (SE). Hann byrjaði á því að tala um, á hvern hátt jeg hefði skýrt verkefni væntanlegrar nefndar. Spurði hann að því að lokum, hvort hann hefði ekki farið með rjett mál. Svaraði jeg ekki þá þegar, sökum þess, að mjer fanst rjettara að svara honum í ræðu, til að svarið kæmi skýrara fram. Vill svo vel til, að jeg hefi þetta skrifað og fleira, sem jeg sagði þá, því jeg bjóst við, að fram kynnu að koma hártoganir í málinu. **(Forsrh. SE:** það var alls ekki ætlun mín að hártoga neitt í ræðu hv. þm.). Jeg átti heldur alls ekki við hæstv. forsrh. (SE) með þessum orðum mínum. Jeg talaði annars um, að það væri hlutverk nefndarinnar að athuga tryggingarnar fyrir láninu. Jafnframt tók jeg það fram, að jeg gæti ekki fallist á brtt., sem fram hafa komið síðan, af þeim sökum, að þær þrengdu verksvið nefndarinnar. Því hjer er meira að gera en að rannsaka tryggingarnar. Skal jeg, til að taka af allan vafa, lesa orðrjett það, sem jeg sagði áðan um þetta: „Með þessu er þó ekki sagt, að hefja skuli gagngerða rannsókn í venjulegri merkingu þess orðs. Það væri vitanlega óframkvæmanlegt. Til þess er enginn tími. Það, sem við flm. ætluðumst til, er það, að nefndin fái nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur um það, er nauðsynlegt er að vita um ásigkomulag og horfur með fjárhag bankans og viðskiftamöguleika í framtíðinni. Nefndin þarf að gera sjer ljóst, í samráði við bankastjórnina, hverra ráða þarf að leita og hverjar vonir eru um það, að bankinn geti farið að starfa að nauðsynlegum viðskiftamálum þjóðarinnar,og greiða fyrir framkvæmdum hennar og atvinnuvegum; og í öðru lagi að athuga það, hvort bankinn muni ekki með einhverjum hætti geta stutt að lagfæringu gengisins".

Þetta hefi jeg sagt. Læt jeg menn sjálfráða um það, hvað þeir vilja leggja inn í þessi orð mín. Annars virðist mjer svo, sem meiri parturinn af mótbárunum gegn till. hafi farið fram hjá því, sem er aðalmarkmið hennar. Finst mjer sumar af þessum ræðum vera eins og kindur, sem hafa brotið bæði horn, án þess þó að hitta markið. Það hefir verið sagt, að nóg væri að fá skýrslu um tryggingarnar. Út af fyrir sig er það gott, en við flm. getum samt ekki látið okkur það nægja.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að líta bæri á bankann í ljósi nútímans. Jeg er honum samdóma um, að það sje rjettara en að skoða hann í ljósi fortíðarinnar, enda geri jeg það líka. En hjer ber fleira en eins að gæta. Það hefir verið margsagt, að ástæður bankans sjeu góðar, hann sje að græða og geti nú borgað hluthöfum ágóða. Látum nú svo vera, að þetta sje svo. En þótt bankinn græði, þá er það þjóðinni ekki nóg. Hún bíður eftir því, að hann geti tekið til starfa og stutt hana að nauðsynlegum framkvæmdum. En síðustu árin er hann sáralítill, stuðningurinn, sem bankinn hefir getað veitt.

Þá var það eitt atriði, sem jeg drap lauslega á áðan, að Landsbankinn hafi lánað Íslandsbanka allmikið fje, að því er sumir hv. þm. segja, án tryggingar. **(Forsrh. SE:** það er innlag, en ekki lán). Það er engu að síður sama sem lán, úr því hann bað um það.

Hv. 1. þm. G.-K. (BK) bar það svo fram sem sönnun fyrir því, hve Íslandsbanki væri vel stæður, að Landsbankinn skyldi trúa honum fyrir þessu fje.

það dylst ekki, að eitthvað er óljóst í þessu máli. Jeg átti tal við einn bankastjóra Landsbankans fyrir skömmu, og sagði hann mjer, að Landsbankinn hefði fengið tryggingu fyrir þessu fje, enda hefði hann ekki látið það ella. Gekk jeg fast á bankastjórann í þessu, og mun jeg halda mjer við, að þetta sje hið sanna í málinu.

Það var að vísu eitthvað fleira, sem jeg skrifaði eftir hæstv. forsrh. (SE), en af nærgætni við hv. deild vil jeg ekki tefja tímann meira en góðu hófi gegnir, og hleyp því yfir það í bráðina.

Jeg hefi ekki heldur ástæðu til að fara neitt út í ræðu hv. 4. landsk. þm. (JM). Hann var að gefa deildarmönnum bendingar um persónulega hæfileika þeirra. Kvað hann þá ekki hafa neitt vit á bankamálum, og það, sem hjer væri verið að fremja, væri bara loddaraleikur. Gaf hann það yfirleitt í skyn, að við værum menn, sem ættum að hafa sem hægast um okkur. En það, sem mig furðar þá á, er það, að þessi hv. þm. (JM) skuli þá sjálfur taka þátt í loddaraleiknum, svo þrunginn af viti og bankaþekkingu, sem hann er.

Að því er snertir ræðu hv. 2. þm. G.-K. (BK), þá verð jeg að segja það, að honum gekk heldur illa að hnekkja orðum mínum um það, að þingmálafundir úti um landið hafi þegar tekið bankamálin til meðferðar og að þjóðin vænti þess, að þingið geri hið sama. Hv. 2. landsk. þm. (SJ) tók annars af mjer ómakið með að sýna fram á, hve lítinn mat hv. þm. (BK) gat gert sjer úr fundargerðunum, og þarf jeg ekki að fara frekar út í það.

Hv. 2. þm. G.-K. (BK) kvaðst efast um, að þjóðinni væri nokkurt áhugamál, að farið væri að athuga bankann. Það virðist þá svo, þótt undarlegt sje, að hv. þm. viti ekki, hver óþægindi það bakar þjóðinni, að bankarnir eru svo magnlausir. Já, það má vera, að hv. þm. (BK) sje svo vel staddur, að hann þurfi ekki að halda á bönkunum. En svo er ekki um alla. Annars misskildi hv. þm. (BK) mig í einu atriði. Jeg sagði aldrei, að þjóðin óskaði rannsóknar einnar, heldur voru orð mín á þessa leið: „Í öðru lagi er það vitanlegt, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir vænst þess, að þetta þing tæki bankamálin til rækilegrar athugunar og gerði sitt ítrasta til þess að leysa viðskiftalífið úr þeim læðingi, sem það er í lagt".

Þá sagði hv. þm. (BK), að jeg hefði sagt, að þetta væri sjúkdómur á viðskiftalífinu. Það er rjett hermt. Jeg taldi viðskiftalífið sjúkt, en jeg sagði aldrei, að það læknaðist með rannsókn einni saman. Jeg sagði á þessa leið:

„Þetta er sjúkdómur á viðskiftalífinu, sem ekki má láta ráðast, hvernig snýst. Það þarf að þekkja ræturnar til meinsins og byrja þar lækninguna. Og það er trú mín, að ef bankarnir, landsstjórnin og þingið vildu hefja heilhuga samstarf til að greiða úr þessum málum, þá megi komast langt í endurbótum á tiltölulega skömmum tíma".

Sjest hjer ljóslega, að hv. þm. (BK) hefir hjer dregið ranga ályktun af því, sem jeg sagði.

Hann sagði, hv. þm. (BK), að það væri hjer um ofsókn að ræða á hendur bankanum. Jeg deili ekki við hann um það atriði, en læt mjer nægja að vísa til till. og skýringar þeirrar, sem jeg hefi

gefið á henni. Svo getur hver sem vill dæmt um það, hvort þar er um nokkra ofsókn að ræða.

Út af þessu ofsóknarskrafi er því í öðru orðinu haldið fram, að bankinn sje vel stæður, og jeg skal ekki vefengja, að svo kunni að vera. En hvað er þá á móti því að athuga það og ganga úr skugga um það? Og hvað þarf þá að tala um ofsóknir, ef bankinn er vel stæður? Jeg skil ekki þessa hræðslu og þessa leynd um hag hans.

Það skiftir ekki máli, hvort þetta er rætt lengur eða skemur; jeg geri ráð fyrir, að það breyti engu. Jeg get látið mjer nægja það, sem komið er, og er reiðubúinn að greiða atkvæði, þótt fyr hefði verið.

Jónas Jónsson: Jeg varð að nokkru leyti fyrir vonbrigðum vegna þeirra andmæla, sem fram hafa komið gegn tillögunni og fyrri ræðu minni. Á móti henni hafa talað 4 ráðherrar og lítið snert við kjarna málsins. Ekkert litið á, hve mikið böl gengishrunið er nje athugað sök Íslandsbanka í því máli. Þeir hafa ekki viljað viðurkenna hina sögulegu þýðingu málsins, ofurvald hluthafanna yfir þjóðarhagsmununum. Jeg hafði þó áður sýnt fram á, að orsök gengishrunsins er sú, að bankinn hefir ekki getað sint yfirfærslukröfum síðan 1920. Hjá tveimur hv. ræðumönnum kom fram mikill barnaskapur. Þeir töluðu svo mikið um sjálfa sig, bæði hæstv. núverandi og fyrverandi forsætisráðherra. Hæstv. forsrh. (SE) var haldinn af þeim leiða hjegómaskap að halda, að mál, sem snertir fjármálalíf eða dauða borgaranna í landinu og velferð heillar kynslóðar, snúist mest um persónu forsætisráðherrans. Hann leit ekkert á gengishrunið nje önnur vandræði, er af bankanum stafa, virtist sjá málið í gegnum gleraugu valdastreitunnar. Að því leyti á hann sammerkt við hv. 4. landsk. þm. (JM). Báðir halda, að allir sjeu að ofsækja þá, ef menn ekki vilja skríða undir feld dönsku hluthafanna. Hæstv. forsrh. (SE) leit ekkert á vilja almennings um þetta mál, sem borist hefir hvaðanæva utan af landi og er orsök þess, að farið er fram á athugun á fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu.

Sama er að segja um hv. 4. landsk. þm. (JM). Það getur vel verið gaman fyrir hann að tala um sjálfan sig og hversu mikill píslarvottur hann hafi verið. En í eyrum annara er það blátt áfram broslegt hjegómatal í jafnalvarlegu máli eins og þessu. Í augum almennings eru persónuþægindi þessara manna ekki talin með þjóðmálunum.

Þá vík jeg að ræðu hæstv. forsrh. (SE). Hann kallaði starf bankanefndarinnar sælu frá 1921 þingmannarannsókn. Þetta er ekki rjett. Í nefndinni var aðeins einn þingmaður, og hæstv. forsrh. (SE) studdi ekki sjálfur nefndarkosninguna, af því hann vissi þá, að hún var bygð á heimskulegum, ef ekki skaðlegum grundvelli. Hann hlýtur því að hafa skift um skoðun síðan. Hann bygði á því, að tap bankans gæti ekki verið meira en nefndin gerði ráð fyrir. Hvaða rök eru færð fyrir því? Og hvernig fór um samskonar mál í Danmörku? Sá maður, sem fyrst áætlaði bankatapið, naut þar fylsta trausts og hafði aðgang að öllum heimildum, áætlaði það 25 miljónir króna. En tap Landmandsbankans varð margfalt hærra, ca. 300 milj. kr.

Hæstv. forsrh. (SE) vildi byggja á

niðurstöðum nefndarinnar, sem eru alveg ósannaðar, og hið sama kom fram hjá hv. 4. landsk. þm. (JM).

Nú er sífelt hrun hjer í bænum og gjaldþrot kaupmanna og útgerðarbraskara svo að segja daglegir viðburðir. Og ómögulegt er að segja um, hversu mörg fyrirtæki verða lömuð eða fallin eftir 2—3 ár. Mjer er kunnugt um stóráföll hjá mönnum, sem ekki hafa verið álitnir tæpir, og altaf er verið að nefna nýja menn, sem standi höllum fæti eða sjeu gjaldþrota.

Þá var hæstv. forsrh. (SE) að tala um, að þingmenn mundu ekki geta rannsakað tryggingarnar. En hvers vegna er þá svona óttalegt að lofa þingmönnum að sjá heimildirnar? Þeir eru þó fulltrúar þeirrar þjóðar, sem fær að lána bankanum fje, svo að hann geti lifað.

Svo kemst hann að þeirra undarlegu niðurstöðu, að alt sje í góðu lagi í bankanum, af því að bankastjórnin hafi sagt það, og enn fremur, að skýrsla nefndarinnar væri rjett og samboðin þinginu. Það kann að vera, ef það væri eins skipað og hv. 4. landsk. þm. (JM) lýsti, nefnilega, að enginn í Framsóknarflokknum og engir í fjárhagsnefnd hefðu minsta vit á bankamálum.

Þá er það ávísunin frá í desember í vetur. Jeg hefi fylstu og áreiðanlegustu heimildir fyrir því, að bankinn gat ekki innleyst hana. Enda skal það sannast, og er jeg ekki hræddur við að hleypa því lengra. **(Forsrh. SE:** Bækur bankans). Mig grunar, að hæstv. forsrh. (SE) hafi loðnar heimildir, enda vitnaði hann aðeins til lauslegrar umsagnar eins bankastjórans í Íslandsbanka.

Hæstv. forsrh. (SE) hjelt því fram, að landinu kæmi ekki við lántaka Íslandsbanka hjá Landsbankanum, og að Íslandsbanki hefði ekki átt upptökin að henni. En nú er það öllum vitanlegt, að hann vantaði fje og óskaði eftir láninu.

Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa það, sem Eggert Claessen bankastjóri segir í Alþýðublaðinu í dag:

> „Í síðastliðnum mánuði varð um nokkra daga skortur á rekstrarfje til botnvörpunganna. Síðan úr þeim hnút varð leyst með samningi milli bankanna, samþyktum af landsstjórninni, hefir ekki mjer vitanlega skort rekstrarfje".

Það, sem jeg hefi sagt, er í fullu samræmi við yfirlýsingu bankastjórans, og ekki er hægt að neita því, að hópur af þingmönnum fór upp í stjórnarráð til að sjá lánsskjölin, en varð litlu nær. Það þýðir ekki heldur að telja þetta innlán. Íslandsbanka vantaði peninga til að gera út togarana; Landsbankinn lánaði þá, og stjórnin lagði blessun sína yfir samninginn og gerði um leið merkilega ákvörðun um seðlaútgáfuna, sem mun ganga í þá átt að gefa Íslandsbanka aftur ákvörðunarrjett um seðlamagnið.

Það er enginn minsti vafi á því, að Íslandsbanki hefði verið í stórum vandræðum með að greiða skuldir sínar, ef hann hefði ekki fengið þessa miklu hjálp, og tel jeg það ekki óeðlilegt. En þetta verða menn að vita og skilja, og þýðir því ekki að vera að telja fólki trú um annað en það, sem satt er, þótt það kunni að lækka kambinn á hluthöfunum.

Mikið af vandræðum bankans stafar af því, að hann hefir vantað greiðslufje, enda er það eðlilegt, sökum inndráttar á seðlunum, í viðbót við hin miklu töp. Um síðastliðin áramót var

bankinn næstum seðlalaus, eins og hæstv. forsrh. (SE) sjálfsagt veit.

Það merkilegasta við ræður þeirra hæstv. forsrh. (SE) og hv. 4. landsk. þm. (JM) var einmitt það, sem þeir sögðu e k k i. Þeir fóru sem mjúklegast fram hjá veiku punktunum í gerðum sínum í bankamálunum, og skal jeg nú rifja nokkuð af því upp.

Hæstv. forsrh. (SE) skýrði ekki frá því, er hann tók undir sig yfirráð bankanna seint á síðastliðnu sumri. Sömuleiðis vildi hann lítið tala um vanrækskluna að skipa bankastjórana. Í tvö skifti játar hann að hafa farið í mikilsverðustu atriðum eftir vilja erlendu hluthafanna, eins og hann var túlkaður af þeirra manni í bankanum,og bendir það á það, sem jeg hefi sagt, að viljinn er meiri til þess að gera eins og þeim þóknast, en ekki að vilja þingmanna nje þjóðarinnar. Hann hefir ekki verið sjerlega bónþægur við aðra en hluthafana.

Þá hefir hæstv. forsrh. (SE) ekki skýrt frá því, hvers vegna hann ljet undir höfuð leggjast að gera skyldu sína Hann svaraði með tómum ónotum, þegar spurt var um, hvers vegna bankastjóraembættin í Íslandsbanka væru látin vera óveitt.

Viðvíkjandi Tofte bankastjóra er það að segja, að jeg trúi því vel, að hann hafi notið trausts erlendu hluthafanna. Að minsta kosti hafði hann traust Clausens í Privatbankanum, og er það naumast þakkarvert, þar sem Tofte borgaði þeim banka síðari hluta árs 1920 með nálega öllum gjaldeyri sínum erlendis, en ljet póstávísun landsins standa ógreidda. En þess vegna er miklu síður ástæða fyrir Íslendinga að láta sjer líka vel við hann og ráðsmensku hans.

Þá kem jeg að þeirri margtilvitnuðu blaðagrein, þar sem hæstv. forsrh. (SE) þótti sjer vera misboðið með því að minnast á Gissur Þorvaldsson í Örlygsstaðabardaga, og jeg veit vel, að hæstv. forsrh. (SE) er þar ekki jafnfávís og hann lætur. Hann veit vel, hvaða frjettir bárust um þetta gegnum sendiherra Dana, að aðflutningsbannið mundi verða afnumið hjer mótstöðulítið. Það er rangt af hæstv. forsrh. (SE) að hugsa eða álíta, að rjett hafi verið að tala svona um þetta mál erlendis. Hitt er nokkuð annað mál, að greiða atkvæði sem þm. með undanþágunni hjer heima; það er annað mál, þótt slæmt sje. Þessi framkoma ráðherrans í bannmálinu hefir valdið sársauka hjá mörgum hjer heima. Það er nógu gremjulegt að þurfa að taka því þegjandi, að Spánverjar skuli kúga okkur til þess að breyta landslögunum, þó að ekki sje verið að þværa um það erlendis.

Það hefir ekki verið sagt um hæstv. forsrh. (SE), að hann væri líkur Gissuri. Ef hann væri eins vel að sjer í sögu Sturlunga, eins og mjer er sagt að hv. 4. landsk. þm. (JM) sje — því hann mun hafa kynt sjer rækilega hinar pólitisku siðgæðisfyrirmyndir þeirrar aldar — þá mundi hann vita, að Gissur var einn mesti gáfumaður, sem verið hefir hjer á landi; og ýmsir sagnfræðingar nú á dögum eru þeirrar skoðunar, að Gissur hafi verið einn af okkar mestu stjórnmálamönnum, enda varð hann jarl, þótt ekki fengi hann danska stórkrossinn eða Lasarusarorðuna. Samlíkingin laut að því, þegar Gissur hoppaði upp, yfir föllnum óvin, í Örlygs-

staðabardaga. Núverandi forsrh. (SE) þótti hafa verið í óþarflega miklum sigurhug, er hann var að molda bannið ytra.

Jeg hleyp nú yfir margt, en þó verð jeg að minnast á hinn prestlega blæ, sem var yfir ræðu hæstv. forsrh. (SE). Maður gat stundum verið í vafa um, hvort þar talaði prestur eða ofurlítið ljóðskáld, svo var hann háfleygur.

Jeg rakti samanburð bankanna og lýsti rjett gangi Íslandsbankamálsins, svo að hæstv. forsrh. getur ekki með skáldskap sínum sannað, að jeg hafi talið stjórn bankans „kriminella“. Jeg hefi aldrei sagt, að bankastjórnin hafi framið nokkuð glæpsamlegt, þó að eitthvað slíkt kunni að hafa orðið hjá undirmanni hennar í bankanum. En þjóðin líður mikið fyrir fáfræði og bögubósalega stjórn á bankanum. Heimskan er ekki glæpur. En afleiðingar hennar eru oft þungbærar fyrir einstaklinga og þjóðir.

Andstæðingar mínir beita sjer fastlega á móti rannsókn á bankanum, en hafa lítið nema svívirðingarorð fram að bera því til andmæla, eins og komið hefir frá hv. 2. þm. S.-M. (SHK), og þó öllu ósæmilegar frá hv. 4. landsk. þm. (JM). Það er hart um þann hv. þm., sem lengst af hefir setið í bankaráði Íslandsbanka síðan 1917, — lent þar í mestu vandræðunum, og ber því siðferðislega ábyrgð á óförum bankans —, það er hart, segi jeg, að hann skuli hafa þá djörfung að koma hjer inn á þing, tala um þetta mál eins og hann hefir gert og bera fram niðrandi ummæli um stærsta flokk þingsins, fyrir að framfylgja sjálfsagðri kröfu þjóðarinnar. Fortíð þessa ræðumanns ætti að loka munni hans við umræður eins og þær, sem hjer fara fram.

Hverjir eru það, sem spilla mest fyrir Íslandsbanka? Þeir, sem mæltu á móti athugun á bankanum, sem ráðgert var að gera í kyrþey. Hinar löngu umræður um þetta mál eru þeim að kenna, sem vilja tálma rannsókninni, og nefni jeg þar til, meðal annara, hæstv. forsrh. (SE) og hv. 4. landsk. þm. (JM).

Sjóðþurð. Það er gott og blessað, þegar búið er að tapa miklu fje, þá eigi sökudólgarnir að vaða uppi með dýldnar skammir til þeirra, sem voga sjer að tala um stjórnleysið og glapræðin í rekstri almennra fyrirtækja. Jeg er ekki harðhjartaðri en hver annar. En það er næstum daglegur viðburður í hverju menningarlandi, að menn sjeu dregnir fyrir lög og dóm fyrir ávirðingar, sem þeir fremja, stundum í ölæði. Og slíkt mega mæður og námenni þeirra þola. Jeg veit, að hæstv. forsrh. (SE) er svo fær í skáldskap, að hann þekkir kvæðið Rispa eftir Tennyson.

Jeg hagaði varlega orðum um þetta mál í fyrri ræðu minni, enda veit jeg ekki einu sinni, hvaða maður það er í Íslandsbanka, sem valdur er að þessari sjóðþurð, og held það sje einmitt slæmt, að það hefir ekki komist upp, vegna þess manns, sem bar ábyrgðina formlega, en sem enginn getur sannað, að sje í raun og veru sekur.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. 4. landsk. þm. (JM) sje svo vel að sjer í bankafræði — þótt sagan gefi honum ef til vill ekki sem bestan vitnisburð í því efni — að hann sjái, að ef hluthafar bankans hefðu verið látnir bera ábyrgð á tapi bankans, þá hefði verið hægt að hafa vextina mun lægri nú. En það er sýnilegt, að verið er að reyna að bjarga hluthöfum bankans frá fjárhagslegum halla, með því að hafa vextina sem

hæsta. En það eru hluthafarnir, sem gegnum sína trúnaðarmenn bera ábyrgð á tapi bankans, enda mega vextirnir lengi vera háir, ef með þeim eingöngu á að vinna upp tjónið, en láta það að engu bitna á hluthöfunum.

Þá verð jeg að leiðrjetta það, sem hjer hefir verið sagt, að hv. þm. V.-Sk. (LH) hafi á fundi í Nd. haldið því fram, að hæstv. fjrh. (MagnJ) hefði ekki talið sig hafa haft aðgang að veðinu. En þetta mun ekki rjett hermt, heldur mun hann aðeins hafa átt við bækur bankans. Jeg vildi leiðrjetta þennan misskilning áður en hann fer lengra.

Þá er það sálfræðilegt atriði um málflutningsmenn, að þeim verði ant um skjólstæðinga sína. Hvort þetta er staðreynd, skal jeg ekki fullyrða, en þykir það mjög líklegt, að slík viðkynning geti skapað tiltrú. Jeg hefi raunar lítið átt við málfærslumenn um dagana, og get því ekki dæmt um þetta af eigin reynd. En jeg þekki það frá öðru sambærilegu. Mjer er t. d. vel við lækna, raunar alla, en þó sjerstaklega þá, sem jeg hefi leitað til og mjer hafa hjálpað í veikindum. Og lætur það að líkum, að svipað sje því farið með málfærslumennina. Og hafi svo málfærslumaður verið hjálplegur við það að stofna eitthvert fyrirtæki, þá er það ekki aðeins óeðlilegt, heldur gæti það talist miskunnarlaust að ganga mjög hart að því, ef í harðbakka slægi. Jeg held því, að hr. Eggert Claessen hafi hlotið að hafa föðurlegar tilfinningar gagnvart ýmsum af þeim fyrirtækjum, er nú skulda bankanum mikið. Þetta er eðlilegt, en ekki heppilegt frá almennu sjónarmiði. Faðir mundi t. d. eðlilega taka vægara á barni sínu en öðrum þeim, sem hann ætti jafnmiklar sakir við.

Oft er búið að taka það fram, að Tofte bankastjóri hafi ekki farið úr stöðu sinni í ónáð. Nei, það er öðru nær. Hann fekk 70 þús. kr. danskar til fararinnar, og verður því ekki annað sagt, en að landið hafi skilið vel við hann. Þá er í þessu sambandi verið að tala um það að landið verði að standa við gerða samninga. Auðvitað. Landið á að efna alla samninga við Íslandsbanka, en bankinn er undanþeginn því að efna samninga sína við landið.

Þá kem jeg að yfirfærslunum. Jeg býst ekki við, að nokkurn tíma hafi fjárhag Íslands verið verra gert til en þegar ávísanirnar voru látnar falla og bankinn stóð ekki við yfirfærslurnar. Það kom líka glögglega í ljós, hve mikið dálæti sumir hv. þm. hafa á Dönum, því svo virðist, sem dálítið af heiðurslaunum Tofte hafi verið þóknun, til þess að styggja ekki lánstraustið hjá dönsku mömmu. Hefi jeg áður vikið nokkuð að því atriði.

Jeg ætlaði ekki að fara að draga dána menn inn í þessar umræður. Og mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. forsrh. (SE) skyldi gera það. Ekki var heldur allur sannleikur sagður um afstöðu þessa látna heiðursmanns, forstjóra Sambandsins, til þessa máls, sem hæstv. forsrh. (SE) talaði um í dag. Það er raunar satt, að fyrir honum var það ekki aðalatriðið, með hvaða kjörum Tofte vjek úr bankastjórastöðunni, heldur hitt, að Íslandsbanka yrði sem fyrst komið í lag og nýtir menn yrðu fengnir til að veita honum forstöðu.

Þá mintist hæstv. forsrh. (SE) á það, að Tofte hefði verið stöðvaður á sinni braut og orðið að fara úr stöðu, sem hann hefði haft fulla ástæðu til að ætla, að hann mundi halda. En hver var það,

sem stöðvaði Íslandsbanka á sinni braut? Og Tofte hefði áreiðanlega ekki verið stöðvaður, ef hann hefði ekki fyrst verið búinn að stöðva bankann.

Jeg nefndi í þessu sambandi I. C. Christensen. Hann varð að líða fyrir það, sem samherjar hans gerðu rangt. Tofte varð að líða fyrir það, að hann og bankinn gerðu rangt. Og það minsta, sem hann gat gert, var það að hverfa úr stöðu sinni slyppur og snauður. Má minna enn á í því sambandi, að Landmandsbankastjórarnir leggja nú laun sín í það að endurgreiða tap bankans. Óneitanlega er þar dálítið annað en það, sem hjer er gert.

Þá var það veiting bankastjóraembættanna. Jeg efast ekki um, að það sje erfitt verk, enda hefir hæstv. stjórn gengið það æðiseinlega. Er meira en ár liðið frá því, að það var beinlínis formleg skylda, og þó ekki búið að veita embættin enn. Líklegast þætti mjer, að útnefningin kæmi ekki fyrri en við dyrnar hjá Sankti-Pjetri.

Þá kom það fram, að bankastjórinn í Íslandsbanka, sá, sem hluthafarnir kusu, væri mjög ánægður með hina settu meðstjórnendur sína. Því get jeg líka vel trúað; þeir eru myndarmenn og hluthafarnir hafa í rauninni sett þá sjálfir. En gallinn er sá, að þeir geta ekki eðlilega neytt sín til hálfs, á móts við það, ef þeir væru skipaðir.

Hæstv. forsrh. (SE) vjek líka að því, að mjer væri það óttaefni, ef hann yrði bankastjóri. Þann hugsanagang fæ jeg ekki skilið. Bæði er það, að jeg hefi lítið skift við Íslandsbanka hingað til, og býst við, að svo verði einnig eftirleiðis, og svo í annan stað geri jeg ekki ráð fyrir, að hann tæki ver á móti mjer en öðrum, og hygg yfirleitt, að hann mundi koma góðmannlega fram við viðskiftamenn bankans. Nei! Það, sem mjer finst óttalegt, er það, að ef hann, eftir að hann er búinn að taka við stjórninni til þess að bæta bankann, losna við bankastjórana með hneykslanlegum samningum, búinn að taka veitingarvaldið í sínar hendur með ráni og ofbeldi, og setja síðan menn í embættin, ef til vill missirum saman, þjóðinni til skaða, — ef hann, eftir alt þetta, ætlar sjer að fara inn í bankann með 25000 kr. launum, þá álít jeg, að slíkt sje pólitisk spilling á háu stigi. Jeg vona, að öllum skiljist, að það er ekki maðurinn, heldur aðferðin, sem jeg er að „kritisera". Jeg þekki hæstv. forsrh. (SE) sem meinhægan mann, og mjer þykir leitt, ef hann endar sína pólitisku braut á þennan hátt, með meiri háttar hneyksli. Og jeg veit, að honum muni þykja vel farið að fá tækifæri til þess nú að lýsa yfir því, að þetta sje ekki hans ætlun.

Þá mintist hann á, að jeg hefði búið mjer hæga sæng hjá kaupfjelögunum. Jeg bý við svipuð kjör og aðrir skólar bjóða, nema að það er hægt að segja mjer upp með dagsfyrirvara, og það sama get jeg gert. En það er mjer ekki kvíðaefni. Miklu fremur get jeg verið ánægður yfir því, að flokksbræður mínir kunna mjer þakkir fyrir starf mitt, og það eru ekki aðrir en andstæðingar mínir, sem eru óánægðir með mig, og verð jeg að segja, að jeg tek alt slíkt sem meðmæli. Öll hræðsla þeirra við samvinnuskólann stafar af því, að þeir vita, að jeg muni gera samvinnufjelögunum gagn, og það ekki lítið, ef marka á af hvalablæstri kaupmannanna. Líka get jeg gefið þær upplýsingar, að jeg hefi nokkrum sinnum líka átt kost á

smávegis vegtyllu og bitlingum fyrir þátttöku mína í stjórnmálalífinu. En jeg hefi ekki notað mjer það, og óska af heilum hug, að hæstv. forsrh. (SE) falli heldur ekki fyrir slíkum freistingum, og að hann taki aldrei að sjer störf, sem hann er miður fallinn til heldur en jeg að vinna fyrir samvinnufjelögin.

Um bankaumsjónarmanninn fyrirhugaða ætla jeg ekki að tala nema frá einni hlið. Jeg hefi nefnilega oft látið það í ljós, að jeg skildi ekki, hvað ræki þá stjórn, sem lætur standa opin tvö embættin við bankann, til þess að fara að stofna nýtt yfirembætti til að líta eftir þeim ófæddu. Mjer finst ofureinfalt mál að nota fyrst þessi tvö embætti og sjá svo til, hvort yfirmann þyrfti til að hafa umsjón og gætur á þeim, sem í þau væru skipaðir. Líka er það vanhugsað að ætlast til, að þessi bankaumsjónarmaður líti eftir sparisjóðunum úti um landið. Það má gera ráð fyrir, að roskinn maður eða fullorðinn verði látinn hafa þetta embætti á hendi, og þá engin leið að ætlast til, að hann geti lagt á sig öll þau ferðalög, sem slíkt yfirlit krefði. En úr því jeg er farinn að minnast á sparisjóðina, þá get jeg ekki látið það vera óvítt, að stjórnin skuli enn ekki hafa rannsakað sparisjóðinn á Eyrarbakka. Þar mun þó ekki vera alt með feldu, enda vilji þeirra, sem fyrir sjóðnum hafa staðið, að slík rannsókn fari fram. Og hvers vegna þá ekki að gera það og reyna svo að hjálpa honum? Má ekki rannsaka hann, fremur en fóstruna, hlutabankann?

Hæstv. forsrh. (SE) endaði á því, að tíminn væri orðinn svo naumur, að öll rannsókn á hag Íslandsbanka fyrir þinglok mundi reynast ókleif og árangurslaus. Það er gott að geta sagt þetta, eftir að búið er margsinnis að taka málið af dagskrá og tefja fyrir því á allan hátt. Fyrst verðum vjer að bíða í viku eftir því, að hæstv. forsrh. (SE) þóknaðist að kalla saman fund, og hverjir áttu sök á því, að þegar á fundinn kom, skyldi þriðji hluti þm. ganga af fundi og neita að taka þátt í friðsamlegum umræðum um málið? Jeg geri nú samt sem áður ráð fyrir, að verði nefnd kosin í báðum deildum, sem athugi fjárhag bankans, lán hans og þau veð, er að baki liggja, þá muni sú rannsókn ekki verða að minsta kosti ónákvæmari en sú, sem hv. þm. Dala (Bjarni Jónsson frá Vogi) gerði um bankann, sællar minningar.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), þá þarf jeg ekki að svara mörgu í henni, enda var hún aðallega sögulegs efnis og flest í henni samhljóða því, sem jeg hefi áður sagt. Það er ekki rjett, að jeg hafi talað um það, að mjer fyndist óeðlilegt, þótt landsmenn hefðu lagt kapp á að fá veltufje inn í landið, en hitt taldi jeg misráðið, að fá það ekki fremur að láni handa Landsbankanum. Og sannast að segja eru margar ræður í þingtíðindunum frá árunum 1899 og 1901 æðiógætilegar, þótt jeg geti sagt hæstv. atvrh. (KlJ) það til heiðurs, að þar er ekkert eftir hann, sem sýni gapaskap í þessum efnum, eða annað verra. Og jeg vil taka það fram, að ýmsir greindir menn, sem sátu þá á þingi, hafa játað, að þeir sjái eftir gálauslegri framkomu sinni í þessu alvörumáli.

Þá vil jeg snúa mjer næst að hv. 4. landsk. þm. (JM). Jeg hefði nú búist við betri ræðu frá hans hendi; bæði var hún sundurlaus, utan við efnið, og þar á ofan krydduð með ýmsum fáránlegum vitleysum. Hann leyfir sjer að kalla

það loddaraskap, þótt sumir þingmenn sjeu svo gerðir, að þeir vilji eitthvað vita um fjárhag stofnunar, sem hefir til umráða 10 milj. kr. frá ríkinu og þar á ofan um 7 milj. í seðlum, ekki síst þegar það er öllum kunnugt orðið, að þessi stofnun er þráfaldlega í megnustu vandræðum, eins og þegar enska lánið kom. Og ekki gat bankinn heldur í vetur komist af án þess að fá lán hjá Landsbankanum. Það er nokkurn veginn víst, að landið hefir aldrei, fyrir nje eftir daga Gissurar Þorvaldssonar, lánað einni stofnun jafnmikið fje. Því er það vægast sagt nokkuð mikil bíræfni að nefna það loddaraskap að vilja fá einhverja vitneskju um tryggginguna fyrir slíku láni. Mundu þeir ágætismenn, sem þing sátu fyrir aldamótin, Grímur Thomsen, Arnljótur Ólafsson, Magnús Stephensen, dr. J. Jónassen o. fl., hafa leyft sjer að fara niðrandi orðum um þá viðleitni, eins og þeir litu á fjárhag landsins?

Svo er talað um, að þetta sje gert til að nota málið undir kosningarnar. Jeg býst við, að undirtektirnar ráði mestu um það. Og verði málið felt hjer í kvöld, eins og gert var í Nd., finst mjer ekki ólíklegt, að einhversstaðar verði á það minst á kjörfundum. Og verði mál þetta kosningamál, mega þeir sjálfum sjer um það kenna, sem vefja vilja úlfhjeðni að höfði kjósendum um alt, sem snertir Íslandsbanka.

Þá var sami hv. þm. (JM) að dylgja um það, að jeg hefði talið mig mundu verða voldugan mjög eftir næstu kosn- Jeg hefi aldrei látið neitt í ljós um þetta. En mjer finst hjer vera farið svo laglega af stað á skáldskaparbrautinni, að vert væri, að hæstv. forsrh. (SE) ljeti ræðumann fá einhvern lítinn skáldastyrk, t. d. á borð við minstu söngnemana. Mjer finst þessi byrjun hans lofa svo góðu.

En hver verður svo útskýringin á tapi bankans og gróða? Og í hverju liggur það, að halli Landsbankans er svo miklu minni en Íslandsbanka?

Ætli það hefði ekki verið heppilegra, sem jeg stakk upp á 1916, að landið ætti bankann, og hagsmunir þess hefðu verið látnir vera í fyrirrúmi fyrir hagsmunum hluthafanna? En í stað þess eru hagsmunir hluthafanna látnir ráða, bæði með laun bankastjórnarinnar og enn fremur hvernig bankinn var rekinn.

Þá þótti mjer undarlegt, hve lítið hv. 4. landsk. þm. (JM) vildi gera úr tekjum bankaráðsmannanna, því að hann sagði, að í sinni tíð hefðu þær verið 1900 kr., sem þeir fengu allir. En mjer var kunnugt um, að sumir þeirra höfðu þó kringum 10 þús. Hefir hann því verið illa afskiftur, ef hann hefir ekki fengið meira en hann sagði. Annars reyndi hv. þm. (JM) ekki að hrekja það, að rjett væri, að fje þessu væri skilað aftur. Var slíks von af þessum hv. þm., því að hann er svo lærður í danskri pólitík, að hann veit, að fordæmi eru fyrir því þar.

Þá kom það fram, að Tofte bankastjóri hefði haft um árið 80 þús. króna tekjur, sem sje 20 þús. króna laun og 20 þús. í dýrtíðaruppbót, og auk þess 40 þús. kr. ágóðahluta. Og í tilefni af því vil jeg minna hæstv. forsrh. (SE) á, að hann á enn þá ósvarað fyrirspurn um það, hve mikil laun og ágóðahluti bankastjórnarinnar hafi verið öll stríðsárin; og jeg spurði af því, að jeg álít sjálfsagt, að því fje sje skilað aftur til stofn-

unarinnar. Er jeg því í fylsta máta óánægður yfir því, að hæstv. stjórn skuli ekki sjá sjer fært að svara fyrirspurn þessari, enda mun þessi dráttur stafa af óverjanlegu meðhaldi með hlut-höfunum.

Annars er óánægja þjóðarinnar mest yfir því að láta þetta útlenda gróðafjelag fara gálauslega með fje landsins. Og að tap bankans skuli ekki vera látið koma niður á hluthöfunum, heldur á þjóðinni sjálfri, með hinum geysiháu vöxtum, sem bankinn hefir tekið nú að undanförnu. Alveg hið sama á sjer nú stað í Danmörku; það er danska þjóðin, sem ber ábyrgð á því, sem Landmandsbankinn hefir tapað og tapar nú á næstu árum. Er því ekki djúpsæ bankaþekking hjá þessum mönnum, er altaf bera skjöldinn fyrir Íslandsbanka, því að ef rjett hefði verið að farið, þá ættu hluthafarnir að vera búnir að tapa af hlutum sínum í bankanum. En íslenska þjóðin ætti að hafa enska lánið til annars en að hjálpa gjaldþrota útvegsmönnum.

Jeg ætla ekki að vera með neinar dylgjur um hv. þm. Dala. (BJ), út af skýrslu hans, eins og hv. 4. landsk. þm. (JM) virtist vera, því að jeg er eindregið þeirrar skoðunar, að hún hafi verið gefin í góðri trú, en samin af dæmalausri fáfræði og skeytingarleysi. Annars var það gott, að það upplýstist, að hv. 4. landsk. þm. (JM), þáverandi forsætisráðherra, hefði beðið tvo menn um að rannsaka hag bankans, og að annar þeirra hefði ekki viljað gera það. Var verkið því framkvæmt af hv. þm. Dala. (BJ), og árangur þess var hin nafntogaða skýrsla. Er ekki annað að sjá, en hv. 4. landsk. þm. (JM) sje mjög ánægður með hana, þó að alment sje hlegið að henni og hún, eins og áður er sagt, sje eitt hið auðvirðilegasta þess háttar plagg, sem samið hefir verið í heiminum. Jafnvel sjálfur höfundurinn er farinn að verða efablandinn um ágæti hennar. Skal jeg því ekki vera að draga úr ánægju hv. þm.

Þá var skýrslan um töpin á togurunum dálítið undarleg, þar sem Íslandsbanki beit á agnið, þegar kaupendur voru búnir að sigla öllu í strand og borga út 3—4 hundruð þúsund fyrir hvern togara. En togararnir kostuðu 6—7 hundruð þúsund krónur hver, en standa nú í 200 þús. krónum. Er slíkt bankavit sem þetta sem betur fer ekki til hjá öðrum en hv. 4. landsk. þm. (JM) og hans líkum, svo og fyrverandi stjórn Íslandsbanka. Hefi jeg því alveg sömu skoðun á henni og hennar fyrverandi yfirmanni, hv. 4. landsk. þm. (JM), eins og hann segist hafa á fjárhagsnefndum þingsins og Framsóknarflokknum.

Þá er það athugandi, hve klóklega hluthafarnir hafa komið ár sinni fyrir borð, þegar skipulagsskrá bankans hefir verið samin. Fyrst og fremst með því að láta forsætisráðherra landsins vera formann í bankaráðinu, og láta hann jafnframt hafa bitling, og í öðru lagi með því að láta þrjá menn úr þinginu vera í bankaráðinu og láta þá einnig hafa bitlinga. Þessir menn eiga svo aftur vini og kunningja, sem fylgja þeim að málum, enda hefir sú raunin orðið á, að enginn af þessum bankaráðsmönnum, nema einn, hafa haldið sannfæringu sinni gegn bankanum; og gamlir bankaráðsmenn hafa meira að segja líka slegið á trumbuna og gengið inn í hringinn. Einnig fengu á fyrstu árum bankans ýmsir helstu menn landsins keypta hluti í bankanum. Sitja væntan-

lega einhverjir hjer inni, sem bergt hafa á þeim kaleik.

Af þessu öllu hefir aftur leitt það, að altaf hefir töluvert af broddborgurum landsins staðið eins og múrveggur kringum bankann. Verð jeg því að undirstrika það, að þetta fyrirkomulag hefir orðið að þjóðaróláni, sjerstaklega að því leyti, að hægt hefir verið að troða bitlingum upp á forsætisráðherra landsins, og jafnframt að hægt hefir verið að láta þau bein ná til sumra þingmannanna. Þess vegna eru þjóðarhagsmunirnir oft svo ljettir á metunum, þegar hluthafar eru annars vegar.

Þá vildi hv. 4. landsk. þm. (JM) bera brigður á, að það hefði spilt fyrir Landsbankanum, er Íslandsbanki hætti að innleysa seðla sína. En það vildi svo vel til, að jeg var þá staddur ytra, og hitti einn af bankastjórum Landsbankans, sem sagði mjer, að hann hefði verið kominn í samninga um lán fyrir bankann á Englandi, en það hefði alt farið út um þúfur, er Íslandsbanki gerði seðla sína óinnleysanlega.

Út í umræður um fjáraukalögin fyrir 1920 og 1921 skal jeg ekki fara nú, en er alveg hissa á, hve hv. 4. landsk. þm. (JM) er ánægður með sjálfan sig, og er því líklega tæplega gustuk að hrella hann með því að segja honum, að úti um land er lítil ánægja með sparsemi fyrverandi stjórnar, og jeg býst við, að hefði fyrverandi fjrh. (MG) einnig verið ánægður með hana, þá hefði hann lagt fjáraukalögin fyrir þingið í fyrra, en ekki látið geyma þau til þessa árs.

Þá var hv. 4. landsk. þm. (JM) ánægður með enska lánið, en gaf þó engar skýringar um þær 100 þús. kr., sem taldar eru hafa farið í milliliði.

Hvað snertir veðsetningu tollteknanna, þá er jeg, sem einn af eigendum „Tímans“, stoltur af því, að einn af helstu fjármálamönnum erlendrar þjóðar skuli hafa sagt, að þær hlytu að vera veðsettar, úr því að það stæði í Tímanum. En þá er um leið dreginn heiður af öðru dagblaði hjer í bænum, sem hjelt því sama fram.

Þá var það ekki rjett hjá hv. þm. (JM), að farið væri út fyrir efnið, þótt minst væri á enska lánið, því að það var tekið til þess að bjarga Íslandsbanka; er því full ástæða til, að þjóðin viiji fá að vita um tryggingarnar, sem bankinn hefir sett fyrir því.

Út af veðsetningu tollteknanna vil jeg benda hv. 4. landsk. þm. (JM) á eitt lítið dæmi. Setjum þá svo, að hann fari ofan í Landsbankann og vilji fá lán, en bankastjórnin segi: „Við lánum ekki“. En þá bjóði þingmaður húsið sitt í veð, og fái því lánið. Er húsið þá sem baktrygging fyrir láninu. Og getur þá hv. þm. (JM) fundist, að hann sje eins frjáls að gera með það hvað sem hann vill, eins og áður? Jeg segi nei. Alveg eins er með enska lánið. Tolltekjurnar voru settar sem baktrygging, af því að hin tryggingin þótti ekki nógu örugg. Það, sem því Englendingar meintu, var það að geta gengið að tolltekjunum, ef vanskil yrðu á greiðslum.

Það var gott hjá hv. þm. (JM), er hann mintist á þá gulu, og hann var ánægður með, að hafa sett þjóð sína á bekk með þeim. En jeg fyrir mitt leyti vildi heldur vera eins og við vorum 1917, en vera kominn í slíkt öngþveiti, sem við erum nú komnir í út úr enska láninu. Því að jeg hefi aldrei haft neina sjerstaka aðdáun á fullveldinu, og allra

síst eftir að þetta enska plagg kom til sögunnar, sem fjötrar þjóðina með þungum hlekkjum.

Þé fór hv. þm. (JM) hörðum orðum um einkafundinn, og skil jeg það vel frá hans sjónarmiði, því að hann og hans fylgifiskar vilja helst ekkert láta þjóðina vita um Íslandsbanka, eða hvernig honum er stjórnað.

Jeg skrifaði niður hjá mjer setningu úr ræðu hv. 4. landsk. þm. (JM), þar sem hann segir, að enginn Framsóknarmanna hafi hið minsta vit á þessu máli. Ætla jeg mjer eigi að deila við hv. þm. um það atriði, en jeg mun á sínum tíma skjóta því undir dóm þjóðarinnar, og mun jeg óhræddur bíða þess dóms. Annars skal jeg taka það fram, að jeg tek þetta eigi illa upp fyrir hv. 4. landsk. þm. (JM). Geðsmunirnir hafa hlaupið með hann í gönur, þótt hann sje vanur að vera rólegur. En svo er um fleiri hv. andstæðinga mína í þessu máli. Hafa sumir þeirra komið með skáldlegar langlokur, en aðrir með ofstækisfullar meinlokur; en jeg get sagt hið sama um það og jeg sagði um hv. 2. þm. S.-M. (SHK), — það er batamerki, sprottið af því, að mönnum þessum er það ljóst, að þeir eru á rangri leið. Samviskan er að byrja að gera þeim aðvart. Er þetta komið af því, að samviskan bítur þá. Fer þeim eins og sagt er um vissan flokk kvenna — sem sje óbyrjur —, að þær þola eigi að sjá börn kynsystra sinna.

Annars er gleðilegt að heyra, að einn ákveðinn maður hefir orðið til þess að taka á sínar herðar ábyrgð á 40 þúsund króna launum til eins bankastjóra Íslandsbanka, og annar hefir tekið á sig ábyrgðina á 25 þús. króna launum til tveggja bankastjóranna.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) heldur því fram, að jeg vilji eyðileggja Íslandsbanka. En ætli hv. þm. haldi því fram, að Politiken vilji eyðileggja Landmandsbankann? Danska þjóðin er öll sammála um það að bjarga bankanum. Og jeg verð að halda því fram, að Frmsóknarflokkurinn hafi átt sinn þátt í tilraununum til að bjarga Íslandsbanka með enska láninu. En hitt vildi flokkurinn, að skipaðir væru í bankastjórastöðurnar fastir menn til að gæta þjóðarhagsmunanna. Hvað því viðvíkur, að jeg vilji eyðileggja bankann, þá get jeg látið mjer þær aðdróttanir í ljettu rúmi liggja. Enda veit jeg, að sumir andstæðingar vor tillögumanna munu skilja, að við viljum fá að vita ástæður bankans, til þess að ganga úr skugga um, hvort og hvernig hægt er að bjarga honum, og þá um leið að gera hann innlendan. Jeg hefi frá því fyrsta að jeg kynti mjer þennan banka verið andvígur hluthafapólitík hans. Sá jeg strax, að slík pólitík mundi hafa hina mestu fjármálaspillingu í för með sjer. Fyrv. landshöfðingi Magnús Stephensen komst svo viturlega að orði, er um stofnun Íslandsbanka var að ræða, að hægara væri að leiða asnann inn í herbúðirnar en út úr þeim, og átti hann þar við hluthafana.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) talaði um það, að sjer hefði verið borið á brýn, að hann hefði dregið taum sinna sambandsmanna í pólitík. Jeg ætla mjer eigi að fara út í þá sálma að sinni; mun máske gera það á sínum tíma og þá annarsstaðar. En þó vildi jeg aðeins minna hv. þm. á það, að í ráðherratíð hans var lögreglustjóraembættið veitt einum af skrifstofustjórum stjórnarráðsins, en gengið fram hjá Magnúsi

Torfasyni, enda þótt hann væri eldri embættismaður. Enn fremur mætti minna á veitingu Húnavatnssýslu, þar sem gengið var fram hjá Böðvari Bjarkan. Álít jeg, að sá, sem embættið hlaut, hafi einungis fengið það fyrir kunningsskapar og venslasakir við þáverandi ráðherra, núverandi 4. landsk. þm. (JM). Minnist jeg á þetta aðeins sem dæmi, af því að hv. þm. fór að tala um þetta atriði.

Hvað viðvíkur enska láninu, þá hefir hv. þm. (JM) viðurkent, að trygging bankans sje lítil, eigi meiri að nafnverði en skuldin sjálf. Hafi fjármálaráðherra aukið við tryggginguna 2 milj. kr. Er lánið því tryggara nú en þá, er það var tekið, þó að tryggingin sje enn þá of lítil, því það verður að gera ráð fyrir, að tryggingin sje eigi skoðuð jafngóð og gulltrygging.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. G.-K. (BK). Hann var aðallega að svara hv. 2. þm. Eyf. (EÁ). Kom það sjerstaklega fram í ræðu hans, að honum væri í nöp við fundarályktanir utan af landi um það að athuga veð Íslandsbanka fyrir enska láninu og hag bankans yfirleitt. Skildist mjer á honum, sem hann kendi Tímanum um þessar ályktanir. Álítur hann, engu síður en hv. 4. landsk. þm. (JM), að Tíminn sje það stórveldi hjer á landi, að jafnvel bestu menn Dana dæmi þjóðina og íslensk mál eftir því, sem blaðið segir. Jeg verð að vera svo lítillátur að álíta þetta, því miður, ofmælt. Held jeg, að óttinn sje af öðru sprottinn þjóðinni allri er kunnugt um skakkaföll bankans nú á síðustu tímum og það, hversu erfitt hann hefir átt með að yfirfæra fyrir menn. Það er þess vegna, sem þjóðin nú heimtar rannsókn á bankanum. Þjóðin er ekki eins vitlaus og hv. þm. halda, þótt þeir segi það eigi á þingmálafundunum.

Þá fór hv. þm. (BK) ekki rjett með eitt lítilfjörlegt atriði viðvíkjandi stofnun Íslandsbanka. Jeg sagði sögu málsins á þingi 1899—1901, þegar málið gekk í gegnum Nd. Tók jeg þá fram, að hv. þm. (BK) hefði átt sæti á þingi 1901 og verið í þeirri nefnd, er fjallaði um málið, en að þeir Tryggvi Gunnarsson og Lárus H. Bjarnason hafi verið í minni hluta nefndarinnar. Þetta er sannleikurinn. Þm. er einn af feðrum bankans. Auk þess hefir hann ef til vill átt einhvern þátt í undirbúningi málsins utan þings; en jeg sagði ekkert um það. Annars virtist hv. þm. (BK) mjög hróðugur af því að hafa verið með í stofnun Íslandsbanka. Skal jeg eigi hafa af honum þann heiður. En undarlegt er það, að fáir aðrir en hann af öllum þeim, sem studdu þetta mál á þingi 1899, eru montnir af því. Enda var, með því að veita þannig útlendu hlutafjelagi einkarjett til seðlaútgáfu, tilraun gerð til þess að drepa Landsbankann. Hæstv. atvrh. (KlJ) reyndi að afsaka þetta með því, að hin mestu peningavandræði hefðu verið í landinu um þessar mundir. En sumir af stofnendunum, og það hinir greindari, hafa nú viðurkent, að þeim hafi yfirsjest í máli þessu.

Þá játaði hv. þm. (BK), að hlutabrjef Íslandsbanka væru nú eigi í hærra verði en 50 kr. Er það alveg rjett. Hefir hann í því efni farið eftir kauphallarverði erlendis, sem er heimsdómur um það atriði. Er hann þar í ósamræmi við hæstv. forsrh. (SE), sem vildi aðallega leggja upp úr matinu á brjefunum.

Þá sagði hv. þm. (BK) til lofs þeim mönnum í matsnefndinni, sem hluthafarnir tilnefndu, að hann hefði eigi getað

sjeð neinn mun á þeim og sjer. En menn mega þá spyrja, hvort hluthafarnir hafa þá gleymt sjer eða hann. Hv. þm. (BK) mun nú sakir aldurs mjög aftur farið, og er því eigi ósennilegt, að hann hafi getað flaskað nú eins og þegar hann var yngri. Á jeg þar við útreikninga hans á símanum hjer áður, er hann lagði fyrir þingið. Sagði hv. þm. (BK), að síminn yrði algert rothögg á fjárhag landsins, og að þeirri niðurstöðu komst hann eftir „vísindalegan útreikning". Það mat, sem hv. þm. (BK) gerði þá á símanum, hefir nú eigi reynst alls kostar rjett, þar sem síminn er mikil tekjulind fyrir landið, en þó gerði hann þennan útreikning sinn á besta aldri. Og hvað mun þá um vinnuafrek hans nú?

Hv. þm. (BK) sagði, að jeg hefði sveigt að hagstofustjóranum um hlutdrægni í matsnefndinni. Jeg sagði aðeins, að það væri óheppilegt, að hann skyldi hafa þurft að meta skuldir togaranna, þar sem að þeim standa ýmsir vandamenn hans. Býst jeg við, að margir muni mjer samdóma um það.

Jeg skal taka það fram, að það, sem er aðalatriðið fyrir mjer í máli þessu, er það, að bankinn gekk illa undir stjórn hluthafanna, og hefir með því aukið þjóðinni vandræði. Og þar sem þjóðin hefir gert mjög mikið fyrir þennan banka, tekið lán með blóðugum kjörum til þess að hjálpa bankanum, Landsbankinn lánað honum fje og einn af ráðherrunum hjálpað til þess að útvega lán erlendis handa honum, þá álít jeg, að eigi sje hægt að heimta það, að stofnun þessi sje álitin svo heilög, að lánardrottinn hennar — sem sje þjóðin — megi eigi sjá, hvernig ástand hennar er. Og fram undan vakir hjá mjer sú hugsjón, að komandi kynslóðir sjái, hversu óheppilegt þetta hluthafafyrirkomulag er, svo að bankanum verði einnig stjórnað með hagsmuni alþjóðar fyrir augum. Vil jeg eigi, að það þurfi að koma fyrir, að duglegur og vel gefinn maður — eins og hr. Eggert Claessen — segi, að lággengi íslenskrar krónu komi bankanum eigi við, aðeins af því, að hann er fyrir hluthafana, en ekki fyrir þjóðina. Ef það eigi að lagast, þá verði landssjóður að laga það. Þjóðin hefir lagt 7 miljónir í þennan banka, en þó er sagt, að bankanum komi lággengið eigi við. Hann þurfi eigi annað en að hugsa um sig. Við Framsóknarmenn álítum þetta mál þýðingarmesta mál fyrir þjóðina, en við getum talað um það rólegir og látum oss illyrði andstæðinganna engu skifta. Við höfum ljósan og sterkan málstað, og getum því látið okkur á sama standa, þótt við sjeum ausnir auri. Æst lund er altaf samfara slæmum málstað, og við kennum í brjósti um þá menn, sem svo er ástatt fyrir.

Af því að jeg er dauður í máli þessu, er jeg hefi lokið ræðu þessari, þá skal jeg taka það fram, að ef hv. 2. þm. S.-M. (SHK) hefir sjeð ástæðu til að líta eftir því, að mjer yrði máls varnað, þá mun jeg lítt hirða um, hvað hann segir um mig. Jeg mun svara honum á öðrum vettvangi. Jeg er búinn að ganga svo frá þessum hv. þm. (SHK), að jeg býst eigi við, að hann þurfi meira í bráðina. Hann fór í fyrstu mörgum og stórum orðum um bankarannsóknina, sagði að hún væri glæpsamleg. En jeg mundi afstöðu hans í bankamálinu 1909, þegar hann studdi stjórnina sem mest í hvellinum út af Landsbankanum. Og á þingi 1911 talaði hann mjög fagurlega um

framkomu stjórnarinnar í því máli og varði gerðir hennar með hnúum og hnefum. Talaði hann í því sambandi um tyllidag og hátíðisdag, þegar Tryggvi Gunnarsson og gæslustjórarnir voru reknir frá bankanum. Lýsir það nokkuð bardagaaðferðinni, þegar maður með slíka fortíð kemur fram og stimplar sem glæpamenn alla þá, sem vilja athuga ástæður Íslandsbanka nú. Er það sama bardagaaðferð og hjá hv. 4. landsk. þm. (JM), þegar hann er að hæla sjer fyrir sparnað, eftir að út eru komnir landsreikningarnir 1920—1921. Jeg öfunda eigi þann málstað, er þarf þessara vandræðameðala við. En jeg sætti mig við atkvæðagreiðsluna í kvöld, því jeg vil heldur tapa rjettu máli en vinna rangt mál. Jeg þarf hvorki að vera æstur í máli þessu nje skáldlega yfirspentur. Jeg treysti málstaðnum, og það er aðalatriðið fyrir mjer.

Halldór Steinsson: Hv. 5. landsk. þm. (JJ) gat þess í lok ræðu sinnar, að hann væri dauður og gæti því eigi borið hönd fyrir höfuð sjer. En jeg skal sem forseti lofa hv. þm. (JJ) því, að hann skal fá að gera athugasemdir sínar á eftir, ef hann vill.

Það voru tvær smásendingar, sem hv. þm. (JJ) sendi mjer og jeg get ekki látið ósvarað. Var önnur þeirra til mín sem þm. Snæf., út af leynifundi í sameinuðu þingi, en hin til mín sem forseta þessarar hv. deildar. Hv. þm. (JJ) mintist á leynifund þann, sem haldinn var í Sþ., og hjelt því fram, að jeg hefði verið forsprakkinn í því að andmæla þessum fundi.

Það hefir því miður einstöku sinnum komið fyrir hjer á þingi, að kvisast hefir um leynifundi, en hitt mun þó vera eins dæmi í þingsögunni, að þingmaður hafi opinberlega skýrt frá slíkum fundi. Er það algert brot á öllum þingvenjum, auk þess sem það stríðir á móti almennri meðvitund manna um þagnarskylduna. En þar sem hv. þm. (JJ) hefir nú opinberað þennan leynifund, þá álít jeg, að þar með sje þagnarskyldu minni lokið. Jeg ætla mjer því að skýra frá þessum fundi, og þó nokkuð á annan veg en hv. 5. landsk. þm. (JJ).

Hv. 4. landsk. þm. (JM) hefir að vísu tekið fram ýmislegt um þetta mál, en jeg vildi þó leyfa mjer að skýra það nokkru nánar. Fundurinn var boðaður af forseta Sþ., eftir tilmælum frá Framsóknarmönnum. Var það látið fara með mestu leynd, hvert tilefni til fundarins væri, og var það í mesta máta ókurteist og óþinglegt. Þegar á fundinn kom, tók einn af Framsóknarmönnum upp blað og las upp af því ályktun um gagngerða rannsókn á Íslandsbanka. Var ætlast til, að gerð væri ályktun um málið áður en fundi væri slitið. Er það í mesta máta ónærgætið og ókurteist að koma með slíkt fram fyrir þingmenn, án þess að hafa gefið þeim nokkurn kost á því að undirbúa sig og athuga málið.

Á þeim grundvelli mótmælti jeg fundinum og gat þess um leið, að ef Framsóknarflokkurinn vildi hafa tal af okkur, þá ættum við heimtingu á, að okkur væri boðaður fundur með nokkrum fyrirvara og fundarefni tilkynt. Þannig er sagan rjett sögð.

Þá dróttaði sami hv. þm. (JJ) því að mjer, að jeg hafi tafið um of gang þessarar þáltill., sem nú er til umræðu. Þetta lýsi jeg tilhæfulaus ósannindi. Till. var tekin svo fljótt sem unt var á dagskrá. Að vísu var hún aftur tekin

af dagskrá, en til þess lágu ástæður, er jeg, sem forseti í þessari hv. deild, hlaut að taka til greina.

Jeg þori óhræddur að leggja það undir dóm hv. deildarmanna, jafnvel líka hv. 5. landsk. þm. (JJ), að það er ekki jeg, sem hefi tafið gang mála hjer í þessari hv. deild á þessu þingi, nema ef vera skyldi með því, að jeg hefi látið hv. 5. landsk. þm. (JJ) haldast uppi óátalið að flytja allar sínar mörgu og löngu, en óþörfu og leiðinlegu ræður.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Það er dálítið eftirtektarvert, að þegar menn eru hjer í deildinni að reyna til þess að verja lánstraust landsins, með því að bægja frá Íslandsbanka ósæmilegum ófrægingaraðdróttunum, m. a. aðdróttunum um það, að eitthvað líkt muni vera ástatt fyrir honum eins og var um Landmandsbankann, — en allir vita, að þar var um svik að ræða í reikningi bankans —, þá lætur hv. 5. landsk. þm. (JJ) svo, sem andmælendur hans sjeu málafærslumenn bankans. Enn þá hefir hann ekki beinlínis sagt, að þeir vinni fyrir kaupi hjá bankanum, en búast má við því, að það verði næsta sporið. Jeg ætla mjer því að taka það fram í eitt skifti fyrir öll, að jeg er algerlega óháður Íslandsbanka. Jeg er svo óheppinn, að jeg á ekkert hlutabrjef í honum, en jeg er jafnframt svo heppinn, að jeg skulda þar ekkert og er ekki heldur í ábyrgð fyrir neinu láni þar.

Það er heldur ekki lengra síðan en í fyrra, en þess minnist hv. 5. landsk. þm. (JJ) náttúrlega ekki, að jeg vítti það, að Íslandsbanki hefði hærri vexti en Landsbankinn. Ársarðurinn 1921 var mjög mikill, og jeg hjelt því fram, að bankinn flýtti sjer um of að því að vinna upp tapið, og skoraði á fjármálaráðherra að skerast í leikinn. Bankanum er þó mikil vorkunn í þessu efni, í þeim rógi, er hann hefir verið borinn. Það er ekki svo undarlegt, þó að bankastjórnin hafi rógsins vegna orðið dálítið „nervös“ og viljað ná peningunum inn aftur sem fyrst. Það eru því þeir menn, sem mest hafa ofsótt bankann, sem þetta er fyrst og fremst að kenna, og þá líklega ekki hvað síst hv. 5. landsk. þm. (JJ).

Hann hefir nú haldið fjórar ræður um ósamræmi í framkomu minni árið 1911 og nú í þessu bankarannsóknarmáli. Jeg má til með að rifja upp, hvernig þá var ástatt. Um hina upphaflegu bankarannsókn 1909 vissi jeg ekkert fyr en hún var afgerð. Menn muna, hvílík læti þessi rannsókn vakti úti um land, og dómarnir um aðfarir þáverandi ráðherra voru afarharðir. Hins vegar kom skýrsla frá rannsóknarnefndinni, sem sýndi, að ekki var alt með feldu, og hinir tveir bankastjórar, sem sendir voru þá hingað frá Landmandsbankanum, gáfu þá yfirlýsingu, að svo framarlega sem þeir tveir þáverandi gæslustjórar bankans yrðu settir inn í embættið aftur, myndu þeir leggja það til við banka sinn, Landmandsbankann, að hann hætti að skifta við Landsbankann.

Jeg ætla ekki að halda langa ræðu um þetta atriði, og síst að hallmæla gæslustjórunum, en sem ritstjóri hafði jeg þá fullan rjett til að biðja menn að fara varlega og dæma ekki þáverandi ráðherra of hart.

En hvað skeður á þinginu 1911? Það var strax ljóst, að þáverandi ráðherra hafði minni hluta þings með þessum ráðstöfunum sínum. Og þá var skipuð rannsóknarnefnd, ekki á bankann, held-

ur á ráðherrann, hvort þessar ráðstafanir hans, að láta rannsaka Landsbankann, hafi verið rjettmætar. Till. hjer að lútandi var samþykt í báðum deildum þingsins, hjer í Ed. með 11:2 atkv., og var annað þessara tveggja mitt atkv. Jeg var þar í minni hluta, og var ræða sú, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) las kafla úr í dag, flutt í tilefni af þessari rannsókn, sem var skipuð í samræmi við núgildandi 35. gr. stjórnskrárinnar. Jeg átti sæti í þessari rannsóknarnefnd hjer í Ed. og var þar einn í minni hluta móti fjórum. Jeg ætla ekki að fara lengra út í þetta mál, en mig langar þó til að lesa 2—3 línur upp úr nefndaráliti mínu þá, sem sýna, hvernig jeg leit á starf þessarar rannsóknarnefndar. Þær hljóða svo:

„Enda lít jeg svo á, sem allri þessari svo nefndu „rannsókn" hafi verið hagað þann veg, að kent hafi meiri hlutdrægni en sæmd þingsins sje samboðið, að því leyti, sem „rannsóknin" hefir ekki verið einber hjegómi".

Þetta var vottanlega minn dómur um þessa rannsóknarnefnd, og fæ jeg ekki sjeð, að mikið ósamræmi sje í því, þótt jeg hafi enga tröllatrú á nefnd þeirri, sem nú á að skipa — fremur en öðrum pólitiskum rannsóknarnefndum — og sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) ætlar að troða sjer í. (JJ: Jeg var að tala um sjálfa bankarannsóknarnefndina 1909). Jeg hefi margtekið fram, að í henni átti jeg enga hlutdeild.

Annars verð jeg að bera fram dálítið þakkarávarp til hv. 5. landsk. þm. (JJ), og er það ekki oft, sem mjer finst ástæða til þess. Flest af því, sem jeg hefi lesið eftir hann, hefi jeg lesið með ógeði. Nú er jeg alveg hættur að leggja slíkt á mig. Og ræðurnar, sem hann hefir flutt hjer í þinginu, þær hefi jeg hlustað á með leiðindum. Og þá eru frumvörpin hans hjerna í deildinni; þessi andvana fæddu, ófullburða og vansköpuðu afkvæmi höfundarins, sem deildin hefir verið að hjálpa upp á líkvagninn, svona einu eða tveimur á viku. Lítið get jeg þakkað fyrir þau. Nei, en jeg vil þó þakka honum fyrir síðustuna ræðuna hans. Ekki af því, að hún væri beinlínis skemtileg; langt frá því. Jeg býst við, að aðalskemtunin hafi verið fyrir höfundinn sjálfan, þegar hann var að lesa upp gamlar greinar úr Suðurlandi eftir sjálfan sig. En það, sem mjer finst þakkarvert, er, að með þessari ræðu sinni sannaði hann langflest af því, sem jeg hafði haldið fram í síðustu ræðu minni; sannaði það svo átakanlega og eftirminnilega, að jeg get vísað þangað hv. frsm. (EÁ), sem hjelt, að jeg hefði farið of þungum orðum um hvatir þeirra manna og athæfi, sem mestu hafa ráðið um þessa síðustu ofsókn á bankann. Nú verður fyrri ræða mín og ræða hv. 5. landsk. þm. (JJ) bundnar inn í sömu bókina og fylgjast þar að, meðan hægt verður að lesa á pappírinn, sem þær eru prentaðar á, haldast nærri því í hendur, eins og tvær góðar vinkonur, — og stærri og fyrirferðarmeiri vinkonan sannar og rjettlætir það, sem sú fyrri sagði.

Það þarf ekki framar vitnanna við. En mjer þætti gaman, í þessu sambandi, að minnast á spánný ummæli í síðasta tölublaði málgagns Framsóknarflokksins þar er því haldið fram um þennan eina af flokksmönnum Framsóknar-

flokksins, sem gerðist sá drengur, að hann neitaði að flytja með þeim þessa ofsóknartillögu á bankann, að hann hafi eigi síður verið gunnreifur í máli þessu en kjósendur hans. Hann hefir nú sýnt það best með framkomu sinni, hversu gunnreifur hann var, og ætli kjósendunum hafi ekki verið svipað farið? Þetta hefir líklega farið einhvern veginn milli mála hjá þeim, sem ritar í blaðið. Það voru víst hinir fulltrúar Framsóknarflokksins, sem voru gunnreifir, eftir að þeir höfðu tekið á móti bendingunum og fyrirskipununum hjeðan úr Reykjavík og er það ekki einmitt það, sem jeg sagði í síðustu ræðu minni, að það voru þeir sjálfir, sem túlkuðu þessar tillögur fyrir kjósendum sínum og voru hreyknir af þessari tálbeitu, sem þeir höfðu lagt fyrir þá? En jeg er ekki alveg viss um, að þeir verði eins gunnreifir, þegar mál þetta er útrætt með þjóðinni. Hingað til hafa þeir að mestu fengið að tala einir. En jeg vona, að svo verði ekki fyrst um sinn hjer eftir. Og svo mikið traust hefi jeg á viti og dómgreind þessarar þjóðar, að hún átti sig á því, að það er ekki gæfuvegur fyrir hana og viðskiftalíf hennar að ofsækja þær lánsstofnanir, sem lánstraust og viðskiftatraust hennar. er bundið við, bæði heima og erlendis.

Jeg veit það reyndar vel, að það er eitt, sem fær flm. þessarar þáltill. nokkurrar gleði og gerir þá ef til vill gunnreifari í bráð. Og hvað haldið þið að það sje? Gleðiefnið er dálítið skrítið og skemtilegt. Jeg skal ekki draga ykkur alt of lengi á svarinu. Það er það, að till. sjálfra þeirra verði strádrepin í báðum deilum þingsins. Því vitanlega var aldrei sá tilgangurinn að fá hana samþykta, heldur sá, að fá hana felda. Með því telja foringjarnir opna leið til að halda tortrygninni gegn bankanum áfram. Þá geta þeir sagt við kjósendurna: „Þetta, sem við sögðum ykkur, að þið skylduð skipa okkur, og sem við þess vegna reyndum að gera, það vildi þingið ekki gera. Þarna sjáið þið. Á meðan þið sendið ekki nógu marga Framsóknarmenn á þing, þá verður fyrirskipunum ykkar ekki hlýtt". — Því alt er þetta kosningabeita og valdastrit.

Jeg vil nú ekki segja mig betri mann en jeg er. Jeg hefi haft sterka löngun til þess að samþykkja þessa till. Framsóknarflokksmanna. Jeg hefði haft dálítið gaman af því að lofa þeim að látast vera að rannsaka og finna ekki neitt annað en þetta, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) setur saman við skrifborðið sitt, án þess að rannsaka nokkurn skapaðan hlut. Ófrægingarnar yrðu þá hvorki meiri nje verri en þær voru áður.

Ef þetta væri algerlega innlent mál, eins og t. d. brúargerð, ef það væri ekki svo afskaplega fjötrað við alt viðskiftalíf landsins, þá skyldi jeg leyfa hv. 5. landsk. þm. (JJ) að fara niður í banka og rannsaka, og gæti jeg brosað að honum um leið.

En jeg hefi í fyrri ræðu minni gert grein fyrir því, hvers vegna þetta er ógerningur og hvaða álitshnekki það mundi baka þjóðinni út á við og öllu viðskiftalífi hennar. Þær ástæður þarf jeg ekki að endurtaka. Ætla ekki að haga mjer í því efni eins og hv. 5. landsk. þm. (JJ).

Er það ekki dálítið sjerkennilegt og getur það ekki opnað augu manna, að þessir menn, sem hugsa og tala eins og hv. 5. landsk. þm. (JJ), vilja ekkert um bankann vita,nema ilt eitt? Þeir þykjast ekkert vita og ekkert geta fengið að

vita. Gátu þeir ekki, ef þeir vildu, beðið stjórnina um skýrslu um ástand bankans? Gátu þeir ekki spurt sína eigin stjórn, sinn eigin fjármálaráðherra, sem var flokksbróðir þeirra? Trúir því nokkur, að flokksforingjarnir hafi trúað því sjálfir, að þeir gætu ekki fengið hjá honum upplýsingar, sem allir þingmenn meira að segja geta fengið. Tveir bankastjórarnir voru líka settir af þeirra eigin stjórn.

Þeir hafa haft Móse og spámennina. Hvers vegna vildu þeir ekki nota sjer það?

Jeg skal ekki fara langt út í það að tala um gengisfall og dýrtíð. Jeg er enginn þjóðhagsfræðingur, og mjer finst það ekki vera speki, sem um þetta hefir verið sagt hjer í þinginu, sem tæplega er heldur von. Eftir 1919 fara atvinnuvegirnir að tapa svo tugum miljóna skiftir. Á þessum tíma höfum við þurft að fá lífsnauðsynjar okkar og við höfum þurft að halda við þeim atvinnuvegum, sem fyrir voru, en illa báru sig, svo að alt hryndi ekki í kaldakol, en jafnframt hefir þess gætt, að þjóðin hefir ekki á þessum tíma, fremur en á undan styrjöldinni, haft nægilegt veltufje, sem hún þurfti til atvinnuvega sinna.

Gengið hefir orðið lágt af því, að við gátum ekki flutt út nógu mikið verðmæti í skarðið fyrir tapi og lífsnauðsynjum sjálfra okkar og atvinnuveganna. Að kenna Íslandsbanka um þetta er ekki annað en haugavitleysa og argasta fjarstæða. Dýrtíðin er líka alheimsfyrirbrigði, og það er jafnfráleitt að heimta af Íslandsbanka, að hann lækni hana, eins og af þinginu. En við getum að minsta kosti látið vera að vinna hermdarverk, eins og það væri að samþykkja þessa tillögu. Það er eitt af því glæpsamlega í þessari ofsókn, að vera að telja þjóðinni trú um, að Íslandsbanka sje um þetta alt að kenna. Þótt Íslandsbanka væri rutt úr vegi, þá hækkar ekki gengið fyrir það, en það mundi fremur stórfalla. Jeg get ekki betur sjeð en það sje glæpur gegn þjóðinni, að vera að reyna að villa henni sýn um þetta, eins og það er glæpur að hengja bakarann fyrir það, sem smiðurinn gerði. Upp af ösku Íslandsbanka getur enginn Phönix risið.

Mjer fanst hv. flm. (E. Á.) vilja tala sanngjarnlega um það, að nauðsyn væri á því, að kveða niður vantraustið til Íslandsbanka. Það er gleðilegt, en benda vil jeg á það, að það var talið ljettara að vekja upp drauga en að kveða þá niður. En ráðið til að kveða niður þetta vantraust er ekki það, að senda fjendur bankans inn í hann, heldur hitt, að kveða niður þá blekbullara,málrófsmenn og kjaftaskúma, sem einlægt eru að reyna til að vekja vantraust á bankanum. Ef það tækist, þá ætti að halda þjóðhátíð í þessu landi.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var í líku sambandi að tala um nauðsynina á því, að „skera í sjúkdóminn". En nú eru þeir æðimargir í þessu landi, sem líta svo á, að hann sje sjálfur eitt af lakari pestarkýlunum á þjóðfjelagi okkar. Fyrir það held jeg ekki, að það væri ráðlegt að brúka við hann hnífinn. Jeg vil beinlínis alvarlega ráða frá því, og jeg vona, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) taki mjer það ekki illa upp. Því miður er ekki hægt að lækna alla sjúkdóma með því að skera í þá. En menn eru farnir að reyna nýjar aðferðir, sem eru í mikilli tísku.

Við ýmsa þessa sjúkdóma eru menn farnir að reyna geislalækningar. Jeg hefi ekki trú á, að önnur lækningaaðferð væri hentugri við hv. 5. landsk. þm. (JJ), en að brúka við hann góða geisla, geisla vitsins, þekkingarinnar og sannleikans.

Jón Magnússon: Jeg gæti nú haft ástæðu til þess, eða jafnvel tilhneigingu, engu síður en sumir aðrir, að halda svo sem tveggja tíma ræðu. En jeg held, að jeg verði að hlífa deildarm. við slíku, enda munu þeir vera búnir að fá meira en nóg af því að hlusta á hv. 5. landsk. þm. (JJ). Það er heldur ekki ástæða til þess að fara langt út í ræðu hans, því síðari ræða hans var að mestu leyti endurtekning og útþynning á fyrri ræðunni. Hann var að ásaka mig um það, að ræða mín hefði verið sundurlaus. En mín ræða var alveg eins og hans eigin ræða gaf tilefni til, því hún var svar við henni að nokkru leyti, lið fyrir lið. Jeg skal nú aftur taka stuttlega til athugunar nokkur atriði úr seinni ræðu hans, sem mjer þykir helst ástæða til.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að tala um það,að við ættum að hafa það eins og Danir, í þessu máli, við ættum að láta rannsaka eins og Danir, við ættum að gera alvarlegar ráðstafanir eins og Danir. Þetta er nú sagt annað veifið, en hitt veifið er altaf verið að fjargviðrast út af því, að alt of mikið sje hjer farið eftir því, sem Danir vilji og Danir geri. En sannleikurinn er nú sá um Dani í þessu máli, að aðrar þjóðir eru yfirleitt ekkert hrifnir af framkomu þeirra í því. T. d. er það í einu helsta viðskiftablaði þeirra nýlega haft eftir merkum, erlendum fjármálamanni, að honum þætti það allundarlegt, að Danir væru að básúna þetta bankahrun út um allar jarðir. Okkar bankar, segir hann, hafa líka tapað hundruðum miljóna, margir hverjir, á þessum árum, en við erum ekki að flagga neitt með því; við græðum ekkert á því.

Um gildi þeirrar rannsóknar, sem hjer er um að ræða, þarf jeg ekki að tala mikið meira en jeg hefi þegar gert. Ummælum þeirra hv. 5. landsk. þm. (JJ) og hv. 2. landsk. þm. (SJ) um þetta síðar, er að mestu svarað með því, sem sem jeg hefi áður sagt, og óþarfi í rauninni að endurtaka það. Það var óþarfi fyrir þá að styggjast við það, þótt jeg segði, að enginn hv. flm. aðaltillögunnar hefði vit á eða væri fær um að framkvæma þá rannsókn, er þessi tillaga fjallaði um. Jeg þarf hjer ekkert úr að draga. Til þess að geta framkvæmt þar verulega góða, hlutlausa og kritiska rannsókn þarf ekki einungis menn með meiri sjerþekkingu á bankamálum en nokkur hv. Framsóknarmanna hjer í deildinni hefir til brunns að bera, heldur líka menn með meiri kunnugleika á högum manna og háttum og viðskiftalífinu úti um alt land. Það er ekki nema einn þm. í deildinni,sem nú hefir verulega þekkingu á þessum bankamálum, sem sje hv. 2. þm. G.-K. (BK), og er þó ekki sagt, að hann treysti sjer til þess að framkvæma slíka rannsókn, sem hjer er um að ræða, á hálfum mánuði.

Hv. 2. landsk. þm. (SJ) var sjerstaklega að taka upp þykkjuna út af því, sem jeg sagði um þetta áðan, og virtist vilja láta menn skilja það, að hann treysti sjer að minsta kosti til þess að framkvæma þetta. Má vera, að það virðist hart að halda því fram, að hann, sem um stund — meðan hann var ráðherra

— var skipaður yfir bankamálin, geti ekki framkvæmt nú slíka rannsókn. Það mætti máske minna á það, er einhvern tíma var sagt, að þeim, sem guð gefi embætti, gefi hann líka vitið, en gefi hann ekki vitið, þá megi hafa fulltrúa í staðinn. En það mun sanni næst, að svo hafi verið um hv. 2. landsk. þm. (SJ) og mig og svo marga aðra ráðherra, að ekki höfum við haft fullkomlega vit á öllum þeim málum, er við vorum yfir settir.

Aðalatriðið í þessu er það, að til þess að geta framkvæmt að nokkru gagni þá rannsókn, sem hjer hefir oftast verið talað um, þarf „experta", sjerfræðinga, en slíkir menn eru hjer fáir til. Annað mál er um rannsókn þá, sem breytingartillagan fer fram á. Til slíks þyrfti líka skemri tíma; en til hinnar rannsóknarinnar, sem t. d. hv. 5. landsk. þm. (JJ) talar oftast um, þyrfti miklu lengri tíma. (JJ: Hvað var Bjarni lengi?). Jeg má kanske skjóta því hjer inn í, að þessi hv. þm. (JJ) hefir hjer oft þann óþinglega sið, að kalla hv. þm. eiginnöfnum, og er einatt að grípa fram í ræður manna.

Jeg vil annars minna á það, sem jeg hefi áður tekið fram, að úr þessu rannsóknarmáli væri að verða loddaraleikur, eftir að hv. frsm. málsins í hv. Nd. (SvÓ) hafði lýst því yfir, að hann gæti eins vel verið með till. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) eins og sinni eigin till.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að furða sig á því, að jeg skyldi treysta hv. þm. Dala. (BJ) til þess að gefa rjetta skýrslu, af því að hann væri í öðrum flokki en jeg. En jeg er nú alls ekki svo, að jeg álíti alla menn óheiðarlega, þótt þeir sjeu ekki samflokksmenn mínir, þó að hv. 5. landsk. þm. (JJ) haldi ávalt um sína andstæðinga, að þeir hugsi og geri aldrei annað en alt ilt.

Öðrum atriðum í ræðu hv. þm. (JJ) þarf jeg varla að svara. Hann fór, alveg að ástæðulausu og óviðeigandi, að blanda veitingu lögreglustjóraembættisins inn í þetta. Sú veiting var þó í fullu samræmi við eldri veitingareglur í þessum efnum og ekki unt að ganga fram hjá þeim manni, sem veitt var staðan. Hann fór líka að tala um sýslumanninn í Húnavatnssýslu. Jeg þarf ekkert að verja hann, hv. 5. landsk. þm. (JJ) ætti heldur að gera það sjálfur, því jeg þekki fáa menn trúaðri á Tímann, og líklega hv. þm. (JJ), en þennan sýslumann. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) ætla jeg þá ekki að svara fleiru, til viðbótar við fyrri ræðu mína. Jeg verð aðeins að segja það að endingu, að það er leitt að þurfa að vera að deila við menn, annars vegar þá, sem sjáandi ekki vilja sjá og heyrandi ekki heyra það, sem rjett er, en hins vegar við menn, sem eru heiðarlegir menn af sjálfum sjer, en leiddir á tálar af öðrum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal gera mjer alt far um að vera stuttorður. En jeg verð að drepa á nokkur atriði í ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ). Út af hinni nýafstöðnu rannsókn bankans, sem jeg talaði um, en hann virtist undrast, að jeg legði nokkuð upp úr, verð jeg aðeins að minna hann á það, að sú rannsókn var hafin að fyrirlagi þingsins og 2 kosnir af þinginu, 2 af bankanum og oddamaður tilnefndur af hæstarjetti. Er það þá engin trygging?

Um tapið er það að segja, að jeg hefi aldrei sagt, að það gæti ekki orðið meira, en hitt hefi jeg sagt, að bankastjórarnir fullyrtu, að þeir hefðu ekki orðið var-

ir við neitt, sem benti á, að meira mundi tapast heldur en rannsóknarnefndin hefði gert ráð fyrir.

Út af ummælum hv. 5. landsk. þm. (JJ) um ávísunina, sem Íslandsbanki á ekki að hafa getað greitt 2. des. síðastl., vil jeg gefa þær upplýsingar, að jeg símaði í dag til hr. bankastjóra Jens Waage og spurði hann um þetta. Sagði hann mjer, að ávísunin hefði verið greidd samdægurs, og hlýtur hann að hafa sjeð þetta af bókum bankans.

Hæstv. atvrh. (KlJ) lýsti því yfir, að bankarnir hefðu gert samning sín á millum og að landsstjórnin hefði þar lagt samþykki sitt á, og sama hefi jeg tekið fram áður. Þarf þar engu við að bæta.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) spurði, hvers vegna jeg hefði ekki skipað þegar bankastjórana, eftir að jeg hafði tekið valdið frá fjármálaráðherra til að undirskrifa skipun þeirra. Jeg gerði þetta ekki vegna þess, að öll stjórnin taldi óheppilegt að skifta um á miðju ári; það gæti spilt lánstrausti bankans.

Hv. sami þm. (JJ) vildi nú reyna að draga úr samlíkingunni milli mín og Gissurar Þorvaldssonar. En hann getur ekki neitað því, að blaðið vildi sýna mjer þá mestu móðgun, sem það gat upphugsað. Blaðamaður frá „Berlingske Tidende" kom til mín og spurði, hvað gerst hefði í Spánarmálinu. Jeg sagði honum, að samþykt hefði verið 1 árs undanþága frá bannlögunum, en þrátt fyrir það hefði bannið sterkar rætur hjá þjóðinni, en hún hefði orðið að láta undan vegna fjárhagslegrar nauðsynjar. Þá spurði hann, hvað gert mundi verða framvegis; jeg sagði, að undanþágan mundi verða framlengd.

Hefði jeg nú ekki sagt þetta, en talið líklegt, að undanþágan mundi ekki framlengd, þá gat það stórkostlega spilt fyrir lánstrausti landsins.

Um sjóðþurðina í Íslandsbanka skal jeg ekki tala nú; jeg vjek að því svo ítarlega í fyrstu ræðu minni.

Um vextina er það rjett, að þeir eru nú ½% hærri í Íslandsbanka en Landsbankanum, en þeir hafa lækkað um ½% að tilhlutun bankaráðsins.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að hv. þm. V.-Sk. (LH) hefði aldrei sagt, að fjármálaráðherra hefði sagt, að hann hefði ekki aðgang að veðinu, heldur að hann hefði ekki aðgang að bókum bankans. Má vel vera, að rjett sje, að hv. þm. (LH) hafi sagt þetta. En þetta er ekki rjett; eins og 22. gr. reglugerðar Íslandsbanka sýnir, þá á sá ráðherra, sem bankarnir heyra undir, fullan aðgang að bankanum, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa greinina upp:

> „Jafnframt því, að landsstjórnin, með því að hafa þrjá þingkosna fulltrúa í fulltrúaráðinu, getur haft eftirlit með því, að bankinn hlýði fyrirmælum laga 7. júní 1902 og reglugerðar þessarar, og fullnægi sjerstaklega skilyrðunum fyrir seðlaútgáfurjetti sínum, er enn fremur ákveðið, að ráðherra Íslands hefir rjett til þess, hve nær sem hann vill, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sje í hinu lögákveðna hlutfalli við seðla þá, sem í veltu eru, og auk þess hefir hann aðgang að framkvæmdastjórnarumræðum og rjett til þess, hve nær sem vera skal, að láta sýna sjer bækur bankans og skjöl".

Bankastjórar Íslandsbanka líta einnig svo á, að ráðherrann hafi fullan aðgang að bankanum, og það er víst, að nú á þetta reglugerðarákvæði við þann ráðherrann, sem bankamálin heyra und-

ir, og það er fjármálaráðherrann, jafnt þótt forsætisráðherra undirskrifi nú skipun bankastjóranna.

Um bankastjóra Tofte hefi jeg áður getið. Var ekki nema sjálfsagt, að bankinn stæði við gerða samninga gagnvart honum. Undan því var ekki hægt að komast.

Þá lýsti sjer enn hræðslan hjá hv. 5. landsk. þm. (JJ) um það, að jeg færi í bankann þegar jeg ljeti af stjórn. Þann ótta ætla jeg ekki að taka frá honum. Áður en þing kom saman, var það símað um land alt, að jeg ætlaði að fara frá í þingbyrjun og inn í bankann. En jeg sit nú enn þá, þótt jeg hafi átt litlum byr að fagna hjá hv. þm. (JJ).

En jeg skýri honum ekki frá því, hvort jeg muni taka embætti eða fara á eftirlaun, þegar jeg fer frá völdum. Veit jeg líka fyrir víst, að ef jeg lýsti því yfir, að jeg mundi fara á eftirlaun, þá mundi blað hans fyllast rjettlátri reiði yfir því, að jafnungur maður skyldi gera það. En því á jeg bágt með að trúa, að þetta sje af einskærri ást til mín, eins og hv. þm. (JJ) sagði, að hann spurði mig um þetta. Hefi jeg aldrei orðið var hlýju eða samúðar frá honum eða hans blaði, og þegar jeg var fjármálaráðherra, vildi blað hans ekki flytja framsöguræðu mína í fjármálunum svo að þjóðin fengi að sjá hana.

Hann sagði, að sjer líkaði illa, ef jeg endaði leiðinlega mína pólitisku braut. Hann mun þar litlu um ráða; mun þar mestu valda mín eigin hegðun. Þarf jeg ekki að þakka blöðunum minn stuðning. Þau hafa aldrei haft ást á mjer. Það, sem ræður því, að jeg lifi enn sem stjórnmálamaður, er það, að jeg hefi stundum getað talað til þjóðarinnar, og hún hefir tekið það til greina. Vona jeg, að jeg á næsta sumri fái tækifæri til þess að skýra þjóðinni frá mínum áhugamálum og láta hann dæma á milli.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) virtist taka fremur illa í það, að frv. kæmi fram um bankaeftirlitsmann. Það er dálítið einkennilegt. Er þessi ráðstöfun ekki til þess fallin að veikja traust bankanna, heldur þvert á móti eðlilegur liður í þeim tryggingarráðstöfunum,sem nauðsynlegar og sjálfsagðar eru, að stjórnin hafi með höndum.

En þótt þessi þingnefnd yrði sett, mundi árangurinn af starfi hennar ekki verða nema „humbug“ og mundi ekki fá svalað þorsta þeirra manna hjer á þessu hv. þingi, sem hafa einlægan hug á að komast að því rjetta í þessu máli, og vita um, hvort þær kviksögur eru á nokkru bygðar, sem borist hafa út um land um bankann.

Hv. sami þm. (JJ) mintist á sparisjóðinn á Eyrarbakka. Hann mundi þurfa rannsóknar við. Stóð jeg þar ekki í vegi; það heyrir undir fjármálaráðherra. Veit jeg ekki, hvort hæstv. fyrv. fjármálaráðherra hefir skipað rannsókn þar, en hitt veit jeg, að það kom eitthvað til hans kasta.

Hv. þm. (JJ) vildi víta Eggert Claessen fyrir það, að hann hefði sagt, að gengið kæmi ekkert bankanum við. En við þetta er það að athuga, að bankastjórinn sagði aðeins, að bankinn gæti grætt og starfað, hvað svo sem genginu liði; en hann sagði jafnframt, að sjálfsagt væri, að bankinn styddi að því að lagfæra gengið svo sem honum væri unt.

En það er erfitt að lagfæra gengið. Það fer eftir vissu lögmáli, og til þess að breyta því, þarf alveg sjerstakar ráðstafanir. Lántaka læknar aðeins í bili, en ekki til lengdar.

Vil jeg svo ekki, þar sem langt er liðið á nótt, tala meira í þessu máli. Aðeins harðlega mótmæla því, að stjórnin og meiri hluti hv. þm. beri í þessu máli annan hag en þjóðarinnar fyrir brjósti.

Guðmundur Ólafsson: Hjer hafa verið furðu fjörugar umræður og er búið að lýsa allrækilega mannkostum og vitsmunum Framsóknarflokksþingmanna.

Vil jeg fyrst víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. S.-M. (SHK). Jeg skal nú byrja á því að hæla honum fyrir það, að þótt ræða hans nú væri ekki neitt tiltakanlega kurteis, þá var hún þó hálfu orðfínni en sú, sem hann flutti hjer í gær.

Hann kallaði till. okkar ofsókn á bankann, gerða í illum tilgangi, og að við þingmennirnir hefðum skipað kjósendum að krefjast þess á þingmálafundum, að bankinn væri rannsakaður. Sjá allir, hve viðurkvæmilegt það er af þingmanni, að bera okkur þessar sakir á brýn, að við viljum eyðileggja þessa stofnun og gerum þetta til að afla okkur fylgis og hafa það sem kosningaagn. Það eru líka mjög lofsamleg þessi ummæli um þjóðina eða kjósendurna, að hún muni hlaupa til og kjósa þessa menn, sem bera þessa fallegu hugsun í brjósti. Mundu öll þessi orð, ef þau kæmu óbreytt í þingtíðindunum, sýna vel, hver málstaðurinn hefði verið betri og hverjir hefðu farið með meiri stillingu og skynsemd í málið, en það verður líklega einhverju af þeim slept. Er einkennilegt veður þessara manna út af þessari nefndarskipun. Fjöldi manna er í vafa eða veit ekkert um hag bankans, og það er ekki nema eðlilegt, að þeir óski að fá vitneskju um þetta. Er þess og að gæta, að þótt allir bæru fult traust til þeirrar nefndar, er rannsakaði bankann, þá er fult ár síðan, og margt getur breyst á skemmri tíma.

Hv. þm. (SHK) sagði, að nú væri búið að skipa tvo bankastjóra. Þetta er ekki rjett; þeir eru aðeins settir, og aðstaða þeirra er því alt önnur en ef þeir væru skipaðir.

Þá sagði hv. þm. (SHK), að sig hálflangaði nú til að samþykkja þessa till. okkar, en hann gæti það ekki sökum þess, að þeir menn, sem nefndina mundu skipa og sendir væru inn í bankann, væru fjandmenn hans, kjaftaskúmar og blekbullarar. Jeg vil nú spyrja hv. þm. (SHK), hver tegund af þessum þremur það mundi verða, sem hans flokkur mundi kjósa í nefndina.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) vildi ekki kannast við það, að hann hefði sagt, að Framsóknarflokkurinn hefði ekkert vit á þessum málum. Hann sagði það þó, þótt hann þori ef til vill ekki nú að standa við það. Enn fremur sagði hann, að fjárhagsnefnd hefði ekkert vit á þessu, og þykir mjer þá skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Þar sitja þó 5 menn, og þar á meðal fyrv. bankastjóri (BK), hv. 2. þm. S.-M. (SHK) og svo lögfræðingur, eins og hann er sjálfur, en ekki nema 2 fávísir bændur í nefndinni. Hefir hingað til ekki þurft að maður væri nema lögfræðingur til þess að eiga opna leið að bankanum sem bankastjóri. Hefir enn ekki verið heimtuð meiri bankaspeki hjer.

Hæstv. forsrh. (SE) gladdist mjög yfir því, að tíminn væri nú útrunninn. En þetta er beinlínis honum sjálfum að kenna. Hann hefir dregið málið, sem

líka er eðlilegt, þar sem hann hefir altaf verið á móti því, að nokkuð væri athugað um hag bankans.

Þó að komnar sjeu fram upplýsingar um það hjer í deildinni, að þingmenn sjeu ekki færir um þá athugun á hag bankans, sem hjer er farið fram á í till., þá hygg jeg þó, að þeir geti jafnast við hv. þm. Dala. (BJ) til þessa starfs, sbr. skýrslu hans um bankann.

Jeg er hræddur um, að það verði erfitt að telja þjóðinni trú um, að Framsóknarflokkurinn beri þetta mál fram í þeim tilgangi að afla sjer fylgis við næstu kosningar eða til þess að koma Íslandsbanka fyrir kattarnef. Verst, að þetta kemur ekki í þingtíðindunum. (**SHK**: Það, sem jeg hefi sagt, kemur alt). Hv. þm. getur ekki fullyrt það, enda yrðu þingtíðindin þá ljót.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að alt þetta umtal um bankann í blöðunum hefði borist út úr landinu og skaðað bankann. Er það nú víst, að erlendis sje meira mark tekið á blöðunum en áliti 5 manna nefndarinnar frá 1921?

Jeg þakka hv. þm. þeirra góðu tilgátur í minn garð og meðflutningsmanna minna.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) endaði ræðu sína með þeirri góðgjörnu ályktun, að við Framsóknarflokksmenn hefðum verið dregnir á tálar til þess að bera fram þessa tillögu. Þetta er í fullu samræmi við það, sem hann sagði áður um vitsmuni þessara þingmanna og hv. fjárhagsnefndar, þótt hann að vísu væri hóflegri og mildari í síðari ræðu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 348 tekin aftur, en tekin upp af þm. Vestm. (KE) og feld með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE.
nei: GÓ, HSn, JóhJóh, JM, JJ, SE, SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf, HSt.

IHB greiddi ekki atkv.

Brtt. 349 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SHK, BK, HSn, IHB, JóhJóh, JM, HSt.
nei: JJ, KE, SJ, EÁ, GGuðf, GÓ.

Till., svo breytt, með fyrirsögninni **Þingsályktun um tryggingar Íslandsbanka fyrir enska láninu** afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 441).

14. Verslunarsamningur við Rússland.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, og á 33. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Tillögu til þingsályktunar um verslunarsamning við Rússland (A. 259).

Á 2. fundi í Sþ., fimtudaginn 12. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 8. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Undir umræðunum um fjárlögin á síðasta þingi vjek jeg stuttlega að því, hvort hæstv. landsstjórn vildi ekki leitast eftir því, hvort hægt væri að komast að samningum við Rússland um sölu á fiski og síld. Norðmenn höfðu þá nýlega selt afarmikið af síld og saltfiski til Rússlands, og höfðu þá þegar gert verslunarsamning við rússneska lýðríkið.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók þá vel undir þetta. Hann hafði kynt sjer sölusamning Norðmanna og Rússa og ljet í ljós, að hjer væri um hagfeldan samning að ræða fyrir Norðmenn. Og honum sýndust hjer einnig möguleikar fyrir fiskmarkað. En hvort hæstv. stjórn hefir nokkuð frekar gert í þessu máli, er mjer ekki kunnugt; en hitt þykist jeg mega fullyrða, að enn þá sjeu ekki til neinir verslunarsamningar milli Íslands og Rússlands.

Árið 1921 tók danska stjórnin upp samningatilraunir við Rússland. En þeim samningatilraunum var hætt seint á því ári. Var því um kent, að kröfur Rússa hafi verið svo harðar, að ekki hafi þótt gerlegt að ganga að þeim. En í dönskum blöðum hefi jeg sjeð því um kent, að danskir mikilsmegandi kaupsýslumenn hafi lagst fast á móti þessum samningatilraunum, og svo ýmsir útlægir áhangendur gömlu keisarastjórnarinnar í Rússlandi, sem ekki vildu af því vita, að rússneska sovjetstjórnin væri viðurkend, með því að gera við hana samninga.

Í vetur fitjuðu Danir aftur upp á slíkum samningi, og fyrir skömmu er komin fregn frá Danmörku um, að samningar hafi komist á milli Dana og Rússa.

Í þessum samningum hinna ýmsu ríkja við Rússland hefir mesta deiluefnið verið um hinar gömlu ríkisskuldir og um eignir þeirra manna og fjelaga útlendra, sem gerðar hafa verið upptækar. Um þetta vilja Rússar ekki semja við neina einstaka þjóð, heldur skipa þessum málum síðar, og gildi þá hið sama um allar þjóðir. En þrátt fyrir það, að ekki hefir tekist að ná samkomulagi um þetta, hafa samt verið gerðir verslunarsamningar við Rússland af mörgum ríkjum, eins og áður er sagt.

Engin þess háttar deiluefni ættu að þurfa að tefja fyrir því, að við gerðum verslunarsamning við Rússa. Íslenska ríkið á ekki, eða íslenskir þegnar, svo jeg viti til, neinar fjárkröfur á hendur þeim. Og jeg gæti trúað, að við gætum sloppið við mörg hin flóknu ákvæði milliríkjasamninga um fulltrúa og sendisveitir, því ekki geri jeg ráð fyrir því, að við hefðum þar fastan fulltrúa eða sendiherra.

En hvað sem um það er, verðum við að ná samningi við Rússland, ef við eigum að geta haft við það nokkur verslunarviðskifti; því sovjetstjórnin mun fylgja fast fram því, að hafa hvorki nje leyfa nokkur viðskifti við þau ríki, sem ekki hafa við hana samninga.

Um það kann nú að verða spurt, hvaða gagn við getum haft af verslun við Rússland. Hvort líkur sjeu fyrir því, að við getum selt þangað nokkuð af framleiðslu okkar, og þá hvort líkur sjeu til, að svo gott verð fáist, að slík verslun borgi sig.

Það efast nú líklega enginn um það,

að við höfum fulla þörf á því að fá markað í Rússlandi fyrir vörur okkar. Menn eru að tala um, að nauðsyn beri til að takmarka síldveiði Íslendinga vegna þess, að við getum ekki selt nærri alt, sem við getum veitt. Fróðir menn þar um hafa fullyrt, að sá markaður, sem nú er fyrir íslenska síld, geti ekki tekið við miklu meiru en 200 þús. tunnum. Og ef meira sje á boðstólum, hrapi verðið niður úr öllu valdi. En Rússland er stórt og mannmargt. Þangað hafa Norðmenn selt afarmikið af síld. Og hví skyldu Íslendingar ekki alveg eins geta selt þangað sína síld, sem þar að auki er miklu betri verslunarvara? Og nægðum við þar fótfestu, væri engin hætta á því, að við mættum ekki veiða eins mikið og við gætum, af ótta við það, að geta ekki selt. Það væri heldur engin vanþörf að reyna að útvega nýjan markað fyrir saltfiskinn. Eftir því kappi, sem flestar þjóðir leggja nú á fiskiveiðarnar, þá fer áreiðanlega að verða þrengra um sölu á gömlum slóðum. Og eftir því sem íslenski fiskiflotinn eykst og veiðin þar af leiðandi meiri, þá getur hið sama borið að og um síldina. Þess vegna þurfum við að leggja alt kapp á að hafa sem víðast markað. Þing og stjórn virðist líka vera á þessari skoðun, þar sem nú er árs árlega veitt fje í þessu skyni.

Það væri misskilningur, ef menn ímynduðu sjer, að Rússar vildu ekki kaupa nema hinar lökustu og ódýrustu vörutegundirnar og að þeir leggi aðaláhersluna á verðið, en ekki gæðin. Þeir vilja auðvitað fá sem allra besta vöru, og um verðið fer náttúrlega eins og gengur og gerist. Sá, sem selur, vill fá sem hæst verð, og hinn, sem kaupir, vill borga það allra minsta, sem hann kemst af með.

Jeg hefi heyrt marga segja, að þótt Rússar vildu kaupa, þá gætu þeir ekki borgað. Það mun nú sennilega vera rjett, að þeir mundu ekki geta borgað í gulli. En þeir hafa vörur til að borga með. Þar á meðal vörur, sem við kaupum og notum mikið af, svo sem er rúgur og timbur. Vöruskifti gætu því átt sjer stað. Rússar ætla sjer t. d. á þessu ári að flytja út um 80 þús. smálestir af rúgi. Og rússneski rúgurinn er alkunn ágætisvara, miklu betri en hinn hálfþroskaði danski rúgur, sem við kaupum hingað malaðan.

Eins og menn ef til vill vita, hefir rússneska stjórnin á hendi alla verslun ríkisins, bæði út- og innflutning. Og hún mun líka helst kjósa að gera viðskifti við ríki eða stofnanir, sem hafa á sjer opinberan blæ. Henni þykir það meiri trygging fyrir því, að ekki sjeu brögð höfð í frammi. Og gæti jeg því langhelst trúað, að ef við hefðum við þá einhver viðskifti, þyrfti það að vera að opinberri tilstuðlan.

Annars býst jeg ekki við, að Rússum sje það neitt keppikefli að gera við okkur samninga. Við höfum svo fátt að bjóða, sem þeir geta ekki fengið annarsstaðar. Og framleiðsla okkar er það smáræði fyrir þarfir hinnar mannmörgu þjóðar. Fyrir þá eru t. d. 100 þúsund tunnur af síld lítilræði. Okkur munar þetta ákaflega miklu.

Jeg lít svo á, að það sje í okkar þágu, að verslunarsamningur við Rússa komist á, svo hægt sje að fara að vinna að því, að viðskifti hefjist.

Í tillögunni er eðlilega ekkert á það minst, á hvern hátt slíku verslunar-

sambandi verði komið á, en jeg tel það sjálfsögðustu leiðina, að íslenskur maður eða menn verði sendir til Rússlands í þessum erindum. Þeir geta af meiri kunnugleik um talað en útlendir menn, sem ekki eru kunnugir högum vorum nje háttum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vildi aðeins taka það fram, að það hefir verið gerður verslunarsamningur milli Dana og Rússa, og var hann undirritaður af fulltrúum beggja málsaðilja 23. apríl síðastliðinn. Er í samningi þessum Íslandi gefinn kostur á að ganga inn í hann, ef sagt er til þess innan þriggja mánaða, en ef eigi er neitt gert í þá átt innan þess tíma, þá er rjettur Íslands til þátttöku í samningnum fallinn úr sögunni. Samningur þessi er eigi enn þá kominn til landsstjórnarinnar, en henni hefir verið tilkynt, að hann verði sendur henni mjög bráðlega. Bjóst stjórnin við því, að hann kæmi með Botníu, en svo var þó eigi. En jeg veit, að aðalþáttur samningsins er sá, að Rússum er heimilaður aðgangur að Danmörku og Dönum að Rússlandi, til þess að koma á verslunarsambandi milli landanna. Ef till. hefði eigi komið fram, mundi stjórnin hafa leitað álits þingsins um það, hvort semja ætti við Rússa eða eigi. Ef till. verður samþykt, þá er því svarað, en þá er eftir að taka ákvörðun um það, hvort ganga eigi inn í samninginn við Danmörku eða semja sjálfstætt. Hið síðara tel jeg mörgum annmörkum bundið. Býst jeg við, að þingið blandi sjer eigi inn í þá hlið þessa máls, en láti stjórnina ráða því, eftir að hún hefir kynt sjer málið til hlítar.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. flm. (JB) gat þess, að nú væri kominn á verslunarsamningur milli Rússa og því nær allra landa Evrópu. Hjelt jeg, að hv. þm. (JB) hefði sjeð það, sem skrifað var frá Rússlandi, þegar danska nefndin fór þangað til þess að semja. Er það haft eftir Litvinoff, að aðeins Eistland og Þýskaland, og Noregur að nokkru leyti, hafi gert samninga við Rússland. Er þetta birt í Berlingske Tidende síðast í mars.

Jeg tel í sjálfu sjer ekkert á móti því að gera samning við Rússland, en jeg hygg lítið upp úr því að hafa fjárhagslega. Hv. flm. (JB) benti rjettilega á það, að samningarnir hefðu verið Norðmönnum mjög til hagsbóta. En það stóð alveg sjerstaklega á, þegar Norðmenn sömdu. Þeir áttu þá hátt upp undir miljón tunnur af síld. Settu þeir nokkuð af henni í bræðslu, en seldu hitt til Rússlands. Rússar keyptu um 230 þús. tunnur á 10—15 kr. tunnuna, en Norðmenn skuldbundu sig til þess að útvega skip til flutnings gegn hæfilegu farmgjaldi. Slík sala hefði ekki verið til hagsbóta fyrir okkur, þó að hún hafi verið það fyrir Norðmenn, því að hæsta sala fob í Noregi var 15½ kr. tunnan af vorsíld, en við höfum eigi selt til Svíþjóðar fyrir minna en 23 aura danska pr. kg. undanfarið.

Hvað fiskinn snertir, þá kaupa Rússar eigi annan fisk en norskan fisk frá Finnmörk, og það eingöngu ljelega vöru. Nú er afarmikill afli þar um slóðir, bæði af ufsa, keilu og smáfiski. En það er mjög lítið um fiskinn skeytt og hann illa verkaður. Fyrir þennan fisk gáfu Rússar í fyrravor um 4—7 aura kg. Nefnd sú, sem keypti fiskinn fyrir Rússa, taldi það mjög leiðinlegt, að geta ekki keypt betri vöru, en þeir sögðu, að enginn

markaður væri fyrir hana í landinu. Enda munu menn hafa heyrt það, að „vrag"-fiskur er í Noregi kallaður Rússafiskur. Menn mega því ekki halda, að nú sem stendur sjeu nokkrir hagsmunir í veði fyrir okkur, hvort sem við semjum við Rússa eða ekki. Hins vegar sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að gerður sje við þá verslunarsamningur. Það þarf ekki að verða okkur til tjóns á nokkurn hátt.

Það, sem aðallega knúði Dani til að semja við Rússa, var, að ýmsir danskir iðnrekendur og verslunarmenn eiga mjög miklar eignir í Rússlandi, sem þeir hafa engin not haft af síðan byltingin varð þar, þangað til nú, að þeir vonast eftir að fá yfirráð yfir þessum eignum, þegar verslunarsamningur er gerður með þjóðunum. Að öðru leyti hafa Danir einnig talsvert að selja Rússum, og hafa gert, enda þótt enginn verslunarsamningur hafi verið gerður milli stjórnanna. T. d. seldu þeir Rússum í fyrra talsvert af landbúnaðarvjelum og verkfærum, og svo fræi.

Eins og jeg tók fram, hygg jeg, að ekki komi til mála, að við getum selt Rússum neitt að ráði af afurðum okkar. Til þess eru þær of dýrar og um of langan veg að flytja, borið saman við Noreg til dæmis.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg held, að hv. þm. Ísaf. (JAJ) hafi misskilið talsvert í máli þessu. Hjer er ekki að ræða um stjórnmálasamning, enda hefir að eins eitt ríki álfunnar gert slíkan samning við Rússa. En mjög mörg þeirra hafa þegar gert verslunarsamning, og er það ekki sama og að viðurkenna stjórn þeirra að lögum. Hafa Rússar látið sjer það lynda, enda er hin raunverulega viðurkenning fólgin í viðskiftum milli þjóðanna.

Þá gerir sami hv. þm. (JAJ) lítið úr hagnaði þeim, sem við hefðum af verslunarsamningi við Rússa. Er ekki nema eðlilegt, að hann líti svo á það mál, þar sem hann telur þá ekki vilja kaupa annað en úrkast, og það höfum við ekki á boðstólum. En ef þeir vilja kaupa á annað borð, hví skyldu þeir þá ekki heldur vilja betri vöru en lakari? Það fæ jeg ekki skilið, og jeg efast ekki um, að hægt verði að fá tiltölulega hærra verð fyrir betri vöru þar sem annarsstaðar. Nei, meinið er, að ekkert hefir verið gert til að útvega nýja markaði fyrir sjávarafurðir okkar, nema það, að sendur var maður síðastl. vetur til Suður-Ameríku.

Og við megum ekki negla okkur við þá fordóma, að Rússar geti ekki etið nema úrkast, sem aðrir vilja ekki. Við vitum það eitt, að þetta er feikna fólksmörg þjóð, og því ómögulegt að segja, nema hún kaupi eitthvað af afurðum okkar. **(JAJ:** Hvað segir reynsla Norðmanna?). Já, vel á minst. Þar fór þm. (JAJ) með tóma vitleysu. Jeg hefi hjer við hendina þingtíðindin frá síðasta þingi, þar sem hæstv. atvrh. (KlJ) fór nokkrum orðum um norska samninginn við Rússland. Ráðherrann segir svo m. a.:

„Mjer hefir nýlega borist í hendur hið alþekta norska blað, „Tidens Tegn". Stendur þar, að Noregur hafi fullgert samninga við Rússland um að selja því 100000 tunnur af stórsíld á 27 kr. tunnuna fob, 300000 tunnur af vorsíld á 20 kr. tunnuna fob, og 20 milj. kg. af saltfiski, verkuðum eins og Rússar vilja hafa hann, á 40 og 35 aura kg. fob og án umbúða. Blað-

ið segir, að alls muni þessi sala nema 16½ milj. kr. Það er því auðsjeð, að hjer er um mikinn samning að ræða og hagfeldan fyrir Noreg".

Af þessu má sjá, að það er rangt hjá hv. þm. Ísaf. (JAJ), að Norðmenn hafi selt fyrir 10—15 kr. tunnuna. Og ef við höfum selt mest af okkar síld fyrir 22 kr. danskar, þá hafa Norðmenn engan veginn gert verri kaup við Rússann.

Blekkingar þessa hv. þm. (JAJ) eru því auðsæjar. Eru þær leifar af gömlum fordómum, sem smámsaman þokast burt, því erfitt mun til lengdar að útiloka frá umheiminum jafnmargar miljónir manna og Rússland byggja, þó að það hafi verið gert að mestu um langt skeið, og enda þýskaland líka.

Jeg hygg, að við gætum haft óbeinan hagnað af því að selja Rússum síld, jafnvel þó að þeir borguðu ekki jafnmikið sem Svíar, því ef við sendum síld til Rússlands, þá minkar framboðið á sænska markaðinum, og síður hætta á, að verðið fjelli þar úr hófi fram.

Jón Auðunn Jónsson: Það er rangt að draga þá sölu Norðmanna, sem hv. flm. (JB) nefndi, inn undir almenn viðskifti milli Noregs og Rússlands. Þessi sala var gerð með sjerstökum samningi milli stjórna landanna, og komu ýms hlunnindi á móti. Munu Rússar eigi síður hafa haft hagnað af þeim skiftum en Norðmenn. Annars ætti þessi hv. þm. (JB) að líta í „Fiskeritidende" Norðmanna og önnur blöð, og mun hann þar sjá, að á síðasta ári hafa þeir selt til Rússlands talsvert af þessum mjög ljelega fiki, en ekkert af betri fiski, og ber það ekki vott um, að þeir telji sjer hagfelt að versla við Rússa með góða vöru, enda vita allir, að þeir hafa ekki keypt betri tegundir fiskjar, þegar fjárhag ur landsins var skárri en nú er.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 604).

15. Hjeraðsskóli á Suðurlandsundirlendinu.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, og á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var útbýtt frá Sþ.:

Tillögu til þingsályktunar um hjeraðsskóla á Suðurlandsundirlendinu (A. 294).

Á 2. fundi í Sþ., fimtudaginn 12. apríl, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 16. apríl, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það er álit margra manna, að skólabáknið í landinu sje vaxið þjóðinni yfir höfuð eins og nú er komið, og að kenslumenning æskulýðsins komi ekki að þeim notum, er til mætti ætlast. Kann það að þykja undarlegt, að jeg, sem gerist nú flutningsmaður þess, að enn sje stofnað til skóla í viðbót, skuli þó vera meðal þeirra, er telja ofvöxt í skólakerfinu.

Að minni hyggju er það megingallinn, hve mikið af skólamentuninni er orðið handahófsmentun. Sjermentaskólarnir eru ekki nema fyrir fáa, og eiga ekki að vera nema fyrir fáa, en alþýðumentunin, sem svo mjög hefir dregist úr sveitum til kaupstaðanna, og þá einkum til Reykjavíkur, virðist meir hafa orðið til þess að dreifa og veikja en sameina og styrkja þann þjóðernishug og þær gáfur, er ungu fólki búa í brjósti, þegar leitað er á burt úr foreldrahúsunum til aukins mentaþroska. Það er þannig orðin sannfæring margra til sveitanna, er byggist á dýrkeyptri reynslu margra sveitaheimila, margra foreldra, að öll þessi alþýðumentun, þessi farandmentun, stefnulaust bóknám, eitthvað út í bláinn, með kaupstaðaráhrifum, miður hollum að mörgu leyti, sje einhver drýgsti þátturinn í losinu, dreifingunni, aðgerðaleysinu, er nú ógnar öllum landslýð. — En æskulýðurinn vill fara að heiman, hvað sem það kostar, og leita sjer mentunar, og víða er ekki í önnur hús að venda en þessa handahófsskóla, flesta í kaupstöðunum, alla langt frá föðurhúsunum; á þetta að öllu leyti við um sveitaheimili á Suðurlandsundirlendinu, því eins og kunnugt er, eru þar engir skólar, aðrir en nokkrir barnaskólar.

Alþýðan víðs vegar um sveitir landsins hefir nú kvatt sjer hljóð og heimtar lagfæringu í þessum efnum, og leitar hennar með þeirri rökfærslu, að á sama hátt og háskólinn þarf sanna vísindamenn fyrir kennara, svo að hinir lærðu menn framtíðarinnar geti kallast sannmentaðir menn, og kennarar stýrimannaskólans þurfa að bera gott skyn á siglingafræði, til þess að kenslan svari tilganginum þar, svo þurfi alþýðumentun til sveita að vera í fullu samræmi við þroskaþörf bændastjettarinnar. Alþýðumentun unglinga til sveita þarf því að sníðast eftir lifnaðarháttum, starfsháttum og hugsunarhætti bændalýðsins, öllu eins og það ætti að vera. Með þessari alþýðumentun framtíðarinnar á alt að leita síns markmiðs, horfa til andlegs og veraldlegs þroska, en ekkert að kenna tilgangslaust eða hugsunarlaust, eins og nú brennur um of víða við.

Samkvæmt þessu á alþýðumentun hinna ungu til sveita að veitast í sveitunum sjálfum, í hjeraðaskólunum fyrirhuguðu, þar sem góður og víðsýnn kennari blæs nemendunum þeim anda í brjóst, er verður lífsandi farsællar bændastjettar í framtíðinni. Eiga hjeraðsskólarnir á þennan hátt að verða einskonar tákn hinnar þjóðlegu viðreisnar. Enginn unglingur að týnast, því síður nokkur góð hugsun að týnast, alt að taka framförum og fólkinu að fjölga í sveitunum.

Á þessu viðreisnarstarfi er þegar byrjað, þótt skemra sje á veg komið en skyldi. Eiðaskólinn ber þess ljósan vott, að vel er á stað farið.

Nú eru það einkum tvö hjeruð, er hafa gert alþýðuskólastofnun að áhugamáli sínu, Þingeyingar annars vegar, en Sunnlendingar, bygðarlögin hjer austan heiðar, hins vegar. Aðstaðan er að sumu leyti lík, en að öðru leyti ólík; hvorirtveggja hafa safnað allmiklu fje til skólanna, Sunnlendingar þó vissulega miklu meiru. Með fjárloforðum sínum til hjeraðsskólans, sem jeg veit, að þeir munu standa við, er á reynir, sýna þeir og sanna, hve mikið þeir vilja leggja í sölurnar til að koma áhugamáli sínu í framkvæmd. Hjeraðsskólinn er þar vissulega alment áhugamál, ekki síður

glöggra og gætinna manna en hinna. Að fjársöfnun og almennum áhuga geri jeg því ráð fyrir, að Sunnlendingar sjeu komnir spöl lengra í þessu máli en Þingeyingarnir, en hins vegar er staðurinn ekki ákveðinn og maðurinn ekki fundinn, eða að minsta kosti ekki ákveðinn, til að veita skólanum forstöðu. Þar standa Þingeyingarnir betur að vígi, og það fylkir þeim fram fyrir okkur Sunnlendinga, er til fjárlaganna kemur, sem þingið hefir nú til meðferðar. Í Þingeyjarsýslu hefir alþýðumentun um langt skeið verið í tiltölulega góðu horfi, — best hjer á landi —, hún hefir borið þeim mikla ávexti. Það er, að ætlun minni, alþýðumentun Þingeyinga og engu öðru að þakka, hve framarlega þeir hafa komist á mörgum sviðum þjóðlífsins á síðari áratugum; það er henni að þakka, hve margir bændur þar nyrðra hafa orðið þjóðkunn skáld, og hún á drjúgan þátt í því, hve þeir, þingeysku bændurnir, hafa komist tiltölulega lengra en aðrir bændur landsins í pólitiskri starfsemi nú hið síðasta, og nægir þar að nefna það, að tveir þeirra hafa náð ráðherradómi.

Þingeyingar æskja því hjeraðsskólans, af því að þeim er það ljóst af reynslunni, hvað aukin mentun, enn þá meiri alþýðumentun, er holl, þegar hún er heimafengin. Þeir eru lengst komnir, en vilja komast lengra. Sunnlendingar æskja hjeraðsskólans aftur á móti fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að þeim er það ljóst, hvað vantandi alþýðumentun til sveitanna er lamandi í samkepni lífsins og háskasamleg fyrir framtíð Suðurlands.

Það er annars merkilegt, að Suðurlandsundirlendið og fjalllendissveitirnar, sem að því snúa, þetta langstærsta og veglegasta hjerað landsins, sem ætlað er að taka svo margskonar stakkaskiftum í nýbreytni búnaðarmálanna og samgöngumálanna, skuli vera jafnherfilega afskift, að því er skólahald og sveitamentun snertir, og raun er á. — Í Borgarfirði er myndarlegur bændaskóli og einnig alþýðuskóli, í Dalasýslu var lengi búnaðarskóli, nú mun þar og víðar vestra vera alþýðuskóli í sveit, er nýtur nokkurs ríkisstyrks; á Blönduósi er kvennaskóli, á Hólum í Hjaltadal bændaskóli, á Möðruvöllum í Hörgárdal var þjóðkunnur alþýðuskóli, er að vísu fluttist til Akureyrar, en nýtur sín þar tiltölulega vel til menningar unglingum úr sveit, þótt í kaupstað sje; á Laugalandi í Eyjafirði var kvennaskóli; um Þingeyjarsýslu þarf ekki að tala, og hvað Austfirði snertir, er nóg að nefna Eiðar. Um Suðurland austan Hellisheiðar er öðru máli að gegna. Til forna voru þar hin ágætustu mentasetur, svo sem Haukadalur, Oddi og Skálholt, en eftir að Skálholtsskóli lagðist í auðn, og síðan er á annað hundrað ár, hefir engin mentastofnun, nema ef vera skyldu barnaskólar í kauptúnum, sjest á Suðurlandsundirlendinu. Höfuðstaðaráhrifin, með kostum sínum og stórgöllum, hafa sogað sunnlenska menning til sín.

Á þessu verður nú að ráða bráða bót, og er hjeraðsskólabeiðni Sunnlendinga jafnt nauðsynjakrafa sem rjettlætiskrafa. Þeir eiga meiri rjett á alþýðuskóla en nokkurt annað bygðarlag. Þeir hafa langa lengi verið settir hjá, og hjeraðsskólinn hjer fyrir austan á að verða útvörður sveitamenningarinnar gagnvart þeirri stórbæjatísku, er kaupstaðirnir draga nú meir og meir dám af, og þar er til mests að vinna á Suðurlandsundirlendinu, sem

höfuðstaðurinn á svo greiðan aðgang að. Það er allra vilji austanfjalls, að varleg lausn og haglega verði sótt fram til sigurs í þessu máli. Mönnum er augljóst, að ekki nægir að fá skólanefnu með einhverjum kennara. Skólinn þarf að vera á hagkvæmum stað, haganlega gerður og umfram alt hafa á að skipa góðum kenslukröftum; afla sjer lærðra, víðsýnna og þjóðlegra kennara, og einkum forstöðumanns, annars kann að verða ver farið en heima setið.

Til þess nú að allur þessi nauðsynlegi undirbúningur verði gerður, er sjálfsagt, að þeir, sem eiga að fylgja málinu eftir af hálfu hjeraðsmanna, undirbúningsnefndirnar, er kosnar hafa verið í austursýslunum, og landsstjórnin, er á einnig að flýta framkvæmd svona góðs máls, taki höndum saman og búi skólamálið faglega í hendurnar á næsta þingi, en þá á það að vinnast fram til sigurs. Í þessu skyni er tillaga þessi komin fram.

Það er óþarft að eyða mörgum orðum að tillögunni sjálfri. Jeg hefi leitast við að sýna fram á, hví hún er fram komin og fyrir hverskonar máli hún á að greiða; það er nægilegt. Vonandi verða Sunnlendingar sammála um skólasetrið, þegar á hólminn kemur, en ágæt trygging fyrir, að ágreiningur í þeim efnum tefji ekki málið nje spilli því, er að fela landsstjórninni sjálfri þá ákvörðun, í samráði við hjeraðsfulltrúana. Á þeirri samkomu gleymist öll hreppapólitík, en alt miðast við hagkvæmustu niðurstöðuna. Þá er og óhjákvæmilegt að gera áætlun um gerð og skipulag skólans nú sem bráðast; þar hefir ríkið fagmönnum á að skipa, og ættu þeir, í samráði við fulltrúana austan að, auðveldlega að geta áætlað stofnkostnað o. s. frv., svo að færi nærri sanni, en slík áætlun er nauðsynleg áður en lengra er farið. Þegar staðurinn er ákveðinn, kostnaðaráætlun gerð og fjársöfnun hjeraðsmanna trygð, er komið í það horf, að sá eða þeir, er hlutaðeigendur vildu helst aðhyllast sem væntanlega kennara, gætu gefið svör, jafnframt því sem styrkurinn yrði veittur úr ríkissjóði, en tillaga þessi er vonarbrjef um, að það verði gert á næsta þingi, ef fjárhagurinn leyfir á nokkurn hátt, og jeg vil segja, að hann leyfi fátt, ef ekki þetta. Þótt Sunnlendingar hafi notið mikillar hjálpar úr landssjóði til margra verklegra efna — stundum að vísu til áhættusamra tilrauna — hafa þeir verið afskiftir um alla hjálp til skólamentunar heima fyrir, og nú er að bæta þeim það. Og viss er jeg um, að óhætt er að greiða fje úr ríkissjóði til að bæta hinn andlega jarðveg æskulýðsins austanfjalls; það er ekki að óttast rangar áætlanir nje þá „Skeiðaklöpp", er vart verði á unnið og geri fyrirtækið svo fjarskalega torsótt eða vafasamt, hvort það muni svara kostnaði.

Að síðustu skal jeg taka það fram að hv. þm. er óhætt að samþykkja tillöguna þeirra hluta vegna, að þeir binda hinu nýja þingi engar óeðlilegar kvaðir á herðar. Þeir, sem samþykkja nú, lýsa aðeins velþóknun á málinu og svona löguðum undirbúningi og ætlast til, að það vinnist fram til fulls sigurs á næsta þingi, ef ástæðurnar leyfa; er það nógur varnagli, en sómi hverjum þingmanni að rjetta svona góðu máli hjálparhönd.

Forsætisráðherra (SE): Jeg sje, að

allir þingmenn Suðurlandsundirlendisins flytja tillögu þessa, og kemur mjer það ekki á óvart.Um mörg ár hefir þetta verið mikið áhugamál þessara sýslna. Þegar jeg var sýslumaður Skaftfellinga, var mikið um málið rætt.

Jeg vil aðeins taka fram, að stjórninni mun ljúft að undirbúa málið.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka góðar undirtektir hæstv. forsætisráðherra.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

álykt un Alþingis.
(Sjá A. 367).

16. Bannlögin.

Á 5. fundi í Sþ., föstudaginn 11. maí, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um bannlögin (A. 617).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skamt var liðið frá því, er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Magnús Jónsson): Þegar till. þessi er skoðuð í sambandi við umræður þær, sem farið hafa fram um undanþáguna frá bannlögunum á tveim þingum, þá talar hún í raun rjettri fyrir sjer sjálf. Jeg get því verið mjög fáorður.

Það mun, held jeg, vera nokkurn veginn samróma álit, að undanþágan, sem veitt hefir verið frá aðflutningsbannslögunum, hafi ekki verið æskileg, eins og hún var til komin, og að hún hafi ekki getað sýnt rjettan þingvilja um málið sjálft, heldur hafi hún verið neyðarúrræði, sem gripið var til sakir lífsnauðsynjar. Þessi undanþága hefir, rjett á litið, slegið vopnin jafnt úr höndum beggja aðilja þessa máls, bannmanna, sem með henni hafa mist nokkuð af því, sem þeir höfðu náð, og andbanninga, sem án efa vildu berjast fyrir afnámi bannlaganna að frjálsum þjóðarvilja. Hljóta því allir góðir menn að vera óánægðir með þessi úrslit, sem orðin eru.

Á máli þessu eru tvær hliðar. Önnur veit inn á við, að okkur sjálfum, og það er hún, sem hefir ráðið úrslitunum. Hana er ekki til neins að draga inn í þessar umræður. Það er afgert mál, sem ekki verður aðgert að sinni. Við höfum greitt okkar lausnargjald til þess að leitast við að vernda fjárhagslegt sjálfstæði.

En hin hliðin snýr út á við. Ísland er einmitt í þessu máli í nokkurskonar brennidepli. Í þessu máli hefir verið og verður eftir því tekið úti um heim, hvar sem um vínbannsmálið er rætt og ritað, og það er víða. Þetta er ekki lítilsvert atriði. Sumum hefir jafnvel fundist það vera stærsta atriðið. Það er þessi hlið málsins, sem tillagan snertir.

Nú má að vísu vita, að allir sanngjarnir menn hafa sjeð, að hjer var um neyðarvörn að ræða og annað ekki. Í augum þeirra er þetta ekki okkur til meiri vansa en það er yfirleitt að verða fyrir ofbeldi annars, sem sterkari er. Ef sterkur maður misþyrmir konu eða fulltíða maður barni, þykir það hans skömm, en ekki konunnar eða barnsins, sem fyrir verður. Svo er og um þau viðskifti, er stærri og sterkari þjóð býður smáþjóð birginn, hvort sem gert er með vopnum eða öðru. Þá hefir og Alþingi í raun rjettri lýst því sama yfir, sem í tillögunni stendur, með því að haga atkvæðum svo, að engum getur til hugar komið, að sjálft bannmálið og afstaðan til þess hafi ráðið því, hvernig atkvæði fjellu. En samt sem áður er það rjett og gott, að samtök hafa orðið um það að láta þessa tillögu fram koma, til þess að taka af allan efa.

Hún mun fara víða þessi ályktun, víðar en nokkurt annað plagg frá þessu þingi. Hún haggar að vísu engu í þeirri niðurstöðu, sem orðin er, en samt er hún mikils virði. Það er svo mikið skrafað um það úti um heim, að vernda eigi rjett smáþjóðanna gegn ofbeldi frá þeim stærri. Þessi yfirlýsing frá þingi einnar smæstu þjóðarinnar getur nú komið sem prófsteinn á þetta skraf. Hún er yfirlýsing um það, að við viljum fá að ráða því sjálfir, hvort við bjóðum eitthvað eða bönnum hjer innan lands. Hún er yfirlýsing um það, að þó að hægt sje að neyða okkur til ráðstafana, sem okkur er þvert um geð, þá er ekki hægt að umsnúa sjálfum vilja okkar og skoðunum. Er vonandi, að allir háttv. þingmenn geti verið samtaka um slíka yfirlýsingu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 639).

B.
Um skipun nefndar.

Vatnamálanefnd.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. febr., var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga vatnamálin (A. 41).

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 2. mars, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg get að mestu leyti vísað til greinargerðarinnar um þetta mál. Eins og kunnugt er, eru vatnalagafrumvörpin nú lögð fyrir þingið í 5. sinn. Á 4 undanförnum þingum hefir því verið hagað svo, að sjerstakar nefndir hafa verið skipaðar til að fjalla um þau. Í þetta sinn er vikið frá þeirri reglu; frv. lögð fyrir Ed. og sett í allshn., sem í þessum málum hefir bætt við sig tveim mönnum. En með því að allshn. í Nd. er svo hlaðin störfum, þá teljum við flutningsmenn till., að rjett sje, að sjerstök nefnd sje kosin í málin hjer í deildinni, sem geti farið að sinna þeim þegar. Teljum við þá meiri líkur til, að einhver endalok fáist á þeim á þessu þingi. Virðist það ekki geta gengið svo lengur, að málin þvælist fyrir þinginu án fullnaðarafgreiðslu, enda þinginu tæpast vansalaust að láta þau mæta slíkum hrakningi og áður.

Jakob Möller: Mjer finst ótímabært að svo stöddu að þjóta í að skipa nefnd hjer í deildinni, þegar málið er aðeins nýkomið í nefnd í efri deild. Málið hefir verið athugað nákvæmlega hjer í deildinni á undanförnum þingum. Þótt frestað væri ákvörðun um það nú, mætti væntanlega komast að einhverri niðurstöðu síðar. Þessu máli virðist ekki liggja á afgreiðslu frá þinginu. Það er alt öðruvísi ástatt nú heldur en þegar það kom fyrst á dagskrá og menn bjuggust við framkvæmdum. Nú er deyfð og dofi og engar líkur til framkvæmda. Það virðist því ekki úr vegi, fyrst dregist hefir að setja allsherjarlög um vatnamálin, að beðið sje með það fram yfir næstu kosningar. Ætti það einmitt mjög vel við. Og skil jeg ekkert í, hvert óðagot er komið á hv. flm. (SvÓ), að vilja ljúka málinu á þessu

kjörtímabili. Það er eins og hann sje smeykur við kosningarnar. Treysti hann sínum málstað eins vel og áður, ætti honum að vera þökk á drættinum. Eftir því, sem með málið hefir verið farið áður, finst mjer, að stjórnin hefði vel getað látið undir höfuð leggjast að leggja það fyrir þingið að þessu sinni, einmitt með tilliti til væntanlegra kosninga. Leyfi jeg mjer því að leggja til, að forseti beri undir deildina að fresta umræðum, eða málið verði tekið af dagskrá.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) heldur því fram, að ótímabært sje að skipa nefnd í vatnamálið, meðan það er svo skamt á veg komið í efri deild. Nógur tími sje að skipa hana, þegar málið komi þaðan. En jeg vil minna á það, að á undanförnum þingum hafa nefndir jafnan verið skipaðar í mál þetta í báðum deildum þegar í þingbyrjun. Málið er eðlilega umfangsmikið, og hefir reynst nefndunum ærið tafsamt. Það er því ekki rjett, að ótímabært sje að skipa nefnd nú þegar. Enn þá er margt í þessu umfangsmikla og flókna máli, sem þörf er að athuga, og eina leiðin til afgreiðslu er ítarleg athugun í nefnd, sem ræður yfir nokkrum tíma.

Sami hv. þm. (JakM) heldur því fram, að málið þurfi ekki afgreiðslu að þessu sinni, og rjett sje að draga það til næstu kosninga, með því, að líkur sjeu ekki til þess nú í fjárkreppunni, að vatnsvirkjanir takist. Það er reyndar engin ástæða til að fresta afgreiðslu málsins, þótt ólíklegt sje, að ráðist verði í stórvirkjanir að sinni. Rjetturinn þarf jafnt fyrir því að vera ákveðinn. Því hefir áður verið haldið fram, bæði af mjer og andstæðingum mínum í þessu máli, að dráttur á setningu vatnalaga væri varhugaverður, jafnvel hættulegur. Drátturinn getur auðsæilega leitt til þess, að þeir, sem fengið hafa umráð mikilla vatnsrjettinda, gætu hagnýtt þau áður varði oss til óþurftar á ýmsa vegu og án eðlilegra takmarkana. Peningakreppan er ekki einhlít til að hamla því. Engin sjerleyfislög eru til, sem spornað geti við óhagkvæmum framkvæmdum, en sjerleyfislög er ekki hægt að setja fyr en vatnalög eru fengin.

Út af þeirri athugasemd hv. þm. (JakM), að jeg muni vilja flýta málinu af ótta við kosningarnar, vil jeg láta hann vita, að jeg stend alveg jafnt að vígi, hvort sem málið nær fram að ganga eða ekki. Um vatnsrjettindamálið þykist jeg mega fullyrða, að allir kjósendur mínir sjeu mjer sammála.

Hv. þm. (JakM) talaði um óðagot á mjer í þessu máli. Jeg á erfitt með að skilja þau ummæli hans. Málið liggur nú fyrir í 5. sinni frá 1919, og verður eigi sagt, að flausturlega hafi með það verið farið. En auk þess hittir þetta hæstv. stjórn, en mig ekki. Jeg hefi ekki flutt málið hjer á þingi síðan 1919. Það hefir jafnan síðan verið lagt fyrir af landsstjórninni, eins og hennar áhugamál, og ætíð hefir stjórnin fylgt þeirri stefnu í málinu, sem jeg held fram og tel þá einu rjettu. Fyrir það get jeg verið henni þakklátur.

Jón Þorláksson: Jeg er sammála hv. samþm. mínum (JakM), að ekki sje ástæða fyrir deildina að kjósa slíka nefnd, sem hjer er um að ræða. Málinu liggur ekkert á. Í raun og veru eru allar ástæður, sem fyrir lágu, þegar málið var tekið upp, burtu fallnar. Þörfin lítil á sjerleyfislögum, því ekki er hætta

á, að ráðist verði í framkvæmdir. (SvÓ: Spádómur!). Þetta er enginn spádómur, heldur bygt á þeirri staðreynd, að slík fyrirtæki eiga nú afarerfitt uppdráttar fjárhagslega í þeim löndum, sem hafa miklu betri aðstöðu fyrir vatnsafl sitt en okkar land, og þetta gerir það að verkum, að ekki er fýsilegt að hefja framkvæmdir. Má og minna á, hvernig fór á síðasta þingi. Nefndin hjelt nokkra fundi, og síðan heyrðist ekkert um málið. Hygg jeg, að nú muni fara eins. Sje jeg ekki ástæðu til að kjósa nefnd með þessar líkur fram undan.

Efri deild vísaði málinu til allsherjarnefndar, og þingsköpin gera beint ráð fyrir, að sama nefnd fjalli um mál í báðum deildum, og hygg jeg því rjett að vísa málinu til allsherjarnefndar, ef það kemur hingað frá hv. Ed., þótt að vísu muni heimilt að kjósa hjer sjerstaka nefnd í það.

Jakob Möller: Þær ástæður, sem jeg sjerstaklega hefi fram að færa gegn því, að sjerstök nefnd verði skipuð til að íhuga vatnamálin, eru þær, að það mundi mjög tefja störf fastanefnda og dreifa kröftum þeirra, þar sem vitanlega er óhjákvæmilegt að skipa þessa nefnd mönnum, sem nóg hafa að starfa í öðrum nefndum. Gæti þá svo farið, að önnur nauðsynlegri störf biðu halla af því. Mál þetta er þannig vaxið, að það tæki mikinn tíma, ef það færi í nefnd, og auk þess lítils árangurs að vænta, í samanburði við þau umsvif og rekistefnu, er það hefir í för með sjer. Þekki jeg þetta af eigin reynd. Málið hefir áður verið í nefndum og allmikið athugað, og virðist því óþarfi að rjúka til strax í þingbyrjun og kjósa nefnd í það. Það var á þinginu 1921, sem nefnd í þessum málum lauk störfum sínum, ný nefnd mundi því ekki gera annað en taka upp tillögurnar frá því ári, þó að vitanlega geti orðið æðimikið þref og þjark í nefndinni í sambandi við það. En það liggur ekkert á að gera það strax. Hvor hlutinn um sig hefir sínar tillögur á takteinum, hve nær sem kallið kemur. Jeg held þess vegna fast við þá tillögu mína, að umræðum verði að minsta kosti frestað.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það er í sjálfu sjer þýðingarlaust að vera að deila um þetta. Atkvæðagreiðslan mun skera úr því, hvernig fer um það.

Mjer kom alls ekki á óvart, að þessir tveir menn risu upp til andmæla nefndarskipun. Öllum þingheimi er kunnugt um, hvers vegna svo er. Þeir eru báðir í flokki þeirra manna, sem halda hafa fram umráðarjetti ríkisins yfir vatnsrjettindum og rjettleysi landeigenda. Nú eru þeir vonlausir um, að sú kenning fái áheyrn í þinginu, og vilja þá af tvennu illu heldur, að málið dragist úr hömlu en gangi fram eftir gagnstæðu stefnunni, með fullri viðurkenningu hins forna rjettar landeigenda. Er þetta að vísu eðlileg viðleitni til að fleyta kenningu þeirra í lengstu lög, en efasamt er mjög, að þeir hafi sæmd af því, enda munu fáir aðhyllast hana með þeim, — líklega svo sem einn maður auk þeirra í þinginu.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að allar ástæður, sem áður hefðu verið til að flýta þessu máli, væru nú fallnar burtu. En ein ástæðan er þó að minsta kosti eftir. Árið 1919 var í fyrsta sinn vefengdur sá forni rjettur landeigandans yfir vatninu, sem ætíð hefir verið bygt á og öll lagasetning síðari ára mið-

ar við, og hv. þm. (JakM) var einmitt einn þeirra fáu, sem vefengdu. En af þessu hefir leitt nokkra rjettaróvissu, sem nauðsyn ber til að skera úr, því að hverjum manni er nauðsyn að vita, hver rjettur hans er, eigi síður þegar um landeign er að ræða en aðrar eignir, og ótvíræð lagasetning sker úr þessu.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) mintist á það, að nefnd hefði í fyrra haft málið til meðferðar og ekki komið fram með neitt álit. Hv. þm. (JakM) ætti sjálfum að vera kunnugt um, hvers vegna svo fór. Meiri hluta menn frá 1919 töfðu fyrir nefndinni eins og áður og ónýttu starf hennar. Það má vel vera, að enn megi tefja fyrir henni á svipaðan hátt, en það ætti samt ekki að standa í vegi fyrir nefndarskipun, þótt löngun hafi þeir til þess.

Jeg hefi áður fært ástæður fyrir því, að ekki væri vænlegt til að fá málið afgreitt, að setja það í allsherjarnefnd, og því er tillagan fram komin, að setja það í sjerstaka nefnd. Fleira þykir mjer ekki ástæða til að taka fram að þessu sinni, en mæli fastlega á móti till. hv. 1. þm. Reykv. (JakM), þeirri, að málið sje tekið af dagskrá.

Forseti (BSv): Það hefir verið vakið máls á því, að það mundi koma í bága við 16. gr. þingskapanna að setja málið í sjerstaka nefnd hjer í deildinni, þar sem því hefir verið vísað til allsherjarnefndar í efri deild. En þess er að gæta, að í 16. gr., 9. málsgrein, er undantekning gerð frá þessu, en þar segir svo:

„Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál“, o. s. frv.

Auk þessa má líta svo á, sem sjerstök nefnd hafi verið skipuð í þessu máli í Ed., því að þar hefir tveim mönnum verið bætt í allsherjarnefnd til þess eins að athuga þetta mál.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram 3 listar, A, B og C, með samtals 5 nöfnum, eða jafnmörgum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru þeir því rjett kjörnir í vatnamálanefnd án atkvgr., en þeir voru þessir:

Af A-lista: Sveinn Ólafsson og Lárus Helgason.
Af B-lista: Jón Þorláksson og Hákon Kristófersson.
Af C-lista: Bjarni Jónsson.

C.
Feldar.

1. Atvinnuleysisskýrslur og atvinnubætur.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um atvinnuleysisskýrslur og atvinnubætur (A. 521).

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg skal ekki brjóta þá reglu, sem hjer hefir verið upp tekin, að vera stuttorður, eftir því, sem hægt er um slíkt mál sem þetta. Þessi till. er flutt til þess að vekja Alþingi og landsstjórn til umhugsunar um eitt hið stærsta böl á undanförnum árum í þjóðfjelagi voru, en það er atvinnuleysið. Það hefir verið svo gífurlegt nú á tveim síðustu árum að minsta kosti, að mörg hundruð eða jafnvel þúsundir manna hafa verið atvinnulausir meiri hluta vetrar. Þegar svo þar við bætist, að vinnan er stopul á sumrin og lítið upp úr henni að hafa, þá er skiljanlegt, að ástandið hjá þjóðinni sje ekki gott, sjerstaklega í sjávarþorpunum.

Fyrst er þá í till. þessari farið fram á það, að hæstv. stjórn reyni að fræðast um það, hvernig ástatt sje í landinu með atvinnu. Hjer hefir slíkum skýrslum aldrei verið safnað, að undanteknu því, sem Alþýðusamband Íslands leitaði sjer upplýsinga um atvinnulausa menn hjer í Reykjavík í vetur sem leið, og einu sinni áður, sumarið 1920. Í öðrum löndum er nákvæmlega fylgst með í þessum efnum. Skýrslur eru samdar um þetta vikulega í borgum og bæjum og athugað, hvort tala atvinnulausra manna hækkar eða lækkar. Þykir þetta mjög þýðingarmikið fyrir lönd og þjóðir. Um þýðingu þessa máls þarf jeg ekki mikið að ræða; jeg geri ráð fyrir, að öllum komi saman um, að atvinnuleysi sje eitthvert hið stærsta böl, enda þótt skoðanir sjeu skiftar um það, á hvern hátt best verði úr því bætt. Ætti enginn ágreiningur að þurfa að verða um það, að ríkisstjórninni væri falið að leggja fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að safna skýrslum um þetta; eru þessar skýrslur engu síður nauð-

synlegar en margar aðrar, sem lögboðnar eru og hagstofan fær.

Jeg hefi borið till. upp í 3 töluliðum og skift þeim fyrsta í 2 stafliði, og geri jeg ráð fyrir, að greidd verði atkv. um stafliðina hvorn út af fyrir sig, og eins um töluliðina. Um ákvæðið í 1. tölulið b, að Alþýðusamband Íslands geri tillögur um skýrslugjafirnar, þá getur nú vel verið, að einhverjir setji sig á móti því. En mjer finst það engin goðgá, þótt það gerði tillögur um þetta, og hygg jeg, að þær bendingar, er það kynni að geta gefið stjórninni í þessu máli, gætu orðið að gagni.

Þá er önnur tillagan, um að stjórnin styðji bæjar- og sveitarfjelög til þess að framkvæma nauðsynleg mannvirki til að bæta úr atvinnubresti. Sú leið, sem hjer er farið fram á, er ekkert einsdæmi fyrir okkur. Þessi skoðun er altaf að ryðja sjer meir og meir til rúms erlendis. T. d. var í Englandi fjöldi manns atvinnulaus, þegar stríðinu var lokið, og var þá hafist handa þar með ýmsar verklegar framkvæmdir, sem annars átti ekki að byrja á strax. Sömu leið hafa einnig aðrar þjóðir farið um langt skeið. Sá stuðningur landsstjórnarinnar, sem hjer er átt við, er meðal annars sá, að stjórnin samþykki lántökur bæjar- og sveitarfjelaga til þess að bæta úr atvinnuleysi, með því að ráðast í verklegar framkvæmdir.

Þá er 3. liðurinn, að stjórnin láti framkvæma nauðsynleg mannvirki þau, sem ríkisstjórninni er að lögum heimilt að ráðast í, ef atvinnubrestur er í landinu. Og jafnvel þótt ekki væri brýnn atvinnuskortur, þá ætti samt að ráðast í nauðsynleg fyrirtæki, svo sem landsspítalann og stækkunina á Kleppi. Mundi þetta koma vel heim við hagsmuni landsins, ef framkvæmt væri á þeim tímum, þegar atvinnubrestur væri. Auk þess er till. orðuð þannig, að ekki er farið fram á neinar framkvæmdir, sem ekki eru heimilaðar í lögum.

Viðvíkjandi 2. tölulið get jeg einnig tekið það fram, að hæstv. atvrh. (KlJ) lýsti því yfir hjer í þinginu í fyrra, í sambandi við eina brtt. við fjárlögin, að ef nauðsyn bæri til, þá myndi stjórnin hlaupa undir bagga með bæjar- og sveitarfjelögum. Samþykt þessarar till. hefði því aðeins þá þýðingu í þessa átt, að það lýsti vilja þingsins og gæfi hæstv. stjórn heimild, sem gott væri að hafa. Aðstreymið að Reykjavík hefir verið svo mikið á undanförnum árum, að fjöldi manns kemur hingað, sem ekkert hefir að starfa. Jafnvel nú á vertíðinni, þegar mest hefir verið um fiskinn, hefir fjöldi manna enga atvinnu fengið, og má því búast við mjög vondu ástandi, þegar fram á sumarið kemur. Og ef svo færi, að togararnir yrðu stöðvaðir, þá mundi verða mjög mikið um atvinnuleysi hjer, og vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, að hún sjái um, að þessi atvinnutæki, togararnir, verði ekki stöðvaðir, því það væri beinlínis gerræði, eins og nú er ástatt. Fólkið er nú svo margt, að líklegt er, að þessar atvinnubætur yrðu ekki til langframa nægilegar til að varna atvinnuleysinu. En þá verður að hugsa um að ráða bót á því á annan hátt, t. d. með nýbýlum, sem þingið hefir lítið hugsað um enn þá. En meðan ástandið er eins og það er nú, eru þessar atvinnubætur nauðsynlegar.

Jeg vil í þessu sambandi minnast lítið eitt á, hvaða ástæður liggja til þess, að fólk flykkist til kaupstaðanna. Því er

oft kastað fram, að um það ráði mestu skemtanafýsn fólks og að því leiðist í sveitunum. Jeg held, að þetta sje ekki með öllu rjett, og líklega að langminstu leyti. Það fer miklu fremur til kaupstaðanna vegna þess, að þar er frekar hægt að detta ofan á eitthvað að gera, sem ekki fæst í sveitunum. Og svo er önnur orsökin sú, að eigendur stórjarða í sveitunum bola burtu ábúendum smærri jarða og kota, til þess að geta lagt smærri jarðirnar undir sig. Þannig veit jeg af tveim stórjörðum, ekki langt frá Reykjavík, þar sem margbýli var áður, en er nú komið undir yfirráð eins manns, svo að hinir hafa allir orðið að hröklast burtu. Voru 7 býli á annari jörðinni, en 13 býli á hinni, og fólkið mun hafa verið alls yfir 100. Þurfti sá á fyrnefndu jörðinni að selja jörðina, og vildi því losna við þurrabúðarmennina, en hinn þóttist ekki geta þverfótað fyrir kotkörlum, og hrakti þá því í burtu. Er býlið nú komið í mestu niðurníðslu og hefir bóndinn nú ekki meiri heyafla en áður fekst af hálfri jörðinni; getur hann nú að vísu þverfótað fyrir kotkörlum, en hann getur nú ekki sett fram bát vegna fólksleysis og hefir heldur engan, ef hann vill láta gera eitthvað viðvik fyrir sig. Jeg segi frá þessu til þess að sýna fram á, að ástæður þær, sem venjulega er haldið á lofti, muni ekki vera þær einustu fyrir aðstreyminu til kaupstaðanna.

Segi jeg svo ekki fleira um þetta að svo stöddu, en vænti, að hv. Alþingi fallist á till. mínar og hæstv. stjórn framkvæmi þær svo eins og til er ætlast.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þessi till., sem hjer liggur fyrir, er í 3 liðum, og hefi jeg ekkert sjerstakt að athuga við 1. liðinn. Það er ekki neinn sjerlegur ábætir fyrir stjórnina, þótt hún eigi að útvega þessar skýrslur. Annað mál er það, hvort bæjar- og einkum sveitarfjelög verði við þessum tilmælum, að gefa skýrslurnar; þó geri jeg ráð fyrir, að svo verði. Mundi helst vera þörf á þessum skýrslum úr bæjunum, því atvinnuleysi er síður í sveitum. Jeg er fyrir mitt leyti fús til þess að annast um þetta, ef till. verður samþykt, og jeg hefi heldur ekkert á móti því að leita tillagna Alþýðusambandsins í þessu máli.

Um 2. lið er það að segja, að jeg skil ekki, hvaða stoð stjórnin geti veitt sveitar- og bæjarfjelögum með atvinnubætur, meðan engin heimild er til fyrir hana að veita eða lána fje til þess. Það væri þá helst með því móti, að stjórnin samþykti lán, sem sveitar- eða bæjarfjelögin kynnu nauðsynlega að þurfa að taka, vegna atvinnubrests eða af yfirvofandi neyð; en stjórnin mun aldrei hafa neitað um slíkt samþykki, svo að því leyti er till. óþörf. En jeg get ekki sjeð, að meðan stjórnin hefir enga almenna heimild til fjár- eða lánveitinga í þessu skyni, geti hún styrkt þetta á annan hátt.

Þá er 3. liðurinn, um að stjórnin láti framkvæma heimiluð mannvirki. Jeg get lýst því yfir, að stjórnin hefir ákveðið, þrátt fyrir peningavandræðin, að bygð verði viðbótarbyggingin við Klepp í sumar, en þó ekki gert meira en það, að kostnaðurinn fari ekki fram úr 350000 krónum.

Það hefir verið samþykt þáltill. í hv. Ed., um að skora á stjórnina að byrja sem fyrst á landsspítalanum. Sennilega verður þó ekki hægt að byrja á þessu ári, og líklega ekki því næsta heldur. En

á því verki mun byrjað svo fljótt, sem mögulegt er. Er það líka hægara, þar sem fyrirkomulag verður þannig, að byggja má í viðbót smátt og smátt.

Hv. flm. (JB) gat þess, að jeg hefði lýst því yfir í fyrra í þinginu, að stjórnin mundi hlaupa undir bagga með bæjar- og sveitarfjelögum, ef á þyrfti að halda. Þetta er alveg rjett, enda er það blátt áfram skylda stjórnarinnar, ef hallæri ber að höndum, að reyna að forða frá því, eftir því sem hægt er. Mundi hver stjórn telja sjer það skylt.

Hv. flm. (JB) tók það líka fram, að stöðva þyrfti aðflutning í bæina. Jeg er honum algerlega samdóma í þessu, einkum er kemur til Reykjavíkur. En til þess er engin lagaheimild. Sá rjettur, er sveitarstjórnir höfðu áður fyr til þess að meina mönnum að setjast að í hreppnum eða bænum, hefir verið feldur í burtu, og það mundi vafalaust verða mjög óvinsælt, ef slíkar hömlur yrðu teknar upp á ný. Og þó væri alveg nauðsynlegt að hafa einhvern slíkan hemil. Hjer í Reykjavík eru alls engin takmörk fyrir því, hvað flyst í bæinn af fólki. Það er vitanlegt öllum mönnum, að atvinnuleysi er hjer mjög mikið og húsnæði hvergi nærri nægilegt fyrir bæjarmenn sjálfa, en þó kemur ekkert skip hingað utan af landi, sem ekki er fult af fólki, er flytur til bæjarins. Þetta fólk á mjög erfitt með að fá inni; verður ef til vill að hola sjer niður í einhverjar kjallarakompur, fyrir góðvild manna, aðeins til bráðabirgða, en þessi góðvild er oft launuð með því, að þotið er í blöðin og kvartað um það, hve þetta húsnæði sje ljelegt og óviðunandi siðuðum mönnum. Jeg verð að líta svo á, að meðan sveitar- og bæjarstjórnum er óheimilt að leggja hömlur á aðflutning fólks, beri þeim engin skylda til þess að sjá þessum mönnum fyrir atvinnu. Þeim er skylt að sjá þeim mönnum fyrir atvinnu, sem dvalið hafa lengi í bænum eða hreppnum, en alls ekki þeim, er koma aðvífandi, og jeg sje ekki, að þeir menn hafi nokkra ástæðu til að kveina eða kvarta undan því.

Um ástæðuna til þess, að fólk drífur til kaupstaðanna, má lengi deila, en hvort sem því veldur skemtanafíkn eða atvinnuvonir, er það víst, að væru menn ekki eins góðfúsir á að ljá aðkomufólki húsnæði, eða ekki væri gengið eins ríkt eftir því að afla mönnum atvinnu, mundi margur maður hverfa heim aftur.

Um þetta mál má lengi ræða, en jeg sje ekki ástæðu til þess, fremur en hv. flm. (JB). Jeg get ekki sjeð neitt til fyrirstöðu því að samþykkja tillöguna. Tveir fyrstu liðirnir eru sjálfsagðir, með þeirri skýringu, sem jeg hefi gefið um 2. lið, og um 3. liðinn er það að segja, að jeg tel sjálfsagt, að stjórnin framkvæmi þau fyrirtæki, sem nauðsyn ber til og lög mæla fyrir um, þegar henni er það unt, en það verður ekki fyr en fjárhagurinn batnar svo, að nægilegt fje verði til þeirra framkvæmda.

Jakob Möller: Jeg stend upp til þess að mæla með því, að 1. liður tillögunnar verði samþyktur. Í raun og veru er það sá eini liður tillögunnar, sem nauðsyn er á að samþykkja. Reykjavík er orðin svo stór, að það verður að teljast nauðsynlegt, að sjerstakt eftirlit sje með atvinnuleysinu í bænum, og það fer best á þann hátt, sem hjer er farið fram á. Hjer hefir áður verið safnað líkum

skýrslum, en þær hafa verið vefengdar. Það mun nú vera á annað ár síðan þetta var gert, og varð allmjög deilt um það, hvort skýrslurnar væru rjettar. Jeg gerði það þá að tillögu minni, að gangskör yrði gerð að því að rannsaka þetta að opinberri tilhlutun, og man jeg það, að jeg sætti hörðum ákúrum fyrir það af hálfu flokksmanna hv. flm. (JB). Nú hefir hann þó sannfærst um, að nauðsynlegt sje að safna þessum skýrslum á þann hátt, að þær verði ekki vefengdar.

Hina tvo liði tillögunnar verð jeg að telja marklitla, og get jeg vísað til ræðu hæstv. atvrh. (KlJ) um það. Ef atvinnuleysi verður mjög tilfinnanlegt, tel jeg sjálfsagt, að eitthvað verði gert til þess að bæta úr því. Hins vegar er tilgangslítið að samþykkja svona tillögu. Framkvæmdamöguleikarnir eru takmarkaðir, enda getur stjórnin altaf skotið sjer undan þessum framkvæmdum. Vil jeg t. d. benda á landsspítalann, sem samþyktur hefir verið þing eftir þing, en jafnan verið frestað vegna fjárhagsörðugleika. Jeg sje því ekki þörf á að samþykkja 2. og 3. liðinn, þar sem jeg tel þá algerlega þýðingarlausa.

Jón Þorláksson: Það er ef til vill ótímabært að mæla á móti þessari tillögu, eftir að stjórnin hefir tekið við henni til fósturs, enda er það engin furða, þó að hæstv. stjórn taki henni vel, þar sem tillagan er borin fram af einum aðalstuðningsmanni hennar. Jeg vil þó leyfa mjer að benda á ýms atriði, sem sýna ljóslega, að tillagan er alveg tilgangslaus.

Landshættir vorir eru þannig, að öll atvinna er að mestu leyti bundin við sjerstaka árstíma og ákveðna staði, sem sje vertíð og heyannir. Af því leiðir, að allur þorri manna, sem dvelur á sama stað alt árið, verður atvinnulaus einhvern tíma ársins. Á þessu er fyrst og fremst ráðin bót með því, að menn ferðast úr einum stað í annan til þess að leita sjer atvinnu, eftir árstíma og atvinnuháttum. Nú eiga allar bæjar- og sveitarstjórnir landsins að safna skýrslum um atvinnulaust fólk. En hvaða fólk á að taka á þessar skýrslur? Ef taka á einungis heimilisfast fólk og viðstatt, munu fáir komast á skýrslurnar. Eða á einnig að taka með aðvífandi menn eða þá, sem eru heimilisfastir, en farnir úr sveitinni til þess að leita sjer atvinnu? Það er ljóst, að ef menn ættu að geta bygt nokkuð á slíkum skýrslum, þyrfti að safna þeim oft á ári, líklega ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Hver mundi t. d. vilja byggja á þeirri skýrslu, sem tekin væri í Reykjavík á jólaföstu, hve margir væru atvinnulausir í marsmánuði? Eða hver mundi meta atvinnuleysi í sveitum í októbermánuði á skýrslum, sem teknar væru í ágúst? Svo yrði einhver að vinna úr þessum skýrslum. Jeg geri ráð fyrir, að þær yrðu sendar hagstofunni, og ef þær kæmu út eftir 3 ár, eins og verslunarskýrslurnar, mætti naumast vænta þess, að þær gerðu mikið gagn. Nú mundi einhver vilja segja, að hagstofan gæti hraðað þessari skýrslugerð meir, en til þess þyrfti að auka skrifstofufje hennar. En hæstv. stjórn lækkaði skrifstofufjeð í fjárlagafrumvarpi sínu, og í meðförum þingsins hefir það enn verið fært niður. **(Atvrh. KlJ:** Og bætt við störfin). Það mun rjett, að jafnvel þótt þetta verði ekki samþykt, hafa störf hagstofunnar verið aukin á þessu þingi.

Jeg hygg, að þessi hugmynd um at-

vinnuleysisskýrslur sje eftir erlendri fyrirmynd. Í öðrum löndum er þetta gert, að telja atvinnulausa menn meðal þeirra, sem eru „faglærðir", það er að segja, meðal þeirra manna, sem hafa lært einhverja sjerstaka iðn og gefa sig ekki við annari vinnu. Þar er þetta vel framkvæmanlegt, því að verkamannafjelögin geta haft tölu á slíkum mönnum, hvert í sinni grein. En hjer á þetta ekki við. Þó að farið væri að safna skýrslum um atvinnuleysi meðal verkafólks um alt land, má ráða af þeirri litlu reynslu, sem fengin er hjer í bæ, að ógerlegt er að safna atvinnuleysisskýrslum, svo að ekki verði vefengdar, jafnvel fyrir þá vikuna, sem er að líða. Það kom fyrir nýlega, að safnað var slíkum skýrslum í Reykjavík, fyrir forgöngu alþýðufjelaganna. Kom þá í ljós allhá tala, og voru bygðar á henni kröfur um það, að bærinn rjeðist í einhverjar framkvæmdir til atvinnubóta. Bæjarstjórnin kaus þá nefnd til þess að rannsaka þessar skýrslur, og samkvæmt skýrslu þeirrar nefndar kom það í ljós, að sama sem ekkert varð úr þessu atvinnuleysi. Það urðu einungis örfáir fjölskyldumenn, sem ástæða þótti til að greiða fyrir, með því að láta þá fá atvinnu við ýmislegar bæjarframkvæmdir. Svona fór það hjer, þar sem mest tök voru á að afla áreiðanlegra skýrslna. Þetta er eðlilegt, þegar þessi skýrslugerð er teygð svo langt, að hún er látin ná yfir eyrarvinnumenn. Við eyrarvinnuna er sú tilhögun, að vinnuveitandi tekur manninn, þegar hann þarf á honum að halda, og lætur hann fara, þegar vinnunni er lokið, hve nær sem er að deginum. Hve nær eru þessir menn atvinnulausir? Hvernig er unt að taka skýrslu um atvinnuleysi í hóp, sem stundar svo lausa og stopula vinnu sem eyrarvinnu í Reykjavík? Jeg hygg, að það, sem tillagan fer fram á, verði ekki framkvæmanlegt alment. Jeg hygg, að úr því mundi verða gagnslaust pappírsflóð til einhverrar skrifstofu í Reykjavík, sem ekkert yrði unnið úr fyr en svo seint, að það yrði að engu liði.

Tveir seinni liðir tillögunnar sýna, að hv. flm. (JB) vill ekki lúta að þeim leiðum, sem hafa hingað til reynst einar nýtilegar til þess að bæta úr atvinnubresti hjer á landi. Hann sjer ekki aðra leið en að sveitar- og bæjarfjelög eða ríkið taki í taumana, ráðist í framkvæmdir til þess að veita mönnum atvinnu. Allir aðrir hv. deildarmenn munu vita, að sú leið, sem happadrýgst hefir reynst á þessu landi til að bæta úr atvinnubresti, er að stuðla að því, að atvinnurekendur sjeu nógu margir og hafi nóg tæki til þess að taka við verkalýðnum. Það er atvinnan við framleiðslu til sjávar og sveita, sem hagur þessa lands stendur á, og efling þessara atvinnufyrirtækja veitir landinu fjárhagslega stoð, um leið og það bætir úr atvinnuleysinu. En þó að bæjarfjelög þjóti í að láta framkvæma mannvirki, sem flest yrðu óarðberandi, er það ekki annað en til þess að leggja byrði á aðra bæjarbúa til þess að greiða þeim kaup, er vinna við þessi óarðberandi fyrirtæki. Hitt er sjálfsagt um fyrirtæki, sem óhjákvæmilegt er að framkvæma, að velja þann tíma til þeirra, þegar minst er að gera við önnur störf, og forðast að stofna til óheilbrigðrar samkepni við atvinnuvegina um vinnuafl.

Það hefir verið drepið á aðstreymið til Reykjavíkur. Það er fjöldi manna, sem flytur hingað vistferlum, og þá ekki síður margir, sem leita hingað til þess

að fá atvinnu, jafnvel á þeim tímum, sem ekki er næg vinna fyrir bæjarmenn. Það verður að segja sannleikann í hverju máli. Og sannleikurinn í þessu máli er sá, að í Reykjavík er verkakaup um 60% hærra mest alt árið heldur en í nálægum landshlutum. Tímakaup er hjer kr. 1,20, en 70—75 aurar fyrir austan Hellisheiði og uppi í Borgarfirði. Þessi munur hefir það aðdráttarafl, sem enginn kraftur megnar að standa á móti. Menn leita hingað til þess að fá það kaup, sem þykir mjög hátt í þeirra bygðarlagi, hvernig sem við því er reynt að sporna. Á þetta kemst ekki rjetting fyr en kaup verður jafnara, hækkar í sveitum eða lækkar hjer svo mjög, að munurinn verði ekki meiri en því nemur, hve miklu dýrara er að lifa hjer í bænum. Jeg hygg, að þessi jöfnuður muni koma ósjálfrátt, og hverfur þá um leið sterkasta hvatningin fyrir þá, sem hugsa til að flytja vistferlum til Reykjavíkur.

Þar sem hæstv. stjórn hefir nú tekið að sjer þetta verkefni, að safna skýrslum um atvinnuleysi meðal allra verkfærra manna á landinu, er í raun og veru ekki ástæða til að rísa í gegn því. Þó er jeg hræddur um, að það muni mishepnast að gera þetta á þann hátt, að það verði landinu til gagns eða stjórninni til heiðurs. En henni er ekki of gott að reyna. Jeg gæti því látið 1. lið tillögunnar afskiftalausan. En í hinum liðunum er bent á aðra leið til þess að bæta úr atvinnubresti en jeg tel rjettmæta, og mun jeg því greiða atkv. á móti þeim.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. atvrh. (KlJ) tók allvel í þessa tillögu, eftir því, sem jeg bjóst við, og lýsti enn fremur yfir því, að stjórnin hefði í hyggju að ráðast í sumar í ýmsar framkvæmdir, er ákveðnar hafa verið í lögum, svo sem t. d. að reisa viðaukann við geðveikrahælið á Kleppi. Jeg hygg einnig, að stjórnin muni ekki geta haft á móti 2. liðnum, þótt hana vanti fje, því að hæstv. atvrh. (KlJ) upplýsti, að stjórnin gæti gert tvent, samþykt lántökur sveitarfjelaga og í öðru lagi veitt nauðsynlegan styrk til atvinnubóta, ef atvinnubrestur yrði, eða hallæri, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) orðaði það. Jeg verð því að telja undirtektir hæstv. stjórnar viðunandi.

Í tilefni af því, hvort bæjar- og sveitarstjórnir mundu verða við þeim tilmælum að safna skýrslum þessum, tel jeg engan vafa á, að þær muni fúsar til þess. **(LH:** Það er nóg af skriffinskunni, þótt ekki sje við hana aukið). Það er satt, að altaf er verið að auka störf hreppstjóranna, meira að segja var bætt á þá verkum í dag. En jeg hygg, að stjórnin þurfi ekki að framkvæma þetta á þann hátt, að það nái yfir alt landið, heldur aðeins þar, sem nauðsyn ber til og þessi skýrslugerð á við. En það mundi aðallega verða í kaupstöðum og þeim sveitarfjelögum, þar sem stór kauptún eru.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) andmælti aðallega 2. og 3. lið tillögunnar. Var hann þó í raun og veru ekki mótfallinn þeim, en taldi þá þýðingarlausa. En jeg tel ekki þýðingarlaust, að þingið láti í ljós vilja sinn í þessu efni, þar sem bæði fyrverandi og núverandi stjórn hafa skotið sjer undan að framkvæma þau verk, sem þeim hefir verið falið að gera, svo sem það að reisa landsspítalann. **(Atvrh. KlJ:** Það er ekki hægt nú). Þó að fje sje ekki til þess, er stjórninni

heimilt að taka lán. Auk þess er í fjárlögunum veitt fje til fjölda mannvirkja.

Mótmæli hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skil jeg mjög vel. Hann hefir enga sjerstaka hvöt til þess að bæta úr atvinnuleysi eða gera nokkuð í þá átt. Hann kvað þessa skýrslusöfnun alveg tilgangslausa, en jeg álít mikið unnið við að fá ábyggilegar skýrslur um atvinnuleysi í landinu.

Það er ekki allskostar rjett, sem hv. þm. (JÞ) sagði, að atvinnuvegum vorum væri svo háttað, að jafnan hlytu einhverjir að vera atvinnulausir einhverr hluta ársins.

Þingmaðurinn (JÞ) gætti ekki að því, að atvinnuvegir okkar hafa allmikið breyst á síðustu 10—15 árum. Hafa nú t. d. verið teknir upp togarar við fiskiveiðarnar. Er það stórframleiðsla, sem mætti jafna til verksmiðjuiðnaðar annarsstaðar. Þetta var alt öðruvísi áður. Þá voru atvinnutækin fleiri og smærri og á fleiri manna höndum en nú er. Jeg álít því, að þeim mönnum, sem stuðlað hafa að breytingu á atvinnuvegunum, beri skylda til að bæta úr því atvinnuleysi, sem verður fyrir það, hvernig þeir haga nú atvinnurekstrinum. Það eru þessir menn, sem teygja fólkið til kaupstaðanna, og þeim ber því skylda til að láta það hafa atvinnu til að lifa af.

Hv. þm. (JÞ) spurði að því, hvaða fólk ætti svo að taka upp á þessar skýrslur. Stjórnin setur auðvitað reglur um það, og vona jeg, að þær verði fullnægjandi til að sýna, hvernig ástandið er nú í kaupstöðum landsins. Eins er um það, hve oft þessar skýrslur verða teknar. Stjórnin setur náttúrlega einnig reglur um það. Jeg hafði annars hugsað mjer, að nægja myndi einu sinni í mánuði, en við nánari athugun sje jeg, að vel getur verið, að oftar þurfi að gefa þær út hjer í Reykjavík. Er jeg viss um, að þessar skýrslur myndu koma að miklu gagni. Myndu þær sýna ljóslega, hvernig ástandið er, og yrði þá auðveldara að vinna bót á því. Líklega væri rjett að láta hagstofuna vinna úr þessum skýrslum og gefa yfirlit um þær. Trúi jeg ekki, að hún sje svo illa liðuð, að hún þyrfti 3 ár til þess, eins og einn hv. þm. gaf nú í skyn.

Hv. þm. (JÞ) mintist á skýrslu, sem gefin hefði verið út um atvinnulausa menn hjer í bænum, og að hún hefði ekki þótt sem áreiðanlegust. Það er rjett, að skýrslan var vefengd. Hitt er annað mál, hvort ástæða hafi verið til þess. Sú skýrsla mun hafa sagt rjett frá um atvinnuleysi manna, og var því þörf í alla staði. Á hinu furðar engan, þótt meiri hluti bæjarstjórnar vildi gera lítið úr henni og snúa út úr henni. Það hefir verið þeirra áhugamál fyr og síðar að reyna að dylja ástandið í bænum. Gera þeir það til að reyna að fá verkamenn til að lækka kaup sitt. Býst jeg við, að mótstaðan gegn þessari till. sje runnin undan sömu rifjum.

Þá mætti líka geta þess, að ef samþykt yrði sú breyting á sveitfestinni, sem nú er á leiðinni, þá væri þeim mun meiri ástæða til, að þetta næði fram að ganga.

Þá vildi hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) telja það sem aðalástæðuna fyrir aðsókninni til Reykjavíkur, hve kaupgjald væri hátt hjer. En þetta er ekki aðalástæðan. Aðalástæðuna tel jeg, hvernig fólkið flæmist af sveitabýlunum, og ætti hv. þm. að íhuga hvað það er, sem því veldur. Jeg skal einnig benda á það, að með Goðafossi í vetur, með sömu ferð og þm. komu, var fjöldi fólks til að leita sjer

atvinnu. Stafaði þetta þó ekki af því, að ekki væri nóg að gera þar, sem þeir voru. Þar var hlaðafli daglega. En verslun var þar svo ill, að fólkið hjelst þar ekki við. T. d. var þar borgað fyrir 1 pd. af fiski inn í verslun 8 aurar,og varð að taka út á það rándýrar útlendar vörur. Heyrt hefi jeg líka, að atvinnurekendur hjer hafi sent smala sína út um öll nes, til að fá fólk til vinnu hingað, þótt nóg væri hjer af atvinnulausum mönnum fyrir. Myndu þessir menn þá ekki geta talist einn hlekkurinn, og ekki sá veigaminsti, í þeirri orsakakeðju, sem dregur fólkið til Reykjavíkur.

Hv. þm. (JÞ) byrjaði ræðu sína á því, sem jeg skal nú enda á, að ekki væri furða, þótt stjórnin hefði tekið vel í till. mína, þar sem jeg væri hennar helsti stuðningsmaður. En hv. þm. má þar um trútt tala. Var það ekki hann einn af öllum þm., sem varði stjórnina eldhúsdaginn? Hann hljóp fram fyrir skjöldu og barðist fyrir hana í Íslandsbankamálinu. Og svo nátengdur stjórninni er hann, að nú hefir stjórnin fengið hann til að bera fram frv. fyrir sig. Eftir öllu þessu að dæma hygg jeg, að hv. þm. (JÞ) sje meiri stuðningsmaður stjórnarinnar en jeg. (BJ: Áður en haninn galar tvisvar o. s. frv.).

Jakob Möller: Jeg hefi skilið þessa till. svo, að hún væri aðallega borin fram vegna Reykjavíkur. Hefi jeg einnig litið svo á, að þessa væri þörf hjer, en ekki annarsstaðar á landinu. Með öðrum orðum, jeg gerði ekki ráð fyrir, að till. væri fram komin af fræðilegum, heldur af „praktiskum“ ástæðum, í því skyni að fá glögt yfirlit yfir hag almennings hjer í Reykjavík. Jeg skil því ekki í því, er hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fór að blanda hagstofunni í málið. Ef farið væri að safna þessum skýrslum um alt land, myndi hagstofan auðvitað gera yfirlit yfir þær. En þá væru þær áður búnar að vinna sitt „praktiska“ gagn — en það er einmitt þetta. Nú er slíkum skýrslum safnað af öðrum málsaðilja, og því viðbúið, að þær verði litaðar, samkvæmt þörfunum. Eru þær þá nokkurs konar vopn í höndum þeirra til að þvinga fram vilja sinn. Furðar mig á, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skuli heldur vilja hafa slíkar skýrslur en þær, sem gefnar yrðu út af óvilhöllum mönnum. Jeg efast ekki um, að hjer hafi verið ráðist í atvinnubótafyrirtæki án þess að knýjandi þörf væri fyrir það. Það er af því, að umsögn þeirra, sem áttu hagsmuni sína þar undir, hefir verið tekin trúanleg, án gagnrýningar. Hins vegar getur og komið fyrir,að skelt verði skolleyrunum við slíkum kröfum, þó að þörfin sje alveg knýjandi. Hjer við bætist svo, að þessar skýrslur myndu án efa verða til þess að verka hamlandi á innflutningsstrauminn til bæjanna. Yrði þeim safnað að staðaldri, sem jeg geri þá ráð fyrir, þá myndi það koma nokkurn veginn nákvæmlega út, hve margir væru atvinnulausir til jafnaðar. Á atvinnuleysistímum hlytu þá skýrslurnar að líta svo út, að þær yrðu til að fæla menn frá að leita til bæjanna, og væri það mikils virði. Jeg sje því yfirleitt ekki betur en að þessi ráðstöfun verði undir öllum kringumstæðum til góðs, og vil jeg því eindregið ráða hv. deildarmönnum til að samþykkja hana.

ATKVGR.

1. liður till. feldur með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, MJ, MK, MP, SvÓ, ÞorstJ, EÞ, EE, JakM, ÞorlJ.
nei: JAJ, JÞ, LH, MG, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞórJ, BH, HK, IngB.

Sex þm. (JS, ÓP, ÞorlG, BSv, BJ, GunnS) fjarstaddir.

2.—3. liður till. **feldir** með 16:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JB, MK, ÞorstJ, EÞ.
nei: IngB, JakM, JÞ, LH, MG, MJ, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞórJ, BH, HK, ÞorlJ.

Sjö þm. (JS, ÓP, ÞorlG, BSv, BJ, EE, GunnS) fjarstaddir.

2. Sjúkravistarstyrkur handa geðveikum þurfamönnum.

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum mönnum (A. 490).

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var till. tekin til meðferðar, **hvernig ræða skyldi.**

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var till. tekin til **fyrri umr.** (A. 490, 523).

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það er öllum kunnugt, að sjúkrahælið á Kleppi er löngu orðið of lítið, og er það almennur vilji þjóðarinnar, að það verði stækkað sem fyrst. En til þess að bæta úr brýnustu þörfinni hefir verið stofnað hjer lítið bráðabirgðahæli handa geðveikum mönnum, sem nefnt hefir verið Litli-Kleppur. Og þótt það sje næsta ófullnægjandi og sannkallað neyðarúrræði að gera út þetta hús hjer í bænum, þá hafa menn þó orðið fegnir að skjóta þangað inn mönnum, sem orðið hafa fyrir því óláni að missa heilsuna á þennan veg, og sem erfitt og nærri ógerningur oft og einatt er að hafa heima í sveitunum. En vistin á þessu bráðabirgðahæli hefir af skiljanlegum ástæðum orðið nokkuð dýr, 8—10 kr. á dag, að því er jeg hefi komist næst, og er það sýnilegt, að þetta kemur mjög tilfinnanlega niður á þeim, sem þurfa að senda sjúklinga þangað, hvort sem það kemur niður á bæjar- eða sveitarfjelögum eða einstaklingum. Hins vegar er ekki óeðlilegt, þótt vistin verði svona dýr, þar sem tilkostnaðurinn hefir hlotið að verða mikill við að koma hælinu upp og starfræksla þess að sama skapi mjög dýr hlutfallslega. Auk yfirvarðmannsins eru 3 aðstoðarmenn, sem gæta sjúklinganna, en húsrúmið á hinn bóginn svo lítið, að það rúmar aðeins 8 sjúklinga. Einnig hefir orðið að endurbæta húsið mikið og laga skemdir, sem iðulega geta átt sjer stað, af völdum sjúklinganna. Að þessu athuguðu er það engin furða, þótt mikill kostnaður komi á hvern sjúkling. En einmitt

um þennan háa kostnað hafa kvartanir komið hvaðanæfa frá, og er vonlegt, að menn finni til þess að þurfa að borga með geðveikum mönum þar margfalt gjald á við það, sem greitt er með sjúklingum á Kleppi. Enda er sannast að segja, að það sje að öllu leyti sanngjarnt að þeir, sem sækja í þessa viðbót eða bráðabirgðahæli, verði látnir sæta sömu kjörum og á Kleppi, meðan ríkið skýtur sjer undan þeirri skyldu, að stækka það hæli. Í þá átt, að ríkið bæti hinum framfærsluskyldu þennan umframkostnað, er hlýst af því, að Kleppshælið er ófullnægjandi, fer tillaga sú, sem hjer liggur fyrir. En nú hefir komið fram brtt. við tillögu mína, frá hv. þm. Borgf. (PO), þar sem gert er ráð fyrir, að ákvæðið nái einungis til þurfamanna, og hefi jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að hún nái fram að ganga, enda munu flestir þessara vesalinga vera í flokki þurfalinga, sveitarómaganna. Þá er og ákveðið í brtt., hvað meðlag með sjúklingunum megi vera hæst, eða 8 kr. á dag. Þessu get jeg líka fylgt, þar sem þetta eru eðlilegar skorður við því, að það fari fram úr öllu hófi, þótt jeg hins vegar búist við, að meðlagið þurfi ekki, eins og í garðinn er búið, að teljast afarhátt, þótt það yrði alt að 10 kr. á dag. Til samanburðar skal jeg geta þess, að dæmi munu til þess, að goldnar sjeu með sjúklingum 10—12 kr. á dag á öðrum sjúkravistarhælum. Hefi jeg það eftir lækni.

Síðast eru þá tryggingarákvæðin, eða það skilyrði fyrir þessum styrk, að stofnunin sje háð eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar. Get jeg að sönnu einnig fallist á þetta atriði, þótt mjer dyljist annars ekki, að þetta ákvæði sje viðkvæmast. Litla-Kleppi er komið upp af vandræðum, og er það ekkert leyndarmál, að synt hefir verið milli skers og báru með yfirumsjónina. Hún er nú sem stendur í höndum geðveikralæknisins á Kleppi og fleiri lækna, svo því ætti að vera sæmilega borgið og sæmilega trygt, að um sjúklingana fari eins vel og hægt er að gera ráð fyrir. En hvort hæstv. landsstjórn eða landlæknir vill samþykkja þetta, veit jeg ekki, en tel þó víst, að þar sem hjer er um sanngirnismál að ræða, þá muni engin mótmæli koma þaðan. Og hvernig svo sem Litli-Kleppur annars er úr garði gerður, þá er hann undir lækniseftirliti og hefir aðeins verið settur til bráðabirgða, uns Kleppur er stækkaður, sem auðvitað þarf að gera sem allra fyrst. Vil jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta, og get að öllu leyti fallist á brtt. hv. þm. Borgf. (PO), að sumu leyti sem meinlausar og að öðru leyti nauðsynlegar.

Pjetur Ottesen: Jeg skal lofa að tefja ekki umræðurnar lengi. Hv. 1. þm. Árn. (EE) hefir fallist á brtt. mínar og viðurkent, að með því væri málinu betur komið. Mjer fanst ekki ástæða til þess að láta ákvæðið um meðlagsstyrkinn ná til annara en þurfamanna, en það var ekki tekið fram í upphaflegu tillögunni. Þá hefi jeg líka sett ákvæði um hámark meðlagsins, og geri það 8 kr. á dag. Fanst mjer ástæða til að athuga, hvort kostnaðurinn þyrfti að fara fram úr þessari upphæð. Nú sem stendur mun meðlagið vera 10 kr. á dag, að því sem mjer hefir verið tjáð, en þó er mjer kunnugt um, að nýlega hefir verið komið sjúkling þangað með 8 kr. meðlagi á dag. Þar sem alt er nú aftur að lækka, þá ætti sú upphæð, sem jeg tilnefndi,

ekki að vera fjarri sanni. Þá hefði jeg talið æskilegt, að hv. flm. (EE) hefði gert nokkra grein fyrir því, hvaða kostnað þetta hefði í för með sjer fyrir ríkissjóðinn, ef tillagan yrði samþykt. Hygg jeg líka, að hann hafi hlotið að leita sjer upplýsinga um þetta, enda auðvelt, því ekki þarf annað en vita um það, hvað hælið tekur marga sjúklinga, því óhætt mun að ganga út frá því, að það sje alskipað, eftir því sem sagt er um aðsóknina.

Síðasta atriðið í brtt. minni er um það, að eftirlitið sje í höndum heilbrigðisstjórnarinnar; það er auðvitað sjálfsagður hlutur, að svo sje, og því sjálfsagðara, ef ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við dvöl sjúklinga þarna. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Hv. þm. Borgf. (PO) æskti þess, að jeg gerði grein fyrir því, hvaða kostnað þetta gæti haft í för með sjer fyrir ríkissjóðinn. En tillagan svarar því sjálf að mestu leyti. Á Kleppi er meðlag með ómögum 2 kr. á dag, og það, sem ríkið þyrfti þá að greiða með hverjum þurfamanni á Litla-Kleppi, er þá 8÷2 kr. á dag, eða mismunurinn, sem er 6 kr., þannig, að sveitarfjelagið greiðir 2 kr., en ríkið 6 kr., miðað við 8 kr. hámarksgjaldið. Litli-Kleppur tekur um 8 menn og býst jeg við því, að hann, því miður, verði jafnan fullskipaður. Eftir þessu verður kostnaðurinn af þessu fyrir ríkið 6×8 kr. á dag, en hvað það verður lengi, fer auðvitað eftir því, hve lengi dregst að stækka geðveikrahælið á Kleppi, og er vonandi, að það verði gert strax í sumar.

ATKVGR.

Brtt. 523,1 (ný tillgr.) samþ. með 13:6 atkv.

— 523,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.

Till. vísað til síðari umr. með 13:7 atkv. með fyrirsögninni

Tillaga til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum þurfamönnum.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 542, 551).

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 551. Brtt. breytir ekki efni till., en jeg leit svo á, að nauðsyn væri á því að gera skýrara efni hennar. Eins og till. er orðuð, mætti draga þá ályktun af henni, að svifta ætti þurfamennina styrk, ef hann færi fram úr 8 kr. á dag, en auðvitað er það tilgangurinn, að tillagið úr ríkissjóði verði ekki hærra en þetta. Verður þetta skýrt eftir brtt. minni.

ATKVGR.

Brtt. 551 samþ. með 15 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, LH, MK, MP, PO, Pþ, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, Eþ, EE, GunnS, HK, JakM, BSv.

nei: JAJ, JÞ, MG, MJ, SSt, StSt, ÞórJ, BH, IngB.

Þrír þm. (JS, ÓP, ÞorlG) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 562).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var till. tekin til f y r r i u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. **f e l d** með 7:6 atkv.

D.
Afgreidd með rökst. dagskrá.

Vantraustsyfirlýsing.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. maí, og á 58. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Tillögu til þingsályktunar um vantraust á núverandi stjórn (607).

Á 5. fundi í Sþ., föstudaginn 11. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skamt var liðið frá því, er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Þegar þáltill. um strandvarnar- og björgunarskip var hjer til umræðu á þriðjudaginn var, bar jeg fram rökstudda dagskrá, sem ekki kom til atkvæða, samkv. úrskurði hæstv. forsetans; en hún gaf að nokkru leyti tilefni til þáltill. þeirrar, sem hjer liggur fyrir. Er jeg flutti dagskrána, þá skýrði jeg, hvað fyrir mjer vakti, og hið sama vakir fyrir mjer nú með þessari þáltill. Jeg tel nauðsynlegt fyrir hæstv. stjórn og Alþingi og alþjóð manna, að það fáist yfirlýsing um það á hverju Alþingi, hver er afstaða þingsins til stjórnarinnar og hvers trausts stjórnin nýtur þar. Að jeg kem svona seint með þessa tillögu, stafar af því, að jeg bjóst við, að stjórnin sjálf eða aðrir þm., sem stendur það nær en mjer, leituðu slíks álits hjá þinginu. En þegar jeg sá, að þessi von brást og ganga mátti að því sem vísu, að þingi yrði slitið án þess, að þessarar yfirlýsingar væri leitað, þá hófst jeg handa, til þess að bregðast ekki þeirri nauðsyn, sem var á því, að þetta kæmi fram, og hugsaði, að betra væri seint en aldrei. Í raun og veru get jeg lagt þáltill. þessa í hendur Alþingis með þessum formála einum. Jeg sje enga nauðsyn á því að svo stöddu að ræða gerðir stjórnarinnar, og vil ekki gefa tilefni til þess, að farið sje út í þá sálma. Ef farið verður að ræða gerðir stjórnarinnar, má búast við því, að umræður verði langar, og ætla jeg að leggja það á vald annara. Jeg býst við, að þáltill. þessi liggi eins skýrt fyrir til atkvæða, þótt það verði ekki gert. Umræður um þesskonar verða oftast meir að kappsmáli en að þær styrki sannfæringu manna eða

skýri málefnið. En ef farið verður að dæma gerðir stjórnarinnar, þá áskil jeg mjer rjett síðar til að taka þátt í því. Með þessum orðum get jeg svo látið máli mínu lokið í þetta sinn.

Forsætisráðherra (SE): Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. flm. vantraustsins (EE) og hv. þingi komi það ekki á óvart, þótt stjórnin spyrji, á hvaða ástæðum vantraust þetta sje bygt. Hingað til hefir það þótt ósæmilegt að bera fram vantraust, nema það væri bygt á verulegum sökum og færð rök fyrir því. Því vil jeg skora á hv. flm. (EE) að koma fram með einhverjar sakir; að öðrum kosti hefi jeg ekkert hjer að segja.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Hæstv. forsrh. (SE) spurði um sakir; kvað hann vera vana við svona löguð tækifæri að koma fram með þær, og að öðrum kosti hefði hann hjer ekkert að segja. Það má vera, að þetta sje rjett, en jeg held þó, að jeg fari rjett með, er jeg fullyrði, að hjer hafi áður verið borið fram vantraust, án þess að farið væri ítarlega út í það, á hverju það væri bygt, öðru en því, að flutningsmennirnir væru óánægðir með stjórnina og vildu ekki, að hún færi með völd lengur. En úr því að jeg er spurður, sje jeg ekkert á móti því að fara dálítið út í það. Hæstv. ráðherra hefir hvatt mig til að gefa skýringu.

Jeg var í hópi þeirra þm., sem hafði heiðurinn af því eða átti sök á því, eftir því sem á er litið, að þessi stjórn varð til. En nú er jeg kominn að þeirri niðurstöðu, að við höfum ekki verið hepnir í valinu. Jeg fann mig knúðan til að lýsa því yfir á þennan hátt; annars mætti halda, að jeg væri enn stuðningsmaður stjórnarinnar.

Þá er ekki óeðlilegt, þótt spurt sje, af hverju jeg hafi orðið óánægður með stjórnina. Vil jeg nú skýra frá því í sem stystu máli. Það kom fram bráðlega, þótt ekki væri því veitt athygli í byrjun, að hæstv. stjórn var óheppilega saman sett, og því lengra, sem á stjórnartímann leið, því betur skýrðist, að sín hver var tilætlunin hjá hverjum ráðherranna og að þeir höltruðu sitt á hvað. Þessi skoðun mín hefir sannast á aðgerðum hæstv. stjórnar utan þingsins, og um hið sama, hvað stjórnin er sundurleit og óeðlilega samsett, munu allir þeir vera sannfærðir, sem fylgst hafa með því, sem gert hefir verið, og því, sem rætt hefir verið og ályktað hjer á þessu þingi. Ætla jeg þessu til sönnunar að nefna óhlutdræg dæmi, sem sanna, að stjórnin hefir togast milli ólíkra skoðana í þinginu, og skal jeg þá fyrst nefna bankamálið. Heitasta ágreiningsatriðið var það, hvort skipa ætti þingnefnd á Íslandsbanka. Þar skiftust hv. þm. eftir flokkum, og hæstv. landsstjórn hneigðist að skoðunum annars höfuðflokksins. Hins vegar höfum vjer aftur á móti fyrirspurnina um steinolíueinkasöluna. Þar hefir hæstv. stjórn verið hallmælt af ýmsum hv. þm., en hjer skaut svo skökku við, að sú leið, sem hæstv. stjórn hafði valið í þessu máli, var samkvæm stefnu hins flokksins, sem hún var andstæð í bankamálinu. Þessi 2 dæmi sýna glögglega, að afstaða hæstv. stjórnar til hv. þm. hefir verið tvíræð og óheppileg og að hæstv. ráðherrar hafa togast á milli þingflokka eða kosningasambanda, einhvern veginn af handahófi, og það í höfuðmálunum, er nú skifta helst flokkum.

því er ekki nema eðlilegt, að jeg spyrji, hverjir 42 þm. styðji hæstv. landsstjórn, eða hvort það sjeu máske allir, þar eð hún fylgir skoðun annars flokksins í einu málinu, en skoðun hins flokksins í hinu málinu, eða þá engir, þar sem hún fylgir ekki til hlítar stefnu neins flokks eða pólitísks bandalags í þinginu.

Í haust verður gengið til nýrra kosninga, og álíta sumir, eins og fram hefir komið nú í rökstuddri dagskrá, sem er að gægjast fram, að því óþarfara sje að spyrja um traust stjórnarinnar, er komið er að þinglausnum og svona stendur á um kosningar. Jeg aftur á móti álít, að mikil ástæða sje til, og jafnvel nauðsynlegt, að leitað sje þessara upplýsinga áður en þingi er slitið, og það því fremur, er þm. eiga með nýjum kosningum að standa sjerstakan reikning ráðsmensku sinnar. Þegar kosið er til Alþingis, þá er venja að spyrja: Um hvað á að kjósa? Enn þá hefir ekki verið leyst úr spurningunni. Ekkert hefir komið fram í þinginu, er skýri það, og úr því að svo fór, þá áleit jeg rjett að koma með vísbendingu um það, hvernig hæstv. stjórn stæði að ýmsum málum og hverjir styddu hana. Hefir hæstv. stjórn einhverja stefnu og þá hverja, og hvaða þingmenn standa þar að? Þetta hvorttveggja verður að upplýsast áður en hv. þm. halda heim til sín. Þeir mega ekki hafa þá afsökun, að þetta hafi ekki borist í tal á þinginu, og leika tveim skjöldum, eftir því, sem best hentar við kjósendur. Nóg er óvissan um mörg þingmálin, þótt þetta sje ekki einnig falið á bak við tjöldin alveg að ástæðulausu. Þessi hálfleyfðu mök og loddaratök, sem um of eiga sjer stað með þingflokkum og hæstv. ráðherra, mega ekki viðgangast og eru siðspillandi á meðan það líðst. Þing og stjórn á að segja til litar.

Í viðbót við það, sem jeg hefi nú þegar sagt, vil jeg geta þess, — sem oft er minst á á svona dögum —, að mjer finst full ástæða til þess að spyrja, hvernig hæstv. landsstjórn getur látið sjer lynda slíka meðferð, sem orðið hefir hjer í hv. þingi á ýmsum frumvörpum hennar, og þar á meðal þeim, er hún hefir gert að kappsmáli. Nægir þar að nefna sýslumannafrv., þetta handahófs-hrófatildur, sem var bygt eins og spilahús og fjell eins og spilahús. — Er stjórninni sama um öll málalok, alt þingfylgi, sama um alt, annað en að vera stjórn? Manni verður að spyrja, hvort svo sje ekki.

Þetta er nóg í bili, en ef hæstv. stjórn æskir, skal jeg minnast nánar á gerðir hennar í einstökum málum; jeg bíð þess að heyra, hvað hún vill fara langt.

Forsætisráðherra (SE): Eftir að hafa heyrt þessa ræðu, verð jeg að efast stórlega um, að hv. 1. þm. Árn. (EE) sje fær um að flytja vantraustsyfirlýsingu. Hann mintist á rökstuddu dagskrána, sem hann bar fram, þegar þingsályktunartillögurnar um landhelgisgæsluna voru hjer til umræðu á dögunum. Hæstv. forseti neitaði að bera dagskrána undir atkvæði, en hv. þm. (EE) mun ekki hafa gleymt því, að jeg óskaði þess, að atkvæðagreiðsla færi fram um hana. En annað mál er það, að þegar litið er á það, að einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar kom svo skyndilega með dagskrána, þá verður því ekki neitað, að hún minnir æðióþægilega um hnífstungu í bakið. En það mál verður hv. þm. (EE) auðvitað

að gera upp við sína eigin samvisku; jeg læt mjer það alt í ljettu rúmi liggja.

Hv. þm. (EE) sagði, að stjórnin væri illa samsett, en jeg get lýst yfir því, að núverandi ráðherrar eru mjög vel samtaka og vinna í góðu samræmi hvor við annan, og mun hv. þm. hafa heyrt hvorugan okkar kvarta yfir samvinnunni.

Þá vjek hann nokkrum orðum að bankamálinu, rannsókninni á Íslandsbanka, en ekki ætla jeg, að hann geti komið fram vantrausti fyrir mál, sem stjórnin naut stuðnings í af meiri hluta þingsins.

Því næst vjek hann að steinolíueinkasölunni. Jeg er og hefi altaf verið með frjálsri verslun; jeg hefi haft þá sjerstöðu, eins og svo margir aðrir, sem eru með frjálsri verslun, að jeg hefi getað fallist á, að einkasala væri á steinolíu, af þeirri ástæðu, að jeg hefi litið svo á, að in re vera væri steinolíuverslunin einokunarverslun. Og þetta er í fullu samræmi við það, að lögin, sem heimila einkasölu á steinolíu, eru borin fram af manni, sem fylgir frjálsri verslun fastlega.

Þá vjek hv. þm. (EE) að því, að stjórnin hefði átt að biðjast lausnar, þegar frv. hennar um embættaskipunina fengu ekki fram að ganga. (**EE**: Ekki sagði jeg nú það). Nú, já! En þá er heldur ekki vert að deila lengi um það. Jeg tók það fram, þegar frv. um embættaskipunina var til umræðu í hv. Nd., að þar væri á ferðinni framtíðarmál, og að í raun og veru skifti það mjög litlu máli, hvort frv. yrði samþ. á þessu þingi eða næsta þingi, því að lögin myndu hvort sem er ekki koma til framkvæmda á þessu ári, heldur yrði beðið eftir því, að embætti þessi losnuðu. Enn fremur er svo langt frá því, að það sje fordæmalaust, að stjórn sitji áfram, þótt frumvörp hafi verið feld fyrir henni. Stjórnir hafa setið hjer á landi, þó frumvörp hafi verið strádrepin fyrir þeim. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. (EE) hafi athugað, hvaða afleiðingar það mundi hafa, ef vantraust þetta yrði samþ., og að hann bæði vilji og hafi fyrirfram trygt sjer, að hann gæti myndað eða gengist fyrir því, að mynduð yrði ný stjórn. Hv. þm. sagði ekkert, sem í minsta máta gat sært mig, og á jeg því mjög erfitt með að taka rjettilega á móti þessu mjúka vantrausti. Jeg bjóst við harðúðlegri árás, en í stað þess er mjer ánægja að hlusta á flutningsmann vantraustsins, og ef hann, eins og jeg hafði ástæðu til að ætla, er sá harðasti á móti stjórninni, þá verður ekki annað sjeð en að stjórn þessi sitji með óvenjulega mikið og gott þingfylgi að baki. (**EE**: Óskar hæstv. forsrh. eftir meiru?). Já! Ef jeg á að bera fram varnir, þá bið jeg hv. þm. (EE) í annað sinn að flytja fram sakir og koma nú fram með alt það versta, sem hann veit um stjórn þá, er enn fer með völdin, og umfram alt draga ekkert undan. Jeg er fullviss um, að öllum hv. þm. þykir það mjög óviðkunnanlegt, að flutningsmaður vantraustsins skuli hafa gleymt að rökstyðja það, og víst er um það, að þegar þjóðin heyrir, að borið hefir verið fram vantraust á stjórnina, þá mun hún skilyrðislaust spyrja um, fyrir hvaða sakir það hafi verið. Og enn spyr jeg, hvar sakirnar sjeu.

Þorleifur Jónsson: Þingið er nú búið að standa, eftir því sem mjer telst til, í 86 daga. Það er orðið eitt af hinum lengri þingum. Fjárlögin eru samþykt,

og maður hefði vænst þess að alt væri svo að segja búið nema að slíta þingi. En nú hefir komið það babb í bátinn, að þingið er nú knúð til að fara að ræða vantrauststillöguna á þskj. 607, sem kom í fyrradag eins og þruma úr heiðríkju.

Áður en þessi tillaga kom fram, var svo að segja búið að ákveða þingslit. Jeg og aðrir þingmenn að austan og þingmenn að norðan ætluðum með Esju í kvöld kl. 11, og eftir okkur var skipið látið bíða.

Jeg ætla mjer nú ekki að fara að átelja flm. þessarar tillögu (EE) svo mjög. En mjer sýnist aðeins að 12 vikur sje óþarflega langur umhugsunartími til að koma með svona tillögu, og jeg ætla að benda á það, að ef nú á að fara að bramla í stjórnarskiftum, förum við ekki með Esju í kvöld, og óvíst, eins og flokkum hagar nú í þinginu, að greiðlega gangi að mynda stjórn, ef þessi fjelli. Og þar sem kosningar eiga að fara fram á næsta hausti, finst mjer rjettara að bíða með þolinmæði eftir því, hvernig þær fara.

Jeg verð að halda því fram, að engum sje þjent með því, að þessi tillaga vefjist lengi fyrir hjer í þinginu: Ekki þjóðinni; það lengir þingið og gerir kostnað. Ekki fylgismönnum stjórnarinnar, og naumast stjórnarandstæðingum heldur, þótt hún næði samþykki, því óvíst er, hvernig gengur að mynda stjórn. Jeg held, að það sje því besta lausnin á þessu, að þingið vísi tillögunni frá. Leyfi jeg mjer því að bera fram svo felda rökstudda dagskrá:

Með því að Alþingi hefir nú staðið nærfelt 3 mánuði, þinglausnir ákveðnar og kosningar fyrir dyrum, finnur þingið ekki ástæðu til þess að afgreiða þessa tillögu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Um leið og jeg svo lýk máli mínu, leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta dagskrána.

Forseti (MK): Dagskráin hefir verið mjer afhent, og er hún þá jafnframt til umræðu.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal strax taka það fram, að jeg greiði ekki atkv. um þessa rökstuddu dagskrá, sem nú er fram komin. Vantraustsyfirlýsinguna frá einum af stuðningsmönnum stjórnarinnar skoða jeg sem merki um, að kominn sje einhver tvískinnungur í stjórnarliðið, en hin rökstudda dagskrá ætlar að reyna að bæta úr því. Þennan tvískinnung ber því sjálfsagt að skoða sem fjölskyldumisklíð innan vebanda hv. stjórnarliðs. Það, sem hefir viljað til, er aðeins það, að eitt góða barnið hefir tekið að æpa og hrína, og getur það vitaskuld verið óþægilegt fyrir fjölskylduna, en hins vegar er ekki ástæða til fyrir þá, sem eru utan fjölskyldunnar, að blanda sjer í þetta. Fjölskyldan sjálf verður að reyna að jafna þetta með sjer. Geti hún það með dagskránni, þá er það sjálfsagt ágætt fyrir hana, en fyrir hina, sem ekki áttu þátt í myndun hæstv. stjórnar, sje jeg enga ástæðu til, að þeir fari að greiða atkv. um dagskrána. Hefði hv. 1. þm. Árn. (EE) verið alvara með þetta vantraust sitt, þá hefði hann átt að bera það fram fyr en á 11. stundu, en sú afsökun fyrir drættinum, að hann hefði búist við vantraustsyfirlýsingu frá andstæðingum stjórnarinnar, er vitleysa, því að hann vissi mætavel, að slíkt hafði aldrei

komið til mála og að andstöðuflokkurinn kærði sig ekki um stjórnarskifti, fyr en að afloknum kosningum. Þessi vantraustsyfirlýsing á síðustu stundu kemur því flestum á óvart. Ýmsir halda, að hv. 1. þm. Árn. (EE) hafi fengið nokkurskonar flog, og sýnist það ekki ólíkleg tilgáta fyrir oss, sem vorum með honum á þinginu 1921, því að þá fekk hann samskonar tilfelli eða flog svo að segja reglulega einu sinni í viku. Jeg sagði honum þá, að hann væri kolamokari á kafbátnum, og átti jeg þá við það, að honum væri otað fram af öðrum. Nú sje jeg, að hann er enn kolamokari og hefir því ekkert hækkað í tigninni síðan 1921. Jeg er sem sje ekki í efa um, að í raun og veru er hjer á ferðinni sami kafbáturinn og 1921. En jeg sakna þess, að hv. 1. þm. Rang. (GunnS) skuli ekki vera með nú sem fyr, en jeg skil, að það muni vera af því, að hæstv. landsstjórn hefir stungið upp í hann 9—10 þús. kr. bita. En hefði hún verið svo hyggin að gera hið sama við hv. 1. þm. Árn. (EE), þá hefði henni nú vegnað betur, og jafnvel verið alveg borgið, því að þá hefði hv. þm. ekki flutt vantraustsyfirlýsingu.

Hvað hæstv. stjórn snertir, þá tel jeg, að hún verði að viðurkenna, að það hafi á þessu þingi verið að öllu leyti „loyal opposition“ af hálfu mótstöðuflokksins. Við höfum fylgt þeim málum, sem við álitum að verðskulduðu stuðning, alveg án tillits til þess, hver bar þau fram. Svo hefir mótstöðuflokkurinn verið, og þannig á hann ætíð að vera. Hugur vor er engu að síður óbreyttur, en sá hluti þingsins, sem ekki stóð að stjórnarmynduninni í fyrra, er ekki nógu fjölmennur til þess að mynda stjórn, og kærir sig enda heldur ekki um það fyrir næstu kosningar. Ef því til stjórnarbreytingar kemur, þá verður það fyrir tilstilli stuðningsmanna núverandi hæstv. stjórnar. Ekki fýsir mig heldur að taka höndum saman við hv. 1. þm. Árn. (EE) um myndun nýrrar stjórnar. Jeg tek undir það með hæstv. forsætisráðherra (SE), að þessi vantraustsyfirlýsing sje mjög aumlega flutt og aðeins einskonar fimbulfamb. Það er reynt að sýna fram á það, að hæstv. stjórn sje ekki sammála sínum eigin flokki, en það verður að jafnast innan fjölskyldunnar sjálfrar, en ómögulegt að ætlast til þess, að við skerumst í leik, þó að einn krakkinn orgi eða hríni. Óþæga krakkann verða aðrir meðlimir fjölskyldunnar sjálfir að hugga eða sefa, eftir því, hver ástæðan er til óhljóðanna.

Að því er snertir orð hv. flm. (EE) um það, að stjórnin sje mjög óheppilega samsett, þá vil jeg benda á það, að það var ilt, að hann skyldi ekki taka eftir þessum smíðagalla í fyrra, er hann, ásamt öðrum, timbraði henni saman. Annars er rjett að benda á, að einn liðurinn er nú farinn úr henni, og það sá, sem öllum mun koma saman um, að hafi verið ónýtasti liðurinn. — Jeg skal ekki fara neitt út í þessi atriði, sem hv. flm. (EE) nefndi, bæði steinolíuna og bankamálin, því þar var aðeins um frásagnir að ræða, sem ekki koma málinu við. Þarf jeg svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en tek það fram aftur, að jeg greiði ekki atkvæði um dagskrána, sem fyrir liggur.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að gera þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort hún hafi hugsað sjer að bæta við sig manni eða að halda

áfram með 2 ráðherrum. Er mjer og forvitni að vita um það, ef hún hugsar sjer að halda þannig áfram, samkvæmt hvaða lögum hún geri það þá. Skal jeg svo ekki segja meira, en vil aðeins taka það fram, að mjer finst það næsta nýstárlegt, ef stjórnarandstæðingarnir ætla ekki að greiða atkv. um dagskrána.

Gunnar Sigurðsson:*) Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls að þessu sinni. En hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir nú gefið mjer tilefni til þess, og er jeg honum þakklátur fyrir. Hann var með einhverjar dylgjur til mín um daginn, en þær voru svo óákveðnar, að jeg átti ekki gott með að fá fang á þeim. Nú hefir hv. þm. (MG) sýnt, hvað var í pokanum, sem hann var að hrista um daginn, og er það vel, að jeg fæ nú tækifæri til að svara honum.

Hv. þm. (MG) kvað mig hafa rent niður nýlega álitlegum bitlingi frá stjórninni. Þannig er því máli farið, að jeg hafði keypt fisk í Viðey, sem matsmenn vottuðu, að væri góð vara. En þegar jeg ætlaði að fara að selja fiskinn, kom það upp úr kafinu, að hann var gerskemdur. Fiskurinn var seldur mjer af sýslumanninum í Hafnarfirði, og er þetta varð augljóst, fór jeg til hans og bað um eftirgjöf á nokkrum hluta verðsins. Hann tók þegar vel í það, og eru það því helber ósannindi, að jeg hafi snúið mjer til hæstv. stjórnar með þetta. Það var sýslumaðurinn í Hafnarfirði, sem jeg átti við um þetta, en hann aftur við hæstv. stjórn, svo ekki er hægt að segja með neinum rjetti, að hún hafi stungið neinu upp í mig. Það er einskis færi og allra síst hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hefir líka enginn annar en hann vogað að bera mjer slíkt á brýn. Skírskota jeg því nú til hæstv. stjórnar, hvort jeg hefi ekki rjett frá hermt. Hjer við bætist svo, að upphæðin, sem hv. þm. nefndi, er ekki rjett, og mun hæstv. stjórn líka geta leiðrjett það.

Jeg skil annars, hvað hv. þm. (MG) hefir gengið til þessarar árásar á mig. Hann er að reyna að hefna sín fyrir það, hve hart jeg gekk fram í því að víkja gömlu stjórninni frá völdum. En hv. þm. (MG) var óheppinn með að velja sjer árásarefni, og hefir með þessu höggið helst til nærri sjálfum sjer, því í dag var seinast verið að stinga upp í hann allvænum bita. Fanst mjer honum ganga furðu greiðlega að renna honum niður, og hefir svo verið löngum, að hann hefir ekki reynst ókokvíðari en aðrir, þessi hv. þm., er þess kyns matur hefir verið á boðstólum.

Hákon Kristófersson:*) Eftir að þing hefir nú staðið í 3 mánuði og þinglausnir verið ákveðnar, hefir hjer skeð sú nýlunda, að einn hv. þm. kemur fram með vantraust á hæstv. stjórn. Þori jeg að fullyrða, að það muni vera álit þorra hv. þm., að eins og á stendur, þurfi meira en lítið áræði til að gera slíkt. Hv. flm. (EE) bar það fram sem ástæðu í framsöguræðu sinni, að hann hafi sífelt verið að vænta þess, að einhver yrði til að bera fram vantraust á stjórnina. En þær vonir hafi svo brugðist og hann hugsað, er komið var fram á lokadag þingsins, að betra væri seint

*) Þm. (GunnS) hefir ekki yfirlesið þessa ræðu.

*) HK hefir ekki yfirlesið ræðuna.

en aldrei. Nú er ekki því að heilsa, að margir menn í þinginu standi að baki þessum hv. þm., því það er nú upplýst, að enginn úr hans flokki er þar með honum. Hjer við bætist svo, að hv. flm. (EE) hefir ekki enn þá komið fram með neitt atriði, sem stjórnarandstaða verði bygð á, og má vantraustsræða hans að því leyti teljast einhver hin ámátlegasta, sem flutt hefir verið. Jeg get því ekki betur sjeð en að hjer sje á ferðinni skrípaleikur hálfvaxinna barna, en ekki alvarlegar framkvæmdir fullveðja þm. fullveðja ríkis. Og jeg tel þennan skrípaleik misbjóða svo virðingu þingsins, að jeg tel mjer ekki sæma að eiga neinn þátt í honum, og geng því af fundi. En hins vegar get jeg vel unnað þeim hv. þm., sem sitja vilja lengur, þeirrar ánægju að hlýða á þær viturlegu ræður, sem þessi sæmdarmaður hefir að bjóða.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Jeg hefði ekki kvatt mjer hljóðs af nýju, ef hæstv. forsrh. (SE) hefði ekki langað svo mjög til þess að heyra eitthvað meira um sig og stjórn sína. Hann sagði, að jeg væri varla fær um að bera fram vantraust, og tek jeg það ekki neitt illa upp. Hann segir það svona sjer til meinlausrar málamýkingar og hugarhægðar. Jeg er þar í mínum rjetti, sem hver annar þm.

Hæstv. forsrh. (SE) líkti þessari aðferð minni við morðtilraun. Kvað hann þetta líkjast því, sem rekinn væri hnífur í bak stjórnarinnar. Hann má nota um þetta þær samlíkingar, sem honum þóknast, hæstv. ráðherra, en jeg verð þó að segja það, að ef þetta á að kallast morðtilraun, þá verða þeir margir morðingjarnir í þingfrjálsum löndum. Í nálægum löndum er það einmitt venjulegt að bera vantraust þannig fram í beinu sambandi við önnur mál, og þá ekki fátítt, að það sje að óvörum. Það var mjög eðlilegt, að vantraustið kæmi fram út úr landvarnarmálinu, því vantraust á stjórn er þess eðlis, að það getur gripið inn í hvert mál, sem fyrir kemur á þinginu, og það því fremur, sem það tekur til aðgerða hennar og reynir á traust hennar. Hins vegar get jeg skilið það, að hæstv. forsrh. (SE) finnist þetta bein morðtilraun við sig, því hann mun líta svo á, að líf sitt byggist algerlega á ráðherrastöðunni. Jeg verð annars að álíta, að jeg hafi komið fram löglega með vantraustið, og hjer geti því ekki verið um neina morðtilraun að ræða og ekkert að afsaka annað en skort á hinu stjórnföðurlega trausti.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að jeg hefði haft mýmörg tækifæri til að segja stjórninni á annan hátt frá breyttri afstöðu minni gagnvart henni, þótt jeg hefði ekki valið þessa leið. Finst þá hæstv. ráðherra (SE) eðlilegra, að jeg hefði farið heim til hans og hvíslað í eyrað á honum: „Æ, góði, nú treysti jeg þjer ekki lengur?“ Það er sú sjálfsagða aðferð, sem jeg hefi valið. Sú eina þinglega og viðeigandi aðferð til að kunngera stjórn, að hún njóti ekki þingmannatrausts. Jeg hefi flutt þessa till. upp á mitt eindæmi og er enginn flokkur á bak við mig, og því síður nokkur einstaklingur, og fer jeg þessu fram í fullu samræmi við þingsköpin. — Annars er það, eins og jeg tók áður fram, ein aðalástæða mín fyrir flutningi þessarar till., að stjórnin er ósamstæð. Það er eins um hana og þingið, alt gengur á ská og skjön og á þetta einn drýgsta þáttinn í því, hvernig þingræðið hjá oss er að fara út um þúfur. Hjálpar einmitt

stjórnin sjálf best til að halda við þessari ringulreið.

Fyrverandi stuðningsflokkur hæstv. stjórnar hefir nú komið fram með rökstudda dagskrá, í því skyni að eyða málinu, og er ekki neitt við því að segja. Flokkurinn um það. En úr andstöðuflokknum hefir einn hv. þm. risið upp með slíkum garra, að broslegt má heita, er um andstæðing hæstv. stjórnar er að ræða. Segir hann, að sjer og ýmsum öðrum hv. þm. þyki ekki ástæða til að greiða atkvæði um dagskrána. Þetta eru bærilegir karlar! Vík jeg nánar að þeim síðar, hv. 1. þm. Skagf. (MG) og hv. þm. A-Sk. (ÞorlJ).

Hæstv. forsrh. (SE) sagðist skora á mig að koma fram með alt það versta, sem jeg vissi um stjórnina. Ef hann á við eitthvað borgaralega svívirðilegt, þá veit jeg ekki um neitt slíkt í fari hæstv. stjórnar. En úr því hann hefir viljað mála þetta með svo sterkum litum og heitið á mig að koma með alt það versta, þá ber hann nú ábyrgðina á því, að jeg fer inn á einstakar stjórnarathafnir hans. **(Forsrh. SE:** Jeg bið einmitt um það). Jeg skal þá nefna atriði, sem kom til mála milli hæstv. stjórnar og stuðningsflokks hennar á þeim dögum, sem hæstv. forsrh. (SE) talaði mjúklegar til manna en hann gerir nú, á meðan hann átti alt undir þingmannafylgi, á meðan hann var að komast til valda. Þá var það af þessum flokki tekið fram sem ákveðið skilyrði, að vissir, ákveðnir málaflokkar heyrðu til hverjum einstökum ráðherra. Var þar meðal annars ákveðið, að bankamálin skyldu heyra undir fjrh. fyrv. (MagnJ). Játti stjórnin öllu þessu og tók við völdum með þeim skilyrðum. En viti menn! Þegar komið er fram á sumar, gýs alt í einu upp sá kvittur, að búið sje að taka bankamálin úr höndum fjármálaráðherra, eða þann þátt þeirra, er mestu varði, veitingarvald á bankastjóraembættum, og leggja þau undir forsætisráðherra. Sýndi það sig brátt, að þetta var satt, er hæstv. forsrh. (SE) tók að skipa þessum málum og setti meðal annars 2 menn í bankastjórastöður Íslandsbanka. Sje jeg ekki, að með nokkru móti sje hægt að kalla þetta annað en valdarán. Því víst er um það, að þetta var ekki gert með samþykki þáverandi fjármálaráðherra, og með því var gengið á, eða rjettara mundi að segja svikin, skýlaus loforð stjórnarinnar til stuðningsflokksins. Jeg vil ekki að svo stöddu leggja neinn dóm á það, hvort þetta muni hafa verið heppileg skifti, en hinu verð jeg að halda fram, að aðferðin sje í alla staði óforsvaranleg og ósæmileg og út af fyrir sig nóg vantraustsástæða, og þarf stjórnin því síður að undrast tiltæki mitt. Þarf að leggja á ströng ákvæði um það, að stjórnin brjóti ekki þannig af sjer skilyrði stuðningsflokks síns á milli þinga, og flokkurinn á að sýna það, að hann eigi í fórum sínum rjettláta gremju gegn stjórn, er gengur á gefin heit.

Jeg get svo látið þess getið, úr því að jeg fór að minnast á þetta, að þegar sá ráðherra, sem nú er farinn frá, var sviftur þessu valdi, þá ráðlagði jeg honum að segja af sjer, og hefði það verið rjetta svarið. En hann kaus nú hitt, að sitja enn um skeið, og var það illa farið. Embættisbræður hans beittu hann órjetti og hann átti að slíta samvinnu við þá.

Og fyrst jeg er nú einu sinni farinn að ræða um syndir hæstv. stjórnar, þá get jeg eins vel haldið áfram þarna og

talað um áframhaldið af meðferð hennar á bankamálinu. Fyrst auglýsti hún stöðurnar lausar, en í stað þess að skipa svo í þær einhverja þeirra manna, sem sóttu, þá þóknaðist henni að setja menn til bráðabirgða. Hefir þess verið getið til, að hæstv. ráðherrar ætluðu að geyma sjálfum sjer þessar stöður, ef svo illa kynni að takast til, að þeir töpuðu trausti þingsins. Veit jeg ekki, hvað satt kann að vera í þessu, og mun best að láta reyndina skera úr. En jeg verð þó að taka það fram, að ef þetta skyldi liggja til grundvallar fyrir þessum ráðstöfunum hæstv. stjórnar, þá er sú aðferð með öllu fordæmanleg. Og hvað sem kann að valda, þá er þetta mjög undarleg ráðstöfun, að auglýsa fyrst lausar stöðurnar til umsókna og sinna svo ekkert umsóknunum, heldur setja 2 menn, og það annan þeirra mann, sem ekki hafði einu sinni sótt. Jeg veit, að þetta hefir mælst mjög illa fyrir úti um landið, og jeg tel það líka með öllu óverjandi. Þessir menn, að þeim alveg ólöstuðum, geta ekki beitt sjer við bankastörfin á meðan ósjeð er, hvort þeir eiga að vera þar lengur en svona til bráðabirgða sem varaskeifur, eins vel og hægt væri, ef þeir hefðu veitingu og væru orðnir fastir fulltrúar þjóðarinnar þarna, sem svo mjög mæðir á, og áskilið hefir verið af þinginu, að vel og fast væri um búið. Þarna hefir hæstv. forsrh. (SE) einnig mjög brugðist trausti og tilætlun þingsins.

Þetta veit ráðherrann,að er víðs vegar um land álitið alleinkennilegt og óviðeigandi og stjórninni til dómsáfellis, og af þinginu á það að vera talið óverjandi, ef hæstv. stjórn vill ekki svo vel gera að skýra þær ástæður, sem hún hefir fram að færa þessu til rjettlætingar, að halda bankastjórastöðunum við Íslandsbanka lausum og óráðstöfuðum langan tíma, alveg að ástæðulausu, eftir alt, sem á undan er gengið og ofan í þingviljann. Þjóðin, sem óskar eftir öryggi bankans, vill fá að vita, hvort þessir bankastjórar eiga að vera með takmarkaðri ábyrgð sem settir eða með fullri ábyrgð sem skipaðir forstjórar þessarar stofnunar; nú eru þeir hvorki sem fugl eða fiskur.

Ef stjórnin vill bæta fyrir sjer með því að skipa menn nú þegar í þessar stöður, er það ekki nema gott og rjett, því nóg er að verið. Skora jeg á hana að skipa þá tvo, sem settir eru í bankastjórastöðurnar, ef hin hæstv. stjórn ætlar sjer þær ekki sjálfri, svo sem hún er grunuð um. Ekkert af þessu hefi jeg sagt til ámælis þeim mönnum, sem eru settir bankastjórar, heldur til ámælis landsstjórninni, er tekur svona á málinu.

Þar sem jeg nú hefi getið um þetta tvent sjerstaklega sem gildar vantraustsástæður, þ. e. brigðmælgi við stuðningsflokkinn og ótilhlýðilega meðferð á Íslandsbanka, eins og jeg hefi drepið á þau mál og eins og þau hafa komið fram að öðru leyti, þá ætti slíkt að nægja sem ákveðin og sjerstök kæruatriði frá minni hálfu, og þótt jeg sje einn til frásagna að þessu sinni og hljótt í kringum mig, mun það síðar verða viðurkent af allri þjóðinni, að jeg lýsi ekki vantraustinu að ófyrirsynju.

Auk þess sem jeg nú hefi tekið fram, get jeg endurtekið það, sem jeg sagði áðan, að stjórnin er yfir höfuð ákaflega haltrandi og óákveðin í öllum sínum gerðum, sem og von er, þegar enginn ákveðinn flokkur er til henni til stuðnings og enginn ákveðinn þingvilji henni að baki og enginn getur með vissu sagt, hvað það er, sem heldur stjórninni á

floti, annað en viljinn til að fljóta. Skal jeg enn geta um það, er sýnir ljóslega, hve tiltektir hæstv. stjórnar eru af handahófi og fráleitar, að þegar þingið um daginn vildi setja rannsóknarnefnd á Íslandsbanka, þá varð hæstv. forsrh. (SE) alt í einu svo snjallur, að hann fann upp á því að bera fram eða láta bera fram frv. um þennan eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, enda þótt hann í umræðum um það rannsóknarmál hefði margsinnis tekið fram, að hann þættist hafa heimild í lögum til þess að framkvæma þetta eftirlit og gera rannsókn á sparisjóðum, þegar honum sýndist þess vera þörf. Þetta lítur alt því kynlegar út, sem afstaða hans til þess sparisjóðsins, sem að allra dómi er lakast stæður, er alveg sjerstök. Það gerir ekki svo mikið til, þótt jeg nefni þennan sparisjóð, allir hv. þm. munu hafa heyrt eitthvað getið um hann. Það er sem sje sparisjóður Árnessýslu á Eyrarbakka, sem jeg á við. Þegar þessi sparisjóður komst í kröggur og var nær að þrotum kominn, bar hann sig upp við núverandi stjórn og leitaði liðsinnis hennar, sem eðlilegt var og lögum samkvæmt. Mun það hafa verið um mánaðamótin janúar og febrúar síðastl. Jeg veit ekki til þess, að nokkur liðveisla sje komin enn, enda þótt hæstv. ráðherra játi sig hafa heimild til þess að láta rannsaka þennan sparisjóð sem alla aðra. Allir munu verða að játa, að þessi dráttur er óheppilegur. Er Eyrarbakkasparisjóður einn hinn stærsti á landinu og mikið í húfi að láta hagsmuni svo margra, sem þar eiga hlut að máli, reka á reiðanum svo og svo lengi. Getur slíkt skeytingarleysi dregið dilk á eftir sjer fyrir Árnesinga fyrst og fremst og Rangæinga, og síðan önnur hjeruð. Vænti jeg því að fá nú að heyra ástæður hæstv. ráðherra fyrir þessum drætti.

En nú á svo sem að bæta úr því, sem ábótavant er um banka og sparisjóði, með eftirlitsmanninum, þeim með 16 þús. kr. launin og langtum meira þó, nýju embætti á sama þingi og ætlað var að koma sýslumönnunum fyrir kattarnef. Þetta er nú samkvæmni!

Hæstv. ráðherra (SE) leyfir sjer að nefna þingtraust og gott samkomulag. Jeg leyfi mjer að halda því fram, að þingtraust stjórnarinnar sje sama og ekkert og samkomulag og samræmi eigi sjer stað um fátt annað en að sitja í völdum. Jeg hefi skýrt það með dæmum, hvernig stjórnin þvælist þar á milli flokka, eftir því sem verkast vill; það þarf engrar endurtekningar.

Alt, sem jeg hefi nú talið, eru fullar og nægar sakir. Eða hvað vill hæstv. stjórn meira? Jú, jeg skal enn minnast á nokkur atriði, og þá fyrst það, er eigi verður fært til ákveðinna verka, stjórninni til foráttu, en það er einmitt verkleysið, aðgerðaleysið, það, hvað hún er ónýt, samhliða mistökunum á því sem gert er.

Þá vil jeg og minnast á það, sem er alleinkennilegt í fari hæstv. forsrh. (SE), er hann svaraði því um stjórnarfrv., að þótt þau væru feld, hrakin eða dagaði uppi í þinginu, þ. e. hvernig sem með þau væri farið, þá þyrfti stjórnin ekki að leita sjer trausts þess vegna. Jeg drap á þetta sem eina af ástæðum mínum fyrir vantrausti á núverandi stjórn, þótt eigi væri það aðal- eða höfuðástæða. Hann taldi sýslumannafækkunina vera framtíðarmál, mál, sem eigi kæmi til framkvæmda fyr en síðar, og þá smátt og smátt. Samt er þetta þýðingarmikið stefnumál eigi að síður, og

að láta það viðgangast, að slík stórmæli sem þessi stjórnarfrv. voru, sæti slíkum afdrifum, sem þau hafa hlotið, án þess að mjamti í stjórninni eða það sjáist, hvort henni líkar betur eða miður, það er svo að kalla óskiljanlegt, ef eigi væri vitanlegt það sem er, að þessi stjórn er lasburða og vanmáttug og metur mest að hanga.

Aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnarinnar hefir bitnað allhart á mínum kjósendum eigi síður en öðrum, t. d. þar sem er sparisjóðurinn á Eyrarbakka, sem jeg nefndi áðan; og þá er enn annað, spítalinn sama staðar. Þó ætla jeg ekki að ræða það mál nú að öðru leyti, en læt hæstv. forsrh. (SE) um það, hvort hann æskir þeirra umræðna; trúi jeg vart, að hann muni þess óðfús. Læt jeg svo þetta í garð hæstv. ráðherra nægja að sinni.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir á alleinkennilegan hátt gripið inn í þetta mál með dagskrá sinni, er hann vill nota til þess að víkja þessu máli mínu á bug. Þó stendur það hvergi í þessari dagskrá hv. þm., að strandferðaskipið Esja sje á förum og þess vegna verði að láta vantraustið niður falla að sinni. Það vantaði einungis á, til þess að ferðamaðurinn kæmi fram altýgjaður í dagskránni. Hitt segir hann, og er þar óspar á áhersluorðin, að áliðið sje orðið þingtímans. Það er að vísu satt, en þó finst mjer alleinkennilegt, að hv. þm. leggur svo mikla áherslu á það, er hann má vita, að til eru þau mál, er meiru varða en þingslit, og þá ekki síst, hvort stjórninni sje treystandi til þess að fara með völdin. Hann telur, að jeg hefði haft nægan tíma til þess að koma fram með þetta vantraust mitt þær 12 vikur, sem þingið hefir staðið. Þetta er satt. Jeg hefi heyrt þessa mótbáru fyr í kvöld, og endurtek því nú enn, að jeg bjóst alls ekki við, að það yrði mitt hlutskifti að gera þetta, en vænti þess af ýmsum öðrum, bæði af viðtali við ekki svo fáa þm., sem skírskotuðu til blaðs, sem talið er eiga talsvert í stjórninni. Taldi jeg því líklegt, að formenn flokkanna yrðu til þess eða þá að stjórnin sjálf leitaði traustsyfirlýsingar hjá þinginu. Þetta hefir nú hvorttveggja brugðist. Þó hefi jeg sannorða menn fyrir því, að hæstv. forsrh. (SE) hafi gefið það fyllilega í skyn í hv. efri deild, að hann myndi fyr en þingi lyki leita álits stuðningsflokksins um stuðninginn. En þetta virðist alt hafa ætlað að gleymast, og því minni jeg á það.

Jeg hefi ekki sjerlega margt að segja við ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hann reis upp með fítonskrafti miklum (jeg bið hæstv. forseta áminna mig, ef þetta er óþinglegt orð), en jeg get ekki skilið, hvers vegna hann fór að taka upp þykkjuna fyrir stjórnina, ef hann telur sig ekki stuðningsmann hennar. Það kynni þá að vera það, að jeg hefi áður hjálpað til að fella þá stjórn, sem hann átti sæti í, og þess vegna hafi honum eymst fyrir við ræðu mína nú og hún vakið gamla harma. Þetta sannar líka orðbragð hans. Hann kallaði mig kolamokara, þegar jeg var við það riðinn að steypa honum úr stjórnarsessi, og nú endurtekur hann það orð. Líklega er hann hræddur við, að kafbáturinn kunni að granda honum, þar sem hann ferðast á ræningjasnekkju um friðuð höf. Ætti hann því að tryggja sjer eitthvert flokksflotholtið til þess að hann sökkvi ekki. Hann hefir í þessum kafbátaummælum sínum náð hámarki fyndninnar, og endurtekur sig svo ár

eftir ár, eins og skrumkarlar, er segja hreystisögur frá fyrri árum. Svo var hann altaf að tala um einhverja familíu. Hann sver sig sannarlega, hv. 1. þm. Skagf. (MG), í ættina, eða eins og hann nefnir það sjálfur, í familíuna á þinginu, sem hann telur sig höfuðið á; einkenni hennar er þjösnaskapur og dólgslegt og ósmekklegt orðbragð, er þeir eiga í hlut, er þessi herra telur sig eiga grátt að gjalda. Jeg er á meðal þeirra að því leyti, að jeg vildi ekkert hafa með hann að gera í ráðherrasæti. Hann talaði um, að þetta væri fjölskyldu- eða familíumisklíð innan Framsóknarflokksins, en það var þó með öllu ástæðulaust, þar sem jeg var búinn að lýsa því yfir, að jeg hefði komið fram með þetta vantraust upp á mitt eindæmi, og bæru flokksbræður mínir því enga ábyrgð á því, og því síður nokkrir aðrir. Þar leitar þm. upp getsakir, er hann telur mjer til smánar. Tillagan hefir eigi valdið neinu harki, neinni misklíð; þessi hv. þm. einn spýtir mórauðu, einhverju sem þarf að fá útrás.

Jeg hefi svarað því fyr, sem þessi þm. segir eftir öðrum, hví jeg hafi ekki komið fyr með vantraustið. Er óþarft að endurtaka þær ástæður. Þeir syngja þar við sama tón, hann og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Þinglausnir og kosningar eru þeirra rök. Þvílík pólitík!

Þá kveðst hv. 1. þm. Skagf. (MG) ófús að mynda stjórn með mjer. Hefir hann dreymt, að jeg bæði hann þess? Aumingja maðurinn. Altaf ráðherradómur og ný stjórnarmyndun í huga hans.

Ósæmilegt er það af hv. umræddum þm. (MG) að dylgja með það, að jeg myndi ekki hafa borið fram vantraustið, ef stjórnin hefði stungið einhverri fjárhæð eða bitlingi að mjer. Þetta sýnir, hversu hann er vandur að vopnum. Jeg hefi ekkert tilefni gefið til að vera núð slíku um nasir. En hv. 1. þm. Skagf. (MG) er að verða bitlingakóngur.

Ekki þarf jeg að svara ummælum hv. 1. þm. Skagf. (MG) í garð fyrv. fjrh. (MagnJ). Þau orð hans sýna best, hvernig manninum er tamast að berjast.

Jeg ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál, enda er jeg brátt dauður að ræðutölunni, en vil þó taka það fram, sem jeg gleymdi viðvíkjandi dagskrá hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að ef hún verður samþykt og till. mín kemur þannig ekki til atkvæða, tel jeg þá, sem greiða atkv. móti dagskránni, með minni till., sem og er rjett. Vænti jeg, að þeir mótmæli, er þarna hafa aðra skoðun. En sjálf dagskráin felur það í sjer, að auðsjeð er, að þeir, sem samþykkja hana, bera ekkert traust til stjórnarinnar.

Forsætisráðherra (SE): Mjer skilst svo, að hv. 1. þm. Árn. (EE) hafi nú leyst frá skjóðunni og hafi nú komið fram með alt, sem til var á reiðum höndum. Hann telur mig hafa gefið Framsóknarflokknum loforð, sem síðar hafi verið brotin. Væri þetta rjett, þá mætti segja, að hjer væri sakarefni á ferðum, því þá kröfu verður þó skilyrðislaust að gera til ráðherra, að þeir efni loforð sín. En gallinn er aðeins sá, að hv. þm. fer hjer með ósatt mál. Fyrst er nú það, að þegar Framsóknarflokkurinn sneri sjer til mín og bað mig að mynda stjórnina, þá mintist enginn á það við mig, að þess væri óskað, að

málaskiftingin væri áfram óskift í stjórnarráðinu, en hitt er satt, að áður en ráðuneytið var myndað, þá komu 3 þm. frá Framsóknarflokknum og mæltust til þess við mig, að málaskiftingunni yrði haldið áfram óbreyttri, en því lofaði jeg a l l s e n g u um. Á fundi þeim, sem jeg hjelt með ráðherraefnunum rjett áður en jeg lagði til við konung, að ráðuneytið yrði skipað, tók jeg það fram, að fyrst um sinn mætti málaskipunin vera sú sama og þá var, en tók jafnframt fram, að á þessu gæti orðið breyting. Fjármálaráðherra ljet þess þá getið, að honum væri kunnugt um, að Framsóknarflokkurinn óskaði, að bankarnir væru áfram undir honum, en jeg tók fram, að á þessu gæti einnig orðið breyting. Svo skýr var afstaða mín í þessu máli. Það hefir nú verið kallað „valdarán" af einstöku mjer velviljuðum mönnum, að jeg lagði til við konung, að skipun hinna æðstu embætta, svo sem bankastjóra, hæstarjettarembætta o. fl., væri undirrituð af forsætisráðherra. En þessi ráðstöfun var gerð eftir samþykki meiri hluta stjórnarinnar á ráðherrafundi. Og best sjest það á því, að fjármálaráðherra bað alls ekki um lausn frá embætti sínu, að hann lagði enga alvarlega áherslu á þetta mál, þótt hann væri því ekki samþykkur. Þessi breyting, sem jeg hefi nefnt áður, var því bæði fyllilega lögleg og með henni var ekkert loforð brotið. Því þau loforð, sem aldrei hafa verið gefin, er ekki hægt að brjóta.

Þá var hv. þm. óánægður með, að þegar fresturinn til þess að sækja um bankastjórastöðurnar var út runninn, þá skyldi ekki vera skipað strax í stöðurnar. Til þess er því að svara, að þegar þessi frestur var útrunninn 1. febrúar, var jeg veikur, en átti þó tal við hina ráðherrana um þetta, og varð að samkomulagi, að ekki yrðu skipaðir menn í stöðurnar fyrst um sinn, en þeir menn voru settir, sem nú gegna þessum starfa. Veit jeg ekki betur en þetta hafi gefist mjög vel, og enginn veit jeg til að hafi kvartað yfir hinum settu mönnum. Jeg get einnig getið þess, að þegar Eggert Claessen fór utan, fór hann þess á leit við mig áður, að ekki yrði skipað í bankastjórastöðurnar fyr en hann kæmi aftur, því að bankastjórnin hefði gert ýms „plön", sem ruglast gætu, ef nýir menn yrðu skipaðir meðan hann væri burtu. Það hefir oft áður verið sett í embætti, og oft um miklu lengri tíma, og veit jeg ekki til, að fundið hafi verið að því. Aðalatriðið er, að mennirnir sjeu vel valdir.

En það er annað atriði, sem liggur á bak við hjá hv. flm. vantraustsins (EE). Því er ekki hægt að neita, að hann muni hafa gert sjer vonir um að verða bankastjóri við Íslandsbanka, og að honum hafi því brugðist vonir í þessu efni. Það má nú vel vera, að það sje sumra skoðun, að þessi hv. þm. hefði átt að verða bankastjóri, en það var ekki mín skoðun, og er ekki enn, og síst nú, eftir að hafa sjeð, hvað úrræðalítill hann er í þessu áhugamáli sínu hjer í dag.

Hv. þm. (EE) talaði enn um valdarán í sambandi við þetta mál, en jeg skil ekki, við hvað hann á nú með því, sökum þess, að ekkert hefir gert verið, sem ekki er fullkomlega löglegt.

Þá var hv. þm. (EE) að víta stjórnina fyrir frumvarpið um eftirlit með sparisjóðum og bönkum. Jeg get ekki sjeð, hvernig hægt er að gefa stjórninni það að sök, þótt hún vilji hafa sem best eftirlit með bönkum og sparisjóð-

um í landinu. Það hefir verið sýnt fram á það, að nú standa inni í sparisjóðum um 7 miljónir af sparifje landsmanna, og er því full ástæða fyrir stjórnina að tryggja eftirlit með þessu mikla fje. Frv. um þetta efni hefir nú þegar verið samþykt í hv. Nd. með miklum meiri hluta og auk þess enn sem komið er haft góðan byr í hv. Ed., svo að allar líkur eru til þess, að frv. þetta verði að lögum. Þetta sýnir, að þingmenn eru sammála stjórninni um þetta, og ætti stjórnin því síst að þurfa að vænta vantrausts fyrir það, sem hið háa Alþingi er henni sammála um.

Viðvíkjandi frv. stjórnarinnar um nýtt embættakerfi skal jeg geta þess, að þar var farið fram á svo stórfelda breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, að það var mjög eðlilegt þó það gengi ekki fram á þessu þingi, og var varla hægt að gera sjer vonir um það. Var enda engu spilt, þótt það biði til næsta þings eða svo. Hefir þjóðin nú tækifæri til þess að athuga þetta við kosningarnar í sumar, og það er sannfæring mín, að ekki líði mörg þing áður en það verður samþykt.

Þá var hv. flm. till. óánægður með eftirlitið með fyrirtækjunum austan fjalls, og varð hann einna þungorðastur um þau. Jeg skal ekki fara langt inn á sögu þessa máls, en á nokkur atriði verð jeg þó að drepa. Formaður sparisjóðsins á Eyrarbakka sneri sjer upphaflega til mín sem formanns bankaráðs Íslandsbanka og bað um lán handa sparisjóðnum. Því var neitað af bankastjórninni, enda þá ekki kominn samningurinn milli bankanna, svo Íslandsbanki sá sjer ekki fært að lána fjeð. Síðan var leitað til Landsbankans, en hann setti það skilyrði, eins og Íslandsbanki mundi einnig hafa gert, ef hann hefði viljað lána, að hann mætti senda 2 menn til þess að athuga hag sparisjóðsins. Lofaði hann þó engu um lán, jafnvel þó niðurstaðan af rannsókninni yrði sparisjóðnum í hag. En þá sagði formaður sparisjóðsins, að einmitt hv. 1. þm. Árn. (EE), útibússtjóri Landsbankans, hefði gert alt til þess að spilla fyrir sparisjóðnum, svo að rannsókn úr þeirri átt — Landsbankaáttinni — væri sama og ef ætti að leggja það undir dóm eiturbyrlarans sjálfs, hvort einhverjum hefði verið gefið eitur.

Jeg tel sjálfsagt, að stjórnin láti rannsaka sparisjóðinn á því stigi, sem hann nú er, og veit jeg að núverandi fjármálaráðherra muni taka vel í það. En annars hefir það komið mjög undarlega við mig, hversu oft þessi hv. 1. þm. Árn. (EE) fer inn á það, hve tæpt sparisjóðurinn er staddur. Það getur verið, að það sje af ást til sparisjóðsins, en satt að segja efast jeg um hreinskilni hans í þessu máli. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta. Hefi jeg hrakið öll atriði í ræðu hv. flm. till. (EE).

Þá kom fram fyrirspurn frá hv. þm. Str. (MP) um það, hvort stjórnin hugsaði sjer að bæta við þriðja ráðherranum. Jeg hefi látið rannsaka ítarlega, hvort heimilt sje að hafa færri en 3 ráðherra. Lögin frá 1917 ákveða, að ráðherrar skuli vera 3, en stjórnarskráin kveður svo á, að með konungsúrskurði megi breyta tölu þeirra. En svo er spurning, hvort ekki sjeu í stjórnarskránni ákvæði, sem geri það að verkum, að ekki sje hægt að hafa færri en 3 ráðherra. Forsetaúrskurður hefir fallið

um það hjer í þinginu, að samrýmanlegt sje við stjórnarskrána að hafa 2 ráðherra. En sannleikurinn er nú sá, að tvær greinar í stjórnarskránni mætti eðlilegast skilja svo, að þær gengju út frá fleirum ráðherrum en 2. Verði vantraustsyfirlýsingin samþykt, er auðvitað ekkert um þetta að segja, en sitji stjórnin áfram, hefir hún hug á því að bæta þriðja manni við í stjórnina.

Afstaða mín til dagskrárinnar er þessi:

Jeg þykist mega treysta því, að Alþingi vilji hafa þingræðisstjórn. Ef nú hin rökstudda dagskrá verður samþykt, þá er það merki þess, að þingið telji núverandi stjórn vera þingræðisstjórn og vilji hafa hana áfram.

Bjarni Jónsson: Það er ekkert að óttast, þótt jeg standi upp, því jeg ætla mjer ekki nein sláturverk. En jeg er svo undarlega viðkominn þetta mál, að jeg verð að gera grein fyrir atkvæði mínu, og er því þó ekki vanur.

Á síðasta þingi var eitt mál, sem jeg lagði ríka áherslu á við stjórnina, að framfylgt yrði, og hjet ella að bera fram vantraustsyfirlýsingu á hana nú á þessu þingi. Enda þótt hæstv. stjórn hafi nú reynst tómlát í þessu máli, þá treystist jeg þó ekki til að koma með vantraustsyfirlýsinguna, því að þótt menn hefðu slæðst með, þá hefði það verið af öðrum ástæðum, enda getur ræst úr þessu máli enn. Málið var heldur ekki þannig vaxið, að jeg vildi leggja það undir atkvæði manna nú. Tel jeg rjettast, eins og nú er komið málum, að bíða átekta, uns fuglinn Fönix rís ungur og alfjaðraður upp úr ösku kosninganna.

Að öðru leyti hefi jeg ekkert út á stjórnina að setja. Sá ráðherra, sem jeg var tregastur til að styðja í stjórnina, hæstv. atvrh. (KlJ), hefir reynst málum mínum og míns kjördæmis vel, og hefi jeg ekkert sjerstakt út á hann að setja. Jeg mun því greiða þessari dagskrá atkvæði mitt og geng þess ódulinn, að hið háa Alþingi samþykki hana og láti hv. 1. þm. Árn. (EE) fara fýluferð í þessu máli, og að það samþykki dagskrána því aðeins, að það vilji láta stjórnina sitja áfram, því þá er borgið þingræðinu.

Eitt vil jeg leiðrjetta í ræðu hv. flm. till. (EE). Hann sagði, að þeir menn, sem stilt hefðu upp stjórninni, hefðu sett henni skilyrði viðvíkjandi bankamálunum. En enda þótt sá flokkur, sem hann er í, hafi gert það, þá er það ekki einhlítt, sökum þess, að tveir flokkar stóðu að myndun stjórnarinnar, og setti annar flokkurinn engin skilyrði viðvíkjandi þessu máli. Gat eins verið, að sá flokkur hefði þverötugar skoðanir við Framsóknarflokkinn í þessu máli.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal vera skammorður. Það eru aðeins örfá orð í ræðu hv. flm. till. (EE), sem jeg þarf að svara. Hann sagði, að ummæli mín væru sprottin af því, að hann hefði stutt að því að koma mjer úr stjórninni. Þetta er misskilningur hjá hv. þm., því að honum var vel kunnugt um, að jeg átti kost á því að vera áfram í stjórn, hefði jeg viljað. Þetta eru því sömu sparðaköstin og áður hjá hv. þm.

Hv. 1. þm. Rang. (GunnS) vil jeg segja það, að jeg get látið mjer vel lynda, ef það versta, sem hann getur

sagt um mig, er það, að jeg hafi svo mikið traust, að jeg hafi verið kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna og málfærslumaður landsverslunarinnar. Svo mikið er víst, að ekki buðust honum þessi störf, og hefði hann þó máske getað bætt þeim við sig.

Viðvíkjandi fiskkaupunum get jeg sagt það, að hann mun ekki hafa keypt hann á uppboðinu, heldur fengið hann síðar í braski, en það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að hann gat ekki borgað hann. Hefði hann ekki fengið uppgjöf hjá stjórninni, þá var ekkert annað en gjaldþrot fyrir höndum; og hvernig fór þá um þingsætið?

Svigurmælum þessa þm. (GunnS) skifti jeg mjer ekkert af. Sjálfshóli hans hlægja allir að, nema hann. Allir vita, að hann getur ekki snúið sjer við sökum fjárhagslegs ósjálfstæðis. Og hefðu ekki orðið stjórnarskifti í fyrra, væri hann ekki þingmaður nú.

Jakob Möller: Mjer virðist hjer vera í mikið óefni komið, og var jeg um hríð að hugsa um að bera fram dagskrá, er enn betur skýrði ástandið en gert er í þeirri till., er fyrir liggur, en jeg hvarf frá því, er jeg heyrði yfirlýsingu hæstv. forsrh. (SE) um skilning hans á þeirri dagskrá, er nú hefir verið fram borin, og eftir að hafa heyrt ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG). Jeg get fallist á það, eftir yfirlýsingu hæstv. ráðherra, að þingræðinu sje borgið með samþykt þeirrar dagskrár, en þó því aðeins, að meiri hluti hv. þm. greiði henni atkvæði sitt. Væntanlega má þó, ef ekki er öðru lýst yfir, skilja þannig afstöðu þeirra hv. þm., sem ekki greiða atkvæði, að þeir vilji með því stuðla að því, að stjórnin fái að sitja áfram, og þeir veiti henni þannig óbeinan stuðning. Annars þykir mjer kynlegt, ef þeir hv. þm. geta látið skilja þá afstöðu sína þannig, sjerstaklega þar sem úr þeirri átt, eða af framsögumanni þess flokks, hv. 1. þm. Skagf. (MG), hefir verið borið upp á hæstv. stjórn, að hún hafi stungið upp í fylgismann sinn 9—10 þúsundum króna. Nú, en ef þeir vilja veita stjórninni fylgi eftir eða jafnframt því sem þeir bera hana slíkum sökum, þá þeir um það. En ef jeg væri sannfærður um, að stjórnin hefði gert slíkt, og þá jafnframt um það, að líklegt væri, að hún gerði það oftar, þá væri það eitt nóg til þess, að jeg gæti ekki setið hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Og jeg ætla ekki að sitja hjá. Jeg mun greiða mitt atkvæði á móti dagskránni. Jeg get hvorki veitt hæstv. stjórn beinan stuðning, með því að greiða atkv. með dagskrártill., nje óbeinan, með því að greiða ekki atkv.

Hæstv. forsrh. (SE) veit það vel, að þegar stjórnin var mynduð á síðasta þingi, var það ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir stuðningi eða hlutleysi af minni hendi, að stjórnin fylgdi fram frjálsri verslun. En nú hefir það komið fram í umræðum um steinolíuverslunina, að skilningur hennar á því hugtaki er mjög rúmur og rýmri en jeg get fallist á. Jeg tel það og upplýst við umr. um olíueinkasöluna, að henni hafi verið komið í framkvæmd án fullnægjandi heimildar, fyrir vilja örfárra manna, en í því tiltæki hafi í raun og veru falist fullkomið gerræði gagnvart meiri hluta þingsins. Jeg get ekki litið eingöngu á það, að komið sje að þinglokum, fyrst jeg get ekki varið það fyrir samvisku minni og sannfæringu, að rjett sje að styðja stjórnina. Úr því að vantraustst till. er komin fram, verður hver þm. að

greiða atkv. eftir því trausti, sem hann ber til stjórnarinnar.

Gunnar Sigurðsson:*) Það getur verið, að þetta þurfi að vera meira en dálítil athugasemd, því hjá hv. 1. þm. Skagf. (MG) er „öllu snúið öfugt þó aftur og fram í hundamó" í þessu máli, sem hann hefir lengi gengið með, þótt svo fari að lokum, að hann verði að eta alt ofan í sig. Jeg vil því í þessu sambandi skora á hæstv. atvrh. (KlJ) að lýsa yfir því, að jeg á engan þátt í þessari uppgjöf. Jeg keypti fiskinn eftir matsvottorði eiðsvarinna manna og gekk aðeins inn í boð annars manns. En varan reyndist svikin vara. Og jeg get lagt fram vottorð sýslumannsins í Hafnarfirði um það, að hann hefði gefið mjer eitthvað upp af þessu, þótt honum hefði sjálfum ekki verið gefið upp.

Annars þarf jeg ekki að fjölyrða meira um þetta, því þm. (MG) mun ekki spinna silki úr þessu máli. Og ósannindum hans öðrum þarf jeg ekki einu sinni að svara, svo sem því, að jeg hafi verið gerður gjaldþrota, eða að stungið hafi verið upp í mig bitum. Honum mun hættara við slíku en mjer.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekki fundið ástæðu til þess að taka til máls við þessar umræður, því embættisbróðir minn, hæstv. forsrh. (SE), hefir svarað svo fullkomlega því, sem hjer hefir komið fram, að jeg hefi eiginlega engu orði þar við að bæta, enda eru ástæðurnar fyrir vantraustinu, þegar loksins þær hafa verið togaðar út, svo almenns eðlis, að ekki þarf að fjölyrða mikið um þær sjerstaklega. Það eru því aðeins tvö eða þrjú atriði, sem jeg þarf að víkja lítillega að út af ummælum hv. 1. þm. Árn. (EE). Hann talaði um það, að stjórnin hefði ekki gert skyldu sína um eftirlit með sparisjóðnum á Eyrarbakka. Þetta mál heyrði ekki undir mig, og jeg hafði enga þekkingu til þess máls, nema af tilviljun, að jeg kom einu sinni inn til fyrv. fjrh. (MagnJ), meðan hann var að tala við forstöðumann sparisjóðsins; var það um mánaðamótin janúar og febrúar. Málið heyrði eingöngu undir fjármálaráðherrann, og hv. þm. (EE) verður því að snúa sjer til hans og beina árásum sínum út af þessu að honum, þótt það sje einmitt sá sami, sem hann segist hafa borið mest traust til í stjórninni.

Þá er það hv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem sagðist hafa sett það sem skilyrði fyrir fylgi við stjórnina, að hún væri með frjálsri verslun. Mjer er alveg ókunnugt um þetta skilyrði, en hann hlaut þó að vita það, að jeg var og hafði lengi áður verið með einkasölu á sumum vörutegundum. Annars skal jeg ekki fara að vekja upp aftur nýafstaðnar umr. um það mál, en vísa aðeins til ummæla minna þar.

Hv. 1. þm. Rang. (GunnS) skoraði á mig að segja, hvað satt væri um fisksöluna í Viðey 1921. Mjer er forsaga þess máls ókunn, nema jeg heyrði ávæning af því, eins og margir aðrir, að þessi fiskur hefði gengið kaupum og sölum, en reynst ónýtur. Hitt er mjer kunnugt, að sýslumaðurinn í Hafnarfirði skrifaði stjórnarráðinu og sagðist eiga útistandandi frá þessu uppboði 9—10 þús. kr., sem hann byggist ekki við að fá inn, og bað því um eftirgjöf á því. Og þar sem viðkomandi skrifstofustjóri, sem

*) Ræðu þessa hefir þm. (GunnS) ekki yfirlesið.

málinu var nákunnugur, hafði sjálfur verið í útflutningsnefnd og hafði látið selja þennan umrædda fisk, sagði eitthvað á þá leið, í umsögn sinni um málið, að þessi eftirgjöf væri fullforsvaranleg, var hún veitt. Þetta eru heldur engin einsdæmi, hvorki fyr nje síðar, og treysti jeg mjer til að benda á ýms lík tilfelli, ef jeg færi í leit eftir þeim. Annars kemur þetta vantraustinu í sjálfu sjer lítið við, og get jeg því lokið máli mínu.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Hæstv. forsrh. (SE) mótmælti því, að hann hefði gefið það loforð um verkaskiftingu ráðherranna, sem jeg hermdi upp á hann. Þetta hefir þó margsannanlega farið fram á fundi framsóknarmanna og ráðherraefnanna, þar á meðal forsætisráðherra, uppi á Hlaðbúð hjer í þinghúsinu, og er furðuleg bíræfni af forsrh. að mótmæla þessu. **(Forsrh. SE:** Hrein og bein ósannindi). Og þetta var brotið á þann hátt, að málin voru dregin úr höndum þess manns, sem samkvæmt loforðinu átti að fara með þau. Hins vegar geri jeg ráð fyrir því, að hv. þm. Dala. (BJ) hafi rjett fyrir sjer í því, sem hann sagði, af þeirri einföldu ástæðu, að hans flokkur, sjálfstæðið, hafi ekki sett nein slík skilyrði, sem jeg hefi eigi heldur haldið fram, og þurfi þess vegna ekki að kvarta um það, að þau hafi verið brotin.

Hæstv. forsrh. (SE) var það víst líka, er sagði sem svo, að ef þessi völd hefðu ranglega verið dregin úr höndum Magnúsar Jónssonar, hefði hann auðvitað átt að biðja um lausn. Jeg er alveg sammála þessu, og jeg ámæli Magnúsi Jónssyni fyrir að hafa ekki sagt af sjer undir eins. En þar hefir komið fram aðkenning af því sama, sem náð hefir stundum hámarki sínu hjá hæstv. forsrh. (SE) sjálfum, að vilja sitja, bara sitja. Og það er víst að sannast í dag.

Hæstv. ráðherra (SE) sagði það um ákúrur mínar út af setningu bankastjóranna í Íslandsbanka, að hr. Eggert Claessen hefði beðið sig að skipa ekki í stöðurnar fyr en hann kæmi aftur úr utanför sinni. Þetta er merkileg upplýsing, og er þó ekki sagt til þess að ámæla E. Claessen, þeim dugnaðarmanni. Hann á að gæta rjettar hluthafanna, hinir bankastjórarnir eiga að gæta rjettar þjóðarinnar, og til þess rjettar á stjórnin fyrst og fremst að taka tillit. En með þessari yfirlýsingu hefir hæstv. ráðherra sýnt það, að það eru hagsmunir hluthafanna, sem hann vildi fyrst og fremst taka tillit til; hin vanræktu fyrirmæli þingsins giltu minna. Það er ekki verið að hallmæla mönnunum, sem settir hafa verið, með þessum ummælum, en það er verið að hallmæla stjórninni fyrir það, að hún skuli láta mennina vera aðeins setta, þar sem það bæði gerir aðstöðu þeirra óhægri til að gera bindandi ráðstafanir og er óforsvaranlegt yfirleitt, að hafa óskipað í svona þýðingarmikil embætti í langan tíma. Þetta er vert þess að ítrekast og þjóðin þarf að krefjast reikningsskapar slíkrar ráðsmensku ráðherranna.

Hinu þarf jeg ekki að svara, að jeg hafi gert mjer vonir um stöðuna, því ekki var jeg í hópi umsækjendanna að minsta kosti. En hæstv. forsrh. (SE) þekkir svo vel leyndar embætta- og vegtylluvonir úr lífssögu sinni, að von er að hann ætli öðrum svipaðan hugsunarhátt.

Hæstv. ráðherra (SE) fór að blanda

bankaeftirlitsmanni inn í þetta. Hann um það. En jeg stend við alt, sem jeg hefi sagt um það mál, og það mun sýna sig, að það er rjett. En engin þörf er á því að vera að endurtaka það hjer. Bitlingsembætti á ábyrgð forsætisráðherra er eina svarið, sem við á.

Þá var verið að dylgja eitthvað um afstöðu mína til sparisjóðsins á Eyrarbakka og sagt, að jeg hefði í því máli verið til ills eins; jeg man ekki orðin. (**JÞ**: Verið eiturbyrlarinn, var sagt). Jæja, jeg get óhræddur skotið því undir kunnugra dóm, hvort það hafi verið eitur, sem jeg hefi lagt til þess máls. (**JÞ**: Það kemur þeim öllum saman um). Nei, þeir austur frá hafa oft kallað mig afsíðis og tjáð mjer vandkvæði sín um þetta mál, og jeg hefi sagt þar það, sem jeg vissi best og sannast, og gætt hlutleysis míns. Þar get jeg leitt Flóabændur sem vitni gegn framkvæmdarstjóra áveitunnar þeirra og gegn sparisjóðsformanninum, Jóhanni og öllu því heimafólki.

Jeg skal svo fara að ljúka máli mínu. En vil þó, út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði, að hann hefði átt kost á því að vera í stjórn í fyrra áfram, lýsa því yfir, að þótt svo hafi verið, sem jeg veit ekki til, þá var jeg sannarlega ekki í tölu þeirra, er gáfu honum kost á slíku. Skyldi jeg þá ekki eiga kollgátuna um, að þetta sje alt draumur fyrir honum, sprottinn af daglegri umhugsun og löngun mannsins.

Jeg þarf litlu að svara hæstv. atvrh. (KlJ). Hann segir, að sparisjóðsformaðurinn hafi átt tal við fyrverandi fjrh. (MagnJ), en hann átti líka tal við hæstv. forsrh. (SE), og auk þess voru banka- og sparisjóðsmálin þá komin í hendur allrar stjórnarinnar. Var Landsbankinn ekki fráhverfur því að hlaupa undir bagga með sparisjóðnum, en vildi rannsaka hann áður, en það vildi sparisjóðsformaðurinn ekki, og stjórnin sýndi þann skörungsskap, samkv. yfirlýsingu forsrh. (SE), að láta þar við sitja.

Ef nú þessi rökstudda dagskrá verður samþykt, þá óska jeg stjórninni til hamingju með hálmstráið, sem hún ætlar að fljóta á frá þessu þingi til hins næsta. Verður það að líkindum lengsta stráið, sem vex hjerlendis á þessu sumri, eftir útlitinu að dæma. Er þessi vantrauststill. mín fram komin meðfram vegna þess, að hæstv. forsrh. (SE) sagðist kalla mig bleyðu, ef jeg þyrði ekki að koma fram með hana. Jeg hefi nú hrakið af mjer bleyðiorðið, en nú getur hann spurt sína eigin samvisku um það, hver hetja hann er þarna á hálmstráinu. — Og skal jeg svo láta máli mínu lokið.

Jakob Möller: Jeg skal geta þess út af orðum hæstv. atvrh. (KlJ), að jeg hafði gleymt fyrri afstöðu hans í verslunarmálunum, en hins vegar var mjer kunnugt um það, að hann var meðlimur í fjelaginu Stefni, þegar hann varð ráðherra, og vissi jeg, að það fjelag hafði frjálsa verslun ofarlega á sinni stefnuskrá. Hjelt jeg því, hvað sem fyrri afstöðu hæstv. ráðherra (KlJ) leið, að þá mundi hann ekki hafa gengið frá þessari seinni stefnu sinni.

En skilyrðið frá minni hálfu var og ófrávíkjanlegt, alveg án tillits til þess, og fyrst stjórnin einu sinni gekk inn á það, hlaut jeg að treysta því, að stjórnin mundi uppfylla skilyrðið. En um leið og hún hafði brotið það, var mín afstaða glögg gagnvart hæstv. stjórn, og

þetta mátti henni og ljóst vera á síðasta þingi, eftir því sem orð fjellu þá.

Forsætisráðherra (SE): Jeg tók það fram í dag, að jeg væri fylgjandi frjálsri verslun og hefði altaf verið það. En þar sem steinolíuverslunin jafnan hefir verið skoðuð sem nokkurskonar einokunarverslun í sjálfu sjer, þá hefir það hjer þótt geta samrýmst að vera með frjálsri verslun og fylgja þó einkasölu á steinolíu. Sjest þetta skýrt, ef lesnar eru umræðurnar um lögin um einkasölu á steinolíu frá árinu 1917, og ekki síst af því, að maðurinn, sem bar þau fram, hefir jafnan fylgt frjálsri verslun.

Um síðustu ræðu hv. vantraustsflytjandans (EE) er það að segja, að það var í raun rjettri sama ræðan sem hann hefir altaf flutt hjer. Nenni jeg ekki að endurtaka öll rök mín móti þeim hjegóma. Því vil jeg þó lýsa yfir, að það eru hrein og bein ósannindi hjá hv. þm. (EE), að jeg hafi brotið nokkurt loforð við Framsóknarflokkinn. Eins og jeg hefi skýrt frá áður, þá kom ósk fram frá Framsóknarflokknum um að verkaskiftingin hjeldist óbreytt í stjórnarráðinu, en jeg lofaði engu um það, en tók beinlínis fram við ráðherrana, að breyting gæti orðið á verkaskiftingunni. (**EE:** Ráðherrann lofaði því víst).

Annars ætti hv. þm. (EE) ekki að tala með slíkum ákafa um bankamálið eins og hann nú gerir, því að vitanlegt er, að hann langaði mjög í bankastjórastöðuna. Ef það á að vera aðalefni vantraustsins, að jeg hefi sett góða menn í Íslandsbanka, þá fer margt að gerast undarlegt með þjóð vorri. (**EE:** Ein ástæðan sú, að í bankann hafa hvorki góðir nje illir verið **skipaðir**). Er það af öllum viðurkent, að þessir menn sjeu góðir.

Hv. þm. hafði það eftir öðrum þeirra, að hann hefði sagt sjer, að þeir ættu bágt með að neyta sín á meðan þeir væru aðeins settir. Jeg verð að leyfa mjer að bera brigður á, að þetta sje rjett haft eftir. (**EE:** Jú, það er rjett). Hafa þessir menn báðir gegnt ábyrgðarmiklum störfum áður og munu hafa fulla einurð til að standa fyrir máli sínu. Enda trúi jeg ekki þeim manni fyrir embætti sem skipuðum, sem ekki hefir fulla einurð til þess að gera það, sem rjett er, meðan hann er settur. (**EE:** Alt önnur aðstaða).

Hv. þm. (EE) fann að því, að jeg hefði ekki skipað bankastjórana. Jeg hefi margsvarað því, hvers vegna jeg hefi ekki gert þetta, og nenni ekki að endurtaka það. En jeg get bætt því við, að jeg álít bankastjóra Eggert Claessen ágætan mann í þessa stöðu. Mann, sem ber ekki síður hag landsins en hluthafanna fyrir brjósti. Bauð þessi maður mjer að fara frá bankanum án þess að krefjast nokkurs, en jeg vildi ekki missa hann.

Hv. þm. (EE) var að tala um stærsta stráið, sem vaxa mundi á þessu sumri. Jeg skal engu spá um það. En hitt veit jeg, að ekkert strá mun verða jafnblaktandi á þessu sumri eins og þessi hv. þm. (EE) hefir verið á þessu þingi. Hefir það sjaldan hent í hans þingsögu, að hann hafi verið sömu skoðunar í enda ræðunnar eins og í byrjun hennar. (**EE:** Eitt dæmi því til sönnunar). Hefir framkoma hv. þm. verið öll hin hlægilegasta og mundi vegur þingsins lítt

aukast, ef það hefði marga sömu tegundar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get vel fyrirgefið hv. 1. þm. Reykv. (JakM), þótt hann hafi gleymt því, að jeg hafði sjerstaka aðstöðu hvað sölu vissra vörutegunda snerti. Hann minti á það, að jeg hefði verið fjelagi í Stefni og hefði því hlotið að vera fylgjandi frjálsri verslun. Það er rjett, að jeg var þar fjelagi. Jeg sá einu sinni auglýst, að tiltekinn maður ætlaði að halda þar fyrirlestur. Jeg fór á fundinn og mjer gast svo vel að ræðu hans, að jeg gekk í fjelagið. Ræðan var um sparsemi á landsfje, en fjallaði ekkert um frjálsa verslun eða neitt þvílíkt. En jeg veit ekki til, að nein skilyrði um, að maður væri fylgjandi frjálsri verslun, hafi verið sett sem inntökuskilyrði, en lög fjelagsins hefi jeg ekki fengið. En hafi jeg brotið lögin, þá er fjelaginu innan handar að excludera mig.

Á því, sem hæstv. fyrv. fjrh. (MagnJ) kann að hafa gert, ber jeg enga ábyrgð. Hver ráðherranna verður að bera ábyrgð á því, sem undir hann heyrir. Sparisjóðs- og bankamálin heyrðu undir þennan ráðherra, og hann einn á sökina, ef einhver vanræksla hefir átt sjer stað.

En nú hefi jeg gert ráðstafanir til þess, að sparisjóður þessi verði rannsakaður fljótlega.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. A.-Sk. (ÞorlJ) samþykt með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GGuðf, GÓ, GunnS, HSn, IngB, JJ, KE, LH, Pþ, SJ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BSv, BJ, BH, MK.

nei: EE, JakM, JB, MJ, MP.

15 þm. greiddu ekki atkv. (Eþ, HSt, IHB, JóhJóh, JAJ, JM, JS, Jþ, MG, ÓP, PO, SE, SHK, ÞórJ, BH).

Tveir þm. (HK, SSt) fjarstaddir.

E.
Vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Húsmæðraskóli á Staðarfelli.

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli (A. 295).

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg geri ekki ráð fyrir því, að skoðanir deildarmanna muni verða skiftar um þessa þáltill. Það er ekki til nema einn vísir að húsmæðraskóla hjer á landi, en það er deild við kvennaskólann hjer í Reykjavík. En hins vegar eru hjer 2 bændaskólar. Hjer hallast því á, kvenfólkinu í óhag. Jeg býst við, að deildarmenn muni vita, hvernig máli þessu er varið. Merkiskona í Flatey gaf eigur sínar til kvennaskóla á Vesturlandi, og er sá sjóður nú um 100 þús. krónur. Við þetta bætist, að Magnús Friðriksson á Staðarfelli gaf landinu jörð sína með húsum, til þess að hún yrði notuð sem skólasetur. Þar við bætist, að þegar þingið hafði fyrir 3 árum til meðferðar stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi, þá var ungri konu veittur styrkur til náms erlendis. Skóli þessi kom aldrei til framkvæmda, sökum fjárhagsörðugleika, en konan gekk í skóla bæði í Danmörku og Svíþjóð og er til staðar og hefir fengist við kenslu og fengið ágætt orð. Skortir því hvorki stað, peninga nje kenslukrafta.

Það er gert ráð fyrir því, að stjórnin rannsaki og undirbúi mál þetta í samráði við forseta Búnaðarfjelagsins. Hann er maður mjög áhugasamur um slíka hluti og þaulkunnugur þesskonar skólum erlendis, og því heppilegur ráðunautur.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á kostnaðarhliðina. Jeg gæti hugsað, að sumum kynni að finnast það mæla á móti þessu máli, ef framkvæmd þess bindur landssjóði einhverja bagga. En jeg held, að svo þurfi ekki að vera. Það má haga framkvæmd þessa máls á tvennan hátt. Það má byrja í smáum stíl, hafa svo

sem 12 nemendur. Þá þarf lítið að byggja í viðbót og þá má reka skólann með rentunum af Herdísarsjóðnum. Þannig er hugsanlegt, að skólinn starfi án nokkurs framlags af hálfu ríkissjóðs. Hin leiðin er sú, að byrja í stærri stíl og hafa fleiri nemendur. En jeg álít þá leið ekki rjetta. Jeg hygg, að betra sje að byrja smátt meðan verið er að þreifa fyrir sjer, hvernig slíkt fyrirtæki getur best þrifist. Þeim til fróðleiks, sem ekki hafa komið að Staðarfelli, skal jeg geta þess, að þar er með stærstu steinhúsum, sem jeg hefi sjeð til sveita. Það er enginn vandi að hafa þar skóla fyrir 12 nemendur og auk þess reka bú. En ef þarf að byggja, þá er þessi sjóður til. Ef byrjað verður í smáum stíl, þá þarf ekki að breyta ábúðinni, sem nú er þar. Þar situr nú sýslumaður Dalamanna og hefir stórt bú. Það er ekki hægt að setja upp skólabú, nema með ærnum kostnaði. Þá þyrfti að kaupa búsmala, en vafasamt er, hvort á að gera það að svo vöxnu máli.

Jeg held, að það sje óhætt fyrir hv. deild að samþykkja þessa þáltill. Það er enginn byrðarauki fyrir ríkissjóð fyrst í stað, en verður það máske, er fram líða stundir; en við því er ekki hægt að gera, því að óhugsandi er að komast hjá því til lengdar, að ríkissjóður verji fje til sjermentunar kvenna.

Halldór Steinsson: Jeg finn mig knúðan til að segja nokkur orð um þessa þáltill. Fyrir 2 árum afhenti Magnús bóndi Friðriksson ábúðar- og eignarjörð sína Staðarfell landinu til eignar, gegn 3 þúsund króna árlegu tillagi úr ríkissjóði meðan þau hjón lifa, bæði eða annað. Þetta var þá kölluð gjöf, og er það enn af sumum, en það er fjarstæða að nefna það slíku nafni. Það er því aðeins hægt að kalla þetta gjöf, að menn búist við, að hjónin verði svo skammlíf, að ríkissjóður þurfi ekki að greiða meira en sannvirði jarðarinnar nemur. En sem betur fer, eru ekki líkur til annars en heiðurshjónum þessum verði langra lífdaga auðið. En þá má líka snúa dæminu við. Þá er þessi afhending ekki lengur gjöf, heldur baggi, sem getur með tímanum orðið þyngslabaggi. Jörðin Staðarfell er samkv. fasteignamatinu virt á 30 þúsund krónur með öllum húsum. En af þessum húsum voru eitt eða tvö undanskilin af eiganda jarðarinnar. Jeg er nú talsvert kunnugur þarna, og eftir því, sem jeg þekki til, þá er ekki hægt að selja jörðina við þessu verði á þessum tímum, eða þá að minsta kosti ekki hærra. En ef gengið er út frá 30 þús. kr. sem sannvirði jarðarinnar, þá má ekki leigja hana fyrir minna en 3 þús. kr. á ári, til þess að hægt sje að borga rentur, viðhald og fyrningu. En jörðin er nú leigð núverandi ábúanda, sýslumanni Dalamanna, fyrir 1800 kr. að nafninu til, en hann má greiða eitthvað af því í jarðabótum, svo afgjaldið mun ekki fara langt fram úr 1000 krónum. Ef nú það hjónanna, sem yngra er, verður sjötugt, sem vel má gera ráð fyrir, þá verður á þeim tíma búið að borga úr ríkissjóði 45 þús. krónur, fyrir utan rentur og renturentur, sem þó verður að taka með í reikninginn, þegar jörðin er ekki leigð nægilega hátt. Má áætla, að það verði með öllu og öllu 60—70 þús., og er þá komið tvöfalt sannvirði jarðarinnar. En þá er ekki langt frá því, að afhending þessi, sem í upphafi var kölluð gjöf, sje orðin þyngslabaggi. Auk þess er meiri baggi;

á jörðinni hvíldu 8 þús. kr. til ríkissjóðs, sem landið tók að sjer.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á það í fyrsta lagi, að jörðin er, eins og stendur, baggi á ríkissjóði, með því að hún er leigð út helmingi of lágt, og í öðru lagi, að líklegt er, að verð jarðarinnar fari mikið fram úr sannvirði. En þá kemur spurningin, hvort það sje sjálfsagt að hafa húsmæðraskólann þarna. Um það geta verið skiftar skoðanir. Jeg er eins kunnugur þarna og flestir aðrir þm.og tel,að margir staðiraðrirsjeueins heppilegir. Jörð þessi er erfið afnota, en það mega skólajarðir ekki vera. Hún er afskekt og erfitt til aðdrátta, auk ýmsra galla, sem jeg hirði ekki að telja hjer. En úr því að búið er að kaupa jörðina, hygg jeg, að það verði ofan á, að skólinn verði reistur þarna á sínum tíma, en sá tími er enn ekki kominn. Herdísarsjóðurinn er nú milli 90—100 þús. kr., og það er auðvitað mál, að hann mundi ekki hrökkva til þess að koma á fót og starfrækja skóla þennan. Því að þótt myndarlegt hús sje á Staðarfelli, þá er það ekki stærra en svo, að það nægði starfsfólki því, er þar þarf að vera. Auk þess hefir Magnús Friðriksson rjett til að búa þar í 4 herbergjum meðan hann lifir. Það mætti því búast við, að þar yrði að reisa stórt og vandað hús, en það er fjárhag ríkissjóðs ofvaxið, eins og ástatt er. Þess vegna álít jeg, að það sje síður en svo, að nú sje tími til kominn að hefjast handa í þessu máli.

Auk þessa er eitt atriði enn, sem gerir það að verkum, að jeg er algerlega fráhverfur þáltill. þessari, þótt jeg hefði annars verið henni hlyntur að efninu. En það er ákvæðið í tillgr., að stjórnin skuli eftir tillögum eða í samráði við forseta Búnaðarfjelagsins gera ráðstafanir um stofnun þessa skóla. Þetta ákvæði er hið fáránlegasta, og mig furðar á því, að hv. flm. (JJ) skuli hafa dottið ofan á aðra eins fjarstæðu. Það er eins og gert sje ráð fyrir, að námsmeyjar frá þessum skóla verði aðeins húsmæður í sveit, en þá er verksvið hans nokkuð þröngt. En jeg býst nú við, að frá þessum skóla komi meyjar, sem verða húsmæður í öllum stjettum, og mætti þá eftir sömu hugsunarreglu benda á forseta Fiskifjelagsins sem ráðunaut stjórnarinnar. (JJ: Það má bæta honum við). En hvað sem þessu líður, þá er þetta ákvæði óþarft og óviðunandi. Jeg hygg, að óhætt sje að treysta stjórninni til þess að ráðfæra sig við þá, sem best skyn bera á þessa hluti, en það álít jeg, að sjeu húsameistari og forstöðukonur kvennaskólanna. Hjá forseta Búnaðarfjelagsins er engin sjerþekking í þessum efnum, nema að því er snertir búskapinn á jörðinni, en það er aukaatriði, sem auk þess margir aðrir en stjórn Búnaðarfjelagsins mundu geta gefið bendingar um.

Af þessum ástæðum, sem nú hefi jeg nefnt, er jeg á móti þessari þáltill. Tel jeg þó rjett, að mál þetta sje athugað í nefnd, og geri jeg það að tillögu minni, að umræðu þessari verði frestað og málinu vísað til mentamálanefndar. Í henni á hv. flm. (JJ) sæti og forstöðukona stærsta kvennaskólans hjer.

Flm. (Jónas Jónsson): Sú von mín hefir því miður ekki ræst, að allir mundu vera sammála um mál þetta hjer í þessari deild. En það þótti mjer undarlegt, að mótmæli skyldu koma frá þingmanni, sem er fulltrúi fyrir kjördæmi, sem einna mest not mundi hafa af skólanum, ef hann kæmist á stofn.

Þessi hv. þm. (HSt) kom með skýringu á því, að jörðin Staðarfell hafi verið keypt, en ekki gefin. Jeg þykist nú vita, að honum sje það jafnljóst og mjer, að það kemur ekkert þessu máli við.

En af því hv. þm. Snæf. (HSt) áleit, að Staðarfell hafi verið fremur selt en gefið, þá má hann saka þá stjórn og það þing, er tók við jörðinni, fyrir að hafa gert svo óhagfeldan samning, sem hann áleit að gerður hafi verið, og veit jeg ekki betur en að hv. þm. (HSt) væri fylgismaður þeirrar stjórnar, er með málið fór. En þetta er nú bara orðin saga. **(HSt:** Jeg beindi því ekki að neinum). En ef þetta er tekið sem ádeiluatriði, þá verður það þáverandi stjórn og þing, sem verður fyrir sökinni.

Annars ber okkur nú ekki svo mikið á milli um skólasetrið. Hann nefndi engan annan stað en Staðarfell. Ef hann hefði t. d. nefnt Helgafell, þá hefði jeg verið veikur fyrir, því jeg álít, að þeim fræga stað ætti að sýna einhvern sóma, með því að hafa þar skólasetur eða aðra opinbera stofnun. Er þá ekki annað eftir en það, að hv. þm. Snæf. (HSt) virðist vilja tefja fyrir því, að mál þetta komist til framkvæmdar. En jeg álít það vafasamt, hvort á að láta skólastofnunina bíða lengur, þegar flest skilyrði eru fyrir hendi, sem gerir skólanum fært að taka til starfa, þótt í smáum stíl sje í fyrstu.

Þá getur hv. þm. (HSt) ekki skilið í því ákvæði till., að stjórnin skuli ráðfæra sig við forseta Búnaðarfjelagsins. En þess ber að gæta, að stjórnin þarf ekki að fara að ráðum hans frekar en henni gott þykir. Annars er það alls ekki meining mín að gera neitt lítið úr stjórninni, þótt jeg telji, að hún geti haft gott af því að ráðfæra sig við jafnmætan mann og núverandi forseti Búnaðarfjelagsins er. Jeg álít, að hann gæti leiðbeint mikið í því, er að kenslu í búskap og að garðyrkju lýtur, einkum væri skólinn rekinn sem húsmæðraskóli og máske látinn standa alt árið, og þá í sambandi við búskap. Get jeg trúað, að stúlkur úr kjördæmi hv. þm. Snæf. (HSt) hefðu eigi ilt af því að læra nokkuð í garðrækt við þennan skóla.

Þá tel jeg undarlegt og óvanalegt að vísa svona máli til nefndar. **(HSt:** það hefir þó stundum komið fyrir og einmitt nýlega verið gert). Jeg álít, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir, að það sje hreinn og beinn óþarfi að tefja það með því. En vilji deildin það, þá má það auðvitað, enda mun það koma undir atkvæði deildarinnar fyrir því.

Ræða hv. þm. Snæf. (HSt) kom ekki málinu við, að því leyti sem hún var söguleg, nema þá sem ásökun á fyrv. stjórn. Alla rökfærslu vantaði fyrir því, að ekki mætti nota þekkingu Búnaðarfjelagsforseta við undirbúning málsins.

Af ræðu hv. þm. Snæf. (HSt) má sjá, hversu vanþekkingin er mikil hjá sjálfum þm. í þessu máli, og er einmitt þess vegna full þörf að tryggja sjer aðstoð annara, er betur vita.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þessi till. gengur út á það, að stjórnin stofni sem fyrst má verða til húsmæðraskóla á Vesturlandi.

Eftir tillögunni er nú ekki vel ljóst, hvaða deild stjórnarráðsins sje ætlað að hafa þetta mál með höndum. Næst liggur þó að ætla, að það heyrði undir dómsmáladeildina, því kvennaskólarnir heyra undir hana.

En ákvæði till. um, að þetta skuli

gert í samráði við forseta Búnaðarfjelagsins, virðist benda til þess, að það skuli heyra undir atvinnumáladeildina.

En hvað sem þessu líður, þykir mjer rjett að gefa nokkrar upplýsingar um þetta mál, sem jeg er talsvert kunnugur frá fyrri tímum, eða þegar jeg var landritari. Það mun hafa verið meining gefandans, frú Herdísar Benedictsen, að skólinn yrði með líku sniði og Ytrieyjarskólinn var, en þar mun ekki hafa verið húsmæðraskóli. Þó má vel vera, að ákveða megi fyrirkomulag skólans eftir því, sem breyttir tímar heimta, og sennilegt er að það ákvæði, að þetta skuli vera kvennaskóli, stæði eigi í vegi fyrir því, að skólann mætti nefna húsmæðraskóla. Það bárust oft áskoranir frá sýslunefndum vestra um að stofna skólann, en því til fyrirstöðu, að það væri gert, var einkum tvent: Of lítið fje til þess og menn greindi á um það, hvar skólinn ætti að standa. Talsverð hreyfing var um eitt skeið fyrir því að hafa hann í Ólafsdal, en það fekk þó hörð andmæli. Þá var talað um Stykkishólm og Staðarfell sem setur skólans, og loks Flatey. Meðmæli með því að hafa hann í Flatey voru þau, að þar hafði gefandinn alið aldur sinn lengst af. En sjálf hafði hún enga bendingu gefið í þá átt, hvar hann ætti að vera. Það er enn ekki álitið sjálfsagt af Vestfirðingum, hvar skólinn á að standa, þó Staðarfell væri afhent í því skyni, og þyrfti því nánar að rannsaka álit og óskir manna í því efni. Sjóður í árslok 1920 var 101 þús. kr. og rentur það ár 4255 kr. Jeg skil ekki í, að hægt verði að stofna skólann með ekki hærri upphæð en þetta er, ef hann á að bera sig sjálfur, og það mun hafa verið eindregin ósk frú Herdísar. Þetta verða alt of lágar tekjur fyrir hann, því ekki má nota alla vextina heldur. Rekur þá að því, að styrkja verður skólann úr landssjóði, ofan í vilja gefandans.

Jeg mun svo ekki ganga frekar inn á málið. En mjer finst rjett, að það sje athugað í nefnd og ekki felt strax. Nefndin getur þá rannsakað öll þau skjöl, sem að þessu lúta og til eru í stjórnarráðinu. Er rjett, að því sje vísað til mentamálanefndar. Eru fordæmi fyrir því, að umr. sje frestað um svona till., og var það gert síðast í gær í þessari deild, þáltill. um baðlyfjagerð. Það hefir oft verið gert í Nd. Ætti málið að græða á því, að það verði rannsakað.

Halldór Steinsson: Jeg vil þakka hæstv. atvrh. (KlJ), hversu vel og sanngjarnlega hann tók í þetta mál. Heyrðist mjer hann vera sömu skoðunar og jeg, að ekki væri enn kominn tími til að starfrækja skólann.

Jeg þarf litlu að svara hv. 5. landsk. þm. (JJ). Hann sagði, að jeg vildi bara tefja málið, en það er ekki rjett. Hagur ríkissjóðs er ekki svo góður, að á hann megi demba fjárframlögum, að órannsökuðu máli.

Jeg vil alls ekki tefja þetta mál meira en þörf er á, og þegar sá tími kemur, að fært er að leggja út í stofnun skólans, mun jeg ekki verða því mótfallinn. Ekki hræðist jeg kjósendur mína í þessu efni, enda mun jeg greiða atkv. í þessum sal eftir minni eigin sannfæringu, án þess að láta skoðanir kjósenda minna hafa nokkur áhrif á það. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði enn fremur, að það kæmi ekkert þessu máli við, hvort Staðarfell hafi verið gjöf eða ekki.. En í þáltill. er það nefnt „gjöf“, og fanst mjer því, að mætti minnast á það.

Annars erum við að mestu sammála, en greinir bara á um tímann til framkvæmda.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg vildi aðeins benda hæstv. atvrh. (KlJ) á það, að þegar tekið var við Staðarfelli, hvort sem það nú heldur var gjöf eða sala, þá var gert ráð fyrir því, að jörðin og skólinn yrðu eitt og hið sama. Er það því afgerður hlutur, sem ekki er hægt að rifta nema brjóta rjett á hjónunum, sem gáfu jörðina með þessu skilyrði. En af því að jeg sje, að hv. 4. landsk. þm. (JM) ætlar að taka til máls, en jeg hins vegar mun varla taka aftur til orða í þessu máli, þá vil jeg taka það fram, að þótt það ef til vill sje ekki lagalega bindandi, þá er það þó siðferðislega sjeð afgerður hlutur. Af því leiðir, ef ekki getur verið um annan stað að ræða, þá er bara eftir það atriði, hversu lengi tefja skuli málið.

Ef smátt er byrjað, með kenslukonu, sem er tilbúin að taka við starfanum, og 12 nemendum, sem er jafnhá tala og er á hverju húsmæðraskólanámsskeiði við kvennaskólann hjer, þá þarf ekkert fje úr landssjóði til þess. Og þótt þetta muni litlu, þá er nú of lítið gert fyrir sjermentun kvenna. Má þá stækka skólann síðar, er ástæður leyfa.

Jón Magnússon: Hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir víst dottið í hug, er hann sá, að jeg ætlaði að taka til máls, þessi gamli málsháttur: „Timeo danaos, et dona ferentes". En jeg vildi nú styðja mál hv. flm. (JJ), en ekki þó á þann hátt, er málsháttur inn segir. Jeg held samt, að þetta mál þurfi betri athugunar við.

Hvað snertir ágreininginn um gjöf eða ekki gjöf, þá talaði hv. flm. (JJ) um það, að saka eigi þáverandi stjórn og þáverandi þing fyrir það, að taka við Staðarfelli, ef sök er, þá er jeg samdóma honum um það. En jeg er samdóma hv. þm. Snæf. (HSt) um það, að þetta varð minni gjöf en Magnús Friðriksson ætlaðist upphaflega til, því fjvn. Nd. varð svo ríf á fjárveitingunni, og rífari en farið hafði verið fram á. Samt verð jeg að telja, að hjer sje um gjöf að ræða.

Þá er það ekki rjett, að fyrv. stjórn hafi sett þann leigumála, er nú gildir, að öllu leyti. Núverandi stjórn mun hafa gert þá breytingu, að nokkurn hluta eftirgjaldsins mætti greiða með jarðabótum.

Það þing, sem tók á móti jörðinni, gerði að vísu ráð fyrir því, að þar yrði skólasetur. Jeg held nú einmitt, að Staðarfell sje hentugra til skólaseturs en hv. þm. Snæf. (HSt) gerði ráð fyrir. En máske er þetta þó ekki svo bundið, að ekki megi breyta því. Þá mun og gjafa brjef frú Herdísar Benedictsen, eins og það er orðað, vera til fyrirstöðu því, að fyrir sjóðinn verði reistur húsmæðraskóli. Það gerir beinlínis ráð fyrir kvennaskóla. En það gæti komið til úrskurðar stjórnarinnar, hvort þessu ákvæði mætti breyta. Tímarnir geta máske talist svo breyttir, að það megi telja leyfilegt.

Ef farið verður að stofna skóla þarna nú þegar, þá er fram komið það, sem sumir þingmenn óttuðust, er þeir tóku við Staðarfellinu, að það yrði til þess, að farið yrði að reisa þarna skóla áður en sjóðurinn væri fær um að halda honum uppi.

Ekki hefir neitt komið fram um það, hvað þetta myndi kosta. En slíkt þarf

að athuga nákvæmlega, og er því sjálfsagt, að það sje athugað í nefnd.

Þótt jeg sje ekki á móti skólastofnun þessari, þá hygg jeg, að ef ætti að fara að veita til skóla af landsfje, þá yrði fyrst að koma upp húsmæðraskóli á Norðurlandi. Þeim skóla er búið að marglofa, og fjárveiting til hans yrði því að ganga á undan öðrum fjárveitingum til samskonar skóla.

Jeg skal þá ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en jeg skil ekki, að hv. flm. (JJ) sje á móti því, að það sje athugað í nefnd.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vona, að enginn væni mig um það, að jeg vilji tefja þetta mál að ástæðulausu, þótt jeg geti ekki aðhylst till. hv. flm. (JJ) án frekari rannsóknar. Að reisa skóla á Staðarfelli þarf mikinn og góðan undirbúning, en sá undirbúningur er enn ekki hafinn.

Jeg gat ekki annað en glaðst, þegar jeg sá þessa till., yfir þeim áhuga, sem er orðinn fyrir mentun kvenna. En jeg vil þó leggja nokkra áherslu á það, sem hv. 4. landsk. þm. (JM) sagði, að skólinn á Norðurlandi á að hafa forgangsrjett að því fje, sem landið leggur fram til þess að stofna nýjan húsmæðraskóla. Um skólann á Staðarfelli getur þess vegna því aðeins verið að ræða, að hægt sje að reka hann þannig, að hann beri sig sjálfur, eða að mestu leyti. Jeg er dálítið kunnug á Staðarfelli og húsakynnum þar og álít, að þau sjeu ónóg, þótt ekki sje fyrir fleiri en 12 nemendur.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg tók fram, að óþarfi væri að vísa málinu til nefndar, og því mundi jeg greiða atkvæði á móti því. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að málið liggur opið fyrir eins og nú er, og engu er við að bæta, nema því, að hrinda framkvæmdunum af stað. Það er sjálfsagt, að ekki sje verið að eyða óþarflega löngum tíma í að rannsaka málið betur. Það er nægilega vel undirbúið, og ekkert finst mjer vanta á, nema framkvæmdirnar.

Sigurður Jónsson: Mjer skildist á hæstv. atvrh. (KlJ), að stjórninni væri ekki vel ljóst, undir hvaða stjórnardeild þessi skóli ætti að lúta. Mjer finst hann eiga að vera hliðstæður búnaðarskólunum, svo framarlega sem hann verður rekinn sem húsmæðraskóli, en ekki sem gagnfræðaskóli, eins og kvennaskólinn hjer virðist helst vera, þó að sjerstakt námsskeið sje fyrir hússtjórnarnemendur. Húsmæðraskóli ætti að vera jafnrjetthár og bændaskólar, og jeg vil líta svo á, að konur ættu að hafa jafnan styrk til að menta sig sem húsmæður eins og þeir karlmenn fá, sem eru í bændaskólum.

Það hefir komið fram till. um að vísa málinu til stjórnarinnar, og önnur um að vísa því til nefndar — mentmn. Jeg get ekki sjeð, að hverju leyti það mundi hnekkja úrslitum málsins, þótt svo væri gert. Mjer virðist sú till. aðgengileg, þó að hv. meðflm. minn (JJ) telji málið þegar nógu vel undirbúið. Nefndin getur þó enn þá betur útskýrt það, og mun jeg því geta greitt atkvæði með þessari till.

Ingibjörg H. Bjarnason: Aðeins örfá orð. Jeg ætla að leiðrjetta það hjá hv. 2. landsk. þm. (SJ), er hann sagði, að

kvennaskólinn hjer virtist helst vera gagnfræðaskóli. En svo er ekki, því að við báða kvennaskólana, bæði hjer og á Blönduósi, er veitt tilsögn í handavinnu og mörgum öðrum greinum, sem húsmæður þurfa að nema og ekkert eiga skylt við gagnfræðakunnáttu. Jeg skal taka það fram, í sambandi við það, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir sagt, að þessi tvö hússtjórnarnámsskeið við kvennaskólann í Reykjavík standa yfir, hið fyrra frá 1. okt. til 1. mars, en hið síðara frá 1. mars til 1. júlí, og eru námsskeið þessi föst deild við skólann. Svo það fer alls ekki eftir því, hvernig blæs, hvort hússtjórnarkensla fer fram í kvennaskólanum eða ekki. Jeg neita því, að jeg vilji tefja fyrir þessu máli frekar en nauðsyn er til. Annars hefi jeg fulla von um, að þegar málið er komið til mentamálanefndar, þá muni okkur koma vel saman um margt, sem nú virðist bera á milli.

ATKVGR.

Till. um að fresta umr. og vísa málinu til mentmn. samþ. með 9:3 atkv.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 295, n. 507).

Frsm. (Jónas Jónsson): Nefndin hefir gert smábreytingar á þáltill., eins og sjest á þskj. 507, og með þeim breytingum er hún einhuga í því að mæla með, að tillagan nái fram að ganga. Annars eru breytingarnar aðallega fólgnar í því, að fella niður nokkur orð, sem sumir í nefndinni vildu síður hafa þar. Sjálf þingsályktunartillagan hefir að geyma áskorun til stjórnarinnar um að búa málið sem allra best undir og hefja framkvæmdir undir eins og kringumstæðurnar leyfa.

ATKVGR.

Brtt. 507 (ný tillgr.) samþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 538).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 7:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 538).

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Skagf. (MG) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 17:2 atkv.

2. Útsölustaðir áfengis og vínveitingaleyfi.

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um útsölustaði áfengisverslunarinnar og vínveitingaleyfi (A. 531).

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Sökum þess, að þessi till. snertir sjerstaklega hæstv. forsrh. (SE), þá þykir mjer leitt, að hann skuli ekki vera viðstaddur nú, er till. kemur til umr.

Barátta gegn ofnautn áfengis byrjaði víða á þann hátt, að takmarkaðir voru sölustaðir víns og sveitar- og bæjarstjórnum gefið vald til þess að ráða sölustöðum, hverri hjá sjer. Var þetta ágætt meðal til þess að draga úr áfengissölunni. Var þessu einnig fylgt hjer á landi, og var hjeraðsstjórnum með lögum gefið vald til þess að veita söluleyfi. Fór svo smátt og smátt, að þessi leyfi voru ekki veitt, og þegar aðflutningsbannið kom, voru aðeins sárfá leyfi eftir, svo að áfengissala var mjög óvíða í landinu. Þegar bannlögin komu, þá fjellu þessi lög, að ætlun sumra, úr gildi. En sumir halda, að með undanþágunni í fyrra frá bannlögunum hafi þessi lög aftur farið að verka, og ættu því að gilda nú. En hæstv. stjórn hefir nú gengið inn á aðra braut í fyrra, er undanþágan var fengin og selja þurfti vín í landinu. Að vísu eru þær leifar eftir af gamla fyrirkomulaginu, að sumstaðar hafa kjósendur atkvæðisrjett um það, hvort vín skuli selja innan hrepps þeirra eða bæjarfjelags. En í 4 kaupstöðum, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, hafa kjósendur engan slíkan atkvæðisrjett. Hafa þó bæjarstjórnir í kaupstöðunum mótmælt þessu, og sjerstaklega bæjarstjórn Reykjavíkur. Snemma á þessu þingi sendi borgarstjóri til þingsins áskorun bæjarstjórnarinnar um, að ákvæði laganna frá 18. júlí 1922, um atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda sem skilyrði fyrir vínveitingaleyfi, nái einnig til þessara 4 kaupstaða. Þar sem óvíst er, að hv. þdm. hafi kynt sjer þessa áskorun, þá vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að hlutast til um, að reglugerð um sölu og veitingar vína frá 18. júlí 1922 verði breytt þannig, að ákvæði 10. greinar um atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda sem skilyrði fyrir því, að vínveitingaleyfi sjeu heimiluð, nái til kaupstaðanna Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar, eins og til annara kaupstaða landsins“.

Bæjarstjórnin hefir áður leitað til hæstv. stjórnar með þetta, en hún hefir ekki tekið vel í málið, og fyrir því hefir verið tekið það ráð að snúa sjer til Alþingis og jeg borið fram þessa till. Mjer finst hv. deild geti nú ekki kipt að sjer hendinni með þá stefnu, sem áður gilti hjer á landi. Sú stefna er líka vel skiljanleg, því að vitanlega var hverri bæjar- og sveitarstjórn best kunnugt sjálfri um það böl, sem áfengið olli í hjeraðinu, og vissi best sjálf, hvernig heppilegast var að takmarka það. Þess vegna vil jeg mælast til þess, að kjósendum verði leyft að láta í ljós með atkvæði sínu, hvort vínsöluleyfi sje veitt eða eigi.

Enn fremur eru í till. ákvæði um, að lögin verki aftur í tímann að því leyti, að í þeim kaupstöðum, sem vínveitingaleyfi hefir þegar verið veitt, verði einnig látin fara fram atkvæðagreiðsla, nema um aðalútsölustað ríkisins í Reykjavík. Enda þótt jeg sje á móti þeirri sölu í raun og veru, þá álít jeg þó ekki fært að ganga svo langt meðan undanþágan er leyfð. Býst jeg við, að þó að einhver kynni að álíta, að Spánverjar færu að ýfa sig við þetta, þá sje það alveg ástæðulaust. Munu þeir góðu herrar láta sig litlu skifta, hvort selt er einni eða tveim þúsund flöskum fleira eða færra í landinu. Munu þeir aðallega hugsa um, að undanþáguákvæðið sje til, og ættu þeir að geta sætt sig við það.

Það getur nú vel verið, að einhver kaupstaður samþykki vínsöluleyfi hjá sjer, en ekki er jeg trúaður á það. Ætti það líka að vera nóg að hafa þennan útsölustað hjer í Reykjavík.

Jeg þarf svo ekki að segja meira, uns jeg heyri hvað stjórnin segir. Jeg þykist vita, að verði till. samþykt, muni stjórnin fara eftir henni, þótt jeg sje hins vegar ekki trúaður á það, að hæstv. forsrh. (SE) sje neitt hrifinn af því að láta samþykkja hana.

Forsætisráðherra (SE): Stjórnin hefir enga tilhneigingu til þess að setja upp fleiri veitingastaði. Hún hefir yfirleitt ekki tilhneigingu til annars en þess að fara eftir því, sem í reglugerðinni er ákveðið, og við það mun hún halda sjer. Það, sem gert hefir verið í þessu máli, hefir annaðhvort verið gert beint eftir fyrirskipunum þingsins eða í anda þess, sem þar hefir verið fyrirskipað.

Um atkvæðagreiðsluna get jeg sagt það, að jeg er henni mótfallinn af þeim ástæðum, sem jeg hefi margtekið fram; hún er ekki í samræmi við það, sem ákveðið hefir verið. Jeg hlýt því að leggja á móti till.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. forsætisráðherra (SE) er óþarflega hræddur í þessu máli og lítur áreiðanlega skakt á það. Við höfum látið undan aðalkröfum Spánverja, og þá er þeim fullnægt. Hitt kemur þeim ekki við, hvernig við komum þessum málum fyrir hjá okkur innanlands. Það er meira að segja beinlínis gefið undir fótinn með það í lögunum, að þröngt eigi að vera um sölurnar innanlands, þar sem aðeins er talað um það,að „ekki megi gera að engu“ innflutningsleyfið á vínum. Í þessu liggur, að sterkar takmarkanir megi gera. Það, sem stjórnin hefir gert í þessu efni, er ekki annað en reglugerðarákvæði, sem hún getur breytt aftur, ef hún vill. Spánverjar skifta sjer ekkert af því, hvað margir útsölustaðir eru hjer, og það er því eðlilegast að lofa hverju hjeraði fyrir sig að ráða þessum málum, eins og var áður en bannið kom og jeg tók fram

í fyrri ræðu minni. Og þetta er því sanngjarnara, sem margir líta svo á, sem stjórnin hafi farið lengra en hún þurfti, og eru því óánægðir með reglugerðina og framkvæmd hennar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi varað hv. deild við að samþykkja þessa till.; meira get jeg ekki. Málið er á hennar valdi.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil stinga upp á, að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Hún getur betur en nokkur annar myndað sjer skoðun um, hversu langt er óhætt að ganga í þessu efni. Hún á að gera samningana við Spánverja og hún fylgist með hverri hreyfingu í þessu máli. Það er því fjarstæða fyrir einstaka þingmenn að ætla að fara að grípa hjer fram í, og það gæti orðið stórskaðlegt málinu og hættulegt fyrir oss. Hv. 2. þm. Reykv. (JB) trúir sjálfsagt hæstv. forsætisráðherra (SE) til þess að veita ekki meiri vínstraumi yfir landið en minst er þörf á. Og stjórnin á að bera ábyrgð á þessu máli, en einmitt þess vegna er það rangt og hættulegt að ætla að fara að taka þar fram í. Ábyrgð stjórnarinnar hverfur, ef þingið fer að vasast í þessu máli.

Magnús Jónsson: Jeg og hv. þm. Borgf. (PO) bárum á öndverðu þingi fram frv. um sölu og veitingu vína, í líkingu við lögin frá 1889, sem fór í svipaða átt að sumu leyti og þessi till. Málinu var vísað til nefndar og hefir sofnað þar. Jeg er nú persónulega á þeirri skoðun, að ekki væru rofnir samningarnir við Spán með þessu. En þegar stjórnarvöldin, sem með þetta fara og eru því kunnugust, leggja áherslu á þetta og telja það viðurhlutamikið, treysti jeg mjer ekki til þess að halda minni skoðun til streitu að óreyndu, en verð að treysta stjórninni til að ráða fram úr þessu eins vel og hægt er. Jeg sje því að sjálfsögðu ekki meiri ástæðu til þess að samþykkja þessa till. hv. 2. þm. Reykv. (JB) heldur en mitt eigið frv., sem jeg hefi ekki rekið svo mikið eftir og annars, ef jeg hefði ekki, fyrir yfirlýsingar stjórnarinnar, verið þeirrar skoðunar, sem jeg hefi nú lýst. Jeg verð því að fylgja till. um það að vísa þessu til stjórnarinnar, í samræmi við yfirlýsingu sjálfrar hennar og í trausti þess, að hún ráði vel fram úr þessu á sína eigin ábyrgð, og án þess að jeg hafi í nokkru breytt skoðun á þessu máli frá því, sem jeg hefi ætíð haft.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það hefir verið talað hjer um áfengissölurnar, sem reknar væru með leyfi stjórnarinnar. En við höfum ekki minst á hinar, sem reknar eru án hennar leyfis. Því máli væri þó ástæða til að víkja til stjórnarinnar, að hún vildi hindra þann ósóma. Það er t. d. ekkert launungarmál, að lyfjabúðirnar eru opinberir vínsölustaðir. Jeg ætlaði að útvega mjer upplýsingar um það, hversu mikið af víni væri selt til þeirra, en hefi ekki getað fengið þær. Jeg segi það ekki, að hæstv. forsætisráðh. (SE) vilji ekki vel í þessu máli. En jeg skil ekki þessar bendingar hans um hættuna af þessu og held að þær sjeu ástæðulausar, eins og jeg hefi sýnt fram á í fyrri ræðu minni. Afstaða hv. 4. þm. Reykv. (MJ) skildi jeg heldur ekki vel.

Magnús Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv.

(JB) þóttist ekki skilja afstöðu mína. Jeg á við það, að þar sem við höfum fengið loforð fyrir bestu tollkjörum á Spáni, sem er einsdæmi, þá er það aðalatriði fyrir okkur, úr því við neyddumst á annað borð til þess að láta undan, að halda þessum kjörum áfram, og því aðalatriði megum við ekki spilla með því að gera neitt í öðrum atriðum, sem minna eru verð,þótt þau sjeu góð ísjálfu sjer, sem gæti gefið Spánverjum ástæðu til þess að „yfirvega málið" á ný, sem kallað er, eða reyna að kippa aftur þessu aðalatriði um bestu tollkjörin. En við megum eiga það víst, að Spánverjar muni ekki sjerlega glaðir yfir því að láta okkur hafa þessa sjerstöðu, og því hætt við, að þeir tefli á fremsta hlunn með lögskýringarnar, til þess að losna. Tilefni til þess vil jeg ekki gefa að óþörfu. Hitt get jeg ósköp vel fallist á, að gott væri að gera ráðstafanir til að skerpa að ýmsu leyti lögin, eins og þau eru nú, t. d. banna læknavínið alveg o. fl.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Skagf. (MG), um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 15:3 atkv.

3. Strandvarnar- og björgunarskip.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, og á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. apríl, var útbýtt frá Sþ.:

Tillögu til þingsályktunar um strandvarnar- og björgunarskip (A. 304).

Á 2. fundi í Sþ., fimtudaginn 12. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 8. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 304, 318).

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skal reyna að tala sem styst og ná tilganginum, að fá upplýsingar hjá hæstv. stjórn, án mikillar tímaeyðslu.

Hjer liggja í raun og veru fyrir tvær till. um sama mál. Að annari stöndum við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), og er hún á þskj. 304. Hina flytja þeir hv. þm. Snæf. (HSt), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 1. þm. G.-K. (EÞ). Munurinn á þessum tveim till. er sá, að okkar till. fer fram á, að málið sje rannsakað fyrir næsta þing. Hin gerir ráð fyrir, að ályktað verði að fela stjórninni að byggja strandvarnarskip nú þegar. Þetta er býsna mikill munur, og þar að auki mun tillögumennina greina á um nokkur fyrirkomulagsatriði.

Jeg býst við, að allir sjeu ásáttir um það, að okkur vantar strandvarnarskip. Hafa Vestmannaeyingar riðið á vaðið og keypt sjer skip, sem hefir unnið þeim mikið gagn með því að vernda fiskimið þeirra og veiðarfæri.

Hins vegar er öllum ljóst, að enda þótt hjer sje skip um nokkurn tíma á hverju ári frá Danmörku, þá eru þær strandvarnir fjarri því að vera nægilegar, og

það því fremur, sem þessi erlenda þjóð hefir eðlilega ekki sömu ástæður til að gegna þeim með sömu árvekni og ætla mætti, að við gerðum sjálfir. Það getur enginn ætlast til, að þetta danska skip sje sífelt á sveimi umhverfis landið, og þess vegna kastar óánægjan, sem ríkir hjer á landi með strandvarnirnar, engum skugga á Dani, sem annast þær. Við getum ekki vænst betri strandvarna fyr en við tökum þær sjálfir í okkar hendur.

Nú hefir verið greidd gata að þessu marki, með því að leggja sektir, sem greiddar hafa verið fyrir ólöglega botnvörpuveiði, í sjerstakan sjóð, landhelgissjóð, sem verja á til bættra strandvarna. Þessi sjóður nemur nú ca. 620 þús. kr. og á að liggja í Landsbankanum. En reyndar mun því ekki svo varið, heldur hefir stjórnin smátt og smátt, að því er jeg best veit, tekið hann til sinna þarfa. En mjer hefir skilist það á hæstv. stjórn, að hún geti með litlum fyrirvara skilað aftur sjóðnum, og má því telja, að rúmar 600 þús. kr. sje handbærar hve nær sem er til þess að byggja fyrir strandvarnarskip. Er það góð hjálp, enda þótt gera megi ráð fyrir, að skipið verði allmiklu dýrara. En það er minstur vandinn að afla skipsins. Erfiðast verður að gera út skipið. Er þar nærri viss stórfeldur tekjuhalli. Sífeld sigling með ströndum landsins hefir í för með sjer gífurlega kolaeyðslu. Þá kostar mannahald, viðhald skipsins o. s. frv. mjög mikið. Enda er aðalhindrunin fyrir því, að skipið er ekki þegar fengið, sú, að þjóðin óttast, að útgerðarkostnaðurinn verði þungbær baggi.

Við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) viljum ekki skora á stjórnina að láta nú þegar byggja skip, nema hægt sje að tryggja verulega lækkun á útgerðarkostnaði þess. Er ólíklegt, að hægt verði að rísa undir honum nú sem stendur, ef tekjur skipsins verða ekki aðrar en sektir.

Það eru því tvö atriði, sem við flm. þáltill. á þskj. 304 viljum sjerstaklega láta rannsaka. Annað er, hvort hægt sje að minka kostnað við mannahald, hitt að auka tekjur skipsins, og það jafnvel að mun.

Jeg hefi átt tal um það við Nielsen forstjóra Eimskipafjelagsins, hvort ekki mætti láta fyrirhugað strandvarnarskip annast björgun meðfram, og taldi hann það ekki ósennilegt og vel þess vert, að rannsakað væri. Síðan hefir hann verið í Danmörku og meðfram spurst fyrir um það, á hvern hátt best mundi auðið að samræma þetta tvent.

Í morgun átti jeg enn tal við forstjórann, og gat hann þess, að vel mætti sameina þetta, en sín tillaga væri þó, að ekki verði gert ráð fyrir, að skipið verði eiginlegt björgunarskip, því að þá yrði það fyrst og fremst talsvert dýrara, vegna þess að vjelarnar þyrftu að vera mun kraftmeiri, ekki síst ef því yrði ætlað að annast öll björgunarstörf, þau er Geir nú annast. Þá bæri og að athuga, að skipið yrði oft upptekið dögum saman við sama strandið og gæti ekki sint strandvörnum á meðan. Aftur á móti mætti vel láta það annast hinar minni háttar bjarganir, t. d. svipaðar þeirri er Geir dró þór á flot síðastl. vetur og tók að sögn 30 þús. kr. fyrir. Geta allir sjeð, að það væri ekki lítil hjálp, ef vonast mætti eftir mörgum slíkum „höppum“ fyrir væntanlegt strandvarnarskip. Álít jeg það vel þess vert, að rannsakað sje, hvort skipið eigi ekki einnig að fást við björgun, bæði á þann hátt, er Nielsen telur vel framkvæmanlegt, og jafnvel líka í stærri stíl.

Það er hverjum manni sýnilegt, að fjelagið, sem á björgunarskipið Geir, ljeti það ekki liggja hjer aðgerðarlaust mestalt árið og borga öllum mönnum fult kaup, ef ekki væri gróði að björgunarstarfseminni, þá sjaldan skipið fær eitthvað að gera. Er því ekki nokkur vafi á því, að ef hægt væri að sameina strandvarnar- og björgunarskip og fá tekjur þær, sem Geir fær nú, í viðbót við sektir, mundi skipið bera sig að langmestu leyti.

Þá gerir till. okkar ráð fyrir, að rannsakað verði, hvort ekki mætti spara útgerðarkostnað væntanlegs strandvarnarskips með því að nota það jafnframt fyrir skólaskip, þannig, að stýrimannaefni landsins ynnu þar nokkra mánuði kauplítið. Ætti það að vera gott fyrir báða aðilja. Sem stendur er ekkert slíkt æfingaskip til, og þó að við eigum duglega og hrausta sjómannastjett, þá ber ekki að neita því, að skipstjóraefni okkar fá ekki eins góða mentun og víða annarsstaðar. En það er ekki þeirra sök, að þjóðfjelagið hefir ekki sjeð þeim fyrir nægri bóklegri og verklegri mentun, sem þeim er nauðsynleg.

Munurinn á þeim 2 till., sem hjer liggja fyrir, er í stuttu máli sá, að við teljum ekki rjett að skipa stjórninni að semja nú þegar um byggingu á skipi þessu, heldur viljum láta hana rannsaka í ár, á hvern hátt við getum best risið undir útgerð skipsins. Þá er önnur ástæða, en engu óverulegri, fyrir því, að ekki mun ráðlegt að knýja fram byggingu skipsins nú þegar. Segja fróðir menn um slíka hluti, að búast megi við, að skip verði ca. 200 þús. kr. ódýrari heldur en nú, þegar álfan hefir jafnað sig eftir hertöku Ruhrhjeraðsins, en eins og kunnugt er, er þar járnvinsla mikil.

Það er ómögulegt að segja, hvort uppástungurnar á þskj. 304 reynast lífvænlegar, þegar til rannsóknar kemur, en með þeim er málinu ýtt talsvert áfram — og það sparnaðarleiðina.

Halldór Steinsson: Jeg þarf nú ekki að vera langorður. Krafan um aukna landhelgisgæslu er að vísu ekki orðin mjög gömul, því þó að yfirgangur botnvörpunga væri orðinn tilfinnanlegur fyrir stríðið, þá bar lítið á honum meðan á því stóð. En að stríðinu loknu fóru vöntun á fyllri landhelgisgæslu aftur að verða tilfinnanleg og þá fóru jafnframt að koma fram kröfur um, að hún yrði aukin. Þingið 1919 taldi sjer því skylt að semja lög um þetta efni, og heimiluðu þau stjórninni að kaupa eða leigja strandvarnarskip. Þetta skip hefir nú ekki enn verið keypt, þrátt fyrir það, þó yfirtroðslur erlendu botnvörpunganna hafi haldist og kröfurnar um strandvarnarskip verið ítrekaðar. Á þingunum 1920 og 1922 voru samþyktar þáltill. um þetta, og 1921 kom fram fyrirspurn um sama efni. En alt hefir setið í sama farinu, nema þá að verra hafi orðið.

Um löggæslu Dana er það sannast að segja, að hún hefir verið mjög misjöfn. Stundum hefir hún verið ágæt. Það var hún 1921, þegar Broberg var foringi á Fálkanum, þessi ótrauði foringi. Hefði enginn Íslendingur gert það betur en hann gerði. En hin árin flest hefir starfsemi þessari verið mjög ábótavant, sem auðvitað getur stafað af mörgu, t. d. áhugaleysi, ókunnugleika, og þó kanske ekki hvað síst af afskiftaleysi æðri

stjórnarvalda. Ef þeim hefði verið þýðing gæslunnar nægilega ljós, þá held jeg að eftirlitið hefði orðið betra en oft hefir orðið raun á.

En jafnvel þó að vörn Dana hefði ávalt verið í besta lagi, þá er vörn þessa eina skips ekki nóg. Er það öllum ljóst, að svo getur ekki orðið, þegar um jafnvíðlent svæði er að ræða sem frá Hornafirði til Hornstranda. En þetta svæði þarf alt að verja, að minsta kosti yfir vetrarvertíðina, og þótt eitt skip dygði máske yfir hásumarið, þá er það of lítið á haustin og veturna. Það er því viðurkent, að landhelgisgæslan, eins og hún er nú, er allsendis ófullnægjandi, og til þess að hún verði viðunanleg, þarf að minsta kosti að bæta við einu skipi. Flestum er einnig ljóst, að meiri trygging er fyrir sæmilegri vörn, ef skipið er rekið fyrir íslenskt fje og með íslenskri skipshöfn.

Það, sem okkur, sem brtt. fluttum, greinir aðallega á við hv. flm. þáltill., er, að okkur þykir þeir of hægfara. Við álítum, að þetta mál þoli enga bið; að dráttturinn sje þegar orðinn alt of langur og miljónum króna hafi verið rænt frá okkur vegna þess. Jeg vil einmitt í samræmi við þessa skoðun mína minna á það, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að nú mundi vera orðið 200000 kr. dýrara að byggja slíkt skip en áður var, sem eru þó smámunir við það tjón, sem orðið er og verður af drættinum. En þessi till. tefur málið enn, því ef nú skal hefja undirbúning, sem leggjast á fyrir næsta þing, þá er auðsætt, að ekki verður búið að byggja skipið fyr en síðast á árinu 1924 eða fyrri hluta ársins 1925. Annars mætti hrinda þessu í framkvæmd þegar á þessu ári.

Þá er einnig ágreiningur milli okkar um víðtæki verkahringsins. Við álítum heppilegast, að skipið sje að stærð sem meðaltogari, en með talsvert kraftmeiri vjel. En þeir vilja hafa það stærra, þótt það sje ekki beint í till., og hafa það jafnframt björgunarskip. En þetta tvent er alveg ósamrýmanlegt; eða hvernig hugsa hv. flm. sjer, ef t. d. sægur af botnvörpungum væri innan landhelgi í Faxaflóa eða Breiðafirði, að skipið gæti þotið frá þeim stöðum, ef það væri kallað austur á Sanda til björgunar einhverju skipi? Það þarf að gefa sig eingöngu að sínu starfi; annað mundi afsanna það, að brýn þörf væri á gæslunni.

Þá tel jeg þá hugmynd varhugaverða að nota þetta skip sem skólaskip handa stýrimannaefnum og þeim gert skylt að vinna þar eitt ár kauplaust. Jeg er að vísu hlyntur þegnskylduvinnuhugmyndinni, en jeg tel þó ekki rjett, að ein stjett manna sje tekin út úr. Það er heldur ekki lítil kvöð, að ræna menn einu ári af besta tíma æfi sinnar, enda er efnahagur þessara manna ekki svo sjerstaklega góður, að þeir þyldu það. Þetta gæti líka orðið baggi fyrir landssjóð, því margir læra þessi fræði, en ef ekki á að kosta allan hópinn, þá er erfitt að sjá, hvernig velja skyldi úr.

Jeg lít því svo á, að till. sje mjög óaðgengileg til samþyktar, þar sem hún tefur málið, og svo er gert ráð fyrir útbúnaði og rekstri, sem ógerningur er að koma í framkvæmd.

Magnús Jónsson: Jeg fylgi brtt. og get eftir ræðu 1. flm. hennar (HSt) fallið frá orðinu. Jeg álít ómögulegt að setja þetta skip í neitt samband við björgunarskip. Því þegar slíkt skip ætti

að fara langar leiðir til að bjarga, þá væri það auglýsing fyrir togarana, að nú væri friður og öllu óhætt.

Einnig tel jeg vafasamt, að hægt væri að búa slíkt skip svo að björgunartækjum, að vel dygði. Á hinn bóginn gæti þetta skip orðið til þess, að því björgunarfjelagi, sem hjer hefir haft björgunarskip, þætti ekki lengur borga sig að hafa það hjer, og sætum við svo uppi með þetta eina ófullnægjandi björgunarskip, en það gæti á skömmum tíma orðið okkur dýrara en svo, að það borgaði sig. Væri þá ver farið en heima setið. Jeg verð því með brtt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls. Jeg hefi látið það í ljós, að eins og nú er ástatt, þá mundi best vera, að látið væri sitja við lögin frá 1919.

Jeg skil vel afstöðu þeirra, sem vilja koma þessu máli sem fyrst í framkvæmd. Það vil jeg líka.

Jeg hefi fengið bráðabirgðateikningu af slíku skipi hjá hr. Nielsen, framkvæmdarstjóra, og er gert ráð fyrir, að það hafi 14 mílna hraða. Kostar það 800 þús. kr. Nú má vera, að spurning sje um, hver stærð skipsins skuli vera. En eigi það að hafa sterka vjel, þarf það einnig að vera nokkuð stórt, til að þola hana. Islands Falk mun hafa verið ætlað að fara 12½ mílu á vöku. Þá verður skipið einnig því dýrara í rekstri, því hraðskreiðara sem það er. Þetta skip myndi eyða um 14 tonnum af kolum, og er það að vísu ekki mjög mikið.

Eins og stendur mun vera mjög dýrt að byggja skip. Það er rjett, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að það mun vera hertaka Ruhrhjeraðsins, sem valdið hefir hækkuninni, því áður keptu þjóðverjar við Englendinga, en nú eru Englendingar einir um það, og því ekki samkepni. Ef bygt væri nú, myndi það vera 200 þús. kr. dýrara en áður. Hjer væri því um aukakostnað að ræða, ef bygt væri strax.

Þá álít jeg, að ekki megi tefja varnarskipið frá starfi sínu með því að ætla því að vera líka björgunarskip. En hitt ætti ekki að valda miklum kostnaði, að útbúa skipið svo að björgunartækjum, að það gæti hjálpað í ítrustu nauðsyn.

Það er rjett, að útgerðarkostnaðurinn verður aðalatriðið. Það er því álit margra, að heppilegt væri að finna leið til að fá kauplausa menn á það. Það er nú heimtað í lögum, að stýrimannaefni skuli hafa verið vissan tíma í siglingum erlendis. Mætti máske breyta þeim lögum svo, að siglingar á þessu skipi jafngiltu siglingum erlendis. Jeg vil því hafa heimildina í lögunum enn, og verður stjórnin svo að ráða fram úr þessu máli.

En að öðru jöfnu tel jeg sjálfsagt að láta byggja skip, heldur en kaupa gamalt, því það mundi margborga sig í kolasparnaði.

Jeg er ekki viss um, að heppilegt sje að sameina landvarnar- og björgunarskip. Verðmunurinn mundi nú vera um 200 þúsund krónur og hætt við, að landvarnarskipið hefði nóg að gera við landvarnir einar. Aftur á móti mætti hafa nokkur einföld björgunartæki á skipinu. Jeg ræð því frá að binda stjórnina með því að samþykkja tillöguna á þskj. 304. En vitanlega má athuga möguleikana fyrir því að hafa strandvarnarskipið jafnframt björgunarskip, en verði till. samþykt, þá verður hún til hindrunar því, að nokkuð verði gert á þessu ári. Helst vildi jeg, að báðar till., á þskj. 304

og 318, yrðu teknar aftur og að þessu máli verði hraðað sem mest, helst að ráðist verði í byggingu skips á þessu ári, nema einhverjar óvenjulegar ástæður komi til, t. d. að efni hækkaði svo mjög, að bersýnileg óhagsýni væri að því að ráðast strax í framkvæmdir.

Flm. (Jónas Jónsson): Það var einu sinni drotning, sem ekkert skildi í því, að fólk skyldi deyja úr hungri, þegar hallæri var í landinu. Eins og það væri þá ekki nær fyrir það að borða brauð og smjör! Mjer finst sumir ræðumenn hjer hugsa á líka leið og þessi drotning. Hæstv. forsrh. (SE) hefir viðurkent, að tímar sjeu nú óhagstæðir til að byggja skip og að kostnaðurinn muni verða mjög mikill, en þó óskar hann þess, þrátt fyrir það, að till. okkar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) verði feld, svo að hægt sje að byrja nú þegar á þessu ári á byggingu strandvarnarskips. En hvaða líkur eru til þess, að hægt verði að byggja skip nú þegar? Hæstv. forsrh. (SE) veit um það, að hvað eftir annað lá við, að landið tapaði af samningnum með Esju, sökum yfirfærsluvandræða. Líkurnar eru ekki miklar til þess, að hyggilegt sje að ráðast í að byggja skip næstu mánuðina. Við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) viljum ekki rasa fyrir ráð fram í þessu máli. Jeg legg þessa till. á þskj. 318 á borð við till. um að byrja nú þegar á því að byggja landsspítala yfir 150 manns, sem kosta mundi um 3 miljónir króna. Í hvorugri till. er tekið tillit til þess, að við erum fátæk þjóð, sem ekki megum leggja út í mikinn kostnað, nema að yfirlögðu ráði.

Viðvíkjandi því, sem haldið hefir verið fram, að björgunarstarf og landhelgisgæsla sje alveg ósamrýmanlegt, þá skal jeg geta þess, að till. okkar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) byggist á því, að við höfum ekki efni á að kasta fje í landhelgisgæsluna, en vanrækja tekjur, sem við gætum haft jafnframt af björgunarskipi. Þeim, sem þekkja til þess, að björgunarskipið Geir liggur hjer óhreyft á höfninni viku eftir viku, er það óskiljanlegt, að það hefði ekki getað gert eitthvað fyrir landhelgisgæsluna á þeim tíma. En þeir, sem hugsa eins og drotningin, álíta vitanlega, að ekki sje nauðsyn á því að láta sama skipið fara með bæði störfin.

Jeg get tekið það fram, viðvíkjandi þegnskylduvinnu stýrimannaefna á skipinu, að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands álítur mjög æskilegt, að slíkt fyrirkomulag komist á, og að það nái jafnvel til fleiri skipa, svo sem skipa Eimskipafjelagsins og Esju. Er álit hans á þessu máli ekki minna virði en hv. þm. Þessi þegnskylduvinna er ekki eingöngu vegna landsins; hún er fyrst og fremst vegna mannanna sjálfra. (**HSt:** Hafa þeir beðið um það?). Á að láta stýrimennina ráða sjálfa, hve mikla mentun þeir fá? Það væri alveg ný aðferð. Nei, aðalatriðið er þetta, hvort við eigum að haga okkur eins og drotningin, eða aðeins eins og 100000 manns í fátæku og erfiðu landi, sem ekki hafa efni á að lifa í neinum skýjaborgum.

Sveinn Ólafsson: Hæstv. forsrh. (SE) óskaði eftir, að till. væri tekin aftur og þá brtt. líka. Mjer virðist hjer vera um tvent ólíkt að ræða. Með samþykt aðaltillögunnar er ekki ráðist í neitt, sem kostar fje, heldur einungis það, sem

nauðsyn er á og þarf að gerast hvort sem er, og eins þótt brtt. á þskj. 318 verði samþykt; en það er óvarlegt að samþykkja hana áður en nægur undirbúningur hefir farið fram, sem gert er ráð fyrir í aðaltillögunni.

Það hefir nú verið nógsamlega tekið fram af hv. flm. brtt. (HSt) og einnig viðurkent af hæstv. forsrh. (SE), að ekki sjeu líkur til, eins og nú er komið, að þetta komist í framkvæmd fyrst um sinn, þótt menn væru allir af vilja gerðir. Og þótt gert væri hið ítrasta til þess að byggja strandvarnarskip nú á þessu ári, mundi það ekki vera kleift, nema með skyndiundirbúningi, sem við mundum sjá eftir síðar.

Það er síður en svo, að viljann vanti í þessu efni, og ekkert væri mjer kærara en ef strandvarnarskip, eða björgunarskip, sem það mundi heldur heita, væri tilbúið nú í lok ársins.

Hv. þm. Snæf. (HSt) virtist álíta, að þessi aðaltill. okkar stefndi að seinlæti, að dráttur yrði á málinu fyrir hennar sakir. Jeg held nú, að hefði engin tillaga komið fram, þá hefði ekkert orðið úr þessu á komandi ári. Jeg geri ráð fyrir, að það verði fljótunnið verk að framkvæma þessa rannsókn, sem aðaltill. fer fram á.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir svarað því í ræðu hv. þm. Snæf. (HSt), að ekki geti farið saman björgunarstarf og strandgæsla. Er óþarft að svara því frekar. Þetta getur vel farið saman, ef útbúnaður skipsins er haldkvæmur til hvorstveggja. Og enda þótt skipið þyrfti að yfirgefa eftirlitssvæðið 3—4 sinnum á ári til þess að bjarga, þá væri það ekki mikil töf hjá því, sem nú er, þegar strandvarnarskipin liggja oftast hjer inni. Auk þess yrði danskt strandvarnarskip samtímis, sem hjeldi áfram eftirlitinu.

Hv. þm. Snæf. (HSt) hneykslaðist á því, að tekin yrði upp þegnskylduvinna fyrir stýrimannaefni. Því hefir einnig verið svarað, og þarf jeg ekki þar við að bæta. En frá mínu sjónarmiði get jeg sagt það, að jeg myndi ekki sjá eftir því, þótt þegnskylduvinna næði til fleiri manna; álít jeg, að það gæti verið ágætt uppeldismeðal. En hjer er það ekki neitt aðalatriði, og getur ekki talist þegnskylduvinna, heldur einn liður í námi stýrimannaefna, til þess að búa þá undir starf sitt.

Mitt álit er, að ef á annað borð á að samþykkja nokkuð, þá sje það aðaltill. Hún kemur hreyfingu á málið, en hitt tel jeg fráleitt, að ráðast í þetta fyrirtæki án allrar rannsóknar.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla aðeins að geta þess, að till. sú til þál., sem hjer liggur fyrir á þskj. 304, er alls ekki nauðsynleg, því að í lögum nr. 78, 28. nóv. 1919, er landsstjórninni heimilað að kaupa eða láta byggja „svo fljótt, sem verða má“, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna, og er henni heimilað að taka lán til þess.

Í þessum lagastaf virðist mjer fólgin sú fylsta heimild, sem hægt er að gera kröfu til, og ef ríkisstjórnin notar þá heimild ekki, þegar heppilegir tímar eru til þess, þá er það vanræksla af hennar hendi. En eins og nú horfir, tel jeg rjett af hæstv. stjórn að doka við í þessu máli. Færi til slíkra framkvæmda er nú mjög óhagkvæmt. Stál fer síhækkandi í útlöndum, svo að smíði skipsins yrði mjög dýr. Nauðsyn þess að fá nýtt skip er ekki svo bráða-brýn, að ekki megi bíða betra færis, enda má hafa viðhlítandi

landhelgisgæslu með öðrum úrræðum fyrst um sinn.

Að efni til er jeg ekki mótfallinn till á þskj. 304, en brtt. á þskj. 318 er jeg gersamlega mótfallinn. Það er frumhlaup og fljótræði að ætlast til þess, að farið verði að byggja skip nú á allra verstu tímum. Íslendingar hafa sannarlega brent sig svo á skipakaupum og skipasmíð hin síðustu árin, að þeir ættu að láta sjer að kenningu verða. Þarf ekki að nefna nöfn því til sönnunar, þótt auðvelt væri. Mættu þeir minnast hins fornkveðna: „Vestigia terrent", eða: „hafa skal víti til varnaðar".

Mín till. er því sú, að þessu máli verði nú vísað til hæstv. stjórnar.

Jón Þorláksson: Jeg get í raun og veru fallið frá orðinu, því það, sem jeg ætlaði að segja, hefir nú hv. þm. N.-Þ. (BSv) tekið fram og komið fram með samskonar till. og jeg ætlaði mjer að gera.

Það er engin meining í því að fara að byggja skip nú á þessu ári. Fjenu úr landhelgissjóði hefir nú verið eytt í þarfir landsins, sem kunnugt er. Auk þess fer verð á skipasmíðaefni sífelt hækkandi. Síðan um áramót hefir járn og stál hækkað um 60%, svo að ekki er völ á verri tíma til þess að byggja skip en einmitt nú.

Það hefir með rjettu verið bent á margt athugavert við till. á þskj. 304, og mætti benda á fleira. Það er alls ekki rjett að binda sig svo, sem þar er gert ráð fyrir. Það er alveg nægilegt, eins og nú stendur á, að vísa málinu til hæstv. stjórnar, og getur hún þá tekið það til athugunar. Á síðastliðnu þingi var samþykt í báðum deildum þingsályktun, þar sem skorað var á stjórnina að fá því framgengt, að Danir hefðu tvö skip hjer til strandgæslu. Gæti þetta orðið bót fyrst um sinn, og tel jeg rjett, að við það sje látið standa um sinn.

Pjetur Ottesen: Jeg hefi oft áður bent á það hjer á þingi, hver nauðsyn væri á því að koma upp íslensku strandvarnarskipi og hvaða gildi það hefði fyrir efnalega afkomu þjóðarinnar í nútíð og í framtíð, að strandvarnir hennar eða landhelgisgæsla væri í sem bestu lagi. Og reynslan hefir fyrir löngu sýnt okkur það og sannað, að það verður ekki gert, að koma málum þessum í sæmilegt horf, nema við gerum það sjálfir.

Það má t. d. benda á, að danska varðskipið Fylla, sem hingað kom snemma í aprílmánuði, hefir meginið af þeim tíma, sem liðinn er síðan, legið hjer inni á höfn, og geta allir sjeð, hvers virði sú landhelgisgæsla er. Og einmitt á öndverðu þessu þingi var landhelgisgæslumálið rætt hjer í neðri deild, en það hefir nú komið fyrir á hverju þingi síðan 1919, er hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn frá mjer og tveimur öðrum þingmönnum um, hvað stjórnin hefði aðhafst í málinu. Og mjer var það ljóst af svörum ráðherrans, að hann hefði fullan skilning á nauðsyn þessa máls, og skildi jeg hann svo, að hann hefði afráðið að láta til skarar skríða með þetta mál hið allra bráðasta og láta byggja eða kaupa skip til landhelgisgæslu. Hið sama hefir og komið fram í ræðu hans hjer í dag. Og það sýnir og, að hugur hefir fylgt máli hjá hæstv. ráðherra, að hann hefir þegar látið gera bráðabirgðauppdrátt af slíku skipi og aflað upplýsinga um kostnað við byggingu á því. Um þennan uppdrátt er það að segja, að eftir því sem sjómenn alment hafa hugsað sjer

þetta landhelgisgæsluskip, þá er uppdrátturinn af óþarflega stóru skipi til þessara hluta. Þetta skip er áætlað 170 feta langt, en stærstu togararnir, sem hjer eru, munu vera um 140—150 fet, og ætti sú stærð að vera alveg fullnægjandi, en skipið þarf vitanlega að hafa heldur meiri ganghraða en togarar hafa.

Þess mátti því vænta, að nú væri að renna upp sú stund, sem þjóðin hefir lengi þráð, að eigi yrði lengur látið síga úr hömlu með að ráða nokkra bót á landhelgisgæslunni.

Nú hafa tveir þingmenn, sinn úr hvorri deild, hv. 5. landsk. þm. (JJ) og 1. þm. S.-M. (SvÓ), borið fram till. um að slá máli þessu á frest um eitt ár að minsta kosti. Hv. þm. Snæf. (HSt), meðflutningsmaður minn að brtt. á þskj. 318, hefir nú minst á þessa tillögu, og þarf jeg þar í rauninni litlu við að bæta. Hann hefir rækilega minst á þá annmarka, sem á því eru, meðan ekki er um nema eitt strandvarnarskip að ræða, að sameina þannig lagað björgunarstarf landhelgisgæslunni. Ef skipið ætti að starfa sem björgunarskip, þannig, að það ætti að reka þá starfsemi sem atvinnugrein, þá gæti eðlilega svo við borið, og hlyti oft og löngum að verða svo, að skipið þyrfti að sinna slíku starfi einmitt þegar mest á riði með landhelgisgæsluna, og hefir hv. 4. þm. Reykv. (MJ) þegar vikið nokkuð að þessu atriði og alveg rjettilega. Það er líka vitanlegt, að þó eitt varðskip fengist, er ekki þar með ráðin full bót á landhelgisgæslunni, þó skipinu væri stjórnað með þeim dugnaði og þrautseigju, sem eiginlegur er íslenskum sjómönnum og ekki þarf að efa. En þó væri stórmikið unnið með einu skipi. En fyrst svo er, að eitt skip, sem gæfi sig þó eingöngu að landhelgisvörn, væri ekki fullnægjandi, er það bersýnilegt, að það yrði svo enn þá síður, ef það ætti að skifta sjer milli strandvarnanna og annara starfa, og því verra er að sameina þessi störf, hvað sem annars gæti mælt með því. En hins vegar mundu fullkomin björgunartæki og allur útbúnaður, sem til þess útheimtist, vera svo dýr og auka svo á byggingarkostnað skipsins, að ekki væri ráðlegt að ráðast í það, nema því aðeins, að skipið ætti að gera sjer björgunarstarfið að aðalstarfi og vaka yfir hverju tækifæri, sem gæfist í því efni, en þá mun flestum ljóst, að landhelgisgæslan yrði harla slitrótt.

En hitt væri gott, að skipið hefði t. d. öflug dráttartæki, svo það gæti kipt skipi út af grunni, ef svo bæri undir, enda yki það ekki sem neinu næmi á byggingarkostnaðinn. Og samkvæmt yfirlýsingu þeirri, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) gaf áðan, er það alveg í samræmi við skoðun framkvæmdarstjóra E. Nielsens, að frekari eða meiri björgunarstarfsemi sje ekki samrýmanleg landhelgisgæslunni.

Um c-liðinn í till., um að skylda nemendur stýrimannaskólans til að vera eitt ár á skipinu endurgjaldslaust, inna þar af hendi nokkurskonar þegnskylduvinnu, get jeg verið fremur fáorður, enda hefir hv. þm. Snæf. (HSt) minst nokkuð á þetta. Það er talað um það í ástæðunum fyrir till., að skipstjóraefnin mundu geta lært svo mikið á því að vera á þessu skipi. Jeg er nú ekki svo mjög trúaður á það. Þeir, sem á sjómannaskólann ganga, eru allir vanir sjómenn áður, og auk þess eru þeir flestir eða allir hásetar lengi áður en þeir verða stýrimenn eða skipstjórar, og læra þar hina verklegu sjómensku áður

en þeir fara að stjórna öðrum. Mundu þeir því að þessu leyti ekki læra á slíku skipi mikið framar því, sem þeir yfirleitt mundu læra undir stjórn og handleiðslu góðs skipstjóra, hvar sem væri. Auk þess má benda á það, að menn mundu ekki á þessu skipi læra neitt að því, sem að fiskveiðum lýtur, og hefir það þó ekki minsta þýðingu fyrir íslenska sjómenn.

Jeg hefi leitað mjer upplýsinga hjá útgerðarmönnum hjer um kostnað við útgerð slíks strandvarnarskips, og hljóðar sú áætlun upp á það, að árlegur útgerðarkostnaður slíks strandvarnarskips, skips af þeirri stærð, sem jeg hefi hugsað mjer, mundi nema um 200 þús. kr., og er fullur helmingur þess kostnaðar innifalinn í kolaeyðslu.

En af þessari upphæð nemur hásetakaupið, það sem spara mætti með því að leggja þegnskylduvinnu á, 21600 kr.

Þá er þess getið í greinargerðinni fyrir þessari tillögu, að með því að haga svo til, eins og tillagan fer fram á, sje bent á nýja leið til þess að gera það kleift að halda slíku skipi úti. Þetta er þó ekki rjett nema að sumu leyti. En hitt er rjett, að það hefir að vísu heyrst oft fyr, þetta, að ekki væri gerlegt að ráðast í þetta sökum þess gífurlega kostnaðar, sem það hefði í för með sjer. En það hefir nú verið sýnt fram á það, að þær leiðir, sem bent er á í tillögunni, ef sameina ætti björgun og landhelgisvörn, þær leiða ekki til þess að uppfylla þá bráðu og knýjandi þörf, sem á því er að ráða nauðsynlegar endurbætur á landhelgisgæslunni.

En þeim, sem halda þessu fram, að okkur sje það ekki kleift að halda úti slíku skipi og láta það vera óskift við landhelgisgæsluna, vil jeg benda á það, að þetta byggist ekki á neinu öðru en því, að þeir sömu menn gera sjer ekki nógu ljósa grein fyrir því, hvað í húfi er, hvað það kostar okkur í raun og veru að láta landhelgina vera fótaskinn ófyrirleitinna yfirgangsseggja, hvað hún kostar okkur sú spilling á afla og veiðarfærum árlega, sem af þessu hlýst, og loks hvaða þýðingu það hefir fyrir fiskveiðarnar í framtíðinni, fyrir sjávarútveginn sem atvinnugrein, að ungviði fiskjarins, sem mikið heldur sig á grunnsævi innan landhelginnar, er rótað upp og eyðilagt, í stað þess að fá að þroskast og dafna. Það er þetta, sem þeim, sem vex svo í augum kostnaðurinn við að koma upp strandvarnarskipi og gera það út, að þeir vilja slá því á frest, sem þeir ekki gera sjer grein fyrir sem skyldi, hvaða óskapa þjóðarauð er teflt út úr höndunum á sjer með sífeldu tómlæti um þessa hluti.

Ef benda á á sem dæmi,hverjar afleiðingar þetta hefir, þá er hægt að taka það, sem næst liggur, og það er Faxaflói. Hjer var útgerð á opnum bátum að mestu lögð niður fyrir stríðið, af völdum botnvörpuveiða, en á stríðsárunum reis hún úr rústum aftur og blómgaðist vel; nú sækir alveg í sama horfið. Nú er svo komið í Garðsjónum til dæmis, að þar bregst nú að mestu leyti afli ár eftir ár. Þar hefir verið að undanförnu mótorbátur við landhelgisvörn tíma úr árinu. Það er álitið, að hann hafi unnið nokkurt gagn, en togararnir eru svo áleitnir, að þeir breiða fyrir númerin og „trolla“ innan landhelginnar í kringum varðbátinn. Það mun auk þess vera eitt dæmi þess, að þeir hafi verið svo nærgöngulir — því það er aðdjúpt þar, og ef fiskur er á annað borð, þá er hann oft nærri landi — að einn trollari hafi

siglt í strand með vörpuna í eftirdragi. Garðsjórinn var áður fiskisælasti staðurinn við Faxaflóa og brást þar örsjaldan afli, og það var algengt, þegar orðið var fiskilaust hjer við innanverðan flóann, að þá var sótt suður í Garðsjó, legið þar við í nokkra daga eftir atvikum. En nú er þetta svona, og þó að fiskihlaup komi t. d. í Garðsjóinn, þá stendur fiskurinn þar lítið við, heldur hverfur fljótt aftur, þótt svo hittist nú á, sem sjaldan er, að trollarar sjeu þar ekki. Þetta stafar af því, að botnvörpurnar umróta botninum, þessum fína sægróðri, sem fiskurinn hænist að og legst við. En nálega öll þessi ágætu fiskimið í Garðsjónum, sem þannig er búið að eyðileggja, eru innan landhelginnar. En eyðileggingunni á þessum stað þarf jeg ekki að lýsa nánar, því hv. þm. hafa sjálfir orðið varir við þetta í skrifum þeim og málaleitunum um þessi efni, sem borist hafa úr Garðinum, og þeir hafa sannfærst um sanngildi þessara frásagna og viðurkent nauðsyn þess að reyna að greiða úr því óskapa örbirgðarástandi, sem þessi eyðilegging hefir leitt yfir Gerðahrepp; því þaðan eru nú flúnir flestir þeir, sem burtu hafa komist, en þeir fáu verkfæru menn, sem eftir eru í þessu stóra hreppsfjelagi, verða nú að ala önn fyrir fullum 70 þurfalingum, börnum og gamalmennum, auk annara útgjalda, sem eru svo gersamlega vaxin þeim yfir höfuð; þeir hafa viðurkent þessa nauðsyn með því að samþykkja 40 þúsund króna lánsheimild til þessa hreppsfjelags, sem þó er ekki nema helmingur þess, er farið var fram á.

En sömu sögurnar um skemdir og eyðileggingu er að segja úr öðrum stöðum við innanverðan flóann. Menn munu líka minnast þess, að þinginu hafa iðulega á þessum árum borist ófagrar lýsingar af aðförum botnvörpunga í landhelginni hjer við land og afleiðingar þeirra. 1921 lá hjer fyrir þinginu fjöldi af áskorunarskjölum um framkvæmdir í landhelgisgæslumálinu, bæði í þingmálafundagerðum og sjerstökum áskorunum, og er ástandinu átakanlega lýst og hvert stefni um efnahag manna og afkomu, þar sem botnvörpungarnir gera mestan uslann. Jeg minnist lýsingar frá Arnarfirði. Eftir að búið er að lýsa aðförum botnvörpunganna, að þeir dragi upp veiðarfæri manna jafnóðum og þeir leggja þau og að þeir „trolli“ svo nærri landi, að brimið brjóti til grunns við þá, stendur svo í einu skjalinu: „Verði ekki bætt úr yfirgangi togara, eins og hann hefir verið undanfarið, með auknum strandvörnum að miklum mun, þá verður lítt mögulegt fyrir fólk hjer að draga fram lífið, því að mestar tekjur manna, eða það, sem þeir hafa sjer til lífsframfæris, byggist á afla þeim, sem þeir fá úr firðinum“.

Svona er þetta hvaðanæfa, sem fiskveiðar eru stundaðar á smærri báta.

Jeg minnist þess og, að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) tók það fram sem ástæðu hjer á dögunum fyrir því að koma upp loftskeytastöð í Öræfum, að þá mætti gera viðvart, er trollarar væru þar uppi undir landi við veiðar dögum saman, jafnvel svo hundruðum skifti. Nei, menn þurfa ekki að óttast, að því fje, sem lagt yrði í aukna landhelgisgæslu, sje teflt í neina óvissu; það mundi tvímælalaust svara góðum vöxtum, og væri með jafnmikilli vissu hægt að segja slíkt hið sama um t. d. allar fjárgreiðslur og útgjöld í fjárlögum, þá væri vel farið.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) benti á í seinni

ræðu sinni áðan — þar sem hann lagði út af sögunni um drotninguna — að fjárhagurinn væri örðugur, og skal jeg síst mótmæla því, að svo sje, en ráðið til að bæta hinn erfiða fjárhag er vitanlega fyrst og fremst að tryggja og vernda atvinnuvegina, svo sem kostur er á, og það er ekkert betra, tryggara og raunhæfara ráð til þess að tryggja þennan annan aðalatvinnuveg landsins en að bæta landhelgisgæsluna.

Þess mundi ekki langt að bíða, að það sæust góðir ávextir af því í bættri afkomu og auknu gjaldþoli þjóðarinnar.

Þá bar þessi sami þm. (JJ) þessa brtt. okkar saman við tillögu í efri deild um byggingu landsspítala, en hjer er, eins og nú er ástatt, tvennu ólíku saman að jafna. Ekki af því, að jeg viðurkenni ekki fyllilega nauðsyn á því að koma upp landsspítala, heldur verður að sjálfsögðu að láta slíkar framkvæmdir, sem hjer um ræðir, sitja þar í fyrirrúmi, því það leggur upp í hendurnar á okkur með aukinni framleiðslu möguleikann til þess fyr en ella að koma í framkvæmd ýmsum þjóðnytjafyrirtækjum, sem þörf er á að framkvæma, svo sem eins og landsspítala og fjölmörgu fleiru. Og það er áreiðanlegt, að það hefði mátt vinna margt, sem til framfara horfir í þessu landi, fyrir þann ávinning, sem af því hefði orðið, að landhelgisgæslan hefði verið betri síðan stríðinu lauk, þótt ekki sje nú lengra farið.

Þá sagði hv. þm. (JJ) það í sambandi við brtt., að við vildum haga okkur eins og ríku þjóðirnar. Hvað snertir fjárframlög eða fjárveitingar til eflingar atvinnuveganna og verklegra framkvæmda yfir höfuð, þá á þessi samlíking nú ekki allskostar vel við. En þar með er ekki sagt, að þetta geti ekki vel átt við um ýmsar aðrar fjárveitingar, sem nema stórfje og mjer finst mjög orka tvímælis um, að hverju gagni komi. Þar getur þetta átt vel við, að við hreykjum okkur nokkuð hátt og viljum stæla stórþjóðirnar. En það stendur öðrum nær en mjer eða okkur tillögumönnum að svara fyrir það.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) lagði líka fram sinn skerf. Var nú sá uppi hjá þessum hv. þm. að vilja láta slá málinu á frest og rannsaka það, eins og hann komst að orði. Þessi hv. þm. leit öðruvísi á þetta mál á þinginu 1919. Vorum við þá báðir í sjávarútvegsnefnd, eins og svo oft bæði fyr og síðan, en þá fluttu sjávarútvegsnefndir beggja deilda frv. það, sem þá varð að lögum og inniheldur heimildina fyrir stjórnina til að kaupa eða byggja skip til landhelgisgæslu. Er mjer enn minnisstætt, hvað einingin var mikil í málinu og áhuginn heitur og trúin á málefnið mikil. Er sagt í greinargerð frv. þessa, eftir að búið var að lýsa áskorunum, er fram höfðu komið: „Samvinnunefnd sjávarútvegsmálanna hefir í einu hljóði orðið sammála um, að þessum röddum verði að sinna og megi ekki bregða sjer við, þótt hjer sje um mikinn kostnað að ræða, því að hitt getur þó kostað enn meira, að hafast lítið eða ekkert að".

Þetta álít jeg undirstöðu frv. og það leiddi það til sigurs í þinginu 1919. Ætti sú eyðilegging og tjón, sem af vanrækslu í þessu mál hefir hlotist síðan, að vera næg bending um það, að eitthvað þurfi að aðhafast. Sjest ljóslega, að nauðsyn þess eykst árlega. Er það beinlínis bjargráðaráðstöfun að gera eitthvað til þess að ráða bót á bölinu.

Það hefir komið fram till. um að vísa þessu máli til stjórnarinnar, en með þeim forsendum, að helst yrði ekkert gert í málinu, ekki einu sinni unnið að undirbúningi málsins. Er þetta vitanlega alveg fráleitt, og undrar mig, að hv. þm. N.-Þ. (BSv) skyldi verða til þess að vísa málinu frá með slíkum ummælum. En eftir fyrri framkomu hæstv. forsrh. (SE) í þessu máli veit jeg, að hann mun eiga bágt með að taka á móti till., bygðri á slíkum forsendum. En jeg get fallist á, að málinu sje vísað til hæstv. stjórnar, ef það er bygt á þeim fyrirætlunum, er hún hefir látið uppi um framkvæmdir í málinu, þótt jeg vildi helst fá atkvæði um tillögurnar, svo afstaða manna til málsins kæmi skýrt í ljós.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gat þess, að nú væri hjá liðinn hinn hentugi tími, er hefði verið til skipabygginga, þar eð járn og stál hefir hækkað nokkuð nú upp á síðkastið. Fer svo um ýmislegt, þegar áhuginn er ekki nægur, að tækifærum er slept. En þrátt fyrir þetta álít jeg, að nauðsyn þessa máls sje svo mikil, að ekki megi það verða til fyrirstöðu, þótt efni hafi eitthvað hækkað. Háskinn og eyðileggingin, sem vofir yfir þjóðinni og vex árlega, ef eigi er bót á ráðin, nemur áreiðanlega miklu meiru en þessi verðhækkun. Hjer er sannarlega um eitthvert þýðingarmesta mál þjóðarinnar að ræða.

Bjarni Jónsson: Það er rjett að grípa tækifærið til að hrósa stjórninni fyrir það, er hún hefir hjer gert, því vera má, að jeg megi síðar láta það vera. Hefir hæstv. forsrh. (SE) unnið vel að þessu máli og hefir lýst því yfir, að hann vilji vinda bráðan bug að því. Vil jeg, að málinu sje vísað til stjórnarinnar með hvetjandi orðum frá þinginu. En vekja vil jeg athygli á því, að það er ef til vill of fast að orði kveðið í till., að verkið skuli framkvæmt á þessu ári, því vera má, að svo standi á, að það verði ekki unt heldur á næsta ári. Er jeg sammála hv. þm. Borgf. (PO), að þetta þurfi að gerast sem fyrst. Hefi jeg æ verið honum sammála í þessu máli, er hann hefir lengst farið. En það skildist mjer, að honum væri ekki á móti skapi, að þessu væri vísað til stjórnarinnar, ef hvatningarorð fylgdu.

En minna vil jeg stjórnina á það, að legið hafa fyrir tilboð um kaup á strandvarnarskipi, ódýru og góðu, eftir lýsingum að dæma, og ætti hún að athuga þessi tilboð vel og með gætni og kaupa heldur skip en láta byggja, ef hagkvæmara sýndist. Stóð jeg aðallega upp til að minna hæstv. stjórn á þessi tilboð.

En eigi skipið að vera jafnframt björgunarskip, þá verður að byggja skipið, því að þá verður gerð skipsins að vera öll önnur. Vil jeg svo að síðustu leggja áherslu á það, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar, í því skyni, að hún leggi alt kapp á að hrinda þessu máli fram sem fyrst.

Flm. (Jónas Jónsson): Í máli þessu hafa komið fram þrjár skoðanir, frá þrem aðiljum.

Fyrst eru þeir, sem ekkert vilja gera, aðrir vilja láta fara fram rannsókn á málinu, og þeir þriðju vilja kaupa eða byggja skip strax. Vil jeg taka þetta fram til þess að sjáist, að það er erfitt fyrir stjórnina til athafna, þegar stuðningurinn við málið er svona blandaður.

Við flm. till. á þskj. 304 viljum ekki taka till. okkar aftur, því að við viljum,

að þingið verði að láta álit sitt í ljós um málið, svo að stjórninni verði hægra um vik. Flytjendum till. á þskj. 318 er það líka í hag, að atkvæðagreiðslan skeri úr og sýni, hvor till. hefir mest fylgi.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Borgf. (PO) vil jeg taka fram, að jeg held, að hann hafi ekki athugað það nógu gaumgæfilega, að tilgangur okkar er ekki sá að fresta málinu, heldur setja það á hreyfingu, sem að gagni mætti verða. Hefir þessu máli verið hreyft þing eftir þing, og þó hefir ekkert verið gert í því. Sýnist það benda til, að þingið hafi viljað fara hægt í þetta mál, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ).

Furðar mig, að flytjendur brtt. á þskj. 318 skuli ekki sjá, að við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) erum hjer að hjálpa þeim og stöndum þeim mjög nærri.

En það hefir ekkert verið gert, sökum þess, að þjóðin trúir ekki á þessa nauðsyn, sem blasir svo vel við hv. þm. Borgf. (PO). Þótti mjer ræða hans góð, en held aðeins, að erfitt sje að framkvæma verkið eins og nú stendur. Þætti mjer ekki ólíklegt, ef svo færi, að samþykt yrði að byggja skip í ár, að samt mundi ekkert verða gert. Fátæktin hindraði. Og ef svo liðu 4 ár án þess nokkuð væri aðhafst, væri það þá goðgá, að hafa bent á leið, sem leyst gat úr kostnaðarspursmálinu? Sjóðurinn til að byggja skipið fyrir er til; aðalatriðið er, að Alþingi geti treyst á það, að kostnaðurinn við rekstur skipsins verði ekki landinu ofviða. Má að vísu vera, að landið geti risið undir 200—300 þúsund króna kostnaði, en benda vil jeg þó á það, að Vestmannaeyingum hefir veitt það nokkuð þungt að halda úti sínu skipi og ekki treyst sjer til þess, nema með styrk frá ríkinu. En auðvitað verður þetta erfiðara einu hjeraði en landinu öllu.

Jeg skýrði ekki líkinguna um landsspítalann, en jeg skal gera það nú. Jeg álít landsspítalann gott fyrirtæki og nauðsynlegt, en læknarnir hafa sagt, að hann yrði ekki bygður fyrir minna en 3 milj. kr. og árlegur rekstrarhalli yrði um 100000 kr. Rekstrarhallinn á hvern sjúkling þar mundi því verða mörg hundruð krónur. Við þurfum að fá þennan spítala, en við getum ekki haft hann svona stóran, heldur verðum að fá hann minni. Held jeg, að málinu sje enginn greiði gerður að halda því á þessum stórveldisgrundvelli. Og sama gildir hjer. Við eigum að þoka okkur áfram, því þótt við kynnum að vera svo efnaðir að geta tekið stökkið í einu, þá dugir það ekki meðan þjóðin og þingið trúir því ekki, að efnin sjeu nóg til þess.

Jeg held, að eitt strandvarnarskip, sem væri 10—11 mánuði ársins á ferðinni og hefði íslenskan skipstjóra og skipshöfn, mundi gera mikið gagn. Og ef þetta skip væri jafnframt björgunarskip, þá mundi það langdrægt bera sig, svo framarlega sem gróði er á Geir.

Seinna væri svo hægt að bæta við öðru skipi, ef þörf krefði og efni væru til.

Það er ekki rjett hjá þeim hv. þm., er hafa haldið því fram, að örðugleikar mundu vera á því að koma öllum stýrimannaefnunum að.

Mjer finst þessir tveir liðir ekki óverulegir, 200000 kr. í útgerðarkostnað og 21000 kr. í mannahald, eftir útreikningi hv. þm. Borgf. (PO). Reynsla vor með þór hefir sýnt, að svona löguð skip eru dýr í útgerð, og 21 þús. kr. í mannahald er ekki smáupphæð árlega.

Mjer hefir í dag verið bent á einn kost við svona skip, nefnilega að hægt sje að láta kunnáttumann landsins í fiskimálum, Bjarna Sæmundsson, sem nú hefir helgað líf sitt vísindalegum rannsóknum, ferðast með skipi þessu eftir þörf og vild, til þess að gera rannsóknir sínar á fiskigöngunum hjer við land. Þetta tel jeg geta verið sameiginlegan stuðning fyrir okkur hv. þm. Borgf. (PO).

Hv. þm. (PO) fanst jeg tala kuldalega um, að kastað yrði fje til þessa eftirlits, en að hv. þm. finst það, tel jeg einvörðungu stafa af skoðanamun. Orð mín miðast við muninn, sem nú yrði á útgerðarkostnaðinum, en ef hægt yrði að spara 200—220 þús. kr., þá virðist mjer ekki rjett að ganga fram hjá þeim möguleika.

Það var ekki rjett álitið af hv. þm., að ekki fylgdi hugur máli. En þótt svo fari, að ekki verði miklu náð með leið þeirri, er við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) bendum á, þá komumst vjer þó lengra með henni en með hinni, sem vill alt, en kemst ekkert.

Viðvíkjandi orðum hv. þm. Dala. (BJ) um að heimta meira af Dönum til landhelgisgæslunnar, þá vil jeg geta þess, að jeg hefi altaf talið það ótæka leið til aukningar strandgæslunnar, því að jeg álít langt frá því að vera heppilegt að eiga slík mál undir erlendum þjóðum, og er jeg þakklátur hæstv. forsrh. (SE) fyrir að hafa ekki slegið inn á þá braut.

Þá er mjer kunnugt um, að þessi ódýru skip, sem hæstv. landsstjórn hefir fengið tilboð um, þ. e. ensk og þýsk smáherskip frá stríðsárunum, eru talin mjög óhentug, og jafnvel álitin vera algerlega ófær í hina þungu sjóa við strendur lands vors, jafnvel stundum að sumarlagi, og getur því ekki komið til mála, að keypt verði slík skip; heldur mun nauðsynlegt að byggja nýtt skip, að jeg ætla í líkingu við togara, eins og hv. þm. Borgf. (PO) gat um. Óska jeg að síðustu, að atkvgr. skeri úr því, hvaða leið þingið vill að stjórnin fari: hvort ekkert eigi að gera eða hvort frekari rannsókn eigi að fara fram, eða í síðasta lagi, hvort byrja eigi straks á að byggja skipið.

Eiríkur Einarsson: Margir hafa nú þegar talað, og hafa allir verið líkrar skoðunar um það, að hjer sje mikilsvert nauðsynjamál á ferðinni, en greinir aftur á móti um, hver leiðin sje heppilegust til framkvæmdanna. Vil jeg nú aðeins geta um einn þátt þessa máls, sem aðrir hafa ekki fært í tal, en jeg tel þó engu að síður afarþýðingarmikinn. Það hefir verið rætt um undirbúning hæstv. stjórnar, og er það rjett, að hæstv. landsstjórn hefir tekið hlýlega og sanngjarnlega í þetta mál, en sá undirbúningur hennar er kominn skamt á veg, og því alt meginmálið eftir. Hv. þm. hafa leitt hjá sjer að tala um, hversu hentug hæstv. landsstjórn sje til þess að annast um framkvæmd þessa máls, en það er mikilvægt atriði, sem vel mætti ráða afdrifum þessarar till., hvort stjórninni sje treystandi að bera slíkt stórmál fram til sigurs eða ekki.

Við, sem þekkjum til viðskiftalífsins, vitum, að það er þýðingarmesta eða mjög þýðingarmikið atriði í viðskiftum, hver á að annast kaupin, hvort heldur er að ræða um skip eða skipsfarm eða önnur viðskiftaefni. Það er valdast, hver á heldur. Ætla jeg mjer ekki að fara að dæma um, hvernig hæstv. stjórn mundi takast þessi kaup, sem velta á fleiri

hundruð þúsund krónum, en jeg tel eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort ekki væri sanngjarnt að láta í þessu stóra máli atkv. vera undir því komið, hvert traust hv. þm. bera til hæstv. landsstjórnar yfirleitt. Úr því jeg minnist á þetta, sem ekki er ótímabært, skal jeg láta þess getið, að mjer þykir undarlegt, hversu langt hefir liðið á þingið án þess að þetta bærist í tal. Til stendur, að þingi verði slitið nú í þessari viku, og er því alt útlit fyrir, að þing og stjórn ætli að skilja án þess að skorið verði úr því, hvort hæstv. stjórn hafi fylgi þingsins eða ekki. Þess vegna vil jeg ekki láta hjá líða að sýna mína afstöðu til hæstv. landsstjórnar. Ætla jeg þess vegna að leggja fram rökstudda dagskrá í hinu hv. þingi, sem felur í sjer afstöðu mína til hæstv. stjórnar og þá jafnframt, hvernig jeg tel sæmilegast að ljúka umræðum þessa máls nú að þessu sinni. Ætla jeg að lesa dagskrána hjer upp, með leyfi hæstv. forseta:

Með því að Alþingi treystir ekki stjórn þeirri, er nú fer með völd í landinu, telur það ekki gerlegt að fela henni málefni þetta, sem vissulega er ábyrgðarmikið og mikilsvert, og tekur þingið því fyrir næsta mál á dagskrá.

Þegar jeg nú hefi lesið hana, vona jeg, að hv. þm. telji sjer þetta mál, afstöðuna til stjórnarinnar, viðkomandi, en ekki óviðkomandi.

Um leið og jeg flyt þetta vil jeg lýsa því yfir, að jeg tel hæstv. stjórn ekki slíka, að jeg geti ljeð henni traust mitt. Að vísu geng jeg út frá því, að meiri hluti hv. þings sje fylgjandi stjórninni, og er þess vegna við því búinn, að þessi rökstudda dagskrá mín verði feld, en jeg tek því rólega, og þótt svo reynist, að jeg verði einn í minni hluta, þá á jeg þó heimtingu á að sjá, hvort hinir sjeu í raun og veru fylgjandi hæstv. stjórn, segi til litar. Þetta tel jeg nauðsynlegt að sannist. Jeg gat þess í fyrra, þegar fyrverandi stjórn var vikið frá, að nauðsynlegt væri, að afstaða yrði tekin til landsstjórnarinnar á hverju þingi, svo að greinilega sæist, hvort landsstjórnin nyti trausts, og þá hverra. Þetta virðist mjer ekki hafa sýnt sig núna, heldur heyrði jeg jafnvel nýskeð tvo hv. þm., sinn úr hvorum flokki, sendast orðskeytum, þar sem hvor um sig bar upp á hinn, að hann styddi hæstv. stjórn, og notuðu það sem skammaryrði. Slíkt ástand er algerlega óþolandi.

Hæstv. landsstjórn mætti vera mjer þakklát fyrir að koma fram með þessa dagskrá, svo að hún geti fengið sína vissu um það, hvern hún hefði með sjer og hvern á móti sjer, svo að hún framvegis gæti unnið í samvinnu og samræmi við stuðningsmenn sína. Þetta þýðingarmikla málefni gaf mjer ástæðu til þess að flytja nú dagskrána, og málefnið, sem hjer er til umræðu, er vel til þess fallið að vera prófsteinn um þetta. Þjóðin þarf að vita afstöðu fulltrúa sinna til sjerhverrar landsstjórnar, og þeim má ekki líðast að geta sagt sitt hverjum, eftir því sem hentar í hvert sinn, og hv. þm. sjálfir þurfa einnig að vita það, en þó einkanlega hæstv. landsstjórn sjálf. Þetta er megintilgangur dagskrár minnar, en sje það sannað fyrir mjer, að fram muni koma þáltill., annaðhvort frá hæstv. stjórn eða einhverjum þm., hvort heldur traustsyfirlýsing eða vantraustsyfirlýsing, svo að fylgi hæstv. stjórnar

komi berlega í ljós, þá er sama tilgangi náð, og mjer er þá síður kappsmál um dagskrána.

Forseti (MK): Þessi dagskrá kemur ekki undir atkv., því að hún kemur ekki fram á formlegan hátt og er óviðkomandi málinu, en hv. 1. þm. Árn. (EE) getur síðar borið hana fram á lögformlegan hátt, ef hann telur það nauðsynlegt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg óska, að dagskráin komi til atkv.

Forseti (MK): Það þýðir ekkert að óska þess, því að hún kemur ekki til atkv.

Eiríkur Einarsson: Jeg þakka hæstv. forsrh. (SE) fyrir, að hann skuli vilja að dagskráin komi til atkv., en hins vegar skil jeg ekki ástæður hæstv. forseta fyrir hans blákalda úrskurði um dagskrána, sem jeg veit ekki betur en að sje fyllilega lögformlega fram komin, og þess vegna krefst jeg skýringar á úrskurði hans.

Benedikt Sveinsson: Jeg tel óþarft að tala frekar um þetta, því að till. mín kemur fyrst til atkv. (**Forseti:** Vitanlega).

Forseti (MK): Umræður hefjast nú aftur um 4. mál á dagskrá.

Hákon Kristófersson:*) Jeg býst við, að allir sjeu sammála um, að hjer sje til umræðu nauðsynjamál, sem tekur til allrar þjóðarinnar og varðar þjóðfjelagið í heild sinni. Á síðastliðnum þingum hafa verið bornar fram till. um þetta mál, og nú koma enn fram till. Mjer kom það á óvart að heyra hv. 5. landsk. þm. (JJ) halda því fram, að sumir vildu ekkert gera, því að það er mjög eðlilegt, að deilt sje um leiðir, og þarf það alls ekki að bera vott um viljaleysi, en með því að vísa málinu hreinlega til hæstv. stjórnar, þá verður hún að velja aðrahvora leiðina.

Til eru gildandi lög, sem heimila hæstv. stjórn að taka til framkvæmda í þessu máli, en hæstv. stjórn hefir ekki sjeð sjer það fært enn þá.

Till. þær, er hjer liggja fyrir, fara í svipaða átt, en þó er önnur ákveðnari og hraðvirkari en hin, en nú hygg jeg, að muni vera komin fram till. um að vísa málinu til hæstv. stjórnar, með þeim skilningi, sem í það hefir hingað til verið lagður, og hefir hæstv. stjórn þá allar framkvæmdir á höndum, en verður þó að taka tillit til till., sem hjer hafa fram komið, en hv. þm. verða þá að sætta sig við þá leiðina, sem hæstv. stjórn kann að velja. Jeg hefi mikla samúð með till. á þskj. 304. Tel jeg miklum vafa bundið, hvort hægt sje að vonast eftir fullum framkvæmdum á þessu ári. Þó má ekki skilja mál mitt svo, að jeg vilji ekki, að undinn verði sem bráðastur bugur að þessu máli, og jeg ber fult traust til þessarar stjórnar til þess að gangast fyrir framkvæmdum þess, ef hún gefur ákveðið loforð í þá átt, því að nú er sá hluti stjórnarinnar farinn, sem hv. 1. þm. Árn. (EE) barðist best fyrir, en jeg treysti lakast. Sjái hæstv. stjórn sjer fært að kaupa skip á þessu ári, þá mun hún gera það, ef fjárhagurinn leyfir, og væri mjer hugþekk-

*) Ræðu þessa hefir þm. (HK) ekki yfirlesið.

ast, að hún gerði það aðallega með tilliti til þáltill. á þskj. 304, og þó ekkert verði gert á þessu ári, þá tel jeg samt heppilegt að láta hvorttveggja fara saman. Einkanlega vil jeg ekki, að því sje slegið föstu, að ósamrýmanlegt sje, að skipið sje bæði björgunarskip og strandvarnarskip. Samt geri jeg ekki ráð fyrir, að tekjur skipsins mundu nægja til útgerðarkostnaðar, því að útgerð á þessu skipi mundi verða miklu dýrari en á því skipi, sem nú er hjer til björgunar.

Eitt er það enn, sem þyrfti rannsóknar við, en jeg heimta það þó ekki af hæstv. stjórn, nefnilega að kunnugt er orðið, að hjeðan frá Reykjavík eru send loftskeyti til togaranna, og að þeir þannig fá bendingu um það, hvar eftirlitsskipið sje.

Jeg vil nú víkja þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að banna svona löguð skeyti. Það má raunar segja sem svo, að hjer sje ekki stríð, en landhelgisgæslan er þó stríð að sínu leyti. Jeg skýt þessu aðeins fram til athugunar.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) benti á það, að fyrir hendi væri langhelgissjóður, sem myndi að miklu leyti nægja til kaupa á skipi til landhelgisgæslunnar. En þetta er nú ekki allskostar rjett, þar sem það er vitanlegt, að megnið af þeim sjóði er etið upp til ríkisins þarfa, og fje hans því alt annað en laust fyrir. En þeim ummælum hv. sama þm. (JJ), að nokkur sje hjer, sem ekki trúi því, að brýn þörf sje á aukinni landhelgisgæslu, leyfi jeg mjer fastlega að mótmæla. En hitt sjá líka allir, að af henni hlýtur að leiða ekki óverulegan kostnaðarauka fyrir landsmenn,en það er kostnaðarauki, sem flestir munu telja sjer ljúft að leggja á sig. C-lið brtt. á þskj. 304 get jeg fyrir mitt leyti verið samþykkur. Kostnaðurinn við starfrækslu skipsins er með því færður niður, en vert væri að athuga, hvort ekki sje fulllangt gengið með því að ætlast til, að stýrimannaefnin vinni heilt ár kauplaust á skipinu.

Hvað það snertir, sem hv. 1. þm. Árn. (EE) hjelt fram, að það væri aðalatriðið, hvort menn tryðu stjórninni fyrir framkvæmdum í þessu máli eða ekki, þá get jeg verið fáorður. Það má vel vera, að þetta sje verulegt atriði, en mjer finst, að þeir menn, sem ekki trúa stjórninni fyrir þessu, eigi að koma með ákveðnar tillögur lútandi að því. (**LH**: Dagskráin sker úr!). Að vísu, en jeg býst ekki við, að dagskráin sje hjer til umræðu; heyrðist mjer hæstv. forseti úrskurða, að hún kæmi ekki til atkvæða. Jeg verð því að styðja þá tillögu, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, með þeim skilningi, að henni finnist sjer vera skylt að gera sem fyrst, helst á þessu ári, þær ráðstafanir í þessu máli, sem hún telur heillavænlegastar fyrir land og lýð. Og það vil jeg enn taka fram, að þótt jeg telji rjett, að farið verði með málið á þennan hátt, þá er það ekki af neinni andstöðu við tillögurnar, sem fyrir liggja, heldur af því, að jeg veit, að hæstv. stjórn muni ekki genga á snið við gefin loforð og muni vilja gera sitt ítrasta í þessu þarfamáli og vandamáli.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hafði áður tekið mest af því fram, sem jeg hefi að segja, en vil þó í fám orðum gera grein fyrir afstöðu stjórnarinnar til málsins. Jeg geri ráð fyrir því, að verði það ofan á að vísa þessu máli til stjórn-

arinnar, þá áliti stjórnin sig standa jafnt að vígi sem hún hefði heimildina, er gefin var með lögum 1919, og ekki annað. Það hefir berlega komið fram við umræðurnar, að skoðanirnar eru skiftar. Sumir vilja fresta framkvæmdum í þessu máli, aðrir vilja láta strax hafast að í því. Þetta hefir stjórnin heyrt. Afleiðingin er sú, að stjórnin yrði ein að bera ábyrgð á því, sem hún gerði eða ljeti ógert í þessu máli, en á hinn bóginn mun hún ekki skorast undan því að taka það í sínar hendur eins og það nú liggur fyrir.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins örfáar athugasemdir við ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ). Hann talaði um það, að þjóðin tryði ekki á nauðsyn þessa máls. Því verð jeg að mótmæla, og get jeg skírskotað til fjölda af áskorunum, sem borist hafa um þetta efni til þingsins árlega, þótt jeg hafi þær ekki við hendina, og sýna þær ótvírætt þjóðarviljann í þessu máli. Þess minnist jeg líka, að lögin, sem þingið samþykti um þessi efni 1919, vöktu mjög almennan fögnuð, þótt allmjög hafi úr honum dregið við það, hvað drátturinn á framkvæmdunum hefir orðið mikill. Og þjóðarviljinn er samur og óbreyttur enn, eða ef til vill öllu sterkari nú en nokkru sinni fyr, því altaf sverfur meira og meira að.

Þá gat sami hv. þm. (JJ) um það, að lagt væri í mikinn kostnað við þetta, þar sem skipið kæmi aðeins að gagni um nokkra mánuði, eða aðeins vertíðina. En þetta er sýnilega af ókunnugleika talað, því það er vitanlegt, að vertíð er alt árið einhversstaðar í kringum landið, en það skiftist á eftir árstíðum, hve nær venjulega aflast mest í hverjum landshluta.

Þá sló hann ávalt þann varnagla, að ef hægt væri að sameina landhelgisgæsluna og björgunarstarfið, þá væri mikið unnið með því, og er það vitanlega rjett, ef þetta væri hægt. En bæði jeg og fleiri, sem nokkuð þekkja til þessa máls, höfum bent á það, að nær ómögulegt er að samrýma þetta hvorttveggja, nema með því, að altaf sje slegið slöku við annað starfið, og þó sjerstaklega, þegar aðeins einu skipi eru ætluð þessi störf.

Þá gat hann þess, hver hagur það yrði fyrir ríkið að láta stýrimannaefnin vinna kauplaust á skipinu, og taldi það ekki síður verða þeim sjálfum til hagnaðar en útgerðinni. En jeg hefi nú þegar bent á það, að þeir lærðu ekki öllu meira á þessu skipi en þeir læra yfirleitt hjá góðum skipstjóra á hvaða skipi sem er. Jeg sje því ekki, að stýrimannaefnin sæktu þangað meira verklegt nám en þeir annars eiga kost á sem hásetar á öðrum skipum. Og sparnaðurinn við þetta fyrir útgerðina eða ríkissjóðinn sje jeg ekki, að sje í öðru fólginn en því að taka fje úr einum vasanum og láta í hinn. Hjer er eingöngu um innlenda menn að ræða, og gróði ríkissjóðs enginn annar en þeirra tap. — Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Jón Auðunn Jónsson: Það er í sjálfu sjer ekkert nýmæli, sem kemur fram í þáltill. á þskj. 304, frá hv. 5. landsk. þm. (JJ) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að sameina björgunarstarfið og landhelgisgæsluna. Það var mikið um þetta skrifað í blað eitt, sem gefið var út á Vestfjörðum, og er óhætt að segja, að allar þær upplýsingar, sem þá fengust viðvíkjandi þessu, hnigu í þá átt, að þetta væri illa samrýmanlegt. Að vísu fást nokkrar tekjur við björgun, en þess ber

að gæta, að slíkt skip liggur í höfn mestan tímann af árinu, en kolaeyðslan hins vegar einhver stærsti útgjaldaliðurinn við gufuskip. Og þess er getið í reikningi björgunarskipsins Geirs yfir árið 1921, að honum hafi viljað eitt stórt happ til, sem hafi haldið honum uppi fjárhagslega í fleiri ár, sem sje er hann bjargaði fyrirhafnarlítið skipinu Köbenhavn og fekk fyrir það um 650000 kr., að því er jeg hefi heyrt. En annars hafi flest árin orðið halli af starfrækslu skipsins. Auk þess er, eins og margir hv. þm. hafa bent á, mjög óheppilegt, að strandgæsluskipið hafi björgunarstarf einnig með höndum. Hinu ber heldur ekki að neita, að eins og fjárhagsástæður ríkisins eru nú og þar sem mestur hluti landhelgissjóðsins er genginn til ríkissjóðs, þá muni lítið fje vera fyrir hendi til að byggja skip þetta fyrir, en þörfin á hinn bóginn æðibrýn. Það er víst lítill vafi á því, að í skemdum á veiðarfærum eingöngu fara árlega forgörðum tugir þúsunda kr., og er það þó ekki nema lítill hluti af tapinu, þar sem bæði missist við þetta mikill afli og menn oft þannig settir, að þeir verða að liggja í landi lengi á eftir, án þess að geta hafst að; en aðalskaðinn er eyðilegging margra fiskimiða um lengri eða skemri tíma. Annars hefir hæstv. landsstjórn tekið svo vel í þetta mál, að jeg mun geta fallist á tillögur hv. þm. N.-Þ. (BSv), en með öðrum forsendum en hans. Jeg vil með öðrum orðum æskja þess og vænta þess, að af framkvæmdum verði sem allra fyrst í þessu máli, og vil því, með leyfi hæstv. forseta, bera fram svofelda dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin ráðist til framkvæmda í landhelgisgæslumálinu, annaðhvort með byggingu á nýju skipi eða kaupum eða leigu á skipi, svo fljótt sem tiltækilegt þykir, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Halldór Steinsson: Jeg ætla aðeins að koma með örstutta fyrirspurn til hæstv. stjórnar. Eins og mönnum er kunnugt, var á síðasta þingi samþykt tillaga til þingsályktunar þess efnis, að samið væri um að fá skip í viðbót til landhelgisgæslunnar, og var stjórninni heimilað að veita fje til þess, ef á þyrfti að halda. Að því er jeg veit best hefir þinginu aldrei verið gefinn kostur á að heyra, hvers vegna framkvæmdir í því máli hafa strandað. Að öðru leyti vil jeg ekki fara út í umræður þær, sem orðið hafa um þetta mál, en óhætt er að segja, að þær hafi yfirleitt lýst skilningsleysi og ljettúð. Allar ræður mótstöðumanna till. hafa snúist um kostnaðinn, sem af þessu hlyti að leiða, og sýnir það, að hv. þm. er ekki enn orðið ljóst, hversu brýn þörfin er á aukinni landhelgisgæslu. Enda gaus það upp úr hv. 5. landsk. þm. (JJ), að þjóðin myndi ekki telja þetta mál tímabært. Þrátt fyrir þetta munum við flutningsmenn brtt. á þskj. 318 alls ekki taka hana aftur og vísa málinu til stjórnarinnar. Við erum orðnir þreyttir á loforðum ár frá ári, sem engar efndir verða á, enda er það best, að það komi skýrt fram í þinginu, hverjir vilja hrinda þessu nauðsynjamáli áleiðis og hverjir tefja fyrir því. En, eins og jeg tók fram í byrjun, vildi jeg fá fram, hvers vegna ekkert hefir orðið af framkvæmdum í því máli, sem þál. frá síðasta þingi gerði ráð fyrir. Og jeg vænti þess, að hæstv. stjórn gefi góð og gild svör.

Eiríkur Einarsson: Jeg gat um það áðan, að það, sem kom mjer til að bera fram rökstuddu dagskrána, var það, að jeg sá, að ekki var seinna vænna. En mál þetta er næsta þýðingarmikið, og æski hæstv. stjórn þess fremur, að dagskráin verði ekki borin fram nú, get jeg fallist á að taka hana aftur, ef stjórnin vill leita traustsyfirlýsingar, svo það sjáist, hverjir þm. fylgi henni að málum. Einmitt hæstv. stjórn ætti að vera hugleikið að fá slíka yfirlýsingu. Það er spurt að því, hvers vegna jeg komi ekki sjálfur með vantraustsyfirlýsingu, en það geri jeg með þessari dagskrá óbeinlínis. Hún er í alla staði svo formleg og lögleg, að mig furðar á því, að hæstv. forseti skuli ekki vilja bera hana undir atkvæði. Og vilji hæstv. stjórn eða einhver annar ekki lýsa því hjer yfir, að trausts- eða vantraustsyfirlýsing verði borin fram, þá lýsi jeg yfir því, að jeg held minni dagskrá til streitu og æski þess, að hún komi til atkvæða hjer í þinginu nú þegar; hún grípur beint inn í málefnið, sem er til umræðu, en úrskurður forseta er gerræði.

Forseti (MK): Jeg get gefið þá yfirlýsingu, að jeg leyfði hv. 1. þm. Árn. (EE) orðið með því skilyrði, að hann tæki dagskrána aftur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil nota tækifærið til að skora á hv. 1. þm. Árn. (EE) að koma fram með vantraustsyfirlýsingu á stjórnina, þar sem þessi tillaga verður nú ekki borin undir atkvæði, og getur það einungis verið af hræðslu, ef hann gerir það ekki. **(EE:** Ef ekki nægir að bera slíka yfirlýsingu fram einu sinni, skal jeg gera það tvisvar).

Þá var það fyrirspurn hv. þm. Snæf. (HSt) til stjórnarinnar, um hvað hafi verið gert til að framkvæma aukningu landhelgisgæslunnar samkvæmt þál. síðasta þings. En jeg hefi skýrt það atriði áður ítarlega út af ræðu hv. þm. Borgf. (PO), og þykir mjer leiðinlegt, að þessi hv. þm. (HSt) skuli ekki hafa verið viðstaddur, því jeg hefi ekki nú ýms skjöl við hendina, sem jeg þarf að hafa, til þess að geta gefið um þetta nákvæma skýrslu. En mjer skal þó vera ljúft að taka fram helstu atriðin viðvíkjandi þessu.

Svo er mál með vexti, að forsætisráðherrann danski sendi dansk-íslensku lögjafnaðarnefndinni uppkast að samningum um landhelgisgæsluna. Var það rætt allítarlega á fundum nefndarinnar, og fjelst meiri hluti hennar á samninginn, eftir að nokkrar breytingar höfðu verið gerðar á honum. Síðar, er jeg sigldi til Kaupmannahafnar, átti jeg tal um þetta mál við forsætisráðherrann, eftir ósk hans, og sat á fundi með honum ásamt danska hlutanum af lögjafnaðarnefndinni og flotamálaráðherranum. Var þá sjerstaklega eitt atriði, sem jeg óskaði, að kæmi skýrt fram, rjettur vor til að hafa sjálfstæða íslenska landhelgisvörn, auðvitað í samvinnu við þá dönsku. Jeg skal nú ekki fara langt út í það, sem gerðist á fundinum, en aðeins geta þess, að á þessum undirbúningsfundi komu raddir fram í aðra átt.

Þegar jeg kom heim, skýrði danska stjórnin mjer frá því, að hún fjellist á samningsuppkast meiri hluta nefndarinnar, með nokkrum smávægilegum breytingum, og var stjórnin beðin um að svara, hvort hún vildi ganga að þessu. Þá var komið að þingi, og áður en stjórnin sendi fullnaðarsvar sitt, bar

hún málið undir sjávarútvegsnefndir beggja deilda. Í svari því, sem dönsku stjórninni var síðan sent, var sú málaleitun endurnýjuð, hvort danska stjórnin væri oss sammála um, að vjer gætum haft sjerstaka íslenska landvörn, samhliða þeirri dönsku, og var þess jafnframt getið, að ef danska stjórnin væri oss sammála, þá mundi gengið að tilboði dönsku stjórnarinnar, en jafnframt var þess farið á leit, að málið yrði útkljáð í nótuformi, en ef danska stjórnin liti öðruvísi á málið, þá óskuðum vjer ekki eftir aukningunni á dönsku landvörninni. Danska stjórnin hefir nú fallist á skoðun vora á málinu, en ljet þess getið, að of seint hefði verið að fá fjárveitingu til landhelgisaukningarinnar og óskaði, að alt málið yrði tekið upp á næsta fundi sambandslaganefndarinnar.

Jeg hefi áður lýst yfir þeirri skoðun minni, að jeg sjái ekki ástæðu að halda því fast fram, að vjer fengjum gefins fje úr ríkissjóði Dana, en ljetum oss nægja af þeirra hendi þá landhelgisgæslu, sem samningsbundin er, og ekki meir; en ykjum aftur landhelgisgæsluna sjálfir eins og nauðsyn bæri til.

Annars er jeg ekki undir það búinn í kvöld að gefa skýrslu um þetta mál. Jeg gaf nákvæma skýrslu um það í vetur og vísa til hennar að öðru leyti. Sjávarútvegsnefndirnar hafa fallist á aðgerðir stjórnarinnar í þessu máli, og það gleður mig, að ýmsir aðrir hv. þm. hafa í dag tekið í sama streng.

Forseti (MK): Áður en gengið er til atkvæða, vil jeg í fáum orðum gera grein fyrir þeim úrskurði mínum, að dagskrá hv. 1. þm. Árn. (EE) skuli ekki borin undir atkvæði. Það er vegna þess, að jeg álít, að ekki sje viðeigandi eða formlegt að skjóta slíku vantrausti til stjórnarinnar, sem felst í dagskránni, að óvörum inn, þegar verið er að ræða nauðsynjamál þjóðarinnar á þingi. Það gæti orðið til þess að trufla málin og haft áhrif á úrslitin. Þeir, sem vilja lýsa vantrausti á stjórninni, verða að gera það á formlegan hátt, svo að það mál geti verið rætt frá öllum hliðum. Þetta eru ástæður mínar, og vona jeg, að þær fullnægi hv. þm.

ATKVGR.

Till. frá þm. N.-Þ. (BSv), um að vísa málinu til stjórnarinnar, var samþykt með 23:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JS, JÞ, LH, MG, MP, PÞ, SJ, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BSv, BJ, BH, EÁ, GGuðf, GÓ.

nei: HSt, IngB, JakM, JAJ, JB, JJ, KE, MJ, ÓP, PO, SvÓ, BK, EÞ, EE, MK.

SE greiddi ekki atkvæði.

Þrír þm. (GunnS, SHK, SSt) fjarstaddir.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ísaf. (JAJ) kom ekki til atkv.

F.
Teknar aftur.

1. Prestsþjónusta í Mosfellsprestakalli.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að gera sjerstakar ráðstafanir viðvíkjandi prestsþjónustu í Mosfellsprestakalli (A. 373).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 21. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi áður gert grein fyrir því, hvers vegna jeg hafði borið þess þáltill. fram. Eldri löggjöf gerir ráð fyrir, að Mosfellssókn sje skift á milli nágrannaprestanna. Söfnuðurinn hefir verið óánægður með þessa ráðstöfun. Þess vegna hefir þingmaður þessa kjördæmis borið fram frv., þar sem ætlast er til, að þetta brauð verði aftur gert að sjerstöku prestakalli. Nú hefir deildin felt þetta frv. með jöfnum atkvæðum. Þá talaði hæstv. forsrh. (SE) um, að hann mundi skipa prest í embættið. En þar sem um mjög lítil prestsverk er að gera í svo litlu prestakalli, að ekki virðist þörf vera á að binda þar einn mann við, þá er þáltill. komin fram. Mjer datt í hug, að hugsanlegt væri, að landsstjórnin fengi ákveðna upphæð á ári til þess að launa prestsverk í prestakallinu og semja við einhverja prestvígða menn hjer í höfuðstaðnum og fá þá til að þjóna þar um stundarsakir. Jeg gæti bent hjer á allmarga roskna prestvígða menn, sem myndu fegins hendi taka á móti slíkri aukavinnu, ef hún byðist, og þótt þeir fengju ekki nándar nærri eins há laun fyrir það og prestar annars fá. Síðan þetta mál kom til umr. hjer á þinginu, hefi jeg hitt gamlan, merkan prófast, sem nú er hættur prestsskap. Hann er nýfluttur hingað til bæjarins og starfar nú mest við tímakenslu og annað þess háttar. Jeg átti tal við hann um þetta, og leist honum vel á það fyrirkomulag,

sem jeg hafði hugsað mjer. Var hann hreint ekki fjarri því að fást til að þjóna brauðinu með þessum kjörum, ef það kæmist í kring, enda er hann enn þá ern og hraustur. Hann var mjer yfir höfuð fullkomlega samdóma um, að ýmsir prestvígðir menn hjer í bænum, lausir og liðugir, mundu taka að sjer þennan starfa, þannig, að talsvert fje mundi við það sparast. Það munu árlega vera greiddar 700 kr. aukalega fyrir að halda guðsþjónustur á Kleppi, en ef þingið hyrfi að þessu ráði, sem felst í þáltill., þá mætti sameina þetta eftir samkomulagi, þannig, að það væri vel viðunanlegt fyrir sama manninn að halda guðsþjónustur á Kleppi og messa í prestakallinu í Mosfellssveit.

Annars skal jeg ekki orðlengja um þetta. Það, sem mestu máli skiftir, er stefna till. Jeg álít, að ríkið eigi að halda sömu braut og einstakir menn, að koma framkvæmdunum sem allra ódýrast fyrir. Þeir, sem vilja, að hið formlega sitji í fyrirrúmi, hvað sem kostnaði líður, verða þá sjálfsagt á móti till., og þá er sú saga búin.

Jón Magnússon: Það er að mestu leyti alveg rjett, sem hv. flm. (JJ) sagði, að þeir, sem halda upp á formið, verða á móti till. Með till. er sem sje farið fram á að breyta prestakallalögunum, þar sem stjórninni er heimilað að sjá fyrir þjónustu prestakallsins. Jeg er að vísu samdóma hv. flm. (JJ) um, að það er efasamt, hvort rjett sje lögum samkvæmt að setja mann í prestakallið, en jeg get samt ekki fallist á till. Jeg bjóst satt að segja við, að kirkjumálaráðherra yrði hjer, svo að hægt væri að vita,hvort honum fyndist þáltill. ekki takmarka vald hans. Jeg held, að úr því að Mosfellsprestakall verður ekki gert að sjerstöku prestakalli, þá sje líklegasti vegurinn til að leysa úr þessu sá, að Garðaprestur þjóni Lágafellssókn fyrst um sinn, enda hefir hann nú ungan kapellán sjer til aðstoðar. Hins vegar finst mjer mögulegt, eins og hv. flm. (JJ) sagði, að Viðeyjarsókn sje þjónað af dómkirkjuprestunum; þeim ætti ekki að vera ókleift að bæta svo litlu við sig. Þá er aðeins eftir Brautarholtssókn, sem verður að sjá fyrir sjerstakri þjónustu. Auðvitað er það sjálfsagt, að æskilegt er, að þjónusta prestakallsins verði ríkissjóði sem ódýrust, þó svo, að sóknunum sje sjeð fyrir forsvaranlegri prestsþjónustu. Annars finn jeg ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, sem auðvitað snertir sjerstaklega hæstv. kirkjumálaráðherra.

Flm. (Jónas Jónsson): Mjer er ekki vel ljóst það, sem kom fram í ræðu hv. 4. landsk. þm. (JM), að hverju leyti till. kæmi í bága við lögin, ef hún yrði framkvæmd. Það er algengt um land alt, að undir eins og brauð losnar, þá eru nágrannaprestarnir fengnir til að þjóna því, uns nýr prestur er skipaður. Jeg býst við, að það sje venjulegt að láta þá presta fá bara einhvern ákveðinn hluta af launum. Það væri gaman að vita, hvaða lög yrðu brotin, ef till. yrði samþykt, hvaða lög hindra það, að landið geti þannig fengið ódýrari prestsþjónustu en ella. Því að hitt veit jeg, að hv. 4. landsk. þm. (JM) ber ekki brigður á, að það sje hægt að fá nóga prestvígða menn í Reykjavík til að gegna þessum störfum.

Jón Magnússon: Jeg get vel skilið, hvers vegna hv. flm. (JJ) skilur mig

ekki. Þó að hann sje gáfaður maður, þá hefi jeg orðið var við, að hann er óvenjulega skilningslítill á alt, sem lögum viðkemur. Ef takmarka á þá heimild, sem landsstjórnin hefir samkvæmt lögum, þá er það vitanlega ekki hægt með þál., heldur með lögum. Þetta ætti hverjum meðalgreindum manni að vera svo ljóst, að ekki þyrfti að eyða löngum tíma í útskýringar.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg er ekki ánægður með það, að hv. 4. landsk. þm. (JM) hefir ekki skýrt þetta átriði á þann hátt, sem lá beinast við. Í stað þess að sýna fram á leið, sem yrði landinu til mests sparnaðar, hefir hann farið að bera saman lögfræðikunnáttu mína og sína, en um það skal jeg ekki metast við hann. Jeg hefi fyr haft ástæðu til að lýsa því yfir, að lögfræðin, eins og mest ber á henni hjer á landi, gerir menn tiltölulega sljóa og fávísa í tillögum, svo að þegar hv. 4. landsk. þm. (JM) sagði, að jeg hefði litla þekkingu á því sviði, þá verð jeg miklu fremur að taka það sem persónulegt hrós um mig heldur en nokkra sönnun, er komi þessu máli við.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SJ, EÁ, GGuðf, GÓ, IHB, JóhJóh, JJ, KE, HSt.
nei: SHK, BK, HSn, JM.

Einn þm. (SE) fjarstaddur.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 373).

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi áður skýrt till. þessa og hinn rjettmæta sparnað, sem í henni felst. Því hefir verið haldið fram hjer í deildinni, að e. t. v. þyrfti lagabreytingu, líklega til þess að borga ekki meira fyrir prestsþjónustu í prestakalli þessu heldur en till. fer fram á. Um þennan hugsunarhátt er hið sama að segja og enskan hershöfðingja, sem átti í bardögum á Spáni fyrir löngu síðan. Hann var roskinn maður og vel að sjer í öllum hernaðarreglum og fylkti liði sínu nákvæmlega á þann hátt, sem hernaðarfræðin sagði fyrir. En afleiðingin varð sú, að 10 mínútur voru ekki liðnar áður en flótti brast í her hans, og beið hann þar fullkominn ósigur. Hernaðarfræðinni hafði farið fram og mótstöðumennirnir kunnu ný ráð, sem hinn roskni maður, hversu vel sem hann var að sjer í gömlu fræðunum, mátti ekki í móti standa.

Eins býst jeg við, að gamla formið segi hjer, að setja eigi prest í embættið, þó að hægt sje að fá því þjónað með þriðjungi kostnaðar á annan hátt.

Og jeg þori vel að taka á mig ábyrgðina af því lagabroti.

Forsætisráðherra (SE): Jeg var ekki við síðast, þá er mál þetta var rætt; var upptekinn í hv. Nd.

Stjórnin lítur svo á, að full heimild sje að setja í þetta embætti þangað til samsteypan verður. Heimild sú, er till. veitir, er því allsendis óþörf, því samkvæmt gildandi lögum getur stjórnin gert venjulegar ráðstafanir í þessu efni. Það er máske ekki meining hv. flm.

(JJ), að till. eigi að binda stjórnina, og jeg býst við, að erfitt reynist að fá mann til að þjóna embættinu fyrir minna en venjuleg laun.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skal geta þess til skýringar, af því að hæstv. forsrh. (SE) var eigi viðstaddur við fyrri umr. þessarar till., að þá sagði jeg frá því, að jeg hefði talað við gamlan prófast, nú búsettan í Reykjavík. Þessi maður er við fulla heilsu og leitar sjer hjer atvinnu við skrifstofustörf og þess háttar. Honum þótti leið till. mjög skynsamleg og kvaðst ekki í vafa um, að ef einstakur maður væri í sporum ríkisstjórnarinnar í þessu máli, myndi hann efalaust fara þessa leið.

Þó að till. þessi yrði samþykt, yrði fjárveiting hennar ekki fremur bindandi en fjárveitingar samkvæmt fjárlögum eða fjáraukalögum, sem stjórnin bætir oft við, ef nauðsyn krefur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi heyrt, að uppfrá ríkir megn óánægja yfir því, að prestakalli þessu hefir eigi verið haldið sjerstöku áfram, og jeg er hræddur um, að fólk þar geri sjer ekki að góðu þá prestsþjónustu, sem þáltill. ætlar þeim.

Jeg held, að hyggilegast væri að nota venjulega aðferð og setja í embættið.

Jón Magnússon: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls við þessa umr. En orð hv. 5. landsk. þm. (JJ) neyða mig til að segja örfá orð. Það er eins og vant er, þar er „öllu snúið öfugt þó, aftur og fram í hundamó". Jeg sagði ekkert í þá átt, sem þessi hv. þm. (JJ) vildi vera láta. Það, sem jeg hafði á móti till., er þetta: að takmarka heimild í lögum með þingsályktun. Jeg er ekki alveg viss um, að lögin heimili einu sinni að setja prest. Heimild laganna er, að stjórnin á að sjá söfnuðunum fyrir prestsþjónustu. Þetta er reyndar nokkuð vítt, og skal jeg ekki fara út í þá sálma hjer. En jeg fann að því, að breyta þessu með þingsályktun. Hinu hafði jeg vitanlega ekki á móti, að fá þarna prestsþjónustu á sem ódýrastan hátt. Get jeg ímyndað mjer, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) rangfæri þetta ekki viljandi, heldur geti hann ekki greint hjer í sundur rjett frá röngu. Það hendir þennan hv. þm. (JJ) nokkuð oft. Annað er það, að jeg sá enga ástæðu til að veita þessa upphæð með þál., þegar bæði fjárlög og fjáraukalög eru á ferðinni í gegnum þingið, en hitt, að ekki mætti spara í þessu efni, hefi jeg aldrei sagt. Hv. þm. (JJ) getur sagt, að þetta sjeu formsatriði, en hann þarf ekki að rangfæra skoðanir manna, jafnvel þó að jeg eigi í hlut.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vildi skjóta því til hv. flm. (JJ), hvort hann sæi sjer ekki fært að taka þáltill. aftur, ef stjórnin lýsti því yfir, að hún skuli ráða málinu til lykta á þann haganlegasta hátt, er hún má. Get jeg, fyrir stjórnarinnar hönd, lýst því yfir, að svo muni gert.

Flm. (Jónas Jónsson): Yfirlýsing sú, er hæstv. forsrh. (SE) bauð að gefa, er vitanlega mikið spor í áttina, því að tilgangurinn með tillögunni var aldrei annar en sá, að reyna að koma þjónustu þessa prestakalls sem haganlegast fyrir, án mikils kostnaðar. En sá tilgangur næst ekki með því að láta prestakallið halda sjer, eins og hv. 4. landsk. þm. (JM) vildi. Annars held jeg, að misskiln-

ingurinn, sem hann var að tala um, sje annarsstaðar en hjá mjer, því að ekki er hægt að láta prestakallið halda sjer, nema með því að stofna nýtt embætti, eins og hv. 2. þm. G.-K. (BK) vildi.

Annars mun jeg ganga að því að taka tillöguna aftur, ef hæstv. stjórn vill lýsa yfir því, að hún skuli semja um þjónustu prestakallsins á þeim grundvelli, sem tillagan er bygð á.

Forsætisráðherra (SE): Jeg lýsi því þá hjer með yfir, að jeg mun reyna að koma þjónustu Mosfellsprestakalls eins haganlega fyrir og hægt er.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg tek tillöguna hjer með aftur.

2. Ríkisveðbankinn.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, og á 27. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Tillögu til þingsályktunar um Ríkisveðbanka Íslands (A. 217).

Á 2. fundi í Sþ., fimtudaginn 12. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 8. maí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Við umræðurnar um jarðræktarlögin gaf hæstv. atvrh. (KlJ) þá yfirlýsingu, að Ríkisveðbankinn myndi taka til starfa eigi síðar en um næsta nýár. En till. mín var þá komin fram, er hæstv. ráðherra gaf yfirlýsingu þessa. Hefði jeg því vel getað látið vera að koma með hana, en úr því hún er nú á annað borð komin til umr., þætti mjer vænt um að heyra, hvað stjórnin segir nú um þetta mál.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er alveg rjett hjá hv. flm. þessarar till. (JB), að það var látið í ljós við umræður jarðræktarlaganna, og jafnvel fjárlaganna líka, að Ríkisveðbankinn myndi vonandi taka til starfa eigi síðar en um næstu áramót. En það fer þó vitanlega eftir því, hvort hægt verður að fá nægilegt veltufje. Jeg hafði hugsað mjer, að banki þessi byrjaði í mjög smáum stíl, t. d. með hálfa milj. kr. En nú hefi jeg talað við tilvonandi bankastjóra um þetta, og telur hann ógerning að byrja með minna en 1 milj. króna. En jeg tel mikið vafamál, að hægt sje að byrja með starfrækslu banka þessa um næstu áramót með 1 milj. króna, nema þá því aðeins, að Landsbankinn leggi fram fje, eins og hann t. d. hefir nú gert til Íslandsbanka, feli Ríkisveðbankanum að ávaxta það fje, sem hann kann að liggja með og eigi vill nota sjálfur.

Þá vil jeg geta þess, að með hinum nýju lögum um laun bankastjóra Landsbankans hefir komið inn dálítið ósamræmi á milli launa bankastjóra hins fyrirhugaða banka og bankastjóra Landsbankans. Það er tekið fram í 41. gr. veðbankalaganna, að hann skuli hafa sömu laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjórar Landsbankans, en þar að auki er

ákveðið,að hann skuli einnig hafa $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs. En eftir þessum nýju lögum eiga Landsbankastjórarnir engan ágóðahluta að hafa. Þetta má vitanlega laga á næsta þingi, því að ólíklegt er, að veðbankinn verði tekinn til starfa fyrir fult og alt, er það kemur saman, enda bankastjórinn vafalaust ráðinn upp á þau kjör, sem bankastjórar Landsbankans höfðu, er lögin voru staðfest.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil benda þeim hv. þm., sem stóðu að þessu máli og komu því í gegn 1921, á, að mjer virðist þeir hafa gleymt þessum lögum nú á þinginu. Annars hefir hæstv. atvrh. (KlJ) tekið mest af því fram, sem jeg þurfti að vekja athygli á. Jeg bjóst annars við, að þessir hv. þm. myndu koma fram með frv. til breytingar á Ríkisveðbankalögunum við meðferð laga þeirra, er samþykt hafa verið um breyting á lögum um Landsbanka. 41. gr. laga nr. 64, 27. júní 1921, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalbankastjóri hefir laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjórar Landsbanka Íslands, þó svo, að í stað hundraðshluta af ársarði komi $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs, samt aldrei af hærri upphæð en 10 milj. króna.

Meðstjórnendur hafa hvor um sig helming fastra launa og dýrtíðaruppbótar á móti aðalbankastjóra, auk $^1/_{60}$% af upphæð bankavaxtabrjefa. Fyrst um sinn skulu þó tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands, er stjórnarráðið tilnefnir, gegna störfum sem meðstjórnendur Ríkisveðbankans, án sjerstakrar þóknunar", o. s. frv.

Samkvæmt þessu fær bankastjóri veðbankans 26 þús. kr. á ári og meðstjórnendur 12500 kr. hvor, eða 53000 kr. allir. Með öðrum orðum, þeir fá alla vexti Ræktunarsjóðs að launum. Jeg vildi aðeins benda hv. þm. á þetta, en mjer hefir ekki þótt taka að koma með breytingar á veðbankalögunum, því að jeg álít þau aðeins pappírsgagn, sem ekki geti komið til framkvæmda að svo stöddu.

Flm. (Jón Baldvinsson): Eftir þeim undirtektum, sem till. þessi hefir fengið hjá hæstv. stjórn, og eftir að hafa fengið yfirlýsingu hennar um, að bankinn muni taka til starfa um næsta nýár, sje jeg enga ástæðu til að láta till. mína koma undir atkvæði, og tek hana hjer með aftur. (**BK:** Jeg taka hana upp).

Viðvíkjandi launum þessa bankastjóra, sem hjer er um að ræða, er það að segja, að þau eru miðuð við laun bankastjóranna við Landsbankann, eins og þau voru 1921, og út frá því verður vitanlega að ganga. Jeg veit ekki, hvort búið er að skipa í þessa stöðu, en mjer heyrðist hæstv. ráðherra (KlJ) tala um einhvern ákveðinn mann.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi tekið tillögu þessa upp til þess að fá tækifæri til að tala um Ríkisveðbankalögin. Jeg verð þó að endurnýja þá athugasemd mína, að jeg tel Ríkisveðbankalögin þurfa mikilla umbóta við áður en bankinn tekur til starfa, því ekki er hægt

að breyta þeim eftir að farið er að gefa út verðbrjef hans, eins og alkunnugt er.

Mjer finst tillagan hefði því fyrst og fremst átt að fara fram á að ryðja þessum agnúa úr vegi. Þar næst vildi jeg benda á, eins og jeg hefi líka bent á í hv. efri deild, að Ríkisveðbankinn ætti a ð e i n s að gefa sig við lánum út á jarðir, að vera landbúnaðarbanki.

Ef þetta yrði gert, þá þyrfti ekki að taka 1 miljón kr. af viðlagasjóði ríkisins fyrir tryggingarfje. Ræktunarsjóðurinn einn mundi nægja til þess um langan tíma. Og lán úr Ríkisveðbankanum ætti að veita til miklu styttri tíma en þar er gert ráð fyrir, til þess að gera Ríkisveðbankabrjefin seljanlegri. Þau ætti að veita til 25 ára, því það fyrirtæki, sem ekki getur borgað lán sín á 25 árum, er ekki hæft til að njóta lánshjálpar. Og allir stefna að því nú í heiminum að stytta lánstímann í slíkum lánsstofnunum, til þess að ljetta fyrir sölu verðbrjefanna. Og engin leið er að láta Ríkisveðbankann taka til starfa, nema honum sje lagt til tiltölulega ódýrt rekstrarfje, en það er eins og menn hafi ekki enn komið auga á það síðan 1921.

Bankinn svífur því í lausu lofti, án allrar nothæfrar undirstöðu, eins og flest, er að fjármálum lýtur nú í þessu landi.

Og nýi tíminn heimtar það, að svo sje farið að.

Á þinginu 1921 og á þessu þingi benti jeg á þá lánsleiðina fyrir landbúnaðinn, sem Dönum og fleiri löndum hefir gefist best. Það er l á n s f j e l a g a l e i ð i n (Kreditforeninger). Sú leið ætti að vera fremur áhættulítil, þar sem vjer höfum nú opinbert mat á jörðum. Þessi lánsfjelög stofnast með þeim hætti, að allir jarðeigendur, sem vilja, á stærra eða minna svæði, ganga í einn allsherjarfjelagsskap, samábyrgð fyrir verðbrjefum þeim, sem stofnunin gefur út og eru að öðru leyti trygð með veðum þeim, sem hver einstakur lántakandi setur fyrir láni sínu. Slík brjef eru talin trygg, jafnvel þótt lánað sje heldur hærra út á jarðirnar en út á hálft virðingarverð þeirra. En slík brjef hafa auk þess þann kost, að allir jarðeigendur, sem í lánsfjelaginu eru, hafa hag af því, að brjefin seljist. Og styður það því mjög söluna innanlands.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) hafði mjög á móti þessu fyrirkomulagi í hv. efri deild. Hann sagði, að slík lánsfjelög í Danmörku væru altaf smá eða næðu ávalt yfir lítið svæði, þar sem hver þekti annars hag. Menn væru hræddir við að ganga í slíka samábyrgð fyrir jarðeigendur, sem þeir þektu ekki persónulega og þeirra efnahag. Hann óttaðist því, að hjer mundu menn því aðeins vilja ganga í samábyrgð í smáhópum, eins og erlendis; verðbrjefin yrðu því margskonar og salan óvissari.

Alt er það rjett, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði um lánsfjelögin erlendis. Jarðeigendur þar ganga ekki blindandi út í hverja samábyrgð, sem vera skal; til þess hafa þeir fengið of mikinn fjármálaþroska. En hjer er alt öðru máli að gegna. Hjer ganga bændur í samábyrgð, ekki einungis með jarðir sínar, heldur öll sín efni, og það án þess að vita um eða þekkja hag þeirra manna, sem þeir ganga í ábyrgð fyrir. Það ætti því að vera auðgert að stofna aðeins eitt slíkt lánsfjelag fyrir alt landið. Auðvitað yrði það altaf maður og maður, sem ekki vildi ganga í slíka samábyrgð, en fjöldinn mundi gera það, og

jeg tel það áhættulítið, ef fyrirtækinu væri sæmilega stjórnað og án flokkspólitiskra áhrifa.

Þegar 4. flokkur veðdeildarinnar var stofnaður, samdi jeg frumvarpið til laga fyrir þann flokk. Landsbankinn hafði fram að því sjálfur orðið að setja alt tryggingarfjeð fyrir 1. og 2. flokk og helminginn af því fyrir 3. flokk. Til þess nú að komast hjá því, að bankinn yrði að verða fyrir þessari blóðtöku, var tryggingin fyrir 4. flokk ákveðin þannig, að fyrst skyldi varasjóðurinn standa sem trygging, þar næst allar fasteignirnar, sem að veði stóðu fyrir lánunum, og nam sú samábyrgð 10% af öllum lánunum, og loksins kom ríkissjóðurinn með sína ábyrgð. Það má því segja, að lánsfjelagafyrirkomulagið sje að nokkru leyti innleitt með 4. flokki veðdeildarinnar. Það eitt vantar á, að stofnanirnar sjeu tvær, önnur fyrir landbúnaðinn og hin fyrir kaupstaði og verslunarstaði með sjávarþorpum. Og þetta er auðvelt að laga í hendi sjer, ef menn aðeins vilja þýðast ráð þeirra manna, sem þó eitthvert skyn bera á slík mál.

Veðdeildin gæti haldið áfram fyrir kaupstaði og verslunarstaði með nýjum 5. flokki hennar, sem tæki aðeins húsveð, en ný stofnun myndaðist fyrir landbúnaðinn, hvort sem hún heitir Ríkisveðbanki, lánsfjelag eða eitthvað annað.

Jakob Möller: Jeg kvaddi mjer hljóðs út af hinum mjög svo áhyggjufullu ræðum þeirra hv. þm., sem nú töluðu síðast, út af launum bankastjórans við veðbankann. Sjerstaklega var það hv. þm. Ísaf. (JAJ), sem mestar áhyggjur bar út af þessu máli og gerði ráð fyrir, að stjórn bankans mundi eta upp alla vexti Ræktunarsjóðsins, og jafnvel meira. Vitanlega eru laun þessi sett 1921, og þá miðuð við laun þau, er bankastjórar Landsbankans höfðu þá. Er því áreiðanlegt, að stjórnin væri óvitt, þó að hún setti launin eftir orðanna hljóðan. En hins vegar tel jeg rjett, að hún semji við bankastjórnina um laun hennar, og það veit jeg, að hver stjórn gerir. Annars skil jeg ekki þann óhug, sem sumir hv. þm. eru altaf að ala á móti þessum banka. Nema ef það skyldi vera af því, að þeir vilji, eins og hv. 2. þm. G.-K. (BK) virtist helst halda fram, að banki þessi verði eingöngu landbúnaðarbanki, og sá atvinnuvegur ætti aðeins að fá lán úr honum, en aðrir ekki.

Annað veifið er hampað þessari lánsfjelagaflugu. En það er margsýnt, að það fyrirkomulag á ekki við hjer. Lánsfjelögin geta verið góð þar, sem um nægan innlendan peningamarkað er að ræða. Annars er í Ríkisveðbankalögunum gert ráð fyrir því, að hægt sje að stofna slík fjelög, svo að sú leið er engan veginn útilokuð. En eigi peningar að fást erlendis, eða markaður fyrir bankavaxtabrjefin, þá varðar það vitanlega mestu, að þau sjeu sem best trygð. Og tryggingarnar, sem við höfum, eru ekki til margskiftanna. Það er því sjáanlega óráð að ætla sjer að starfrækja fleiri fasteignabanka, þ. e. sjerstakan banka fyrir kaupstaði og annan eða mörg lánsfjelög fyrir landbúnað. Það er misskilningur, að Ríkisveðbankalögin fastákveði lánstímann; hann getur verið langur og skammur eftir vild. (**BK:** Hann verður að vera ákveðinn á brjefunum). Já, en brjefin má gefa út í mörgum flokkum,

ekki aðeins til mismunandi langs tíma, heldur líka jafnvel með mismunandi vöxtum. Ríkisveðbankafyrirkomulagið hefir alla þá kosti, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) sagði að þyrfti að tryggja, en þar umfram það, að bankinn verður sæmilega öflug stofnun.

Jeg skal í þessu sambandi leyfa mjer að benda á það, að það er engin sönnun fengin fyrir því, að eigi sje hægt að fá nægilegt starfsfje. Hefir mjer vitanlega eigi verið gerð nein tilraun til þess að afla fjár í því skyni síðan lögin voru samþykt 1921. Ef gangskör hefði verið gerð að því strax, þá staðhæfi jeg, að það hefði verið hægt. Er jeg og sannfærður um, að peningamálum landsins væri þá betur komið, ef lögunum hefði verið framfylgt undir eins. Hefir bönkunum verið íþyngt mjög með því að þurfa að flækjast með víxla út á fasteignir, sem hafa staðið óhreyfðir frá ári til árs. Ef bankavaxtabrjef bankans hefðu verið seld erlendis, þá hefði fyrir þau komið útlendur gjaldeyrir inn í landið. Lögin eru samþykt og í gildi, hvað sem þessari atkvgr. líður, og hæstv. atvrh. (KlJ) hefir lýst því yfir, að stjórnin ætli sjer nú að vinda að því að stofna bankann og láta hann taka til starfa. Tillagan, sem nú er verið að ræða, er því þýðingarlaus, og tel jeg því rjettast, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá, enda hefir hv. flm. (JB) tekið tillöguna aftur fyrir sitt leyti. Sje jeg ekki ástæðu til þess að vera að eyða tíma þingsins í frekari umræður um þetta mál. Hvernig sem atkvgr. fer, þá er eigi spursmál um það, hvað hæstv. stjórn á að gera.

Björn Kristjánsson: Jeg tek hjer með till. aftur.

G.
Ekki útræddar.

1. Verðgildi íslenskrar krónu.

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 24. febr., var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um verðgildi íslenskrar krónu (A. 27).

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg hafði satt að segja búist við því, að stjórnin hefði fyrir löngu leitað til þingsins um þetta mál, ef hún hefði haft eitthvað á hjarta, er henni væri áhugamál í þessu efni; en það hefir ekki orðið, og því er þessi tillaga fram komin af minni hendi til þess að fá skýrslu stjórnarinnar um málið.

Á síðastliðnu ári hækkaði verðgildi íslenskrar krónu að nokkru, og álitu menn það vera gleðilegan vott þess, að þjóðarbúskapurinn væri farinn að bera sig, og væntu þess, að svo mundi áframhaldið verða. Þessi von var og ekki með öllu ástæðulaus, að því leyti, sem horfurnar voru fremur góðar; menn vissu, að verkalýður landsins hafði dregið mikil auðæfi úr skauti náttúrunnar að þjóðarbúinu, og því ástæða til að vænta hins besta, þrátt fyrir það, þótt misjafnar sögur gengju um þá, er gert höfðu sjálfa sig að ráðsmönnum yfir afurðasölunni, og meðferð þeirra á henni. En er leið á haustið, fór heldur að draga úr öllu og útlitið að breytast til hins lakara; þá lækkaði og nokkuð verðgildi íslenskra peninga. Þó keyrði eigi algerlega um þverbak fyr en Íslandsbanki fekk 4 miljóna króna lánið, því þá stöðvuðust algerlega allar yfirfærslur.

Að vísu hafði þessi banki átt örðugt uppdráttar þá undanfarið með yfirfærslur á öllum greiðslum til útlanda, en menn skyldu hafa ætlað, að þetta myndi alt lagast og færast í betra horf, er útlent lán væri fengið handa bankanum; en raunin varð öll önnur. Óðar en bankinn hefir fengið þetta útlenda lán, fer gengi íslenskrar krónu fyrst að lækka

fyrir alvöru, og var stjórn Íslandsbanka um það kent og að hún hefði beinlínis beitt sjer fyrir þessari gengislækkun. Menn vita það líka jafnframt, að ýmsir útgerðarmenn hafa stutt þessar kröfur Íslandsbanka. Og hitt vita menn líka, að stjórn Landsbankans stóð lengi vel gegn þessari gengislækkun, þótt hún að síðustu fjellist á hana, hvað sem valdið hefir. En ef þessi ráðstöfun er til þess, annaðhvort að bankarnir sjálfir geti grætt fje á útlendum gjaldeyri, eða þá að einstakir, fáir útflytjendur, og þeir flestir útlendir, geti auðgast á þennan hátt á kostnað allrar alþýðu manna í landinu, þá er þetta ótækt og óhæft í alla staði. Það er vitanlegt, að allar útlendar vörur hækka í verði með hækkandi gengi erlendrar myntar, og hækkunin er meiri að jafnaði en lækkuninni á genginu nemur, því þar við bætist álag kaupmannanna. En af þessari vöruverðhækkun leiðir það, að verkalýður allur á með fullri sanngirni heimtingu á tilsvarandi kauphækkun, svo að hann geti dregið fram lífið. Því það væri himinhrópandi ranglæti við verkalýð landsins, ef einstökum fáum útflytjendum leyfðist að plokka í sinn vasa hagnað af lækkun íslenskrar krónu, á kostnað alls meginhluta þjóðarinnar. Almenningur er sannarlega nógu píndur undir, þó ekki bætist við, að vöruverð hækki enn þá meira en orðið er, þó að kaup hækki sem því svarar.

En þetta á auðvitað við fleiri en verkamenn eina. Það eru líka starfsmenn ríkisins, sem þurfa að fá hækkað kaup sitt með hækkuðu vöruverði. Og þar kemst ríkissjóður ekki hjá beinum útgjöldum. Einnig má benda á það, að með lækkandi gengi íslensku krónunnar þarf ríkissjóður að borga fleiri krónur í vexti og afborganir af lánum sínum. Alt bendir því í þá átt eina, að bæði einstaklingum og þjóðfjelaginu í heild sje stórtjón að gengislækkuninni; hvernig sem litið er á, er hún til stórskaða.

Og þessvegna er eðlilegt að spyrja: Var þetta óhjákvæmilegt, að fella íslensku krónuna svona? Er efnahagurinn svona bágborinn? Eitt af því, sem sagt er að eigi að vera til þess að halda jafnvægi á genginu, er það, að innflutningur og útflutningur standist á. En nú segir hagstofan svo, að síðastliðið ár hafi útflutningurinn numið um 60 milj. kr., en innflutningurinn um 50 milj. Og þó þessar tölur sjeu ef til vill ekki nákvæmar, þá benda þær þó ótvírætt í þá átt, að útflutningurinn hafi verið meiri en innflutningurinn, og eftir því ætti gengið að hafa hækkað, en ekki lækkað. Það er líka sagt, og mun rjett vera, að Landsbankinn hafi verið mjög tregur til að ganga inn á þessa lækkun og alveg neitað henni fyrst, og væntanlega hefir stjórnin heldur ekki látið málið afskiftalaust. En ótrúlega og undarlega voldugur má Íslandsbanki vera, fyrst hann hefir getað knúð fram lækkunina samt sem áður, gagnstætt vilja stjórnar og þjóðbankans. Ein orsökin, sem nefnd er manna á milli fyrir gengislækkuninni, er sú, að danskir fjesýslumenn eigi mikið hjer inni,og þegar danska krónan fór að falla á síðastliðnu hausti, hafi þeir stuðlað að gengislækkun á íslenskri krónu, aðeins til þess að halda áfram hinum sama gengismun á peningum landanna og áður hafði verið. Það virðist að vísu dálítið undarlegt, að mennirnir vilji þannig skaða sjálfa sig, nema þeir hugsi sjer að vinna þetta upp á annan hátt, t. d. á verðfalli íslenskra afurða.

En þungamiðjan í þessu gengismáli er það, að tryggja landsmönnum sjálfum yfirráð yfir öllum þeim erlenda gjaldeyri, sem til fellur fyrir íslenskar afurðir. Þess vegna hefi jeg aðeins komið fram með þessa tillögu hjer og álít, að hún sje nægileg, ef rjett er með hana farið, og að með henni sje náð því, sem menn annars eru að keppa að og m. a. kemur fram í frumvarpinu, sem hjer er næst á dagskrá, um lánsheimildina, sem jeg tel ekki nauðsynlega eins og nú standa sakir, þó skoðanir okkar hv. flutningsmanns sjeu annars líkar að ýmsu leyti.

Að endingu vil jeg aðeins undirstrika gildi þessa máls enn þá einu sinni og að hjer fáist heillavænleg úrslit þess. Þetta er áreiðanlega eitt mikilverðasta málið, sem nú liggur fyrir þinginu, miklu meira þjóðþrifa- og sparnaðarmál fyrir landið í heild sinni en afnám nokkurra embætta, því hjer er um miljónir króna að ræða. Og þar sem stjórnin hafði það efst á „prógrammi“ sínu í fyrra að laga gengið, er þess fastlega að vænta, að hún vilji halda fast um það atriði, fastara en hún hefir gert nú upp á síðkastið, eða virðist hafa gert. Því það er lífsspursmál allrar þjóðarheildarinnar að láta gengið ekki lækka meira, heldur miklu fremur hækka.

Fjármálaráðh. (MagnJ): Það er mjög skiljanlegt og sjálfsagt, að mál eins og þetta sje áhuga- og áhyggjumál manna. En þegar menn eru að tala um gengið, fara vanalega saman hjá mönnum tvær hliðar, sem í rauninni mega og eiga að vera aðskildar. Það má tala um gengið — hvort sem er lág- eða hágengi — sem merki eða „symptom“ um heilbrigði eða óheilbrigði einhverrar efnalegrar heildar, sem þarf þó ekki að fara saman við ríkis- eða þjóðheildir. En gengi í venjulegri nútímamerkingu, með öllum þess sveiflum, er það, að milliþjóðagjaldeyririnn, sem áður var, gullið, er fallinn niður, en í staðinn komnir óinnleysanlegir seðlar. Auðvitað gat óheilbrigði komið fram áður, en þá var það afleiðing af ástandi, sem ekki kom fram í lágu gengi, heldur í skorti á gulli, sem miðað var við, eða með öðrum orðum í fátækt. Nú kemur þetta ekki fram í skorti á pappírnum, sem notaður er í stað gullsins, því hann er nógur, heldur í litlu gildi pappírsins, eða með öðrum orðum lágu gengi, sem kallað er. Og ráðstafanirnar gegn þessu lága gengi eru og hljóta að vera þær sömu og gagnvart öðru basli og fátækt.

En það var í rauninni ekki þessi hlið málsins, sem hv. flm. (JB) var að hugsa um, heldur beindist ræða hans að hinni „teknisku“ meðferð málsins, því, hvernig sjerstaklega bankarnir hafa með höndum gjaldeyrisverslunina og hvernig þeir hafa þar gætt hagsmuna þjóðarinnar.

En saga þessa máls er í stuttu máli þessi: Í júní í fyrra byrjuðu bankarnir á frjálsum yfirfærslum eftir skráðum verðlista, og byrjuðu allhátt, en þó lægra en áður hafði verið. Þetta gekk vel fram eftir sumrinu og gengið smáhækkaði, þannig, að pundið varð lægst kr. 25,60. Seinni part sumarsins var genginu að mínu áliti þó haldið helst til föstu, og hefði verið betra að hafa það hreyfanlegra. Í haust varð stöðvun á afurðasölunni — fisksölunni — og kom þá lítið inn af erlendum gjaldeyri, en það hafði þær afleiðingar, að eftirspurnin eftir honum óx, og hefði þá, samkvæmt lögmálinu um framboð og eftirspurn,

gengið átt að hækka á þessari erlendu mynt. En það var þó ekki undir eins.

Þetta varð ekki strax, sökum þess, að sterlingspundið var ekki fært nóg niður. Við það varð reglan um framboð og eftirspurn rofin og pundið hærra en ástæða var annars til samkvæmt þeirri reglu. Næst er svo það, að yfirfærslurnar hættu að vera frjálsar. Hver, sem óskaði, gat ekki fengið yfirfærslu, en aðeins einstöku menn. (**JB:** Hve nær byrjaði það?). Það mun hafa byrjað í nóvembermánuði, en tók svo smám saman að færast í vöxt og verða meira áberandi. Og það er alveg rjett skýrt frá hjá hv. 2. þm. Reykv. (JB), að í algleyming komst þetta ekki fyr en um nýár.

Það lætur að líkindum, þótt ekki komist strax á eðlilegt gengi eftir svona stöðvun, sem mun hafa staðið yfir í rúman mánuð. Þegar svo fer, myndast eins og hnútur á viðskiftalífinu, sem verður að rakna úr smám saman. Það er ef til vill ekki rjett að vera að spá hjer neinu um gengið, því nóg verður annað til að hlaða undir gengisspekúlantana, en jeg fæ þó, að gefnu tilefni, ekki stilt mig um að láta í ljós þá skoðun mína, að þetta lága verðlag á íslensku krónunni muni ekki standa lengi. Það er líka auðsjeð, að þetta hefir lagst í fleiri, því menn hafa sannarlega ekki verið svo ýkjafíknir í að kaupa sterlingspundin fyrir það verð, sem þau fást nú fyrir. Er að mínu áliti hægt að telja það óbrigðulan heilbrigðisvott. Hjer koma auðvitað ekki til greina þeir menn, sem vegna stöðvunarinnar hafa bundið sig til að útvega erlendan gjaldeyri. Þeir ráða ekki sjálfum sjer í þessu efni, en verða að kaupa hann því verði, sem hann kostar í það og það sinn. Þeir geta því að sjálfsögðu ekki talist með, þegar ræða er um það, hverjir fúsir eru til að kaupa erlendan gjaldeyri því verði, sem hann er nú í.

Hv. flm. (JB) virtist vera því mjög kunnugur, hvernig það hafi gengið til, er farið var aftur að selja gjaldeyri með þessu háa verði. Hann fór allmörgum orðum um Íslandsbanka. Jeg verð í því sambandi að taka það fram, að fjármálaráðherra er ekki neinn þáttur í stjórn Íslandsbanka. Það er fulltrúaráð þess banka, sem hv. þm. ætti fremur að snúa sjer til í því efni, og því er svo farið, að bæði þing og þjóð hefir hönd í bagga með því og hvernig það er skipað. Jeg hlýt að halda því fram, að ríkisstjórnin hafi enga heimild til að banna bankanum eða öðrum að selja íslenska krónu gegn því verði, sem honum sýnist. Ef stjórnin vildi fara að ákveða gengið, þá yrði hún um leið að taka á sig ábyrgðina á því tapi, sem kynni að hljótast af þeirri verslun. Er það auðsætt, að ógerningur væri fyrir hana að ákveða það, nema hún um leið hefði á hendi allar framkvæmdirnar. Sem sagt, það eru aðrir, sem standa nær til svara viðvíkjandi Íslandsbanka.

Að því er snertir Landsbankann, þá hefi jeg meiri hönd í bagga með honum. En það verð jeg að taka fram, að jeg álít það ekki geta komið til mála, að annar bankinn dragi sig út úr gjaldeyrisversluninni eða hafi annan „kúrs“, svo að annar bankinn hefði til dæmis selt pundið á 26 kr., en hinn á 28 kr. Það er auðsætt, að slíkt gæti alls ekki gengið.

Jeg get annars tekið undir það með hv. flm. (JB), að lágt gengi hafi skaðlegar afleiðingar, og verður þessa ekki hvað síst vart á lánunum. Þessi þáltill. fer því saman við það, sem verið hefir

áhyggjumál mitt, og kann jeg hv. þm. (JB) þökk fyrir, hvað það snertir. Hitt er annað mál, leiðirnar til að kippa þessu í lag. Þar hefir hv. flm. (JB) bent á, að koma þurfi þessum lausu skuldum erlendis fyrir sem föstum lánum. Þar sem þetta atriði kemur til umræðu við næsta mál, skal jeg ekki fara neitt út í það nú. Þó vil jeg benda á, að það var í fyrra rætt um þetta sem mál, er bankanum bæri að annast, og ekki gert ráð fyrir neinum fjárframlögum af hálfu stjórnarinnar í þá átt. Eins og mönnum er kunnugt, hefir Íslandsbanki reynt talsvert fyrir sjer í þessu efni, og hefir það að vísu ekki borið mikinn, en þó nokkurn árangur. Býst jeg við, að þeim tilraunum hans, að koma fyrir þessum lausu skuldum, verði haldið áfram eftir mætti.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg get þakkað hæstv. fjrh. (MagnJ) fyrir, hve vel hann tók í till. mína. En satt að segja get jeg ekki að sama skapi þakkað honum fyrir skýrsluna um framkvæmd stjórnarinnar í þessu máli. Jeg bjóst við að fá að heyra, hver afskifti hæstv. stjórn hefði haft af gengismálinu, en hæstv. ráðherra (MagnJ) kom ekki fram með neitt í þá átt. Að vísu er honum það nokkur afsökun, að þetta heyri fremur undir annan ráðherra en hann. En eitthvað ætti honum engu að síður að vera kunnugt um framkvæmdir stjórnarinnar, ef þær annars hafa verið nokkrar.

Jeg vil annars minnast á eitt, sem gert hefir verið í þessu máli. En það er, að ekki alls fyrir löngu var skorað á stjórnina að koma á fundi með bankastjórn Landsbankans og útgerðarmönnum hjer, til að ræða uppástungur Landsbankans um fisksöluna. Til þessa var ríkisstjórnin ófáanleg, og var það þó heldur undarlegur áhugi á slíku máli.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) vildi bera bankaráðið sem skjöld fyrir stjórnina í þessu máli, og kvað ekki hæfa, að ríkisstjórnin væri að skifta sjer af daglegum viðskiftum bankans. Jeg verð þá að segja það, að mjer finst það nokkuð hart, ef hæstv. stjórn vill halda því fram, að hún megi ekki blanda sjer neitt í þau viðskifti, þótt hagur alls landsins sje í veði og gengi krónunnar ætli niður úr öllu valdi.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) sagði, að eftirspurnin minkaði af sjálfu sjer, er gengið stæði sem lægst, og kæmist því aftur jafnvægi á á þann hátt. Slíkt er aðeins í bili. Menn venjast smám saman lága genginu og brátt kemur fram krafan frá þeim, sem útlenda gjaldeyrinn hafa til sölu, að hækka hann á ný. Hvað skyldi t. d. vera því til fyrirstöðu, að pundið kæmist upp í 30—35 krónur, ef ekkert yrði gert til að sporna við því?

Hæstv. fjrh. (MagnJ) hjelt því líka fram, að bankarnir hjer hefðu ekki farið nógu lágt með verð á erlendum gjaldeyri á síðastliðnu sumri. Hví ljet hæstv. stjórn það þá ekki neitt til sín taka?

Þá þætti mjer undarlegt, ef satt væri það, sem stendur á miða, sem var skotið til mín rjett áðan, að yfirfærsluteppan hafi byrjað í september, en ekki í nóvember, eins og hæstv. fjrh. hjelt fram. Mjer er að minsta kosti kunnugt um, að þó að ef til vill hafi einhver tregða verið á yfirfærslum, þá munu þó flestir þeir, sem nauðsynjavörur þurftu að greiða erlendis, hafa fengið úrlausn

í þessu fram í desember, að minsta kosti hjá Landsbankanum.

Hæstv. ráðherra (MagnJ) var að tala um það, að peningagengið lyti hinni gullnu reglu um framboð og eftirspurn. En jeg er nú hræddur um, að hið eðlilega framboð og eftirspurn í þessu sje oft truflað. Verslunarvelta okkar er svo lítil, að hægt er að hugsa sjer, að fáeinir útlendir auðkýfingar eigi hægt með að snúa í hendi sjer gengi íslensku krónunnar, nema við sjeum alvarlega á verði í þessum efnum.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) kvaðst engan þátt eiga í stjórn Íslandsbanka. Mig minnir þó, að ákveðið væri í fyrra, að fjármálaráðherrann hefði með höndum yfirstjórn bankamálanna. Það getur náttúrlega verið, að þetta hafi breyst. En hvað sem því líður, þá er hitt víst, að forsrh. á formannssæti í bankaráði Íslandsbanka, og ætti hann því að láta það eitthvað til sín taka, hvernig fer með verðgildi íslenskrar krónu. Þar hefir hann sjer til stuðnings tvo bankaráðsmenn, valda af Alþingi, og væri heldur undarlegt, ef ekki má til þess ætlast, að þessir allir láti slíkt mál eitthvað til sín taka. Jeg á auðvitað ekki við, að stjórn landsins fari að vasast í afgreiðslu smávíxla eða öðrum slíkum daglegum rekstri bankans. En þegar um mál er að ræða, sem skiftir þjóðina miljónum króna, þá má ekki þola það, að hún sitji aðgerðarlaus hjá og leggi ekkert til málanna.

Viðvíkjandi því, hverjir hafi helst hagnað af þessu lága gengi, þá hafa komið fram raddir um það, að bændur og útgerðarmenn muni hafa hag af lággenginu. Jeg mótmæli þessu kröftuglega. Það eru ekki yfirleitt þessir menn, sem fleyta rjómann af dýrtíðinni í landinu, heldur eru það örfáir útflytjendur, mestmegnis útlendir, sem kunna að hagnast á þessu, þeir fáu, sem selja afurðirnar erlendis og fá erlenda gjaldeyrinn. Alt og sumt sem framleiðendurnir, bændur og hinir smærri útgerðarmenn, hafa upp úr krafsinu, er, að þeir fá að reikna með hærri tölum.

Að lokum gaf hæstv. fjrh. (MagnJ) það í skyn, að þetta lága gengi myndi ekki standa lengi. Það skyldi gleðja mig, ef svo yrði; en hvað hefir hæstv. ráðherra fyrir sjer í þessu? Á þetta að ske fyrir aðgerðir, sem hæstv. stjórn hefir nú þegar gert eða hefir í hyggju að gera á næstunni? Eða er þetta bara sagt svona út í loftið? Jeg vildi gjarnan fá skýr svör upp á þetta. Og með því að jeg sje nú, að hæstv. forsrh. (SE) kveður sjer hljóðs, þá sest jeg niður að sinni til að heyra, hvað hann hefir fram að færa í þessu máli.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi ekki heyrt alt, sem rætt hefir verið um þetta mál, aðeins hrafl úr ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JB). Tel jeg, að þetta mál heyri yfirleitt undir fjármálaráðherra.

Þegar jeg kom frá útlöndum í vetur, var strax tekið að ræða um gengismálið, og átti stjórnin marga fundi með báðum bönkum. Pundin voru þá seld í bönkunum á kr. 26,50, en það var aðeins málamyndarverð á þeim, því svo að segja ekkert var selt af þeim og yfirfærslur að miklu leyti stöðvaðar. Afleiðingin af því var, að gjaldeyrisverslunin fór að mestu leyti fram fyrir utan bankana, og það virkilega gengi skapaðist eftir þessari verslun fyrir utan bankana og fór stöðugt lækkandi. Stjórn Íslandsbanka sá ekki aðra leið út úr þessu máli en að bankarnir færu að yfirfæra

og gæfu meira fyrir pundin og seldu þau dýrara en þá var gert, með öðrum orðum ákvæðu gengisverslunina eftir hinu almenna lögmáli viðskiftanna, þannig, að eftirspurnin rjeði um verðið. Landsbankinn vildi halda í það verð, sem þá var, en gat ekki bent stjórninni á neinar ákveðnar leiðir til þess að halda genginu uppi; þó taldi bankinn, að ef höft væru lögð á innflutning og landsstjórnin tæki eða ljeti nefnd taka fiskverslunina í sínar hendur, þá mundi mega stöðva gengið. Vildi Landsbankinn fá loforð stjórnarinnar um að leggja til við þingið, að slíkum höftum yrði komið á, en því neitaði stjórnin með öllu og vísaði til undirtekta síðasta þings undir það mál. Fjármálaráðherra kom því næst með uppástungu um, að bankarnir tækju gjaldeyrisverslunina sameiginlega í sínar hendur, þannig, að hvor banki legði fram um 60 þús. pund og svo þann gjaldeyri, sem þeir seinna fengju; en þriggja manna nefnd hefði svo gjaldeyrisverslunina í sínum höndum, einn bankastjóri frá hvorum bankanum og oddamaður, tilnefndur af stjórnarráðinu. Gert var ráð fyrir, að halli, sem yrði af versluninni, greiddist af Landsbankanum að $^1/_3$, Íslandsbanka að $^1/_3$ og landssjóði að $^1/_3$. Landsstjórnin hugði, að fult samkomulag væri að verða um málið, en á seinasta augnabliki mun Landsbankinn hafa dregið sig til baka, og varð því ekkert úr samningum.

Eftir að nýju bankastjórarnir tóku við störfum í Íslandsbanka, var eftir sameiginlegri ráðstöfun beggja bankanna gerð ákvörðun um það gengi, sem nú er. Gengi krónunnar hreyfist auðvitað eftir ákveðnum lögum, og án sjerstakra ráðstafana er ekki hægt að rjúfa það lögmál. En stjórnin hafði enga heimild til að koma á viðskiftahöftum, og eigi heldur til þess að taka gjaldeyrislán eða gera aðrar ráðstafanir, og því varð íslensk króna að hlíta almennum viðskiftalögum.

Gunnar Sigurðsson:*) Jeg þakka fyrir fram komnar upplýsingar í þessu máli. Jeg er í höfuðatriðum sammála till. hv. flm. (JB). Mjer þótti hann ekki taka nógu rækilega fram um gengisbraskið og afleiðingar þess. Mjer er vel ljóst, að það er slæmt, að gengið sje lágt á íslensku krónunni. En þó er það hættulegast af öllu, að yfirfærslur stöðvist að fullu, eins og átti sjer stað í september síðastl. Það er miklu verra en þó að krónan lækki um hríð. Því hefir verið haldið fram, að gengisskráningin væri ranglát og aðeins í hag einstökum mönnum, og að bankarnir yfirfærðu með sjerstöku gengi þá. Þing og stjórn verða í sambandi við bankana að gera gangskör að því að stöðva gengið og hækka það síðar. Fyrst þingið er komið saman, verður það að gera öflugar ráðstafanir í þá átt. Það, sem hingað til hefir verið gert, er með litlum árangri, enda beðið eftir aðgerðum þingsins.

Nú er frv. á ferðinni um lántöku til lagfæringar á genginu, og er það ef til vill til bóta, en þó ætti það fremur að vera verk bankanna. Að síðustu legg jeg aðaláhersluna á, að gengið sje stöðvað.

Jón Þorláksson: Jeg vil byrja á því að taka undir það, sem hæstv. fjármálaráð-

*) Ræðan óyfirlesin af þm. (GunnS).

herra (MagnJ) sagði um gengismuninn, að hann er einkenni, sem ber vott um, að fjármálaástandið í landinu er að einhverju leyti frábrugðið því, sem venjulegt er, eða sjúkt, sem kallað er. Nú er því svo háttað um flesta hluti, sem lúta náttúrulögmálum, að ef þeir haggast frá venjulegri braut eða sýkjast, þá hafa þeir í sjálfum sjer nokkra þá náttúru, sem beinir þeim að lokum aftur inn á venjulega braut, eða læknar sjúkdóminn, ef hann stendur nægilega lengi til þess. Alt í náttúrunni leitar jafnvægis.

Gengisbreytingarnar eru eitt af þeim fyrirbrigðum, sem fjármálalífið notar til að lækna sjálft sig með.

Það hefir ekki nóg verið vikið að þessu í ræðum þeim, sem haldnar hafa verið, og vil jeg því gera nokkra grein fyrir því. Að því leyti sem gengið ákvarðast af mismuni á innflutningi og útflutningi í landinu — og er lækkandi — þá dregur það úr innflutningi vara, en örvar útflutninginn. Skal jeg skýra það nánar, enda þótt það sje viðurkent lögmál, og nefna einstök dæmi.

Flestir innflytjendur (kaupmenn) hafa yfir einhverri takmarkaðri fjárhæð að ráða til vörukaupa, annaðhvort eignarfje eða lánsfje. Því lægra sem gengið er, því minna vörumagn geta þeir fengið fyrir sitt takmarkaða fje. Þeir þurfa ekki að minka veltumagn sitt að krónutali, en vöruveltan, og þar með innflutningur hvers eins, verður minni vegna lággengisins. Hjer við bætist annað, sem hv. samþm. minn (JB) rjettilega benti á í öðru sambandi. Þegar gengi íslensku krónunnar er lágt, fara menn mjög varlega í það að nota lánstraust sitt erlendis til vöruinnflutnings. Og þannig verkar lággengið í þá átt að draga úr innflutningnum. Fleiri dæmi þessu lík mætti nefna. Og þá ekki síður hin, sem sýna, hvernig lággengið örvar framleiðslu á útflutningsvörum. Rekstrarkostnaður þeirra, sem framleiða vörur til útflutnings, skiftist í ýmsa liði. Nokkuð af honum er fólgið í kaupum á útlendum vörum; móti því verða þeir að láta jafnmikið vörumagn af framleiðslu sinni, og hefir gengi innlenda gjaldeyrisins engin áhrif á þann hluta kostnaðarins. En að því er innlenda kostnaðinn snertir, þá þýðir lággengið blátt áfram það, að framleiðendur fá afslátt af tilkostnaðinum, sem gengislækkuninni svarar. Fyrst og fremst á rentum og afborgunum af öllu lánsfje, og því næst einnig á öllum verkalaunum, að minsta kosti í bili, þangað til verkakaupið hefir aftur tekið tilsvarandi breytingum við gengislækkunina. Þetta á sjer stað, ef framleiðendurnir fá sjálfir að njóta hins háa verðs í krónutali fyrir gjaldeyri þann, er til fellur við sölu afurða þeirra, og það er almennast hjer á landi. Lággengið gerir því framleiðslu á útflutningsvörum arðvænni en ella mundi vera, og örvar hana þar með.

Þegar nú lággengi krónunnar hefir þessi tvennskonar áhrif, sem bent hefir verið á, annars vegar að auka útflutninginn og hins vegar að draga úr innflutningi vara, verður ályktunin sú, að viðskiftalífið notar þessa leið sjálfu sjer til lækningar.

Menn miða oftast verð íslenskrar krónu við sterlingspund, en gæta þess eigi ávalt, að verð sterlingspundsins sjálfs hefir verið breytilegt að undanförnu. Þannig hækkaði það um 10% á móti gulli eða Bandaríkjadollar á árinu 1922. Menn verða því að fara varlega í

það að fullyrða, að íslensk króna fari lækkandi, þótt verð sterlingspundsins hækki að krónutali. Verðið kr. 28,50 fyrir sterlingspund nú samsvarar 26 kr. í ársbyrjun 1922.

Í umræðunum hefir öðruhvoru verið vikið að hagsmunum einstaklinga og stjetta í sambandi við þetta mál, og get jeg þá sagt, að staða mín í þjóðfjelaginu er þannig, að lággengi krónu er tap fyrir mig; á því sama við um mig í því efni og þá stjett, sem hv. samþm. minn (JB) ber sjerstaklega fyrir brjósti. En jeg hefi talið mjer skylt að líta á málið með þjóðarhaginn fyrir augum og athuga einnig, hvað framleiðendum sje fyrir bestu, ef þeir eru menn til að láta hagnaðinn af vörusölunni á erlendum markaði renna í sinn vasa. Og það eru þeir yfirleitt færir um.

Það er áreiðanlega rangt hjá hv. samþm. mínum (JB), að hagnaðurinn af gjaldeyrisversluninni hafi farið til fárra millimanna, en ekki gengið til framleiðenda sjálfra. Að minsta kosti er það vitanlegt um fiskinn, að framleiðendur hafa notið hagnaðarins af lággenginu við sölu hans, þar eð þeir geta oftast valið um að selja í krónum eða sterlingspundum.

Sú ályktun, sem jeg dreg af þessu, er á þá leið, að varhugavert sje að gera tilraunir til þess, að gengismunurinn fái ekki að njóta sín eða koma fram í þjóðlífinu eins og hann er í raun og sannleika. Gengið var óeðlilegt hjer í bönkunum fyrir áramótin síðustu og ekkert í sambandi við þáverandi ástand í landinu. Þeir, sem höfðu erlendan gjaldeyri í höndum, gátu selt hann hærra verði en gefið var fyrir hann í bönkunum. Þetta ástand gat ekki haldist til lengdar og endaði með því, að bankarnir neyddust til að hækka verðið á erlendum gjaldeyri upp í gangverð.

Sem dæmi þess, hvílíkar fjarstæður geta komið fyrir, þegar slíkt á sjer stað, skal jeg nefna, að pósthúsið þarf á erlendum gjaldeyri að halda til greiðslu póstávísana, er það selur á önnur lönd. Þar hefir verið tekin upp sú regla að afgreiða ekki svo stórar upphæðir, að líkindi sjeu til, að nota eigi til verslunarviðskifta, heldur einungis smáupphæðir, sem mönnum er þægilegast að senda á þann hátt. Þennan gjaldeyri keypti póstmeistari í bönkunum við venjulegu gangverði. Nú varð svo hart um erlenda mynt í bönkunum síðastliðið haust, að þeir gátu ekki selt pósthúsinu fjeð, sem það þurfti á að halda. Póstmeistari varð því að leita á hinn almenna markað, það er til þeirra manna, sem mest hafa undir höndum af erlendum gjaldeyri, og varð þar að sæta hærra verði, kaupa t. d. sterlingspund á 28 kr. til kr. 28,50. Þetta var skömmu fyrir síðastliðin áramót, á sama tíma, sem Landsbankinn seldi það litla, sem hann ljet af höndum, fyrir 26 kr. Ýmsir fastir viðskiftamenn bankans gátu þá herjað út úr honum smáupphæðir í enskri mynt fyrir þetta verð, og fóru sumir þeirra rakleiðis yfir í pósthús og seldu póstmeistara sterlingspundin á kr. 28,50. Annað eins og þetta hlýtur að koma fyrir, þegar farið er að þvinga gjaldeyrismálið inn á óeðlilega braut.

Menn mega ekki ætla, að almenningur njóti hagnaðarins af lágu verði erlends gjaldeyris í bönkunum, þegar hann er þar af svo skornum skamti, að kaupmenn geta annan daginn fengið þar örfá sterlingspund fyrir 26 kr., en verða hinn daginn að kaupa þau af útflytjendum fyrir kr. 28,50. Þeir verðleggja

vörur sínar eftir hinu hærra pundsverðinu, þó að þeir geti stundum herjað út nokkur pund með lægra gengi. En meðan svo er, geta framleiðendur heldur ekki treyst því, að þeir muni síðar, t. d. eftir missiri, geta selt gjaldeyri sinn fyrir hið sama háa verð, sem þá gildir, og nær þetta því ekki þeim tilgangi að örva framleiðendurna.

Skilyrðin fyrir því, að gengismunurinn fái að koma fram, er frjáls og óhindruð gjaldeyrisverslun; annars fáum við ekki nema ókostina af honum. Því er jeg samþykkur ráðstöfunum til að rjetta við gengið, ef gerðar eru á þann hátt, að grípa inn í viðskiftalíf þjóðarinnar og reyna að lækna meinin, sem þar eru og valda gengismuninum. Jeg geri ráð fyrir, að við stefnum að því að koma krónunni í jafngengi með því að rjetta gengið við smátt og smátt, en ekki á þann hátt, sem gera verður þegar í óefni er komið, sem sje með því að fella peningana í gildi fyrir fult og alt.

En þó að reynt sje að bæta gengið með því að grípa inn í sjálft líf viðskiftanna, er hægt að gera það á misjafnlega heppilegan hátt. Þannig má t. d. fara að, að gengið rjetti við í svip, og skapa þó um leið nýjar líkur fyrir gengisfalli. Og af því að í þáltill. er gert ráð fyrir ráðstöfunum í þá átt að „koma fyrir sem föstum lánum þeim gömlum skuldum, sem nú stuðla að gengislækkuninni", skal jeg strax taka fram, að einnig í þessu efni verður að gæta mikillar varúðar. Kvartað hefir verið undan því — og með rjettu — að mikið sje hjer um lausaskuldir, er erlendir kaupsýslumenn eiga hjer, mest í bönkunum, og fallnar eru í gjalddaga, og hafi þessar skuldir haldið genginu niðri. Liggur því nærri að koma skuldunum svo fyrir, að þetta framboð lækki ekki krónuna. En hjer þarf að fara varlega. Hygg jeg vel ráðið að gera ekki mun meira í þessu efni en gert hefir verið hingað til. Fje þetta er eign erlendra kaupsýslumanna, sem lánað hafa íslenskum innflytjendum vörur. Meðan þeir eiga hjer stórfje fast, er vitanlegt, að þeir verða varkárari en áður um vörulán. Þetta hefir eitt með öðru dregið úr innflutningi á þeim tíma, sem mest þurfti. Jeg vil ekki segja með þessu, að menn megi ekki festa skuldirnar, en það verður að gera með varúð og gætni, svo að skuldheimtumenn freistist ekki til að setja fje sitt aftur í hreyfingu með því að lána hingað vörur á nýjan leik, því að hjer eru nógir menn, sem vilja taka vörur að láni til þess að flytja inn og selja hjer í landi. Menn verða því að gæta þess vel, að gera engar þær ráðstafanir, er miða að því að auka innflutning eða draga úr framleiðslunni, og gera þar með leiðina til jafngengis erfiðari og torsóttari heldur en vera myndi, ef málið fengi frjálsan og óhindraðan gang.

Jakob Möller: Það er eðlilegt, að umræðurnar hafi farið á víð og dreif og utan við aðalkjarna gengismálsins, því að tillagan, sem hjer liggur fyrir, er mjög einhliða. Í henni er öll áherslan lögð á að hækka gengi krónunnar, sem flestum kom þó að lokum saman um, að sje ekki aðalatriðið. Frá mínu sjónarmiði er aðalatriðið að stöðva gengið. Jeg þykist skilja hv. 2. þm. Reykv. (JB), að honum sje hækkun gengisins ríkust í huga, og ástæður hans fyrir því. En hið lága gengi er ekki aðalatriðið í þessu máli. Þegar gengið lækkar, verður það öllum almenningi tilfinnanlegt í bili, en venju-

lega kemst jöfnuður á áður langt líður. En reikið á genginu er það hættulegasta, og við því verður fyrst að gera. Eins og hjer er ástatt, getur það orðið mjög mikið og til stórtjóns, bæði neytendum og framleiðendum.

Viðskiftamálanefnd þingsins í fyrra virtist vera alveg ljóst, að þetta væri aðalatriðið. Því kom það fram í greinargerð fyrir frv. um gjaldeyrismat og umræðum um það, að ráðstafa þyrfti þeim lausum skuldum í íslenskum krónum, er erlendir menn eiga hjer, og koma á jafnaðargengi, er færi hækkandi með litlum sveiflum, helst engum í öfuga átt.

Svo er hjer ástatt, að meginið af íslenskum afurðum er flutt út á skömmum tíma. Ef farið væri stranglega eftir venjulegu lögmáli um framboð og eftirspurn, myndu verða mjög stórar og skaðlegar sveiflur á genginu. Á sumrum, þegar útflutningur er mestur, ætti gengið að hækka, og fengju þá útflytjendur minna fyrir afurðir sínar heldur en ella. En þegar dregur úr útflutningi, ætti krónan að falla, eins og líka hefir orðið.

Þetta hlýtur að vera öllum skaðlegt, og hygg jeg, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafi ekki skoðað þetta nógu vandlega niður í kjölinn. Gróðinn af sveiflunni er enginn. Framleiðendur tapa, ef lögmálinu er fylgt stranglega fram. Krónan verður lægst um miðjan vetur, þegar þeir kaupa kol og salt til vertíðarinnar, en hækkar svo aftur, þegar þeir selja afurðir sínar og fá þær greiddar. En fyrir almenning verður alt verðlag mun hærra en eðlilegt væri. Innflytjendur vita ekki með neinni vissu, með hvaða gengi þeir verði að greiða fyrir vörur sínar; þeir setja verðið því hærra, til þess að tryggja sig gegn gengistjóni. Á þessu bygðist krafa viðskiftamálanefndar í fyrra, um að festa þyrfti lausaskuldirnar og koma á jafnaðargengi.

Ef athuguð er nánar kenning hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) um gróða fyrir framleiðendur af lággengi, er hún mjög vafasöm, hvernig sem á er litið. Það er rjett, að lágt gengi örvar framleiðsluna í svip. En hvernig er sú uppörvun? Land með lágu gengi selur afurðir sínar í raun og veru ódýrar en lönd með háu gengi. Þýskar vörur eru ótrúlega ódýrar, en það þýðir, að þjóðverjar fá ekki nema örlítið brot af verðmæti vöru sinnar, reiknað í erlendum gjaldeyri, í samanburði við aðrar þjóðir. Ef við trúum á slíkan gróða, svíkjum við sjálfa okkur. Menn ætla, að þeir græði, ef krónutalan hækkar, en eftir reynslu annara verða þær afleiðingar, að verð framleiðslu þess lands lækkar í samanburði við vörur nágrannalandanna. Jeg get sem dæmi bent á, að um eitt skeið voru norskar kartöflur seldar hjer 4—6 kr. ódýrari tunnan en danskar. Norðmenn fengu þessu minna fyrir vörur sínar en Danir; norsk framleiðsla fjell beinlínis í verði fyrir áhrif lággengisins.

Þetta tap gerir hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) ráð fyrir að framleiðendur vinni upp með því, að þeir fá fleiri krónur til þess að greiða með verkalaun, vexti og greiðslur af lánum. Það er rjett, að rekstrarkostnaður lækkar í svip. En þetta er ekki nema bráðabirgðagróði og hvergi nærri nógur til að vinna upp hið raunverulega tap. Því að það er vafalaust, að eftir því sem dýrtíðin eykst við hið lága gengi, því meir hækkar verkkaupið, enda játaði hv. þm., að svo myndi fara að lokum, að samræmi yrði milli vinnulauna og gengisins.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) taldi gengið

einskonar læknislyf, er hið sjúka fjármálalíf læknaði sjálft sig með. En hvernig er sú lækning? Þegar krónan lækkar í verði, hækkar kaupgjaldið, þangað til samræmi er þar á milli. En hvernig stendur hv. þm. þá að vígi að hækka gengið aftur? Ástandið er líkt því, sem var á ófriðarárunum. Vöruverð hækkaði þá í sífellu og kaupgjald um leið. En þegar vörur fjellu aftur í verði, lækkuðu þær fyr og örar en kaupgjald og annar framleiðslukostnaður. Með þessu móti verður því sýkin í fjármálalífinu ekki læknuð, heldur aðeins ýtt frá sjer í svip. En hve nær sem fara á í öfuga átt, kemur hún strax í ljós.

Jeg hygg, að okkur 3. þm. Reykv. (JÞ) greini ekki mikið á, hvað gera beri. Jeg legg ekki áherslu á, hvort gengið hækkar strax, heldur að það sje stöðvað, komið á öruggu jafnaðargengi. Mjer skilst hv. þm. (JÞ) líta svipuðum augum á málið. Hann talaði mjög vingjarnlega um þær ráðstafanir, er við hv. þm. Dala. (BJ) berum fram frv. um. En jeg er honum sammála í því, að varlega þurfi að fara, og mun jeg ef til vill tala nánar um það í sambandi við frv. okkar.

Eftir því sem umræðurnar hafa snúist, finn jeg ástæðu til þess að gera, frá mínu sjónarmiði, grein fyrir orsökum síðustu gengislækkunar. Þó að erfitt sje að skella skuldinni á nokkurn sjerstakan mann, má jafnvel segja, að það hafi orðið fyrir handvömm. Svo er mál með vexti, að í síðastliðnum september var farið að draga úr fisksölu til útlanda. Þá kom fram töluvert eindreginn vilji í þá átt að fella krónuna í verði, vegna aukinna örðugleika. Og þó í raun og veru ekki svo mjög af því, heldur vegna þess, að krónan hafði verið látin hækka óeðlilega fljótt; breytingin á verði sterlingspunds úr 27 kr. niður í kr. 25,60 eigi verið rjettmæt á þeim tíma. Þetta er því gagnstætt skoðun hæstv. fjrh. (MagnJ), er hann hjelt því fram, að sveiflan hefði átt að vera stærri. Um sama leyti hafði Íslandsbanki lítið upp á að hlaupa af erlendum gjaldeyri. Þegar svo staðið var í móti því að lækka krónuna á þessum tíma, varð sú afleiðing, að hætt var mikið til að selja erlendan gjaldeyri. Var þá gerð gangskör að því að kippa þessu í lag, og tókst um hríð, og voru yfirfærslur yfirleitt greiðar í september. Hve lengi það hjelst, man jeg ekki, en smátt og smátt kom sú tilhneiging aftur, að lækka krónuna, og kom hún fram í því, að bankarnir kiptu meir og meir að sjer hendinni um gjaldeyrissölu. Varð þetta til þess, að krónan fjell í verði erlendis, svo að fullyrt var jafnvel, að um áramót hefði verið hægt að fá yfir 30 kr. fyrir sterlingspund í London. Það var bankaráð Íslandsbanka, sem lagðist á móti því, að gengið væri lækkað í september. En það gat engu ráðið um þetta verðfall krónunnar utanlands. Jeg er enn þeirrar skoðunar, að gengið hafi ekki þurft að lækka; mjer er kunnugt um, að mikið af gjaldeyri fór fram hjá bönkunum frá 1. október til áramóta, en hins vegar hygg jeg, að aldrei hafi verið treyst á fremsta hlunn um yfirfærslur. Ef yfirfærslur hefðu aldrei stöðvast, hefði gengið aldrei lækkað. En jeg tel það þó afsakanlegt, úr því svo var komið, þó að bankarnir lækkuðu gengið upp úr áramótunum. Jeg lagði þó á móti því, en bankaráð Íslandsbanka var þá ekki alt á einu máli, og landsstjórnin, sem í september var eindregin með því að halda genginu uppi, vildi nú ekkert lið leggja til þess. Jeg veit ekki,

hvort þessi breyting á afstöðu stjórnarinnar hefir staðið í nokkru sambandi við útreikning dýrtíðaruppbótarinnar í október. En jeg verð að segja það, að mjer þykir illa farið með starfsmenn landsins, ef genginu er haldið óbreyttu þann tíma, en svo slept hendinni af því. Veit jeg ekki, hvort slíkt vakir fyrir hæstv. stjórn. Hefir mjer aldrei dottið í hug, að svo væri, en vera mætti, að einhverjum hafi hugkvæmst, að þetta stafaði af helst til mikilli nærgætni við ríkissjóðinn.

Þegar svona gekk nú, genginu ekki breytt og yfirfærslur takmarkaðar til ársloka, er tekið var alveg fyrir þær, þá kom líka fram eindregin krafa utan frá, um að lækka krónuna, þótt rök væru engin fyrir því færð. Var aðeins sagt, að komið væri gengi utan bankanna, en ekki var slíkt gengi enn farið að verka á verðlag í landinu, og bar því sjálfsagt að stöðva fallið sem fyrst, ef unt var. Gengisbreytingin kom til umræðu í fulltrúaráði Íslandsbanka, eins og jeg gat um áður, og er vert að geta þess hjer, að skiftar urðu skoðanir um, hvort slíkt heyrði undir fulltrúaráðið eða ekki. Niðurstaðan varð sú, að það taldist ekki heyra undir það. En þetta er hrein fjarstæða að mínu viti, og vil jeg gjarnan skjóta því til þingsins, þótt jeg þykist vita, að á þeim stöðum verði þingið ekki talið „competent“ til úrskurðar um slíkt.

Samkvæmt reglugerð Íslandsbanka hefir bankaráðið á hendi æðstu stjórn bankans, en bankastjórar dagleg störf. En á því er það bygt, að bankaráðið hafi ekki vald til þess að hlutast til um dagleg störf.

En ef meiningin er sú, að gera bankaráðið þannig að undirbankastjórum, þá er lítil trygging fengin með lögunum um bankann, sem mæla svo um, að meiri hluti bankaráðsins skuli skipaður af þinginu.

En úrskurðurinn fjell nú á þessa leið, og því voru það ekki ráðstafanir bankaráðsins, sem framkvæmdar voru.

Þá vildi jeg minnast á þetta algilda lögmál, sem allir eru að tala um, en jeg verð að játa, að jeg veit ekki, hvar það stendur skrifað, og jeg hefi engan heyrt færa sannanir fyrir því, að þetta lögmál væri til. Er jeg hræddur um, að ef pundið hefir verið of dýrt á kr. 26,50, þá kunni það líka að vera það á kr. 28,50.

Var því líka haldið fram, að rjetta gengið mundi vera 31 kr., og því er lögmálið alveg brotið með því að reikna það eins og nú er gert á kr. 28,50. Er mjer að því leyti viðkvæmt mál, að ruglað sje með gengið fram og aftur, að jeg veit, að afleiðingar þess verða eingöngu skaðlegar fyrir almenningsheill.

Fyrir mig sjálfan get jeg sagt líkt og hv. samþm. minn (JÞ), að verðfall krónunnar kemur mjer ekki að skaða, heldur þvert á móti, en það er sjerstakra ástæðna vegna.

En jeg lít svo á þetta mál, að ekki megi einblína á persónulegan hag einstakra manna, en hræddur er jeg um, að svo hafi of mikið verið gert.

Forsætisráðherra (SE): Nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM).

Jeg var því fylgjandi, að bankinn hjeldi áfram yfirfærslum með sama gengi í október og nóvember, því jeg treysti því, að fiskur og síld mundi seljast viðunanlega og við það mundi lag komast á gengið.

Hjelt Íslandsbanki svo áfram að selja pund, meðan þau voru til, með óbreyttu verði, en þegar þau þrutu, bauðst Landsbankinn til að lána honum 30 þús. pund, en með þeim afarkostum, að ómögulegt var fyrir bankann að ganga að því boði. Átti að borga þau síðast í desember og auk þess átti hann að fá veð fyrir láninu og landssjóðsábyrgð, en landsstjórnin að hafa eftirlit með því, hvernig fjenu væri varið. Jafnhliða þessu óx sífelt eftirspurnin eftir útlenda gjaldeyrinum, sökum þess, að horfurnar um fisksöluna voru að versna. Hafði í vor, þegar mikið fiskaðist, skapast trúin á það, að íslensk króna mundi hækka, og því drógu menn greiðslur sínar, en af því leiddi, að eftirspurnin eftir gjaldeyrinum var mjög hógleg. En þegar allar horfur versnuðu og allir bjuggust við verðfalli krónunnar, þá vildu allir ná í gjaldeyrinn áður en krónan fjelli meira, og sú mikla eftirspurn þrýsti krónunni niður. Þarna sýndi lögmálið sig, sem ýmsir ekki trúa á.

Þegar jeg kom í janúar frá Kaupmannahöfn, þá hjeldu bankarnir enn „nominellu“ gengi, en yfirfærslur voru sama sem engar. Afleiðing þessa var sú, að þeir menn, sem þurftu á erlendum gjaldeyri að halda, leituðu hans utan bankanna. Það fer um sölu gjaldeyrisins sem um sölu annarar vöru.

Jeg skildi hv. 1. þm. Reykv. (JakM) svo, að hann vildi gera að umtalsefni mál, sem til umræðu kom á bankaráðsfundinum, sem sje það, að bankaráðið hefði afskifti af genginu. Má vel vera, að bankaráðið hafi það á valdi sínu að ákveða gengið, en það er ópraktiskt og jeg held óframkvæmanlegt. Er ómögulegt að heimta það af bankaráðinu eða formanni þess, að það sje inni í öllum gengissveiflum og orsökum þeirra. Þetta starf verður að fela bankastjórunum sjálfum, enda ætti slíkt ekki að vera athugavert, þar sem tveir þeirra eru nú stjórnskipaðir. Annað mál er það, að sjálfsagt er, að alt sje gert til að rjetta gengið, og það heyrir undir bankaráðið að aðstoða í því.

Að síðustu vil jeg geta þess, að báðir bankarnir fjellust í faðma um það að hækka gengið. Á Íslandsbanki þar ekki meiri sök en Landsbankinn.

Magnús Kristjánsson: Það eru aðeins nokkrar athugasemdir, sem mig langar til að gera út af því, sem fram er komið í þessu máli. Jeg er að mestu leyti samþykkur hv. flm. (JB) um tilganginn, um efni till., en ekki um meðulin til þess að bæta ástandið. Því jeg er því algerlega mótfallinn, að reynt sje að stöðva gengið, með því að taka lán til að greiða skuldir Pjeturs og Páls, sem stofnaðar hafa verið fyrirhyggju- og ábyrgðarlaust.

Um ræðu hæstv. fjrh. (MagnJ) er það að segja, að jeg heyrði fremur lítið af henni, því manninum liggur í lægra lagi rómur. Má vel vera, að þar hafi margt spaklega sagt verið, en þó álít jeg, að mest hafi það verið „teoriur“, sem að litlu gagni koma, og lýsing á sleifarlaginu í bönkunum, sem stjórnin hefir látið sig litlu skifta.

Hæstv. forsrh. (SE) gaf þær upplýsingar, að þegar um það var að ræða, hvort ríkisstjórnin, eftir tilmælum Landsbankastjórnarinnar, vildi leggja fyrir þingið tillögu um skipulagsbundna afurðasölu, í því skyni að stöðva gengi íslensku krónunnar, þá hafi hún neitað því. Er þetta að vísu lofsverð hrein-

skilni, en stjórnin hefir að mínu áliti brotið stórkostlega af sjer með þessu háttalagi. Hefði henni þó ekki átt að verða skotaskuld úr því að leggja eitthvað fram, því að nógu loðið hefði henni verið treystandi til að hafa það, til þess að binda sig ekki um of.

Það hefir mikið verið talað um hið órjúfandi viðskiftalögmál. En enginn veit, hvað það er nje hvernig það hagar sjer. Er og sannleikurinn sá, að það fer að mestu eftir því, hvernig þing og stjórn, ásamt bankastjórunum, haga afskiftum sínum af viðskiftamálunum.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að bankinn hefði reiknað útlenda gjaldeyrinn of lágt á liðna árinu. Reynslan hefir ekki sýnt þetta, enda hefðu þeir sjálfir átt að geta ráðið mestu um það, að andvirði hins útlenda gjaldeyris væri hæfilega ákveðið. Er aumt til þess að vita, að bankarnir skuli hafa látið örfáa einstaka menn ráða því, hvert verðgildi peninganna skuli vera á hverjum tíma.

Tíminn er stuttur, svo að jeg verð að hlaupa lauslega á aðalatriðunum. Verð jeg því að skilja við hæstv. forsrh., en vænti þess, að mjer gefist aftur tilefni til að víkja að þessu, þegar 4. mál á dagskránni kemur til umræðu.

Þá var það hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), er jeg vildi tala fáein orð við. Ræða hans var að vanda sjálfsagt vel undirbúin og í flestum dráttum rökstudd að dómi ýmsra, og verður hún líklega kölluð stórmerkileg í sumum blöðum, eftir undanfarandi reynslu að dæma. En hún fjell ekki við minn skilning, og ætla jeg því að leyfa mjer að gera við hana nokkrar athugasemdir.

Hv. þm. (JÞ) sagði á þá leið um hið óhagstæða gengi íslensku krónunnar og núverandi ástand viðskiftamálanna, að sá sjúkleiki gæti orðið til góðs, ef hann stæði nógu lengi. Jeg geri ráð fyrir, að meining hans hafi verið sú, að þótt við sjeum búnir að taka lán og tapa stórfje á gengislækkun, þá verði sá lærdómur af því í framtíðinni, að þjóðin fari skynsamlegar að ráði sínu.

Þó að þm. (JÞ), eftir rökfærslu hans að dæma, hafi meint annað, er legið hafi á bak við hjá honum, vil jeg nú samt færa þessi ummæli til betri vegar. Annað mál er það, að jeg er skoðunum hans mótfallinn.

Þá sagði hann einnig, að lága gengið hefði orðið til góðs á þann hátt að takmarka innflutning til landsins. Það er nýtt að heyra þann hv. þm. telja það til kosta. Hefði svo verið, þá erum við sammála. En jeg hygg, að þessu sje ekki þannig varið í raun og veru.

Þá gat þm. enn fremur um, að lága gengið hefði aukið framleiðsluna. Það efast jeg um. Hann þekkir það máske betur. Mjer er eigi kunnugt um það. En hafi það verið svo, þá er það óheilbrigt og stendur ekki lengi. Enda efa jeg mjög, að það hafi átt sjer stað.

Niðurstaðan verður þá þessi, að meginatriðin í ræðu hv. þm. (JÞ) eru villukenningar, að líkindum fluttar til þess að mæla fyrir og vernda hagsmuni nokkurra einstaklinga. Hann má álíta þær landinu fyrir bestu, en það geri jeg ekki.

Hið sanna er, að verðfall íslensku krónunnar hefir ekki aukið framleiðsluna í landinu nje minkað innflutning erlendra vara. Það er nokkuð langt gengið að ætla að telja mönnum trú um, að framleiðslunni sje hagur að lágu gengi, en þetta er öldungis fráleitt. Með

bestu gengi er lægstur tilkostnaður við framleiðsluna. Af verðfallinu stafar óhagur. Þetta liggur svo í hlutarins eðli, þegar alt gengur sinn eðlilega gang. Þess vegna er það aðeins blekking, að framleiðendur hagnist á lággengi. Hitt getur ef til vill átt sjer stað, að einstakir gróðabrallsmenn hagnist, sem hafa gjaldeyrisvörurnar til umráða, en almenningur alls ekki.

Jeg vona, að jeg hafi tekið það fram nægilega skýrt, að rökfærsla hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) er bæði villandi og hættuleg, ef lagður væri trúnaður á hana.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Við höfum sjaldan verið sammála, hvernig sem á því stendur. En hjer er þó stutt á milli, og tel jeg það vel farið. Þótt hann teldi, að lágt gengi væri til ills eins, þá var hann ekki sterkari á svellinu en það, að hann gekk að nokkru leyti inn á kenningu hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að það gæti verið framleiðslunni til gagns í vissum tilfellum. (**JakM:** Nei). Jú, hv. þm. hlýtur að kannast við orð sín; jeg skrifaði þau eftir honum.

Svo langt er nú komið, að mikill hluti af framleiðendum í landinu, einkum til sveita, annast sjálfir sölu á framleiðsluafurðum sínum, þ. e. Samband íslenskra samvinnufjelaga. Þótt það sje ekki vinsælt nje mikils metið af öllum hjer í bænum, þá eru fjelagar þess svo mannaðir, að borga ekki gengismun. Það hefir lagt útlenda peninga í bankana hjer síðastliðið ár, og er það vel farið, enda heilbrigðast, að framleiðendur njóti sjálfir hagnaðarins af viðskiftunum út á við.

Þá eru og fáeinir aðrir framleiðendur, sem flytja sjálfir vöru sína á markaðinn og njóta hagsmunanna af því. En allur fjöldinn, hinir máttarminni framleiðendur, verða að nota milliliðina og bíða skaðann. Því að gróðabrallsmenn og milliliðir, sem kaupa íslensku krónuna, stinga hagnaðinum í eigin vasa.

Hjer verð jeg að fella niður mál mitt, því jeg sje, að fundartíminn er útrunninn.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þarf ekki að bæta mörgum orðum við það, sem jeg sagði hjer áður um afstöðu stjórnarinnar gagnvart bönkunum í gengismálinu. Þó að landsstjórnin hefði nú lofað bönkunum að koma með höft, hvaða áhrif hefði það svo haft? Hjer situr alveg óbreytt sama þing og í fyrra, er þá lagði ákveðið á móti öllum höftum. Jeg er því hræddur um, að það hefði orðið lítils virði fyrir bankana, þó að stjórnin hefði gefið einhver loforð í þessu efni.

Þá er lánaleiðin. Hvað ætli þingið hefði sagt við stjórnina, ef hún hefði ákveðið að ganga í ábyrgð fyrir Íslandsbanka? Þá hefði víst ekki verið tekið illa á móti henni! (**MK:** Það mál liggur alls ekki fyrir). Þettu eru aðalleiðirnar, lántaka eða ríkisábyrgð fyrir Íslandsbanka. Landsbankinn fekk ábyrgð hjá stjórninni eins og hann óskaði. Það er því erfitt að gefa landsstjórninni nokkuð að sök, þar sem hún gerði alt, sem í hennar valdi stóð, í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var framhaldið einni umr. um till. (A. 27).

Flm. (Jón Baldvinsson): Umræðurnar um þetta mál í gær voru á víð og

dreif. Það, sem jeg hafði óskað eftir, greinileg skýrsla um málið frá hæstv. stjórn, kom ekki fram.

Ætla jeg þá að víkja að einstökum atriðum, sem fram hafa komið í ræðum hv. þm.

Sannast að segja þótti mjer ályktanir hv. samþm. míns, 3. þm. Reykv. (JÞ), undarlega hæpnar, eftir allri röksemdafærslu hans. Röksemdafærsla hans fór sem sje öll í þá átt, að því meira sem íslenska krónan fjelli, þess betra yrði að lifa í landinu. En þó vildi hv. þm. (JÞ) að síðustu vona, að verðgildi krónunnar mundi hækka og gengið læknast af sjálfu sjer!

En jeg er nú hræddur um, að það sje ekki leiðin til lækningar, að láta krónuna falla, og er alveg ósammála hv. þm., að nokkur hagnaður sje að því. Vil jeg nefna hjer tvö dæmi, sem hv. þm. (JÞ) nefndi til rökstuðnings sínu máli.

Hv. þm. (JÞ) hjelt því fram, að gengislækkunin mundi takmarka innflutning á útlendum vörum og örva útflutning á framleiðsluvörum. Ef lággengið á þennan hátt yrði til þess að efla hag þjóðanna, hvers vegna skyldu þær þá allar reyna að streitast eftir megni á móti gengislækkuninni, ef það er slík blessun, eins og hv. þm. vill vera láta? Það virðist ofurauðvelt að láta gengið falla. En þennan kost hafa menn nú ekki viljað taka, heldur verjast lækkuninni eins og hægt er. Mjer virðist það líka vera skoðun allra ræðumanna hjer, nema hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). En það eru sárfáir menn, sem hagnast á gengislækkuninni, og það er þeirra hagur, sem hv. þm. ber fyrir brjósti.

Annað atriðið, sem hv. þm. (JÞ) vildi láta styðja sína skoðun, um haginn af lággenginu, var það, að með lækkandi gengi krónunnar væri atvinnurekendum auðveldara að svara út vöxtum og afborgunum af rekstrarfje. Það kann rjett að vera, að í fljótu bragði sje það auðveldara, ef tekjurnar vaxa að sama skapi. En gerist það ekki líka á kostnað annara landsmanna? Ef jeg skulda 100 þús. krónur, og svo fellur gengið áður en jeg borga, en tekjur mínar vaxa hlutfallslega við gengislækkunina, þá vitanlega græði jeg, en það verður á kostnað annara landsmanna, sem tapa á lækkuninni.

Hv. þm. (JÞ) var sammála mjer um, að þeir, sem hefðu lánstraust erlendis, færu varlegar með það, ef krónan fjelli. En hann hjelt, að það mundi verða til þess að takmarka innflutning. En það held jeg ekki.

Þeir menn, sem geta aflað sjer lánstrausts erlendis,eru efnamennirnir,sömu mennirnir, sem eiga öðrum fremur aðgang að erlendum gjaldeyri hjá bönkunum hjer, og þyrftu því ekki að takmarka neitt verslun sína, þótt þeir hættu að nota erlenda lánstraustið.

Það hefir komið fram hjer í umræðunum, að menn hafa gert ráð fyrir því, að allur almenningur hafi ekki notið eða getað notið hlunninda af því í vöruverði yfirleitt, þegar bankarnir höfðu gengi erlendra peninga sem lægst síðastliðið sumar, heldur hafi vöruverðið verið miðað við útlendan gjaldeyri, eins og hann var seldur manna á milli utan hjá bönkunum. En þetta er ekki allskostar rjett. Á öllum algengustu nauðsynjavörum naut hann áreiðanlega lækkunarinnar, þótt vel geti verið, að á svonefndum luxusvörum hafi þetta ekki komið fram. Í þessu sambandi má einnig benda á það, sem líka styrkir þessa skoðun, að einmitt matvöruverð hækkar, þegar

bankarnir fastákveða gengið, eða lággengið, eins og nú er orðið.

Út af því, sem jeg sagði um það, að yfirfærslur hefðu stöðvast hjá bönkunum í síðastl. desembermánuði, vil jeg aðeins geta þess, til að sýna, hve erfitt er að átta sig á því, hvað rjett sje í þessu gengismáli, að hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ) sagði, að þær hefðu stöðvast í nóvember, hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að þær hefðu stöðvast í október, maður frá Íslandsbanka segir í september, og þm., sem þóttist kunnugur, skaut því að mjer, að þetta hefði verið í ágústmánuði!

Jeg vil þakka hv. samþm. mínum, 1. þm. Reykv. (JakM), fyrir ræðu hans. Jeg græddi meira á henni en ræðum beggja ráðherranna. Maður sá þar betur og greinilegar, hvernig gangurinn hefir verið í samningunum milli bankanna og stjórnarinnar um þetta gengismál. Þó jeg sje hins vegar ekki sammála hv. þm. í öllum atriðum. Fyrir honum er það aðalatriðið að stöðva gengið, en jeg vil jafnframt hækka það.

Hins vegar var ræða hæstv. forsrh. (SE) að mjer virtist nokkuð óskýr. Hann vildi vísa þessu frá sjer yfir á bankastjórnirnar, og má það kannske til sanns vegar færa að sumu leyti, því auðvitað á stjórnin að hafa æðsta yfirlit og yfirráð með þessu öllu. Annars skýrði hæstv. ráðherra í rauninni alls ekki það, sem hann hefði átt að skýra. Hann talaði alment um gengið, en vjek minna að hinu, sem þó hefði átt að vera þungamiðjan í hans ræðu, hvað hann sjálfur, eða stjórnin í heild, hefði gert til þess að halda genginu í hagkvæmu horfi. Mjer skildist það einnig á ummælum hans um Landsbankann, að sá banki hefði ekki viljað fallast á till. hæstv. fjármálaráðherra um nefndarskipunina. En jeg má fullyrða, að þetta er rangt. — Landsbankinn mun þvert á móti hafa gert einar þrjár tillögur um þetta mál til stjórnarinnar. Hitt er annað mál, að bankinn mun hafa viljað fá tryggingu fyrir því, að það yrði ekki látið henda oftar á miðju ári, að yfirfærslur stöðvuðust. Og síðan hefir Landsbankastjórnin sjálf gengist fyrir því, sem stjórnin vildi ekki gera, að kalla útgerðarmenn á fund til þess að kjósa nefnd til að athuga það, hvernig útflytjendur gætu betur „organiserað“ útflutning sinn.

Þá má líka geta þess, að Landsbankinn vildi láta festa lausu skuldirnar, en stjórnin telur sig eða taldi ekki hafa heimild til þess að taka lán í þessum tilgangi.

Um ræðu hv. þm. Ak. (MK) þarf jeg ekki að fjölyrða; hann var till. minni mjög mótfallinn, enda mun hann hafa aðrar till. að gera í þessu efni. Og þó við sjeum sammála um sum atriði, svo sem um skipulag útflutningsins, erum við það ekki að því er til innflutningshaftanna kemur, sem hann leggur aðaláhersluna á. — Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara ræðum þeim, sem um málið hafa verið fluttar.

Jakob Möller: Í sjálfu sjer hefi jeg lítið að segja, því ræðurnar, sem haldnar hafa verið frá því í gær, gefa ekki mikið tilefni til andsvara. Hæstv. forsrh. (SE) virtist vera nokkuð óskýr, og hallast þó helst að því að lokum, að bankaráðið ætti að hafa æðstu stjórn bankans, enda er það ekki annað en það, sem alment er viðurkent, og því óskiljanlegir útúrdúrar hans um þetta mál. Jeg vil í því sambandi aðeins segja

hæstv. forsrh. (SE) það, að ef hann, sem formaður bankaráðsins, ætlar sjer ekki að hafa á hendi þessa æðstu stjórn bankans, ætti hann alls ekki að vera að sitja í bankaráðinu. Það sem hann sagði um gengi krónunnar alment, var hins vegar svo í lausu lofti, að jeg þarf ekki að fjölyrða um það.

Hins vegar vil jeg leiðrjetta lítilsháttar misskilning milli okkar hv. 2. þm. Reykv. (JB). Þó það sje aðalatriðið fyrir mjer að stöðva gengið, er auðvitað ekki þar með sagt, að mjer sje sama um gengislækkunina síðustu. En munurinn er sá, að jeg skoða þetta aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, en gengið sje ekki raunverulega fallið fyrir langan tíma. Þegar meira berst að af gjaldeyri, þá hækkar gengið aftur og þá á að stöðva það. Og jeg legg meiri áherslu á þetta en að leiðrjetta strax augnabliks-hallann.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Aðeins örfá orð. Í umr. hjer hefir verið minst á tillögur, sem jeg hefði komið fram með um skipulag gjaldeyrisverslunarinnar. Það var í rauninni ekki því að kenna, að við værum ósammála, að ekki varð úr framkvæmdum þá. Og nú vil jeg aðeins geta þess, að væntanleg nefnd mun að sjálfsögðu geta athugað þessar tillögur líka, og mun jeg láta henni í tje allar upplýsingar, sem jeg get.

Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um fjármálastjórnina í sambandi við Íslandsbanka og gengissamninginn, skal þess eins getið, að stjórnskipulag bankans ætlar fjármálaráðherra ekkert sæti í stjórn hans, og þýðir því ekki að spyrja hann um þessi efni.

Sveinn Ólafsson: Umræðurnar um þessa till. til þál., sem hv. 2. þm. Reykv. (JB) hefir komið fram með, hafa farið nokkuð á víð og dreif og lent inn á helst til breiðar brautir. Finst mjer það benda til þess, að till. þessi sje þm. ekki nægilega kunn enn þá eða þeir búnir að átta sig á efni hennar. Býst jeg við, að forlög till. verði mjög tvísýn, ef hún verður afgreidd að svo stöddu. Og þar sem svo stendur á, að næsta mál á dagskrá er náskylt henni og efni þess þegar komið inn í umræðurnar, en úrslit till. mjög háð afdrifum þess, þá legg jeg það til, að frekari umr. um till. sje frestað og henni vísað til fjárhagsnefndar, en næsta mál tekið fyrir. Er þetta mál nú komið á þann rekspöl, að ekki er að vænta, að frekari umr. leiði til neinna æskilegra úrslita.

Forsætisráðherra (SE): Jeg get tekið undir það með þeim hv. þm., sem síðast talaði, að jeg efast um gagnsemi þeirra miklu umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Jeg skal því gera mitt til að lengja þær ekki að óþörfu, en verð þó að svara nokkrum orðum þeim ákúrum, sem nokkrir hv. þm. hafa beint að mjer.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) hefir aftur og aftur álasað stjórn og bankaráði fyrir að hafa ekki ákveðið gengi íslensku krónunnar. Jeg hefi tekið svo rækilega fram skoðun mína í því efni, að jeg nenni ekki að fara að endurtaka það alt enn á ný. Jeg hefi tekið það skýrt fram, að jeg telji það hvorki rjett nje ráðlegt, að bankaráðið fari að blanda sjer í daglega ákvörðun gengisins. Svo er það heldur ekki í Landsbankanum, að landsstjórnin ákveði gengið þar. Það eru bankastjórarnir, en ekki hún, sem eiga að ákveða gengið. Svo er það alstaðar

annarsstaðar. Auðvitað er það, að ef einhverjar sjerstakar óvenjulegar ráðstafanir þarf að gera til þess að halda genginu við, þá heyrir það undir bankaráðið.

Þá sagði hv. þm. (JB), að stjórnin hefði enn þá ekki gert neina grein fyrir afskiftum sínum af samningstilraunum milli bankanna í því skyni að halda genginu uppi. Jeg gerði grein fyrir öllu þessu í gærdag. Þar sagði jeg einmitt frá samningsuppkastinu, sem fjármálaráðherra stakk upp á. Gerði grein fyrir, að aðalkjarninn í því hefði verið sá, að sameiginleg nefnd, með einum bankastjóra frá hvorum banka og oddamanni frá stjórninni, skyldi sjá um gjaldeyrisverslunina, en hvor bankinn átti að skjóta inn um 60 þúsund pundum og þeim gjaldeyri, sem hann seinna fengi, en tapi af versluninni átti að skifta á milli landssjóðs og bankanna að einum þriðja hluta. Á seinasta augnabliki hvarf Landsbankinn frá þessu ráði, og fullyrðir einn af bankastjórum Íslandsbanka, að samningurinn hafi strandað á Landsbankanum, en Íslandsbanki hafi verið fús á að ganga að honum, og um það er mjer kunnugt.

Þá ámælti hv. þm. (JB) stjórninni fyrir að hafa ekki gert þær ráðstafanir, sem Landsbankinn hafi heimtað til að hækka gengi íslensku krónunnar. Þessu hefi jeg nú svarað áður, og þýðir ekki að endurtaka það.

Þá ásakaði hv. 2. þm. Reykv. (JB) stjórnina fyrir að hafa ekki hvatt útflytjendur á fund til að ræða um sölu afurðanna. Jeg get í því tilliti fullvissað hv. þm. um tvent: Fyrst það, að aldrei hefði komið til mála, að útflytjendur hefðu viljað láta stjórnina fá öll tögl og hagldir í því efni, og auk þess myndi stjórninni, þótt svo hefði farið, aldrei hafa dottið í hug að taka sölu afurðanna nú í sínar hendur.

Jeg veit, að það er þægilegt að hafa landsstjórn til að geta lagt allar syndir á hennar bak. En það verður þó að minsta kosti að færa einhver málamyndarök fyrir þeim tilraunum.

Hvað gat nú stjórnin gert meira í þessu máli en hún gerði? Hún reyndi að koma á samkomulagi með bönkunum, reyndi það á allan hátt og ætlaði að takast á hendur fjárhagslega ábyrgð í því skyni. Bankarnir gátu ekki bent á nein ráð, nema höftin, sem stjórnin gat ekki gengið að. Og setjum nú svo, að stjórnin hefði samþykt höftin og reynst svo sterk, að þingið hefði fallist á þær gerðir hennar. Þrátt fyrir það hefðu höftin ekki getað verkað strax og náð því markmiði, sem til var ætlast. Nei, sje litið á málið með nokkurri sanngirni, er ekki hægt að komast að annari niðurstöðu en að stjórnin hafi gert alt, sem hægt var, í þessu tilliti, en það var að reyna að fá bankana til að vinna saman. Það er þetta, sem er aðalatriðið í slíkum málum, að hafa bankastjórnir, sem reyna að finna saman þær leiðir, sem færar eru út úr slíkum torfærum, bankastjórnir, sem ekki vinna hver á móti annari, heldur styðja hver aðra.

Í fyrri svörum mínum til hv. 2. þm. Reykv. (JB) hefi jeg farið svo rækilega inn á gengisspursmálið, að jeg þarf í raun rjettri engu þar við að bæta.

Hv. þm. (JB) sagði, að skoðanir mínar þar væru gripnar úr lausu lofti. Sjerstaklega hneykslaðist hann á kenningu minni um það, að þegar krónan hækkaði, þá minkaði eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri, og öfugt. Jeg skal í tilefni af þessu enn taka fram, að í vor leit út

fyrir, að aflast myndi mikið hjer af fiski og hann verða í háu verði. Af þessu bjuggust menn við, að íslenska krónan myndi hækka með haustinu, og biðu því margir, sem skulduðu erlendis, með að yfirfæra fje sitt og borga skuldirnar, til þess að geta þar notið hagnaðar af gengishækkuninni. Þegar svo allar horfur urðu verri, þá flýttu allir sjer að yfirfæra og borga skuldirnar, af því að þeir hjeldu, að krónan mundi lækka enn þá meira, og vildu sem mest fara á mis við aukna lækkun. Þetta er algilt lögmál, sem viðskiftalífið hreyfir sig eftir, og mun það halda áfram að hreyfa sig eftir því, þótt hv. þm. (JB) hristi höfuðið. Og jeg fæ ekki skilið annað en öllum, sem nokkuð hafa fengist við verslun eða slík viðskifti, eigi að vera þetta auðskilið.

Annars skal jeg endurtaka það, að jeg er sammála hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um, að frekari umr. í þessu máli muni ekki bera neinn árangur að sinni.

Jón Þorláksson: Jeg skil það, að hv. deild muni nú vera orðin ærið þreytt á þessum umr., og skal því ekki vera langorður.

Jeg vil byrja með því að þakka hv. þm. Ak. (MK) fyrir skemtunina í gærdag, þegar hann var að reyna að hafa eftir mjer ummæli úr fyrri ræðu minni um þetta. Hann kvað mig hafa haldið því fram, að þessi gengissjúkdómur yrði til góðs, ef hann stæði nógu lengi. Að vísu hefi jeg aldrei sagt þetta, en í rauninni er það ekki svo lítil speki, sem hv. þm. (MK) hefir hjer lagt mjer í munn, því að það getur sannarlega svo farið, að þessi sjúkdómur verði til góðs, ef hann stendur nógu lengi til þess, að landsmenn læri af honum það, sem þeir þarfnast mest að læra í þessum efnum.

Jeg skal þá víkja lítið eitt að kenningu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) um lögmálið um framboð og eftirspurn. Hann kvað íslensku krónuna lækka þann tíma ársins, sem útflutningur er mestur, en hækka á öðrum tímum árs, eða þegar innflutningurinn er tiltölulega meiri en útflutningurinn, og í báðum tilfellum kveður hann landsmenn tapa á gengisbreytingunni. Jeg skal játa, að þetta er mjög áferðarfalleg kenning. En á henni er bara sá lítilmótlegi galli, að hún kemur ekki heim við reynsluna á þessu eina ári, sem liðið er síðan sjerstakt gengi á íslenskri krónu var viðurkent, árið 1922. Það sýnir alveg öfuga niðurstöðu við kenninguna. Allir vita, að útflutningur íslenskra afurða er mestur á haustin. Pundið hefði þá átt að falla á þeim tíma, en það skeði einmitt hið gagnstæða. Og ástæðan til þess er auðfundin. Hún er sú, að þeir voru helst til margir, sem trúðu á þessa kenningu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og ætluðu sjer að nota þá ímynduðu þekkingu sína til að græða á henni. Margir kaupmenn fengu sjer vörur að láni erlendis til haustsins og hugðust mundu borga þær lægra verði, er íslenska krónan hækkaði. Aðrir fengu eldri skuldir sínar framlengdar til þessa sama tíma, og niðurstaðan varð svo sú, að eftirspurn erlenda gjaldeyrisins varð einmitt mest á þessum tíma, svo að verðið á honum hækkaði, íslenska krónan lækkaði. Svona getur nú farið, þrátt fyrir alla áferðarfegurð þessarar kenningar hv. 1. þm. Reykv. (JakM).

Þá kom önnur kenning fram hjá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem var þess eðlis,

að mjer finst rjett að minnast lítið eitt á hana. Hún hljóðaði svo, að lággengi gjaldeyrisins í einu landi hafi í för með sjer verðfall innlendu vörunnar. Skírskotaði hv. þm. þar sjerstaklega til reynslu þjóðverja og svo einnig Norðmanna. En jeg verð þá að halda því fram, að alt öðruvísi standi á með þessar þjóðir en oss. Það, sem gerði, að þýskar vörur urðu svo ódýrar, var það, að þjóðverjar hjeldu sem stórþjóð fast við þá venju að selja vörur sínar gegn innlendum gjaldeyri. Þar sem nú oftast líður langur tími milli sölu og endurgreiðslu, en markið fjell óðfluga, þá varð sú raunin á, að kaupendur vörunnar fengu það talsvert ódýrara en á horfðist, er þeir keyptu vöruna, og hana þar af leiðandi líka. En með oss er alt öðru máli að gegna. Hjá oss er það ekki venja að selja vörur vorar í innlendum gjaldeyri, heldur erlendum, og hefir lággengi krónunnar því ekki þessi áhrif hjá oss. Jeg skal hjer benda á það dæmi, þar sem leiðin á markaðinn er styst hjá oss. Það er ísfiskssalan. Það skal enginn telja mjer trú um, að vjer fáum færri sterlingspund fyrir hann, þótt pundið sje í kr. 28,50 en þótt það sje aðeins í 26 krónum. Hvað gengi hins erlenda gjaldeyris er hjer, hefir ekkert að segja í því tilliti. Sama á sjer stað um allar þær vörur hjá oss, sem seldar eru gegn erlendum gjaldeyri, en það eru flestar okkar afurðir. Þó skal jeg ekki neita því, að það geti komið fyrir, að lággengið geti haft nokkur áhrif í þessu tilliti. Það ljettir undir með framleiðendum og gerir þá færari um, ef þörf krefur, að lækka verð afurðanna. Ef t. d. togari þarf að nota helming aflafjár síns til erlends kostnaðar, en hinn helminginn til þess innlenda kostnaðar, þá verður hann ólíkt betur settur með hærri krónutölu fyrir þann helming andvirðisins, sem hann flytur heim, ef krónan stendur lágt. Setjum svo, að 500 pund af 1000 pundum fari í erlendan kostnað. Það munar þá ekki svo litlu, hvort hlutaðeigandi togari fær kr. 28,50 fyrir hvert af þeim 500 pundum, sem eftir eru, eða aðeins 26 krónur. Á þessum mismun getur það oltið, hvort kleift er að halda útgerðinni áfram.

Svona er nú þessu farið. Það er viðurkent um allan heim sem sameiginlegt fyrirbrigði, að í lággengislöndunum eru atvinnuvegirnir í fullu fjöri og næg atvinna, en í hágengislöndunum aftur á móti megnt atvinnuleysi og vandræði að koma vörunum út á erlendum mörkuðum. Þótt lággengið orsaki lægra vöruverð, er alls ekki sagt, að það valdi framleiðslunni nokkru tjóni, heldur þvert á móti. Varan verður þá oftast eftirsóttari, en af því leiðir, að meira er framleitt, og getur þetta á þann hátt orðið til stórhags fyrir það þjóðfjelag og hjálpað til að bola keppinautana frá á erlendum mörkuðum. (**JakM**: Það getur nú líklega stundum orðið skammgóður vermir). Það er annað mál. Og til þess að afstaða mín hjer verði ekki misskilin, skal jeg einmitt fara nánar út í þetta.

Það má ekki vísvitandi halda verði erlends gjaldeyris lægra en hann er í raun og veru.

Mjer skildist, að hv. samþm. minn, 1. þm. Reykv. (JakM), segði, að bankaráð Íslandsbanka hefði beitt áhrifum sínum í þá átt í síðastliðnum septembermánuði, að verðið á sterlingspundinu hækkaði ekki í bankanum. Ef það hefir verið skakt skilið, þá óska jeg, að hann leiðrjetti það strax. Fyrst hann leiðrjettir

það ekki, álít jeg það rjett skilið. Jeg áfelli engan fyrir það, sem gert var; ný fyrirbrigði sjást ekki fyrirfram. Það gat verið rjett að reyna að stöðva gengið, hefði það tekist. En eftir á má sjá, og er rjett að benda á til varnaðar, að það var rangt að halda pundsverðinu niðri með þvingun þann tímann, sem sala haustafurðanna stóð yfir, en hækka það svo á eftir. Það hefir í för með sjer, að framleiðendur útfluttu vörunnar eru sviftir nokkrum hluta af sínu vöruverði. Má benda á dæmið, sem hv. þm. (MK) tók af Sambandi íslenskra samvinnufjelaga, er úthlutar bændum sínu vöruverði með gengishagnaði. Þeir nota nú nokkurn hluta af gjaldeyrinum til vörukaupa erlendis, og sá hluti kemur hjer ekki til greina. En nokkur hluti mun hafa gengið til bankanna hjer, og því fengist fyrir sterlingspund kr. 25, 50, ef bankinn tekur 50 aura í kostnað.

En þeir áttu rjett á að fá hærra, líklega 28 kr., eftir því sem nú er á daginn komið. Þau afföll, sem af þessari ástæðu koma fram, verða ekki landsmönnum til nota, eins og jeg lýsti í gær; þau koma ekki fram í lækkuðu vöruverði, og lenda stundum beinlínis í braskarahöndum, eins og t. d. átti sjer stað um þá menn, sem keyptu pundin í bankanum fyrir lága verðið og seldu þau pósthúsinu fyrir hærra verð. Jeg hefi bent á þetta, af því að jeg veit ekki til, að frá því hafi verið skýrt opinberlega áður, og ekki til þess sjerstaklega að ámæla bankaráðinu fyrir gerða ráðstöfun, heldur til aðvörunar framvegis um það, að láta framleiðendur og útflytjendur fá sannvirði fyrir gjaldeyri sinn. En jeg er samdóma hv. þm. (JakM) um, að stefna beri að stöðvun gengisins. Öll skandinavísku löndin gera sjer enn þá von um að geta komið peningum sínum í „pari"; jeg fylgist með straumnum og vona, að við getum þetta líka. Eins og gengislækkunin örvar framleiðsluna og atvinnulífið, þá er á hinn bóginn hækkun gengisins sú erfiðasta braut, sem nokkur þjóð getur gengið. Má t. d. benda á, hvað það kostar Englendinga. Merkir fjármálamenn þar halda því fram, að þjóðin þoli ekki hækkunina eins öra og hún nú er, af því að það geri framleiðslu þjóðarinnar svo erfitt fyrir. Þessir erfiðleikar eru vitanlega mjög sterk hvöt til þess að halda sem mest í hemilinn á gengislækkuninni.

Læt jeg svo útrætt um þetta að sinni. Jeg hefi ekki mikið að athuga við ræðu hv. samþm. míns, 2. þm. Reykv. (JB). Hann viðurkendi, að atvinnurekendum væri hægra að greiða vexti og afborganir af stofnfjenu, ef gengismunurinn kæmi fram, en spurði, hvort það gerðist ekki á kostnað annara landsmanna. Jú, vitanlega kemur það fram á kostnað þeirra, sem eiga sparifje; eign þeirra lækkar eftir sama hlutfalli, og má það því skoðast sem skattur á eignamönnunum, lagður á til hagsmuna fyrir framleiðendur. Jeg tel varhugaverðast, að þær gengislækkanir, sem koma fram, fái ekki að njóta sín, og verst, ef það rjetta kemur ekki í ljós. Það lægi máske nær að minnast á orsakir gengislækkunarinnar en afleiðingar, þegar rætt er um tillögur til lagfæringar á genginu. Þá er það eitt stórt atriði, sem ekki má gleyma, sem mestu ræður um gengið, en það er verðlag innanlands á innlendum vörum. Sje það af einhverjum ástæðum óhæfilega hátt, þá eru peningarnir verðlitlir. Nú er það svo að segja einungis ein vöruteg-

und, sem verslað er með innanlands hjá oss í stórum stíl, og það er vinnan. Milli gengismunar og vinnulauna er samband til samræmis því tvennu. Svo að þegar sterlingspundið lækkaði um 10%, hefir kaupið verið lækkað sem samsvarar þeim 10%. Jeg segi ekkert um, hvort það hafi verið rjettmætt eða ekki, en það hefir skeð á þennan hátt. En þetta er handhæg og kostnaðarlítil aðferð til kauplækkunar. Aðrar leiðir, svo sem verkbönn og stríð, eru kostnaðarsamar fyrir heildina. Það má ekki loka augunum fyrir því, að gengislækkunin hefir gert það að kostnaðarlausu, án þess að fella niður vinnu, hvort sem lækkunin var rjettmæt eða ekki.

Svo jeg snúi mjer að því, sem sagt hefir verið um afstöðu bankanna til þessa máls, þá þótti mjer bresta á hjá landsstjórninni, að hún hefir enn ekki gefið glögga skýrslu um það, sem gerst hefir. Það er ekkert leyndarmál; getur verið til hins lakara að dylja það að óþörfu, en gott að fá það skýrt. Jeg gæti að vísu gert það; hefi útvegað mjer gögn til þess, en slæ því á frest, af því að hv. deild er farin að þreytast á umræðunum. Þó vil jeg gera dálitla leiðrjettingu á því, sem jeg sagði í gær um verðið á sterlingspundunum. Þau hafa hækkað móts við gull um 10% á árinu 1922. Kr. 28,50 fyrir sterlingspund nú samsvara því kr. 26 í ársbyrjun 1922. En þá var gengi íslenskrar krónu 27 fyrir sterlingspund, svo að raunverulega hefir íslenska krónan hækkað á árinu 1922, en ekki lækkað.

Jakob Möller: Það var aðeins lítil athugasemd til að svara hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann spurði, hvort jeg hefði sagt, að bankaráð Íslandsbanka hefði beitt áhrifum sínum til þess að koma í veg fyrir, að gengið á sterlingspundinu hækkaði í september síðastl. Já, þetta var rjett skilið, og fæ jeg þá ástæðu til að gera nánari grein fyrir, hvernig á því stóð, og verður það þá um leið skýring á gengissveiflum á árinu 1922. Eftir tillögu frá viðskiftamálanefnd síðasta þings, að gerðar væru tilraunir til að koma á jafngengi, semja um lausaskuldir og afla bankanum lánstrausts, þá var einn bankastjóri Íslandsbanka einmitt farinn til útlanda í þeim erindum. Á meðan hann var í ferðalagi sínu erlendis, þótti bankaráðinu viðurhlutamikið að gera breytingar á genginu. Vildi heldur bíða og sjá, hvað ynnist, samkvæmt vilja þingsins. Árangurinn af ferð bankastjórans varð sá, að að vísu fekst nokkurt viðskiftalán, sem telja má nægilegt til árlegra þarfa, en ekki til þess að festa lausaskuldirnar.

Jeg get fyrir hönd bankaráðsins forsvarað gerðir þess í septembermánuði, enda var það þá alt sammála. En jeg vil ekki forsvara gerðir þess síðan, enda hefir verið ágreiningur um þær. En út af kenningunni um sveiflur á genginu, þá segir hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að erlendi gjaldeyririnn hafi hækkað í verði um aðalsölutímann, þegar mest var framboðið af honum. Jeg hugsa, að hann sje svo skýr og rökfastur fylgismaður frjálsrar samkepni, að hann viti, að þegar framboðið eykst, þá fellur varan í verði. **(JÞ:** Ekki ef eftirspurnin er meiri). Nei, vissulega, en það var ekki mín kenning, sem hann var að andæfa, því að andmæli hans bygðust á því, að aðalsölutími afurðanna hafi síðastliðið ár verið haustmánuðina, en þá hafi framboðið verið minna á erlendum gjaldeyri en eftirspurnin. En við

þetta er það að athuga, að undirstaðan er röng. Aðalsölutími afurðanna var fyrri hluta sumarsins, fram í júlí og ágúst. Þá var framboð erlenda gjaldeyrisins mest, og því fjell gjaldeyririnn þá. Í september og október brást fisksalan og þá hækkaði gengi erlendra peninga. Þetta dauða tímabil kom fyr 1922 en áður. Sala landbúnaðarafurðanna fer að vísu fram á haustin, en dregst fram eftir vetri, og mun t. d. jafnvel eitthvað óselt enn af kjötinu.

Þessi kenning mín um framboð og eftirspurn er alviðurkend sem grundvöllur frjálsrar samkepni og stendur óhrakin af ummælum hv. samþm. míns (JÞ).

Þá kem jeg að því, sem hv. þm. (JÞ) mintist á, að lággengi krónunnar verkaði ekki lækkandi á verð afurðanna hjer á landi, af því að afurðirnar væru seldar við erlendum gjaldeyri. Þetta er rjett um ísfiskinn, sem hann og tók sjerstaklega til dæmis, en það er svo lítill hluti af heildinni, að það hefir svo að segja enga þýðingu. Og saltfiskurinn, sem er yfirgnæfandi hluti íslenskrar vöru á heimsmarkaðinum, er að mestu leyti seldur við íslenskum krónum. Ályktun hv. þm. (JÞ) er því ekki rjett, að því er snertir meiri hluta innlendu varanna. Þetta vita allir, og hefir því og áður verið haldið fram hjer af þm. V.-Ísf. (ÓP), samkv. Alþingistíðindum.

Hv. sami þm. (JÞ) kom og inn á það í gær með dæmi, sem hann tók til meðmæla lággenginu, er hann áleit, að það gæti borgað sig að fella gjaldeyrisvöruna í verði til þess að vinna markaðinn. Þetta er hættuleg svikamylna; ef til vill yrði augnablikshagur að því, en síðar vinnur það á móti sjálfu sjer. Ljett verk er að fella vöruverðið, en ekki auðvelt að koma því upp aftur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að lengja umræðurnar meira. Við erum sammála um hlutfallið milli vinnulauna og gengisins. Það er eitt af því nauðsynlegasta, að koma vinnulaununum í samræmi við verðlagið. En í sambandi við það vil jeg að lokum biðja hv. þm. (JÞ) og aðra, sem verja lággengi, að athuga, hve óvissan um gengið er varhugaverð vegna kaupsamninga. Togstreita um kauphækkun og lækkun vofir yfir meðan gengið er ekki fest.

Forseti (BSv): Það hefir komið fram tillaga um að fresta þessari umræðu og vísa málinu til fjárhagsnefndar, og verður sú tillaga borin undir atkv.

ATKVGR.

Till. vísað til fjárhagsnefndar með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. — Till. var því ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

2. Sjómælingar.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. mars, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um sjómælingar (A. 71).

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 8. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 16. og 17. fundi í Nd., dagana 9. og 10. mars, var till. tekin til f y r r i u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var till. enn tekin til f y r r i u m r. (A. 71, 124).

Afbrigði um vatill. 124, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þessi till. er ekki nýr gestur hjer á þingi; var hún flutt hjer bæði á þinginu 1914 og því síðasta, en jeg tók hana þá aftur sökum þess, að hæstv. atvrh. tók þá vel í málið og kvaðst mundu gera það sem hægt væri í málinu, þótt engin till. yrði samþykt. Nú hefir enn ekki orðið úr framkvæmdum, og því er nú þessi till. flutt enn á ný, eftir ósk skipstjórafjelagsins „Bylgjan" á Ísafirði.

Svo hagar til, að norðan Horns til Reykjarfjarðar er fiskiauðugt mjög. Stunda þar smærri vjelbátar fiski, en mjög er þar skerjótt og ilt athafna, nema fyrir nákunnuga.

Skelli á norðanveður, eru næstu hafnir á Ingólfsfirði og Hólmavík, en ef Þaralátursfjörður væri mældur upp, yrði þar einhver öruggasta höfn á landinu. Hefir oft orðið tjón af því að leið þessi hefir ekki verið mæld; má minna á slysin 1898 og 1901.

Vænti jeg, að hæstv. atvrh. athugi þetta og gefi upplýsingar um, hvað gert hefir verið í málinu.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Ef hv. flm. (JAJ) hefði komið til mín á embættisskrifstofu mína, hefði hann getað fengið fullnægjandi upplýsingar um þetta og þáltill. þá orðið óþörf. En jeg er honum samt þakklátur fyrir að hafa komið með hana, því að það gefur mjer tilefni til að skýra frá, hvað jeg hefi gert í málinu.

Undir þinglokin í fyrra kom fram í sameinuðu þingi samskonar till. og þessi frá þessum hv. þm. (JAJ), og auk þess önnur till. frá hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) og 3. þm. Reykv. (JÞ), um að mæld yrði skipaleiðin meðfram Vatnsnesi inn á Hvammstanga. Einnig kom till. frá hv. þm. Str. (MP), um mælingu skipaleiðar á Bjarnarfirði og Kollafirði. Þessar tillögur komu aldrei til umræðu, því jeg ljet þess getið við flutningsmenn þeirra, að jeg mundi gera það, sem hægt væri í málinu, þótt ekki gengju þær lengra.

Þá kom einnig áskorun frá bæjarfógetanum hjer í Reykjavík um að mæla svokallaðan Kötlutanga. Hefir hann myndast við gos úr Kötlu og valdið mjög miklum breytingum þar eystra. Hafa skipströnd orðið vegna þessa, og meðal annars komið kvartanir frá Þýskalandi um, að sjómælingarnar þar væru ekki svo nákvæmar sem skyldi.

Í fimta lagi kom beiðni um það að austan, að mælingar væru gerðar við Hallgeirsey,sjerstaklega viðvíkjandi innsiglingu og skipalægi þar. Um öll þessi atriði talaði jeg við foringjann á varðskipinu, og tók hann vel í málið, sjerstaklega hvað viðkom mælingum við Kötlutanga. En svo atvikaðist, að honum varð þetta ekki mögulegt, því að skipið varð að fara til Grænlands og kom ekki þaðan fyr en í byrjun síldveiðitímans. Tilkynti hann mjer það

með brjefi 1. júní, að hann gæti ekki mælt Kötlutanga á því sumri. Síðan skrifaði hann flotamálastjórninni dönsku um þetta, og einnig skrifaði jeg samtímis sendiherra vorum í Khöfn og bað hann að fá áætlanir hjá flotamálastjórninni um verkið, og helst að fá hana til að framkvæma það. Flotamálastjórnin svaraði 14. ágúst og kvað varðskipið ekki geta gert þetta í ár, en á næsta ári mundi mega framkvæma allar nefndar mælingar, er nánari áætlanir væru gerðar. Jafnframt getur hún þess, að skipið þór muni vera hentugt til þess að framkvæma þessar mælingar. Hún bauðst til að gera áætlanir, og komu þær hingað með brjefi sendiherra 3. febr. þ.á., en þá voru fjárlögin fyrir löngu tilbúin, en fjáraukalög lágu engin fyrir, svo að um enga fjárveitingu til þessa var að ræða.

Plögg þessi hefi jeg afhent öll til hv. sjávarútvegsnefndar, og vil jeg nú víkja nánar að einstökum atriðum.

Um þaraláturstjörð segir flotamálastjórnin, að ekki nægi, að mælt sje við Hornstrandir, heldur þurfi að mæla alt út á svokallaðan Strandabreka. Þetta segir hún að megi gera á 16 dögum, ef veður sje gott, en sökum þess, að þar sje mjög stormasamt, megi tæplega gera ráð fyrir styttri tíma en 48 dögum. Jafnframt getur hún þess, að mælingar þessar geti skipið þór vel gert með aðstoð tveggja mótorbáta.

Að mæla Kollafjörð og Bjarnarfjörð telur hún 10 daga verk og sjóleiðina meðfram Vatnsnesi til Hvammstanga 6—8 daga.

Kötlutanga segir hún, að varðskipið skuli mæla á næsta sumri, og er því ekki meira um það að tala.

Um Hallgeirsey segir hún, að enga áætlun sje þar hægt að gera, því að kortið sje svo ónákvæmt og henni staðurinn ekki svo kunnugur.

Fyrstu 3 mælingarnar telur hún, að muni kosta um 60 þús. kr.; þar í ekki talið kaup þeirra manna, er hún leggur sjálf til, og ekki er heldur talinn þar kostnaður við verkfæralán, er Orlogsværftet leggur til. Þetta hvorttveggja er ókeypis. Þessar mælingar álítur hún og, eins og jeg fyr sagði, að þór geti framkvæmt á 2½ mánuði með aðstoð tveggja mótorbáta.

Ef þessar 60 þús. kr. eru til taks, má því strax framkvæma þetta, en spurningin er bara, hvort þingið vill veita fjeð. En mitt álit er það, að þetta megi betur bíða heldur en margt annað, sjerstaklega margir símarnir, sem hin mesta þörf er á. Mundi jeg ekki hafa sett þetta í fjáraukalagafrv., þótt um það hefði verið að ræða, því jeg tel margt annað nauðsynlegra.

Jeg held því, að þáltill. sje nú orðin óþörf, að minsta kosti í þessu formi; ef henni verður haldið áfram, þyrfti hún að miða til þess að heimila stjórninni að verja fje til þessara mælinga.

Annars liggja öll skjöl þessu viðvíkjandi hjá hv. sjávarútvegsnefnd, og vísa jeg til þeirra.

Þórarinn Jónsson: Mjer var ókunnugt um framkvæmdir hæstv. atvrh. í þessu máli og hefði ekki komið fram með till., ef jeg hefði vitað um þær. Þrátt fyrir það vil jeg þó sýna, að það, sem brtt. mín fer fram á, hefir mikla þýðingu fyrir siglingar kringum landið. Á þinginu í fyrra bárum við hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fram þessa till., eftir tilmælum skipstjórans á Goðafossi.

Til þess að komast inn á Miðfjörð,

þegar komið er austan fyrir, þarf að sigla vestur undir Grímsey við Steingrímsfjörð, og það verður þó heldur ekki komist inn á Miðfjörð nema í fjallabjörtu, svo að sjáist til miða í landi. Þetta tekur strandferðaskipin um 2 tíma siglingu, hjá því sem að komast inn með Vatnsnesinu vestanverðu; en sú leið hefir ekki verið mæld upp og er talin skerjótt. Og eins er það, þegar þokur liggja á flóanum, er það venjulega vestan til á honum, meðfram Ströndum. T. d. lá Goðafoss í 3 daga teptur fyrir þoku 1921, og sást þá altaf austan frá við þokubrúnina. Alla þessa daga hefði hann komist austari leiðina, hefði hún verið mæld upp.

Þetta hefir mikil áhrif á allar samgöngur, tefur skipin og eykur farþegum mjög óþægindi. En vegna þess kostnaðar, sem hæstv. atvrh. sagði, að þessar mælingar hefðu í för með sjer, vil jeg ekki ýta undir framkvæmdir að sinni. Aðeins vil jeg taka það fram, að allir skipstjórar, sem þarna þekkja til, álíta þessa skipaleið vel færa, og væri því til stórra bóta, að hún yrði mæld upp. Mætti líka framkvæma þetta á fleiri árum. Byrja þar, sem þörfin væri mest og ódýrara væri, eins og mun vera ástæðan með þessa mælingu.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vil þakka hæstv. atvrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið í þessu máli, og vil taka undir það með hv. flm. brtt. (ÞórJ), að mig óar við þeim kostnaði, sem mælingar þessara skipaleiða hafa í för með sjer. Jeg vil þó taka það fram, að það missist árlega mikill afli vegna þess, að siglingaleiðir eru þarna ómældar og skip geta eigi stundað veiðar um þessar slóðir. Það kom fyrir árin 1901 og 1908, að skip gátu ekki komist inn á Þaralátursfjörð, og hlektist á báðum, þó að eigi hlytist manntjón af.

Jeg endurtek það, að hjer er árlega um mikið aflatap að ræða; en vegna fram kominna upplýsinga tel jeg, að framkvæmdum megi fresta.

Gunnar Sigurðsson: Það kom fram í upplýsingum þeim, sem hæstv. atvrh. gaf um rannsókn þeirra sævarsviða, er hann gat um, að þeir, sem upplýsingarnar gáfu, þektu nauðalítið eða helst ekki Hallgeirsey við Landeyjasand. Þetta sýnir það, hvað nauðsynlegt er að rannsaka þetta svæði, einkum þegar tillit er tekið til þess, að hjer er um þá einu alhafnlausu sýslu landsins að ræða. Nú er þó svo komið, að auk mótorbáta og smábáta koma þarna öðruhvoru stórskip. Allir hljóta að skilja, hve erfitt muni ganga að fá skip til að koma þarna við, þar sem svæði þetta er ómælt og ókunnugt um dýpi og grynningar við sandinn. Jeg verð nú, eins og aðrir, sem hlut eiga hjer að máli, að sætta mig við það, með tilliti til kostnaðarins, að frestun verði á rannsókn, en hins vænti jeg, að rannsóknar á sævarsviðinu hjá Hallgeirsey verði ekki langt að bíða og sitji fyrir öðru. Einkum lægi þetta vel við, ef „Þór" framkvæmdi verkið, eins og hæstv. atvrh. taldi, að ráðlegt þætti, þar sem svæði þetta er alveg undir handarjaðrinum á Vestmannaeyjum og „Þór" er þar skrásettur og hefir aðalstrandvarnirnar þar. Jeg vildi því óska, að stjórnin sæi sjer fært að láta framkvæma þessa rannsókn við Hallgeirsey sem allra fyrst.

ATKVGR.

Till. vísað til samgöngumálanefndar með 19 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. — Till. var því ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

3. Setning og veiting læknisembætta.

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, og á 37. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Tillögu til þingsályktunar um setningu og veitingu læknisembætta (A. 300).

Á 2. fundi í Sþ., fimtudaginn 12. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 16. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 300, 361).

Afbrigði um vatill. 361, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi borið fram tillögu á þskj. 300 ásamt með hv. 5. landsk. þm. (JJ). Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um, hvað í till. felst, en nái hún fram að ganga, ætlast jeg til, að hæstv. stjórn taki tillit til hennar, eftir því sem við verður komið. Aðaltilgangur till. og vatill. á þskj. 361 er að koma í veg fyrir, ef kostur er, að þeir læknar sjeu settir eða skipaðir í embætti, sem hlutaðeigandi hjeraðsbúum er þvert um geð að taka við. Það er ekki að ástæðulausu, að einmitt jeg er flm. slíkrar till., því vitanlegt er, að nú á næstunni verða skipaðir læknar í tveim hjeruðum í mínu kjördæmi, og stendur mjer ekki á sama, hvernig menn hljóta þau embætti.

Till. þessi hefir sætt allhörðum dómum, og finst mjer undraverð sú dirfska og fáviska að halda því fram, að með henni sje farið fram á, að læknar skuli kosnir, svo jeg leyfi mjer að hafa sömu ummæli um andmæli þau, sem tillagan hefir sætt, og andmælendur hafa haft um till. Meina jeg hjer prófessor Guðmund Hannesson. Verð jeg að mótmæla þessum skilningi, enda hefir okkur flm. ekki komið slíkt til hugar. Eru og til ákveðin lagafyrirmæli um, að veitingarvaldið sje hjá konungi í þessu efni.

Tilgangurinn með till. er sá, að fá álit hins háa Alþingis um, hvort ekki væri rjett, ef óskir kæmu frá hjeraðsbúum, að taka tillit til þeirra, þegar um veitingu læknisembætta er að ræða. Jafnaðarlega munu engar óskir fram koma í þessa átt, en komi þær fram, er rjettmætt, að þær sjeu teknar til greina og ekki þrengt þeim mönnum upp á hjeraðsbúa, sem þeir vilja ekkert hafa með að gera. Gengur dirfsku næst að halda því fram, að það sje ósanngjörn krafa, að hjeraðsbúar fái íhlutunarrjett um það, hverjir verði læknar þeirra, sem þeir framvegis eiga að búa við og eiga oft svo mikið undir. Athugandi er, að hjer er aðeins um íhlutunarrjett að

ræða; stjórnin verður ekki skyld að fara að óskum hjeraðsbúa, þó að till. verði samþykt, fremur en áður. En ekki er það á rjettlætis- eða sanngirnisgrundvelli bygt, ef hið háa Alþingi sjer sjer ekki fært að samþykkja till.

Þessi till. hefir komið því til leiðar, að brjef hefir borist til þingsins frá Guðmundi prófessor Hannessyni f. h. Læknafjelags Íslands. Jeg fæ ekki skilið, hvað fjelag þetta getur haft út á till. að setja. Þó að vitanlegt sje, að sá embættismannahringur sje fast tengdur saman að ýmsu leyti, gat jeg ekki búist við, að viðkomandi embættismenn teldu gengið á hluta sinn með þessari till., og þar af leiðandi teldu þess enga þörf að hreyfa mótmælum hvað þetta snertir.

Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að taka til athugunar nokkur atriði brjefsins. Þar stendur meðal annars:

„Vjer göngum að því vísu, að tillögumönnunum gangi það til að tryggja hjeruðunum betri lækna en nú gerist. Hversu hjeraðsbúar eiga að geta dæmt um læknishæfileika manna, sem þeir venjulega þekkja lítið eða ekki, er oss óskiljanlegt. Þeim hefir tekist misjafnlega og oft illa að velja presta sína, og miklu erfiðara er fyrir þá að velja lækni".

Að vísu er mjög skiljanlegt, að landlæknir í flestum tilfellum geti best dæmt um umsækjendur, og er víst viðurkent að alment hafi menn verið ánægðir með skipun læknisembætta undanfarið. Óánægja hefir ekki átt sjer stað nema í slíkum tilfellum, sem jeg hefi á minst, þegar hjeraðsbúar hafa mælt með öðrum en embættið hlaut.

Menn rekur minni til, að nýlega var skipað í læknisembætti, einmitt í tíð Guðmundar Hannessonar sem setts landlæknis. Umsækjendur voru nokkrir og kom til kasta landlæknis að „instilla" einhvern. En niðurstaðan varð sú, að hann treysti sjer ekki að gera upp á milli umsækjenda, og hafði stjórnin því óbundnar hendur. Vitanlega kom þetta af því, að allir voru svo góðir.

Vitanlega getur brugðið til beggja vona með íhlutunarrjett hjeraðsbúa, en jeg verð að halda því fram, að þó að ábendingar frá þeim kynnu að mistakast, þá eiga þeir þó altaf mest á hættu sjálfir, þar sem það kemur niður á þeim, ef valið mishepnast. Þar af leiðandi er þeim óhægra en annars að vera óánægðir með viðkomandi embættismann.

Mistök hafa átt sjer stað við val presta — það er mikið rjett —, en mjer er spurn: Hvar og á hvaða sviðum mannlífsins eru ekki mistök? Mistök hafa komið fyrir í vali embættismanna í flestum stjettum, jafnvel prófessora.

Þá segir þessi sami heiðursmaður, að reynslan hafi sýnt, að hjeraðsbúar kysu helst unga menn sem lækna. Jeg vildi spyrja, hvaðan honum kæmi þessi vitneskja. Mjer vitanlega hafa hjeraðsbúar að jafnaði ekki verið spurðir til ráða, þá er þeim hefir verið fenginn nýr læknir. Annars sje jeg ekkert að því, þó að t. d. hin afskektari hjeruð kysu einkum unga menn og hæfari til ferðalaga.

Að gera ráð fyrir, að gripið verði til undirróðurs, eins og brjefritarinn gerir, er óhæfilegt, og furðar mig á, að svo mætur maður skuli skjalfesta slíka yfirlýsingu. Þá gerir sami heiðursmaður ráð fyrir, að oft yrðu það lökustu og ófyrirleitnustu læknarnir, sem notuðu þetta ráð, og oft með góðum árangri. Hjer slær hann föstu, að ófyrirleitni gangi best í alþýðu manna. En jeg þekki alþýðumenn svo vel, að jeg þori að full-

yrða, að þessi óskaplega spá mun ekki rætast. Jeg vil leggja áherslu á, að jeg tel víst, að hjeraðsbúar muni ekki hefja andblástur gegn læknum, sem þeir gætu ekki sýnt fram á með rökum, að væru óhæfir. Mjer er ekki kunnugt um, að menn sjeu yfirleitt gjarnir á að traðka rjetti einstaklinga að ófyrirsynju, en svo er gert, ef ráðist er á valinkunna heiðursmenn, sem ekkert er út á að setja. Svo virðist, sem brjefritari slái því föstu, að till. fari fram á kosningu lækna, en, eins og jeg hefi áður tekið fram, er það rangur skilningur á till., og er þar með hnekt þeirri mótbáru hans, að till. geti leitt til þess, að óhæfara yrði fyrir lækna í lakari embættum að skifta um.

Þá getur hv. brjefritari þess, að ef till. yrði samþykt, myndi opnast leið fyrir menn að komast í embætti með tilstyrk frænda sinna. Vil jeg mótmæla að á þessu sje hætta. En í þessu sambandi vildi jeg spyrja, hvort menn viti þess ekki dæmi, að veitingar embætta hafi farið eftir frændstyrk, eða þá eftir því, hvort viðkomandi hafi verið vel sjeður á hinum svokölluðu hærri stöðum. Þyrfti sennilega ekki að fara í grafgötur eftir svo sem einu eða tveimur dæmum, eða jafnvel fleirum. Það er langt frá því, að jeg telji framfarir að sem flestum kosningum, eins og brjefritari getur til. Hjer er um engar kosningar að ræða — og framfarir tel jeg, að íhlutunarrjettur þeirra, sem mest eiga á hættu við skipun embætta, yrði ekki algerlega fótum troðinn. Þá heldur brjefritari því fram, að ef kjósa eigi hjeraðslækni í Reykjavík, þurfi að skipa nýjan prófessor við háskólann. Þessa klausu skil jeg ekki og fæ ekki sjeð, að hún standi í nokkru sambandi við till. Má því sannarlega segja um þetta atriði, og reyndar fleiri í brjefinu, að þau sjeu reglulega vanhugsuð, og gegnir furðu, að þau skuli koma úr þessari átt.

Í niðurlagi brjefsins segir, að hjú og verkamenn sjeu spurð ráða um kjör sín og kaup, þegar þau eru ráðin. Hjer er enn ólíku saman að jafna, og er óþarfi að slá því fram, að nái till. fram að ganga, megi bjóða læknum þá kosti, er þeir vilji ekki ganga að. Hefir mjer vitanlega slík óhæfa engum til hugar komið, og enda hvergi hægt að sjá slíkt af till. Aðaltilgangurinn með till. er sá, að ef mistök yrðu á skipun í læknisembætti, þá væri hjeraðsbúum heimilt að bera fram óskir sínar við stjórnina og hún tæki rökstuddar tillögur þeirra til greina. Býst jeg við, að hjer á landi sjeu í embættum margir þeir menn, sem brýn nauðsyn bæri til að víkja frá, ef hag einstaklinga og þjóðarinnar á að vera sæmilega borgið.

„Þeir eru nú ekki margir", segir einn hv. þm. En ef dæmi finnast, má vitna til þeirra. Og spá mín er, að þess verði ekki langt að bíða, að hjeraðsbúar fái heimild til að reka af höndum sjer óhæfa embættismenn, sem jeg leyfi mjer að fullyrða, að eru þó nokkuð margir. En það má með sanni segja, að það er ekki svo hart á því tekið, þó að embættismenn sjeu ekki einu sinni óhæfir, heldur skaðlegir sem slíkir.

Jeg hefi nú gert grein fyrir, hvað fyrir okkur vakir með þessari þáltill., og fer ekki frekari orðum um hana að sinni, nema jeg verði neyddur til að koma inn á atriði, sem jeg kæri mig ógjarnan um að minnast á. Jeg tel ósanngjarnt og óviðeigandi, að till. sje

talin móðgun við nokkurn. Hún á að tryggja, eftir því sem föng eru á, að hjeruðin þurfi ekki að taka við þeim læknum, sem þau kæra sig ekkert um. Hjer er aðeins um tillögurjett að ræða, sem stjórnin gæti að vísu haft að engu, en sem í langflestum tilfellum yrði ekki notaður.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla ekki að fara inn á það, hvort heppilegra er að læknar sjeu kosnir eða skipaðir. Nú eru þeir skipaðir af konungi, en áður er jafnan leitað umsagnar landlæknis. Lögum er ekki hægt að breyta með þingsályktunartillögu, og get jeg því ekki tekið þessa þáltill. til greina, þótt hún verði samþykt, og því get jeg ekki heldur greitt atkvæði með henni. Ef þingið vill, að læknar sjeu kosnir, þá verður að samþykkja lög í því efni.

Magnús Pjetursson: Það virðist vera óþarfi að tala um þessa tillögu, þegar stjórnin er búin að lýsa því yfir, að hún taki hana ekki til greina, þó að hún verði samþykt. En þetta er í rauninni svo alvarlegt mál, að þörf er að athuga það frekar.

Þetta mál er enginn nýr gestur hjer á Alþingi, því að 1917 var borið fram frumvarp, er gekk í svipaða átt og þessi tillaga, og er tilgangurinn alveg hinn sami eins og fara ætti að kjósa hjeraðslækna, þó að hv. flm. (HK) vilji reyna að smeygja tillögunni í gegn með því yfirskyni, að hún sje engin lög og að þessi sje ekki tilgangurinn.

En jeg vil nú spyrja hv. flm. (HK), hvað tillagan hafi í raun og veru að þýða, ef ekkert tillit á að taka til hennar og stjórnin þarf ekkert eftir henni að fara. Því að hv. þm. (HK) margtók það fram, að stjórnin gæti gert alt, er henni sýndist, í þessum efnum, þó að till. yrði að þingsályktun. Jeg skil því ekki þennan skollaleik, og hefði verið miklu einarðlegra fyrir hv. flm. að koma beinlínis með frv. um kosningu hjeraðslækna.

Annars er engin þörf að andmæla beinlínis ræðu hv. flm. (HK), því að hún gekk öll á móti tillögunni, en ekki með.

Þá las hv. flm. (HK) upp kafla úr brjefi formanns Læknafjelagsins til Alþingis. Skýrði hv. flm. einungis út brjef þetta, en andmælti því ekki, því að hann leiddi fram rök með því, en engin gegn því. Er því í sjálfu sjer óþarft að fara fleiri orðum um þessa tillögu, en þar sem hún getur orðið skaðleg fyrir þjóðfjelagið, ef hún verður samþykt og skipulag það kemst á, sem hún fer fram á, hlýt jeg að fara nokkrum fleiri orðum um hana.

Það mun enginn efi vera á, að meiningin með tillögu þessari er sú, að fá sem besta lækna í hvert einstakt hjerað. En jeg vil nú skjóta því til hv. þm., hvort þeir treysti almenningi til þess að dæma rjett um lækna.

Því hefir verið haldið fram, að þetta væri hliðstætt prestskosningu, en svo er alls ekki, því að prestarnir geta kynt sig með ræðum sínum, og geta því látið sóknarbörn sín nokkurn veginn vita, hvernig þeir eru starfi sínu vaxnir. En hvernig geta læknar látið sjá verk sín fyrir kjósendum? Jeg er hræddur um, að það gangi illa, því að hvernig eiga þeir að geta sýnt list sína t. d. í skurðlækningum, yfirsetukvennafræði o. fl.? Og hverjir ættu svo að útvega verkefnin og hverjir að dæma um þau? Allir hv. þm. hljóta því að sjá, að þetta er einungis skopleikur. Hjeraðsbúar geta

ekki á þennan eða annan hátt skorið úr, hver læknir, af svo og svo mörgum umsækjendum, sje bestur.

Þá er annað atriði, sem jeg vil benda á, og einmitt sökum þess undrar mig, að slík tillaga sem þessi skuli komin frá hv. þm. Barð. (HK), þar sem í hans kjördæmi er mjög lítið læknishjerað, sem verið hefir læknislaust nú um tíma, einmitt fyrir þá sök, að það þykir mjög lítilfjörlegt. Því að þessu máli er þannig varið, að það spyrst æfinlega miklu minna til þeirra lækna, sem eru í litlum hjeruðum, heldur en hinna, sem eru í hinum betri hjeruðum og hafa auk þess sjúkrahús. Það myndi því venjulega lítill orðstír fylgja þeim úr litlu hjeruðunum út til kjósendanna, og væri því ekki hægt að búast við, að þeir yrðu kosnir síðar meir í önnur hjeruð. Gæti því vel farið svo, að margir læknar þyrðu alls ekki að fara í hin minni hjeruð, af ótta fyrir að losna þaðan aldrei aftur. Af þessu mundi því leiða, að smáu hjeruðin yrðu læknislaus, af því enginn fengist þangað. Er því ekki annað hægt að segja en tillaga þessi komi úr hörðustu átt, þar sem hún kemur frá hv. þm. Barð. (HK).

Þá var hv. flm. (HK) að vefengja það, sem formaður Læknafjelagsins, Guðmundur Hannesson, segir í brjefi sínu, að þá er óskað sje eftir einhverjum læknum, þá sjeu það æfinlega ungir læknar, sem óskað er eftir. En hv. flm. (HK) veit það, að það hafa komið fram slíkar óskir og koma oft fram enn þá. Og þá hefir æfinlega viljað svo til, að þær hafa verið um unga lækna, sem eðlilegt er, því að það er álitið, að þeir fylgist betur með í hinum nýjustu vísindum læknislistarinnar en hinir eldri, sem kunna að vera farnir að dofna, auk þess, sem þeir eru betri til ferðalaga en hinir eldri, sem farnir eru að stirðna.

Ef þetta yrði því samþykt, mætti búast við, að hinir gömlu læknar sætu heldur kyrrir í hjeruðum sínum heldur en leggja út í kosningaróður gegn stjettarbræðrum sínum. Er það því rjett, sem prófessorinn segir, að það yrðu einungis hinir lakari læknar, sem vildu leggja út í kosningabaráttu.

Þá gaf hv. þm. (HK) það í skyn, að læknastjettin væri hringur. En þessu verð jeg alveg að mótmæla, því jeg tel þetta mál snúa meira að landslýð en læknastjettinni.

Þá gat hv. þm. (HK) þess, að lítið gerði til, þó að mistök yrðu í vali læknanna hjá hjeruðunum, því að þau mistök kæmu mest niður á hjeruðunum sjálfum. En þá vil jeg benda hv. flm. á, að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir öðru en að einfaldur meiri hluti ráði. Lenda mistökin þá ekki á minni hlutanum, sem altaf er töluverður, þegar um kosningar er að ræða? Jeg get ekki annað sjeð. Er því ærið hart fyrir minni hlutann að verða að beygja sig undir það, sem einungis lítill meiri hluti vill, auk þess, sem þeir menn, sem móti læknunum væru við kosningarnar, myndu ekki taka þeim mjög hlýlega, er þeir kæmu í hjeruðin.

Þá var hv. flm. (HK) að finna að því, að Guðmundur Hannesson teldi almenning ekki dómhæfan í þessum efnum. En jeg vil einmitt undirstrika það með prófessornum, að almenningur sje alls ekki dómhæfur í þessu máli, því að það þarf fleiri ár til þess að geta dæmt um, hvort einn læknir sje góður eða ljelegur.

Annars þótti mjer leiðinlegt, hve hörðum orðum hv. flm. (HK) fór um prófessorinn, sem ekki var viðstaddur,

því að hann sagði meðal annars, að það væri ekki af vitsmunaskorti, að brjefið væri eins illa úr garði gert og hv. þm. vildi halda fram, heldur lægju þar til ýmsar misjafnar hvatir, sem hann þóttist ekki vilja nefna.

Eftir því, sem hv. flm. (HK) talaði fyrir tillögu sinni, gat mjer ekki skilist annað en hann blandaði saman tvennu mjög ólíku, sem sje, hvernig velja ætti embættismann og hvernig reka ætti ónýtan embættismann. En jeg get ekki skilið, eftir þeim ástæðum, sem tillagan kom fram af, að hún hafi átt að ganga í þá átt, sem jeg fyr nefndi. Jeg veit líka ekki betur en menn sjeu siðferðilega skyldugir að kvarta yfir þeim embættismönnum, sem standa illa í stöðu sinni, og eins og hæstv. forsrh. (SE) tók fram, er stjórnin fús til að rannsaka slík mál og víkja hinum ónýtu embættismönnum frá, ef þurfa þykir. (**HK**: Heyr firn mikil!). Hefir þm. reynt, að svo sje ekki?

Þá vildi hv. flm. (HK) reyna að lauma tillögunni í gegn með því að segja, að engar óskir myndu koma fram í þessu efni. En það liggur í augum uppi, að yrði þessi tillaga samþykt, þá myndu flest hjeruð koma með slíkar óskir, og Reykhólahjerað líka. (**HK**: Hvers vegna nefnir þm. það sjerstaklega?). Af því að það hjerað hefir lengi verið læknislaust. Enda mundi verða að því róið af einstökum, ef til vill óhlutvöndum mönnum, er sæju sjer einhvern persónulegan hagnað af því.

Jeg veit ekki, hvað hv. flm. (HK) hefir átt við í ræðu sinni, þegar hann var að tala um, að það væri betra fyrir okkur að fara ekki langt út í þetta mál, því að þá myndi hann koma með þetta og þetta. En nú er búið að andmæla því, sem hann sagði. Vænti jeg því, að hann komi með það, sem hann hafði í hótunum og dylgjum um.

Annars held jeg, að hv. flm. gerði rjettast í því að taka tillöguna aftur, eftir að hafa fengið hina skýlausu yfirlýsingu hæstv. stjórnar um, að hún muni alls ekki fara eftir henni, þótt aldrei nema hún yrði samþykt.

Jónas Jónsson: Jeg tel mjer skylt að segja hjer nokkur orð sem meðflutningsmaður þessarar tillögu. En áður en jeg vík að aðalefninu, vil jeg snúa mjer að því, er þegar er fram komið í umræðunum, og þá fyrst að því, er hæstv. forsrh. (SE) sagði, að hann myndi ekki fara eftir tillögu þessari, þótt hún yrði samþykt. Hv. þm. Str. (MP) greip fluguna á lofti og taldi tilverurjett tillögunnar þar með fallinn. En jeg vil nú benda þeim háu herrum á það, að þótt aldrei nema þessi stjórn telji sig ekki þurfa að fara eftir vilja þingsins, þá er þar með ekki sagt, að næsta stjórn telji sig ekki skylda til þess. Er því engin ástæða til að taka tillöguna aftur, þar sem vel má vera, að næsta stjórn fari eftir henni. Og þar sem líf hverrar stjórnar er háð vilja þingmeirihlutans, getur fyr en varir komið til framkvæmda, að slíkri ósk yrði hlýtt möglunarlaust.

Tilgangur tillögu þessarar er afareinfaldur. Má segja, að farið sje fram á tvent, eitt jákvætt og annað neikvætt atriði. Það, sem fyrst er farið fram á, er, að ef eitthvert læknishjerað óskar sjerstaklega eftir einum af umsækjendum, þá veiti stjórnin honum. Þetta getur kallast hið jákvæða í tillögunni. En eftir bendingu mjög merks manns, sem alls ekki er samþykkur hinu jákvæða í

tillögunni, höfum við bætt við síðara atriðinu, því, að ef aðeins er einn umsækjandi um eitthvert hjerað, þá geti hjeraðsbúar neitað honum, ef þeir vilja hann ekki og vilja heldur vera læknislausir eða hafa þjónustu nágrannalæknis. Þetta er hin neikvæða hlið tillögunnar.

Jeg er ekki samdóma hv. þm. Str. (MP), að kjósendur í öllum hjeruðum mundu að jafnaði nota sjer þennan ábendingarrjett. Það er auðvitað ekki unt að sanna þetta fyrirfram, en jeg vil benda á, að hingað til hafa hjeraðsbúar sjaldan látið til sín taka um þessi mál, þó að komið hafi það fyrir. Jeg skal nefna eitt dæmi, og tek það fram, að jeg fer hjer eftir minni, en ekki neinni opinberri skýrslu, að núverandi læknir á Sauðárkróki sótti eitt sinn um hjerað norðanlands, og munu um $^3/_5$ hlutar atkvæðisbærra manna í hjeraðinu hafa sent stjórninni áskorun um, að þeim manni yrði veitt embættið. Stjórnin sinti ekki þessum óskum, en mjer er óhætt að fullyrða, að af þessu spratt megn óánægja meðal hjeraðsbúa, og þetta varð ekki til gæfu þeim lækni, er varð hlutskarpari. Í öðru lagi hefir það komið fyrir á stöku stað, að menn hafa verið óánægðir með þann lækni, er þeir áttu við að búa, og borið sig upp við stjórnina, en hafa þá rekið sig á þann harða klett valdsins, að óskum þeirra hefir ekki verið sint. Þó get jeg fullyrt, að yfirmaður læknastjettarinnar hefir einstöku sinnum litið svo á — jeg greini ekki nánar í tíð hvaða landlæknis — að heppilegra væri að fara eftir óskum hjeraðsbúa í embættaveitingum heldur en öðrum reglum.

Efni till. gerir hjeraðsbúum kleift að koma fram óskum sínum með tvennu móti. Þeir eiga kost á að tryggja sjer víðkunna úrvalslækna, þegar svo ber undir, og hins vegar geta þeir bandað við mönnum, er þeir telja óhæfa í embættið. Venjulega mundu menn ekki láta til sín taka um þessi mál, en ef þeir ættu kost á sjerstaklega landskunnum lækni, mundu þeir nota sjer þennan rjett sinn til að mæla með honum, og eins mundu þeir nota heimild sína til mótmæla, ef neyða ætti þá til að taka við sjerstaklega óálitlegum lækni.

Mál þetta er ekki nýtilkomið hjer á þingi í vetur, þó að það hafi ekki komið fyr til umræðu. Þegar þing kom saman, var laust læknishjerað á Norðurlandi (Austur-Húnavatnssýsla), er sjerstaklega stóð á um. Það er alkunna, að hjeraðsbúar í þessu hjeraði hafa um langan tíma verið mjög óánægðir með þá læknishjálp, er þeir hafa notið hjá fleirum læknum en einum. Hjeraðsbúar höfðu gert ráðstafanir til að losna við lækni sinn, meðal annars höfðu þeir keypt íbúðarhús hans af honum með hærra verði heldur en fengist hefði fyrir það á frjálsum markaði og trygt sjer annan lækni, er þeir fulltreystu. Þessi læknir er ungur maður, en þegar til þess kom, að hjeraðið var auglýst, sóttu aðrir læknar og sumir mun eldri en þessi maður. Það leit því út fyrir, ef fylgt yrði venjulegum veitingarreglum, að hjeraðsbúar yrðu sviftir þessum manni, er þeir hafa svo mikla trú á. Í þessu hjeraði, svo sem víðar annarsstaðar, eru menn ekki sammála um ýmsa hluti, stjórnmál, verslunarmál o. s. frv., en þó að Austur-Húnvetningar hafi mismunandi skoðanir í öllum þjóðmálum, er því nær enginn skoðanamunur þar um þetta mál. Menn vildu fá þennan lækni, er þeir treystu og trúðu fyrir lífi sínu og

höfðu trygt sjer. Á fyrstu dögum þingsins í vetur var því tilbúin tillaga svipaðs efnis sem þessi, og fylgdu henni sumir flutningsmenn, sem ekki eru flm. þessarar tillögu. Því var hagað svo til, að tillaga þessi var látin bíða, en jeg hygg, að hún hafi haft sín áhrif, ef ekki á hæstv. stjórn, þá á landlækni. Jeg hygg óhætt að fullyrða, að hann hafi þóst hafa betri aðstöðu að leggja það til, að þessum unga manni yrði veitt hjeraðið, því að hann vissi, að helmingur þingmanna eða meira vildu ekki hlíta aldursreglunni, eins og þarna stóð á, og talið var víst, að tillagan mundi verða samþykt þá, hvernig sem nú fer um gengi hennar.

Jeg skal taka það fram til leiðbeiningar þeim hv. þm., er ætla, að hjer sje um dægurflugu að ræða, að þótt tillaga þessi verði feld í dag, þá mun málið varla hverfa af dagskrá. En fyrir mjer er þetta framtíðarmál, og þó að jeg verði í minni hluta í dag, mun jeg sætta mig við það, en mjer þykir ótrúlegt, að sú verði raunin á til lengdar.

Hjer á landi eru í rauninni 3 aðiljar, er standa að veitingu læknishjeraða. Einn er viðurkendur aðili, annar er að ryðja sjer til rúms og hefir þegar fengið allmikla fótfestu, og enn er hinn þriðji, sem er að byrja að láta til sín heyra. Fyrsti aðilinn er stjórnin, eða dómsmálaráðherra, og landlæknir. Hjá þeim er veitingarvaldið lögum samkvæmt. En á síðustu árum hefir bólað á því meir og meir, að læknastjett landsins lætur þetta mál til sín taka, og er brjef formanns Læknafjelagsins, er kaflar hafa verið lesnir úr í dag, ljós vottur þess. Það hefir komið fyrir, að þessi fjelagsskapur hefir staðið á öndverðum meiði við landlækni, hinn sjerfróða ráðunaut stjórnarinnar, og jeg hygg, að jeg fari ekki rangt með, að straumurinn fer í þá átt að draga veitingarvaldið í raun og veru úr höndum landlæknis til Læknafjelagsins. Fjelagið telur málið svo skylt sjer, að talsvert af hinu raunverulega valdi, ef ekki hinu formlega, er komið í hendur þess. Því hefir verið hreyft með læknum í riti, að draga veitingu landlæknisembættisins undir fjelagið, annaðhvort með þeim hætti, að læknar kysu beinlínis yfirmann stjettar sinnar, eða á þann veg, að stjórn Læknafjelagsins og kennararnir í læknadeild háskólans rjeðu veitingu embættisins að miklu leyti. Jeg vil því benda á, að stefna samtíðarinnar virðist vera að draga veitingarvaldið úr höndum þeirra, sem hafa það formlega og lögum samkvæmt, og koma því undir stjettina sjálfa.

Loks kemur þriðji aðilinn, eða þriðja stjettin, eins og í stjórnarbyltingunni frönsku. Þá var spurt: „Hvað er þriðja stjett? Ekkert. Hvað á hún að vera? Alt“. Við flutningsmenn ætlum okkur ekki svo mikið með till. þessari, en það er rjett, að með henni er dálítið stefnt í þá átt, að almenningur hafi einhver áhrif á veitingu læknishjeraða. Jeg er hræddur um, að verði þessi tillaga feld, eða ef lengi situr að völdum stjórn, sem neitar að taka hana til greina, þó að samþykt verði, þá fari kröfur landsmanna að verða svo háværar, að samþykkja yrði lög um kosningu lækna. Það er ekki rjett að segja, að hjer sje verið að fara fram á læknakosningu. Hjer er aðeins vísir til þess, en áframhaldið verður eftir því, hvort læknastjettin er einhuga um að meina almenningi allan íhlutunarrjett um þetta mál. Það er gömul reynsla, að við mótstöðuna eykst

aðsóknaraflið. Jeg hygg, að stjórnin mundi halda lengur formlegu og raunverulegu veitingarvaldi, ef þeir, sem læknana eiga að nota, mættu bera fram óskir sínar, þegar sjerstaklega stendur á, og þær væru teknar til greina að einhverju leyti.

Mönnum er skiljanlegt, hvers vegna formaður Læknafjelagsins hefir sent Alþingi þetta mótmælabrjef. Ástæðan er sú, að hjer eru 2 biðlar um sömu heimasætuna. Annars vegar er Læknafjelagið, sem sækist eftir því valdi, sem tillagan vill að nokkru leyti gefa hjeraðsbúum. Frá sjónarmiði Læknafjelagsins er þetta æskilegt, en þrátt fyrir það er ekki ástæða fyrir okkur að hopa fyrir öðru en rjettum rökum. Það er líka afsakanlegt og eðlilegt, að hæstv. forsrh. (SE) skuli taka svo óliðlega undir tillöguna. Því er ekki að neita, að hún gengur í þá átt að skapa sjerstakt vald við hlið stjórnarinnar. Enginn valdhafi vill góðfúslega una því að sleppa valdi, sem honum hefir verið trúað fyrir. Mótmæli þessara aðilja geta því ekki haft áhrif á úrslit málsins. Þau eru eðlileg frá mannlegu sjónarmiði, en hafa ekkert sjerstakt gildi.

Jeg skal þá fyrst víkja að þeirri meginreglu, er jeg ætla, að stjórnin byggi veitingar læknishjeraða oftast á og Læknafjelagið mundi að öllum líkindum taka mikið tillit til, ef það ætti að hafa veruleg áhrif á veitingarnar. Það er aldursreglan, eða anciennitetsprincipið. Þar liggur sú hugsun að baki, að starfsmenn þjóðfjelagsins eigi að hækka í tigninni smátt og smátt, eftir embættisaldri. Ungur læknir á að byrja í útkjálkahjeraði, þar sem starfið er erfitt, en aukatekjur rýrar. Síðan, þegar aldurinn færist yfir hann, á hann að fá betra embætti, komast í hjerað, sem er hægara yfirsóknar og tekjumeira, og hækka þannig í stjettinni. Hjer kemur ekkert til greina, nema aldur mannsins, ef ekki eru svo mikil lýti á ráði hans, að víkja þurfi honum úr embætti, sem sjaldan ber við. Í þessum efnum er farið gersamlega öðruvísi að en á öðrum sviðum, í atvinnurekstri fjelaga og einstakra manna. Þetta eru leifar frá öðru tímabili, sem fyrir löngu er liðið hjá í sögunni, einveldistímanum. Þessi stefna hefir verið brotin niður í daglegu lífi og á stjórnmálasviðinu. Hjer á landi lifir hún þó enn þá í veitingum tvennskonar embætta, lögfræðinga- og læknaembætta. Þó er hjer þannig ástatt, að mótstaðan gegn þessu er að verða meiri og meiri, sem jeg mun færa rök að og ljóslega sjest af þeim mikla ugg, sem tillaga þessi hefir skotið í brjóst Læknafjelagsins og fleiri manna.

Jeg skal nú sýna fram á, hvernig aldursstefnan hefir horfið t. d. í verslunarheiminum. Það á sjer ekki lengur stað í nokkru verslunar- eða iðnaðarfyrirtæki, að fyrst og fremst sje farið eftir starfsaldri. Þar er eingöngu farið eftir dugnaði. Þar er ekki að því spurt, hve lengi menn hafi verið að læra, hve miklu þeir hafi kostað til náms, eða hve lengi þeir hafi fengist við starfið, heldur að hinu, hvort auðið sje að fá duglegasta manninn. Duglegasti maðurinn er því tekinn, og það er ekki fjarri nútímagróðamönnum að láta hina eldri starfsmenn þá fara, án tillits til aldurs. Straumur þjóðarandans er að færa þessa stefnu inn á embættasviðið, og því er uggur í þeim, er standa að aldursstefnunni.

Jeg vil leyfa mjer að benda á eitt dæmi og skal forðast að nefna nöfn. Fyrir nokkrum árum átti að veita lögfræðingsembætti. Um það sóttu 2 lögfræðingar, báðir nokkuð ungir, höfðu tekið próf um líkt leyti, svo að aldursmunur var lítill. Annar þessara manna var þó mikill drykkjumaður. Hann hafði skömmu áður ferðast mikinn hluta dagleiðar með þeim hætti, að hann fór á bak töskuhesti sínum, en ljet hnakkhestinn lausan. Móti honum sótti einn af gáfuðustu og best mentu lögfræðingum landsins. Svo sem jeg gat um, var aðeins fárra vikna munur á prófaldri þessara manna. Stjórnin leit nú svo á, að henni bæri að fylgja aldursstefnunni, og veitti þeim manni embættið, er var eldri að prófaldri, en stóð hinum að baki í öllu og enginn atvinnurekandi hefði litið við, ef hann hefði átt að velja á milli þessara manna til einhvers starfs.

Ef menn hugsa til svipaðra dæma, er þeir þekkja, hygg jeg, að þeir muni ekki verða hissa, þó að nú sje komið svo langt, að almenningur vilji hafa einhvern íhlutunarrjett um lækna sína. Menn vilja ekki láta tilviljun, nokkurra vikna mun á prófaldri, ráða um skipun embættanna. Að minsta kosti vilja menn hafa rjett til mótmæla, þegar svo ber undir, og að stjórninni haldist ekki uppi að virða þau mótmæli að vettugi.

Þetta er þá aldursstefnan, eins og hún horfir við stjórninni og ráðunautum hennar. Mjer kemur ekki til hugar að segja, að allar veitingar sjeu eins og þessi, er jeg tók sem dæmi. Mjög oft mun stjórnin velja bestu mennina í embættin. En undantekningar hafa komið og koma fyrir, og við þær er tillagan miðuð.

Þá skal jeg aftur snúa mjer að hinum aðiljanum, Læknafjelaginu. Stjórn þess hefir ritað brjef til mótmæla tillögunni, og hlýtur það að vera sprottið af því, að hún búist við, að brjefið geti haft áhrif á atkvæðagreiðslu þingmanna. Því geta þeir þingmenn, sem mótfallnir eru þessari stefnu, ekki annað en fært rök fyrir máli sínu.

Að ein stjett ráði því, hvernig menn hækka í embættum innan hennar — en að því er stefnt, ef Læknafjelagið á að ráða um veitingar læknishjeraða — er að vísu ekki óþekt fyrirbrigði. Það er alþekt stefna í nálega öllum iðnaðarlöndum, og er erlendis nefnd syndikalismi. Sú stefna gengur í þá átt, að hver stjett sje einskonar lýðveldi í þjóðfjelaginu, er ræður málum sínum og kaupgjaldi að nokkru leyti. Þjóðfjelagið yrði á þennan hátt bygt upp af mörgum hópum, sem væru að miklu leyti sjálfstæðir og fullvalda. Jeg geri þó ráð fyrir, að Læknafjelag Íslands skoði sig ekki sem grein af þessum meiði, og að flestum fjelögum þess muni ef til vill vera ókunn sú hagfræði, er liggur til grundvallar fyrir þessu. En þessi stefna hefir gert vart við sig hjer á landi í öðrum greinum. Mönnum er enn í minni, að símamenn tóku sig til í vetur og lýstu vantrausti á yfirmanni sínum. Fjelag símamanna hefir nú að allmiklu leyti náð tökum á veitingarvaldinu innan stjettar sinnar. Símamannafjelagið og Læknafjelagið sækja fram hliðstætt eftir sömu braut.

Það má bæta því við, að brjef formanns Læknafjelagsins endar á setningu, sem varla er unt að skilja öðruvísi en sem hótun um, að Læknafjelagið muni láta hart mæta hörðu, ef þjóðin vill hlutast til um embættaveitingar á annan veg en fjelagið óskar. Þar er hinn

sami andi sem í hinu allfræga brjefi, er símamenn sendu landssímastjóra. Þeir, sem vita, hvernig launalögin voru knúin fram á þingi 1919, geta búist við, að hjer kunni að fylgja nokkurt harðræði. En þjóðin verður að vita, hver á að hafa þetta vald. Það þarf að koma í ljós, hvort það er stjórnin eða læknastjettin, sem á að ráða þessu, eða hvort þjóðin sjálf vill taka það vald í sínar hendur.

Jeg hygg, að það stafaði lítill voði af því, þótt fólkið rjeði veitingu einhverra læknisembættanna. Er það kunnugt, að í einum fjelagsskap hjer, kaupfjelagsskapnum, hafa kaupfjelagsstjórarnir verið ráðnir með aðeins 6 mánaða uppsagnarfresti, og hafa þó flestir þeirra setið jafnlengi og þeir vildu. Eru nú um 50 kaupfjelagsstjórar ráðnir svona. Það kemur að vísu fyrir, að þeim er sagt upp, ef þeir reynast óhæfir til starfans. En það mun sjaldan reynast nein áhætta fyrir þá, sem eru meðalmenn eða þar fyrir ofan, að treysta á lund fólksins í þessu efni.

Þannig fara samvinnumenn að. En andstæðingar þeirra, samkeppnismennirnir, fara nákvæmlega eins að, er þeir velja menn til starfs við atvinnufyrirtæki sín. Þeir fara eftir dugnaði og hæfileikum, en ekki eftir aldri.

Vil jeg þá aftur víkja nokkrum orðum að sjálfu meginmálinu.

Till. okkar vill fyrst og fremst bæta nokkuð úr ágöllum aldursstefnunnar, gera fólki mögulegt að koma fram óskum sínum um það, að fá einhvern vissan lækni, sem það hefir trú og álit á, og einnig að losna við lækni, sem þrengja á upp á það. Í báðum þessum tilfellum viljum við lofa fólkinu að láta rödd sína heyrast, til leiðbeiningar stjórnarvöldunum. Er hjer svo hóglega á stað farið, að segja má með fullum sanni, að hjer sje enn verið heilli öld á eftir, ef starfsmannaval þjóðfjelagsins er borið saman við mannaráðningu fjelaga og einstakra atvinnurekenda. En þó finst mörgum þetta stór bylting.

Þjóðin getur gripið til tveggja úrræða, ef Læknafjelagið heldur í verki við hótun sína. Fyrst að koma á kosningu lækna og í öðru lagi að láta valið ekki í hvert sinn ná nema til nokkurra ákveðinna ára.

Þjóðin er alment seinþreytt til vandræða, en svo kann að fara, að hótun komi gegn hótun, einkum ef valdhafar þessa máls taka illa í það.

Þá vil jeg víkja að hv. þm. Str. (MP). Jeg held, að það sje ekki hægt að gera mikið úr því, að læknar úr erfiðum útkjálkahjeruðum sjeu undir núverandi skipulagi látnir njóta mikils ljettis, þegar þeir eru hnignir að aldri. Í Fljótsdalshjeraði er til læknir miðaldra, með bæklaðan fót af meiðsli, sem hann fjekk í embættisferð einni. Auk þess er þetta svo erfitt hjerað, að læknirinn þarf oft að fara á skíðum 8—10 klst. ferð. Sanngjarnt hefði því verið að láta þennan mann hafa eitthvert ljettara hjerað, en þó hefir það ekki enn verið gert.

Þá gat hann um það, og sama er tekið fram í brjefi Læknafjelagsins, að hlutdrægni kynni að ráða, ef fólkið ætti að kjósa læknana. En ekki er heldur trygt nú, að hún ráði ekki. Munu flestir mjer sammála um það, að mikið hafi að segja hjá veitingarvaldinu pólitiskar skoðanir, frændsemi o. fl.

Jeg veit, að hlutdrægni getur komið fyrir, ef fólkið á að ráða. Eitt tilfelli er kunnugt, þar sem barist var á móti

lækni alveg óverðskuldað. En mistök fólksins mundu tæpast verða svo tíð sem þau nú eru hjá veitingarvaldinu, og bæta mundi það fyrir, að veitingarvaldið hefði ráðgefandi vald við að styðjast.

Hv. þm. (MP) taldi samþykt þáltill. gagnslausa, þar sem stjórnin hefði lýst því yfir, að hún mundi ekki taka hana til greina. En það er svo um allar fundarályktanir, að það er engin lagaskylda að taka þær til greina, en sjeu þær gerðar árlega og öfluglega framfluttar, þorir engin stjórn að ganga á móti þeim til lengdar. Þetta er því engin ástæða gegn þáltill.

Þá mintist hann á, hve ómögulegt það væri að kjósa lækna, og reyndi að gera það hlægilegt. Hjer er nú fyrst að athuga, að um enga kosning er að ræða. En minna vil jeg á það, að „praktiserandi“ læknar treysta á dóm fólksins. Reynist hann svo rjettur, að jeg held, að fullkomnari dómstóll í því efni gefist ekki.

Jeg vil benda á það, að Guðm. Hannesson, höfundur brjefsins frá Læknafjelaginu, er best dæmi sjálfur til að hrekja prjedikun hans í brjefi Læknafjelagsins. Hann kom ungur til Akureyrar og varð fljótt frægur um land alt fyrir lækningar sínar. Á hverju bygðist sú frægð? Á því, hversu snjall hann var í þessari grein. Forðum daga voru það lækningar Krists, sem sköpuðu honum mesta samtímavíðfrægð og vinsældir. Fólkið skildi þær betur en hinar djúpsæu, ódauðlegu siðgæðiskenningar hans. Maðurinn, sem hann læknaði og sagði til: „Statt upp, tak klæði þín og gakk“, bar nafn hans út og þakkaði heilsugjöfina. Það er alger meinloka, að almenningur geti ekki dæmt um, hvort læknarnir eru góðir eða ekki. „Fer orð og flýgur“, segir gamalt máltæki, og það á við hjer. Læknarnir eiga að gæta lífsins; því er þeim meiri gaumur gefinn en jafnvel nokkrum öðrum.

Það eru fleiri en Lúðvík 14., sem ekki vildi horfa á kirkjugarðinn vegna þess, að hann minti á dauðann. Fólkið elskar lífið meira en nokkuð annað og góða lækna meira en aðra kunnáttumenn, af því að þeim er trúað til að gæta þessarar dýru eignar.

Þá er því haldið fram sem ástæðu gegn þáltill., að litlu hjeruðin verði læknislaus, ef þessi siður er upp tekinn. Þau eru það nú. Það eina, sem getur hjálpað því, að þessi hjeruð hafi lækna, er það að launa þeim betur. Margir lækna okkar eru erlendis; þá getum við fengið, aðeins ef við borgum þeim vel.

Hv. þm. Str. (MP) er, eins og Guðm. Hannesson, líka sönnun gegn því, sem hann nú heldur fram. Hann er sjálfur nýorðinn bæjarlæknir í Reykjavík, en var þó áður læknir í útkjálkahjeraði, Strandasýslu. En hann komst hingað með eðlilegum hætti, sökum þess, að hann var álitinn góður læknir.

Þá kom hann fram með þau mótmæli, að fólkið vildi einungis yngstu læknana. Hvers vegna vill fólkið þá? Er það vitleysa? Nei, fólkið álítur þá fulla af yngstu og nýjustu þekkingum og duglegasta til ferðalaga. En hvernig á þá að fara með þá gömlu? Þeir verða að hafa ofan af fyrir sjer sem þeir best geta. Sjeu þeir hæfileikamenn og árvakir í starfi sínu, munu þeir trauðlega hafa mikið að óttast. Tökum sem dæmi hjeraðslækninn í Skagafjarðarsýslu. Hann er orðinn miðaldra maður, en hann er altaf að sigla, stundum til fjarlægra

landa, til að fylgjast með framförum læknavísindanna, og hann er elskaður og virtur af öllum hjeraðsbúum.

Hver mundi bíða hallann af því, að tekið væri aðeins tillit til dugnaðarins og hæfileikanna, og hver á að bíða þennan halla?

Ónytjungarnir, vandræðamennirnir, mundu bíða halla, en þjóðin græða, og jeg held, að engum geti blandast hugur um, að þetta sje það eðlilegasta og rjettlátasta.

Þá mintist hann á hina pólitisku hlið þessa máls. Læknarnir mundu ekki vilja eiga þátt í kosningabaráttu hver gegn öðrum, og að þeir ófyrirleitnu mundu vinna mest á. Það sitja nú nokkrir læknar hjer á þingi, sem orðið hafa að ganga í gegnum hinn pólitiska eld, þar á meðal hv. þm. Str. (MP). Hafa þeir sannað með þessu, að þeir þora vel að ganga í gegnum þess kyns eldraunir. Sýnist ekki erfiðara fyrir þá að halda hlut sínum í læknakosningum en þingkosningum.

En einkennilegt er að heyra það bæði frá hv. þm. (MP) og Guðm. Hannessyni, að þeir skuli halda því fram, að þeir ófyrirleitnu vinni æ kosningar. Er þetta nokkuð beiskt fyrir okkur alþingismennina, sem hjer sitjum fyrir náð meiri hlutans, og virðist kenning hv. þm. styðja skoðun Helga Pjeturss um hið „helvíska úrval".

Nú sækja iðulega 8—10 læknar um sama læknishjeraðið; ber ekki á öðru en að þeir hafi fullan hug til þess að reyna að rífa brauðið hver frá munninum á öðrum. Hví skyldu þeir þá ekki geta barist bæði til fjár og landa, þótt um kosningu væri að ræða?

Þáltill. þessi er góð og sjálfsagt af læknum að styðja hana. Mun hún ein, ef fram gengur, geta aftrað því, að gripið verði fastara í strenginn, og ættu því allir að styðja hana, sem óska friðvænlegrar framþróunar í þessum efnum.

Forseti (MK): Jeg vil biðja menn að vera stuttorða, því að vegna mikilla starfa í nefndum, verður fundi slitið kl. 4, og væri æskilegt, að málið yrði afgreitt áður.

Flm. (Hákon Kristófersson*): Jeg skal vera stuttorður, en hv. þm. Str. (MP) og hæstv. forsrh. (SE) gáfu mjer tilefni til andsvara.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að því er mjer skildist, að jeg hefði ámælt prof. Guðm. Hannessyni í ræðu minni. Það mun nú ekki hafa verið að marki, og síst meira en hann ámælir okkur flm. í brjefi sínu. Er með þessu líka svarað órökstuddum sleggjudómum hv. þm. Str. (MP).

Hv. þm. Str. (MP) sagði, að hjer væri um alvarlegt mál að ræða, sem þyrfti að mótmæla. Jeg ásaka það ekki, þótt menn mótmæli þessu, en aðdróttunum og órökstuddum svigurmælum mótmæli jeg harðlega.

Hann sagði, að hjer mundi eitthvað annað liggja á bak við en upp væri látið. Er ekki ótítt, að þessi hv. þm. (MP) komi með svona dylgjur að órannsökuðu máli og telji, að alt annað vaki fyrir mönnum en þeir sjálfir hafa lýst yfir.

Hann spurði, hvaða þýðingu till. hefði, þar sem stjórnin ætti ekki að fara eftir henni. Jeg hefi aldrei sagt, að hún ætti ekki að gera það, en hitt sagði jeg, að oft mundu engar óskir koma fram um þetta, en þótt þær kæmu, þá gæti stjórn-

*) Þm. (HK) hefir ekki yfirlesið ræðuna.

in auðvitað lagst á móti þeim, en þá yrði hún að bera fulla ábyrgð á því.

Þá sagði hv. þm. Str. (MP), að móti þessari till. minni hefði jeg best talað sjálfur, og getur það vel verið, að jeg hafi ekki hagað orðum mínum sem best, enda er jeg eigi eins snjall ræðumaður og hv. þm. Str. (MP). En ef svo var, hví fór þá hv. þm. Str. að mæla á móti tillögunni? Hví ljet hann eigi þar við sitja, ef jeg hafði þegar spilt mínum málstað? Eða sjer hann ekki, að hann með þessu slær sig á munninn, og fær þannig geig af sínum eigin vopnum?

Þá gat sami hv. þm. (MP) um það, að við hefðum heldur átt að koma fram með frv. um að breyta lögunum í þessa átt. Um þetta erum við flm. till. alveg sjálfráðir, en þar sem nú er liðið á síðari hluta þingtímans, þá stend jeg fast á þessu, enda ekki við búinn að svara því, hvort jeg hefði verið slíku frv. fylgjandi að svo stöddu, og er jeg heldur ekki viss um, að það hefði fengið framgang að þessu sinni.

Hv. þm. Str. (MP) taldi almenning ekki dómhæfan um lækna, og læknakjörið væri ekki sambærilegt við kosningu presta, sem þó gætu áður látið sóknarmenn til sín heyra, og þannig gefið þeim tækifæri til að mynda sjer skoðun um þá. Mjer er spurn, láta nú ekki læknar til sín heyra og afla þeir sjer eigi álits með verkum sínum? Það er alment viðurkent, að einmitt fyrir frábæran dugnað sem læknir er það orðið, að hv. þm. Str. sjálfur er orðinn bæjarlæknir í Reykjavík. Því slæ jeg því föstu, að einmitt þessi sami heiðursmaður hafi látið til sín heyra með verkum sínum og að það hafi verið það, sem gerði það að verkum, að hann var tekinn fram yfir aðra í þessa stöðu. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir, að þetta verði til þess að hlaða undir þá, sem ófyrirleitnir eru, eins og hv. þm. Str. (MP) segir, og má því till. vel ganga fram þess vegna. Jeg hefi miklu fremur búist við því gagnstæða.

Hann sagði, að það væri verið að leika skopleik með því að bera þessa till. fram, og furðaði sig á því, að þm. Barð. skyldi verða til þess, þar sem í mínu kjördæmi væru 1—2 hjeruð læknislaus.

Þessum orðum hv. þm. Str. (MP) vil jeg svara með því, að jeg geri einmitt ekki ráð fyrir því, að það verði verra fyrir þessi hjeruð að fá sjer lækni, ef till. verður samþykt. Hitt atriðið, að menn vilji síður fara í litlu hjeruðin, þar sem undir högg sje að sækja til kjósenda, er heldur ekki rjett, þar sem þetta er engin kosning, heldur aðeins ábending, sem stjórnin því aðeins tekur til greina, ef rök eru fyrir henni, að áliti stjórnarinnar. Og því mótmæli jeg, að þetta verði til að ala upp ófyrirleitni umsækjenda. Það eru alls ekki sömu eiginleikarnir, það að vera duglegur að ýta sjer áfram og koma ár sinni vel fyrir borð, og ófyrirleitni. Hv. þm. Str. (MP) er að minni hyggju og margra annara duglegur að ýta sjer áfram, en hitt dettur engum í hug að segja um hann, að hann sje ófyrirleitinn. Þykja mjer því allkynleg þessi ummæli hv. þm. Str.

Þá kem jeg að því, að með þessu fyrirkomulagi geti minni hluti við læknisskosningu orðið beittur rangindum. Þá vil jeg segja, að hitt er enn þá verra, að einn eða tveir menn beiti alla hjeraðsbúa rangindum; t. d. ef óreglumanni er veitt hjerað og menn þar vilja alls ekki taka við honum, ef þeir væru sjálfráðir. En eftir áliti hv. þm. Str. (MP) er það óheyrilegt, að hjeraðsbúar láti uppi álit sitt í þessum málum.

Þá mótmæli jeg því sem algerlega ósönnum áburði, að jeg hafi farið með dylgjur í garð Guðm. Hannessonar prófessors. Hv. þm. munu geta um þetta borið með mjer, að þetta eru rangindi og útúrsnúningur hjá hv. þm. Str.

Enn fremur sagði sami hv. þm., að jeg blandaði því saman, að reka embættismenn úr embættum og að hægt væri að losna við óhæfa lækna. Þetta eru og útúrsnúningar, sem jeg hefi ekki sagt, þótt jeg dræpi á þetta atriði. Þetta, að hjeraðsbúar geti rekið af höndum sjer óhæfa lækna, er að svara út í hött. Það má einlægt slá slíku fram; allir munu geta sjeð, hversu auðvelt það er nú, og enda seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann.

Viðvíkjandi þeim ummælum hv. þm. Str. (MP), að jeg og meðflm. minn (JJ) værum að lauma þessari till. í gegnum þingið, verð jeg að segja það, að mig stórfurðar á því, að jafnæfður þingmaður og hv. þm. Str. (MP) er skuli leyfa sjer að koma fram með jafnóþingleg ummæli. Jeg er ekki svo grunnhygginn, þótt jeg sje eigi jafnvitur maður og hv. þm. Str. er, að jeg skilji eigi, hversu óþinglegar þessar aðdróttanir eru, eða að jeg haldi, að hægt mundi vera að hegða sjer þannig gagnvart hv. þm., að lauma einhverju máli í gegn.

Enn sagði hv. þm. Str. (MP), að best mundi vera fyrir mig að framkvæma þær hótanir, sem jeg hafi haft í frammi. Jeg viðurkenni alls ekki að hafa komið fram með hótanir, og hann hefði því ekki þurft að segja þetta, og tel jeg það ómaklega mælt. En hitt var rjett, sem hann gat til, þótt hann þyrði eigi að nefna Reykhólahjerað í því sambandi, að það er í ráði að setja þar mann, sem við ekki viljum hafa, og úr því hv. þm. Str. biður um það, skal jeg verða við þessari ósk hans. Jeg efast um, að jafnvel hann sjálfur telji þá ráðstöfun heilbrigðisstjórnarinnar forsvaranlega, ef hún nær að ganga fram, og hjer vil jeg láta taka fastara á móti til að forðast það, að þar verði settur maður, sem við ekki erum bættari með. Þó að menn með þessu verði að mæla á móti mönnum, sem máske þurfi þessarar atvinnu með, er það þó gert vegna þess, að það er knýjandi nauðsyn.

Hv. meðflytjandi minn (JJ) í þessu máli hefir þegar talað um það á breiðari grundvelli en jeg hefi gert, og þarf jeg því ekki að reifa málið frekara. Læt jeg svo hv. þm. Str. sjálfráðan um það, hvað hann segir hjer eftir, og má hann vel, ef hann telur sjer það betur sæmandi, koma með fleiri aðdróttanir til mín þess vegna.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

---

4. Eyðibýli.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um eyðibýli o. fl. (A. 558).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 11. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Jeg vil leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd. (lokafundi deildarinnar), laugardaginn 12. maí, var till. enn tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Með því að ýmsir þm. eru nú farnir, sem áhuga höfðu á þessu máli og myndu hafa greitt því atkv., sje jeg ekki ástæðu til að ræða það, og leyfi mjer því að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá. — Till. varð því

e k k i ú t r æ d d.

---

5. Loftskeytastöðvar.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um loftskeytastöðvar á Siglufirði og Grímsey (A. 105).

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

e k k i ú t r æ d d.

---

6. Skjöl til afnota fyrir þingmenn.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 16. apríl, var útbýtt:

Tillögu til þingsályktunar um, að landsstjórnin afhendi skrifstofustjóra Alþingis nokkur skjöl til afnota fyrir þingmenn (A. 360).

Till. var aldrei á dagskrá tekin og varð

e k k i ú t r æ d d.

Fyrirspurnir.

1. Landsspítali.

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 26. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um landsspítala (A. 32).

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 14. apríl, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að dóms- og kirkjumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvinsson): Á Alþingi í fyrra bar jeg fram þingsályktun um landsspítalann, sem fór í þá átt að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst byrja á byggingu hans, og var sú tillaga samþykt.

Svör þau og undirtektir, sem tillagan fekk hjá hæstv. stjórn og forsætisráðherra, máttu ef til vill teljast sæmileg, þar sem hæstv. ráðherra lýsti yfir því, að sjer væri það mikið áhugamál, að bygging landsspítala kæmist sem fyrst í framkvæmd. En hæstv. ráðherra taldi samt ekki líklegt, að hægt mundi vera að byrja bygginguna á því ári og því aðallega borið við, að uppdrættir og áætlanir um byggingu spítalans lægju enn ekki fyrir, þar sem nefndin, sem þessi undirbúningur hefði verið falinn, væri eigi búin að skila áliti sínu.

En nú ætti þetta ekki lengur að vera til fyrirstöðu verkinu, því spítalanefndin hefir nú fyrir tveim mánuðum skilað áliti sínu og allir uppdrættir að spítalabyggingunni liggja fyrir. Og einmitt þegar jeg vissi, að nefndin hafði lokið störfum sínum, þá bar jeg fram fyrirspurn þá, sem nú loksins er hjer komin til umræðu. Og það er líklega gott, að þessi fyrirspurn hefir dregist svo lengi, því með því hefir stjórninni gefist færi á að íhuga enn nánar, hvað gera skuli í þessu þjóðnytjamáli.

Og jeg vil ekki fyrirfram afsaka hæstv. stjórn með því, að þingannirnar hafi tekið allan tímann frá henni, þótt jeg játi, að mikill tími fari í það að sinna þinginu, því bæði er það, að stjórnin hefir marga trúnaðarráðunauta til að ráðfæra sig við, t. d. yfirmann læknastjettarinnar, landlækninn, sem jeg veit, að hefir mjög mikinn áhuga á þessu máli og skjótri framkvæmd þess.

En þar að auki veit jeg, að á síðast-

liðnu hausti fekk stjórnin alveg sjerstakt tilefni til þess að snúa sjer að byggingu landsspítalans og að hugsa um ráð til fjárútvegunar, svo hægt væri að ráðast í bygginguna í náinni framtíð. Á jeg þar við þá hreyfingu, sem komst á málið fyrir tilstilli verkalýðsfjelaganna hjer í bænum, sem ljetu nefnd manna leita á fund landsstjórnarinnar til þess að herða á framkvæmdum í því máli. Og jeg þykist vita, að það muni líka nokkuð vera þeirri hreyfingu að þakka, að spítalanefnd hefir nú lokið störfum sínum og þar með væntanlega þeim undirbúningi, sem vantaði í fyrra, er málið lá fyrir þinginu, og sem nauðsynlegur er til þess, að hægt sje að snúa sjer að verklegum framkvæmdum í byggingu hins margþráða landsspítala.

Og það eru fleiri en jeg, sem líta svo á, að nú þurfi alvarlega að hefjast handa. Nú síðustu dagana hafa komið áskoranir frá allmörgum kvenfjelögum hjer í bænum, og frá Læknafjelaginu hefir þinginu borist mjög svo ákveðin ósk um þetta sama. Og auðvitað ættu læknarnir að vera öllum öðrum kunnari um þörfina á spítalanum, og af því þessi áskorun skýrir málið svo vel, vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp fundarsamþykt fjelagsins:

„Læknafjelag Reykjavíkur telur svo brýna nauðsyn bera til þess, að landsspítali sje bygður, að undan því verði ekki flúið. Húsnæði vantar fyrir sjúklinga; kensla læknanema verður erfiðari með ári hverju, kensla ljósmæðra og hjúkrunarnema getur ekki orðið viðunandi fyr en fram úr þessu er ráðið".

Hjer er í mjög svo ákveðnum orðum vikið að nauðsyn málsins, ekki einungis þörfinni að koma upp spítalanum, vegna hinna mörgu sjúklinga, sem ekki komast að í þeim spítölum, sem fyrir eru — og sem hin illu og ónógu húsakynni hjer í Reykjavík gera enn brýnni —, heldur einnig vegna læknakenslunnar við háskólann.

Og mjer finst þessi ástæða enn merkilegri fyrir þá sök, að það er einmitt sama ástæðan, sem borin var fram, þegar þessu máli var hreyft fyrst opinberlega, svo jeg viti, en það var á Alþingi 1845, að Jón Sigurðsson bar þetta mál fram; tillaga hans og nefndar þeirrar, sem um það fjallaði þá, var í þá átt, að settur yrði á stofn í Reykjavík spítali og við hann settir 2 kennarar auk landlæknis.

Átti sá spítali að kosta um 12 þús. ríkisdala, og hefir það sjálfsagt verið „stór peningur" þá. En ekki sjest, að þeim hafi vaxið það neitt í augum, og þóttust sjá ráð til að kljúfa þann kostnað. Þá voru aðeins 8 læknar á öllu landinu, en þá er talað um, að þeim þurfi að fjölga svo, að 1 læknir verði í hverri sýslu að minsta kosti.

Þetta er nú kanske útúrdúr, en það sýnir, að bestu menn þjóðarinnar hafa ekki verið hræddir við að leggja mikið fje til þess, sem þeir álitu vera til þjóðþrifa.

Í áliti spítalanefndarinnar er gert ráð fyrir, að spítalinn fullbygður, eftir uppdráttum þeim, sem fyrir liggja, muni kosta 3 milj. og 400 þús. kr. Það er nú von, að mönnum vaxi þessi mikla fjárhæð í augum. Og það kann að vera, að hæstv. stjórn telji sig ekki máttuga til þess að útvega svo mikið fje, sem þarf. En það er bót í máli, að nefndin telur, að ekki þurfi að byggja alt í einu.

Hún stingur að vísu upp á því, að vesturálma spítalans og miðhúsið, ásamt

fleiri nauðsynlegum byggingum, verði bygt í einu. Og kostar það með áhöldum eftir áætluninni nálægt 3 milj. kr.

En jeg hefi mikla ástæðu til að halda, eftir viðtali mínu við einn nefndarmann, að ekki þurfi að taka svo mikið fyrir í einu. En jeg skal ekki fara út í það að svo stöddu.

Jeg þykist líka vita, að hæstv. stjórn hafi hugsað sjer ákveðnar framkvæmdir í þessu máli, bæði að því er fjárhagshliðina og tilhögun verksins snertir.

Og með þessari fyrirspurn minni hefi jeg gefið hæstv. stjórn tækifæri til þess að skýra fyrir hv. þingdeild fyrirætlanir stjórnarinnar í þessu mikilvæga máli, sem þar að auki er áhugamál allra landsmanna.

[redacted]

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal hjer með leyfa mjer að svara þessari landsspítalafyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (JB) eins og unt er.

9. nóv. 1921 var skipuð nefnd til þess að gera tillögur og áætlanir um byggingu landsspítalans. Í þessari nefnd sátu fyrst Guðmundur prófessor Hannesson, Guðmundur læknir Thoroddsen og Jón Hjaltalín Sigurðsson hjeraðslæknir; en síðar voru skipuð í hana Halldór Steinsson hjeraðslæknir og Ingibjörg H. Bjarnason skólastjóri. Þessi nefnd hefir nú lokið störfum sínum, og hafa teikningar allar og áætlanir verið lagðar hjer fram, og geri jeg ráð fyrir því, að hv. þingmenn hafi þegar kynt sjer þau mál. Eins og auðsjeð er á þeim plöggum öllum, er það mjög mikil vinna, sem liggur í störfum nefndarinnar, og vil jeg hjer með nota tækifærið til þess að þakka henni fyrir það, þar sem það er mjög vandað og vel af hendi leyst, og auk þess hefir nefndin unnið kauplaust. Það er áætlað, að allur byggingarkostnaður verði 3400 þús. kr., miðað við núverandi verðlag. En miðbyggingin og vesturhliðin, sem álitið er, að megi byggja sjerstaklega, á að kosta 2 milj. og 600 þús. kr. Mætti þó kanske láta sjer nægja að byrja með enn þá minna, sleppa t. d. fyrst um sinn þeirri deild, sem Röntgenstöðin á að vera í, og mundi þá kostnaðurinn sennilega fara ofan í 2 milj. Hefir mjer líka heyrst á sumum læknum, að jafnvel mætti byrja á enn þá minna. En auk þess sem nefndin hefir þannig gert áætlanir um byggingarkostnaðinn sjálfan, hefir hún gert það, sem ekki er síður mikilsvert, sem sje áætlun um rekstrarkostnaðinn, og vil jeg leyfa mjer að minna þar á nokkrar niðurstöður hennar.

Öll árleg gjöld, starfslaun, hiti, ljós, fæði, eru áætluð 281 þús. og 500 kr., en tekjurnar eru áætlaðar 180 þús. kr., og eru það fæðispeningar sjúklinga eingöngu, en fyrir ýms læknisstörf er ekki áætlað að taka neitt gjald. Árlegur rekstrarhalli er því áætlaður 101 þús. kr. Þar við bætist þó, að þarna eru ekki taldar rentur og afborganir af verði hússins.

Jeg er sammála hv. fyrirspyrjanda (JB) um þörfina á spítalanum; af henni verður ekki ofsögum sagt. Ástandið er nú svo, að á ýmsum sjúklingum þarf að gera stóra skurði, en þeir verða að bíða, oft alllengi, aðeins af því, að ekki er spítalapláss til. Gildi þessa spítala er heldur ekki aðeins fyrir Reykjavík eina, heldur fyrir alt landið. Annars þarf jeg ekki að fjölyrða um þetta, því um það munu allir sammála. Jeg tel einnig víst, að þegar ráðist verður í bygginguna,

verði farið eftir till. og áætlunum nefndarinnar. Það er aðeins eitt, sem örðugleikum veldur nú — og það að vísu mjög stórt atriði — og það er fjárhagsatriði málsins.

Hv. fyrirspyrjanda (JB) er það samt eins kunnugt og mjer, að ómögulegt er að sjá nú, að unt sje að gera neitt á þessu ári. Ein bygging á þó, samkvæmt loforði stjórnarinnar, undir öllum kringumstæðum að ganga á undan landsspítalanum, og það er viðbótin við Klepp. En kostnaðurinn við þessa viðbót er áætlaður 400 þús. kr. En um landsspítalann sje jeg ekki að unt sje nú að gefa ákveðið svar; það fer mikið eftir tímunum og fjárhagshorfunum að sjálfsögðu. Á þessu ári er ekki sjáanlegt, að unt sje að byrja, en stjórninni er það mikið áhugamál að byrja undir eins og nokkur tök eru á því, eins og jeg hafði tekið fram þegar á síðasta þingi.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvinsson): Jeg verð að segja það, að svar hæstv. forsrh. (SE) var ekki neitt sjerlega glæsilegt. Og það hljóta að verða mönnum vonbrigði, að stjórnin skuli ekki sjá neina möguleika til framkvæmda nú, annaðhvort á byggingu nokkurs hluta spítalans eða alls.Margir líta þó svo á,að byrja megi í allmiklu smærra stíl en nefndin gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðherra (SE) gerði mikið úr fjárhagsörðugleikunum og sagði, að þeirra vegna væri nú ekki unt að segja, hvenær unt væri að byrja. Með þessu er málinu í rauninni skotið svo langt fram fyrir sig, að möguleikarnir eru engir sjáanlegir. Það sem jeg vildi hjer stuttlega benda á og leggja áherslu á, er samband þessara framkvæmda við það ástand, sem nú er hjer ríkjandi, og þá einkum við atvinnuleysið. Jeg vil þar fyrst benda á það, að þó fjárhagurinn sje erfiður nú, er það ekki útilokað, að hann geti orðið enn þá erfiðari og atvinnuástandið í landinu versni.Og það getur verið, að einmitt hið erfiða ástand neyði til framkvæmda í þessu og öðru — og hvað á þá að gera? Jeg hefi ennfremur áður bent á það, að unt væri að bæta í þessu sambandi úr tveimur vandamálum í senn, sem sje að bæta úr hinu sára atvinnuleysi og að koma upp spítalanum, og það blátt áfram með því að láta vinna að spítalanum nú, meðan fólk er atvinnulaust hvort sem er. Hitt getur auðvitað komið til mála líka, að láta vinna á þennan hátt að Kleppsbyggingunni, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, að stjórnin hefði lofað að láta ganga fyrir landsspítalanum. Jeg sje ekki annað en að það sje þjóðarhagur að fá þannig bætt úr atvinnubrestinum. Jeg legg því áherslu á það, að rjett og sjálfsagt sje að gera alt, sem unt er, til þess að láta byrja á verkinu þegar á þessu ári. Með því er gert tvent í einu, flýtt fyrir nauðsynjafyrirtæki og bætt úr atvinnuleysisbölinu.

Vænti jeg þess, að hæstv. stjórn taki þetta á ný til athugunar, því mjer þykir leitt, hvað svör hennar eru óákveðin og engu betri en á síðasta þingi, — en við svo búið má ekki standa lengur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr svari mínu í þessu máli á þinginu í fyrra. Það hljóðar svo:

„Jeg vildi aðeins lýsa yfir því, fyrir hönd stjórnarinnar, að hún er öll á einu máli um það, að nauðsyn sje á því að koma landsspítalanum upp. En hvar á að fá fje til þess? Sannleikurinn er sá, að nú sem stendur er ekki

fje fyrir höndum til þess. En hvernig það verður í framtíðinni, fer eftir fjárhorfunum þá. En undir eins og hægt er, tel jeg sjálfsagt að byrja á verkinu, en hve nær það verður, er ómögulegt að segja; það veit hvorki þing nje stjórn. Og önnur svör get jeg ekki gefið".

Þetta svar er mjög á sömu leið og það, sem jeg hefi nú gefið. Og annað svar er jeg ekki fær um að gefa.

Mjer fanst annars koma fram óeðlileg bölsýni í orðum hv. fyrirspyrjanda (JB), er hann talaði um, að úr því stjórnin svaraði á þessa leið, væri ekki unt að eygja neina möguleika til að koma upp landsspítalanum á næstu árum. Svar mitt áðan hefði ekki átt að geta gefið tilefni til svo bölsýnna hugleiðinga. Jeg sagði aðeins, að ekki yrði hægt að byggja hann á næsta ári, og kvað yfirleitt annars ekki hægt að fastákveða, hve nær hann yrði bygður, þar sem það hlyti að fara mjög eftir efnalegum ástæðum ríkissjóðsins. Hitt tók jeg jafnframt fram, að jeg vonaði, að þetta gæti orðið innan stutts tíma og að stjórnin myndi gera alt, sem í hennar valdi stæði, til að það yrði sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvinsson): Það er eitt, sem mjer láðist að spyrja hæstv. stjórn um áðan, og ætla jeg að gera það nú. Það eru til lög frá þinginu 1919 um húsagerðir ríkisins. Þar eru taldar upp nokkrar opinberar byggingar, sem reisa skuli á næstunni, og er landsspítalinn þar efstur á blaði. Var þar ætlast til, að stjórnin tæki lán til að koma honum upp. Nú vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvort hún telur nokkra möguleika aðra til að koma upp spítalanum en þann að taka lán; og í öðru lagi, hvort hún hefir gert sjer nokkurt far um að taka lán í þessu skyni. Jeg lít nefnilega svo á, að vilji hún ekki nota þessa lánsheimild, þá muni seint verða bygt. Því jeg býst við, því miður, að það kunni að verða langt þangað til 2 miljónir króna verða fyrirliggjandi og á lausum kjala í ríkissjóðnum. Það, sem mig langar því til að fá svör við, er þetta: hvort stjórnin hefir leitað fyrir sjer um lán eða ætlar að gera það. A því veltur að minni skoðun meir en á tómum góðum vilja hæstv. stjórnar.

Forsætisráðherra (SE): Það er rjett hjá hv. fyrirspyrjanda (JB), að landsspítalinn er ein af þeim stofnunum, sem heimild er til að byggja í lögum, og til þeirrar byggingar má einnig taka lán. En eins og hv. fyrirspyrjanda (JB) mun jafnkunnugt, hefir ekki getað orðið úr þessu enn, sökum hinna erfiðu tíma. Jeg er annars samdóma hv. þm., að ekki verði hægt að reisa landsspítalann án þess að taka lán. En þótt bara sje um það að ræða að taka lán, þá er ekki hlaupið að því á hverri stundu, sem vera skal. Ríkissjóðurinn verður fyrst og fremst að hugsa um að sjá þeim fyrirtækjum borgið, sem hann er byrjaður á. Nú er Flóaáveitan efst á dagskrá, þá kemur Kleppsspítalinn, sem ómögulega getur beðið lengur, og auk þess er nú í ráði hjá þinginu að kaupa strandvarnarskip. Það er því auðsætt, að í mörg horn er að líta. Og þótt um lán sje að ræða, þá verður það líka að vera takmörkum bundið. Við verðum þó að sjá fótum okkar svo forráð, að við fáum klofið afborganir og vexti af þeim lánum. Það fer því líka undir efnum og ástæðum, hve nær hægt er að taka slík stórlán. Og á slíkum tímum,

sem nú standa yfir, verðum við að reyna að takmarka okkur á allan hátt í þeim efnum.

Jeg sje mjer því ekki fært að gefa ákveðnari loforð í þessu efni en jeg hefi gert nú.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvinsson): Hæstv. forsrh. (SE) hefir nú viðurkent, að ekki muni vera hægt að reisa landsspítalann án þess að taka lán. Hann kveðst mjer samþykkur í því, að það sje eina leiðin. **(Forsrh. SE:** Jeg tek það fram, að jeg veit ekki, hvort einu sinni er hægt að fá það lán nú). Að hæstv. stjórn hefir ekki reynt þá leið, getur því ekki skilist á annan veg en þann, að hún vilji ekki fara inn á þá leið. Úr því búið er að eyða því fje, sem upphaflega var af þinginu 1919 ætlað til þessa fyrirtækis, þá ætti að afla nýs fjár nú. Að mínu áliti þolir þetta mál ekki lengri bið.

Hæstv. forsrh. (SE) kvaðst ekki vilja gefa önnur loforð en þau, sem hann treysti sjer til að efna. Það er líka rjett gert af honum. En jeg verð þá að lýsa því yfir, að jeg geri mjer minni vonir um framkvæmd þessa máls nú, eftir að jeg hefi heyrt undirtektir hæstv. forsætisráðherra, en áður. Jeg get ekki litið svo á, að hann kæri sig neitt sjerstaklega um framkvæmd þessa máls, úr því hann vill ekki nota þessa lánsheimild, sem stjórninni hefir verið veitt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg fer nú að verða heldur undrandi yfir hv. fyrirspyrjanda (JB). Hann kvartar yfir því, að stjórnin vilji ómögulega taka lán til þessa fyrirtækis, en þó var jeg að lýsa því yfir rjett áðan, að spítalinn myndi aldrei verða reistur án þess, að lán væri tekið, og kvað jafnframt stjórnina mundu stuðla að því, að þetta gæti orðið sem fyrst. Hitt tók jeg jafnframt fram, að fyrst yrðu að sitja fyrir fyrirtæki eins og Flóaáveitan og Kleppsspítalinn, sem ríkið væri þegar byrjað á. Sje jeg ekki, að með nokkru móti sje hægt að lá stjórninni þá ákvörðun hennar. En væri nú svo, að hv. Alþingi vildi endilega láta stjórnina taka lán nú og reisa spítalann á þessu ári, þá liggur beinast við að koma fram með till. til þingsályktunar, þess efnis, að Alþingi skori á stjórnina að hraða sjer að nota lánsheimildina og láta í skyndi reisa húsið.

2. Löggildingarstofan.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um löggildingarstofuna (A. 38).

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, h v o r t l e y f ð s k y l d i.

Fyrirspurnin leyfð með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnu- og samgöngumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Lárus Helgason): Þar sem mjer er kunnugt um, að fjöldi landsmanna hefir verið óánægður með löggildingarstofuna frá byrjun og þar sem óánægja þessi mun frekar hafa aukist en minkað í seinni tíð, fanst mjer rjettmætt, að Alþingi fengi nú sem glegsta skýrslu um, hvað stofnun þessi hefir kostað landsmenn. Um starfrækslu hennar þarf ekki að fjölyrða. Landsmönnum er hún svo kunn; hún hefir þótt óhagfeld og dýr. Til þess nú að fá það rjetta fram, vîldi jeg leyfa mjer að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. atvrh. (KlJ) í framhaldi af fyrirspurn minni til hæstv. stjórnar á þskj. 38:

1. Hve miklu fje var varið úr ríkissjóði til stofnunar löggildingarstofunnar?

2. Hve marga menn hefir hún haft hvert ár um sig í þjónustu sinni, hverja og með hvað háum launum?

3. Hvað hefir hún kostað landsmenn árlega (hvert ár fyrir sig), þar með talið húsnæði, ljós og hiti og allur annar kostnaður?

4. Hve hár er kostnaðurinn samanlagður öll árin frá byrjun?

Þessum spurningum mínum vænti jeg, að hæstv. atvrh. (KlJ) svari svo nákvæmlega, sem honum er unt. Komi það þá fram, sem mig og fjölda manna hefir grunað, að hjer sje um of dýra og of umfangsmikla stofnun að ræða, þá er sjálfsagt að leggja hana niður sem fyrst, og mun jeg ásamt öðrum hv. þm. koma með frv., er gerir gagngerða breytingu í þessu efni.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta. Hæstv. atvrh. (KlJ) gefur væntanlega greið svör við spurningum mínum, og að þeim svörum loknum hefi jeg þá tækifæri til að ræða nánar um þetta mál.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þó að hv. fyrirspyrjandi (LH) hafi bætt við nokkrum spurningum, skal jeg fyrst halda mjer við fyrirspurnina á þskj. 38. Hún er eiginlega 2 spurningar: hve mikið löggildingarstofan hafi kostað ríkið á ári hverju og hve miklar aukatekjur hún hafi haft árlega af verslun sinni frá verslunum landsins.

Jeg skal taka það fram, að jeg hefi leitað til forstöðumanns löggildingarstofunnar og fengið hjá honum þessar tölur, er jeg skal nú lesa upp. Svarið verður að mestu leyti tölur, enda var spurt um tölur.

Fyrri liðnum, hve mikið löggildingarstofan hefir kostað landið árlega, svarar forstöðumaður á þessa leið; jeg sleppi að lesa upp aura og læt standa á heilum krónum:

Árið 1918 .. .. kr. 1868,
— 1919 .. .. — 18684,
— 1920 .. .. — 7443,
— 1921 .. .. — 8191,
— 1922 .. .. — 6840,

og eru það laun forstöðumanns og ferðakostnaður.

2. liðnum, um aukatekjur löggildingarstofunnar, svarar hann þannig, og eru þá löggildingargjöld og eftirlitsgjöld talin með tekjum af verslun:

Árið 1919 .. .. kr. 6025,
— 1920 .. .. — 28461,
— 1921 .. .. — 23949,
— 1922 .. .. — 20558.

Þetta eru brúttótekjur löggildingarstofunnar. Kostnaður við mannahald, húsaleigu o. s. frv. ekki dregið frá, en þegar það er gert, færast þessar upphæðir eðlilega mikið niður.

Fyrirspurninni mundi ekki þykja nægilega svarað, þó að henni sje í raun og veru svarað bókstaflega með þessu, nema því aðeins, að dreginn sje frá kostnaðurinn við þessa stofnun og skýrt frá tekjuafgangi hennar eða halla á rekstrinum.

Jeg skal fyrst tilgreina kostnað við mannahald. Árið 1919 var hann 3601 kr., þar af á verkstæði 1500 kr., 1920 mannahald alls 17351 kr., þar af á verkstæði 8616 kr., 1921 20065 kr., þar af á verkstæði 8865 kr., og 1922 var mannahald 16455 kr., af því á verkstæði 6620 kr. Jeg skal geta þess, að jeg hefi fengið 3 skýrslur frá formanni löggildingarstofunnar og ber þeim ekki algerlega saman, en munurinn er ekki verulegur.

Nú geri jeg ráð fyrir, að menn vilji ef til vill heyra, hvernig verkstæðið hefir borið sig sjerstaklega. Árið 1919 var 177 kr. tap á því, en hagnaður varð nokkru meiri á rekstri löggildingarstofunnar, svo að tekjuafgangur varð af öllu samanlögðu 52 kr. Árið 1920 var hagnaður af verkstæðinu 2310 kr., en alls varð hann 14559 kr. Árið 1921 varð tekjuafgangur af verkstæði 1291 kr., en hagnaður af öllu samanlögðu 6584 kr. og loks árið 1922 varð 1465 kr. tap á verkstæðinu, en að öllu samanlögðu varð þó hagnaður á rekstrinum, sem nam 1793 kr. Þennan tekjuafgang, eða þó öllu fremur 2000 kr., býst forstöðumaður við að geta greitt til ríkissjóðs, þar sem hann telur ekki þörf að auka starfrækslufjeð.

Hv. fyrirspyrjandi (LH) lagði fleiri spurningar fyrir mig, t. d. hve margir menn hefðu verið í þjónustu löggildingarstofunnar og hve mikil laun þeir hefðu hver um sig. Jeg get einnig skýrt frá þessu. Árið 1919 hafði hún 4 menn í þjónustu sinni, 1920 7 menn, þar af 4 á verkstæði, 1921 6 menn, þar af 3 á verkstæði, og 1922 7 menn, og voru 3 þeirra á verkstæði. Jeg skal ekki lesa upp nöfn þessara manna; þeir munu fáum kunnir hjer, enda tel jeg ekki rjett að fara að draga þá inn í þessar umræður. Jeg hirði heldur ekki um að sundurliða laun þeirra, en skal þó taka fram, að mjer þykir kaup sumra æðihátt.Einn maður hafði t. d. 1921 4800 kr. í laun, og er það hærra en greitt er í flestum skrifstofum, og það þó að menn hafi unnið lengi á sama stað. En hjer getur ekki verið um það að ræða, að launin sjeu svo há vegna langrar þjónustu. Og þessi laun eru einnig hærri heldur en t. d. í stjórnarráðinu.

Um húsaleiguna er það að segja, að jeg get að vísu gefið skýrslu um hana og annan kostnað, en sje ekki ástæðu til að sundurgreina þetta svo nákvæmlega, þar sem jeg hefi skýrt frá tekjum þessarar stofnunar, mannahaldi og kostnaði við það og tekjuafgangi. Þó mun jeg gera það, ef mönnum er mjög umhugað að vita þetta.

Það er í sjálfu sjer rjett, að hv. þingdeild fái að vita, hvort löggildingarstofan hafi gert nokkurt verulegt gagn.Mjer fanst það felast í fyrirspurninni, að mikið gagn stæði ekki af henni, og sama kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda (LH). Þykir mjer rjett, að báðar hliðar málsins komi greinilega í ljós, kostnaðurinn við þessa stofnun og gagnsemi hennar.

Forstöðumaðurinn getur sem dæmi þess, að við fyrsta eftirlit á árunum 1919—1921 voru 63% af járnlóðum ónothæft, en við 2. eftirlit aðeins 29%. Fyrra eftirlitið náði um alt land, en hið seinna einungis hjer í Reykjavík, en

forstöðumaður tekur það fram, að við fyrra eftirlitið voru mælitækin í Reykjavík engu betri en annarsstaðar á landinu, og sje því þessi samanburður eigi fjarri sanni. Af koparlóðum voru ónothæf við fyrra eftirlitið 26%, en 9% við hið síðara, kvarðar 48% ónothæfir í fyrra skiftið, en 19% í hið síðara, og af mælikerum 68% við fyrra eftirlitið, en einungis 13% við 2. eftirlit. Sýnir þetta ljóslega, að röngum mælitækjum hefir farið stórum fækkandi síðan löggildingarstofan tók til starfa.

Forstöðumaður tekur sömuleiðis fram, að engin vanþörf hafi verið á því að yfirlíta mæliáhöld manna, er stafi sjerstaklega af því, að menn máttu kaupa þau hvar sem þeir vildu, án nokkurs eftirlits, og því hafi svo margir haft algerlega óhæfar vogir. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp kafla úr skýrslu hans um þetta atriði:

„Jeg á hjer einkanlega við eina gerð borðvoga, sem vigtuðu oft ¼ til ½ pundi skakt á 5 pundum, þegar þær fóru að slitna, og jafnvel nýjar vógu meira eða minna skakt, ef þær voru eigi vel gerðar, sem oft vildi við brenna. Verst við þessar vogir var það, að sá, sem vóg á þær, gat ráðið því, að þær vægju ætíð honum í hag, hvort heldur hann seldi eða keypti. Reyndar munu fáir verslunarmenn hafa vitað þetta, og þeir, sem vissu, líklega heldur ekki fært sjer það í nyt. -- Löggildingarstofan hefir bannað notkun þessara borðvoga".

Hann getur þess einnig, að „margar aðrar vogir, sem voru þó af brúkanlegri gerð, voru svo stirðar vegna slits, ryðs og skemda, að þær gátu naumast talist vogartæki". Því hafi ekki getað verið um mikla nákvæmni að ræða með slíkum áhöldum, auk þess sem flest hafi verið vilhöll. Á þessu hefir verið ráðin mikil bót.

Jeg vona, að með þessu sje sýnt fram á, að þó að þessi stofnun hafi verið dýr — ef til vill óþarflega dýr — hafi hún samt gert gagn. Skal jeg bæta því við úr skýrslu forstöðumannsins, að um það bil er löggildingarstofan tók til starfa, komu kvartanir frá Spánverjum, að saltfiskspakkarnir stæðu ekki rjetta vigt. Síðan hefir ekki borið á þessu, „svo að líklegt er, að ein orsökin, og það ef til vill aðalorsökin, til þessara umkvartana hafi verið sú, að notuð voru vond vogartæki", segir í skýrslunni.

Að endingu skal jeg geta þess, að nú hefir verkstæðið verið lagt niður, þannig að það er nú rekið fyrir reikning þeirra manna, sem þar vinna.

Fyrirspyrjandi (Lárus Helgason): Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ), hvað hann hefir svarað bæði skýrt og vel. Jeg skal bæta því við, að mín skoðun var ekki sú, að löggildingarstofan hefði ekki gert gagn á neinn hátt. En jeg og margir fleiri erum á því, að þetta sama mætti gera á öðrum grundvelli heldur en með þessari stofnun. Það má hafa eftirlit með mælitækjum á annan hátt en að setja upp skrifstofu með mörgum mönnum og reka þessa stofnun eins og hún hefir verið rekin. Annars býst jeg við að fá síðar tækifæri til að gera nánari grein fyrir skoðun minni á þessu máli, þegar frv. okkar hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) kemur til umræðu, og skal því ekki deila frekar um það að sinni.

3. Landhelgi og landhelgisgæsla.

Á 8. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um landhelgi og landhelgisgæslu (A. 42).

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að forsætisráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, var fyrirspurnin enn tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Það er raunar að mestu óþarft að ræða nú um gang og aðdraganda þessa máls að undanförnu hjer á þingi og utanþings, enda skal jeg ekki fara langt út í það.

Nauðsynin á aukinni og bættri landhelgisgæslu, og það skjótri úrlausn á því máli, er svo auðsæ og aðkallandi, að eigi verður um það deilt.

Það er, að jeg hygg, trauðla hægt að meta til fjár þann beina og óbeina hag, sem af góðri og öflugri landhelgisgæslu leiðir beinlínis með því að verja og vernda fiskveiðarnar innan landhelginnar, koma í veg fyrir það óskapa tjón, sem menn verða þrásinnis fyrir á afla og veiðarfærum af völdum innlendra og — máske fremur — erlendra yfirgangsseggja, sem neyta hvers færis sem gefst til að veiða í landhelgi, þar sem eitthvað er að hafa.

Að menn á hinum smærri skipum, róðrarbátum og vjelbátum, geti óáreittir og í fullum friði neytt sín við veiðarnar innan landhelginnar, er því meira um vert nú og þýðingarmeira, þar sem það er yfirleitt mjög erfitt að láta hina stærri útgerð bera sig fjárhagslega, og miklir erfiðleikar á um rekstrarfje handa henni.

Hið óbeina gagn, sem landhelgisgæslan hefir í för með sjer, er að vernda ungviðið eða uppfæðinginn, sem mest heldur sig í landhelgissvæðinu, meðfram ströndum landsins, yfir sumar- og haustmánuðina. Verndun ungviðisins er vitanlega því nauðsynlegri og þýðingarmeiri fyrir framtíðina, sem meiri verður örtröðin á fiskimiðunum hjer við land, og altaf eru að finnast ný og ný fiskigrunn, nýir og nýir hrygningarstaðir, sem áður voru friðaðir, af því mönnum var alls ókunnugt um þá.

Vinningurinn við landhelgisgæsluna er því hvað þetta atriði snertir — verndun ungviðisins — mjög mikilsverður fyrir viðkomu og viðhald fisksins og fiskveiðanna í framtíðinni. Landhelgisgæslan er því ekki einungis til gagnsmuna og hagsbóta þann og þann tímann, sem yfir stendur, heldur veltur mikið á henni og því, hve öflug hún er, að þessi atvinnuvegur haldist við og geti veitt

landsmönnum björg og brauð í framtíðinni.

Mál þetta hefir verið til meðferðar á 4 undanförnum þingum, og má með sanni segja, að yfir fáum málum hefir verið vakað með meiri eftirtekt af almenningi en einmitt þessu, enda hafa jafnan komið háværar raddir frá þjóðinni um að kippa því í betra horf.

Á þinginu 1919 voru, svo sem kunnugt er, samþykt heimildarlög fyrir stjórnina til að láta smíða,kaupa eða leigja skip til landhelgisgæslu. Talið var haganlegast, allra hluta vegna, að skipið væri af svipaðri gerð sem togarar um stærð og byggingarlag, en ganghraða þyrfti það vitanlega að hafa nokkru meiri heldur en venjulegir botnvörpungar.

Á þessu sama þingi var lögð fram áætlun um allan kostnað við útgerð slíks skips, eftir því verðlagi, sem þá var á öllu, og yfirleitt var málið svo vel undirbúið sem föng voru á.

Á þinginu 1920 — en þá var engin framkvæmd orðin á landhelgisgæslumálinu á grundvelli þeirra heimildarlaga, er jeg nefndi — var samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að hrinda málinu í framkvæmd. Á því þingi kom stjórnin með tilboð frá Dönum, þar sem þeir kváðust tilleiðanlegir til að auka landhelgisgæsluna á því ári, ef þess væri óskað, og hafa hjer við land 2 skip að staðaldri, að minsta kosti mikinn hluta ársins. Þessu boði var tekið, og ljet sjávarútvegsnefnd neðri deildar stjórninni í tje álit sitt um það, hvernig haganlegast væri að skipin höguðu gæslunni, hvaða svæði þau hefðu til yfirferðar hvert um sig á hverjum tíma, eftir því sem nefndin áleit, að gæslan mætti verða að mestu liði. Eftir þessari tilhögun ætlaðist nefndin til, að stjórnin fengi framgengt við foringja skipanna, að þeir höguðu gæslunni eftir því, sem því yrði við komið. En það var jafnframt skýrt tekið fram á þinginu, að þessi aukning Dana á gæslunni væri engin framtíðarúrlausn á málinu og drægi ekki úr nauðsyninni á að framkvæma heimildarlögin frá 1919.

Á þinginu 1921 var enn engin framkvæmd orðin á málinu. Flutti jeg þá, ásamt 2 öðrum hv. þm., fyrirspurn til stjórnarinnar um málið. Út af þessari fyrirspurn risu, eins og mönnum er kunnugt, allmiklar deilur, sem hjer er ekki ástæða til að rifja upp, og varð stjórnin fyrir hörðu aðkasti fyrir athafnaleysi í málinu. En að öðru leyti stóð málið þá eins og árið áður, að enn var vilyrði frá Dönum fyrir því, að þeir hefðu 2 skip til landhelgisgæslu allmikinn hluta árs og höguðu starfi sínu líkt því, sem ráð var fyrir gert árið áður, sem reyndar hafði orðið nokkur misbrestur á, að framkvæmt yrði svo sem til var ætlast, því að gæslan hafði í raun og veru orðið minni en til var stofnað.

Á síðasta þingi var málinu enn hreyft á þann veg, að sjávarútvegsnefnd neðri deildar flutti þingsályktunartillögu þess efnis, að skora á stjórnina að semja við Dani um landhelgisgæslu til þriggja ára, á þeim grundvelli, að þeir hefðu hjer 2 skip, og var stjórninni heimilað fje í því skyni. Tillögu þessari var á þinginu breytt í það horf, að samningurinn skyldi bundinn við yfirstandandi ár og heimildin til fjárframlaga var feld niður, og þannig var tillagan samþykt. Ekki veit jeg, hvernig samningar hafa tekist um þetta mál, en óhætt mun að fullyrða, að litlu hafi verið aukið við landhelgis-

gæsluna af hálfu Dana, umfram það, sem þeir eru skyldir til lögum samkvæmt.

Eins og þetta yfirlit yfir gang málsins á 3 síðustu þingum ber með sjer, hefir sú ein framkvæmd orðið á aukningu landhelgisgæslunnar, að því er varnir gegn ásælni og yfirgangi botnvörpunga snertir, er Danir hafa gert umfram það, sem þeim ber bein lagaskylda til. Reyndar má geta þess, að björgunarskipið Þór, sem notið hefir árlegs styrks úr ríkissjóði, hefir, jafnframt björgunarstarfsemi sinni, orðið að nokkru liði í þessu efni á svæði því, sem hann hefir haldið sig á, sem sje í kring um Vestmannaeyjar. Auk þess hefir vjelbátur fengið árlega nú í nokkur ár einhvern styrk fyrir landhelgisvörn í Garðsjónum. Um síldveiðitímann hefir aftur á móti að undanförnu verið haldið uppi sjálfstæðri landhelgisgæslu af okkar hendi fyrir Norðurlandi með vjelbátum og svo af björgunarskipinu Þór síðastliðið sumar, jafnframt því sem danska varðskipið hefir auðvitað gætt landhelginnar þar að einhverju leyti. Jeg sagði, að haldið hafi verið uppi þarna sjálfstæðri innlendri landhelgisvörn. Reyndar hefi jeg heyrt, að nokkuð leiki á tveim tungum um það, hvort svo vel hafi verið um hnútana búið að þessu leyti, að fult gagn hafi orðið að landhelgisgæslunni.

Sú bót eða úrlausn á landhelgismálinu, sem fengist hefir við áminsta aukningu af hendi Dana í landhelgisgæslunni, er okkur allsendis ónóg og ófullnægjandi, þó að hún hjeldi áfram, sem jeg ætla, að litlar líkur sjeu til á þessu ári. Það skal þó fyllilega viðurkent, að á síðustu 2 árum hafa 2 af foringjum skipanna orðið fengsælir fyrir landhelgissjóðinn og sýnt óvenjulega árvekni og áhuga í starfi sínu, og þó einkum og sjer í lagi annar þeirra, hið góðkunna dugnaðar- og lipurmenni Broberg skipstjóri, sem áður stýrði Ceres hjer við land.

En yfirleitt er þess ekki að vænta, að útlendir menn, sem hingað koma bráðókunnir öllum högum og háttum hjer, hafi eins ljósan skilning á þýðingu landhelgisvarnanna fyrir líf og afkomu þjóðarinnar eins og innlendir menn, sem þekkja þetta út í ystu æsar. Og svo er annað atriði í þessu máli, er jeg benti á á þinginu 1921, þegar fyrirspurnin um þetta mál kom til umræðu, og það eru hin tíðu foringjaskifti á varðskipunum. Foringjarnir fá aldrei þá reynslu og æfingu í þessu starfi, sökum þess hve skamman tíma þeir gegna því, sem er að sjálfsögðu bráðnauðsynleg til þess að það beri góðan árangur. Þegar þeir eru að byrja að kynnast starfinu og ef til vill vaknaður hjá þeim áhugi fyrir því, þá er útrunninn sá tími, er þeir eiga að vera hjer, og nýr maður kemur í staðinn, öllu ókunnugur. Svona gengur þetta koll af kolli, alveg öfugt við það, sem vera þyrfti.

Landhelgisgæsla Dana, og allra helst meðan hún er rekin með því fyrirkomulagi, sem verið hefir og jeg hefi nú lýst, getur aldrei orðið annað en aðstoðargæsla, landhelgisgæsla til aðstoðar sjálfstæðri innlendri landhelgisgæslu, sem þær eiginlegu landvarnir hjer verða að sjálfsögðu að grundvallast á. Það er ógerningur að komast hjá því lengur að koma upp strandvarnarskipi á þann hátt, er ráð var fyrir gert á þingi 1919 og jeg og fjöldi annara manna höfum ávalt haldið fram síðan. Vjer verðum að taka að oss forystuna í landhelgisgæslunni á þennan hátt, og má fullkom-

lega vænta þess, að gott samkomulag og samvinna gæti tekist milli þessa íslenska skips og skips þess, sem Danir hefðu hjer að sjálfsögðu eftir sem áður, samkvæmt sambandslögunum, meðan þeir njóta rjettar hjer til jafns við landsmenn um fiskiveiðarnar, enda engin ástæða til að gera ráð fyrir undandrætti af hálfu Dana um það. Slík samvinna milli foringjans á skipi voru, sem að sjálfsögðu væri gagnkunnugur því, hvernig gæslunni yrði haganlegast komið fyrir, og dönsku foringjanna hins vegar, ætti að geta valdið því, að landhelgisgæsla Dana ætti yfirleitt að geta borið mun betri árangur en nú er með fullri sanngirni, þegar á alt er litið, auðið að krefjast af henni. Með þessu skipulagi ynnist í fyrsta lagi bráðnauðsynleg og óhjákvæmileg þátttaka í landhelgisgæslunni á eigin spýtur, og forysta í því máli, og í öðru lagi gætu orðið betri not af landhelgisvörnum Dana, án þess að þeir legðu meira af mörkum til þeirra en lög standa til. Það gæti og ef til vill komið til mála, að samhliða landhelgisstarfinu gæti skip vort haft eitthvert annað starf í viðlögum, en þó því aðeins, að það kæmi eigi mjög í bága við landhelgisgæsluna, sem að sjálfsögðu yrði að vera aðalstarfið.

Það, sem þessi nauðsynlega framkvæmd hefir strandað á þessi árin, eða verið látin stranda á, eru vitanlega hin miklu fjárhagsvandræði. Það má segja, að lítið hafi greiðst fyrir ríkissjóði í þessu efni enn sem komið er, en skipaverð hefir þó fallið að miklum mun og sömuleiðis útgerðarkostnaður. Fjárhagsörðugleikarnir eru vitanlega fullgild ástæða til þess, að orðið hefir að fresta og fresta verður framkvæmdum á ýmsu því, sem nauðsynlegt er. En afkoma og farsæld þjóðarinnar og viðreisnarstarfsemi byggist vitanlega á því, að atvinnuvegirnir sjeu í sæmilega góðu horfi og geti borið sig. Og hjer er að ræða um bráðnauðsynlegar ráðstafanir, sem miða að því beint og óbeint að vernda og tryggja annan aðalatvinnuveg landsins.

Þá skal jeg í fáum orðum snúa mjer að seinni liðnum í fyrirspurninni.

Á þinginu 1919, þegar heimildarlögin, sem jeg mintist á, voru samþykt, var einnig afgreidd þingsályktunartillaga, er sjávarútvegsnefnd neðri deildar bar fram, þar sem skorað var á stjórnina að beita sjer fyrir tilraunum í þá átt að fá landhelgina rýmkaða. Það veldur okkur eðlilega þungum búsifjum, hve landhelgin er lítil, einir 3 mílufjórðungar, og því fremur, sem fjöldi erlendra skipa sækir hvaðanæfa á fiskimið vor. Og þetta er því meinlegra, þar sem víða hagar svo til, að góð og fiskisæl bátamið liggja um og utan við landhelgislínuna, eins og á sjer stað hjer við Faxaflóa og víðar. En hjer er vitanlega um milliríkjasamninga að ræða, samninga, er Danir gerðu fyrir okkar hönd við Englendinga um síðustu aldamót. Eigum vjer því undir högg að sækja með þetta, og það einmitt við þær þjóðir, sem eiga hjer mikilla hagsmuna að gæta og árlega sækja mikil auðæfi á fiskimið vor, en það eru einkum Englendingar og Frakkar. En þær þjóðir eru auk þess þektar að því að láta það ekki ganga úr greipum sjer, sem þær hafa náð tangarhaldi á. Má því búast við þungum róðri og að lítið verði ef til vill ágengt fyrst um sinn. Þó má vænta þess, að að því hljóti að reka með tímanum, að augu manna opnist fyrir því, að friða verði stærri svæði en nú er fyrir botn-

vörpuveiðum, til þess að vernda ungviðið og koma í veg fyrir alt of mikla fækkun á nytjafiskum. Því að með vaxandi útgerð og auknum framförum á sviði fiskveiðanna hlýtur þeim að fækka með tímanum. Það, að halda hreyfingu á þessu máli, ætti að vekja þær þjóðir, sem mikið lifa á fiskiveiðum, til umhugsunar um þetta alvarlega framtíðarmálefni. Árið 1920 skýrði stjórnin sjávarútvegsnefnd frá, að hreyfing væri komin á málið og heyrst hefðu víða annarsstaðar að raddir í líka átt, en það hefði mætt andmælum frá þeim þjóðum, sem jeg gat um. Síðan hefir ekkert komið fram um þetta mál opinberlega, svo jeg viti.

Þá hefi jeg með nokkrum orðum reifað þessi mál, er fyrirspurnin hljóðar um, en áður en jeg sest niður, ætla jeg með örfáum orðum að minnast á annað mál, náskylt þessu. Það eru sem sje lögin frá síðasta þingi um fiskiveiðar í landhelgi, eða öllu heldur framkvæmd þeirra.

Tilgangurinn með þessum lögum er vitanlega sá, að reyna að búa svo um hnútana, að vjer gætum notið betur fiskiveiða vorra heldur en áður. Vitanlega hefir hið sama vakað fyrir Norðmönnum, er hafa nýlega sett samskonar fiskiveiðalöggjöf, til þess að tryggja sjer veiðinotin og öll þau gæði umfram aðra. Tilgangurinn var að tryggja oss veiðinotin á þann hátt að torvelda erlendum fiskimönnum að athafna sig við veiðarnar, með því meðal annars að meina þeim jafna aðstöðu við oss. Þeir útlendingar, sem hingað sækja og fiska hjer við land, vinna oss ógagn á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að spilla fyrir oss veiðunum og fiskimiðunum, og í annan stað með því að keppa við oss á erlendum markaði með þann fisk, er þeir veiða hjer.

Það ganga allmiklar sögur um það, að framkvæmd þessara laga, einkum og sjer í lagi norðanlands, í sambandi við síldveiðarnar, hafi verið mjög ábótavant og lögin fótum troðin á ýmsan hátt. Þó að landhelgisgæslan fyrir Norðurlandi um síldveiðitímann hafi að sjálfsögðu eigi verið nógu öflug til þess að verja landhelgina til fullnustu, að því leyti sem ekki hefir verið algerlega komið í veg fyrir, að skip hafi skroppið inn fyrir landhelgismörkin, þá liggur höfuðorsökin að sögn engan veginn í því. Miklu fremur kvað hún liggja í hinu, að þeir, sem laganna eiga að gæta á þessum slóðum, hafa sýnt allmikið tómlæti í því, tilfinnanlegan skort á einurð, djörfung og skörungsskap við sökudólgana um sektir fyrir brot, næga eftirgangssemi við innheimtu tolla og fleira af líku tægi. Jeg hefi í höndum allmiklar upplýsingar þessu viðkomandi, en ef hæstv. forsrh. (SE), sem jeg þykist vita, að hafi ekki farið varhluta af því að heyra sögur um þetta, gefur yfirlýsingu um, að hann muni láta rannsaka, hvað hæft sje í þessu, hafi hann ekki þegar látið gera það, og jafnframt láta þau víti — ef nokkur eru — verða til varnaðar framvegis, þá mun jeg láta mjer nægja yfirlýsingu hans um þetta og fara ekki lengra út í þá sálma að þessu sinni.

Þá get jeg lokið máli mínu. Veltur það vitanlega á svörum hæstv. forsrh. (SE) um, hvað stjórnin hafi gert eða hygst fyrir í þessu landhelgisgæslumáli, hvort jeg sje ástæðu til að taka til máls aftur eða ekki.

Forsætisráðherra (SE): Um leið og jeg svara fyrirspurninni verð jeg lítið

eitt að víkja að broti úr síðustu sögu þessa máls.

Eins og kunnugt er, var samþykt á Alþingi 1922 tillaga, er fór í þá átt, að Danir ljetu oss í tje frekari landhelgisgæslu en verið hafði undanfarið. Er núverandi stjórn tók við í mars, hafði fyrri stjórn þegar komið tillögu þessari á framfæri til dönsku stjórnarinnar. Þegar jeg fór til Kaupmannahafnar að loknu þingi, var verið að undirbúa málið, en þá mun þó ekki hafa verið búið að orða tilboð þau, sem danska stjórnin ætlaði að gera. En danska stjórnin lagði fyrir fund sambandslaganefndarinnar 1922 uppkast að samningi um landhelgisgæsluna.

Aðalinntak þessa samningsuppkasts var:

1. Að því var slegið föstu, að Danir samkvæmt 8. gr. sambandslaganna væru skyldir að hafa hjer í 10 mánuði landhelgisgæslu með einu skipi.

2. Að þeir um næstu þriggja ára tímabil ókeypis hafi 2 skip við landhelgisgæslu um tíma, er svarar til 15 mánaða fyrir eitt skip.

3. Og frekari landhelgisgæslu fyrir greiðslu, sem var ákveðin í samningnum eftir hjergreindum reglum.

Í samningsuppkastinu voru og ýms önnur ákvæði snertandi fyrirkomulag landhelgisgæslunnar á samningstímanum. Meiri hluti sambandslaganefndarinnar gerði nú nokkrar breytingar á samningsuppkastinu og lagði til, að að því yrði gengið með þeim breytingum, en minni hluti nefndarinnar, Bjarni frá Vogi og Einar Arnórsson, háskólakennarar, voru andvígir samningum, eins og þeir jafnan hafa verið, en gerðu þó til vara allmiklar breytingartillögur við það. Fundargerð sambandslaganefndarinnar 1922 hefir legið frammi í lestrarsalnum, og geri jeg ráð fyrir, að hv. þingmenn hafi kynt sjer hana, svo ekki sje ástæða að skýra frá henni í heild.

Einu atriði í fyrirkomulagi landhelgisgæslunnar samkvæmt nefndu samningsuppkasti var þannig varið, að stjórnin sá sjer ekki fært að svo stöddu að ganga að samningunum, og skal jeg nú víkja að því.

Í samningsuppkasti dönsku stjórnarinnar voru 6. og 7. gr. svo hljóðandi — með leyfi hæstv. forseta:

§ 6. Efter Konference med den islandske Regering giver Chefen for Fiskeriinspektionen nærmere Regler for den samlede Tjenestes Udförelse.

§ 7. Til Stötte for Fiskeriinspektionen paatager den islandske Regering sig at holde Damp- eller Motorfartöjer til Optræden af visse af fremmed Fiskeri særlig hjemsögte Kyststrækninger, hvorfra der snarest muligt skal kunne tilgaa Inspektionens Chef Meddelelse om Overtrædelsen. Disse Fartöjer og deres Betjening er med Hensyn til den nærmere Udförelse af deres Hverv underlagt Chefen for Fiskeriinspektionen.

Samkvæmt þessum greinum hafði íslenska stjórnin aðeins íhlutunarrjett um landhelgisgæsluna. Að vísu gerði meiri hluti nefndarinnar breytingartillögu við 6. gr., og samkvæmt þeirri breytingartillögu hljóðaði greinin þannig — með leyfi hæstv. forseta:

„Forsaavidt den islandske Regering maatte beslutte at holde Damp- eller Motorfartöjer til Stötte for Fiskeriinspektionen paa Söterritoriet, fastsættes Reglerne vedrörende Udförelsen af disse Fartöjers Hverv og deres

Betjening af den islandske Regering efter Aftale med Chefen for Fiskeriinspektionen".

En þrátt fyrir breytinguna virðist mega skilja greinina þannig, að íslenska landhelgisgæslan yrði aðeins til aðstoðar þeirri dönsku, en að ekki væri um sjálfstæða íslenska landhelgisgæslu að ræða.

Minni hluti nefndarinnar vildi aftur orða þessar greinar þannig — með leyfi hæstv. forseta:

„Den islandske Regering giver efter Konference med Chefen eller Cheferne for de tjenestegörende Skibe de nærmere Regler om Inspektionens Udförelse, deriblandt om Samarbejdet mellem de danske og islandske Inspektionsskibe".

En samkvæmt þessu orðalagi átti íslenska stjórnin að hafa bæði umráð yfir dönsku og íslensku landhelgisgæslunni, sem var auðvitað mjög æskilegt.

Þegar jeg sigldi 26. nóvember í vetur, hafði jeg ásett mjer að fá nánari skýringu á áminstri grein í samningsuppkasti dönsku stjórnarinnar, og er jeg hitti danska forsætisráðherrann í desember, óskaði hann, að jeg kæmi til viðtals um landhelgisgæsluna, og var fundur hjá honum um hana nokkru síðar og sóttu þann fund, auk danska forsætisráðherrans, flotamálaráðherrann, direktörinn í flotamálaráðuneytinu, dönsku sambandslagamennirnir og nokkrir fleiri.

Meðal annars ljet jeg í ljós á þessum fundi, að jeg teldi heppilegt, að málinu væri ráðið til lykta með því að skiftast á nótum milli stjórnanna og gat þess, að um leið mundu skýrast atriði, sem óljós væru í samningsuppkastinu, og lagði áherslu á, að íslenska stjórnin yrði að hafa vissu um það, að hún gæti haft algerlega sjálfstæða íslenska landvörn, auðvitað í samvinnu við þá dönsku eftir samningunum. En á fundinum kom fram sú skoðun, en málið var þá auðvitað undir yfirvegun, að landhelgisgæslan yrði að vera undir einni stjórn og tvær sjálfstæðar landhelgisvarnir gæti tæplega verið um að ræða. Í fundarlok bað forsætisráðherrann mig að gera uppkast að nótuskiftum milli stjórnanna, og afhenti jeg honum það uppkast 2 dögum síðar, og ljet þess um leið getið, að jeg byggist við, að stjórnin gæti, ef fallist yrði á þessa uppástungu mína, gengið að samningum aður en þingið kæmi saman.

Með brjefi, dags. 30. jan., mótteknu 2. febrúar, skýrði danski sendiherrann hjer mjer frá því, að stjórn hans myndi ganga að samningsuppkastinu með breytingum meiri hlutans, ef danski ríkisdagurinn veitti samþykki sitt á sínum tíma, og hjet um leið 2 smábreytingum, ef óskað yrði. 13. febr. skýrði jeg sendiherranum frá, að jeg mundi ekki geta gefið endanleg svör fyr en þingið kæmi saman.

Í brjefi, dags. 15. febr., biður sendiherrann um svar seinast 21. febr., svo að hægt væri að gera breytingartillögu við dönsku fjárlögin á rjettum tíma. Stjórnin hjer átti því næst tal við báðar sjávarútvegsnefndir um málið, rjett eftir að þingið kom saman, og skýrði hún þeim frá allri aðstöðu málsins. Og að þeim fundi loknum skrifaði jeg danska sendiherranum og bað hann að skýra stjórn sinni frá, að vegna atriða í samningsuppkastinu, sem danska stjórnin hafði lagt fyrir sambandslaganefndina, og með tilvísun til samtals í Kaupmannahöfn, gætu sum atriði samn-

ingsuppkastsins bent á, að samkvæmt því gætum við ekki haft sjálfstæða íslenska landvörn um samningstímann, en þessi skýlausu rjettindi, er vjer ættum vegna suværenitets landsins o. s. frv., gæti ekki verið að tala um að gefa frá sjer, þó um stuttan tíma væri, og tók fram, að ef danska stjórnin liti öðruvísi á þetta atriði en íslenska stjórnin, þá mundum vjer heldur verða án aukningar á landvörninni, en liti stjórnin eins á málið og íslenska stjórnin, þá mundi jeg leggja til við þingið, að gengið yrði að tilboðinu, en óskaði um leið, að málið yrði afgreitt í nótuformi og ljet fylgja með uppkast að nótuskiftum þeim, er jeg hafði afhent danska forsætisráðherranum í desembermánuði. Þessu brjefi svaraði svo danska stjórnin 2. mars og fjelst alveg á skoðun íslensku stjórnarinnar, en gat þess um leið, að of seint væri nú að gera breytingar á fjárlögunum dönsku þetta ár, en óskaði að vísa málinu til sambandslaganefndarinnar nú í sumar og óskaði þá jafnframt, að rætt væri um alla aðstöðuna í 8. gr. sambandslaganna.

Áður en jeg fer lengra inn á málið, þykir mjer rjett að þakka dönsku stjórninni fyrir hið skýlausa svar, er hún hefir gefið um skilning sinn á málinu.

Eins og þessi skýrsla mun sýna, verður nú af Dana hálfu, að minsta kosti á þessu ári, ekki meira en 10 mánaða landvörn. En þetta er fyrst nýlega kunnugt, og er það meðal annars ástæða til, að stjórnin hefir ekki sjerstaklega undirbúið frekari landvörn nú í ár en var síðasta ár, en þá var, auk dönsku landvarnanna, þór og nokkrir mótorbátar.

Framkvæmdir í þá átt, sem lögin gera ráð fyrir, hafa því engar verið, nema ef leiga Þórs gæti heimfærst undir þær framkvæmdir, og hitt, að nú hafa verið af hálfu stjórnarinnar gerðar ráðstafanir í þá átt, að upplýst yrði áður en þingi lýkur, hvað bygging landvarnarskips, sem væri á stærð við stóran botnvörpung, mundi kosta.

En áður en jeg vík nánar að því atriði, hvað jeg tel, að gera beri í þessu máli, vil jeg enn frekar minnast á samningstilboð dönsku stjórnarinnar um frekari landvörn, því eins og jeg gat um áður, má vel vera, að ríkisdagurinn danski, ef þingið óskar þess enn, veiti fje til aukinnar landhelgisgæslu eins og segir í samningsuppkastinu. En jeg verð að játa það, að mjer finst það ekki vel viðkunnanlegt að sækja það mál með alt of miklu kappi, en þætti hins vegar rjettast, að við bæðum ekki sambandsþjóð vora um frekari landhelgisgæslu en vjer höfum kröfu til, en legðum hins vegar áherslu á það að efla vora eigin landvörn, eftir því sem efnin frekast leyfðu.

En þá er jeg auðvitað kominn að örðugasta hjallanum. Hvað leyfa fjárhagsástæður vorar nú að gera í landhelgismálinu? Og þá kemur sjerstaklega það spursmál fram, hvort nú sje kominn tími til þess fyrir stjórnina að nota heimildina, sem þingið gaf stjórninni til þess að kaupa landvarnarskip. Jeg geri nú ráð fyrir, að þegar kostnaðaráætlun sú, er jeg á von á, kemur, þá muni stjórnin á einhvern hátt bera sig saman við þingið um þetta mál. En frá mínu brjósti verð jeg að segja það, að mjer virðist það vera með ári hverju óumflýjanleg nauðsyn að eignast slíkt skip, ekki aðeins vegna landhelgisgæslunnar,

heldur einnig vegna lögregluleftirlits yfirleitt við strendur landsins. Og satt að segja, virðist mjer engin minni nauðsyn á slíku skipi heldur en nauðsynin var á Eimskipafjelaginu, sem allir viðurkenna.

En auðvitað getur stjórnin ekki tekið afstöðu til málanna fyr en gögnin eru komin fram á borðið, og þau væru nú komin fram á borðið, ef ekki hefði verið búist við aukningunni, sem jeg mintist á hjer að framan.

Um síðara atriði fyrirspurnarinnar er þetta að segja:

Fiskifjelagsdeildin Báran á Akranesi hafði til umræðu á fundi 28. des. 1919 friðun alls Faxaflóa fyrir botnvörpuveiðum. Deildin sendi erindið til stjórnar Fiskifjelagsins, sem sendi það 22. febr. 1919 til stjórnarráðsins. Á Alþingi 1919 var 15. sept. samþykt þingsályktun í málinu, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að gera tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði yfirleitt færð út og landhelgissvæðið stækkað, en sjerstaklega þó, að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði og helstu bátamið".

27. nóv. skrifaði svo íslenska stjórnin danska utanríkisráðuneytinu um mál þetta og óskaði aðstoðar þess. Með brjefi, dags. 22. apríl 1920, skýrði utanríkisráðuneytið danska stjórninni frá, að það hefði beðið sendiherrasveitina í London og Washington að grenslast eftir, hverjar horfur muni á því, að hægt væri að leiða mál þetta til lykta með alþjóðasamningi.

Í desember 1920 skrifar danska utanríkisráðuneytið enn um málið og sendir skýrslu frá sendiherrasveitinni í Washington og London.

Samkvæmt þessu virðist ekki muni von um að koma til leiðar stækkun landhelgissvæðisins. En til mála virðist hafa komið í Ameríku sá möguleiki að banna botnvörpuveiðar við Ísland nokkuð fyrir utan landhelgislínuna.

Jeg skal játa, að jeg hafði ekki sjeð, hvað þessu máli leið fyr en jeg kom til Hafnar nú í desember, og kom þá til tals að taka málið upp aftur, en vissa þurfti áður að vera um það, að við værum reiðubúnir að láta hið sama ganga yfir vora eigin botnvörpunga eins og annara. Sem sagt, í sjálfu sjer er jeg fús til að taka málið upp, en í augnablikinu tel jeg mjög vonlítið um árangur.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. Borgf. (PO) hefir farið svo ítarlegum orðum um þessa fyrirspurn okkar, að jeg þarf þar litlu við að bæta. Hefir nú hæstv. forsrh. (SE) svarað, og gladdi það mig, að hann skuli vera því fylgjandi, að við tökum málið í okkar hendur. En aðalatriðið er, hvort okkur sje þetta mögulegt. En þó þetta atriði hnígi ekki beinlínis undir fyrirspurnina, þá vona jeg, að mjer leyfist að víkja að því nokkrum orðum, hversu komið er með landhelgissjóðinn. Hann er, eins og hv. þm. vita, stofnaður með lögum 10. nóv. 1913. Renna í hann sektir fyrir ólöglega veiði, sem oft hafa verið mjög háar. Má því ætla, að sjóður þessi sje allmikill orðinn. Vildi jeg nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh. (MagnJ), hve stór hann er orðinn, því að undir honum er það mikið komið, hve nær við getum tekið málið í okkar hendur. Enn fremur vildi jeg vita, hvort fyrirmælum

laganna hefir verið hlýtt, um að ávaxta þennan sjóð á þeim stað, sem það átti að gera, í Landsbankanum. Hafa þær sögur gengið, sem jeg vona, að sjeu Gróusögur, að sjóður þessi sje nú uppetinn, hafi verið tekinn til þess að greiða með honum óhjákvæmilegar greiðslur, en á meðan ekki er komin staðfesting á þessu frá hæstv. fjrh. (MagnJ), skal jeg ekki gera það að umtalsefni.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Hv. þm. Barð. (HK) átti að beina fyrirspurn sinni um landhelgissjóðinn til atvrh., er hefir stjórn hans með höndum, en með því hann er fjarverandi, skal jeg láta hv. þm. í tje þær upplýsingar, er jeg hefi við hendina.

Landhelgissjóðurinn nam nú við árslok 1921 kr. 621889,74; þar af var meira en helmingur viðbót árið 1921, því þá voru sektir óvenjumiklar, en eftir því sem meiri áhersla er lögð á að verja landhelgina, má búast við minni sektum, og tel jeg það betur farið en að mikil brot eigi sjer stað, þótt þar með fylgi töluvert sektarfje.

Hvað snertir ávöxtun sjóðsins, talaði hv. þm. Barð. (HK) með ýmiskonar fjálgleik og sagðist ekki trúa því fleipri, sem um það væri haft. Þetta eru óþarfa umbúðir, þar sem það er hv. þm. sem mörgum öðrum vitanlegt, að sjóðurinn er „uppetinn", sem kallað er, lánaður ríkissjóði, sumpart í tíð núverandi stjórnar, sumpart þeirrar fyrverandi. Á fjórða hundrað þúsund kr. voru í tíð fyrv. stjórnar innborgaðar í ríkissjóð og uppbrúkaðar, svo lán hefði þurft að taka, á 7%, til þess að leggja fjeð í Landsbankann, á 5% rentu, enda hefir það enn ekki verið gert, en má gera, þegar maður tekur við, sem álítur slíkt búhnykk.

Eins og hann getur sjálfur lesið í landsreikningunum 1920—21, þá greiðist sektarfjeð í ríkissjóð og stendur þar fyrst um sinn á vöxtum með betri kjörum en í Landsbankanum. Auðvitað verður sjóðurinn fluttur þangað á sínum tíma og lagður þar inn. Fyrir utan betri vaxtakjör, bæði fyrir landhelgissjóð og ríkissjóð, er hjer eiginlega bara um bókfærsluspursmál að ræða. Það er hvort sem er nákvæmlega jafnmikið eða lítið fje fyrir hendi til skipakaupa.

Annar örðugleikinn á því að ráðast í skipakaupin nú er aukakostnaður við yfirfærslu peninga, sem verður hinn sami, hvort sem sjóðurinn ávaxtast í ríkissjóði eða Landsbankanum.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti vænt um að heyra, að hæstv. forsrh. (SE) vildi ekki fara fram á meiri strandvarnir hjá Dönum en þeim er skylt að inna af hendi samkvæmt sambandslögunum.

Það hefir verið litið ýmsum augum á tillögur mínar í þessu máli, og skal ekki um það fengist. En auðvitað þykir mjer gott, þegar menn nú snúast á sveif með þeim. Knútur Berlin hefir sent okkur Einari Arnórssyni, íslensku nefndarmönnunum, þakkir fyrir að hlífa Dönum við fjárútlátum til strandvarna hjer við land og fyrir að vera þar snjallari dönsku nefndarmönnunum og nærgætnari í garð Dana.

Jeg hefi viljað hafa hreina reikninga og fara fram á það við Dani, sem við eigum að lögum, eins og ákveðið var, en ekki heimta meira. Jeg býst við, að ef krafið væri aukafjárframlaga, kæmu

fram ný skilyrði, t. d. um að Danir rjeðu yfir íslenskum landvörnum, meðan fjárframlögin væru meiri en lög ákveða, og að eftirlitið yrði alt undir flotamálastjórn erlends ríkis. Það er eðlilegt, að á móti bón komi skilyrði og nýjar kröfur, og því er rjett að gefa ekki ástæðu til, að fram komi kröfur, sem betur væru óuppfyltar.

Mjer þykir vænt um, að hv. þm. virðist hallast að mínu máli, þar eð jeg er settur á þann stað, sem öldur brotna fyrst í þessu máli. Jeg vil segja, að ef við eigum að fara að leitast við að færa út landhelgissviðið, teldi jeg rjettara, að íslenska stjórnin notaði sjer heimild þá, sem felst í 7. gr. sambandslaganna, 2. málsgrein, til þess að senda mann utan, því að útlendingar geta aldrei samið eins vel fyrir okkar hönd og við sjálfir. Annars hefir áður verið leitað hófanna um þessi mál, löngu áður en fundurinn var haldinn á Akranesi, t. d. þegar Magnús Stephensen landshöfðingi samdi við Englendinga um að loka Faxaflóa og fiskimiðum þar, gegn því að leyfa landhelgina fyrir söndunum eystra. Það er nauðsynjamál að loka ýmsum góðum miðum, og vil jeg benda á, að skoskir firðir eru lokaðir fyrir Bretum sjálfum, þótt þeir verði að vera opnir fyrir öðrum. Ef þetta tækist, að fá friðun á miðum innan annesja hjer við land, þá verða þau tvö stórveldin um þessar ráðstafanir.

Hákon Kristófersson: Hæstv. fjrh. (MagnJ) mintist á, að jeg hefði verið með undarlegan fjálgleik í þessu máli. Jeg notaði aðeins þau orð, sem jeg áleit við eiga, án þess að jeg setti þau fram með neinum fjálgleik. Áleit heldur ekki rjett að koma með neinar ásakanir í garð hæstv. ráðherra, fyr en jeg hefði heyrt svar hans og á því sjeð, hvað satt væri í þessu. Svar hans var óskýrt, óákveðið og hált, eins og við var að búast úr þeirri átt. Landsreikningurinn, sem fyrir hendi er, sýnir aðeins hálfan sannleikann, þ. e. a. s. að á honum má sjá, hvað er eða var innistandandi í Landsbankanum, sem mun hafa verið rúmlega 260 þús. kr. En þótt svo hefði nú verið, að jeg hefði getað sjeð það, sem jeg vildi fá að vita, í landsreikningnum, þá er hann ekki nema í höndum fárra landsmanna. Þetta mál er þannig vaxið, að það á að vera almenningi kunnugt; jeg verð því að telja alla launung frá stjórnarinnar hálfu, hvað þetta snertir, alveg óhafandi.

Heyrst hefir, að tekin hafi verið út úr Landsbankanum upphæð af sektarfjenu, sem þar stóð inni. Er sú saga sönn?

Jeg vona, að hæstv. ráðherra (MagnJ) telji það ekki óþarfa fjálgleik af mjer, þótt jeg spyrji, hvor stjórnin hafi byrjað á þessari tilhögun á sektarfjenu. Og kæmi mjer ekki á óvart, þótt það væri þessi stjórn.

Hæstv. ráðherra (MagnJ) mintist á, að ekki mætti búast við of miklu sektarfje; inn á það fór jeg ekkert í minni ræðu, og þurfti því ekki að blanda því í umræðurnar, hverjar sektirnar yrðu framvegis. Þær fara vitanlega eftir ýmsum atvikum, er liggja frammi í tímanum, og um það getur hæstvirt stjórn vitanlega ekkert sagt, enda fór jeg ekki fram á það. Jeg spurði aðeins um, hvort stjórnin hefði farið með það fje, sem þegar var fengið, eins og lög stóðu til, en annað ekki, og vænti því gleggri svara frá hæstv. ráðh. (MagnJ) en áður við þessari spurningu.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Hv. þm. Barð. (HK) þótti eitthvað við mig. En það var ekki til að móðgast af, þó jeg nefndi fjálgleik. Jeg er ekki kunnur að því að móðga, hvorki háttvirta þingmenn nje aðra, að raunalausu, síst þegar jeg er að gefa honum upplýsingar fyrir hönd hæstv. atvinnumálaráðherra, sem enn er fjarverandi. Mjer fanst hann hafa of mikið af óþarfa umbúðum utan um hluti, sem honum eru vel kunnir. Meginið af þeim upplýsingum, sem jeg gaf honum, liggur ljóst fyrir í sjálfum landsreikningnum, sem er opinber bók, og getur hann sjeð þetta þar. Í reikningnum 1920, á bls. 13, er sektarupphæðin talin kr. 47339,46 og í reikningnum fyrir árið 1921, bls. 13, kr. 325827. Þessi upphæð var í tíð fyrv. stjórnar runnin inn í ríkissjóðinn, og hefir landhelgissjóðurinn fengið viðurkenning fyrir, að hann ætti þetta hjá ríkissjóði, með betri vaxtakjörum, hærri rentum en í Landsbankanum, og er ekkert lögbrot framið með þessu. Hitt væri hreinn Bakkabræðraháttur, að taka lán í Landsbankanum á 7% og leggja aftur fje inn í hann gegn $4^1/_2$%. Þetta hefir ekki skeð í tíð núverandi stjórnar, en mjer virðist rjett að draga þessar innborganir til Landsbankans, eins og sakir standa. Þessum peningum er alveg eins vel fyrir komið eins og þótt þeir væru í Landsbankanum, án þess að jeg sje að beina nokkurri meiningu að honum.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla aðeins að gefa dálitlar skýringar viðvíkjandi þessu máli, út af því sem hæstv. fjrh. (MagnJ) sagði um afstöðu fyrv. stjórnar í einu atriði. Jeg man það vel, að í fyrra, þegar jeg ljet af fjármálastjórninni, þá var búið að borga inn alt sektarfje og annað, er til landhelgissjóðsins átti að fara fyrir árið 1920, en auðvitað ekki fyrir 1921. Og það var vegna þess, að þá voru enn ókomnir reikningar frá sýslumönnum víðs vegar um landið, og því ómögulegt að vita, hve mikið átti að fara til landhelgissjóðsins. Vil jeg gefa þessa skýringu, vegna þess að mjer skildist á hæstv. fjrh. (MagnJ), að enn væri óborgað í Landsbankann fyrir árin 1920—1921.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Jeg vil ekki skiljast svo við þetta mál, að votta eigi hæstv. forsrh. (SE) þakkir fyrir hin greiðu svör hans og góðu upplýsingar og undirtektir um skjótar framkvæmdir á þessu mikla nauðsynjamáli. Viðvíkjandi skipskaupunum til strandvarnanna, þá tel jeg sjálfsagt og rjett að bíða þangað til kostnaðaráætlun sú, sem hæstv. forsrh. gat um, að væntanleg væri, kemur, og það af því, að hann taldi víst, að hún kæmi mjög bráðlega, eða áður en þingi sliti. En hinsvegar er enginn vafi á því, að stjórnin hefir fulla heimild í lögum til að kaupa eða láta byggja strandvarnarskip, án þess að bera það nokkuð undir þingið. En, sem sagt, jeg tel sjálfsagt að bíða eftir kostnaðaráætluninni.

Þá vil jeg þakka, hversu vel hæstv. ráðherra tók í það að láta rannsaka sögur þær, sem gengið hafa um hinn slælega embættisrekstur á Norðurlandi á síðasta sumri í sambandi við framkvæmd fiskveiðalaganna, um sektir fyrir brot á þeim, innheimtu tolla o. fl.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi hlustað á ræður hv. þm. Barð. (HK) og hæstv. fjrh. (MagnJ) og hefir skilist á svörunum, að ekki sje alt með feldu og að þessi

umræddi sjóður — landhelgissjóðurinn — er geymdur alt öðruvísi en lög standa til. Í lögunum frá 11. nóv. 1913 stendur, að fje þetta skuli geyma í Landsbankanum. En jeg skildi það á ræðu hæstv. fjrh. (MagnJ), að þetta fje væri runnið í ríkissjóðinn, sem er alveg gagnstætt lögunum. Hæstv. ráðh. (MagnJ) segir engin lög vera brotin með þessu. Þetta er þó gagnstætt því, sem lögin mæla fyrir, og eru lögin því eins greinilega brotin eins og nokkur lög hafa nokkurntíma brotin verið. **(Fjrh. MagnJ:** Það stendur hvergi, hve nær eigi að leggja fjeð í sjóðinn). Það eru bara hártoganir og útúrsnúningur, ef öðru er haldið fram. Það væri ekki talinn góður fjárhaldsmaður, sem eigi geymdi betur fje skjólstæðings síns.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) taldi þetta fyrirkomulag sjálfsagt, til þess að ríkissjóður þyrfti ekki að taka lán. Þetta er hreinasta fjarstæða, og getur dregið til þess, að landhelgissjóðurinn verður alls ekki til taks, þegar til hans þarf að taka til þess, sem hann er ætlaður. Nema þá með því, að ríkissjóður taki lán til þess að endurgreiða þetta fje, sem ranglega hefir verið eytt í ríkisins þarfir. Hjer er því farið að eins og óskilvísir fjárhaldsmenn gera, sem ekki hafa fjeð til, sem þeim er trúað fyrir, þegar þeir eiga að svara því út. Jeg leyfi mjer því að draga það í efa, að þetta fje sje eins handbært og haldið er fram, ef til þarf að taka. Það er orðið uppetið eyðslufje, í stað þess að vera geymt á tryggum stað, nema Landsbankinn sje orðinn ótrygg stofnun.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það lá hvergi í orðum mínum, að fjeð væri eigi eins trygt í Landsbankanum, en mjer finst vera mjótt á milli og ekki gott að gera greinarmun á, hvort fjeð sje betur komið þar eða í ríkissjóði. Það er hverju orði sannara, að það þyrfti að taka lán til þess að svara fjenu öllu út, og það, sem hv. þm. (SSt) var að stagast á, er í raun og veru ekki annað en það, að búið ætti að vera að taka það lán, sem mjer hins vegar ekki finst svo mjög aðkallandi, þar sem ekki á að gera meira en leggja fjeð í sparisjóðsbók í Landsbankanum.

Jeg skal ekkert fullyrða um, hversu skynsamlegt það ákvæði laganna er, að leggja skuli fjeð inn í Landsbankann; en það er gefinn hlutur, að lögin eru ekki að sporna við því, að fjeð sje í ríkissjóði, því það hlýtur að ganga gegnum hann og hafa þar einhverja viðstöðu. Miklu fremur er lögin svo að skilja, að þegar fjeð er tekið úr ríkissjóði, skuli það lagt inn í Landsbankann, en ekki annarsstaðar, t. d. ekki í Íslandsbanka; þá var nefnilega ekki til alment ákvæði um það efni.

Jón Þorláksson: Samkvæmt landsreikningnum var landhelgissjóðurinn í árslok 1920 kr. 190907,37, og sektarfje fyrir það ár er talið kr. 47339,46. Í landsreikningnum 1921 er upphæðin í landhelgissjóði talin að vera kr. 265375,-55, og er ekki hægt að sjá annað en að þessi upphæð hafi staðið inni í Landsbankanum. Því að á skrá yfir skuldir ríkissjóðs er engin skuld talin við landhelgissjóðinn. Nú er auðskilið á svörum hæstv. fjrh. (MagnJ), að ekki er enn búið að borga sektarfjeð fyrir árin 1921 og 1922 inn í landhelgissjóðinn. Um þetta verður ekki annað sagt en að það ber vott um, að ríkissjóður hafi ekki staðið svo, að þetta þætti fært. En jeg

vil biðja um afdráttarlaust svar við þeirri spurningu minni, hvort tekið hafi verið út úr Landsbankanum nokkuð af því fje landhelgissjóðsins, sem búið var að borga þangað inn í ársbyrjun 1921, til notkunar í þarfir ríkissjóðs. (**Fjrh. MagnJ:** Já, það hefir verið gert).

4. Steinolíueinkasala.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um steinolíueinkasöluna (A. 93).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jakob Möller): Það mun hlýða, að jeg geri nokkra grein fyrir fyrirspurninni. Því verður víst ekki neitað, að stjórnin hafi haft formlega heimild til þess að taka einkasölu á steinolíu í sínar hendur. Heimildin til þess er í lögum frá 1916. Það hefir þó verið talið vafasamt, hvort þau lög ætti að skoða sem annað en ófriðarráðstöfun. Jeg hygg þó, að á því sje enginn vafi. Lögin voru ekki sett sem ófriðarráðstöfun. Tildrögin voru þau, að ýmsir töldu einkasöluna á olíu æskilega þá, af því að ekki væri hægt að reka verslunina á grundvelli frjálsrar samkepni við H. Í. S. Þess vegna var lagaheimildin sett. En síðan hefir margt breyst. Og ef það hefir einnig breyst síðan, að frjáls samkepni sje möguleg í steinolíuversluninni, þá er líka fallinn burtu grundvöllurinn, sem einkasöluheimildin var bygð á, og þá eiga lögin engan rjett á sjer, ekki síst þar sem þingið hefir afdráttarlaust lýst sig andvígt einkasölustefnunni yfirleitt, að því er snertir nauðsynjavörur að minsta kosti.

Nú er það kunnugt, að landsverslunin hefir verslað með steinolíu í samkepni við steinolíufjelagið og hefir haft 140 þús. kr. hag af þeirri verslun árið 1921 og um 130 þús. árið 1922. Þegar þessi verslun getur nú haft slíkan hag af olíuversluninni í frjálsri samkepni við steinolíufjelagið, þarf ekki lengur vitnanna við. Með þessu er það sýnt og sannað, að hægt er að reka verslunina á grundvelli frjálsrar samkepni, og þar með líka sannað, að einkasala stjórnarinnar var óþörf og í bága við vilja þingsins. Vil jeg í þessu efni leyfa mjer að vitna í umr. á síðasta þingi, og þá fyrst og fremst ummæli hæstv. atvinnumálaráðherra í sambandi við landsverslunina. Eins og kunnugt er, komu fram tvær þingsályktunartillögur um landsverslunina, en hæstv. atvinnumálaráðherra lýsti því yfir, að hvor þeirra sem yrði samþykt, þá myndi stjórnin láta landsverslun hætta að flytja inn aðrar vörur, nema því aðeins, að útlit yrði fyrir, að einhver vörutegund yrði einokuð, þá mundi stjórnin láta landsverslunina skerast í leikinn, „eins og með steinolíuna“. Með þessum ummælum gat hæstv. ráðherra ekki átt við það, að þá myndi stjórnin taka í sínar hendur einkasölu á slíkum vörutegundum, eins og á steinolíunni. Fyrst og fremst

vjek hann ekki með einu orði að því, að í ráði væri að taka einkasölu á steinolíu, en auk þess hefði vitanlega þurft sjerstaka lagaheimild til þess, hvað aðrar vörutegundir snerti. Í þessum ummælum hæstv. ráðherra lá því bein, eða að minsta kosti óbein yfirlýsing um það, að stjórnin ætlaði sjer ekki að taka einkasölu á steinolíu í sínar hendur.

Svo framarlega sem það er sýnt, að landsverslun hafi getað haldið uppi frjálsri samkepni við steinolíufjelagið, þá verð jeg að halda því fram, að þó að stjórnin hafi að vísu haft lagalega heimild til einkasölunnar, þá hafi sú heimild, siðferðilega skoðað, verið fallin niður, vegna breyttra kringumstæðna, með því að þær ástæður, sem lögin voru bygð á, voru ekki lengur fyrir hendi.

Jeg tel lítinn vafa á því, að ef málið hefði verið borið undir síðasta þing, þá hefði einkasalan verið feld. En ummæli stjórnarinnar fóru í alt aðra átt, og varð að skoða þau sem fyrirheit um það, að vilji þingsins í þessu efni skyldi í heiðri hafður.

Jeg skal svo að lokum taka það fram af nýju, að þetta er alt bygt á því, að frjáls samkepni sje möguleg fyrir ríkisverslunina. En það fullyrði jeg, að reynslan hafi sannað. Ef hún aftur á móti reyndist ekki fær um að keppa við steinolíufjelagið og ókleift að halda uppi frjálsri samkepni í steinolíuversluninni yfirleitt, þá er ekki víst, að jeg liti sömu augum á málið. Býst jeg við, að af illu tvennu kysi jeg heldur, að slík einokun væri í höndum ríkisins en einkafyrirtækis.

Hefi jeg svo ekki ástæðu til að segja meira að sinni, en bíð nú með eftirvæntingu eftir svörum hæstv. atvrh.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þessi fyrirspurn, sem hjer er komin fram, er í 3 liðum: Hvers vegna ríkisstjórnin hafi yfir höfuð tekið einkasölu á steinolíu í sínar hendur, hvernig kaupsamningum hennar sje háttað og svo hvernig hún hafi hugsað sjer að haga flutningnum á olíunni til landsins.

Vegna afstöðu minnar til málsins verð jeg með nokkrum orðum að skýra frá aðdraganda málsins, áður en jeg svara þessum spurningum.

Þar er þá fyrst frá að segja, að árin 1911—12 var skipuð milliþinganefnd til þess að athuga fjármál landsins, og hafði jeg þann heiður að vera formaður þeirrar nefndar. Eitt af því, sem nefndin tók til yfirvegunar, var, hvort ekki myndi ráðlegt, til að afla ríkissjóðnum tekna, að landið tæki einkasölu á ýmsum vörutegundum, einkanlega á steinolíu, kolum og tóbaki. Að því er steinolíuna snertir, sneri nefndin sjer til nokkurra firma í Ameríku, með fyrirspurn um það, hvort þau væru fús á að taka að sjer einkasölu á steinolíu. Kom aldrei neitt svar frá 2 af þessum firmum, en 2 sendu svör, en svo ófullkomin, að ekkert varð á þeim bygt. Nefndin sneri sjer líka til D. D. P. A., sem þá hafði í rauninni einkasölu hjer á landi á olíu, en samningar gátu ekki tekist við það fjelag. Það leit því ekki út fyrir, að árennilegt væri að halda áfram á þessari braut, en þó samdi milliþinganefndin frv. til laga um heimild fyrir ráðherra til að gera samning við eitthvert öflugt erlent firma um einkasölu á steinolíu um tiltekið árabil, alt að 20 árum. Var frv. þetta svo lagt fyrir þingið 1912, en var felt með rökstuddri dagskrá. En jafnharðan á því sama þingi kom þá

fram frv. frá þrem þm. í Nd., þeim Jóni heitnum Ólafssyni, Eggert Pálssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi, þess efnis, að stjórninni skyldi heimilað að kaupa af erlendum firmum eins mikla steinolíu og nægja þætti, og selja svo kaupmönnum hjer og kaupfjelögum. Við þetta frv. kom Björn Kristjánsson fram með þá einkennilegu brtt., að Landsbankanum væri veitt einkasöluheimild á þessari vörutegund, en sú tillaga náði þó ekki fram að ganga, en frv. varð að lögum. En það var ekki einasta, að samþykt væri heimild í þessa átt, heldur kom einnig fram till. til þál. í báðum deildum, um það að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um einkasölu, helst landseinkasölu, á steinolíu, og voru þær samþyktar í einu hljóði. Hver var nú ástæðan til þessa ákafa í þinginu að ná allri verslun með steinolíu undir landið? Jú, hún var sú, að steinolíufjelagið danska var þá búið að ná steinolíuversluninni undir sig og þótti ilt viðureignar. Ljet það t. d. viðskiftamenn sína skuldbinda sig til að versla við það eingöngu fyrir lengri tíma, og þá alveg nýlega hafði það hækkað steinolíutunnuna um 5 kr., sem þá þóttu miklir peningar, og mæltist það afarilla fyrir. Jeg skal ekki fara lengra út í að rekja þá sögu, að minsta kosti ekki að svo stöddu, en víst er um það, að allir á því þingi voru sammála um það, að betra væri, að ríkið tæki einkasölu á olíunni en að svo búið stæði lengur, og það jafnvel þingmenn, sem í „principinu“ voru á móti einkasölu. Það fór um mig eins og oft vill verða, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Þótti mjer samþykta frv. miklu lakara en frv. nefndarinnar. Eins var um Hannes Hafstein, sem þá var ráðherra í seinna sinnið og hafði átt sæti í milliþinganefndinni. Hann lagðist á móti því, en það var þó samþykt engu að síður. Var því ekki að furða, þótt hann ljeti sjer ekkert óðslega að koma þessum lögum fram. Hann reyndi þó fyrir sjer að ná samböndum gegnum Danmörku, en tókst ekki. Fiskifjelag Íslands var þá nýstofnað, og eðlilega kraftlítið; það bauðst til að taka að sjer einkasöluna. Kvaðst það hafa náð sambandi við ágætt firma í Ameríku. En stjórnin treysti því ekki til að taka þetta að sjer. Hannes Hafstein gaf svo skýrslu um aðgerðir sínar í málinu á þinginu 1913, og býst jeg við, að hv. þdm. hafi sjeð þá skýrslu. Var það í það eftirminnilega sinn, sem andstæðingar hans viku allir af fundi meðan hann gaf skýrsluna. Svo kom stríðið, og lá svo málið í þagnargildi næstu árin. En á þinginu 1916—17 komu Benedikt Sveinsson og Jörundur Brynjólfsson fram með frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til innflutnings á allri steinolíu til landsins. Var það borið fram í því augnamiði að tryggja landinu næga steinolíu á þeim erfiðu tímum, er þá stóðu yfir. Var frv. vísað til fjárhagsnefndar, og kom hún fram með till. um að skora á stjórnina að rannsaka málið og leggja það svo fyrir næsta þing. Mun þetta einkum hafa stafað af því, að frv. kom svo seint fram á þinginu, að ekki hefði unnist tími til að afgreiða málið að fullu. Var þessi áskorun fjárhagsnefndar samþykt einróma af þinginu.

Á þinginu 1917 lagði svo stjórnin frv. fram, samkvæmt „ítrekuðum óskum“ Alþingis, eins og stóð í greinargerðinni.

Björn Kristjánsson, sem þá var ráðherra, bar frv. fram og tók það þá skýrt fram, að landið ætti að reka þessa verslun aðeins í stórsölu og ekki ætti að byrja fyr en nægileg trygging væri fyrir, að birgðir fengjust. Hann lagði ríka áherslu á það, að stjórnin stæði í beinu sambandi við olíuframleiðendur, milliliðalaust. Loks tók hann það fram, að þessi lög ættu að standa lengi. Frsm. var 1. þm. Skagf. (MG). Tók hann í sama strenginn, kvað einokun vera fyrir hvort sem er, og lagði sjerstaklega áherslu á, að ekki væri einasta, að olían yrði ódýrari með þessu móti, heldur gæfi þetta ríkissjóðnum talsverðar tekjur. Sagði hann jafnframt á þá leið, að það væri á valdi stjórnarinnar, hve nær hún færði sjer þessa heimild í nyt; best myndi þó, að hún gerði það sem fyrst. Voru flestir eða allir þm. þá á sama máli um þetta. Tilgangurinn með lögunum var því þrenskonar: Að tryggja landinu jafnan nægar birgðir af steinolíu, að fá olíuna ódýrari milliliðalaust, og loks að auka með þessu tekjur ríkissjóðsins að nokkru leyti.

Þegar nú allur þessi gangur málsins er athugaður, og þess sjerstaklega gætt, að jeg er frumhöfundur, eða einn þeirra, að einkasölulögum um steinolíu, þá finst mjer mönnum hljóti að vera það sæmilega ljóst, að jeg hafi frá mínu sjónarmiði haft góðar og gildar ástæður til að byrja á framkvæmd laganna, og að mönnum muni skiljast, að mjer hafi ekki verið það mjög óljúft að taka í mínar hendur framkvæmd jafnmikilsverðs máls og með allan þorra þings og þjóðar á bak við mig, er lögin voru samin.

Líklega hefði þessari einkasölu þegar verið komið á árið 1920, ef ekki hefði þá staðið svo á, að um þær mundir var aldraður maður atvinnumálaráðherra, sem var farinn að bila að heilsu, og mun hann ekki hafa treyst sjer til þess að standa í þeim stórræðum, sem óneitanlega fylgja framkvæmd laganna.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) vildi eigi halda því fram, sem ýmsir þó hafa gert, annaðhvort af flónsku eða þá gegn betri vitund, að hjer hefði aðeins verið um ófriðarráðstöfun að ræða. Það er síður en að svo sje; í umræðunum á þingi 1917 er hvergi minst á það einu einasta orði, heldur er þar margtekið fram, að landið skuli nú þegar taka að sjer verslunina og halda henni lengi.

En hv. þm. (JakM) heldur því hins vegar fram, að tímarnir sjeu nú svo breyttir, að ástæðan til laganna sje horfin. Þetta get jeg alls ekki fallist á. Jeg er þvert á móti fullviss um það, að ef landsverslunin hætti nú að reka þessa verslun, þá yrði bráðlega að breyta til aftur, sökum einokunar einstakra manna á vörunni. Auðvitað má segja það, að ekki þurfi samt að vera um einokun að ræða og að landsverslunin eigi að geta kept við steinolíufjelagið um verslunina. En hvað verður þá um tekjurnar í ríkissjóðinn? Og það var þá ein aðalástæðan til laganna.

Háttv. fyrirspyrjandi (JakM) vildi halda því fram, að yfirlýstur vilji þingsins í fyrra væri á móti einkasölunni. Sú yfirlýsing hefir þá að minsta kosti flogið framhjá eyrum mínum. Jeg neita því alveg, að þingið hafi látið nokkurn slíkan vilja í ljós; þvert á móti má segja, að það gagnstæða hafi komið fram, sje um nokkurn vilja þá að ræða.

Þá gat hv. fyrirspyrjandi (JakM) um það, að jeg hefði lýst yfir því í fyrra,

að jeg myndi ekki taka upp einokun á neinum vörum,nema þær yrðu einokaðar af öðrum, og hefði jeg því gengið þar á bak orða minna. En hv. þm. (JakM) verður að gæta þess, að þá verslaði landið bæði með tóbak og steinolíu, sem yfirlýst var af öllu þinginu, að það vildi að haldið yrði áfram verslun með, og átti jeg því ekki við þær vörutegundir, nje gat átt, heldur aðallega korn og kol, sem fram var kominn yfirlýstur vilji þingsins um, að ekki ætti að láta landið versla áfram með. Má best sjá þetta af till. viðskiftamálanefndarinnar á þinginu í fyrra. Það er og alkunnugt, að landsverslunin óskaði á síðasta sumri eftir leyfi til að fá að flytja inn kolafarm, en jeg neitaði, af því að jeg vissi um vilja þingsins í því efni. Yfirlýsing mín á því ekki við og g a t ekki átt við tóbak og steinolíu. Jeg neita því algerlega, að hafa gengið á bak orða minna; þvert á móti. Jeg hefi haldið þau alveg.

Annars verð jeg að halda því fram, að í till. bæði meiri hluta og minni hluta samvinnunefndar viðskiftamálanna í fyrra felist ótvíræð bending til stjórnarinnar um að t a k a e i n m i t t u p p e i n k a s ö l u á s t e i n o l í u, og að það sje einmitt til yfirlýstur vilji þingsins í þá átt, en ekki hið gagnstæða. Skal jeg þessu til stuðnings lesa upp nokkur orð úr báðum till. Í till. minni hluta nefndarinnar stendur þetta fyrst:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beina starfsemi landsverslunarinnar aðallega í þá átt:“ —,

og svo undir c-lið:

„Að halda áfram sölu á tóbaki og steinolíu, og sje reikningsskilum fyrir e i n k a s ö l u v ö r u m haldið út af fyrir sig“

Og í niðurlagi greinargerðarinnar (þskj. 270) stendur:

„Einkasölu ríkisins á tóbaki og steinolíu, e f t i l k e m u r“ o. s. frv.

Hjer er beinlínis gert ráð fyrir, að stjórnin taki að sjer einkasölu á steinolíu, og því er hvergi mótmælt, heldur segir í till. meiri hluta nefndarinnar, í greinargerðinni (þskj. 269), að landsverslunin fari með sölu á tóbaki og steinolíu, eftir því sem þörf gerist og r í k i s s t j ó r n i n t e l u r æ s k i l e g t.

Meiri hluti viðskiftamálanefndar leggur það með öðrum orðum alveg í vald stjórnarinnar, hvort og hve nær hún vill taka upp einkasölu á steinolíu. Með þessum tilvitnunum hefi jeg alveg hrakið það, að yfirlýsing mín í fyrra hafi verið, eða einu sinni getað verið, bundin við steinolíu, og að jeg því hafi breytt gegn henni í nokkru.

Að svo stöddu mun jeg láta 1. lið fyrirspurnarinnar svarað með þessum orðum.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi (JakM) um það, hvernig samningum þeim sje háttað, er stjórnin hafi gert um steinolíukaup til landsins. Jeg get þar gefið hv. þm. þær upplýsingar, að stjórnin hefir gert samning við fjelag nokkurt í London, sem heitir British Petroleums Company, og skuldbundið sig fyrir ákveðinn tíma að kaupa alla sína steinolíu af því. Er tiltekið í samningunum um kaupverðið, flutningskostnað o. fl. En jeg efast um, að heppilegt sje, að jeg skýri hjer ítarlega frá þessum samningi, af þeim ástæðum, að eftir þau 3 ár, sem hann gildir fyrir, verður að sjálfsögðu leitað nýrra tilboða um sölu á steinolíu, og gæti þá verið verra, að menn hefðu hann til samanburðar. Mun

jeg því láta þennan samning af hendi við skrifstofustjóra Alþingis, og eiga hv. þm. kost á að sjá hann þar. Fjelagið á að setja tryggingu fyrir uppfyllingu samningsins. Gat þar verið um tvennskonar tryggingu að ræða. Að ákveðin fjárupphæð yrði sett föst til tryggingar annaðhvort í erlendum eða innlendum banka. Jeg kaus heldur, að það yrði sett í banka hjer á landi, og lofaði fjelagið að setja hjer í Landsbankann 5 þúsund sterlingspund, eða þá ella tryggingu frá enskum banka fyrir 20 þús. pundum. Óskaði það heldur eftir, að tryggingin yrði á þann hátt, því þótt það hafi mikið fje til umráða, þá er það ekkert fíkið í að hafa hjer 5 þúsund pund aðgerðalaus. Jeg kaus samt heldur, að tryggingunni yrði svona hagað, en hefi þó loforð um það, að hin tryggingaraðferðin skuli tekin upp, ef þingið kysi það heldur. Eins og jeg gat um áðan, þá gildir þessi samningur fyrir 3 ár, og skal honum sagt upp með eins árs fyrirvara.

Að því er snertir flutninginn á steinolíunni, þá skal jeg geta þess, að landsverslunin hafði áður verslað með steinolíu, og var hún þá flutt hingað frá Leith eða Sunderland. En síðan samningur var gerður, þótti haganlegra að fá hana beina leið frá London, og verður flutningsgjaldið minna á þann hátt. Verður það sem næst 7—8 krónur á tunnu, miðað við, hve langan tíma ferðin tæki, og með það fyrir augum, að skipið hefði jafnan sæmilegt flutningsgjald. Vegna þess hefir landsverslunin því sjeð sjer fært að láta flytja steinolíuna á ýmsar hafnir út um land fyrir sama verð og hingað. Auðvitað er það nokkurt spursmál, hvort ekki væri hagkvæmara að taka olíuna frá Ameríku. En sú hefir orðið raunin á, að flutningurinn með stórum „tank"-skipum, alt að 8—10 þús. tonna, að viðbættu farmgjaldi frá Englandi hingað, verður ekki hærri en flutningur í tunnuskipunum beint frá Ameríku. En þau skip, sem við höfum, eru of lítil til þeirra ferðalaga, að minsta kosti um nokkurn tíma ársins, og er því óvíst, að þetta myndi reynast nokkuð heppilegra.

Jeg skal að endingu taka það fram, að árið 1921 gerði landsverslunin ítarlegar tilraunir til að fá tilboð frá ýmsum steinolíufjelögum í Ameríku, en árangurslaust. Að lokum komst hún þó í samband við þetta ágæta fjelag, og býst jeg ekki við öðru en það reynist vel.

Að endingu vil jeg geta þess, að ef þetta svar mitt, einkum um flutning olíunnar, þykir ekki nægilega ítarlegt, þá mun hv. þm. Ak. (MK), sem er nákunnugt um málið, gefa nánari upplýsingar.

Sje jeg svo ekki að svo stöddu ástæðu til að fara lengra inn á málið, en er reiðubúinn að bæta við síðar, ef mjer hefir láðst að geta um eitthvað málinu viðvíkjandi, sem þýðingu hefir.

Fyrirspyrjandi (Jakob Möller): Hæstv. atvrh. (KlJ) rakti hinar sömu ástæður til þessara heimildarlaga og jeg hafði gert, og hann undirstrikaði enn þá frekar en jeg hafði gert, að lög þessi voru ekki gefin af því, að þingið hefði verið hlynt einkasölu. Það er því játað af honum, að einkasöluheimildin var gefin af því einu, að frjáls verslun með steinolíu var þá talin ókleif. Jeg fæ því ekki skilið, að ráðherrann sjái nú ekki, að ástæðurnar fyrir heimildarlögunum eru burtu fallnar, er hann hefir sjálfur

viðurkent, eða jafnvel sannað, að frjáls samkepni í kaupum og sölu á þessari vöru er möguleg. En þegar ástæðurnar fyrir heimildarlögunum eru burtu fallnar, eru lögin sjálf einnig fallin úr gildi, siðferðilega skoðað, og það átti stjórninni að vera nóg til þess að vilja ekki nota heimildina.

Hæstv. ráðherra (KlJ) heldur því fram, að þetta hafi verið nauðsynlegt nú, til þess að tryggja landinu nægar birgðir og ódýrari af þessari vöru, en vitanlega er alveg eins hægt að tryggja sjer þetta með frjálsri samkepni. Auk þess gildir þá vitanlega alveg það sama um aðrar nauðsynjavörur. Og það, sem þá verður um að ræða, er það, hvort þingið hafi lýst sig fylgjandi einkasölustefnunni yfirleitt. Jeg svara því hiklaust neitandi og held því fram, að það sjeu í mesta lagi aðeins tveir þm., sem fylgi þessari stefnu. Meðferð þingsins á verslunarmálunum að undanförnu og niðurlagning landsverslunarinnar tekur af öll tvímæli um þetta. Þegar þannig er ástatt, furðar mig á því, að hæstv. atvrh. (KlJ) segir engan yfirlýstan vilja hafa komið fram um þetta og lætur þeirri spurningu ósvarað, hvað þingið vilji í þessu efni, en gengur út frá því, að það sje ekki á móti einkasölu.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, hvað verði um arðinn af einkasölunni. Þetta er princip-atriði, hvort ríkið eigi yfir höfuð að leggja sig eftir arði af verslunarrekstri. Þeir, sem eru á móti einkasölu, eru á móti henni af þeirri ástæðu, að þeir álíta, að ríkið eigi ekki að seilast eftir arði af verslunarrekstri. Eða hvar mundi þessi einokunarstefna annars taka enda, ef ríkið vildi engum gróða sleppa, sem hægt væri að hafa af verslun? Hvers vegna þá ekki að einoka fleiri vörur, t. d. kornvörur, kol, salt o. s. frv.? Hvers vegna reyndi stjórnin þá ekki í fyrra að hafa arð af kolakaupunum, sem eingöngu voru gerð fyrir hana sjálfa, úr því hún á annað borð sækist eftir verslunararði? Jeg lít nú svo á, að stjórnin hafi í því máli tekið óþarflega mikið tillit til þingviljans, en einmitt þar með er fengin viðurkenning hennar fyrir því, að hún viti vel, hver vilji þingsins er í þessum málum.

Hæstv. atvrh. (KlJ) vitnaði í þál. frá í fyrra, um verslun landsverslunar með aðrar vörur, en þar er ótvírætt gengið út frá gagnstæðri skoðun við það, sem hann heldur fram. Þar er aðeins átt við, að ríkið haldi áfram tóbaks- og vín-einokuninni, en „hafi hönd í bagga með steinolíuversluninni". Ef stjórnin hefði haft nokkra von um að fá því framgengt við þingið, hefði hún látið koma þar fram með tillögu um einokun ríkisins á steinolíunni líka. En hvers vegna gerði hún þetta ekki,heldur ljet einmitt í veðri vaka, að ekkert slíkt væri á seiði? Af því, að hún vissi enga von til, að þetta fengist samþykt. Þess vegna var þagað með þetta þá, en þessari einokun skelt á, eftir þessum gömlu heimildarlögum, nokkrum dögum fyrir þing. Þar sem jeg þannig verð að álíta, að stjórnin hafi á þennan hátt gert hlut, sem hún vissi um, að var þvert á móti vilja meiri hluta þingsins, verð jeg að telja alla meðferð hennar á þessu máli algerlega óforsvaranlega.

Það þýðir ekki að lengja umræður um þetta; það verður hvort sem er ekki aftur tekið að sinni, þar eð samningum þeim, sem þegar hafa verið gerðir, verður vart breytt fyr en að 3 árum liðnum. Hins vegar vænti jeg þess, að þm. láti sjer nægja boð stjórnarinnar um að fá

tækifæri til að athuga þennan samning á skrifstofu þingsins. Þó hefði, að mínu áliti, átt vel við að leggja hann fyrir þingnefnd til athugunar, og það þegar í þingbyrjun. Jeg er vitanlega ekki viðbúinn að ræða um hann nú, og ekki heldur um flutningsgjöldin á olíunni, en í fljótu bragði virðist þó 7—8 kr. fyrir tunnu fullhátt flutningsgjald frá Englandi, og líklegt að hefði mátt má það lægra, en skal hins vegar líta á það, að skipið flytur hana á allar eða flestar hafnir, sem við þarf, og má vera, að þetta komi því öllum landsmönnum betur og kostnaðurinn skiftist jafnt niður á þá.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er jafnan svo, þegar tveir deila, að hvorum þykir sinn málstaður góður. Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) felst ekki á mínar ástæður í þessu máli, og hann hefir heldur eigi haggað minni skoðun á því. Það er ekki rjett hjá honum, að aðalástæðan fyrir einkasöluheimildinni væri sú, að verslun með steinolíu væri ókleif. Hitt var einnig til sem ástæða, og skýrt tekin fram af frsm. þá, að þetta væri líka tekjulind fyrir ríkissjóð, og þá er hún það enn. Það er og satt, að það eru fleiri vörur, sem gætu komið til greina, að teknar væru til einkasölu, t. d. kol og salt. Mjer væri nær að ætla, að kol hefðu fengist, meðan stríðið var, og fengjust nú hjer með betri kjörum, ef það hefði orðið úr samningum 1911, eins og millibinganefndin í fjármálum vildi þá láta gera við alþekt kolafirma á Skotlandi.

Jeg get ekki skilið, hvernig hv. þm. (JakM) getur haldið því fram, að ekki hafi verið til „formel“ heimild fyrir stjórnina að gera þetta. Jú, heimildin var bæði „formel“ og efnisleg; stjórnin var siðferðilega skyld til að koma lögunum í framkvæmd. Hefði jeg ekki gert það, er jeg alveg viss um, að einhver þm. hefði orðið til þess að koma fram með beint vantraust á stjórnina fyrir vanrækslu, og þá hefði jeg haft fátt til varnar.

Hv. þm. (JakM) talaði um það, að ástæðurnar fyrir heimildinni væru burtu fallnar, en þetta álít jeg alls ekki rjett sjeð. Jeg veit ekki, til hvers lög eru þá sett, ef stjórnin á ekki að framfylgja þeim og fara eftir því, sem þau mæla fyrir. Og þótt þessi heimild væri eigi notuð strax, hefði það verið illverjandi af núverandi stjórn að taka eigi tillit til þessara heimildarlaga eða draga lengur að koma þeim í framkvæmd, þar sem vitanlegt var, að ástæða var til þess, og þau giltu enn, eins og ætlast var til, er þau voru sett, að þau stæðu lengi.

Þá segir þessi sami hv. þm. (JakM), að þingið sje á móti allri einkasölu. Hvar hefir það sýnt sig? Jeg hefi í fyrri ræðu minni sannað hið gagnstæða. En þingið hefir tjáð sig mótfallið einkasölu á fleiri einstökum vörum, svo sem kornvöru og salti. Þó er að mínu áliti full ástæða til, að ríkið tæki að sjer saltverslunina, því nýlega var hjer svo komið austanlands, að alveg var saltlaust orðið, þrátt fyrir þá frjálsu samkepni, sem hefir átt sjer stað í verslun með þessa vöru. Get jeg ekki sjeð annað en þess muni skamt að bíða, að þing og stjórn verði að fara að hlutast til um þessa verslunarvöru, ásamt ýmsum fleiri, ef til vill.

Hv. þm. (JakM) telur, að engar raddir hafi komið fram um einkasölu á steinolíu á síðasta þingi nje síðan, og segir mig hafa gengið þegjandi að þessu

verki. Þessu neita jeg alveg. Það hafa eigi allfáir þm. komið til mín og hvatt mig til þess að neyta þessara heimildarlaga, og hvað þýða tillögur þingsins frá í fyrra, annað en að veita stjórninni fult sjálfdæmi til þess að haga þessu þann veg, sem hún teldi heppilegast vera? Hví mótmælti hv. þm. (JakM) ekki nefndaráliti minni hluta viðskiftamálanefndar, og jafnvel meiri hl. líka? Þá hefði þingviljinn getað komið greinilega í ljós, og hann hefði verið mín megin. Jeg hefi hvorki þagað yfir neinu nje leynt neinu þessu viðvíkjandi, og jeg er alveg óhræddur við allar afleiðingar af þessum samningi, sem jeg hefi gert.

Hv. þm. (JakM) segir, að jeg hafi skelt þessu á àð óvörum rjett fyrir þing, — líklega þá til þess að óvirða væntanlegan vilja þingsins. Jeg get varla vænst þess, að þm. (JakM) telji mig svo grunnhygginn, að jeg hefði haldið það fært að leyna þessu fyrir þinginu, og hefði jeg óttast þingviljann, sem hann virðist ætla, að jeg geri, hefði verið rjettara fyrir mig að koma þessu á miklu fyr, til þess þá, að farið væri að fyrnast yfir þetta ódæði mitt, þegar liði að þingsetningu. Að jeg læt samninginn ganga í gildi rjett fyrir þing, sýnir einmitt alveg ljóslega, að jeg hefi hreina samvisku í þessu máli. Nei, ástæðan var sú, að samningar voru fullgerðir þann 10. ágúst, og til þess að virðast eigi vilja þrengja um of að keppinautunum í þessu, setti jeg 6 mánaða frest, áður einkasalan gengi í gildi. Landsverslunarforstjórinn áleit, að þriggja mánaða frestur hefði nægt, og nú sje jeg eftir því að hafa eigi haft styttri frestinn, úr því einmitt þetta er haft til árása á mig, sem jeg hefi vel gert í þessu máli.

Jón Auðunn Jónsson:*) Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), að það lá í orðum og umræðum á þingi í fyrra, að menn væru alment mótfallnir einkasölu, nema brýn nauðsyn ræki til þess, og við það voru og heimildarlögin miðuð á sínum tíma. (**Atvrh. KlJ:** Þessu neita jeg; eða hvar kom þetta fram í umræðum?). Hæstv. ráðherra (KlJ) getur ekki neitað sínum eigin orðum þá; það var ekki átt við aðra einokun en þá, sem þegar var komin á. Þá talar hæstv. atvrh. (KlJ) um einokun á kolum og salti. Jeg vænti þó, að hún komist ekki á fyr en frv. um það hefir verið afgreitt frá þinginu.

Þá vil jeg koma með þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar, við hvað mörg fjelög hafi verið leitað samninga áður en þessi samningur var gerður um steinolíusöluna. Jeg vil ekki ætla, að samningur hafi verið gerður við þetta eina fjelag, án þess að gefa öðrum kost á að koma með tilboð. Jeg vil og sjerstaklega mótmæla því í ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), að landið megi ekki missa arðinn af steinolíuversluninni. Það, að stjórnin tekur steinolíuverslunina og gerir hana að ríkiseinokun í þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna af henni á kostnað sjávarútvegsins, tel jeg hreinasta gerræði. Það er enginn efi á því, að þessum atvinnuvegi væri gerð meiri þægindi í því að leyfa frjálsa samkepni í kaupum og sölu á þessari vöru, heldur en að ríkið taki hana til einkasölu í gróða-

*) JAJ hefir ekki yfirlesið ræður sínar í þessu máli.

skyni. Það er aftur á móti alt öðru máli að gegna um ýmsar óþarfavörur, og þar er jeg því meðmæltur, að ríkið megi græða á þeim, en það er ótækt með nauðsynjavörur og má alls ekki eiga sjer stað. Sjávarútvegurinn stendur nú allhöllum fæti, og því er allsendis ófært, að ríkið taki stórgróða af þeim vörum, sem hann þarfnast einna mest. Þess vegna vil jeg mótmæla því sem fastast, að nokkur einokun eigi sjer stað, sem hafi stórgróða á kostnað atvinnuvega landsins. Þá vil jeg taka undir kröfu hv. þm. Barð. (HK), að samningurinn um steinolíusöluna verði lagður fram í fleiri eintökum og í íslenskri þýðingu, sem væntanlega hlýtur að vera til af honum, þar sem það er vitanlegt, að margir þm. skilja illa eða alls ekki enska tungu.

Jón Þorláksson: Hæstv. atvrh. (KlJ) kom með fremur litlar upplýsingar í þessu máli. Hann rakti að vísu hina fyrri sögu þessa einokunarmáls, en hana má nú lesa í Alþingistíðindunum, eins og menn vita. En um það, sem hefir gerst áður og síðan þessir sölusamningar voru gerðir, það sagði hann minna um.

Þegar verið var að undirbúa þessa steinolíueinkasölu af hálfu stjórnar og landsverslunar, hygg jeg, að þeirri steinolíuverslun, sem þá var hjer fyrir í landinu, hafi alls ekki verið gefinn kostur á að koma með sölutilboð. Sumir hafa ef til vill litið svo á, sem hún hafi ekki sjerstaklega til þess unnið, að til hennar væri leitað, en þó álít jeg, að það megi vel viðurkenna það, að Hið íslenska steinolíufjelag hefir birgt landið vel að olíu á undanförnum árum, þrátt fyrir mikla erfiðleika, fyrst á aðflutningum og síðan á yfirfærslum gjaldeyris. En einkum hefði þó mátt líta á það, að þetta fjelag er ein grein af einhverju stærsta steinolíuframleiðslufjelagi í Ameríku. Og þótt ekki væri ńema vegna þess, að það fjelag hefir fram að þessu birgt landið með steinolíu, þá hefði verið sjálfsögð kurteisisskylda að lofa steinolíu úr lindum þess fjelags að keppa við aðra olíu á markaðinum hjer. Og það er víst, að það hefir vakið eftirtekt í Bandaríkjunum, að fram hjá þessu fjelagi var gengið, og sennilegt, að það hafi átt sinn þátt í því að baka íslenskum atvinnurekstri erfiðleika, og talið er, að hækkun tollsins á íslenskri ull í Bandaríkjunum standi í sambandi við þetta. Jeg vil nú hjer með gefa hæstv. stjórn tilefni til að gefa upplýsingar um þessi atriði, en trúi annars, að afleiðingarnar sjeu þær, sem jeg nú hefi sagt.

Lög þau, sem heimila stjórninni þessa einkasölu, eru sett 1917, og hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) skírskotaði mjög til þess, hvaða hugsanir menn þá hefðu borið um steinolíueinkasöluna, en fram hjá því hefir verið gengið, að við höfum síðan fengið þungbæra reynslu um það, hversu erfiður verslunarrekstrinn er, þegar hann er kominn í hendur hins opinbera. Enda sýna allar till. og umræður um landsverslunina 1921 og 1922, að menn höfðu þá miklu skýrari skoðun á því efni en þeir gátu haft á þingunum 1916 og 1917. Og jeg þori að fullyrða það, að engum okkar, sem standa og stóðum fyrir utan landsverslunarhringinn, gat dottið í hug á síðasta þingi, að komið gæti til mála, að ríkið tæki að sjer steinolíueinkasöluna. Enda skýrði hæstv. atvrh. (KlJ) frá því, að landsverslunin mundi ekki taka að flytja inn almennar vörutegundir, nema svo stæði á, að erfitt væri með útvegun

þeirra eða einokun væri komin á þær annarsstaðar, og yrði það þá gert til að halda uppi samkepninni. Þetta viðurkennir líka hæstv. atvrh. (KlJ), en segist hafa í huga sínum undanskilið steinolíuna. En þá verð jeg að segja, að of langt sje gengið í því að þegja og verja vini sína, með því að sitja með þennan yfirborðshug. Frsm. meiri hluta samvinnunefndar gerði steinolíuna að umtalsefni, og bjóst hann við, að því yrði haldið áfram, sem þá var upp tekið, að landsverslunin flytti inn nokkuð af steinolíu til að halda uppi samkepni við steinolíufjelagið. Þá hafði borist út sá orðrómur, að stjórnin væri að gera samning um steinolíukaup fyrir landið við erlent fjelag, og einn þm. (ÓP) gerði þetta sjerstaklega að umræðuefni og spurði stjórnina um þetta atriði og endaði ræðu sína á því, að allur sannleikur um það þyrfti að koma í ljós. En stjórnin neitaði því, að nokkrir slíkir samningar væru á ferðinni. Nú er það þó komið í ljós, að samningarnir voru fullgerðir 10. ágúst, og er þar með fullsannað, að byrjað hefir verið á samningunum meðan þing stóð yfir, en það ráð tekið að halda öllu slíku leyndu, með því að annars hefði verið tekið fyrir það. En hafi hæstv. atvrh. (KlJ) verið kunnugt um þessa samninga, er full ástæða til að halda, að það hafi ekki verið af heilum hug mælt, er hann lýsti yfir því, að landsverslunin yrði ekki látin versla með algengar vörur. En jeg er svo góðgjarn, að jeg vil heldur trúa því, að hann hafi ekki vitað, að þetta stóð til.

Um efni málsins, eins og hv. fyrirspyrjandi (JakM) hefir rjettilega skýrt frá, er það að segja, að þegar gripið var á þennan veg fyrir kverkar steinolíuverslunarinnar, þá voru engin vandræði lengur um innflutning á steinolíu, því auk þess sem steinolíufjelagið og landsverslunin fluttu inn, þá var þegar hafinn innflutningur af hendi kaupmanna, og þannig voru allar þær ástæður, sem voru hugsanlegar fyrir því, að heppilegt væri, að landið tæki að sjer steinolíuverslunina, fallnar burtu. Svo mjög höfðu tímarnir breyst frá því á stríðsárunum, að nú var ekkert til fyrirstöðu með samkepnina. Þetta volduga Bandaríkjafjelag gat t. d. fyrir stríðið ráðið svo að segja eitt verði steinolíu á heimsmarkaðinum, en nú eru komin upp voldug fjelög annarsstaðar, sem ætla sjer að bjóða hinu birginn. Og þannig voru þær leiðir, sem áður voru lokaðar, nú opnar. Því verður því ekki með nokkru móti haldið fram, að þessi ráðstöfun sje gerð til að afstýra einokun annarsstaðar frá, enda er það vitanlegt, að ástæðurnar eru alt aðrar; en hvers vegna þá að þegja yfir þeim?

Sönnu ástæðurnar eru þær, að forystumenn þess þingflokks, sem stutt hefir hæstv. atvrh. til valda, hafa heimtað þetta af honum, því þetta var þeim pólitiskt mál, og þingið var leynt því, til þess að það gæti ekki gripið fram í þessa ráðstöfun. Jeg skal ekki að svo komnu máli rekja það, hvers vegna flokksmenn ráðherrans hafa heimtað þetta af honum; seinna gefst ef til vill tækifæri til þess. En hitt þori jeg að fullyrða, að svona er þetta mál undir komið. Og þótt hæstv. atvrh. (KlJ) hafi reynt að verja sinn málstað með því að vitna til afstöðu sinnar 1911—12, er hann vildi gera verslun með kol og steinolíu að tekjugrein fyrir landssjóð, þá verður sú ástæða ekki tekin gild hjer,

því eins og kunnugt er, er steinolíuverslauninni ekki ætlað nú að vera tekjustofn. En þegar minst er á gróðann, sem af þessari verslun hefir orðið, og það fært sem ástæða fyrir því að færa nú út kvíarnar með einkasölu, þá má líka minnast þess, að þeir aðrir, er verslun reka, leggja ekki alllítið af mörkum til almenningsþarfa, bæði til sveitar og ríkis og það þykist jeg vita, að það, sem steinolíufjelagið hefir greitt til þess, er eins há upphæð og gróðinn á pappírnum af steinolíuverslun landsverslunarinnar. Það er altaf hæpinn ágóði fyrir landið að taka gróðann úr höndum gjaldendanna. Nú er það upplýst, að samningurinn sje gerður til þriggja ára. Frá hvaða tíma hann byrjaði, veit jeg ekki, en víst er um það, að ekki er lengra en svo til samningsloka, að af veiti, að menn fari að átta sig á því, hvað við skal taka, er samningurinn fellur úr gildi. Og þótt engu verði nú um þokað hvað þetta tímabil snertir, þá verður strax á næsta þingi að taka afstöðu til þess, út á hvaða braut skuli fara. Það verður nú væntanlega tækifæri til að bera það undir kjósendur í sumar, en engin von er til þess, að þeir geti nægilega áttað sig á þeim málum, ef þeir hafa engin gögn í höndum. En þau hafa enn þá ekki verið lögð fram og harla litlar upplýsingar gefnar því viðvíkjandi í þessum umræðum. Jeg fyrir mitt leyti held, að þegar taka skal ákvörðun um þetta fyrir framtíðina, þá beri að líta á það, að steinolíuverslunin, sem kemur fram sem einkasala, er eftir eðli sínu mjög áhættusöm verslun. Hún tekur á sig fulla skyldu, að ávalt og alstaðar sje næga steinolíu að hafa í landinu, og henni ber mjög víðtæk skylda til að lána hana útgerðarmönnum og öðrum, sem svo stendur á fyrir, að þeir geta ekki greitt hana í bili, miklu brýnni skylda en nokkurri verslun í frjálsri samkepni. Það hlýtur því að koma í ljós, að landsverslunin verður nauðbeygð til að safna mjög miklum útistandandi verslunarskuldum. Því er það, að öllum þeim, sem álíta varfærni í fjármálum ríkisins nauðsynlega, er ljóst, að það er allra hluta vegna óheppilegt að halda einokunarverslun landsins áfram í þeirri mynd, sem hún er stofnuð í. Í þessu sambandi má geta þess, að ríkissjóður mun nú kominn í skuldir, sem nema um 16 milj. kr. Skiftir máske ekki miklu máli, hvað þessum skuldum veldur, en alment munu ástæðurnar vera taldar tvær af þeim, sem skyn bera á slíka hluti, í fyrsta lagi, að tekjurnar hafa ekki hrokkið fyrir árlegum útgjöldum, og í öðru lagi, að fje ríkissjóðs hefir verið fest í fyrirtækjum, sem ekki hafa getað og munu ekki geta skilað því aftur. Svo er t. d. um skipakaup landsins og fleiri ófriðarráðstafanir. Nú er svo komið, að vextir og afborganir af þessum lánum munu nálægt 2 milj. kr. á ári, eða með öðrum orðum jafnhá upphæð og fjárhagsáætlunin var fyrir stríð. Þetta er svo mikið fje, að engin von er til þess, að landsmenn fái borið svo mikla skatta og skyldur, svo að nokkuð verði afgangs til verklegra framkvæmda í landinu, og sker þannig fyrir allar þær framfaravonir, sem byggjast á fjárstyrk frá hinu opinbera.

Nú sýnist svo, sem eina færa leiðin hefði verið sú, að draga sem fyrst saman þau fyrirtæki, sem fjeð stendur fast í, og bjarga þannig sem mestu af fjenu til afborgana og greiðslu á þeim lánum, sem hæstir vextir eru af og óhaganlegast er fyrir komið, og koma þannig hin-

um árlegu afborgunum úr 2 milj. og eins lágt niður og kostur er á. En með steinolíuversluninni er einmitt stigið spor í öfuga átt. Ekkert er hugsað um það að losa um fjeð, sem fast stendur í landsversluninni og skipunum, þótt hægt hefði verið. Einnig má búast við, að verslunin geti ekki haldið að sjer höndum um útlán, og er þá enn meira fje fest en annars. Það er enginn vafi á því, að hjer hefir verið haldið í gagnstæða átt við þá, sem stefna þurfti til, og má gera ráð fyrir, að eitt af aðalmálum næsta þings verði að kippa þessu í lag og koma steinolíuversluninni aftur á frjálsan grundvöll, svo fjeð, sem í henni hefir verið fest, náist aftur og hægt verði að nota það til afborgana hinum miklu skuldum ríkisins. Jeg undanskil hjer verslun með tóbak og þær aðrar vörutegundir, sem eiga að afla landinu tekna; þar þarf ekki að standa fast meira fje en svo, að ávinningur geti orðið af henni. En alt öðru máli er að gegna með það verslunarbrask, sem jeg hefi nú talað mest um, sem aðeins getur orðið til þess að leggja á landsmenn auknar byrðar og aldrei gefur landinu neinar tekjur fram yfir það, ef verslunin væri í höndum einstakra manna.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. þm. Ísaf. (JAJ) spurði, hvað margra fjelaga hefði verið leitað til. Jeg get nú gefið upplýsingar um, að þau voru þrjú, auk þess, sem endanlegu samningarnir tókust við, og eitt þeirra að minsta kosti, The Texas Oil Co., mjög stórt og voldugt fjelag.

Hverjar ástæður voru fyrir því, að landsverslunin sneri sjer ekki til danska steinolíufjelagsins, er mjer ekki kunnugt um, en jeg hafði enga ástæðu til að átelja það eða óska eftir samningum við það fjelag. Til þess hafði jeg of mikla reynslu af því. Eins og jeg hefi getið um, sneri milliþinganefndin frá 1911 sjer til fjelagsins í samningaumleitunum um sölu á steinolíu. Fjelagið sendi hingað upp tvo menn til að semja. En fyrsta tilboðið var svo algerlega óaðgengilegt, að við allir nefndarmenn höfnuðum því í einu hljóði, án þess að taka okkur tíma til að athuga það nánar sameiginlega. Síðar fengum við tvisvar eða þrisvar aðgengilegri tilboð, en þau voru jafnan tekin aftur daginn eftir. Gæti jeg sagt margt frá þeim samningaumleitunum, en sleppi því. Það var auðsjeð, að alt var leikur.

Jeg hafði því enga löngun til að fá sama leikinn upp aftur, einkum ef sami maðurinn yrði sendur hingað til samningsumleitana, sem þá var fyrir af þeim tveimur. Og hafi hann verið óþýður fyrir rúmum 10 árum, er engin ástæða til að ætla, að hann hafi batnað með aldrinum.

Hv. þm. Ísaf. (JAJ) vildi fullyrða, að einkasalan á steinolíu væri rekin á kostnað sjávarútvegsins. Jeg hygg þetta öfugt við það, sem rjett er. Með einkasölunni eru útgerðinni ávalt trygðar nægar birgðir af góðri steinolíu með sanngjörnu verðlagi, gagnstætt því, sem oft hefir verið. Jeg er sannfærður um, að þessi muni raunin á verða jafnan eftirleiðis. Að vísu eru samningarnir nýlega gengnir í gildi og ekki farnir að sýna sig ennþá, en á næsta þingi mun reynslan hafa skorið úr. Komi það þá í ljós, að samningarnir sjeu óhagstæðir, er það á minni ábyrgð, og hygg jeg, að

þingið muni þá hafa fulla einurð til að ganga á milli bols og höfuðs á mjer.

Þá sagði sami hv. þm., að olían mundi verða dýrari en ella. Það er alls ekki rjett. Millilíðakostnaðurinn hverfur með þessu fyrirkomulagi, og er það ágóði ríkissjóðs. En þeim hv. þm., sem bera hag steinolíufjelagsins svo mjög fyrir brjósti, þykir sennilega rjettara, að sá gróði lendi í vasa þess, en ekki ríkissjóðs.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði, að jeg hefði gefið litlar upplýsingar um það, sem gerst hefði í málinu síðan 1917. (**JÞ**: Síðan í fyrravetur). Það hefir ekki gerst annað síðan í fyrravetur en að þessi umræddi samningur var gerður, svo sem jeg hefi skýrt frá. Tilboða var leitað, meðal annars hjá British Petroleum Co., og tókust samningar við það fjelag. Hv. þm. bar það sama fram, að steinolíufjelaginu hefði ekki verið gefinn kostur á að koma með tilboð, en því hefi jeg svarað áður. Kvað hann það grein af stórum stofni, en sama má segja um þetta fjelag, það er ein grein af stórum stofni, nefnilega Anglo Persian Co. Ef þetta eru meðmæli með steinolíufjelaginu, á það einnig við um breska fjelagið. Hv. þm. sagði, að ef til vill væri engin ástæða til að bera vinarhug til steinolíufjelagsins. Jeg skal ekki dæma um það og hefi ekkert út í það mál farið, þó jeg reyndar hefði haft ástæðu til þess, út af árás sumra blaða á mig út úr þessu máli, en ef hv. þm. vildu lesa Alþingistíðindin frá 1911, 1912 og 1917, mundi hann ekki verða hrifinn af þeim dómi, sem fjelagið fær þar. Þar kveða sumir þingmenn svo sterklega að orði í garð fjelagsins, að fátítt mun að sjá jafndjúpt tekið í árinni.

Þá gat sami hv. þm. þess, að þetta hefði vakið eftirtekt í Bandaríkjunum. Kynnu menn þar því illa, að gengið hefði verið fram hjá þeim, og væri það trú margra manna, að þetta hefði valdið miklu um hina gífurlegu hækkun á ullartollinum. En í því er engin hæfa. Í þessu hefi jeg fyrir mjer orð sendiherra Dana í Washington. Í brjefi, rituðu í febrúar, getur hann þess, að hann hafi orðið var við, að stjórn Bandaríkjanna þyki leitt, að fjelögum þar hafi ekki verið gefinn kostur á að koma með tilboð um sölu á steinolíu. En hann segir, að ef til vill mætti svara þeirri ákæru á þá leið, að þar sem Bandaríkin hefðu nýlega lagt háan toll á innflutta ull, mætti ef til vill skoða þetta sem „repressalia“ af hendi íslensku stjórnarinnar. Danski sendiherrann þar, einhver helsti diplomat Dana, veit sýnilega ekki, og þá heldur ekki stjórn Bandaríkjanna, hve nær samningurinn um einkasöluna er gerður, en telur hann yngri en samþykt ullartollsins, sem rjett mun vera. Hann er ekki heldur kunnugri málinu en svo, að hann ætlar, að samningurinn sje gerður til 5 ára.

Að þetta hafi ekki vakið neinn sjerstaklegan óhug í Bandaríkjunum, má einnig sanna á annan hátt. Sendiherra Bandaríkjanna í Kaupmannahöfn, dr. Prince, hefir borið sig upp undan því við dönsku stjórnina, að amerískum fjelögum hafi ekki verið gefinn kostur á að gera tilboð um steinolíusöluna. Það var þó leitað til þriggja fjelaga í Bandaríkjunum, þó að honum sje það ekki kunnugt. Mun þetta sennilega stafa af því, að forstjóri danska steinolíufjelagsins hefir kvartað um það við hann. Sendiherrann átti tal við utanríkisráðherra Dana, og hefir ráðherrann ritað

stjórninni hjer í tilefni af því. Getur hann þess, að sendiherrann hafi komið á sinn fund og mælst til þess, að amerískum fjelögum væri gefinn kostur á að taka þátt í samkepninni, þegar samningurinn við breska fjelagið er fallinn úr gildi. Lýkur hann brjefi sínu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg skal tilföje, at Gesandtens Henvendelse ikke havde Karakter af en Klage, men kun en Henstilling af nævnte Indhold".

Það er því engin ástæða til að vera hræddur við Bandaríkin út af þessu máli, og alt hjal um samband þessa máls við hækkun ullartollsins er blátt áfram tóm vitleysa.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) tók það sjerstaklega fram, að á síðasta þingi hefði engum komið til hugar, að einkasölu á steinolíu yrði skelt á. Lagði hann mikið upp úr ummælum mínum á síðasta þingi í þessu efni. En jeg veit ekki til, að jeg hafi þá dulið neitt vísvitandi. Jeg gat ekki átt við aðrar vörur en korn og því um líkt; gat hvorki átt við tóbak nje steinolíu, sem lög heimila einkasölu á. Þetta hygg jeg, að jeg hafi tekið fram, þó að það hafi fallið úr ræðunni og jeg gleymt að bæta því aftur inn í. Jeg get ekki álitið, að aðrir menn hafi leyfi til að skilja ummæli mín öðruvísi en jeg skil þau og hefi jafnan skilið. Þetta er jeg annars búinn að margtaka fram, og ætti ekki að þurfa að gera það enn einu sinni.

Það er annars undarlegt, að hv. þm. (JÞ) skyldi alveg ganga fram hjá nefndarálitunum, sem jeg hefi svo skýrlega sýnt fram á, að væru mjer eindregið í vil, úr því hann fór að minnast á þetta. Þar er ótvírætt gert ráð fyrir einkasölu á steinolíu. **(JÞ:** Ekki í nál. meiri hlutans). Jú, tvímælalaust einnig í því nál.

Hv. þm. hjelt því fram, að samningar um einkasöluna mundu hafa verið byrjaðir áður en þingi sleit í fyrra. Ekki var mjer kunnugt um það. En hitt vissu allir, að þá lágu fyrir uppdrættir að olíugeymum, og gerði jeg ráð fyrir, að þeir væru frá fjelagi því, sem landsverslun hafði skift við, og það munu allir hafa vitað, hv. þm. eigi síður en aðrir, því líklega gera slíkir uppdrættir sig ekki sjálfir. En að sjerstakir samningar væru á döfinni, vissi jeg ekki.

Enn gat hv. þm. þess, að þetta væri pólitískt mál, og hefði Framsóknarflokkurinn krafist, að einkasalan kæmist á. Það er engum blöðum um það að fletta, að Framsóknarflokkurinn, sem í eru 15 þingmenn, hefir ríkiseinkasölu á vissum vörutegundum á stefnuskrá sinni. En hvernig víkur því þá við, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) segir, að einungis 2 þingmenn sjeu fylgjandi einkasölu? Mjer þykir talsverð mótsögn vera í þessu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) spurði, hve nær samningurinn hefði gengið í gildi. Hann gekk í gildi 10. febrúar þ. á. og gildir til ársloka 1925. Hv. þm. spurði, hvað þá ætti að gera. Það er að vísu nægur tími að ræða um það á næsta þingi, en mjer er engin launung á því, hvað jeg hefi hugsað mjer að gera ætti. Samningnum má segja upp með eins árs fyrirvara, og tel jeg sjálfsagt, að það verði gert 31. desember 1924. Forstjóri danska steinolíufjelagsins spurði mig, hvort ekki mætti telja fullvíst, að svo yrði gert. Sagði jeg honum, að jeg gæti ekki lofað neinu um það, væri það komið undir þeirri stjórn, er þá færi með völd, en jeg teldi sjálfsagt, að þetta

yrði gert, og að þá yrði leitað tilboða á ný alment, og fengi fjelag hans þá að taka þátt í þeirri samkepni. Þetta álit mitt hefi jeg ritað á brjef frá honum til stjórnarinnar. Jeg er sannfærður um, að þegar að því kemur, munum vjer komast að enn betri samningum en nú, þó að jeg telji þennan samning góðan, því að þá verðum vjer búnir að fá dýrmæta reynslu.

Sami hv. þm. gat þess, að stjórnin hefði nú tekið á sig mikla ábyrgð; væri hún nú skyld til þess að sjá um, að altaf væru til nægar birgðir af góðri steinolíu. Auðvitað hefir stjórnin tekið þessa skyldu á sig, og býst hún við að vera fullkomlega fær um að inna hana af hendi. Jeg er ekkert hræddur við að taka þá ábyrgð á mig fyrir mitt leyti. Og ef samningurinn reynist að einhverju leyti óhagstæður, er mjer um að kenna, og jeg telst ekki undan þeirri ábyrgð, því jeg taldi skyldu mína að framkvæma þessi lög. Er mjer nær að ætla, að eitthvað hljóð hefði heyrst úr horni, hefði jeg ekki gert það; þó varla frá þessum hv. þm.

Þá vjek hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) nokkrum almennum orðum að landsverslun og skipakaupum ríkisins. Jeg er ekki við því búinn að rökræða það mál alment, enda býst jeg við, að hv. þm. Ak. (MK) sje fær um að svara þar fyrir, ef nokkru þarf að svara. En jeg skal geta þess, að hvort sem ríkið tók einkasölu á steinolíu eða ekki, var full nauðsyn á að eiga skipið Villemoes áfram til steinolíuflutninga. Um Borg er það að segja, að meiri hluti þingmanna mun ekki vilja selja hana. Það kom til tals í hv. Ed. í fyrra, og á þessu þingi lá fyrir einni nefnd í þessari hv. deild tilboð um kaup á skipinu fyrir 200000 danskar kr. Í fyrra vildi hv. Ed. ekki sinna þessu, og nú hefir komið til mín brjef frá nefnd þeirri, er jeg gat um, er skýrir frá, að meiri hluti nefndarinnar sje mótfallinn sölunni. Það er því fullt eins mikið vilja þingmanna að kenna sem stjórninni, að skipið hefir ekki verið selt.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal taka það fram strax, að jeg stend ekki upp í því skyni að bera blak af hæstv. atvrh. (KlJ). Mjer virðist engin þörf á því. Það hefir komið fram, sem raunar var öllum vitanlegt áður, að hann er maður til að fást við þó meiri garpar væru en þeir hv. þm., sem borið hafa vopn á hann enn sem komið er á þessum fundi.

Það er ekki laust við, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. Ísaf. (JAJ) ljetu sjer um munn fara nokkrar fjarstæður, sem ástæða væri til að minnast á, ef tími væri til. En jeg skal leiða það hjá mjer í þetta sinn, þangað til þeir gefa frekara tilefni til svara.

Það var sjerstaklega hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), er gerðist alldigurmæltur, sem reyndar er venja hans. Raunar hugði jeg, að mál það, sem hann var altaf að breiða sig út yfir, hefði verið nokkurn veginn útrætt á undanförnum þingum, og sje jeg ekki ástæðu til að leiða það inn aftur, enda mun jeg ekki fara langt inn á þá braut. Aðalatriðið í ræðu hv. þm., ef nokkurt mark er annars á henni takandi, var dylgjur um eitthvað leynimakk landsverslunar á undanförnum árum, er síðasta þing hafi verið leynt. Þessu mótmæli jeg afdráttarlaust. Það var fullkomlega gerð grein fyrir því á síðasta þingi, að samið hefði verið um kaup á olíu. Samningurinn var gerður í október 1921 og gilti til 1 árs, og var að öllu leyti eins og venjulegir verslun-

arsamningar. Þessu var aldrei leynt, og það var vitanlegt, að þetta hafði verið gert með ráði og samþykki þess ráðherra, er þá fór með þessi mál. Það er næsta kynlegt að taka þetta nú upp á þann hátt, að reyna að gera þá menn tortryggilega, er fyrir málinu stóðu. Það eru tilhæfulaus ósannindi,að um nokkurt leynimakk hafi verið að ræða, og sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Annað atriði, er hv. þm. vildi gera mjög mikið úr, er áhættan, sem væri því samfara, að ríkið tæki að sjer verslunina með þessa vörutegund. Jafnframt lagði hann mikla áherslu á, að þessi samningur væri gerður fyrir eindregið atfylgi eins flokks, eða nokkurra manna úr honum. Jeg skal ekki fara langt út í þetta, en hverjir svo sem hafa að því stutt, eiga þeir frekar skilið þökk en vanþökk. En jeg vil leyfa mjer að spyrja hv. þm. að því, að hverra undirlagi hann er jafnan á verði og rís öndverður gegn öllum framkvæmdum, þegar ræða er um þjóðnytja fyrirtæki, sem ætlast er til, að ríkið reki. Um það þarf ekki að fara í neinar grafgötur. Það eru kjósendur í þessum bæ, eða einn hluti þeirra, efnamennirnir, er hv. þm. telur sjer skylt að bera fyrir brjósti. Hann telur sjer skylt að gæta hagsmuna þeirra einna, jeg vil ekki segja án tillits til alls annars, en þó framar öðru. Ef það er rjett, sem hv. þm. hjelt fram, að Framsóknarflokkurinn hafi átt hlut að máli um steinolíueinkasöluna, þá er það jafnvíst, að þeir menn, sem jeg nefndi, standa að baki hv. þm. Honum er þetta ef til vill ekki láandi, en eins og jeg hefi áður lýst yfir, álít jeg, að hann tali oft þvert um geð á þingi. Jeg álít hann meiri vitmann en svo, að hann geti af eigin sannfæringu haldið fram jafneinhliða og óheilbrigðum málstað sem hann lætur sjer oft og tíðum sæma.

Jeg skal geta þess strax, að mjer er nokkuð torskilið sumt af því, sem hjer kemur fram, og þá einkum þessi mikla umhyggja fyrir því fjelagi, sem hefir haft þessa verslun á hendi að mestu leyti um langt árabil. Það er eins og komið sje við hjartað í hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og ýmsum öðrum, þegar minst er á þetta fjelag. Mætti ef til vill skilja þessa menn svo, sem fjelagið hefði verið rænt einhverjum rjetti, sem það væri fullkomlega rjettborið til. Þetta skil jeg ekki. Jeg lít svo á, að hversu blessunarríkt sem menn telja það vera að hafa þessa forsjón til að annast hagsmuni þjóðarinnar í þessu efni, sje reynslan af því ekki svo ákjósanleg, að menn þurfi að harma það mjög, þótt nokkur breyting sje orðin á þessu. Meðan fjelag þetta var eitt að verki, komst þessi nauðsynjavara í svo geypilega hátt verð, að því varð ekki undir risið. Til þess að tala gætilega og fara ekki með annað en sýnt verður og sannað, skal jeg geta þess, að steinolíuverð var hjer í Reykjavík um tíma 150 kr. tunnan. Hjeðan varð svo að flytja hana út um land með ærnum kostnaði, 10—12 kr. á hvert fat. Jeg tel þetta ekki svo aðgengileg kjör, að menn þurfi beinlínis að sakna þeirra. En með þessu verði hefir þetta fjelag haft gífurlegan hagnað, og það á þeim neyðartímum, er þjóðin mátti síst við því. Það er þetta, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), og ýmsir fleiri, harmar nú svo mjög, að breyting skuli á orðin. Það er ekki að efa, að nokkur lagfæring var áður fengin á þessu, einmitt fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar, er hún ljet málið til sín taka. Verðið lækkaði og al-

menningi var gert kleift að afla sjer olíu, svo að ekki þyrfti að leggja niður atvinnuvegina vegna þessa vandræðaástands. Hvernig hefðu smærri útgerðarmenn átt að fara að, þegar bönkunum var algerlega lokað fyrir þeim? Jeg hygg, að margir þessara manna hefðu átt afarerfitt með að halda áfram atvinnurekstri sínum, hefðu þeir ekki átt athvarf hjá landsverslun um þessa nauðsynjavöru, sem þeir gátu ekki fengið annars, nema með hinum mestu afarkostum. Þeir hefðu þá orðið að sæta afarháu verði, og auk þess þrælbinda sig að versla ekki við aðra um langan tíma. Var því óumflýjanlegt, að eitthvað yrði gert af hálfu hins opinbera til að leysa þetta helsi.

Það var dálítið skrítilegt að heyra hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) ráðgera, hvernig hann ætli að haga sjer á næsta þingi til þess að geta forðað þjóðinni frá þeim skaðræðismönnum, er leitt hafa hana í þá ógæfu að bægja þessu margumtalaða fjelagi frá steinolíuversluninni, svo hún fái ekki notið stöðugrar handleiðslu þess. En jeg held, að hvorki hann eða jeg viti, hvort það kemur til okkar kasta að ráða fram úr þessu eða öðrum málum hjer á þingi framvegis. En ef jeg væri kjósandi hans, þá mundi framkoma hans í þessu máli verða til þess, að jeg gæti ekki ljeð honum mitt atkvæði. Jeg álít, að erfitt verði að finna afturhaldið jafnátakanlega íklætt holdi og blóði sem hjá þessum hv. þm.

Hjer er af hálfu þessa þm. ótvíræð viðleitni fram komin til þess að ófrægja þá, sem eru að reyna að bjarga þjóðinni frá því, að erlent fjelag fái hjer yfirráðin, og það fjelag virðist ætíð hafa gert það að markmiði sínu að græða sem mest á viðskiftunum, án tillits til almenningsheilla.

Þá voru hugleiðingar þessa sama hv. þm. (JÞ) um það, að nú væri nauðsynlegt að draga inn það fje, er notað hefir verið til að reka með verslun ríkisins, til þess að borga með því skuldir ríkissjóðs.

Sjerstaklega varð honum skrafgjarnt um þær skuldir, er stafa frá skipakaupunum. En flestir munu hafa verið sammála um, að þær ráðstafanir væru nauðsynlegar, er þær voru gerðar, enda sum skipin borgað sig að fullu.

Landsverslunin hefir nú int af hendi mest það fje, sem hún hafði fengið fyrir aðstoð ríkisins, og er hægt að greiða það, sem eftir stendur, hve nær sem vera skal.

Alt, sem þessi hv. þm. (JÞ) sagði um það efni, var því á litlum rökum bygt. Mun honum sjálfum hafa verið það ljóst, en hann mun hafa haldið, að eitthvað af fjarstæðum hans gæti loðað við þá, er lítið hafa kynt sjer þetta, og má vel vera, að það reynist svo.

Mun jeg svo láta útrætt um þetta að sinni; vil aðeins benda á það, að við höfum nú orð hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fyrir því, að hann muni gera alt, sem honum er mögulegt, til þess að brjóta á bak aftur þessa sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar. Mun þá sagan síðar dæma um það, hve þarfur maður hann hefir verið fósturjörðu sinni.

Jón Baldvinsson: Mig hefir oft furðað á þeim mönnum, sem þykjast bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti, en nota þó sjerhvert tækifæri til þess að mæla á móti því, að ríkið hafi einkasölu á steinolíu.

Get jeg ekki skilið, hvað ríkinu gæti gengið til að selja þessa vöru hærra en hæfilegt er eða lakari heldur en einstakir menn eða fjelög mundu gera. Mun sú skoðun hingað til hafa verið ríkjandi, bæði hjá þingi og þjóð, að sjálfsagt væri, að ríkið ræki þessa verslun. Hefir saga málsins hjer á þingi sýnt það, að það hefir verið eindregin ósk þingsins, að ríkið ræki verslunina á þessari vörutegund, hvernig svo sem þingmenn eða stjórnir hafa annars litið á ríkisrekstur alment. En þetta sýnir, hve sjálfsagður og rjettmætur ríkisrekstur er og að með honum einum verði bætt viðskiftaástandið. Hefir og öll saga steinolíufjelags þess, sem starfað hefir hjer á landi undanfarið, sýnt það, að það hefir ekki verið umhyggjan fyrir landsmönnum eða sjávarútveginum, sem fyrir því hefir vakað, heldur það eitt að græða sem mest. Er þetta líka auðskilið og eðlilegt, skoðað frá fjelagsins sjónarmiði. Má í því efni benda á dæmi. Fyrir nokkrum árum reyndi Fiskifjelagið, er fram úr hófi keyrði hjá steinolíufjelaginu, að fá farm af olíu hingað og hefja samkepni við steinolíufjelagið; en sú tilraun mishepnaðist. Steinolíufjelagið lækkaði olíuna svo mikið, að Fiskifjelagið stóðst ekki samkepnina og tap varð af tilrauninni. Halda menn nú, að það hafi verið af umhyggju fyrir útveginum, að steinolíufjelagið lækkaði verðið þá? Nei. Það var að eins til þess að reyna að koma í veg fyrir, að tilraunir sem þessi, er Fiskifjelagið gerði, yrðu endurteknar. Og svo setti fjelagið auðvitað upp verðið, þegar Fiskifjelagsolían var úr sögunni, og vann þá upp margsinnis það, sem sett hafði verið niður áður. Það eru slík dæmi, sem komið hafa mönnum á þá skoðun, að nauðsynlegt hafi verið, að ríkið tæki að sjer einkaverslun á þessari vörutegund.

En auðvitað er það, að þessi verslun ríkisins kemst ekki hjá aðfinningum frá þeim mönnum, er þykjast trúa á „samkepnina“ svokölluðu. Hv. fyrirspyrjandi (JakM) og hv. þm. Ísaf. (JAJ) fundu henni það aðallega til foráttu, að gróðinn væri of mikill. En nokkur vandi er hjer á ferðum. Ef landsverslunin græðir, er það kallað okur, en ef hún tapar, er það talið sýnishorn þess, hve ríkisrekstur beri sig illa. En þess er að gæta, að þótt landsverslunin hafi þennan hag af versluninni, þá verður samt steinolían altaf fyrir neðan verð steinolíufjelagsins.

Er og enn fremur aðgætandi, að þessi beini gróði af landsversluninni á steinolíu er lítill, saman borið við þann óbeina gróða, sem landsmenn hafa af þessari einkasölu, svo mjög sem landsverslunin hefir lækkað verðið. Og hvað mundi steinolíuverðið vera nú, ef engin landsverslun hefði verið?

Jeg átti bágt með að skilja, hvers vegna þessi fyrirspurn kom fram. Raunar er því slegið fram, að ástæður sjeu aðrar nú en þegar heimildarlögin voru sett. Það er að vísu rjett, að verslunin er greiðari nú en hún var á stríðstímunum, en hún er ekki greiðari nú en hún var fyrir stríðið, og höfðu þó þá komið fram eindregnar óskir um, að ríkið tæki að sjer þessa verslun. Hv. fyrirspyrjandi (JakM) vildi telja, að heimildarlögin væru burtu fallin sökum þess, að ástæður fyrir þeim væru burtu fallnar. En þetta er ekki rjett, eins og jeg þegar

hefi sýnt. Ástæðurnar liggja fyrir enn og munu liggja fyrir á meðan steinolía annars er notuð.

Þá sagði hv. fyrirspyrjandi, að sumir hv. þm. hefðu haft það í huga á síðasta þingi að bera fram þáltill. um það að láta lögin koma til framkvæmda, en ekki þorað það, því að það hefði áreiðanlega verið felt. En hvernig stóð þá á því, að þessir menn, sem á móti voru, ef þeir eru svo sterkir sem hv. fyrirspyrjandi vill vera láta, komu því ekki til leiðar, að heimildarlögin væru afnumin?

Jeg hygg, að þeir hafi ekki þorað að reyna þetta, því að þeir hafi vitað, að þessi viðleitni mundi ekki hepnast.

En annars þarf ekki að undra, þótt óánægjuraddir komi fram. Kaupmannastjettinni finst hjer gengið á sinn hag og rjett til að fara með verslunina, en sjerstaklega er það þó auðvitað steinolíufjelagið sjálft, sem er mótfallið einkasölunni.

En jeg held, að breytni þessa fjelags hafi ekki verið svo, að ástæða hafi verið til fyrir hv. þm. að bera hag þess fyrir brjósti, og síst held jeg, að ástæða hafi verið til að færa þessu fjelagi þakkarávarp fyrir það, hversu vel fjelagið hefði birgt landið upp af steinolíu á stríðsárunum, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gerði. Hefir hv. þm. Ak. (MK) og hæstv. atvrh. (KlJ) lýst maklega velgerðum þessa fjelags og hvers vegna ekki var samið við fjelagið.

Vil jeg svo láta lokið máli mínu, aðeins geta þess, að jeg skil ekki, hvernig nokkur þm. getur verið á móti þessari gömlu og sjálfsögðu kröfu þjóðarinnar um bætur á versluninni með þessa vörutegund, án þess þó að geta bent á eitt einasta atriði, sem geti orðið til óhagræðis. Bendir einmitt alt til þess, að að þessu verði hinn mesti hagnaður. Vildi jeg taka enn dýpra í árinni og láta ríkið reka alla verslun, en jeg hygg, að það þýði ekki að koma fram með till. um það nú, því að það mun tæpast verða samþykt á þessu þingi.

Jeg hafði ætlað mjer að finna að því, að stjórnin ætlaði innflutningsfrestinn svona langan (6 mánuði), en úr því hæstv atvrh. (KlJ) hefir lýst því yfir, að hann sjái eftir því, skal jeg láta það mál niður falla. Jeg held því fram, að landið hafi alls ekki tapað á steinolíuversluninni. Landsverslunin hefði að mínu áliti átt að halda áfram óbreytt eins og hún var 1920—21. Þingið breytti ekki rjett í þessu máli í fyrra, en þessu verður nú skotið til þjóðarinnar á þessu ári, þar sem eru kosningarnar í haust, og þætti mjer undarlegt, ef það yrði þá uppi að leggja niður steinolíueinkasöluna eða enn meir yrði dregið úr landsversluninni. Jeg að minsta kosti ætla fyrst að trúa því gagnstæða.

Hákon Kristófersson*): Jeg get ekki tekið undið það með hv. 2. þm. Reykv. (JB), að þessu máli hafi verið hreyft að ófyrirsynju, því það hefði að mínu áliti átt að vera komið fram fyrir löngu. Jeg vil ekki halda því fram, að margt hafi verið ranglega gert í því, en hitt veit jeg, að allmikil óánægja á sjer stað út af þessu máli, sjerstaklega úti um land.

Jeg er ekki ókunnugur þessu máli, og hefi því ekki búist við, að stjórnin tæki að sjer sölu á steinolíu öðruvísi en í einokunarformi, enda þótt jeg trúi vel aðalforstjóra landsverslunarinnar, hvað sem öðrum líður. Steinolíuverslunin var áður

*) Þm. (HK) hefir ekki yfirlesið ræðuna.

í höndum fjelags, sem við höfum enga ástæðu til að telja okkur í þakklætisskuld við, eins og hv. þm. Ak. (MK) hefir þegar sýnt fram á, og það mjög rjettilega. En þrátt fyrir það, að steinolían yrði tekin til ríkiseinkasölu, held jeg því fram, að það hafi ekki verið ætlast til, að þetta yrði veruleg tekjugrein handa ríkissjóði, og mótmæli jeg þeim skilningi hæstv. atvrh. (KlJ) á þingviljanum. Hitt er alt annað mál, þó að þessi verslun væri látin bera sig og græddi hóflega, t. d. sem svaraði 2 kr. af hverri tunnu.

Jeg ætla ekki að fara að mótmæla tóbakseinokuninni sjerstaklega, en það verð jeg þó að segja, að hún er á komin samkvæmt þingvilja, sem alveg stendur á takmörkunum til þess að vera til. Tóbakseinokunin komst sem sje í gegn aðeins með e i n s atkvæðis mun. Hæstv. atvrh. (KlJ) hugði það mundi best henta almenningi, að ríkið tæki líka einkasölu á salti og kolum. Jeg skil þetta svo, sem hann hneigist að því að taka meginið af versluninni í landinu í hendur ríkisins. Jeg er þessu algerlega andstæður, og frá mínum bæjardyrum sjeð, leiðist mjer, að hann skuli halda því fram, að þetta færi betur úr höndum landsstjórnarinnar en þeirra, sem hingað til hafa haft þá verslun á hendi. Það er heldur ekki hægt að byggja á því, þótt einstöku landshlutar hafi orðið vörulausir; þetta gæti alveg eins komið fyrir hjá ríkiseinokunarverslun.

Jeg held að það sje rjett athugað hjá hæstv. atvrh. (KlJ), að til þess hafi verið ætlast af þinginu, að stjórnin tæki að sjer steinolíuverslunina, ef henni fyndist þess full þörf, og sje jeg því ekki, að hann sje vítaverður fyrir, þótt hann hafi gert þetta.

Samt sje jeg ekki, að ástæða hafi verið til þess að gefa ekki steinolíufjelaginu hjer kost á að koma fram með tilboð, enda hefði þá ekki verið hægt að bregða stjórninni um að hafa gengið fram hjá því. Það hafa gengið ýmsar skrök- og hviksögur víðs vegar um þetta mál, og var því orðin nauðsyn á að fá það rætt hjer á þinginu. Þess vegna skil jeg ekki, hvers vegna hv. 2. þm. Reykv. (JB) getur verið óánægður yfir því, að tækifæri hefir gefist til þess að stökkva þessum hviksögum. Jeg verð og að segja það, að hæstv. atvrh. (KlJ) bar skylda til þess að kynna þingmönnum, hvernig sakir stæðu í þessu máli, en jeg væni hann alls ekki þess, að hann hafi viljað leyna neinu. Það er og, að samningur þessi kemur æðiseint fram, þó að hann liggi nú í frumriti í skrifstofu Alþingis, og það á enskri tungu, sem fæstir þm. skilja. Hefði verið rjettara að láta þýða hann, svo allir megi sjá og skilja, og jeg vænti þess, að hæstv. atvrh. (KlJ) telji þetta ekki árás á sig, þó jeg segi þetta. **(Atvrh. KlJ:** Alls ekki). Þó að jeg hafi nú sagt alt þetta, er það ekki þann veg að skilja, að jeg sje að áfellast stjórnina fyrir að taka steinolíuverslunina í sínar hendur; það stóð öðruvísi á með steinolíuna en tóbakið. Jeg var á móti þeirri einkasölu. En nú er stjórnin í þessu steinoliumáli meðfram að sporna við yfirgangi erlends fjelags, sem hefir sýnt sig að ójöfnuði við oss. Stjórnin gerir landsmenn ánægðasta með því að hafa olíuna ekki dýrari en það, að verslunin liðlega beri sig, en geri þetta ekki að tekjugrein fyrir ríkissjóð. Þó að ríkið

græði sem svarar 2 kr. á tunnu, tel jeg ekki skaða neitt.

Það er alls ekki rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. (JB), að þjóðin hafi krafist ríkiseinokunar á steinolíu. Það var heldur hitt, að sporna við því, að verðið væri óhæfilega hátt á þessari vöru. Jeg get vel búist við því, að samningar við steinolíufjelagið hjer hefðu reynst erfiðir; þeir hafa víst oft verið það. En þó tel jeg rjettara, að því hefði verið gert fært að halda áfram verslun hjer, en halda aðeins í hemilinn á því, svo því tækist ekki að okra á landsmönnum, eins og að undanförnu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get verið stuttorður að þessu sinni. Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir misheyrt, ef hann heldur, að jeg hafi haldið því fram, að steinolían væri óhæfilega dýr; það sagði jeg ekki, en jeg sagði, að álagningin væri of mikil, og við það stend jeg. Jeg fæ ekki sjeð, að ástæða sje til, að ríkið leggi háan skatt á þær vörur, sem nauðsynlegastar eru sjávarútveginum, og enn síður tel jeg það viðeigandi, ef það á að verða, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) heldur fram, aðallega tekjugrein fyrir ríkissjóð. Hann segir „ef samningarnir reynist vel". Jeg býst við, að þeir reynist eins og til þeirra hefir verið stofnað, nema það sje þetta, að það megi ná enn meiri tekjum af þessu í ríkissjóð. Lögin heimila nú aðeins 4 kr. af tunnu.

Það hefir mjer vitanlega engum dottið í hug, að ekki væri hægt að fá olíu til landsins í frjálsri verslun. Stjórnin hlaut og að vita það, sem allir vissu, að kaupmenn gátu pantað olíu, og jeg veit t. d., að hráolíu hefir verið hægt að fá langtum ódýrari en hjá landsversluninni, ríkiseinkasölunni. (**MK:** Hve nær og hvaðan?). Jeg get sýnt hv. þm. Ak. (MK) skilríki fyrir því síðar, ef hann vill. Það, að jeg vilji helst hafa steinolíufjelagið hjer fyrir millilið, nær ekki neinni átt, og jeg hefi heldur aldrei leitast við að afla því fjelagi hlunninda. Hitt er annað mál, að þegar gera skal samninga, er það eðlilegast, að víða sje leitað tilboða, ef svo á að semja við þá, sem lægst verð bjóða á sömu vöruteg-und. Þetta fjelag var nú hjer og hafði verslað hjer, og því hefði það vel mátt koma til greina og átt að eiga kost á að koma með tilboð.

Betri samningar næst, segir hæstv. atvrh. (KlJ). Jeg vil nú óska, að ef haldið verður áfram á þessari braut, þá verði samningar allir birtir sem allra fyrst. Jeg vona því, að þýðing þessa samnings verði og bráðlega til sýnis hjer á skrifstofunni, því eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni í dag, er þess þörf, er margir þm. skilja ekki ensku.

Fyrirspyrjandi (Jakob Möller): Jeg hefi ekki, að jeg held, hagað orðum mínum þannig, að jeg þyrfti að fá margar hnútur fyrir að vilja hlaða undir steinolíufjelagið hjer, og jeg veit til þess, að það hefir átt betri málsvara annarsstaðar en þar sem jeg er.

Jeg hefi verið fylgjandi ríkiseinkasölu á steinolíu, ef ekki væri hægt að versla með hana í frjálsri samkeppni, og sú afstaða mín stafaði einmitt af því, hvernig steinolíufjelagið notaði sjer afstöðu sína hjer á landi fyrr meir, er það var að neyða menn til að binda viðskifti sín við það eitt. Nú er þetta breytt þannig, að frjáls verslun er vel kleif, og því er afstaða mín til þessa máls breytt sam-

kvæmt því, og stendur það, eins og augljóst er, ekki að neinu leyti í sambandi við hagsmuni steinolíufjelagsins.

Mjer var kunnugt um það nokkru fyrir þingbyrjun í fyrra, að í ráði var að bera fram á því þingi tillögu um, að ríkið tæki að sjer einkasölu á steinolíu, en að það var ekki gert, staðhæfi jeg að hafi verið af því einu, að þeir, sem vildu fá þetta fram, sáu sjer ekki fært að koma því í gegn á því þingi. En þetta, að færa sjer í nyt afstöðu stjórnarinnar til þessa máls og koma þessu þannig fram í trássi við þingið, aðeins nokkrum dögum áður en það átti að koma saman, tel jeg vera algerlega ótilhlýðilegt, bæði af þeim fáu mönnum, er knúðu það fram, og af stjórninni, að ljá þeim eyra. Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir skýrt frá því í dag, að til sín hafi komið þingmenn og aðrir og hvatt sig til þessa. Hve margir þeir þingmenn hafi verið, ljet hann ósagt, en hvort sem þeir hafa verið fleiri eða færri, þá skiftir það engu. Hann átti að spyrja þingið, en ekki einstaka þingmenn. Hann kveðst ekki hafa gert það af ótta við þingið, að skella einkasölunni á fáum dögum fyrir þing. Ef hann hefði óttast þingið, mundi hann ekki hafa gert það. Nei, hann hefir óttast meira þessa einstöku þingmenn, og líklega hefir hann þóst sjá boðana á bæði borð, og því tekið það ráðið, er honum sýndist vænna, að trássast við vilja þingsins, en hlýðnast þeim einstöku.

Hæstv. atvrh. (KlJ) furðar sig á því, að jeg skuli halda því fram, að aðeins 2 þingmenn sjeu fylgjandi einkasölu, þar sem þetta sje þó flokksmál Framsóknarflokksins. Jeg staðhæfi, að það sjeu aðeins 2 þingmenn eða svo á þingi fylgjandi einkasölustefnunni, en Framsóknarflokkurinn mótfallinn henni. Stefnuskrá flokksins hefir verið birt opinberlega í blaði hans, og þar er þetta skýrt tekið fram. Það mun að vísu og tekið þar fram, að flokkurinn sje fylgjandi einkasölu á steinolíu, en jeg hygg, að það sje aðallega fyrir þá sök, að flokknum sje ekki orðin ljós sú breyting, sem á er orðin, eða þá e. t. v. fyrir ráðríki þeirra fáu manna í flokknum, sem fylgjandi eru einkasölustefnunni yfirleitt.

Hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JB), syngur ríkisverslun mikið lof; það er og eðlilegt; afstaða hans til þessa máls er alkunn. Jeg hefi orðið rækilega var við það, að þeir, sem halda fram ríkiseinkasölu, álíta, að ríkið ætti ekki að þurfa að sprengja vöruverðið upp, og í sjálfu sjer væri þetta eigi ólíklegt. En ef nú hv. samþm. minn (JB) vill athuga reikninga landsverslunarinnar, mun hann sjá, að hagnaðurinn af steinolíuversluninni hefir orðið um 130—140 þús. kr. undanfarin tvö ár, og hvað er það annað en að „sprengja upp" verðið? Það má þá svara því til, að þessi gróði lendi allur hjá ríkissjóði. En undanfarið hefir steinolíufjelaginu verið gefið tækifæri til að græða annað eins og líklega meira. Hvers vegna þarf nú að sprengja svona upp verðið á steinolíunni og hví setti landsverslunin það ekki niður í staðinn? Jeg get ekki svarað því, og jeg geri ráð fyrir, að hann geti það ekki heldur. En hvers er að vænta af einkasölu, þegar þannig er farið að í frjálsri samkeppni? Því er svarað, að kosturinn sje sá, að með einkasölu fari þó allur arðurinn í ríkissjóð. En þetta dæmi af steinolíuversluninni sýnir, að einstaklingar leggi líka of mikið á í frjálsri samkeppni. En með einkasölu er einstökum atvinnurekendum gert

ókleift að afla sjer vörunnar sjálfir á erlendum markaði, þar sem þeir gætu fengið hana ódýrari. Á þann hátt geta þeir og neytt kaupmenn til að setja niður verðið. Þetta er kostur hinnar frjálsu samkeppni, auk þess sem hún tryggir mönnum betri vörur.

Hv. samþm. minn (JB) hefir áður viðurkent þessa yfirburði frjálsrar samkeppni, og hann ætti að halda sjer við það framvegis.

Þá spurði hann enn fremur, hvers vegna okkur hefði þá ekki dottið í hug að nema úr gildi heimildarlögin frá 1917. En jeg vil benda hv. þm. (JB) á það, að óráðlegt gat verið að fella heimildina niður, þó hún væri ekki notuð, meðan ekki var full reynsla fengin á því, hvernig landsversluninni tækist að keppa við steinolíufjelagið. En meðan samkeppnin gat átt sjer stað og ekki sýndi sig, að nein hætta stafaði af ofríki steinolíufjelagsins, þá var engin ástæða til að nota heimildina, enda var engin ástæða til að halda, að það yrði gert eftir þeim yfirlýsingum, sem stjórnin hafði gefið. Jeg hefi svo í raun og veru ekki meira að segja um þetta, en vildi þó að lokum minnast á þá athugasemd hv. þm. Barð. (HK), að stjórnin hefði tekið til þessa bragðs til hagræðis landinu og til að sporna við óhæfilegum yfirgangi. Þetta er algerlega út í bláinn sagt, enda hefir ekki einu sinni hæstv. stjórn látið sjer til hugar koma að afsaka framkomu sína með því, að nokkur yfirvofandi hætta hefði verið búin af steinolíufjelaginu. Og hvað það hafi verið til mikils hagræðis fyrir landið, þá er því að svara, að um það getur orðið deilt. Og jeg býst við, að þeim mönnum, sem standa með reikninga í höndunum, er sýna, að þeir gátu fengið olíu frá útlöndum í smákaupum, tunnu og tunnu jafnvel, lægra verði en landsverslunin hefir gefið þeim kost á, þá þyki þeim hagræðið af þessari ráðstöfun harla lítið.

Sveinn Ólafsson: Það, sem kom mjer til að standa upp að þessu sinni, voru ummæli hv. 1. þm. Reykv. (JakM), að einkasalan á steinolíu væri komin á fyrir ráðríki tveggja manna innan Framsóknarflokksins. Jeg ætti nú að vera nokkuð kunnugur því, hvernig þetta mál er þar undir komið, og verð að segja, að mjer er með öllu ókunnugt um það, að nokkur einstakur maður þar, einn eða tveir, hafi knúið öðrum fremur fram þessa einkasölu. Hitt veit jeg, að Framsóknarflokkurinn sem heild var því mjög fylgjandi á síðasta þingi, að einkasalan væri tekin upp, og að bak við þá ráðstöfun stendur mjög sterkur þjóðarvilji úti um land alt. Og vilji einhver draga það í efa, að svo sje, þá get jeg bent hinum sömu á það, að fyrir liggja allmargar fundarsamþyktir frá því í fyrra og nú, sem sýna, hvernig almenningur leit á það mál.

Annars bjóst jeg ekki við, að langar umræður myndu verða um þetta mál. Jeg hefði haldið, að þeim mundi verða lokið, er hæstv. atvrh. (KlJ) hefði talað, svo skýrt og röggsamlegt sem svar hans var. Nú er því líka svo varið, að um fyrirspurnir sem þessa verður engin ályktun gerð, og því engin veruleg ástæða til að ræða slíkt mál. Þó get jeg í rauninni skilið, hvers vegna svo mjög hefir spunnist úr umræðunum. Hjer er nefnilega altaf og alstaðar reynt að pota inn í öll mál reykvískri hagsmunapólitík. Jeg segi r e y k v í s k r i, af því verið er að berjast fyrir eiginhagsmunum ein-

stakra manna, sem mest ber á í höfuðstaðnum, kaupsýslumannanna. En vitanlega er það ekki hagsmunamál annara, þótt svo sje látið heita.

Það er þýðingarlítið að fara hjer að endurtaka svör þeirra hæstv. atvrh. (KlJ) og hv. þm. Ak. (MK) til þeirra manna, sem hjer reka erindi steinolíufjelagsins, og þeirra manna, sem hluti eiga í því. Svör þeirra beggja voru skilmerkileg og tæmandi, svo jeg hefi þar fáu við að bæta. En jeg vil samt leggja áherslu á það, að ekki var ófyrirsynju, að tekin var upp steinolíueinkasalan. Við, sem árum saman höfum skift við steinolíufjelagið, vitum vel, hvert stefndi með það og hversu holl voru viðskiftin við það, og okkur var líka ljóst, að eina ráðið, eins og komið var málunum, var að taka upp einkasöluna. Jeg vil segja, að það gangi goðgá næst að gerast hjer talsmaður þessa alþekta steinolíufjelags gegn almenningshagsmunum, og furðanlegt, að nokkur skuli dirfast að gera það, og þó undir fölsku flaggi. Það er raunar óþarft að eltast við einstakar kenningar þessara s a m á b y r g ð a r manna, en eina vildi jeg þó benda á í ræðu hv. þm. Ísaf. (JAJ), er hann sagði, að óviðeigandi væri að leggja háan skatt á landsmenn með því að selja steinolíuna með hagnaði fyrir ríkissjóð. Það er þó gert ráð fyrir því í heimildarlögunum frá 1917, að olíuna skuli með hagnaði selja. Og jeg vil spyrja hann, hvort honum sje geðfeldara, að landsmenn kaupi olíuna af útlendu fjelagi með þrefaldri eða fjórfaldri álagningu við þá, sem einkasalan hefir. Eins og kunnugt er, leggur einkasalan 4 kr. á tunnu samkvæmt fyrirmælum einkasölulaganna, en erfitt mundi veita að sanna mjer, að steinolíufjelagið hefði eigi farið fram úr í álagningu, enda vita allir, hvernig það hefir hagað samkepni við landsverslun.

Mjer kemur alls ekki í hug, að þeir menn, sem hjer andæfa steinolíueinkasölunni, hafi hagsmuni þjóðarinnar fyrir augum, heldur er mjer það fullljóst, að hjer er eingöngu verið að berjast fyrir hagsmunum steinolíufjelagsins og þeirra manna, sem að því standa.

Jón Þorláksson: Jeg er hæstv. atvrh. (KlJ) þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um afstöðu stjórnarinnar til þessa máls. Hann staðfesti það, sem jeg hafði áður haldið fram, að hæstv. stjórn hefir farist svo klaufalega í þessu máli, að hún hefir með því stygt voldugasta stórveldi heimsins, og mætti þó halda, að nokkurn veginn takmarkalausan klaufaskap af okkur smælingjunum þyrfti til þess, að stjórn Bandaríkjanna í Ameríku tæki eftir því.

Hann skýrði frá því, að hann hefði ekki haft afskifti af því, hvaðan leitað var sölutilboða um steinolíu, en gat þess þó jafnframt, að hann mundi ekki hafa leitað til danska steinolíufjelagsins, þótt hann hefði ráðið. En hver hafði orð á því? Það fjelag er ekki steinolíuframleiðslufjelag, en hitt hefði ekki verið nema sjálfsögð skylda, að aðalframleiðslufjelaginu, Standard Oil Company, hefði gefist kostur á samningum. Og ástæðan, sem hann kom með gegn því að semja við danska fjelagið, var líka út af fyrir sig harla ljettvæg, eða með öðrum orðum alveg óframbærileg. Því þótt það fjelag hefði sent mann til samninga fyrir 10—12 árum á fund nefndar, sem auk þess hafði enga heimild til að semja um kaup á steinolíu, og þótt hann hefði þá stygst eitthvað við

sendimanninn, þá var fyrir þá sök eina alls ekki rjett að ganga fram hjá því. En auðvitað var það Bandaríkjafjelagið, sem fyrst og fremst bar að leita til. Það er almenn kurteisi milli þjóða, sem krefst þess, að fjelagi, sem áður hefir birgt landið upp, gefist kostur á að bjóða vöru sína, og því var það eigi nema rjettmætt, að stjórn Bandaríkjanna tæki upp þykkjuna fyrir það fjelag, sem hjer átti hlut að máli. Enda staðfestist líka tilgáta mín um sambandið milli þessa og ullartollsins. Að minsta kosti setur sendiherrann í Washington það í samband hvað við annað. Raunar bera ummæli hans þess vott, að honum hefir ekki verið ljóst, hve nær samningarnir voru gerðir við enska fjelagið, en víst er um það, að ekkert heyrðist um hækkun ullartollsins fyr en eftir 10. ágúst 1922, og það segir sig sjálft, að úr því að tollurinn kom á eftir steinolíusamningnum, þá er samband þessara hluta þannig, að tollhækkunin er hefnd fyrir samninginn, en hitt er ekki til neins að bera fram, að útilokunin á Standard Oil sje hefnd fyrir ullartollinn, sem seinna kom.

Hæstv. atvrh. (KlJ) skírskotaði til nál. meiri hlutans frá síðasta þingi. Það tjáir samt ekki. Það er fullkomlega ljóst, að meiri hlutinn vildi ekki fara út í einkasölu á steinolíu, og sjest það af því, sem hann sjálfur las upp, og orð frsm. benda á alt annað en að slík hafi verið ætlunin þá. Hitt var álitið rjettmætt, að landsverslunin hjeldi uppi samkepni við steinolíufjelagið, og við það var auðvitað ekkert að athuga. En nú hefir það upplýst, að um hitt hefir verið rætt innan Framsóknarflokksins, en svo vendilega hefir verið um það þagað, að það barst ekki út.

Viðvíkjandi framtíðinni gat hæstv. atvrh. (KlJ) þess, að hann væri fús til þess að segja upp samningnum frá 31. des. 1924, og upplýsti það, að danska fjelaginu hefði verið gefið einhverskonar loforð eða vilyrði fyrir því, að svo yrði gert.

Þegar verið er að tala um það hjer í deildinni, að við sjeum að ganga fram fyrir hönd steinolíufjelagsins í þessu máli, þá verð jeg að segja, að lítil rök eru færð fyrir því. En hæstv. ráðherra (KlJ) hefir þótt rjettara að eiga meiri mök við danska fjelagið um þetta en sjálft Alþingi. Við, sem sitjum hjer á þingi, höfum að minsta kosti ekkert fengið að vita, sem jafnist á við þessa skriflegu „uppáteikningu“ hjá danska fjelaginu. En annars er best að svara ummælum þeirra hv. þm. Ak. (MK) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að við værum að reka erindi steinolíufjelagsins. Ef til vill gætu þeir gert sjer von um, að einhver yrði til að leggja trúnað á þetta, ef það væri ekki öllum kunnugt fyrir fram, að við viljum yfirleitt hafa frjálsa verslun og erum algerlega mótfallnir einkasölu á öllum nauðsynjavörum. Annars hefir mjer borist sá orðrómur, að íslenska steinolíufjelagið sje ekki svo mjög óánægt með kosti sína og kjör, eins og málum er komið. Og jeg geri ráð fyrir, að alla ánægju þar megi mæla í krónum og aurum, og fyrst fjelagið er ánægt með sinn hlut, þá er það af því, að svo mikið fellur í skaut þess af krónum og aurum, og þarf engum getum að leiða að því, að þeir, sem borga, eru þeir, sem nota landsverslunar-steinolíuna.

Hæstv. atvrh. (KlJ) talaði um, að sjer hefði verið borið á brýn leynimakk og leynisamningar, en enginn, svo jeg

viti, hafði orð á slíku. En það, að hann fór að bera það af sjer, gæti sýnt, að hann hefði eitthvað misjafnt á samviskunni í því efni. Og vel kann það að vera, að eitthvað talsvert sje af leynisamningum kringum þetta mál, og ekki er víst, hvaðan ánægja Hins íslenska steinolíufjelags er sprottin.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að lengja hjer umræðurnar um skör fram frá því, sem orðið var, og fer því ekki langt út í ræðu hv. þm. Ak. (MK). Bæði hann og hæstv. atvrh. (KlJ) mintust á sölu landssjóðsskipanna. Gaf jeg þeim samt ekkert tilefni til þess. Má líka segja, að það sje neyðarúrræði að fara að selja þau nú, þótt það á hinn bóginn væri ef til vill heppilegra heldur en halda þeim úti með stöðugu tapi. Vil jeg að sinni engan dóm á það leggja, hvað rjettast væri að gera í því efni.

Því, sem hv. þm. Ak. (MK) vjek að mjer persónulega, verð jeg að svara fám orðum. Hann sagði, að jeg talaði mjer oft þvert um geð. Þessi ummæli hans sýna það eitt, hversu oft þeim hv. þm. (MK) skjátlast í því, hvað sje rjett mál. Því það á jeg forsjóninni að þakka, að ástæður mínar leyfa mjer að segja með fullri einurð í hverju máli það, sem jeg meina, án tillits til þess, hverjir í hlut eiga, og þetta nota jeg mjer ávalt hjer í þinginu, ekki síður en annarsstaðar.

Hann sagði einnig, að jeg hefði verið að ráðgera það, hvernig jeg ætlaði að haga mjer á næsta þingi. Ekki var það nú rjett. En um hitt talaði jeg, hvernig jeg ætlaði að haga mjer við næsta kosningaundirbúning. Það er áreiðanlega rjett, sem hv. þm. Ak. (MK) sagði um sjálfan sig, að hann veit ekkert um það, hvort hann verður á næsta þingi eða ekki. En þetta á ekki við mig, því að jeg veit alveg fyrir víst, hvort jeg verð á næsta þingi eða ekki. En jeg kæri mig ekkert um að segja honum það hjer.

Loks sagði hv. þm. Ak. (MK), að landsverslunin væri með þessu steinolíubraski að bjarga landsmönnum úr höndum erlendra fjárplógsmanna. Jeg hefi kanske ekki næga trú á landsmönnum, en því trúi jeg þó, að þeir geti betur bjargað sjer sjálfir heldur en hr. Magnús Kristjánsson, forstjóri landsverslunarinnar og fiskimatsmaður á Akureyri, og hr. Hjeðinn Valdimarsson, skrifstofustjóri sömu verslunar og formaður verkamannafjelagsins Dagsbrúnar, geta gert. Svo að þessu leyti held jeg, að hv. þingmaðurinn hafi gert of mikið úr sjer og of lítið úr þjóðinni.

Jón Auðunn Jónsson: Þar sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var að bera það á mig, að jeg gengi hjer erindi erlends olíufjelags, þá eru slíkt vísvitandi ósannindi og blekkingar. Og þó að þessi hv. þm. hafi stundum fengið orð fyrir að ganga erindi erlends fjelags, má hann ekki ætla öðrum það sama.

Viðvíkjandi olíuverðinu, sem rætt hefir verið hjer og sagt, að jeg vildi, að gróðinn færi í vasa erlendra millilíða, skal jeg geta þess eins, að jeg vil, að útgerðarmenn fái gróðann sjálfir, á þann einfalda og sanngjarna hátt, að þeir fái olíuna við sannvirði. Því það get jeg sannað, sem jeg sagði, að hægt hefði verið að fá olíu, einkum hráolíu, jafnvel í smærri kaupum, alt að 35—50% ódýrara en landsverslunin seldi.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg býst ekki við því, að málið hafi grætt mikið

á þeim umr., sem fram hafa farið hjer síðan kl. 5. Því öll atriðin pro og contra var búið að taka fram áður. Jeg skal því ekki lengja umr., en aðeins víkja stuttlega að nokkrum atriðum.

Hv. þm. Barð. (HK) var að tala um það, að sjer þætti það miður, að jeg skyldi hallast að einkaverslun ríkisins. Hann mætti þó vita, að þetta er ekki nýtilkomið. Fyrir 10 árum samdi jeg mörg frv. í þessa átt, ásamt 4 mætum mönnum, og á einn af þeim enn sæti á þingi, tveir voru kaupmenn og einn nú kominn undir græna torfu. Jeg var þó ekki og er ekki á þeirri skoðun, að landið eigi að taka að sjer alla verslun, þótt sú tillaga hafi líka komið fram, og það frá einhverjum gáfaðasta bónda, sem setið hefir á þingi. Jeg hefi tilgreint í þessu efni kol og salt, og jeg skal játa það, að mjer flaug það í hug um daginn, þegar Austfirðir voru alveg saltlausir í hlaðafla, að landið þyrfti að taka saltsöluna að sjer líka.

Það hefir verið talað um það, að jeg hefði átt að tilkynna þingmönnum þennan samning. Má vera, en jeg bjóst altaf við því, meðal annars af blaðaumræðum um málið, að það kæmi fyrir á þinginu, og þá mundi hægt að upplýsa alt, enda hefi jeg nú í meira en mánuð verið reiðubúinn að svara þessari fyrirspurn og vænst þess daglega, að hún kæmi á dagskrá; svo það er ekki mjer að kenna, að það hefir dregist. Samningurinn verður nú lagður fram í skrifstofunni, svo þingmenn geti sjeð hann. Jeg skal geta þess í því sambandi, að jeg hefi orðið þess var, að þýðingin er ekki vel nákvæm á 2—3 stöðum, og mun jeg láta leiðrjetta það.

Hv. þm. Ísaf. (JAJ) þótti hagnaðurinn af olíunni of mikill og meiri en sanngjarnt væri fiskiveiðanna vegna. Ákvæði laganna um „hæfilega“ álagningu eru nokkuð teygjanleg, og þetta getur altaf verið álitamál, þó að mjer finnist eðlilegt, að nokkur hagnaður sje, enda lagði frsm. málsins á þingi 1917 mikla áherslu einmitt á þetta atriði.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) þarf jeg ekki miklu að svara. Hann sagði, að menn úr stuðningsflokki mínum, Framsóknarflokknum, hefðu ætlað sjer að koma einkaverslun fram á síðasta þingi, en ekki treyst sjer til þess, þegar til kom. Um þetta er mjer alveg ókunnugt, en þetta er harla ótrúlegt, þar sem full heimild var til. Hann tók það enn fremur fram, að í þessu máli hefði mjer staðið voði frá báðum hliðum, frá Framsóknarflokknum, ef jeg hefði ekki tekið einkaverslun, og hins vegar frá þinginu, en jeg hefði heldur kosið að beygja mig undir flokksagann en þingviljann. Hann verður að halda um þetta hvað hann vill; jeg vil aðeins taka það fram, að mjer er ókunnugt um aðstöðu flokksins gegn mjer, hefði verslunin ekki verið tekin, en hins vegar hafði jeg fulla ástæðu til að ætla, að þingið mundi finna að þessu, eða einstakir þingmenn, en jeg var ekkert hræddur við það, eins og jeg vona, að umræðurnar sýni.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) talaði um það, að svo óheppilega hefði tekist til, að stjórn Bandaríkjanna hefði orðið áskynja um þetta mál. Jeg sje nú ekki, að þetta sje neinn galdur, þótt hún fengi vitneskju um þetta. Fjelagið hjer símar auðvitað strax danska fjelaginu um samninginn. Það símar Standard Oil og Standard Oil hefir víst nóg ráð til þess að koma þessu á framfæri við stjórnina, svo þetta er alt ofureðlilegt. En það er hreinn misskilningur, að ull-

artollurinn standi í nokkru sambandi við þetta mál. Sú staðhæfing er alveg á borð við það, sem haldið hefir verið fram, ástæðulaust, um samband kjöttollsins norska og Spánarsamninganna íslensku. Í því máli er það nú upplýst, að Ísland er þar hvergi nefnt í umræðunum á þingi. Og um ullartollinn er það að segja, að hann komst á um áramótin 1921—22, eða um 8 mánuðum áður en enski samningurinn var gerður. Og á brjefi frá danska sendiherranum í Washington má sjá, að hann veit ekkert um samninginn fyr en löngu eftir að ullartollshækkunin er komin á.

Þá hefir þess enn fremur verið getið hjer — jeg veit ekki, hvort það er í aðfinnsluskyni —, að jeg hafi talað um þetta mál við forstjóra D. D. P. A. í Kaupmannahöfn. Jeg þarf ekki að segja annað um það en þetta, að forstjórinn beiddist þess að mega tala við mig, og leyfði jeg honum það og taldi það sjálfsagða kurteisi; eða ætlast hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) til, að jeg sýndi honum ókurteisi?

Það hefir líka verið sagt, að steinolíufjelagið hjer væri algerlega ánægt með málið, eins og því væri nú komið. Það er alveg ágætt; en hví er þá altaf verið að bera það fyrir brjósti? Mjer hefir nú samt sem áður heyrst annað á framkvæmdarstjóra fjelagsins hjer.

Get jeg svo lokið máli mínu um fyrirspurnina með þeirri athugasemd, að minst hefir verið um hana sjálfa rætt, því þessar umræður sanna, að það er fremur landsverslunin en landsstjórnin, sem ýmsir þm. hafa viljað ná sjer niðri á.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að neita mjer um þá ánægju að svara andmælendum mínum á þann hátt, sem mjer er skapi næst, og mun því vera mjög varkár og hógvær í orðum.

Hv. þm. Ísaf. (JAJ) er víst tvívegis búinn að taka fram sömu fjarstæðuna um óhæfilegan gróða landsverslunarinnar á olíunni og möguleikana á betri viðskiftum annarsstaðar. Honum er þó fullkunnugt, að gróðinn er ca. 6 kr. á tunnu, og getur það varla talist of mikið, eins og nú er ástatt og þegar óvíst er um, hvernig innheimtan gengur. Annars víkur þessum ákúrum út af gróða landsverslunarinnar dálítið undarlega við hjá þeim mönnum, sem aldrei amast við því, þó að einkafyrirtæki taki 3—4 sinnum meiri gróða. Um það, að betri kaup hafi verið hægt að fá annarsstaðar, þarf jeg ekki að tala, eða það, hverskonar tegundir þar hafi þá verið um að ræða, því olíurnar eiga ekki saman nema nafnið, eins og þessum hv. þm. (JAJ) ætti að vera kunnugt. Þessi ódýra olíutegund, sem hann gat um, er alls ekki sambærileg við þær tegundir, sem landsverslun hefir haft til sölu.

Þá kem jeg að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann talaði um það, að við mættum ekki styggja stórveldin Já, mikill er þessi ótti orðinn, ef við megum nú ekkert gera, nema spyrja öll heimsins stórveldi um leyfi. Þá er niðurlæging okkar orðin fullkomin, og þetta megum við aldrei samþykkja, hvorki í orði nje verki.

Sami hv. þm. (JÞ) talaði einnig um það, að alveg hefði verið gengið fram hjá olíufjelaginu hjer í þessu máli. Þetta er þó ekki alveg rjett. Jeg veit, að í maí síðastl. var fjelaginu kunnugt um það, hvað til stóð, og samningurinn var ekki gerður fyr en í ágúst, svo að fjelagið

gat gert tilboð, ef það hefði viljað, en engin skylda bar til þess að knjekrjúpa því til þess að það vildi sýna það lítillæti að gera boð í þessi viðskifti. Annars skal jeg ekki mikið víkja að þessum hv. þm. (JÞ), því hann er nú dauður, enda býst jeg ekki við, að hann verði betri viðskiftis dauður en lifandi. Það virðist í fljótu bragði nokkuð erfitt að finna samræmi í orðum hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Fyrst harmar hann mjög og átelur, að Hinu ísl. steinolíufjelagi hafi ekki verið gefinn kostur á þessum viðskiftum, en skömmu síðar lætur hann í ljós ánægju sína yfir þessu, því nú sje fjelagið orðið ánægt með sitt hlutskifti, hvað þetta snertir.

Hins vegar get jeg giskað á, af hverju fjelagið sje orðið svo ánægt með hlutskifti sitt. Það er líklega af því, að það er nýorðið fullsatt af gróðanum, og þeir menn, sem veitt hafa því forstöðu. þeir kæra sig nú ekki um meiri peninga, en eru líklega farnir að hugsa eitthvað fyrir sálu sinni. Sjeu þeir nú orðnir ánægðir, þá er þetta einna líklegasta skýringin.

Þá var hv. þm. (JÞ) með einhverjar dylgjur um það, að jeg væri að reyna að friða mína samvisku. Jeg hefi ekki þjáðst mikið af þesskonar óþægindum um dagana, sem menn kalla samviskubit. Hvort það er af því, að jeg hefi gleymt samviskunni á hillunni heima, eins og sagt var forðum, skal jeg láta ósagt. En hafi átt að liggja í þessum orðum hv. þm. (JÞ) aðdróttanir um það, að jeg væri hjer að berjast fyrir persónulegum hagsmunum mínum, þá getur þar ekki verið um annað en vísvitandi róg að ræða.

Að endingu skal jeg svo geta þess, að hv. þm. (JÞ) kvaðst hafa litla trú á því, að af mjer eða minni stjórnmálastefnu myndi mikið gott leiða fyrir þetta land. Þessu svara jeg ekki öðru en því, að jeg ber að vissu leyti nokkurt traust til þessa hv. þm., því hann hefir margsýnt það, að hann er fær um að gæta sinna eigin hagsmuna, hvað sem öðru líður. En hitt er ekki þar með sagt, að hann hafi reynst öðrum eins þarfur. Að minsta kosti hefi jeg þá trú, að þessi landsfrægi áætlanameistari og Flóaáveituforstjóri verði landinu aldrei til eins mikilla þrifa og hann hefir orðið sjálfum sjer.

Jón Þorláksson: Með því að hv. þm. Ak. (MK) hefir tekið orð mín svo, að þau hafi átt að vera aðdróttun um það, að afstaða hans í þessu máli lyti persónulegum hagsmunum hans, þá vil jeg taka það fram, að mjer dettur ekki í hug að drótta neinu slíku að honum. Um leið vil jeg svo skjóta því fram, að fróður maður hefir nýlega fullyrt við mig, að ullartollurinn í Bandaríkjunum hafi gengið í gildi 1. janúar 1923.

5. Ullariðnaður.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um ullariðnaðarmálið (A. 209).

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Þegar jeg bar fram þessa fyrirspurn á þskj. 209, vænti jeg þess, að henni mundi svarað fyr en raun er á orðin. Mjer hefði þótt æskilegt, að þingið hefði fengið skýrslu um störf ullariðnaðarnefndarinnar og tillögur hæstv. stjórnar áður en rætt yrði um fjárlögin. En nú er svo áliðið þingsins, að jeg geri ekki ráð fyrir miklum fjárveitingum til þessara framkvæmda að svo komnu. En þó að mist sje af þessum tilgangi, að fá andsvör hæstv. stjórnar nógu snemma, álít jeg betra, þó að seint sje, að hv. deild fái að vita, hvað gert hefir verið og hvað stjórnin hygst að gera við tillögur nefndarinnar. Tel jeg æskilegt, að þingmenn fái vitneskju um þetta nú þegar, svo að þeir geti áttað sig á málinu og gefið skýr og ákveðin svör um tillögur nefndarinnar og stjórnarinnar, þegar þeir koma heim í kjördæmi sín. En það getur aftur orðið til þess, að þjóðin geri sjer betur grein fyrir heppilegum leiðum fyrir t. d. næsta þing en vera myndi, ef engu væri hreyft.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Mjer kom upphaf ræðu hv. fyrirspyrjanda (EE) dálítið kynlega fyrir, þar sem hann var að álasa mjer fyrir það, hve svar mitt kæmi seint. Fyrirspurninni var útbýtt 26. mars, og gat jeg ekki svarað henni fyr en jeg hafði fengið skýrslu frá ullariðnaðarnefndinni. Sú skýrsla kom 31. mars, og fáum dögum síðar tilkynti jeg hæstv. forseta, að jeg væri reiðubúinn að svara fyrirspurninni. Það er því ekki mjer að kenna, heldur málafjöldanum á þingi, að fyrirspurninni hefir ekki verið svarað fyr en þetta. Að öðru leyti má taka það fram, að þessi fyrirspurn er nú orðin óþörf í raun og veru. Hv. fyrirspyrjandi (EE) hefir að ýmsu leyti svarað henni sjálfur í umræðunum um fjárlögin.

Ullariðnaðarnefndin skýrir svo frá, að á árunum 1910—1914 hafi útflutt ull numið að meðaltali tæpri 1 miljón kg., eða um 1½ milj. kr. á ári, en það sje að verðmæti $^1/_3$ hluti allra útfluttra landsafurða og um $^1/_{12}$ hluti alls útflutnings landsins á þeim árum.

Í landinu sjálfu hefir verið unnið úr talsverðri ull. Árið 1921 vann verksmiðjan á Álafossi úr 53500 kg. af ull og Gefjun á Akureyri úr 51500 kg., og er þar með talin kembd og lopuð ull. Í heimahúsum gerir nefndin ráð fyrir, að unnið hafi verið úr 20000 kg. Innanlands hefir því verið unnið úr 125000 kg. af ull árið 1921, en það er $^1/_9$ af allri ullarframleiðslu í meðalári. Útflutningur ullarvarnings hefir mjög rjenað. Það er einungis frá Akureyri, sem nokkuð er flutt út að ráði, enda er það kunnugt, að öll tóvinna stendur með mestum blóma í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu.

Árið 1921 voru vefnaðarvörur fluttar inn fyrir kr. 2670000. Hefir nefndinni talist svo til, að í stað að minsta kosti 40% af þessum innflutta vefnaði hefði mátt nota íslenskar vefnaðarvörur, ef innlendur ullariðnaður væri í góðu lagi. Við það mundu sparast um 1100000 kr., miðað við núverandi innflutning, og þyrfti til þess 100000—150000 kg. af ull.

Að þessu athuguðu telur nefndin sjálfsagt að auka ullariðnaðinn með því að efla heimilisiðnað. Þó kveður nefndin heimilisiðnaðinn ekki geta fullnægt

dúkaþörf landsmanna, og sje því ullarverksmiðjuiðnaður nauðsynlegur í landinu sjálfu. Ætlar nefndin ódýrast og best að sameina kembi-, lopa- og spunavjelar við fullkomna ullarverksmiðju, en hafa þær ekki sjerstæðar.

Þá telur nefndin sjálfsagt að vinna fyrir útflutningi íslenskra ullarafurða, jafnframt því að fullnægja sem best innanlandsþörfunum. Með ötulli rannsókn og tilraunum sjeu allar líkur til, að talsverður markaður fáist erlendis fyrir slíkar afurðir.

Kostnaðinn við að koma á fót kembi- og lopavjelum telur nefndin hjer um bil 130000 kr., miðað við að vjelarnar sjeu aðeins tvöfaldar, það er að segja 2 vjelar, er taki við hvor af annari. Þessa staði kveður nefndin heppilegasta: Við Bjarnarstaðalæk í Austur-Húnavatnssýslu, við Langalæk hjá Mýrum í Dýrafirði, við Reykjafoss í Ölfusi,- í Reykjavík og í Seyðisfjarðarkaupstað.

Þá tekur nefndin fram, að flestur verksmiðjurekstur borgi sig þeim mun betur, sem hann sje í stærri stíl, og eigi það einkum við um ullariðnað. Sje því heppilegast að hafa verksmiðjurnar einungis 2, aðra á Suðurlandi, en hina á Norðurlandi. Stærðin þyrfti ekki að vera hin sama á báðum stöðunum. Nefndin telur Gefjuni betur útbúna en Álafossverksmiðjuna; þar sje alt fremur í afturför og á fallanda fæti. En þessar verksmiðjur fullnægi ekki þörf landsmanna, og sje því brýn nauðsyn á að koma á fót fullkominni nýtísku ullarverksmiðju. Ætlar nefndin heppilegast, að slík verksmiðja yrði sett á Suðurlandi, og bendir á 3 staði: í Reykjavík, í nágrenni Reykjavíkur, og í þriðja lagi við Reykjafoss í Ölfusi, ef járnbraut kæmi austur.

Reykjavík telur nefndin það til gildis, að samgöngur og flutningar yrðu þar greiðastir og ódýrastir. Þar þyrfti ekki að reisa verkamannabústaði og þar fæst raforka til rekstrar. Aftur sje Reykjavík dýr, þegar litið sje til verkalaunanna og skattgreiðslu. En lóð fengist sennilega ódýr í landi bæjarins. Í nágrenninu við Reykjavík væri Álafoss heppilegastur. Þar fáist heitt vatn til upphitunar úr hverunum í nágrenninu, þar mætti fá verkamönnum landskika til ræktunar, verkakaup sje þar lægra og vistin hollari verkamönnum. Aftur þyrfti að rífa þar gömlu verksmiðjuna og reisa sjerstakt hús fyrir verkamennina.

Stærð verksmiðjunnar vill nefndin miða við 20 vefstóla, 3—4 kembivjelar og 4 spunavjelar. Mætti byrja með færri vjelum, en húsið ætti að miða við þetta. Slík verksmiðja ætti að geta unnið dúka úr 170000 kg. af ull árlega og lopað úr 50—100 þús. kg. Þessi verksmiðja ætti að geta, ásamt klæðaverksmiðjunni á Akureyri, fullnægt kembingar-, lopa- og spunaþörf landsmanna, fullnægt klæðaþörf þeirra, að svo miklu leyti sem það verður gert með íslenskum ullarvefnaði, og í þriðja lagi unnið garn, teppi og dúka til útflutnings, í litlum stíl að vísu, en nægilega mikið til þess að fá reynslu erlendis.

Nefndin áætlar stofnkostnað við slíka verksmiðju um 1850000 kr., auk kostnaðar við að reisa verkamannahús. Skýtur þetta dálítið skökku við það, sem jeg sagði um daginn í fjárlagaumræðunum. Þar nefndi jeg 1200000 kr., og hafði þá tölu eftir manni, er hafði átt tal um þetta við erlendan verksmiðjueiganda. Starfsmenn gerir nefndin ráð fyrir að verði 50—60.

Nefndin telur heppilegast, að fyrir-

tækið sje hlutafjelag, er ríkissjóður ætti hluta í. Það var einnig skoðun hins erlenda verksmiðjueiganda, er lagði til, að ríkissjóður legði fram þriðjung.

Aðalniðurstaða nefndarinnar er því sú, að rjett sje að koma upp öflugri og fullkominni klæðaverksmiðju með alt að 20 vefstólum og nægum kembivjelum. Sú verksmiðja ætti að vera í Reykjavík eða nágrenni við hana. Sje um fleiri verksmiðjur að ræða, er bent á Vestdalseyri við Seyðisfjörð og Búðareyri í Reyðarfirði.

Jeg hefi þá skýrt stuttlega frá störfum og tillögum ullariðnaðarnefndarinnar, og hygg jeg, að það muni nægja, enda liggur útdráttur úr skýrslu nefndarinnar frammi, til sýnis hv. þm.

Þá er spurt um, hvað stjórnin hyggist fyrir í þessu máli. Í þessu atriði verður stjórnin sama sem jeg, því að jeg hefi ekki borið mig saman við hæstv. forsrh. (SE) um málið. Eftir að hafa íhugað álit nefndarinnar, hefi jeg fallist á, að ráðlegast sje að stofna eina verksmiðju. Jeg geri ekki ráð fyrir, að verksmiðjan á Akureyri verði lögð niður; hún er einkafyrirtæki og hefir gefið góðan arð síðastliðið ár. Hins vegar er þess ekki að vænta, að þessi verksmiðja geti orðið svo fullkomin, að hún geti fullnægt þörfum alls landsins. En með aðstoð hennar ætti það að vera auðvelt einni verksmiðju á Suðurlandi. Fleiri verksmiðjum sje jeg ekki ástæðu til að koma á fót, auk þess, sem engar líkur eru til, að fje fáist til þess í náinni framtíð.

Jeg get svo látið máli mínu lokið, og vænti þess, að þetta fullnægi hv. fyrirspyrjanda (EE).

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvrh. (KlJ) fyrir svörin og yfirlit það, sem hann gaf um störf nefndarinnar. Jeg vil aðeins skjóta því fram, þar sem hæstv. atvrh. (KlJ) felst á tillögur nefndarinnar, að hafa eina klæðaverksmiðju á Suðurlandi, auk Gefjunar á Akureyri, hvort hann hugsi sjer, að bráðlega verði hafist hana á einhvern hátt til undirbúnings því máli. Jeg vil drepa á þetta, til þess að fá vísbendingu um, hvers er að vænta og hvort hæstv. stjórn vill hreyfa málinu nokkuð frekar. Jeg spyr þessa því fremur, sem hæstv. atvrh. (KlJ) gat þess fyrir skömmu, að ef til vill væri von um að fá einhverskonar tilboð frá Englandi, að einhver maður þar mundi vilja takast á hendur að reisa slíka verksmiðju, er ríkið ætti að þriðjungi, einstakir menn að öðrum þriðjungi og hann sjálfur legði fram þriðjung. Taldi hann, að kostnaður mundi ekki fara mikið fram úr 1 miljón kr. Mjer þótti þetta merkilegt, og þætti mjer æskilegt að heyra eitthvað frekar um það, hvort nokkuð hefði gerst í málinu síðan, hvort eitthvert fjelag væri líklegt að sækja þetta mál með alvöru og hvernig hæstv. stjórn mundi þá taka því. Alþýða manna gefur þessu máli mikinn gaum og ætlast til, að engar upplýsingar verði látnar liggja í láginni og alt gert, er verða má svo merku málefni til framgangs.

Jafnframt því að forvitnast um þetta, leyfi jeg mjer að skjóta því til hæstv. atvrh. (KlJ), hvort hann álíti ekki hagkvæmast og málinu best með því borgið, að ullariðnaðarnefndin hjeldi störfum sínum áfram að einhverju leyti. Væri þá heppilegt að bæta nýjum manni í nefndina, í stað þess, sem látinn er, ef stjórnin teldi sig hafa heimild

til þess. Ef stjórnin er hlynt málinu og vill vinna að framgangi þess, tel jeg nauðsynlegt, að hún haldi áfram að hafa nefnd þessa við hönd sjer til aðstoðar og ráðuneytis.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg veit ekki betur en að þessi verksmiðjueigandi frá Huddersfield sje væntanlegur hingað í sumar. Ætlar hann þá fyrst og fremst að skoða þá staði, sem getur komið til álita, að verksmiðjan verði reist á. Hvort hann gerir nokkurt tilboð, er komið undir því, hvernig honum líst á alla aðstöðu hjer. Jeg býst ekki við, að nokkuð verði aðhafst í málinu fyr en þessi maður hefir verið hjer. En ef hann vill gera tilboð um að reisa verksmiðjuna, eins og hann hefir haft á orði, og leggja sjálfur til þriðjung og útvega lán að $^1/_4$ hluta, býst jeg við, að stjórnin muni leita álits þingmanna; mundi mega ná til þeirra allra á skömmum tíma í síma eða á annan hátt. Meira get jeg ekki sagt um þetta mál að svo stöddu, því að komi ekkert tilboð, geri jeg ekki ráð fyrir, að hægt verði að undirbúa þetta betur fyrir næsta þing, vegna fjárskorts og margvíslegra örðugleika. Önnur mál kalla einnig að. Þingið heimtar landsspítala, nýtt geðveikrahæli, strandvarnarskip og margt fleira. Jeg bíð því átekta, þangað til enski verksmiðjueigandinn kemur hingað og jeg heyri undirtektir hans.

Þá skaut hv. fyrirspyrjandi (EE) því fram, hvort ullariðnaðarnefndin ætti ekki að halda áfram að starfa. Nefndin hefir ekki verið leyst upp enn þá, og verður það ekki gert að svo stöddu. Jeg býst við, að einn nefndarmanna, sá sem mest hefir að málinu unnið, verði í fylgd með Englendingnum í sumar. En jeg geri ekki ráð fyrir, að nefndinni verði fengin önnur verkefni, þangað til það er víst, hvort maðurinn kemur.

6. Skólamál.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. apríl, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um skólamál (A. 381).

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 11. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að dóms- og kirkjumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., laugardaginn 12. maí, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kristjánsson): Þessi fyrirspurn er í tveim liðum, en þar sem um samskonar málefni er að ræða í báðum, þá ætla jeg með leyfi hæstv. forseta að ræða þá samhliða. Vík jeg þá fyrst að fyrri liðnum.

Jeg veit, að margir af hv. þm. muni vera þessu máli kunnir, og vil jeg því ekki eyða löngum tíma í það að rekja sögu þess. Jeg vil þó geta þess, að þetta mál hefir verið á dagskrá hjer síð-

an um síðustu aldamót. Höfðu menn þá þegar gert sjer grein fyrir því, hve mikla þýðingu slík stofnun sem þessi fyrirhugaði skóli hefði til að þroska hæfileika kvenfólksins, svo því yrði auðveldara að inna vel af hendi hin afarþýðingarmiklu störf, sem framtíðarheill heimilanna og þjóðfjelagsins í heild veltur svo mjög á. Er vart hægt að segja, að mjög mikið hafi verið gert til þess fyr eða síðar, og væri því full þörf á því, að þessi húsmæðraskóli kæmist sem fyrst á laggirnar.

Á þinginu 1917 kom fram áskorun frá nálega 2000 konum á Norðurlandi, þess efnis, að málinu yrði hrundið í framkvæmd. Það hafði þá legið fyrir þinginu áður, án þess að nokkur árangur yrði af því. Líklega hefir það einkum tafið fyrir málinu, að deilur höfðu risið um það, hvar á Norðurlandi skólinn skyldi reistur. Þegar hjer var komið, var sá ágreiningur niður fallinn að mestu og menn höfðu komið sjer saman um, að skólinn skyldi reistur í Eyjafirði. Var svo frv., sem jeg bar fram, þessa efnis, samþykt á þingi árið 1917. Því var ekki nema eðlilegt, að það vekti fögnuð hjá konunum, er það vitnaðist að þingið hefði afgreitt lög um þetta. En sá fögnuður reyndist ástæðulítill, því nú hefir sú raunin orðið á, að stjórnir þær, sem síðan hafa setið að völdum, hafa ekki sjeð sjer fært að gera neitt verulegt í málinu. Geri jeg ráð fyrir, að það hafi, eins og svo oft áður, þegar um framkvæmdir nauðsynjamála er að ræða, verið barið við þessari venjulegu ástæðu, nefnilega fjárskortinum. En hann er þá ekki nægileg afsökun, því það gefur að skilja, að talsverður undirbúningur þurfti að fara fram áður en veruleg fjárframlög kæmu til sögunnar. Það er þetta, sem jeg get ekki komist hjá að láta í ljós, að málinu hefir verið alt of lítið sint af hálfu stjórnarinnar. Og jeg leitaði þessa tækifæris nú, til að ræða það við hæstv. stjórn, í því skyni að fá hana til að gera ráðstafanir þessu viðvíkjandi þegar á þessu sumri. Eins og sjá má af lögunum, þá er það tilætlunin, að hjeraðsbúar leggi fram $^1/_3$ stofnkostnaðar. Veit jeg fyrir víst, að einhver úrræði yrðu með að útvega það fje. Byggi jeg þá von mína á því, að málið hefir komið til umr. bæði í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar og í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, og báðir þessir aðiljar hafa tekið vel í að sinna því, þegar þar að kæmi. Nú eru það tilmæli mín til hæstv. stjórnar, að hún setji sig í samband við rjetta hlutaðeigendur, til þess að fá vissu um þetta, sem jeg hefi nú getið um. Því næst tel jeg æskilegt, að hún láti húsagerðarmeistara gera uppdrætti af húsinu og áætlun um byggingarkostnað. Í lögunum er nægilega greinilega tiltekið um fyrirkomulagið, til þess, að hægt sje að ljúka þessu undirbúningsstarfi án frekari dráttar en þegar hefir átt sjer stað. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þennan lið, en aðeins taka það fram af nýju, að þar sem fyrir þinginu liggur áskorun um þetta mál frá nálega 2000 konum, þá er auðsætt, að hjer er ekki um neitt hjegómamál að ræða, heldur hreyfing, sem er svo öflug og rjettmæt, að henni verður að sinna þegar í stað. Jeg geri að vísu ráð fyrir, að kostnaðaratriðið muni vaxa mörgum í augum. En að því er það snertir, þá vil jeg benda á það, að á þeim árum, sem byggingarefni hjer var í lægstu verði, var gerð lausleg áætlun

um byggingarkostnað þessa skólahúss, og varð niðurstaðan sú, að hann mundi verða um 45 þúsund krónur. Þótt nú þrefalda yrði þessa upphæð, færi byggingarkostnaðurinn nú þó varla yfir 150 þúsund krónur. Og ef um nokkra verulega lækkun á byggingarkostnaði yrði að ræða, þá er ekki víst, að hann færi mikið fram úr 100 þúsundum. Þar sem nú bæjar- og sveitarfjelögin ætla að leggja fram $^1/_3$ kostnaðar, þá tel jeg ríkissjóðnum ekki ofvaxið að leggja fram $^2/_3$ kostnaðarins.

Eins og kunnugt er, er tekið fram í lögunum 26. okt. 1917, að þessi stofnun skuli reist, þegar fje verði veitt til hennar í fjárlögum. En svo var á þinginu 1919 samþykt ákvæði um það, að flýta skyldi byggingunni, og var stjórninni gefin heimild til lántöku í því skyni. Er því vart hægt að sjá, að hjer standi á öðru en áhuga stjórnarinnar á málinu. — Skal jeg svo láta útrætt um þetta, en snúa mjer að seinni liðnum.

Það gildir það sama um þetta mál og hitt, að nauðsynin er mikil. Og því hefir einnig verið vel tekið, því á þinginu 1920 voru afgreidd lög um kenslu í mótorvjelfræði, frá 18. maí það ár. En framkvæmdirnar hafa engar orðið enn sem komið er. Býst jeg þó við, að öllum, sem nokkurt skyn bera á sjávarútveg og siglingar, sje það fullljóst, að slík stofnun sem þessi muni nauðsynleg eins og stýrimannaskólinn og vjelstjóraskólinn. Tel jeg, að það verði varla varið, ef lengur dregst, að þessi deild sje stofnuð. Að vísu er mjer kunnugt um, að húsnæðisskorti er barið hjer við. En sú viðbára verður vart haldgóð til lengdar, því ekki þarf svo ýkjamikið húsrúm til þessa. Og þegar manni verður litið hjer út um gluggann og sjer þessar háreistu hallir gnæfa við himin, þá verður manni að spyrja, til hvers húsrúm eins og það, sem Landsbankinn hefir verið að láta byggja, verði betur notað en í þessu skyni.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta að sinni. Jeg vænti þess, að hæstv. forsrh. (SE) veiti þessu máli góðar undirtektir og taki það til alvarlegrar athugunar á þessu sumri, svo að þessi vjelfræðiskóli geti tekið til starfa sem allra fyrst. Eins er um húsmæðraskólann á Akureyri. Það er ósk mín, að byrjað verði að reisa hann sumarið 1924. Og það er meira en ósk mín, það er eindregin krafa alls þorra manna og kvenna á Norðurlandi.

Forsætisráðherra (SE): Það er, eins og hv. fyrirspyrjandi (MK) tók fram, heimild í lögum um að stofna þessa skóla, lög nr. 37, 26. okt. 1917, um húsmæðraskólann á Norðurlandi, sbr. lög nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, og lög nr. 13, 18. maí 1920, um kenslu í mótorvjelfræði. Ríkissjóður á að leggja fram $^2/_3$ af byggingarkostnaði húsmæðraskólans á Akureyri, en $^1/_3$ kostnaðarins á að koma annarsstaðar frá. Akureyrarbær hefir þegar heitið ábyrgð fyrir $^1/_3$ hluta þessa kostnaðar, og eftir þeim skjölum, sem fyrir liggja, virðist svo, sem samkomulag geti orðið um staðinn handa skólahúsinu, en um það var mikill ágreiningur áður. Hann verður að öllum líkindum ákveðinn hjá gróðrarstöðinni á Akureyri, eða þar í nánd. Jeg vil taka það fram, að samkvæmt 6. gr. nefndra laga um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi er kveðið svo á, að þetta komi til framkvæmda þegar efni og annað, sem með þarf til skólans, verður fáanlegt með viðunan-

legum kjörum. Dráttur sá, sem orðið hefir á framkvæmdum í þessu máli, stafar sjálfsagt meðal annars frá þessum ákvæðum laganna.

Það verður allálitleg upphæð, sem þessi skóli kostar, en líklega verður það stærsta kostnaðaratriðið, að ríkið mun eiga að standa straum af rekstri skólans. Það er nú ákveðið, að geðveikrahælið á Kleppi verði bygt, eða byrjað að byggja það, í sumar. Það mun kosta um 400 þúsund kr., og nú þegar er búið að kosta til þess um 150 þús. kr. Þá er og skólahús á Eiðum, sem var víst búið að lofa að byggja, en ekki varð úr vegna fjárhagslegra örðugleika.

Jeg veit, að það er mikill áhugi á þessu skólamáli á Norðurlandi, og hafa konur þar gengið rösklega fram í málinu. Á Vesturlandi er einnig verið að hugsa um skóla á Staðarfelli, sbr. þáltill. þá, er hjer var samþykt. Jeg get lofað því, að jeg skal undirbúa þetta mál eftir föngum, og því heiti jeg, að fela húsagerðarmeistara ríkisins þegar í stað að gera uppdrætti og kostnaðaráætlun að þessari skólahúsbyggingu á Akureyri. Hins vegar, þegar þetta er hvorttveggja tilbúið, þá er fyrst hægt að sjá, hve mikið verður framlagið úr ríkissjóði og hvað það er, sem greitt verður annarsstaðar frá. Þetta tók og hv. fyrirspyrjandi (MK), rjettilega fram. En fyrst um sinn á jeg erfitt með að lofa meiru, vegna fjárhagsástæðna. Kleppshælið verður, eins og jeg hefi þegar áður tekið fram, að ganga fyrir, og hvað síðan tekur næst við, er því miður ekki hægt að segja með neinni vissu.

Jeg skil vel óskir hv. fyrirspyrjanda (MK), og eins er mjer kunnur áhugi kvenna þar norður, sem jeg met mikils, en jeg sje mjer eigi fært að lofa meiru en því að undirbúa þetta mál, svo það geti komið til framkvæmda eins fljótt og auðið verður, en hve nær, er mjer ókleift að segja, svo ábyggilegt sje.

Að því er snertir hitt atriðið, kenslu í mótorvjelfræði, er það engum vafa undirorpið, að það er hið mesta nauðsynjamál. Jeg skal viðurkenna það, að lítið hefir enn verið gert til að hrinda þessu í framkvæmd síðan lögin voru gefin um það, en jeg hefi þó átt tal við Jessen, skólastjóra vjelstjóraskólans, og hefir hann tjáð mjer, að húsrúm fyrir þennan skóla væri það, sem vantaði tilfinnanlegast. Til þess, að þessi skóli væri í nokkru lagi, þyrfti stóran vjelasal, og þar yrði að hafa alt að 5 tegundir mótora. Taldi hann vafasamt, að hægt væri að leigja nokkursstaðar hjer í bæ húsrúm af þessu tægi, en skýrði mjer frá því, að nefnd nokkur starfaði að því að koma upp byggingu fyrir þennan skóla í sambandi við vjelstjóraskólann, iðnskólann o. fl. Væri og sjálfsagt, að vjelstjóraskólinn og mótorskólinn stæðu í nánu sambandi hvor við annan. Vjelstjóraskólinn hefir lengst af lánað mótora, en fyrir nokkru átti hann mótor, en seldi hann til hafnarsmiðjunnar með því skilyrði, að hann fengi nýjan mótor, er hann krefðist þess.

Í sambandi við þetta mál er vert að geta þess, að sem stendur er enginn fáanlegur til að vera kennari við mótorskólann, en nú er mjög efnilegur ungur maður að fara utan í því skyni að leita sjer fullkominnar fræðslu í þessari grein.

Jeg mun eftir mætti reyna að greiða fyrir þessu máli, þar sem jeg er algerlega sammála hv. fyrirspyrjanda (MK), um að þetta er hið mesta nauðsynjamál.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kristjánsson): Jeg get að sumu leyti unað við svör hæstv. forsrh. (SE). Jeg bjóst við, að það mundi kveða við þetta gamla og alkunna orðatiltæki: „Silfur og gull á jeg ekki, en það sem jeg hefi, það gef jeg þjer". Þetta virðist mjer aðalatriðin í svari hans.

Það, sem hæstv. forsrh. (SE) telur sig hafa, er góður vilji og viðleitni til þess að hrinda málinu áleiðis. Vænti jeg að hafa skilið hann rjett að þessu leyti, og því megi vænta árangurs af þessum góða vilja og viðleitni hans.

Um kostnað við þessi fyrirtæki ræði jeg ekki frekar, og hve nær efni fæst með viðunanlegum kjörum, getur einatt orðið álitamál. Hver sú stjórn, sem hefir dug og gæfu til, mun ákveða það í samráði við sjerfróða menn í þeim greinum. Jeg hygg, að verð á efni sje nú að þokast í viðunanlegra horf, en álít þó, að ekki geti komið til mála að vænta þess, að það verði fyrst um sinn eins ódýrt eins og það var fyrir stríðið, og ekki hægt að vita, hve mikillar lækkunar má vænta, og ætti ekki að draga þetta þess vegna.

Jeg get ekki fallist á það, að skólahús á Eiðum gangi fyrir þessum skólum, sem jeg hefi spurt um. Sama gildir og um skóla að Staðarfelli, en þó ætti hann að geta tekið til starfa áður langt líður, enda er þar og til nokkurt fje, sem flýtir fyrir því að koma honum á stofn.

Þar sem hæstv. forsrh. (SE) hefir nú lofað að láta húsagerðarmeistara ríkisins gera uppdrætti og kostnaðaráætlun að húsmæðraskólanum á Akureyri mjög bráðlega, þá tel jeg æskilegast, að staðurinn verði einnig ákveðinn þegar á þessu sumri.

Um mótorskólann sje jeg ekki, að þurfi að ræða frekar að sinni. Jeg þykist þess fullviss, að skólastjórinn hafi áhuga á þessu máli og að hæstv. forsætisráðherra (SE) takist að hrinda því vel á veg til fljótra framkvæmda.

Að kennara vanti, veit jeg eigi, hvort sje allskostar rjett. Að minsta kosti er hjer fullfær maður til þess, þar sem er Ólafur Sveinsson vjelfræðingur, sem líklega hefði tekið þetta að sjer, ef málið hefði verið nægilega undirbúið. Þó tel jeg sjálfsagt, að þessi ungi og efnilegi maður, sem hæstv. forsrh. (SE) gat um, fái tækifæri til að fullnuma sig í þessum fræðum. Vænti jeg þess, að hæstv. forsrh. (SE) muni nú gera þessi mál að sínum áhugamálum, og því muni drátturinn á framkvæmdum eigi verða langur hjer eftir.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi hjer engu við að bæta; held mjer aðeins við það, sem jeg tók fram áðan.

7. Ferðalög ráðherra.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 2. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um ferðalög ráðherra (A. 44).

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 3. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, GÓ, IHB, JM, JJ, KE, SHK, SJ, BK, HSt.

nei: HSn, JóhJóh.

SE greiddi ekki atkv.

Einn þm. (EÁ) fjarstaddur.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að forsætisráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 12. maí, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er nú orðið nokkuð langt síðan fyrirspurn þessi kom fram, nærfelt 3 mánuðir, og leyfi jeg mjer að átelja hæstv. landsstjórn fyrir það seinlæti, sem komið hefir fram í því að vanrækja að svara fyrirspurnum. Seinlæti hennar er í algerðu ósamræmi við erlenda siðvenju, því að t. d. Poincaré, forsætisráðherra Frakka, svarar fyrirspurnum með mjög stuttum fyrirvara, og oft jafnvel samdægurs, enda þarf líka svo að vera. Enn fremur vil jeg átelja hæstv. landsstjórn fyrir það, að svo lítur út, sem tveim fyrirspurnum viðvíkjandi Íslandsbanka verði alls ekki svarað, enda þótt maður skyldi ætla, að hæstv. forsrh. (SE) ætti mjög auðvelt með að svara þeim, þar eð hann er formaður bankaráðsins.

Þá kem jeg að þeim atriðum, sem hjer er sjerstaklega spurt um.

Spurningin lýtur að ferðakostnaði ráðherranna síðan við fengum þriggjamannastjórnina 1917.

Ef það er rjett, sem jeg hefi ástæðu til að ætla, að eyðslusemin hafi verið hlutfallslega mikil á þessu sviði, þá er það þess vert, að það sje athugað, því að mjög hætt er við, að það hafi áhrif á aðra starfsmenn ríkisins, ef æðstu embættismenn þess fara gálauslega með fje. Mjer hefir borist til eyrna, að mjög mikill munur sje á því, hve miklu ráðherrarnir hafi eytt á ferðalögum sínum síðustu ár, t. d. hafi tvær ferðir álíka langar verið farnar með stuttu millibili, og hafi önnur þeirra kostað 9 þús., en hin nálægt 3 þús. kr. Ef þetta er rjett frá skýrt, þá er nauðsynlegt að fá að vita, í hverju þessi feikna mismunur liggur, því að ástæðulausu má engum ráðherra líðast slík eyðsla.

Aðalefni fyrirspurnarinnar er þó að fá að vita, hvernig þriggjamannastjórnin hefir gætt fjárhags ríkisins síðustu ár á þessu sviði. Ferðakostnaðurinn hefir bersýnilega aukist mjög mikið, en hætt er við, að það sje aðeins vottur um aukna eyðslusemi á fleiri sviðum. Í sambandi við þessa eyðslu býst jeg ef til vill við, af svari hæstv. forsrh. (SE), að fá ástæðu til þess að taka fleiri atriði þessu viðvíkjandi til athugunar.

Forsætisráðherra (SE): Viðvíkjandi átölum hv. 5. landsk. þm. (JJ) um seinlæti landsstjórnarinnar við að svara fyrirspurnum, vil jeg minna hv. þm. á það, að síðustu nærfelt 3 mánuðir hafa verið annríkir bæði fyrir þing og stjórn. Jeg hefi byrjað með að svara þeim af hinum mörgu fyrirspurnum, sem jeg áleit mesta og fyrsta nauðsyn til að svara.

Jeg verð að líta svo á, að þær tvær fyrirspurnir, er hv. fyrirspyrjandi (JJ) taldi mig eiga að svara og enn er ósvarað, heyri undir fjármálaráðherra. Önnur fyrirspurnin fer fram á að fá ýmsar upplýsingar um hag annars bankans hjer í bæ. Henni á sá ráðherra að svara, sem hefir yfirumsjón með bönkunum og málefnum þeirra, enda er ekki hægt að orða á Alþingi fyrirspurn til formanns bankaráðsins. Hin fyrirspurnin er um

hlutabrjefaeign dómenda og þingmanna í Íslandsbanka. Jeg skal játa, að mjer er ekki ljóst, að þingið eigi nokkra kröfu til þess að fá skýrslu um hlutaeign dómenda í bankanum. En setjum svo, að stjórnin áliti, að henni bæri að leggja fram slíka skýrslu. Jeg hefi í tilefni af því átt tal við bankastjóra Íslandsbanka og spurt þá, hvort unt væri að afla slíkrar vitneskju. Kváðu þeir nei við, sögðu það ógerning, þar sem sumir hlutirnir væru ekki skráðir á nöfn, en þó að aðrir væru það, gætu eigendaskifti margsinnis hafa orðið að þeim, án þess að bankanum hefði verið tilkynt það. Jeg get því svarað þessari fyrirspurn — þótt það sje í raun rjettri verk hæstv. fjármálaráðherra — á þá leið, að henni verður ekki svarað; það er ógerningur. Hin fyrirspurnin snertir innri verkahring bankans, og yrði því að spyrja bankaráðið um, hvort það vildi gefa þær upplýsingar, sem þar er mælst til. Skal jeg í þessu sambandi minna menn á, að Íslandsbanki er alls ekki eign landsins.

Þá kem jeg að þeirri fyrirspurn, sem nú er til umr. Það er satt að segja langt frá því, að jeg hafi nokkra löngun til að dylja, hvað ferðir ráðherra hafa kostað, enda hefði hv. fyrirspyrjandi (JJ) ekki þurft annað en að snúa sjer til stjórnarráðsins, og mundi hann þá þegar hafa fengið alla þá vitneskju, sem hann vildi æskja.

Þegar litið er á, hve laun ráðherra eru lág, verður þess ekki krafist, að þeir greiði neinn hluta af ferðakostnaði sínum. En stöðu sinnar vegna verða þeir að ferðast, og geta þeir ekki hjá því komist að búa í dýrum gistihúsum. Reikningar mínir og fyrverandi forsætisráðherra, Jóns Magnússonar, eru mjög svipaðir yfirleitt, eins og yfirlit það ber með sjer, sem jeg skal nú gefa hv. deild.

Árið	1917	kostnaður við 2 ferðir Jóns Magnússonar til Danmerkur og Noregs . . . . . kr.	7157,25
—	1918	ein ferð sama . . kr.	3510,00
—	1919	2 ferðir sama kr.	9415,75
—	—	Sig. Eggerz, ein ferð . . . . . kr.	5500,00
—	1920	Jón Magnússon, ein ferð . . . . . kr.	9378,79
—	1920	Magnús Guðmundsson, ein ferð . . kr.	4925,00
—	1921	Jón Magnússon, ein ferð . . . . . kr.	5612,30
—	1922	sami, ein ferð kr.	3789,25
—	—	Sig. Eggerz, tvær ferðir . . . . . kr.	11016,00
—	—	Magnús Jónsson, ein ferð . . . . . kr.	3230,00
—	—	Kl. Jónsson . . kr.	3720,00

Þetta voru utanfarir ráðherra á þessu tímabili. Þá eru eftirlitsferðir þeirra út um land:

Árið	1917	var engin ferð farin.	
—	1918	Sig. Eggerz, fjrh., ferð norður . . kr.	2749,25
—	1919	engar ferðir.	
—	1920	ferð Jóns Magnússonar til Akureyrar . . . . . kr.	1047,00
—	—	Ferð Pjeturs Jónssonar norður, helmingur kostnaðar kr.	379,55
—	—	Ferð M. Guðmundssonar til Skaftafellssýslu . . . . kr.	497,00
—	1921	Ferð sama norður . . . . . kr.	879,00
—	—	Ferð Pjeturs Jónssonar . . . . . kr.	243,60

Nú hefi jeg þulið upp fyrsta lið fyrirspurnarinnar. Þá er næsti liðurinn, hvert þessar ferðir hafi verið farnar. Þær hafa verið farnar til Danmerkur, Noregs, Bretlands og víðar, og eru allar embættisferðir. Þá er spurt um, hve langan tíma hver ferð um sig hafi tekið. Það verður ekki sjeð af sumum reikningunum, en flestar munu þær hafa staðið yfir 6—8 vikur.

Þá er spurt um erindi og árangur ferðanna. Að því er snertir fyrverandi stjórnir, hefi jeg enga heimild til að krefja þær sagna, og get jeg því ekki sagt annað en það, sem allir vita, að forsætisráðherra fer til þess að leggja lagafrumvörp og lög fyrir konung, fjármálaráðherra í fjármálaerindum o. s. frv. Jeg skal t. d. minnast stuttlega á ferð mína 1919, sem kostaði 5500 kr. Jeg fór þá til Danmerkur og fjekk þar 4500000 kr. lán með góðum kjörum. Leitaði jeg þá fyrir mjer um lántöku bæði í Noregi og Svíþjóð, og fór í þeim erindum tvisvar til Noregs. Jeg átti kost á að fá þar lán, en niðurstaðan varð sú, að lán það, er mjer bauðst í Danmörku, reyndist besta lánið. Í þessu sambandi vil jeg minna á, hve ilt er að vara sig á sveiflunum á peningamarkaðinum. Fjármálamenn, sem jeg átti þá tal við, hjeldu því fram, að allur gengismunur mundi bráðlega hverfa. Hefði jeg tekið þetta lán í Noregi, mundi hafa orðið mjög mikill hagnaður af því, þar sem norska krónan lækkaði mjög eftir þetta. Aftur hefði verið mjög óhagkvæmt að taka þá lán í Svíþjóð, því að sænska krónan hækkaði mjög. Jeg segi þetta einungis til að sýna, hve vandasamt er að semja um lán og hve erfitt er að sjá fyrir, hver lánin muni reynast hagfeldust.

Árið 1922 fór jeg 2 ferðir. Fyrri ferðin var farin til að fá staðfestingu á lögunum frá þinginu það ár. Jeg átti þá ýms önnur erindi, samdi meðal annars um tilbúning á smámynt, svo sem jeg hefi skýrt frá í öðru sambandi, samdi reglugerðir í samráði við sendiherrann o. fl.; fór þá einnig til Kristjaníu til að útvega járnbrautarfræðing. Í seinni ferðinni lagði jeg stjórnarfrumvörpin fram í ríkisráðinu, ræddi um landhelgisgæsluna við dönsku stjórnina; ennfremur um kjöttollinn, hafði afskifti af lántöku Íslandsbanka o. fl. Í seinni ferðinni kom jeg við í London í báðum leiðum í bankaerindum.

Ferð mín norður í land árið 1918 var til þess gerð að líta eftir hjá sýslumönnunum í Snæfellsnes-, Dala-, Stranda- og Þingeyjarsýslum og á Akureyri. Jeg skal játa, að þessi ferð virðist vera nokkuð dýr, 2750 kr., og skal jeg því skýra frá hverjum einstökum lið á reikningnum.

Ferðin stóð yfir frá 1.—29. ágúst.

1.	7 hestar í 29 daga á 6/— kr.	1218,00
	1 hestur í 29 daga á 5/— kr.	145,00
2.	Fæði fyrir mig og fylgdarmann á náttstöðum í 29 daga á 16/— . . . . . kr.	464,00
3.	Um miðjan daginn nesti keypt o. fl. . . . . kr.	150,00
4.	Hestagæsla, hestaflutningur, járningar og dýralækningar . . . . . kr.	303,50
5.	Mótorbátaflutningur, ferjutollar, flutningsgjöld með flóabátum og fylgdir . . kr.	279,75
6.	Kaup fylgdarmanns í 29 daga á 6/— . . . . . kr.	174,00
7.	Símtöl og símskeytakostnaður . . . . . kr.	15,00
	Samtals kr.	2749,25

Þó að þetta sje há upphæð, vona jeg,

að hv. þm. sjái, að hjer er ekki reiknað nema það, sem er alveg óhjákvæmilegt. Jeg hygg, að þessi eftirlitsferð hafi komið að góðum notum, enda skoðaði jeg rækilega hjá sýslumönnunum.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvrh. (KlJ) muni skýra frá ferð sinni, ef þess er óskað, en fyrv. fjármálaráðherra, Magnús Jónsson, mun hafa farið í fjármálaerindum, og get jeg ekki gert gleggri grein fyrir ferð hans. Hygg jeg, að þessari fyrirspurn sje nú fullsvarað af minni hálfu.

Jón Magnússon: Jeg minnist þess frá stúdentsárum mínum, að við fyrirlestra eins háskólakennara í lögum var mjer samtíða stúdent einn, sem var góður námsmaður, en talsvert upp með sjer. Hann var altaf að spyrja lærimeistarann um hitt og þetta. Svo mikil brögð voru að því, að lærimeistaranum tók að leiðast spurningar hans — því að maðurinn spurði ekki af fróðleiksfýsn, heldur af löngun til að gera sig merkilegan —, og eitt sinn svaraði lærimeistarinn honum á þá leið, að eitt fífl gæti spurt um meira en 7 vitringar gætu svarað. Þetta flaug mjer í hug, þegar jeg mintist fyrirspurna hv. 5. landsk. þm. (JJ), svo lítið viturlegar eru þær allar.

Hv. þm. hefir leyfi til að spyrja stjórnina um alþjóðleg málefni, svo sem fyrir er mælt í stjórnarskránni. Nú veit jeg ekki — um það verður hæstv. stjórn að dæma —, hvort telja verður alþjóðleg málefni fyrirspurnir um fremur lítilfjörlega reikninga, sem ekki einungis hafa verið rannsakaðir af yfirskoðunarmönnum, heldur einnig hefir verið löngu kvittað fyrir af Alþingi. En svo er um alla reikninga fram að 1920, og nú nýlega hefir verið kvittað fyrir reikningana frá 1920 og 1921. Hv. þm. (JJ) átti kost á að ræða um reikninga mína fyrir árin 1920 og 1921, hefði hann treyst sjer til að gera það þegar við átti, þegar fjáraukalögin fyrir þau ár voru til umræðu. En hann treysti sjer ekki út í umræður um þau fjáraukalög, þó að þá væri nægur tími og tækifæri. Hjer hefir hv. þm. engan rjett til að spyrja mig, og hæstv. stjórn hefir ekki ástæðu til að svara fyrir fyrverandi stjórn.

Það skaust út úr hv. þm. (JJ), að þetta þyrfti að rannsaka. Það er velkomið, en þá átti hann að fara alt aðra leið. Hann gat fengið að vita alt þetta með því að líta í landsreikningana, og jeg tel hæstv. stjórn mjög leiðitama, er hún vill svara jafnheimskulegum spurningum, er hver og einn getur svarað sjer sjálfur. En sem sagt, hv. þm. átti kost á að athuga ferðakostnað á árunum 1920 og 1921, hefði hann viljað gera það við rjett tækifæri, en dýrasta ferðin er einmitt farin 1920. Hefi jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því að skýra nokkuð frá þeirri ferð.

Vorið 1920 var stöðvaður kolaútflutningur frá Englandi til annara en bandamanna. Þarf jeg tæplega að lýsa því, hverjar afleiðingar það hefði haft fyrir landið og fiskiveiðar vorar, ef kolaflutningur frá Englandi hefði tepst um langan tíma og vjer orðið kolalausir. Jeg þurfti þá að fara til Kaupmannahafnar og lagði leið mína um London, til þess að fá að vita, hvort nokkur von væri til þess, að úr þessu yrði greitt. Erindreki vor í London var að reyna að fá ívilnun, en fekk sama svar sem aðrir. Það er alveg ótrúlegt, hve Bretar neituðu jafnvel æðstu stjórnendum um lítilsháttar kolasendingar. Það var, að

jeg ætla, snemma í aprílmánuði, að jeg fór af skipinu í Leith og hjelt til London. Símaði jeg áður en jeg fór hjeðan að heiman til erindrekans og bað hann að útvega mjer herbergi í gistihúsi. Jeg dvaldi svo um 12 daga þar í borginni og hafði tal af utanríkisráðuneytinu. Býst jeg við, að hv. 5. landsk. þm. (JJ), sem er talsvert kunnugur erlendis, muni vita, að það er ekki altaf fjarskalega fljótgert. London var þá miðdepill alls heimsins, og var þar saman kominn fjöldi manna, sem reyndu einnig að ná tali af helstu ráðamönnum ríkisins. Loks fekk jeg þó sæmileg svör, og vjer biðum ekki mikinn skaða af kolateppunni.

Svo að menn geti gert sjer dálitla hugmynd um, hve dýr dvöl mín í Englandi hlaut að verða, skal jeg geta þess, að erindreki vor í London kvaðst hafa reynt að útvega mjer herbergi á 14 stöðum, en þar var alt fult. Loks gat hann fengið herbergi í gistihúsi, hotel Ritz, sem er afardýrt. Í þessu gistihúsi borgaði jeg 7 guineur (eða um 180 kr.) á dag fyrir herbergi, og geta menn sjeð nokkuð af því, hve kostnaðarsöm slík ferðalög eru.

Þetta, sem jeg nefndi, var aðalerindi mitt til London. Annað erindið var það, að jeg ætlaði, sem jeg gerði, að gera ráðstafanir til þess, að erindrekinn þar hætti störfum og færi heim. Auðvitað fekk jeg skammir í Tímanum fyrir að kveðja erindrekann heim. Síðan var jeg skammaður í sama blaði fyrir erindreka landsins; voru þeir þá kallaðir legátar. (JJ: Ekki erindrekinn í London). Jú, jeg var líka skammaður fyrir kostnaðinn við hann, en hv. þm. (JJ) mun að líkindum ekki lesa Tímann.

Þó að ferð mín væri ekki til þess gerð í fyrstu, notaði jeg dvöl mína í London til þess að útvega Landsbankanum dálítið viðskiftalán. Var það byrjunin til þess, að vjer komumst inn á enska markaðinn með lántökur, sem margir menn telja mikils virði.

Þegar jeg hafði lokið þessum erindum, ætlaði jeg að fara til Kaupmannahafnar um Parkestone og Esbjerg, en þá var skollið á sjómannaverkfall í Danmörku, og varð jeg því að fara um Newcastle, Björgvin og landveg þaðan um Svíþjóð til Kaupmannahafnar. Man jeg ekki glögglega, hve löng sú ferð var, enda vil jeg ekki gera svo lítið úr mjer að telja dagana. En jeg býst við, að þessi ferð öll, til London og Hafnar, hafi tekið álíka langan tíma og ferð, sem annar maður fór árið eftir, forstjóri landsverslunar, sem menn telja sparsaman mann. Hann mun hafa farið nokkurn veginn um sömu eða jafnmörg lönd, og kostaði ferð hans um 7000 kr., eða talsvert á 7. þúsund. Ef gætt er að kostnaðinum við að ferðast 1920 og 1921, þolir þetta vel samanburð, en jeg veit ekki til, að nokkur hafi álasað þessum manni fyrir það, hve dýr ferð hans varð.

Auðvitað má segja, að þessar ferðir hefðu g e t a ð verið eitthvað ódýrari. En þegar þess er gætt, að jeg þurfti að eiga tal við og taka á móti mönnum, sem góðu eru vanir, í herbergjum mínum, hljóta menn að skilja, að jeg gat ekki búið á ljelegum stað, enda gat erindrekinn ekki útvegað mjer annað. En til samanburðar á ferðakostnaði 1920 og þar á undan og 1921, vil jeg geta þess, að herbergi, sem kostuðu áður 70 kr. á dag, kostuðu mig ekki nema 30 kr. síð-

ast á árinu 1921. Árin á undan var stundum svo erfitt að fá gistingu, að menn urðu að borga dýrum dómum fyrir að fá að liggja í baðkerum. Hv. fyrirspyrjandi (JJ) veit þetta fullvel, því að hann hefir sjálfur ferðast mikið, enda spyr hann ekki svo af því, að hann viti ekki, heldur af framhleypni einni. Jeg ætla því, að mjer sje auðvelt að forsvara þennan ferðakostnað, hvað sem hrópstungur Tímans segja.

Þar sem jeg er farinn að tala um ferðalög, skal jeg geta þess, að jeg fór til Englands í ársbyrjun 1922. Jeg hefi heyrt, að einhver af uppaustursmönnum Tímans hafi verið að reikna þann ferðakostnað út í tollum. Það er satt, að jeg fór þessa ferð í engum ríkiserindum. Jeg hafði lokið störfum mínum í Kaupmannahöfn um áramótin og þurfti að bíða eftir Gullfossi í 10 daga eða svo. Þessa bið notaði jeg til að skreppa til Suður-Englands til þess að heimsækja venslafólk mitt. Jeg reiknaði því þá dagana, sem jeg var á ferð þessari, þangað til jeg kom í Gullfoss í Leith, aðeins með þeirri fjárhæð, sem jeg hefði þurft að nota, ef jeg hefði verið kyr í Kaupmannahöfn þangað til Gullfoss fór þaðan, en ekki útlagðan kostnað, sem var miklu meiri.

Um árangurinn af öðrum ferðum getur hv. þm. (JJ) ekki dottið í hug, að jeg fari að skrifta fyrir honum. Mun jeg svo láta máli mínu lokið að sinni.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hæstv. forsrh. (SE) gat þess, að hann áliti, að rjett væri að fjármálaráðherra ætti að svara hinum fyrirspurnunum.

Er það rjett, að hann hjelt þessu fram á ráðherrafundi, en fyrv. fjrh. (MagnJ) var á annari skoðun og gerði heldur ekkert til þess að undirbúa sig undir að svara þeim.

Jeg skal engan dóm á leggja, hvor rjettara hefir, en verð að geta þess, að síðan jeg tók við fjármálunum, er svo stuttur tími og jeg hefi verið svo störfum hlaðinn, að mjer hefir ekki verið unt að afla þessara upplýsinga, þótt jeg hefði talið mjer það skylt. Er mjer um sumt þetta alls ókunnugt, t. d. um eftirlaun bankastjóranna. Jeg hefi grenslast eftir því, en ekki fengið um að vita, hver þau eru.

Jeg skal þá skýra stuttlega frá erindi og tilgangi þeirrar einu utanlandsfarar, sem jeg hefi farið síðan jeg varð ráðherra. Hún kostaði 3700 kr. og stóð í 8 vikur. Umboðslegir embættismenn Norðurlanda mynduðu með sjer fjelagsskap fyrir nokkrum árum og hjeldu fyrsta fund sinn í Kristjaníu 1920. Annar fundur var svo haldinn í Stokkhólmi í ágústmánuði síðastl. ár. Var boðið þangað miklum fjölda embættismanna víðsvegar að af Norðurlöndum. Sjerstaklega fjölmentu Finnar mjög til mótsins. Hafði þeim gengið nokkuð treglega að fá að vera þátttakendur og vera viðurkendir sem Norðurlandaþjóð, en þegar það var fengið, vildu þeir hafa þátttökuna sem veglegasta og sendu meðal annars einn ráðh. á fundinn. Það hafði talast svo til milli hæstv. forsrh. og hr. Jóns Krabbe, að hann sækti mót þetta fyrir Íslands hönd og flytti þar fyrirlestur um embættismannastjettina hjer. En þegar hann frjetti um viðbúnað Finnanna, þá símaði hann upp og mæltist eindregið til þess, að einhver ráðherranna færi þangað. Varð það svo að samkomulagi, að jeg færi þangað. Hafði jeg hina mestu ánægju af ferð þessari, því jeg varð þess alstaðar var, að þess-

ar nánu frændþjóðir vorar höfðu fullan skilning um sjálfstæði vort, og Íslandi var gert jafnhátt undir höfði alstaðar. Blakti t. d. íslenski fáninn yfir hóteli því, er jeg bjó á, og við inngöngudyr ríkisdagsins sænska meðal fána hinna þjóðanna.

Þetta var nú aðaltilgangur fararinnar, en svo vakti það líka fyrir mjer að grenslast um kjöttollinn, sem norska ríkisþingið hafði þá nýlega samþykt. En þegar til kom, var sendiherra Sveinn Björnsson búinn að gera alt, sem þá var hægt að gera, í því máli.

Frá Stokkhólmi fór jeg til Hafnar og var þar dálitla stund. Sá jeg þá í íslenskum blöðum, að steinolíueinkasalan, sem stjórnin hafði þá alveg nýlega tekið í sínar hendur, var gerð mjög að umtalsefni og mikilli „kritik" beint til mín út af því máli.

Jeg taldi því nauðsynlegt að kynna mjer fjelag það, er við hafði verið samið, og fór því til London í þessu skyni. Sá jeg allan útbúnað fjelags þessa og sannfærðist fljótt um, að það var svo voldugt og ábyggilegt, að engin hætta var á því, að það uppfylti ekki allar sínar skuldbindingar. Fór jeg svo til Kaupmannahafnar aftur og þaðan áleiðis til Íslands um Kristjaníu, aðallega til þess að grenslast um ýmislegt viðvíkjandi járnbrautarmálinu. Hafði þá norski verkfræðingurinn, Sverre Möller, verið hjer uppi til að athuga um járnbrautarlagningu.

Vildi jeg aðallega kynna mjer það, hvort og að hve miklu leyti væri farið að nota bílvagna í stað járnbrauta. Átti jeg tal um þetta við vegamálastjóra Noregs, og sagði hann mjer, að í Ameríku og jafnvel í Noregi væri sú stefna upptekin að hætta að nota „lokal" járnbrautir, en nota bíla í staðinn. Hefði þetta þá kosti, að lagning veganna væri ódýrari en járnbraut, og vagnarnir einnig ódýrari en járnbrautarvagnar. Þar fekk jeg ýmsar góðar upplýsingar þessu viðvíkjandi, en þar eð járnbrautarmálið er enn ekki komið svo langt, að það verði lagt fyrir þingið að þessu sinni, verður þetta að bíða þess tíma, en þess mun varla lengi að bíða, og þá vona jeg, að þessar upplýsingar geti komið að haldi. Hefi jeg þá gert grein erindis míns.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Jeg hefði óskað, að hæstv. forsrh. (SE) hefði svarað nokkuð ítarlegar, en taka vil jeg það fram, honum til heiðurs, að hann hefir svarað því sæmilega, er honum sjálfum viðkom. En annars var nokkuð erfitt að átta sig á skýrslu hans við hraðan yfirlestur, en hún kemur nú í þingtíðindum og verður kjósendum kunn.

Vil jeg svo fara nokkrum orðum um einstaka liði hennar.

Það var ekki samkvæmt efni og formi fyrirspurnarinnar, að mörgum ferðum væri blandað saman í skýrslunni. Jeg vildi komast eftir því, hvað hver einstök ferð hefði kostað og hvert gagn hefði að orðið.

En svo jeg víki nokkrum almennum orðum að þeim fyrirspurnum, sem fram hafa komið, skal jeg geta þess, að ef það væri rjett hjá hæstv. forsrh. (SE), að fyrv. fjrh. (MagnJ) hefði átt að svara fyrirspurn, þá átti hæstv. forsrh. að knýja hann til þess sem sinn undirmann. Annars er það ekki vafamál, að hæstv. forsrh. hefir átt að svara til

saka um, hvernig farið var með fje bankans í launagreiðslum, þar sem hann sjálfur hafði framkvæmt verknaðinn. Og sumt í spurningunum var þess eðlis, að það gat enginn svarað því nema hæstv. forsrh., þar sem það hefir verið ákveðið á bankaráðsfundum, að enginn mætti vita um það, sem þar gerðist, og því auðvitað ekki heldur fjármálaráðherra. Hefir nú líka hæstv. núverandi fjrh. (KlJ) sagt, að honum væri ókunnugt um ýmislegt, er að bankanum laut, og er það ekki nema eðlilegt, er hæstv. forsrh. og samstarfsmenn hans hafa komið sjer saman um að halda öllu leyndu.

Þetta innsigli óleyfilegrar leyndar vildi jeg brjóta. Þjóðin, sem borgar ágóðahlutann, 8% vöxtu, eftirlaunin og fleira, á fulla heimtingu á því að vita um allar þessar ráðstafanir. Er hæstv. forsrh. skilyrðislaust skyldur til að svara þessu og upplýsa um leyndarmál þess hrings, sem hann er formaður í. Það er ekki rjett hjá hæstv. forsrh. (SE), að það megi ekki beina þessari spurningu til formanns bankaráðsins. Það á einmitt að beina henni til hans. Hann er kosinn af þjóðinni til þessa trúnaðarstarfs, og hann er þar hennar vegna en ekki sín.

Það eru þessar upplýsingar, sem hefir verið vanrækt að koma með, og þetta er einn af veiku þáttunum hjá hæstv. forsrh. (SE), og það veldur mjer hrygðar, að svo skuli vera, jafnheilbrigðar skoðanir og þessi maður hefir um ýms önnur mál. En hjer hefir hann brugðist vonum sinna fyrv. stuðningsmanna. Hefi jeg viljað taka þetta fram alment, því nú er síðasta úrræðið á þessu þingi.

Jeg var ekki ánægður með svör hæstv. forsrh. (SE) um hlutaeignina í Íslandsbanka. Mun íslenskum kjósendum ekki finnast þessi spurning jafnfávísleg sem hæstv. forsrh. (SE) og hv. 4. landsk. þm. (JM). Hafa landsmenn fylgst með þessu með hinni mestu eftirtekt, og óánægjan eykst, er reynt er til að fela hið sanna. 1907 lýsti hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason, sem þá var þingmaður, því yfir á þingi, að margir þáverandi þm. mundu eiga hluti í bankanum. Var þessu ekki mótmælt, og sýnist þá hafa verið auðvelt að fá upplýsingar um þetta. Nú er reynt að vinda þessu á bug með því að segja, að flest brjefin sjeu handhafabrjef og þau, sem eru nafnbrjef, gangi kaupum og sölum. Jeg held nú samt, að það sje ekki erfitt að fá vitneskju um þetta, því jeg hefi fengið hana óbeðið. Hafa 2 dómarar, búsettir utan Reykjavíkur, sagt mjer, að þeir ættu hlutafje þar, annar 20 þús. og hinn nokkrar þúsundir, og var þó annar þeirra ekkert kunnur mjer. Mundi ekki hafa þurft meira en senda mönnum þessum brjef og biðja þá um skýrslu, sökum þess að hlutaeign þeirra þætti máli skifta.

Er það auðsætt, að það skiftir ekki svo litlu máli, hvort alþingismenn eru hluthafar, þegar greiða á atkvæði um ýms mál, er bankann varða.

Sýnist ekki nema rjett, að þeir láti hjá líða að greiða atkvæði um öll hagsmunamál bankans. Sama má segja um dómara. Það sýnist sjálfsagt, enda sleg ið föstu í hæstarjettarlögunum, að dómarar dæmi ekki í þeim málum, er þá sjálfa getur varðað, og eigi því að víkja sæti. Það er því mjög ranglátt gagnvart þjóðinni að svara ekki þessum fyrirspurnum, og það er einnig mjög óþægilegt fyrir þá menn, er þarna eiga hlut

að máli, þ. e. dómarana. Má geta þess, að nú er fyrir hæstarjetti mál milli Íslandsbanka og landssjóðs. Getur það munað landið alt að 100 þús. kr., hversu sá dómur verður.

Þá kem jeg að efni fyrirspurnarinnar. Skal jeg ekki víkja mikið að einstökum ferðum, aðeins fara nokkuð inn á tvær, sem skera sig út úr. Eru það 2 ferðir hv. 4. landsk. þm., fyrv. forsrh. (JM), önnur til útlanda og hin eftirlitsferð til Eyjafjarðar. Mintist hann hennar ekkert í afsökunarræðu sinni. Geri jeg þetta sjerstaklega sökum þess, hve þessi hv. þm. varð æstur, er á þetta var minst. Var líkast því, sem væri verið að brenna hann lifandi á báli.

Jeg skal þegar taka það fram, að jeg tek ekki hátíðlega þau mótmæli, að ekki megi tala um nein útgjöld landssjóðs, enda þótt búið sje að samþykkja þau og nokkuð umliðið síðan þau gerðust. Eykur það ekki traustið á trúnaðarmönnum þjóðarinnar, er þeir reyna að fela sig á bak við elli gamalla reikninga.

En viðvíkjandi fjáraukalögunum er það að segja, að allmargir hv. þm. lögðu áherslu á það í gær að komast burtu, og gat jeg því ekki komist hjá því að sleppa því að minnast á ýms atriði, sem jeg annars hefði viljað drepa á, til þess að lengja ekki umræður, svo að þm. yrðu af skipsferðinni. En þessi meiningamunur milli mín og hv. 4. landsk. þm. (JM) er mestmegnis um söguleg atriði, og getur því oft komið til umræðu milli okkar en á þingum. Við eigum alllangt eftir enn af kjörtíma okkar, ef hepni er með, alt að 7 árum. Hefi jeg því hugsað mjer að geyma margt, sem jeg þá gæti rætt við hann síðar. Jeg greiddi atkvæði á móti fjáraukalögunum fyrir 1920—21, vegna þess, að jeg álít, að til mála gæti komið, að þau yrðu athuguð fyrir landsdómi. (**JM**: Það er rjett leið og vel þingleg, og hefi jeg ekkert við það að athuga). Þessi hv. þm. (JM) hefir enga ástæðu til að frýja mjer hugar; jeg þori vel að sækja þessi mál hvar sem er, og því hefi jeg lagst svo á móti þessum fjáraukalögum, að jeg sá ekki ástæðu til að afgreiða þau hjer, en taldi hins vegar líklegt, að þeim mætti koma á annan vettvang og fá þau athuguð þar. Mjer er það ekki gleðiefni, að þessar umræður um fjáraukalögin hafa vakið mikla eftirtekt bæði í blöðunum og víðsvegar annarsstaðar. Hafa þegar margir menn skrifað mjer utan af landi og beðið mig um að útvega sjer þetta fjáraukalagafrumvarp. (**SHK**: Þeir hafa líklega lesið Tímann, en vilja nú fá að sjá heimildir hans). Já, þetta mun rjett vera; þeir hafa lesið Tímann, en því miður er jeg viss um, að þegar þeir fá frumheimildina, verði áfellisdómurinn á fyrverandi stjórn enn þá þyngri.

Jeg tek þá til samanburðar ferð hæstv. atvrh. (KlJ) í 2 mánuði um Bergen, Kristjaníu, Stokkhólm og London. Kostnaður eftir skýrslu forsætisráðherra nú í dag er 3700 krónur. En hv. 4. landsk. þm. (JM) fer 1920 öllu styttri ferð um London, Bergen og til Kaupmannahafnar, og eyðir þá meira en 9 þús. kr. Er því styttri ferðin alt að því helmingi dýrari. Það skal að vísu strax játað, að nokkru munaði á því, að það var dálítið dýrara að ferðast 1920 en nú í haust, en þó eigi svo, að þessu nemi eða neinu í þá átt. Eftir því sem jeg hefi getað athugað tölurnar viðvíkjandi ferð hæstv. forsrh. (SE), álít jeg, að þar sje miklu fremur stilt í hóf; þær ferðir eru ekki ódýrar, en þó

ekki dýrar svo úr hófi keyri. Jeg hefi og nokkra reynslu í ferðalögum sjálfur, enda þótt jeg hafi aldrei ferðast sem ráðherra, og ferðareikningi hæstv. atvrh. (KlJ) finst mjer vera mjög stilt í hóf. Hefir þar verið ferðast sem sæmilegt var stjórnanda eigi ríkara lands en Íslands. Það var aðeins til athlægis, þegar sendimenn og kaupmenn frá Íslandi komu til New York og leigðu á Hotel Astor forðum. Er miður líklegt, að þeim hafi tekist að „imponera" Ameríkumenn með fjáreyðslu, eða vjer álitnir meiri menn eftir en áður, fyrir heimskulegt yfirlæti.

Það er þessi 9 þús. kr. ferð hv. 4. landsk. þm. (JM), sem hann vildi reyna að verja gagnvart þjóðinni, enda grípa þessar umræður hann furðu ónotalega, eins og hann hefði ekki góða samvisku. Hefi jeg heyrt margt talað um þá ferð. Jeg vil nú fá að heyra, hverju hann hefir til að svara um nokkra liði í þessum 9 þús. kr. reikningi, sem ekki ætti að vera fordæmi fyrir aðra ráðherra.

Það eru þá þessir 12 dagar, sem hann dvaldi í London og kostuðu um 150 sterlingspund. Reiknað eftir meðalgengi á pundinu, eru það um 3 þús. kr., sem þarna hafa eyðst. Þegar jeg var á ferð í London sama sumarið, varð jeg eigi var við, að erfitt væri fyrir ferðamenn að fá þar herbergi í gistihúsum. En hitt rengi jeg eigi, að hann hafi eytt þessu þar, og verð því að telja framferði hans óspilun í meira lagi. Þá kostaði ferðin frá London til Edinborgar 17 sterlingspund. Jeg hefi að vísu aldrei ferðast nema á 3. farrými þá leið, en hygg, að 1. farrými kosti á þessari leið um 5 sterlingspund, svo þetta mun vera líðlega þrefalt við það, sem þörf var á. Á ferðinni frá London um Newcastle til Bergen eyðir hann 12 hundruð krónum. Jeg fór um þessa sömu staði sama sumarið, og reyndist mjer þetta dýrasti kafli ferðarinnar, sem kostaði mig um 200 kr. En hvernig er hægt að fara að eyða 1000 krónum í viðbót milli Kaupmannahafnar og London, veit jeg eigi, nema fyrir menn, sem hegða sjer eins og síldargrósserar.

Þetta voru tveir fyrstu liðirnir, 3 þús. kr. + 12 hundruð. Þá finst mjer það og laglega gert í Kaupmannahöfn að eyða á einum mánuði um 4 þús. kr., en þeir, sem aldrei hafa verið ráðherrar, skilja þetta ef til vill ekki. Jeg þekki til manns, sem var erindreki í Kaupmannahöfn 1920, og sagði hann, að það kostaði sig þá um 1000 kr. á mánuði að vera þar á þesshátt ferðalagi. Þessi ferð hv. 4. landsk. þm. (JM) sker sig því út úr öllum öðrum slíkum ferðum. Mjer dettur ekki í hug að tortryggja það, að hann hafi eytt öllu þessu og að hann hafi gefið sannan reikning, en jeg vildi aðeins með þessum umræðum fá það upplýst, hvernig ætlast er til, að stjórnendur þessarar þjóðar eigi að hegða sjer á ferðalögum erlendis. Vjer erum í engu þessu sambærilegir við stórþjóðirnar; efnahagur okkar hefir aldrei verið í neinu hlutfalli við þeirra efnahag. Það, sem getur farið vel á indverskum prins, á ekki við íslenskan ráðherra.

Það er ein ferð hv. 4. landsk. þm. (JM) enn eftir ótalin, er hann fór hjer norður til Eyjafjarðar landveg, og kostaði yfir þúsund kr. Þó voru honum lagðir til af landinu hestar til ferðarinnar — konungshestar svonefndir. Þetta er rándýr ferð, svo að firnindi má telja.

Árið 1920 hefir sálarfræðislega skoðað verið ilt ár. Stjórnin leyfði sjer þá margt, sem var í ósamræmi við hag

þjóðarinnar. Þess vegna eru þessi dæmi, sem hjer er rætt um, góð til þess að skýra, hversu mikið undrunarefni það varð þjóðinni, er fjáraukalögin 1920—21 voru birt. Almenningi hefir eigi enn orðið vel ljóst, í hve miklu gullaldargengi stjórnendur vorir hafa þá lifað.

Oft hefir heyrst minst á enn aðra eyðslu, sem mjer er eigi vel ljóst, fremur en öðrum, hvernig hefir getað átt sjer stað. Það er það, hvernig hægt var að eyða um 175 þús. kr. til læknisbústaðar á Vífilsstöðum — eitt einasta hús —, og svo þetta, að þar á eftir var varið 20 þús. kr. til þess að breyta gamla læknisbústaðnum í barnahæli. Jeg þykist vita, að lagaheimild hefir verið til þess að byggja þetta, en jeg held því fram, að þarna hafi ekki verið viðhöfð sú gætni fyrir hönd ríkissjóðs, sem einstaklingar viðhafa um sinn eiginn hag. Bestu menn hafa undrast það, hvernig stóð á því, að farið var að eyða öllu þessu í læknisbústaðinn, þegar svo þurfti 20 þús. kr. til þess að breyta gamla læknisbústaðnum í barnahæli. Það hefði að öllum líkindum verið hyggilegra að byggja heldur sjerstakt barnahæli, en láta læknisbústaðinn nægja með viðgerð.

Jeg veit, að við nánari athugun mun hv. 4. landsk. þm. (JM) átta sig á því, að þetta er alment mál, að borgararnir spyrji um það, hvernig trúnaðarmenn þjóðarinnar verji sínu pundi; en fyrir mjer er það aðalatriðið að slá því föstu, að enginn forsætisráðherra leyfi sjer að halda því fram, að hann geti haft heimulegheit gagnvart þinginu sem bankaráðsmaður. Vænti jeg, að þjóðin mótmæli því atferli hans kröftuglega.

Í öðru lagi vildi jeg, að það kæmi aldrei fyrir, að nokkur einstakur ráðherra, eða opinber starfsmaður, færi eins út úr samræmi við hið „normala" með eyðslufje sitt, eins og hv. 4. landsk. þm. (JM) gerði á því herrans ári 1920. Jeg held, að landsstjórninni hjer hafi stigið nokkuð til höfuðs völdin og titlarnir árið 1920.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) talar um ofsóknir á sig í blöðunum, og segir þó, að þær hafi lyft sjer upp á við. Já, ef til vill í augum kaupmannaliðsins og brennivínsmanna. En að öðru leyti hygg jeg, að komi það fyrir hann að taka við völdum aftur í þessu landi, þá muni hann, fyrir þessi mín hógværu orð í dag, geta orðið betri og nýtari ráðherra en hann var áður, og við nánari athugun mun hann verða mjer þakklátur fyrir það, sem jeg hefi gert fyrir hann í þessu máli.

Forsætisráðherra (SE): Mjer liggur við að spyrja hv. 5. landsk. þm. (JJ), hvernig stendur á því, að hann kemur með þessar fyrirspurnir sínar, þar sem mjer finst á ræðu hans, að hann viti fyrirfram það, sem hann er að spyrja um. Þannig sundurliðar hann sjálfur einn ferðareikninganna lið fyrir lið, án þess að jeg hafi gefið honum nokkrar upplýsingar í því efni. **(JJ:** Það lekur margt út úr stjórnarráðinu).

Á því leikur enginn vafi, að fyrirspurnum um Íslandsbanka ber þeim ráðherra að svara, sem bankarnir heyra undir. Jafnvíst er það, að fyrirspurninni um hlutaeignina var ekki hægt að svara, og vísa jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt um það efni. Auk þess sje jeg ekki, að hv. þm. eigi frekari heimtingu á að fá að vita um hlutaeign manna í bankanum heldur en um, hvað hver einstakur skuldar bankanum, og ef farið

væri að spyrja um þær sakir, þá hefði stjórnin ærið nógu að svara.

Ástæðan til þess, að bankaráðið ákvað, að eigi mætti birta það, sem á þeim fundum gerist, án samþykkis þess, var sú, að það vildi ekki gefa sumum blöðunum tilefni til þess að rangfæra allar ráðstafanir, sem gerðar eru í bankaráðinu.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) álítur sýnilega, að hann með þingmenskunni hafi öðlast rjett til þess að krefjast hvaða upplýsinga sem er um hag náungans. Þá væri einstaklingsöryggið illa komið í þjóðfjelaginu, ef svo væri. — Ef ætti, eins og jeg tók fram áðan, að gefa allar slíkar upplýsingar, þá hefði stjórnin engan frið fyrir þeim, sem spurulir eru.

Jeg bjóst ekki við, að svo miklar umræður yrðu um jafnsmávægilegt atriði og ferðir ráðherranna. Að ráðherrar ferðast dýrara en privatmenn, kemur til af því, að þeir eru neyddir til þess stöðu sinnar vegna. Laun ráðherranna eru ekki svo há, að þeir geti af þeim greitt ferðakostnað sinn. (**JJ**: En eiga þeir að græða á ferðalögunum?). Vitanlega ekki, enda dettur engum slíkt í hug, ekki einu sinni hv. 5. landsk. þm.

Jón Magnússon: Jeg á ekki sök á því, þótt þingið lengist eitthvað. Árásir þær, sem nú hafa verið á mig gerðar, eru þannig vaxnar, að ekki verður hjá því komist að svara þeim með nokkuð langri ræðu. Jeg hefi fyrir löngu vitað, að þessi fyrirspurn, sem nú liggur fyrir, var beinlínis gerð í því skyni að bera saman kostnað við ferðir mínar sem ráðherra og kostnað við ferðir hæstv. atvrh. (KlJ) nú í sumar. Fyrverandi fjrh. (MagnJ) mun hafa gefið hv. 5. landsk. þm. (JJ) nauðsynlegar skýrslur um þessar ferðir. (**JJ**: Ósatt). En þessi samanburður er algerlega rangur, sökum þess að helmingi ódýrara er að ferðast nú en var 1920. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir engu svarað um það, hví hann hefði ekki heldur tekið til samanburðar ferðakostnað forstjóra landsverslunarinnar. Hv. þm. segist í öðru orðinu ekki vera að efast um það, að ferðakostnaður hafi orðið þetta mikill, en svo grípur hann fram í fyrir hæstv. forsrh. (SE) og spyr um, hvort ráðherrar eigi að græða á ferðalögum. Þarna kemur hann upp um sitt sanna hugarfar. Þetta eru alveg sömu blekkingarnar og sami rógurinn hjer og í Tímanum. Hv. þm. er velkomið að reyna að koma málinu fyrir landsdóm; jeg er óhræddur við það. En mjer þykir spaugilegt, ef á næstu 7 þingum, sem við eigum vonandi eftir að sitja saman hjer í háttv. deild, ef við lifum báðir, verði sífelt rifrildi um liðinn tíma, sífeldur eldhúsdagur fyrir löngu fráfarna stjórn. En þetta er máske byrjunin á þeim nýja tíma, sem hv. þm. telur sig vera að innleiða.

Jeg ætla ekki að fara að verja mig fyrir þeim áburði hv. þm. og málgagns hans, Tímans, að jeg hafi notað mjer ráðherrastöðuna til þess að græða fje og að jeg hafi falsað reikninga. Jeg þykist vera of mikill maður til þess að verja mig gegn þeim áburði. Þetta er einungis ósæmileg, ósvífin árás frá þessum hv. þm. Allir, sem þekkja mig, munu vera þess fullvissir, að jeg hefi ekki notað mjer stöðu mína til þess að græða fje. Gekk fje mitt þvert á móti mjög til þurðar þau ár, er jeg var ráðherra.

Hv. þm. heldur því fram enn, að ómögulegt hafi verið að eyða 150 sterlingspundum í London á 12 dögum, eftir

ein kostuðu 84 gíneur. Var þó erindreki vor, sem útvegaði húsnæðið, ekkert ósparsamur maður.

Hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir sýnt fádæma fávisku og vanþekkingu á atriðum, sem hverjum þingmanni ættu að vera kunn, þar sem hann talar um undirráðherra í dag, segir, að fjármálaráðherra hafi verið undirmaður minn. Þetta lýsir svo mikilli fákunnandi hjá hv. þm., að jeg get vart komið orðum að því; en þar sem alveg sama meinlokan hefir hvað eftir annað gert vart við sig í blaði því, sem er málgagn þessa hv. þm., þá þykir mjer rjett að gera fyrst dálitla almenna athugasemd, sem ætti reyndar að vera óþörf, en ekki er það eins og hjer hagar til. Þar sem ráðuneyti er skipað fleirum ráðherrum en einum, er alstaðar skift mjög greinilega störfunum milli ráðherranna, þannig, að hver þeirra hefir sína afmarkaða starfsgrein yfir að ráða og ber sjerstaka ráðherraábyrgð á því, sem gerist í þeirri starfsgrein. Hver ráðherranna hefir það, sem kallað er á slæmri íslensku sitt „fag", er fagráðherra, nema þegar það kemur fyrir, að ráðherra er skipaður án þess að hafa nokkra starfsgrein („fag"), er eins og kallað er án „portefölje", eins og t. d. forsætisráðherra getur verið. Aðalábyrgð forsætisráðherra á hinum ráðherrunum er sú, að hann velji ekki til neins fagsins neinn þann mann, sem ekki er forsvaranlegur, og að hann láti manninn fara, ef hann reynist óhæfur. En forsætisráðherra hefir ekki ábyrgð á hverju því verki, er hinir ráðherrarnir gera innan síns afmarkaða verkahrings. Þess vegna er það, að aðfinslum að gerðum ráðherra, hvers innan síns verkahrings, er af þingum og blöðum, annarsstaðar en hjer, beint til þess ráðherra, er í hlut á, en hvorki til ráðuneytisins í heild nje til forsætisráðherra, nema hann sje þá sá, er með fagið fer. Annað mál er það, að komið getur fyrir, að allir ráðherrar hafi ábyrgð á sama máli, og þó einkum forsætisráðherra. En þetta snertir ekki það atriði, er jeg er hjer um að tala. En eitt blað sjerstaklega, Tíminn, hefir síðastliðin 3 ár eða meira gert sitt til að rugla vitund almennings um þessi atriði. Hann hefir legið á því lúalagi að kenna mjer um allar þær aðgerðir hinna ráðherranna, sem honum hafa þótt aðfinsluverðar, þótt þær hafi flestaliar verið svo greinilega innan þeirra valdsvæðis, að ekki gat komið til mála, að jeg blandaði mjer í það. Blaðið hefir þá venjulega sagt svona beint áfram: „Þetta gerir Jón Magnússon", eða þá, sem örsjaldan kemur fyrir, „þetta gerir stjórn Jóns Magnússonar". Þetta hefir ekki gert mjer til, en það hefir verið skaðlegt fyrir stjórnmál þessa lands; það hefir eflaust ruglað mjög rjettarmeðvitund manna, og verið því hægra að gera þetta, sem þessi skipun (fleiri ráðherra) er nýrri hjer, og önnur blöð hafa þá heldur ekki gerst til að leiðrjetta þetta.

Og það, sem verra er, hæstv. forsrh. (SE) hefir gripið hjer í sama strenginn sem Tíminn. Jeg á þá við þá breytingu, sem gerð var fyrra ár á skiftingunni á störfum ráðherranna. Hann tekur frá fagráðherrunum valdið til að skipa embættismenn innan þeirrar stjórnargreinar, sem þeim er sjerstaklega falin, og dregur undir forsætisráðherra. Þessi ráðstöfun er mjög athugaverð, að jeg ekki segi meira, og ruglar ráðherraábyrgðina. Ef öðruvísi hefði

staðið á hjer í þinginu í ár, þá mundi jeg hafa gert þann konungsúrskurð, sem um þetta var útgefinn, að sjerstöku umtalsefni.

Af þessu, sem nú hefi jeg sagt, er það bert, að árásir Tímans á mig, sjerstaklega um óhæfilega fjárstjórn í ráðherratíð minni, eru rangar og yfirleitt eru þær ósannindi og blekkingar. Jeg geri árásir Tímans hjer að umtalsefni, af því að hann er málgagn Framsóknarflokksins, þess flokksins, sem ber ábyrgð á núverandi stjórn, með öðrum orðum stjórnarflokksins. Þetta blað hefir nú lengst af þingtímanum í ár haft að aðalefni árásir á okkur Magnús Guðmundsson fyrir fjárstjórn landsins frá byrjun ársins 1920 til byrjunar ársins 1922.

Fjárstjórn landsins var vitanlega á þeim tíma í höndum Magnúsar Guðmundssonar, en jeg skal ekkert skorast undan meðábyrgð með honum, og jeg þori að fullyrða það, að einmitt á þessum tíma hefði ekki verið unt að finna neinn mann hjerlendan, er betur væri fallinn til þeirrar stjórnar en hann, og jeg get fullvissað hv. andstæðinga um það, að það er sammæli yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, að hann hafi staðið prýðilega í stöðu sinni, þrátt fyrir afflutning Tímans. Það er tvímælalaust trú mikils þorra manna, að vjer eigum ekki annan mann líklegri til þess að koma fjárhag ríkissjóðs í lag heldur en hann, og það veit allur þingheimur, að fjárlögin (þar með fjáraukalögin) frá þessu þingi hefðu litið öðruvísi út, hefði hann verið enn fjármálaráðherra, og það veit líka allur þingheimur, að það var fyrir áhrif hans og undirbúning, að fjárlögin frá þinginu 1922 voru þau skynsamlegustu, sem lengi hafa verið sett. Og það má segja Framsóknarflokknum til hróss, að hann hefir viðurkent þetta, svo að ekki verður í móti mælt, því að sá flokkur vildi fyrir hvern mun fá hann til að ganga inn í hið nýja ráðuneyti, er jeg hafði fengið lausn, gekk meira að segja eftir honum með grasið í skónum (JJ: Ekki jeg), og það jafnvel áður en jeg hafði beðið um lausn, enda ljet í ljós þá ósk við þann, er myndaði hina nýju stjórn, að hann reyndi að fá hann til að halda áfram. Meira að segja ritstjóri Tímans ljet hina sömu ósk í ljós. Og svo er þessi sami ritstjóri svo ósvífinn að segja eitthvað á þessa leið: „Er það nú ekki eðlilegt, að Tíminn hafi frá byrjun ársins 1920 snúist á móti stjórn Jóns Magnússonar vegna fjárstjórnarinnar?“

Jeg vil nú setja fram aðra spurningu: Er hægt að hugsa sjer betur hreinræktaða blekking en þessa hjá Tímanum?

Magnús Guðmundsson hefir í hv. Nd. svarað árásum Tímans lið fyrir lið og sýnt fram á með ómótmælanlegum rökum, að árásirnar á fjármálastjórnina eru ekkert annað en ósannindi og blekkingar.

Jeg nefni hjer eiginnafn hans, en ekki þingmannsnafn, því að hann svarar þar fyrir sína fjármálastjórn, en ekki þingmensku.

Magnús Guðmundsson hrekur fyrst ósannindi Tímans um það, að hann hafi gefið villandi skýrslu í byrjun þingsins 1922 um gjöld ríkissjóðs árin 1920 og 1921.

Honum farast svo orð:

„Blaðið heldur því fram, að jeg hafi gefið þinginu villandi skýrslur um útgjöld ríkissjóðs árin 1920 og 1921, og þegar jeg rak það ofan í blaðið og sýndi með rökum, hversu fjarri sanni þetta

var, bætir það aðeins ofan á nýjum blekkingum og telur sig hafa sannað sitt mál með því, að tölur þær, er jeg gaf þinginu upp um útgjöldin, hafi ekki komið heim við tölur þær, er landsreikningarnir sýna. En þetta kemur mjer síst á óvart, því að jeg tók þetta fram í skýrslum mínum til þingsins 1921 og 1922, enda ættu allir að geta sjeð, að það er ómögulegt fyrir hvaða ráðherra sem er að segja í miðjum febrúar, hver útgjöld verða árið næsta á undan, þar sem það er ófrávíkjanleg regla að halda áfram útborgunum úr ríkissjóðnum tilheyrandi síðastliðnu ári þangað til í apríllok næsta ár á eftir. Allir sjá því, að það er gersamlega ómögulegt að segja í miðjum febrúar, hver gjöld koma á næstu 2½ mánuði. Mjer dettur heldur ekki í hug að halda, að ritstjórinn hafi ekki vitað þetta, og er því ekki í efa um, að hjer er um vísvitandi blekkingar að ræða, útreiknað eftir þeirri Jesúítasiðfræði, að tilgangurinn helgi meðalið og að altaf verði einhverjir til að trúa ósannindunum, þótt vísvitandi sjeu þau fram borin".

Þá sannar hann það, að það hafi verið rjett, er hann sagði um hluta ríkissjóðs í enska láninu. Hann ætlaði ekki að taka af því nema 1½ miljón handa ríkissjóði, en eftirmanni hans þótti hentugra að taka 1 miljón meira. Þá segir M. G. enn fremur:

„Blaðið segir, að jeg hafi ekki þorað að láta þingið vita um hið raunverulega fjárhagsástand ríkisins og að jeg hafi falið það fyrir þinginu í fyrra, og þess vegna hafi jeg ekki lagt fyrir þingið fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 1922, og þetta hefir verið símað út um alt land og tölublaðinu, sem hafði þennan prestslega sannleika ritstjórans að geyma, hefir verið stráð út yfir alt landið. En allir hv. þdm. vita vel, að þetta er uppspuni frá rótum, enda hefi jeg sannfrjett, að á flokksfundi í Framsóknarflokknum hafi því verið hreyft, að árásir þessar hafi verið rangar og mundu spilla fyrir honum, ef hið sanna kæmi í ljós. Í raun og veru þarf jeg ekki aðra vörn en þessa, að samflokksmenn blaðsins löðrunga það og afneita því, og að stjórn Tímans hefir fetað í mín fótspor um að leggja eigi fjáraukalög fyrir þingið fyrir yfirstandandi ár fyr en nú eftir áskorun. En benda vil jeg þó á það, að það hljóta að vera vísvitandi ósannindi, er blaðið segir, að jeg hafi viljað blekkja þingið, þar sem vitanlegt er, a ð landsreikningurinn fyrir 1920 lá fyrir þinginu í fyrra, a ð jeg gaf samskonar skýrslu fyrir 1921 og gefin var nú í þingbyrjun fyrir 1922, og a ð fjáraukalög fyrir 1922 eru alt annað en fjáraukalög fyrir árin 1920 og 1921, og get jeg ekki talið það annað en vísvitandi blekkingu að blanda þessu saman, enda vita flestir, að það er ómögulegt að leggja fyrir þingið í miðjum febrúar 1922 fjáraukalög um greiðslur tilheyrandi árinu 1921, þar sem greiðslur þessa síðastnefnda árs standa yfir til apríloka 1922".

Annars skal drepið lauslega á svör M. G. í einstökum liðum og bætt nokkru við frá sjálfum mjer um þá liði, er þykja koma meir til mín en aðrir.

Um kostnaðinn við stjórnarráðið, skrifstofukostnað, sýnir hann og sannar, að kostnaður þessi jókst samkvæmt lögunum (launalögunum), og að stjórn Tímans, þeirri, er tók við á þinginu 1922, hefir ekki tekist að draga úr þeim kostnaði.

Þá er um kostnaðinn við hagstofuna svipað að segja. Kostnaðurinn við hana jókst auk þess afarmikið vegna manntalsins 1920. Þetta vissu allir lifandi menn.

Þá nægir í bráðina að vísa til svars hans um kostnað við prentun stjórnartíðindanna og kostnað við skrifstofuhald bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík, við Vífilsstaðahælið, og benda á spurning M. G. um, hvers vegna blaðist minnist ekki á aukinn kostnað við geðveikrahælið og holdsveikrahælið. Þá vil jeg enn benda á svar hans út af árásunum um kostnað við vegagerðir, og á hinn bóginn hól blaðsins um sparsemina. Hann segir svo:

„Annars hælir blaðið sparsemi að því er snertir 13. gr. fjárlaganna, og á það víst að vera plástur til þess að draga úr árásum þessa sprengvirðulega blaðs á Pjetur sáluga Jónsson, en heilindin í þessu sjást best, þegar það er athugað, að umframgreiðslurnar í þessari grein einni nema samkv. frv. stjórnarinnar hjer um bil jafnmiklu og í öllum hinum greinum fjárlaganna til samans, enda ekkert undarlegt við það, þar sem þar eru talin gjöld öll til póstmála, vega, strandferða, síma og vita".

Enn skal vísað til svars M. G. um árásirnar fyrir það, að kvennaskólanum í Reykjavík var hjálpað til að halda áfram starfi sínu og bætt lítilsháttar við síra Jóh. L. L. Jóhannsson. Og svo um óvissu gjöldin, sem veittar voru til 20 þús. kr. hvort árið. Þar nefnir M. G. aðeins 9 liði, sem nema samtals meira en 260 þús. kr., og eru allir lögákveðnir, eða sama sem, og þetta er alt á árinu 1920. Svipað er um árið 1921.

Loks skal minna á svar hans um þvætting blaðsins um byssukaup vegna rússneska drengsins, tollaendurgreiðslu og tekjuhalla af bæjarsímanum í Reykjavík, tekjuskattsmálið og málaflutningsstarf hans.

Þá skal jeg lítillega athuga þá liði, sem vera mætti, að einhverjum kynni að finnast snerta mig nokkuð nánara. Tíminn ber það upp á mig, að jeg hafi tekið óleyfilega úr ríkissjóði risnufje í viðbót við það, sem lögheimilað var. Vitanlega var þessi viðbót og lögheimuluð, og það vissi ritstjóri Tímans auðvitað, en hann hefir haldið, að almenningur vissi það ekki, og vonað, að margir mundu verða til að trúa því, að jeg hefði tekið þetta úr ríkissjóði á líkan hátt sem er um húsaleiguna frægu. Annars er furðu vest almannlegt hið sífelda nart í mig fyrir ágengni í fjársökum. Og jeg geri það með ógeði að vera að verja mig fyrir slíku. Jeg hjelt satt að segja, að það væri óhugsandi, að nokkur maður mundi bera mjer þetta á brýn, og jeg veit heldur ekki til þess, að það hafi gert neinir aðrir en ritstjóri Tímans og hv. 5. landsk. þm. (JJ). En í sambandi við þennan áburð um risnufjeð, þá þykist jeg mega minna á það, að hin mesta dýrtíð, er nokkru sinni hefir komið yfir þetta land, kom í minni ráðherratíð, og þótt jeg hefði engan veginn þá risnu, sem vera bar, þá gengu þó eigur mínar mjög til þurðar þann tíma, er jeg var ráðherra, án þess jeg nokkurntíma inti í þá átt, að jeg óskaði neinnar viðbótar. Og eitthvað líta þeir þingmenn öðruvísi á þetta mál, sem nú eru að bæta núverandi ráðherrum upp laun þeirra, þrátt fyrir það, að allur kostnaður þeirra hlýtur að vera svo miklu minni en hinna fyrri.

Enginn skilji orð mín sem jeg sje að kvarta yfir þessu. Jeg hefi ekki orðið fyrir öðru en svo margir aðrir, sem eins hefir staðið á um bæði utanlands og innan, sjerstaklega utan, enda hefi jeg aldrei ætlað að gera stjórnmálastarfið mjer að atvinnu.

Þá er þessi óhæfilega eyðsla til krossanna. Ritstjórar Tímans og aðrar hrópstungur, og eflaust þeirra uppaustrarmenn, eru altaf að stagast á þessu máli og affljytja mig fyrir það, og er það furðulegt. Það er nú svo sjálfsagt, að blaðið skrökvi til um málið, að jeg hafi gert það, er jeg gerði í því máli, heimildarlaust frá þinginu, þótt það sje vitanlegt öllum mönnum, að það var gert eftir samþykki alls þorra þingmanna; móti voru 3 eða 4 atkvæði. En mjer þykir það furðulegt af tveim ástæðum. Í versta falli væri þetta saklaus hjegómi, — hjegómi, sem svo að segja allur heimur gerir sig sekan í. Í öðru lagi virðist afstaða núverandi stjórnar, sem Tíminn styður og Framsóknarflokkurinn hefir valið, vera alveg sú sama sem fyrverandi stjórnar að þessu leyti, og Tíminn finnur ekkert að þessu við hana. Það hlýtur því hver maður að sjá, að þetta er ekkert annað en blekking.

Þá er blaðið að tala um stjórnarráðskvistinn. Það er furða, að þetta mál skuli vera sett í samband við fjárlögin 1920 og 1921, þótt sú bygging sje frá 1917. En það sanna er um þá bygging, að bæði kvisturinn og útihúsið (íbúð dyravarðar) var bygt á hinum hentugasta tíma; varð því tiltölulega mjög ódýrt, og það, sem þótti ofreiknað, var endurborgað að fullu. Annars ætti það að vera útrætt mál eftir meira en 5 ár. Hin síðari aðgerðin var höfð svo umfangslítil sem frekast mátti verða, sparað að gera nokkuð, sem ekki var bráðnauðsynlegt til viðhalds.

Um kostnað við embætti lögreglustjóra og bæjarfógeta vísast til ræðu M. G. Aðeins skal því við bætt, að Gróusögurnar um það, að borgaðar hafi verið úr ríkissjóði 10 þús. kr. til þess að gera við skrifstofur lögreglustjóra, eru auðvitað ósannar. Annars veit jeg ekki betur en að fjárveitinganefndir beggja deilda hafi á hverju ári athugað kostnaðinn við þessi embætti sjerstaklega og kveðið á um hann.

Þá eru legátarnir. Nú er verið að finna að kostnaðinum við Lundúnalegátann, sem ávalt var mjög hóflegur. Allir, sem til þekkja, verða að játa, að erindrekinn í London var tiltölulega mjög ódýr. En meinið er fyrir Tímann, að stundum rífst hann út af því, að enginn erindreki sje hafður í London, stundum út af því, að hann hafi verið hafður þar. Sendiherrann í Kaupmannahöfn hefir Framsóknarflokkurinn lýst nauðsynlegan með því að hækka laun hans í fyrra, því að annars hefði hann ekki verið áfram og embættið hefði fallið niður.

Þá er erindrekinn í Miðjarðarhafslöndunum. Hann var þangað sendur eftir ósk þingsins, jeg held einróma, ekki síður að vilja Framsóknarmanna, og jeg tel manninn, er sendur var, hafa verið mjög vel fallinn til starfans fyrir margra hluta sakir. En það get jeg sagt hv. deild, að þeir eru býsna margir, bæði innan þings og utan, sem telja það óheppilega ráðið, að hann var ekki hafður þar áfram.

Þá hefir Tíminn hvað eftir annað borið mjer á brýn óhóflega eyðslu í kostnaði við mannahald við áfengisverslunina. Jeg á að hafa ráðið forstöðumann-

inn til þriggja ára fyrir afarhátt kaup og einhvern fjölda af mönnum. Sagan satt sögð er þannig: Þegar lögin um eftirlitsmann með lyfjabúðum og um áfengisverslun þá, sem þá var um að ræða, voru á döfinni, þá var hugsað um að fá ákveðinn mann, Christensen lyfsala, til að standa fyrir henni, og það hafði bæði þáverandi stjórn og þingið fyrir augum. En áður en til framkvæmda kæmi, kom yfirlýsing Spánverja um, að ekki fengist lægsti tollur hjá þeim á íslenskum saltfiski, ef ekki væri gerð sú undanþága á bannlögunum, sem kunn er orðin. Af því að jeg vissi ekki, hvernig það mál mundi fara á þinginu (1922), sagði jeg þessum lyfsala, að jeg treysti mjer ekki til að semja við hann til fullnustu fyr en þing kæmi saman. Ef til hefði komið, vildi hann ráða sig upp á 15000 kr. árslaun, eða þá talsvert lægri laun og ágóðahluta. Jeg sagði honum, að launin yrðu að vera föst, og enginn ágóðahluti, og kvaðst búast við, að launahæðin yrði ekki að ágreiningsefni. Hann vildi ekki eiga það á hættu að bíða Alþingis, en benti mjer á þann mann, er nú veitir áfengisverslun ríkisins forstöðu og að minni hyggju er mjög vel fallinn til þess starfa. Við hann samdi jeg til 6 mánaða, með sama kaupi, sem um var talað við hr. Christensen. Þá var ráðinn annar maður til aðstoðar honum, auðvitað til sama tíma. Þetta er öll sú ráðning, sem jeg gerði til þessa starfs, fyrir utan að tilnefna endurskoðanda, eins og lögin ákváðu; annar þeirra var ekki formlega til nefndur, en komið í tal.

Síðar, eftir að jeg hafði fyrir nokkru skilað af mjer stjórninni, mælti jeg með einum manni, sem tekinn var, og hefir sá maður reynst mjög vel í starfinu. Þetta er nú alt og sumt. Samt segir Tíminn ýmist, að óþarfa mannahaldið við áfengisverslunina sje mjer að kenna eða að miklu leyti mjer að kenna. Þegar jeg tala um óþarfa mannahald þar, þá eru það ekki mín orð, heldur Tímans. Jeg ætla engan dóm á það að leggja hjer og nú.

Ritstjóri Tímans segist kveða upp þungan dóm yfir fjárstjórn fyrv. ráðuneytis á grundvelli fjáraukalaganna 1920 og 1921. Þungan áfellisdóm hefir hv. fjárhagsnefnd Nd. kveðið upp yfir Tímanum í þessu máli. Þessi nefnd hefir felt dóm Tímans úr gildi, dæmt hann með öllu rangan og ómerkan. Í nefnd þessari sátu einnig flokksmenn Tímans, og það ekki þeir sístu. Heiður sje þeim fyrir að láta ekki flokksfylgi megna meira en sína eigin sannfæringu og vitund.

Það er í öðru sinni, sem þingið ómerkir orð Tímans og ummæli. Í fyrra fekk blaðið samskonar útreið. Það hafði haldið því fram, að það væri mjer að kenna, að lina varð á bannlögunum vegna samninganna við Spán. Samvinnunefndin í því máli (1922) ósannaði þetta.

Þegar jeg er nú að tala til Tímans, þá er það vitanlega ekki síður til hv. 5. landsk. þm. (JJ), sem jeg beini máli mínu, heldur en til ritstjórans. Og vil jeg þá bæta enn við fáeinum orðum. Í meir en þrjú ár hefir varla komið út það tölublað af Tímanum, að ekki hafi verið ósannar árásir á mig oft í mörgum greinum í sama blaði. Og um kosningarnar í fyrra sumar flóði nú út yfir. Samt þótti það ekki nóg. Sent var út um land rógburðar-umburðarbrjef um mig til nokkurra manna, sem taldir voru tryggir fylgismenn Tímans, undirskrifað af Tryggva Þórhallssyni. Í brjefi

þessu er ekki ráðist á neinn af öllum hinum mörgu frambjóðendum, nema mig. Til þess nú að sýna það, að það er ekki of mikið sagt, þótt jeg kalli þetta leyniskjal rógburðarbrjef, þá vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp svolítinn kafla úr því. Hann er svo:

„Efsti maðurinn á þeim lista, Jón Magnússon fyrverandi forsætisráðherra, er sá maður, sem á undanförnum árum hefir stjórnað landinu aðallega með hagsmuni fáeinna kaupsýslumanna í Reykjavík fyrir augum. Ráðstöfun enska lánsins er hans verk. Athafnir Íslandsbanka og hin afarmikla undanlátssemi við hann eru fyrst og fremst hans verk. Hann hefir a. m. k. síðustu árin algerlega stjórnað andstætt rjettlátum kröfum af hálfu samvinnumanna og bænda. Hann hefir verið einhver hinn allra eyðslusamasti stjórnandi, sem setið hefir við völd á Íslandi, og látið hverskonar óþarfa og prjál vera í fyrirrúmi fyrir öðru nytsamara. Hann reyndist mjög úrskurðarlaus um öll mál, ákaflega eftirlitslaus um alla lagaframkvæmd og eftirlit með embættismönnum og mjög deigur að gæta hagsmuna landsins út á við í einu og öllu".

Jeg ætla að leggja þennan dóm alveg ummælalaust undir hæstarjett alþjóðar, sem fyr eða síðar mun dæma milli mín og Tímaritstjóranna tveggja. En jeg vænti þess, að engan furði á því, þótt jeg noti tækifærið til að tala þessi fáu orð til þessara mótstöðumanna minna.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Eins og hv. deild mun hafa tekið eftir, þá hefir hv. 4. landsk. þm. (JM) teygt umræðurnar töluvert út fyrir hinn upprunalega ramma. Hæstv. forseti beindi því að mjer, að jeg hjeldi mjer við efnið, en hefir eigi ámælt hv. 4. landsk. þm., þótt hann færi út fyrir málefnið.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. forsrh. (SE) hefi jeg lítið að segja. Jeg lít svo á, að hann hafi eftir atvikum svarað spurningunni viðunanlega. Þó vildi jeg leyfa mjer að minnast á nokkur atriði í ræðu hans. Hæstv. ráðherra gat þess, að óhugsandi væri að fara að svara þeirri spurningu, hverjir þm. ættu hluti í Íslandsbanka. Blandar hann þeirri spurningu saman við það, hverjir menn skuldi í bankanum og hverjir eigi, en um það var eigi spurt. Hæstv. forsrh. hlýtur að sjá það, að þeir, sem eiga bankann, sem sje hluthafarnir, eru stjórnendur bankans samkvæmt skipulagi hans, og þess vegna getur hæstv. ráðherra eigi með neinum rjetti sagt það, að bankaráðið geti eigi gefið skýrslu um það, sem spurt er að. Þegar þm. eiga að greiða atkv. um lækkun vaxta eða kröfur um ýmislegt, sem gengur í öfuga átt við hagsmuni bankans, þá getur komið fram tvíveðrungur hjá sumum þeirra, ef þeir eru hluthafar, og þar sem það er almenn venja og krafa, að dómarar víkja úr sæti, er þeir eru hagsmunalega riðnir við þau mál, sem dæma á, þá er eigi óeðlilegt, að þeir þingmenn, sem eru hluthafar Íslandsbanka, sitji hjá, þegar dæmt er um þann banka með atkvæðagreiðslu hjer í þinginu. Í nýkomnum landsreikningum er ágreiningur um það milli Íslandsbanka og landsstjórnarinnar, hvort Íslandsbanka sje rjett að minka gjald sitt til ríkissjóðs, af því að hann hefir „afskrifað" mikið af ársarðinum til þess að bæta með fyrri töp. Með öðrum orðum, hvort bankinn hafi rjett til þess að reikna út gjald sitt til ríkissjóðs af því

einu, sem eftir er, þegar hann hefir tekið aðalgróðann til afskriftar á skuldum. Ef þetta yrði dómstólamál, þá væri óneitanlega óheppilegt, ef dómendur væru eigendur bankans. Jeg skil það eigi, að neinn dómari mundi kynoka sjer við að skýra landsstjórninni frá því, hvort hann ætti hluti í Íslandsbanka, sjerstaklega þegar einstakir dómarar hafa tilefnislaust sagt mjer frá því. Jeg segi fyrir mig, að jeg mundi tafarlaust gefa stjórninni skýrslu um það, ef jeg ætti hlut að máli og væri í þeirra sporum og að spurður. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að jeg veit það um einn núverandi ráðherra Dana, að það hefir verið rannsakað, hvort hann ætti hluti í Landmandsbankanum og hvort það gæti haft áhrif á pólitiska afstöðu hans til bankans, og hlutaeignir þeirra manna, sem við bankamálið eru riðnir, hafa allar verið birtar.

Þá kem jeg að ræðu hv. 4. landsk. þm. (JM). Get jeg eigi annað en undrast, að hann — maður, sem kominn er á sjötugs aldur —, skuli þola svo illa almennar umræður um landsmál, t. d. það, hvernig ráðherrar hafi farið með fje landsins í stjórnartíð hans. Hv. þm. (JM) hefir búist við því, að betra væri að vera vel undirbúinn umræðurnar, því að hann kemur með skrifaða ræðu, auk punkta frá stallbróður sínum, 1. þm. Skagf. (MG). Jeg skal taka það fram, að jeg, sem er yngstur í þessari hv. deild, leyfi mjer aldrei slík stóryrði, sem elstu menn þessarar hv. deildar viðhafa. Þeir tala því miður of oft eins og illa mentir menn, þegar þeir eru í einu reiðir og ölvaðir, rjett eins og þeir væru að skrifa í Morgunblaðið. Jeg get eigi neitað því, að mjer virðast slíkar geðæsingar manna frekar bera vott um slæman málstað, enda hygg jeg, að svo muni oft vera.

Hv. þm. (JM) mintist á landsdóminn. Jeg mintist á þessa ferð 1920, af því mjer blöskraði fjáreyðslan á þessu tímabili og jeg áleit, að rjett væri að gera athugasemdir við verstu liðina. Það er gagnslaust að vitna í samþykt landsreikninganna hjer á þinginu. Þingið framkvæmir aðeins töluendurskoðun. En ef rannsaka ætti krítiskt, þyrfti til þess nefnd með dómsvaldi. Ef til vill kæmist rannsóknarnefnd að sömu niðurstöðu og hv. 4. landsk. þm. (JM) um, að eyðslan hafi verið óhjákvæmileg. Mundi öllum vera gleði af því, ef fyrverandi stjórn gæti hreinsað sig af öllum grun um óspilunarsemi.

Þá kem jeg að því, er hv. þm. (JM) sagði, að jeg hefði dróttað að sjer óráðvendni í þessu sambandi. Þetta er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Jeg tók það einmitt fram, að jeg áliti þetta eingöngu mikla eyðslu við ferðina. Jeg álít einnig, að þetta sje alt of lítil upphæð til þess, að nokkur ráðherra færi að hnupla henni. Það hefði verið skiljanlegra, ef upphæðin hefði verið miklu stærri. En jeg skal taka það fram, að jeg álít, að hv. þm. (JM) sje af þeim gamla skóla í landinu, sem er ólíklegur til að spekúlera með landsfje í eigin hagsmunaskyni. En jeg get eigi fallist á það, að eigi megi finna að eyðslu ráðherranna á ferðum þeirra í þjónustu landsins. Mun jeg minnast seinna á stærstu útgjaldaliðina í stjórnartíð hv. þm. (JM), t. d. móttöku erlendra gesta landsins, sem hafði geysilegan kostnað í för með sjer. Er eigi óhugsanlegt, að fara hefði mátt öðruvísi að þá, t. d. með því að eyða eigi miklu fje í það að reisa veisluskála við Iðnó o. fl.

Þá mintist hv. þm. (JM) á það, að ádeilur í blöðum á hann kæmu af persónulegri óvild minni. Jeg get sagt hv. þm. það, að jeg ber engan persónulegan kala til hans nje annara pólitiskra andstæðinga minna. Jeg held aðeins, að landsstjórnin, sem hann var formaður fyrir, hafi farið skakka leið í mörgum efnum, og jeg hefi eigi viljað láta það óátalið.

Jeg veit það líka, að hv. 4. landsk. þm. (JM) er það kunnugt, engu síður en mjer, að þeir erlendir menn, sem til Íslands koma úr stórborgunum og hinu hæsta fjelagslífi þar, dettur eigi í hug að ætlast til þess, að jafnfáment og fátækt land sem Ísland er hafi upp á glaum og glys stórborganna að bjóða. Þeir koma hingað sjer til andlegrar og líkamlegrar hressingar, til þess að endurnæra sig við fjallaloftið og hina einföldu fegurð landsins. Konungar og stórmenni gista Sviss árlega og búa þar í einföldum íburðarlausum gistihúsum. Konungur vor hefir sýnt það, hvernig hann lítur á þessi mál. Danir ætluðu á silfurbrúðkaupsdegi þeirra hjóna að gefa þeim fagran búgarð, en konungur og drotning sendu þau skilaboð, að af því, hversu erfiðir tímarnir væru fyrir þjóðina, þá kysu þau heldur, að þeirra væri minst á einfaldari hátt. Og öll framkoma þeirra hjer bendir í sömu átt. Drotningin klæddi sig mjög íburðarlaust, og þau hjónin óskuðu þess, að á móti þeim væri tekið á sem einfaldastan hátt, því þau vissu, að landið er fátækt. Það hefði verið betra að láta nægja hina gömlu góðu íslensku gestrisni, eins og hún kemur fram í bestu mynd sinni, en vera eigi að draga mörg hundruð Reykvíkinga úr bænum til Gullfoss og Geysis. Við eigum að koma fram yfirlætislaust sem sú þjóð, sem við erum, en eigi vera með barnalegan uppskafningsháttt.

Það má vel vera, að hv. þm. (JM) kalli þetta róg. Jeg get ekki gert að því, þótt honum svíði svo alt umtal um gerðir hans í almennum málum.

Dýra ferðin 1920 útskýrir alt, sem okkur ber á milli. Það er blærinn við athafnir þessa hv. þm. og fylgifiska hans, en ekki hinar einstöku tölur, sem er mesta ágreiningsatriðið. Það má vel vera, að jeg taki þetta einhvern tíma síðar betur til meðferðar, og minnist þá á ýmislegt, sem stendur í sambandi við það, eins og t. d. frægu dönsku ræðuna: „Vejret har været“ o. s. frv. (JM: Hvað á hv. þm. við?). Kannast ekki hv. þm. (JM) við ræðu þá, er hann hjelt við Ölfusárbrú við komu hans hátignar konungsins? Þegar hann fór að þakka hans hátign konunginum fyrir góða veðrið, en hinn tigni gestur varð að taka fram í og segja, að það væri annar hærra uppi, sem rjeði veðurfari. Svona fúlt smjaður er óþekt erlendis síðan á einveldistímunum. Jafnvel gestirnir sjálfir verða að mótmæla framkomu ráðherrans.

Þá er það rangt hjá hv. þm. (JM), að fyrverandi fjrh. (MagnJ) hafi gefið mjer nokkrar upplýsingar viðvíkjandi ferðalögum ráðherranna. En það hefir viljað koma fyrir fyr en nú, að ýmislegt hefir borist út úr stjórnarráðinu. Jeg get t. d. nefnt viðvíkjandi þeirri litlu stofnun, sem jeg stend fyrir, að í stjórnartíð þessa hv. þm. (JM) voru reikningar og aðrar upplýsingar gefnar úr stjórnarráðinu, sem notaðar voru svo af andstæðingum mínum og samvinnuskólans til persónulegra árása á

einstaka samvinnumenn. Gæti þetta vegið salt á móti þeim upplýsingum, sem jeg hefi nú fengið.

Jeg tók þetta ferðalag sem dæmi upp á eyðslu, og stendur það ómótmælt. Tölurnar eru óhrekjandi. Tveir ráðherrar hafa siglt jafnlangar ferðir, til því nær sömu staða, og eytt mjög misjafnlega miklu, annar 3700 kr., en hinn liðlega 9 þús. kr.

Hv. þm. (JM) gat um það, að ekki væri rjett að nefna hjer undirráðherra, sökum þess, að allir væru jafnt settir. Jeg skal ekki deila um það, en jeg veit þó til, að þetta er svo talið í Englandi, sbr. nöfn ráðherranna, t. d. Undersecretary of State o. fl., og svipað mun vera í Svíþjóð. Mjer virðist nú líka, að hjá oss hafi ekki svo lítið húsbóndavald gert vart við sig hjá forsætisráðherrunum, sbr. úrskurðinn fræga, eða valdaránið, sem allir þekkja.

Hv. þm. (JM) sagði, að ef nokkur einn maður væri fær um að taka að sjer fjármálastjórn landsins og koma fjármálunum í lag, þá væri það hv. 1. þm. Skagf. (MG). Enda þótt sá hv. þm. hafi ráðist á einn af vinum mínum, Tryggva Þórhallsson ritstjóra, í Nd., þá ætla jeg nú ekki að gjalda honum í sömu mynt. En undarlegt þykir mjer, að sá maður, sem Morgunblaðið breiðir svo faðminn út á móti, skuli ekki svara í því blaði, heldur nota þinghelgina til að svara blaðagreinum með persónulegum skömmum. Það er þó venja að svara þingmönnum á þingi og blaðagreinum í blöðum. Er ekki hægt að leggja þessa aðferð hans út á annan veg en að hann skorti mjög á velsæmistilfinningu og smekk. Jeg býst við, að það verði erfitt að koma þjóðinni í skilning um, að þessi maður sje færastur um að bjarga henni nú út úr fjármálaógöngunum, eða hafi verið hinn besti af öllum hugsanlegum fjármálaráðherrum 1920—21. Þetta lof verður skoðað sem fyndið öfugmæli. Þótt þessi maður geti verið góður og gegn sýslumaður, þá vantar hann flesta kosti og hæfileika, sem fjármálaráðherra þarf að hafa. Rökstyð jeg þessi orð mín með því, hvernig fór þessi ár, sem hann hafði fjármálastjórnina á hendi. Það er ekki gott að verja það, að fjáraukalögin fyrir árin 1920—1921 skyldu fyrst lögð fyrir þingið nú í vetur. Þjóðin varð líka hissa, er þetta bláa plagg kom fram. Auðvitað mátti búast við því, að dýrtíðaruppbót o. fl. frá þeim árum mundi einhversstaðar koma fram, en svona háum tölum átti enginn von á, enda er engu líkara en að stjórnin hafi lifað eins og engin fjárlög væru til.

Þá mintist hv. 4. landsk. þm. (JM) á krossana. Kvað hann mig hafa beint því algerlega að sjer, að þeir hefðu komist á. Jeg skal ekki fullyrða, hver var fyrsti upphafsmaðurinn í því máli, en hitt er víst, að það var hv. 4. landsk. þm. (JM), sem bar málið fram til sigurs á örmum sínum. Var það og einmitt á þeim tíma, sem margt nytsamt fyrirtækið var ógert látið sökum efnaskorts ríkissjóðsins. Má þar meðal annars benda á byggingu Eiðaskólans. Hjer við bætist svo, að ljettúðarfull útbýting krossanna hefir hjálpað til að gera þessa ráðstöfun hlægilega. Verð jeg að hallast að skoðun Vesturheimsmanna í því, að krossar verði yfirleitt ekki til að örva hinar æðri hvatir manna eða ala fólk upp til manndóms, heldur geti þeir jafnvel oftar orðið til þess að gefa hjegómagirni og öðrum ættsmærri hvötum mannsins byr undir báða vængi. Tel jeg af þessum sökum óheppilegt, að ís-

lenska ríkið skyldi taka upp krossaframleiðslu. Ættu krossarnir að minsta kosti ekki að vera notaðir nema til að launa með björgun úr eldi og sjó, eða önnur slík afreksverk. Þá gætu þeir ef til vill haldið gildi sínu. En að veita þá mönnum án nokkurra verulegra verðleika, eftir vináttu eða flokksfylgi, getur ekki orðið til annars en að draga stofnunina niður og gera krossana einkisverða. Einnig virðist mjer vel geta komið til mála, að krossarnir yrðu aðeins veittir útlendingum, sem unnið hafa einhver afrek í þágu þjóðarinnar. En nú er það ekki gert. Að vísu fekk einn danskur maður kross í sumar, en engum er mögulegt að geta sjer til, fyrir hvað honum veittist sú æra. Annars mætti benda á fleiri en einn erlendan fræðimann, sem hafa unnið Íslandi ómetanlegt gagn með skrifum sínum, og veit jeg þó ekki til, að neinum hinum merkustu þeirra hafi verið veitt þessi sjálfsagða viðurkenning.

Hv. 4. landsk. þm. (JM) kvað það undarlegt að vera að finna að byggingaframkvæmdum á Vífilsstöðum, en geta ekki neitt um Hvanneyri, þar sem kostnaður muni þó hafa verið öllu tilfinnanlegri. Hv. þm. missýnist hjer eins og oftar. Á Hvanneyri býr í húsi þessu fjöldi fólks, kennarar og starfsfólk. En á Vífilsstöðum var bygt fyrir 175 þús. yfir eina fjölskyldu.

Annars láðist hv. þm. að koma fram með skýringu á því, sem jeg spurði einkum að, en það er, af hverju ekki hafi strax verið bygt nýtt hús fyrir barnadeildina á Vífilsstöðum, í stað þess að fara að breyta bústað læknisins í barnadeild og eyða til þess sjer í lagi um 20 þús. kr.

Um hv. 1. þm. Skagf. (MG) og fjáraukalögin er það að segja, að það er þýðingarlaust fyrir hv. 4. landsk. þm. (JM) að vera að reyna að verja það mál. Þeir fjelagar lögðu lögin ekki fram af þeirri einföldu ástæðu, að þeir óttuðust, að það kynni að hafa slæm áhrif á landskosningarnar, sem þá stóðu fyrir dyrum, ef landsmenn fengju að sjá, hve sukk þeirra var mikið. Þetta var náttúrlega rjett reiknað út frá hagsmunum flokksins og hv. 4. landsk. þm. (JM), en það var ekki að sama skapi heppilegt fyrir þjóðina. Henni hefði sannarlega ekki veitt af því að fá þá í tíma að sjá plöggin hjá þessum ráðagóðu ráðsmönnum sínum.

Þá kom hv. 4. landsk. þm. (JM) með það, að jeg bæri fram þessa „kritik“ mína á kostnaði við ferðalög ráðherra af því að jeg væri persónulegur fjandmaður hans. Þessu mótmæli jeg. En jeg verð að viðurkenna, að því verður alls ekki neitað, að þessi hv. þm. (JM) virðist sýna mjer fjandskap í meðferð þjóðmála. Hann hefir svo að segja ætíð verið á móti öllum mínum tillögum, svo þar liggur nær grunurinn um persónulega óvild. Til dæmis vil jeg nefna frv. mitt um friðun Þingvalla, þar sem allir sæmilegir menn í landinu eru í aðalatriðum samþykkir frv. En þessi aðferð er gersamlega ólík minni aðferð. Jeg mæli með mönnum og málefnum án tillits til flokka eða hverjir að þessu eða öðru máli standa. En meðal flokksmanna hv. 4. landsk. þm. (JM) er þetta daglegur siður, að blanda saman mönnum og málum. Þannig rjeðist t. d. 1. þm. Skagf. (MG) á 1. þm. Rang. (GunnS) í Nd. í gær með persónulegum skömmum fyrir alls engar sakir, og beið að lokum herfi-

legan ósigur, sem rjettlátt var. Það er því rangt hjá hv. 4. landsk. þm. að álíta, að mismunandi skoðanir í stjórnmálum sjeu hjá öllum sprottnar af persónulegum ástæðum. Jeg er jafnpersónulega ókunnur hv. 4. landsk. þm. og núverandi ritstjóra Morgunblaðsins. Það líður varla sá dagur, að eigi komi þar meira eða minna fjandsamleg „kritik" á mjer og mínum gerðum. En þegar jeg hitti ritstjóra Morgunblaðsins, leggjum við niður herklæði og vopn, göngum saman eða fáum hressingu á gildaskálum. Þannig eiga stjórnmálamenn að breyta, og það gera flestir, nema þeir, sem eru mjög haturssjúkir, eins og mig grunar, að hv. 4. landsk. þm. sje. En stuðningsmenn hv. 4. landsk. þm., kaupmenn, búa við Tímans menn að fordæmi hv. 4. landsk. þm. Hefir t. d. nú nýlega verið haft eftir einum þeirra, að rjettast væri að drepa mig fyrir dánarminning, sem jeg ritaði eftir Hallgrím heitinn Kristinsson forstjóra. Þegar slík persónuleg heift gerir vart við sig hjá mótstöðumönnum okkar, er eigi nema ofureðlilegt, þótt við samvinnumenn látum bleyðimenni þessi stundum kenna á hvössum vopnum.

Þá talaði hann um aðfinslurnar við stjórnarráðskvistinn, og það gladdi mig, að hann taldi það orðið of fornt til þess að koma fyrir landsdóm. En upplýsingar hans fóru í þá átt, sem jeg bjóst við, að þar var skilað aftur rangfengnu fje. Held jeg, að þarna hafi einmitt linleikur stjórnarinnar komið fram. Smiður þessi reiknaði vitlaust og landið stórtapaði á því; en þegar rannsókn var búin að leiða þetta í ljós, skilaði maðurinn aftur hinum illa feng. Slík sætt er ekki heppileg fyrir dómsmálaráðherra, þótt hún hafi verið góð fyrir smiðinn. Dæmi þetta sannar, að orð þau, er hann las upp úr umburðarbrjefi Tímans, eru eigi mælt að ófyrirsynju.

Þá kem jeg að „legátunum". Þar er ekki í grafgötur farandi; á þeim ber hv. 4. landsk. þm. ábyrgðina, að minsta kosti þeim, sem er í Danmörku. Jörundur Brynjólfsson, núverandi bóndi í Skálholti, mótmælti þessu í fyrstu, en þegar hv. 4. landsk. þm. tjáði honum, að loforð hefði verið gefið um þetta og Danir myndu reiðir verða, ef það yrði rofið, ljet Jörundur undan síga. Jörundur hefir sjálfur sagt mjer þetta, og veit jeg því, að þetta er satt. Veit jeg og, að hv. 4. landsk. þm. (JM) hefir álitið þetta mjög nauðsynlegt, og ber hann því ábyrgð á stofnun þessa embættis, þótt þingið samþykti það fyrir hann. Það er og eigi sanngjarnt af hv. 4. landsk. þm. (JM) að áfellast þá, sem vildu lækka laun þessa manns, því að úr því embættið er stofnað, er vandinn meiri, og ef maðurinn getur ekki lifað, verður að bæta honum það. Sannast hjer sem oftar, að sá veldur miklu, sem upphafinu veldur.

Jeg hefi ávalt verið á móti þessu og hygg það best að taka upp aftur gamla fyrirkomulagið með skrifstofuna, eins og hún var áður en fullveldið fæddist.

Það er ekki neitt ósamræmi hjá mjer, þótt jeg teldi erindrekann í London hafa meiri rjett á sjer, því jeg álít það hafa meiri þýðingu fyrir oss að hafa mann þar, og svo var fyrirkomulagið á því embætti meir að mínu skapi. Þar var engin sundurgerð eða tildur. Maðurinn vann sín verk þar hispurslaust í þjónustu síns lands.

Þá er það og legátinn í Genúa. Jeg skal ekki neita því, að það kunni að hafa verið vorkunn, þótt stjórnin sendi hann,

en það, sem aðallega er aðfinsluvert, var ekki að hann var sendur, heldur var það rekistefnan eftir á og kostnaðurinn við þetta embætti, sem á endanum dó úr hor og brugðnum heitum. Jeg veit til þess, að Gunnar Egilson hefir sent langt kæruskjal út af meðferð þeirri, er hann varð fyrir frá hálfu fyrverandi stjórnar; t. d. fekk hann aldrei erindisbrjef. Suðurganga Gunnars varð þess vegna þýðingarlaus, nema hvað hún kostaði landið mikið.

Ef til vill er mesti og óþarfasti kostnaðurinn, að sendiherranum í Kaupmannahöfn sleptum, bundinn við erindrekana í Vesturheimi. Því var haldið fram, að allsendis óþarft væri að hafa þar tvo sendimenn, en sú ónauðsynlega ráðstöfun bakaði landinu 50—100 þús. kr. aukakostnað. Annars hefði jeg haldið, að ekki væri gróði að vekja upp þetta sendiherramál fyrir þá, sem að því standa. Mun það sönnu næst, að um flest þeirra hafi meir komið til tildur en brýn nauðsyn, og víst er um það, að þjóðinni hafa þau orðið dýr.

Þá segir sami hv. þm. (JM), að sjer hafi verið fundið til foráttu, að hann hafi ráðið fjölda manns að áfengisversluninni. Jeg get tekið það fram, að jeg hefi ekkert sagt í þá átt, en vel má vera, að einhverjir aðrir hafi borið honum slíkt á brýn. Upplýstist það og við ræðu hans, að hann hefir ráðið lyfsala austan af Seyðisfirði til að veita versluninni forstöðu, og hefir sá maður verið þegar farinn að starfa og taka kaup, er núverandi stjórn tók við völdum. (**JM:** Jeg rjeði hann ekki til þriggja ára). Það er lítið atriði; hann var orðinn fastur starfsmaður og ekki annað eftir en festa samninginn á pappírnum. Er þetta því engin efnisvilla. Þá býst jeg við, að það gæti heldur bent í þá átt, að ekki hafi verið sparlega á haldið, að skrifstofustjóri einn úr stjórnarráðinu er ráðinn eftirlitsmaður við verslunina með 2500 kr. þóknun. Þótt þetta sje ekki stór póstur, þá hefði samt ekki farið illa á því, að endurskoðunarmanni landsverslunarinnar hefði verið falið þetta starf, án þess það hefði þurft að hafa mikinn aukakostnað í för með sjer. En nú vill þessi hv. þm. (JM) ekki taka á sig nema lítinn hluta af því ólagi, sem öllum kemur saman um, að hafi verið á áfengisversluninni, og er þó ekki hægt að bera á móti því, að sá, sem upphaflega valdi forstjóra verslunarinnar, hlýtur að bera ábyrgðina af því, ef um eyðslusemi í mannahaldi er þar að ræða, og verður þá álasið um óreglu þá, sem af því leiðir, að bitna mjög á honum. Og svo er því nú varið, að ekki mun öllu meira mannahald við annað fyrirtæki í bænum en þetta. Þó skal tekið fram, að forstjórinn mun ekki hafa ráðið alla mennina, en hann hefir að minsta kosti ekki beitt sjer á móti því, að láta stjórnina bæta við mönnum, eins vel og honum bar. Og enn get jeg ekki látið hjá líða í þessu sambandi að minnast á það, að hv. 4. landsk. þm. (JM) tókst að fella frv. um það, að pakkhús landsins, Nýborg, yrði tekið undir áfengisverslunina, og var það með þeim rökstuðningi, að ekki væri hægt að nota húsið án leyfis byggingarnefndar. Sköðuðumst vjer þar um mikla fjárhæð, með því að stjórnin hafði ekki litið svo á, að hún gæti breytt húsinu í trássi við byggingarnefnd, en varð í þess stað að leigja húsnæði fyrir of fjár.

Þá mintist hann á sjálfan sig sem ráðherra í sambandi við bannlögin. Jeg vænti þess, að ekki sje of fast kveðið

að, þótt jeg segi, að hann hafi enginn skörungur þótt í gæslu bannlaganna. Hefi jeg áður minst á Blöndahlsdóminn. Jeg þykist vita, að hann hafi reynt að gera skyldu sína eftir fylstu getu, en bannmenn voru víst oft óánægðir með það, hvað getan var lítil. Að minsta kosti mun jeg ekki einn um þá skoðun.

Enn kom hann með þær frjettir, að ritstjóri Tímans hefði sent rógbrjef um hann út um land fyrir kosningarnar síðast. Jeg held, að hv. 4. landsk. þm. (JM) hafi ekki gætt fyllilega tungu sinnar, er hann talaði um rógburð í þessu sambandi. Og kafli sá, sem hann las upp úr þessu brjefi, fanst mjer aðeins hógvær og rjettmæt lýsing á manninum. Veit jeg ekki einu sinni, hvort kaflinn var rjett til færður, þótt mjer þyki líklegt, að svo sje. En sje um meiðyrði að ræða í brjefinu, þá er hægur nærri að skjóta þeim til dómstólanna. Annars finst mjer lítil ástæða til að vorkenna hv. þm. (JM) þá gagnrýni, sem hann varð fyrir við kosningarnar í sumar. Mig minnir, að jeg hafi líka fengið að heyra sitt af hverju frá stuðningsblöðum hans, og kannske engu færra en hann, en mjer hefir aldrei til hugar komið að kvarta undan því.

Loks kom svo það, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) hafði sagt, að ritstjóri Tímans hefði boðið sjer að vera ráðherra. Jeg hafði ekki heyrt þetta áður, en hjá hlutaðeigandi manni fekk jeg að vita, að þetta er uppspuni, svo sem vænta mátti. Og hvað þýddi líka, að utanþingsmaður byði slíkt? Til að vera ráðherra þarf stuðning þingsins. Þetta er því hin fáránlegasta lokleysa um leið og það er rangt. Hitt er mjer kunnugt um, að einn maður innan Framsóknarflokksins, sem tengdur var kunningsskaparböndum við Magnús Guðmundsson, hefði, eftir atvikum, getað sætt sig við að hafa hann fyrir ráðherra. En nú er ekki kunnugt, að nokkur sje sá í flokknum lengur, sem tæki í mál að styðja hann, eftir að fjáraukalögin eru komin í dagsbirtuna, og eru litlar líkur fyrir, að það útlit batni fyrir honum.

Þá hefir hv. 4. landsk. þm. (JM) í ræðum sínum, bæði nú og áður, minst á, að jeg teldi mig líklegan til að mynda nýtt tímabil í sögu landsins. Jeg hefi aldrei gefið honum tilefni til slíkra ummæla. (**JM:** En „Komandi ár"?). „Komandi ár" eru pólitiskar hugleiðingar, sem jeg vænti, að taki allmikið fram því, sem hv. 4. landsk. þm. gæti lagt til slíkra mála, en í þeim greinum er hvergi að finna neitt yfirlæti.

Að síðustu finst mjer ekki illa til fundið, að þar sem hv. 4. landsk. þm. (JM) hefir kosið að snúa fyrirspurninni upp í skilnaðarsamsæti og víkkað svo mjög umræðuefnið, þá sje þó rjett að endurtaka enn, að hann hefir eytt 9—10 þús. kr. í ferðakostnað, þar sem annar ráðherra gat komist af með 3—4 þús. kr. jafnlanga ferð. En þessi eyðsla þm. er víst hans hugsjónir, hans „komandi ár". En jeg vil enda mál mitt á því, að eins og jeg óska, að allir ráðherrar, sem aðrir starfsmenn ríkisins, gættu hinnar fylstu sparsemi og hógværðar, veit jeg og fullvel, að hv. 4. landsk. þm. hefir haft gott af aðhaldi blaðanna og þessum umræðum. Ef það á fyrir honum að liggja að verða ráðherra aftur, þá endurfæðist hann í nýrri og bættri útgáfu.

Jón Magnússon: Jeg get ekki varist þeirri hugsun, og mun jeg ekki einn um hana, að nokkuð sje það óvenjulegt, að

maður, sem þegar er fyrir löngu farinn úr stjórn, skuli þurfa að standa í slíkum eldhúsdagsverkum sem þau eru, sem hjer eru á ferðinni.

Viðvíkjandi ferðakostnaðinum er það að segja, að hefði hv. fyrirspyrjandi (JJ) viljað vera vandaður maður, þá hefði hann ekki síður átt að taka aðrar ferðir, sem jeg hefi farið, til samanburðar við ferð mína 1920, en ferðalög annara ráðherra. En hann var svo heppinn að finna þarna háa upphæð, að því er honum þykir, og sem hefir svo orðið honum kærkomið tilefni til að ráðast á mig. Og hann þurfti að nota þetta til þess að bera lof á núverandi ráðuneyti, sem honum stendur nær hjarta. Jeg hefi þó farið margar aðrar ferðir en þessa umræddu ferð 1920, og hefir kostnaðurinn við þær orðið svipaður ferðakostnaði hinna annara ráðherra. Árið 1917 var t. d. síst ódýrara að ferðast en nú, en þá fór jeg tvær ferðir, sem kostuðu báðar aðeins um 7 þús. kr. Að þessu athuguðu verður ekki annað sjeð en að hjer hafi ekkert annað verið haft fyrir augum en árás á mig, — fyrirspurnin siglir með öðrum orðum undir fölsku flaggi. En jeg þykist of góður til að vera að orðlengja frekara um þetta. Hv. fyrirspyrjandi fær aldrei almenning til að hlusta á þessa ákæru. Til þess þekkja menn mig of vel.

Jeg mun annars ekki fara langt út í það, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir gert að umtalsefni, og ekki fara að verja þær ráðstafanir, sem beinlínis voru þingsins. Þannig getur hann ekki ætlast til, að jeg fari að bera fram varnir út af byggingunni á Vífilsstöðum. Hún var auðvitað gerð samkvæmt vilja þingsins og undir umsjón húsagerðarmeistara ríkisins. En hvað einhver og einhver hefir sagt hv. fyrirspyrjanda um þau mál, varðar mig ekkert um.

Þá sagði jeg ekki, að þessi hv. þm. (JJ) væri persónulegur fjandmaður minn. Jeg sagði, að hann væri opinber fjandmaður minn. En vel má samt vera, að hann sje persónulegur fjandmaður minn. Tel jeg það líklegt. Hann hefir jafnan verið minn mótstöðumaður, þótt Tíminn hafi ekki verið það altaf. Hv. þm. hefir án afláts afflutt mig með ósannindum og blekkingum, og það fer einatt svo, að maður, sem stöðugt gerir mótstöðumanni sínum rangt til og viljandi, fari að afsaka atferli sitt — jafnvel ósjálfrátt — fyrir sjálfum sjer, hve samviskulaus, sem hann er, og þá helst með því, að mótstöðumaðurinn sje vondur maður. Og ósjálfrátt verður honum illa við mótstöðumanninn. Hvað var jeg að tala um samviskuleysi? Auðvitað ekki hjá hv. 5. landsk. þm. (JJ). Jeg er alveg viss um, að hann hefir góða samvisku, gersamlega óslitna, alveg eins og nýja.

Þá segir hann, að jeg hafi lagst á móti öllum þeim málum á þinginu, sem hann hafi staðið að. Það er satt, að jeg hefi staðið móti flestum þeim málum, sem hann hefir flutt hjer, en það er af því, að þau hafa verið óframbærileg öll að búningi og flestöll að efni. Þó er hjer undantekið frv. um gráðaostinn, sem jeg var með, vegna þess, að jeg taldi rjett að veita styrkinn, þótt laga þyrfti frumvarpið.

Jeg ætla ekki að fara að svara frekara fyrir fyrv. fjármálaráðherra, hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hann mun gera það sjálfur, er honum þykir þörf og á þann hátt, er honum þykir þörf.

Þá kom það, að kaupmenn væru mínir einu stuðningsmenn. Það er satt, að

sumir góðir menn í þeirra flokki hafa jafnan stutt mig að málum. En að þeir geri það sem heild, það er ofsagt, enda hafa þeir ekki altaf verið ánægðir með mig eða mína stjórnarstefnu. Og jeg get frætt hv. 5. landsk. þm. (JJ) á því, að jeg á víðar stuðningsmenn en meðal kaupmannastjettarinnar.

Hv. þm. (JJ) hefir víst þótt það vel viðeigandi að draga inn í þessar umræður smiðinn, sem setti kvistinn á stjórnarráðshúsið, og tala um hann eins og hann hefði gert sig sekan í einhverju refsiverðu athæfi. Jeg vil nú ekki fara að deila um þá hluti; jeg hygg, að árás hv. þm. á þennan mann skaði aðeins hv. þm. sjálfan.

Enn var verið að fræða hv. deild á því, að jeg hefði lofað Dönum sendiherra í Kaupmannahöfn. Jeg á nú engin orð. Æðioft hefir hv. 5. landsk. þm. komið með harla óskynsamlegar staðhæfingar, en það, að Dönum hafi verið þægð í að fá sendiherrann og að jeg hafi lofað þeim honum, það tekur flestum hans firrum fram. Hvaða þægð gat svo sem Dönum verið í þessu? Hann ber fyrir þessu Jörund Brynjólfsson, fyrv. alþm. En annaðhvort er, að Jörundur hefir aldrei sagt neitt í þá átt, eða að það hefir verið afskaplegur misskilningur hjá honum. Hitt er kunnugt, að það voru ýmsir þingmenn, sem æsktu þess, að vjer hefðum sendiherra í Kaupmannahöfn.

Jeg skal ekki tefja hv. deild á löngu máli um sendimennina í Vesturheimi. Aðeins skal jeg geta þess, að það var eftir kröfu þingsins, að erindrekarnir voru um stund hafðir tveir.

Þá hefir hv. 5. landsk. þm. (JJ) gert rekistefnu út af skipun eða ekki-skipun konsúls í Genúa. Um þetta mál hefir áður verið fjallað mjög ítarlega hjer á Alþingi, og það sýndi sig, að Alþingi vildi ekki fara í deilur við sambandsþjóð vora út úr því máli á þann eina hátt, er gerlegt var, nefnilega að láta gerðardóm, samkv. 17. gr. sambandslaganna, útkljá deiluatriðið. Jeg býst við, að þingið sje enn sömu skoðunar. Um kærubrjef það, sem hv. þm. talar um, get jeg ekki dæmt, því að jeg hefi það aldrei sjeð, en jeg skal taka það fram, að þar getur ekkert kæruefni verið fyrir hendi gegn fyrv. stjórn.

Þá talaði hann langt mál um ráðningu forstöðumanns fyrir áfengisverslunina og sagði, að stjórn sú, sem á eftir mjer kom, hefði ekki getað annað en gert skriflega þann samning til þriggja ára, er áður hefði verið gerður munnlega. En þetta hlýtur að vera vísvitandi rangfærsla. Jeg gerði aðeins bráðabirgðasamning — til 6 mánaða — og það skriflega. En slík rangfærsla er hin venjulega hjá hv. þm. í Tímanum. (JJ: Þurfti ekki að bæta honum upp sem Jóni Gíslasyni?). Hr. Mogensen þurfti alls ekki að bæta upp, því að hann hjelt sinni lyfjabúð. Til þess að hafa einhver takmörk á ræðuhöldum hjer í kvöld, ætla jeg ekki að fara frekar út í umtal um dyravörðinn, enda þótt jeg, sem andstæðingur núverandi hæstv. stjórnar, hafi frekar ástæðu til þess að tala um það mál en stuðningsmenn hennar. En það er ekki nóg, að jeg eigi að hafa ábyrgð á upphafi áfengisverslunarinnar; t. d. á það að vera mjer að kenna, að ekki sje hægt að nota geymsluhús landsins, Nýborg, í þarfir verslunarinnar, vegna neitunar byggingarnefndar Reykjavíkur um breytingar á þessu húsi, þótt það sje vitanlegt, að landsstjórnin hefir fulla heimild til að láta

gera breytinguna, hvað sem byggingarnefnd segir. Að hæstv. landsstjórn hefir ekki gert það, ber vott um, að hún hefir ekki sjeð ástæðu til þess.

Þá hjelt hv. þm. (JJ) því fram, að í fyrra hefði ekki verið nema einn maður í Framsóknarflokknum, sem vildi styðja Magnús Guðmundsson til þess að vera áfram ráðherra, en jeg get frætt hann um, að mjer sögðu þá margir þeirra, að þeir mundu styðja hann, og hv. 5. landsk. þm. (JJ) ætti sjálfum að vera best kunnugt um, að næstum því allir, ef ekki allir, Framsóknarmenn óskuðu þess, að Magnús Guðmundsson sæti áfram í ráðherraembættinu. (JJ: Tóm ósannindi). Þetta er samt satt, og úr því að sagt er um sum blöð, að þau fari með ósannindi, þá er ekki ósennilegt, að ritstjórinn geri það líka, enda sýnir það sig nú, er hann neitar þessari staðhæfingu minni. Vil jeg svo ekki orðlengja frekar um þetta efni, enda hafði jeg fyrirfram svarað flestu því, sem hv. þm. sagði. Ýms atriði, sem hann hefir minst á, tel jeg eigi svaraverð. Má enda ekki misbrúka þolinmæði hæstv. forseta. Þó langar mig til að minnast á annað mál, sem að vísu er ekki beint á dagskrá, en hefir verið rætt hjer talsvert innan um umr. um sjálft dagskráratriðið, nefnilega um fyrirspurnina um hlutaeign manna í Íslandsbanka, og ætla jeg að vera svo vænn við hv. 5. landsk. þm. (JJ) að svara fyrirspurninni að því er mjer við kemur. Í byrjun þessa þriggja ára tíma, sem fyrirspurnin ræðir um, átti jeg níu þúsund krónur í hlutabrjefum Íslandsbanka, en ráðherraembættið reyndist mjer svo lítt ábatasamt, að jeg varð að selja þessa hluti snemma á árinu 1921. Jeg hefi þannig átt hluti í bankanum tæpan þriðjung af þessum kriminella þriggja ára tíma. Síðan hefi jeg engan hlut átt í honum. Jeg hefi viljað fræða hv. þm. um þetta, af því að jeg veit, hve ant honum er að flytja fregnir um mig. Nú getur hann sjálfur og uppaustrarmenn hans flutt fregn eitthvað á þessa leið: 5. landsk. þm. (Jónasi Jónssyni) hefir við fyrirspurn í þinginu tekist að fá sönnur fyrir því, þrátt fyrir megna mótspyrnu kaupmannaliðsins, að Jón Magnússon hefir átt stórfje standandi í hlutum Íslandsbanka, og þá fer að verða skiljanlegt, hvers vegna hann hefir altaf dregið taum bankans til niðurdreps fyrir landið.

Jeg vona, að hv. þdm. taki það ekki svo, að jeg telji fyrirspyrjandann eiga nokkurn snefil af rjetti á því að fá svarað fyrirspurn um það, hvað hver þingmaður eigi, hvort sem eru hlutir í Íslandsbanka eða aðrar eignir. Það er fjarri lagi, að nokkuð sjerstakt geti gilt hjer um eign í Íslandsbanka. Eins og það hafi nokkur áhrif á rjett þingmanna til að greiða atkvæði um mál Íslandsbanka, hvort þeir eiga hluti í honum eða ekki. Jeg veit ekki, hvar lenti, ef þesskonar ætti nokkurn stað. Það mætti þá eins vel segja, að enginn þingmaður, sem ætti vatnsrjettindi, mætti greiða atkv. um vatnalögin. Þannig mætti halda áfram lengi, en það er óþarft að hafa miklar málalengingar um þetta efni. Það er svo augljóst, að fyrirspurnin getur ekki haft neitt annað erindi en að þessu leyti að flytja ósæmilega aðdróttun að þingmönnum um hlutdrægni. En þessi aðdróttun er á hinn bóginn skaðlaus, því að jeg er sannfærður um, að enginn, bókstaflega enginn heiðarlegur maður á þessu landi lætur sjer detta í

hug, að nokkur þingmaður láti það hafa áhrif á atkvæði sitt í bankamálum, hvort hann kann að eiga hlutabrjef í Íslandsbanka eða ekki.

Það er svo fjarri því, að hv. þingmaður eigi rjett á, að fyrirspurninni sje svarað; hann á ekki einu sinni rjett á að bera hana fram. Eftir 50. gr. stjórnarskrárinnar á hver þingmaður rjett á að beiðast skýrslu ráðherra um sjerhvert alment málefni. En er það alment málefni, prívateign hvers einstaks þingmanns eða dómara? (**JJ:** Er Íslandsbanki einkamál?). Hann er einkamál að því er snertir þá, sem hluti eiga í honum. Jeg hygg, að um það sje ekki mörgum blöðum að fletta, að svo er ekki. Eftir lögum og þjóðskipulagi voru er það ekki alment málefni.

Nú liggur nærri að segja, að það hafi þá ekki verið rjett af þingdeildinni að leyfa þessa fyrirspurn. Jeg ætla ekki að svara fyrir aðra, en fyrir mitt leyti skal jeg láta þess getið, að jeg fann ekki ástæðu til að neita um leyfið. Jeg þykist ekki þurfa að spara spyrjandann til þess að verða sem víðfrægastan að endemum.

Það atriði fyrirspurnarinnar, sem að þingmönnum snýr, er hlægileg framhleypni, sem engan skaðar nema hv. fyrirspyrjanda sjálfan.

Hitt atriðið er alvarlegra. Það er árásin á dómarana, og þá sjerstaklega á hæstarjettardómarana. Þeir eru dómararnir kat' ex-ochen. Þeir hafa sjerstöðu í þjóðfjelagi voru; þeir mega ekki eiga sæti á Alþingi; það er til þess ætlast, að þeir gefi sig ekki við öðrum launuðum störfum, að þeir verði fyrir utan flokkadeilurnar og dagstritið. Á móti því, að þeim var synjað um rjettindi, er borgararnir annars hafa alliv, átti að koma trygging fyrir þá fyrir því, að þeir væru ekki áreittir að nauðsynjalausu, og ríflег launakjör. Um ríflegu launin er svona og svona, en um árásirnar má segja: „Víst hefir hjer lengi at þrútnað um ójafnaðinn, en nú er knútur á riðinn um ósómann".

Mönnum eru víst í fersku minni allar hinar ósæmilegu ásakanir og aðdróttanir að dómstólunum í fyrra út af málum Ólafs Friðrikssonar. Fyrst skammirnar um bæjarfógetann í Reykjavík fyrir rangan og hlutdrægan dóm í sakamálinu gegn Ólafi út af ofbeldi hans og mótþróa gegn lögreglunni (tilefnið rússneski drengurinn). Dómur bæjarfógeta var nú reyndar feykilega mildur í garð Ólafs. Af því jeg ætla mjer ekki að tala hjer annars um undirdómarana eða árásir á þá, þá skal ekki sagt meira um þann dóm eða viðtökurnar, sem hann fekk. Svo kemur hæstarjettardómur. Hann er að vísu harðari, en þó í mildasta lagi eftir tilverknaðinum. Út af þessum dómi hæstarjettar kemur í fyrra vor og sumar hver árásin annari ástæðulausari og ósæmilegri. Jeg skal ekki lengja umræðurnar með því að lýsa nákvæmlega þessum árásum. Lítið sýnishorn er yfirlýsing jafnaðarmannafjelagsins 5. maí f. á., sem jeg ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnaðarmannafjelagið mótmælir dómi hæstarjettar í svonefndu Ólafsmáli sem algerðum stjettadómi og álítur dóminn niðurdrepandi fyrir rjettarmeðvitund og stóran álitshnekkir fyrir hæstarjett".

Dómstjórinn, Kristján Jónsson, hafði gefið ofurmeinlausa yfirlýsing út af ummælum, sem höfð voru eftir hinum dæmda sakamanni (Ó. F.) frá fundi á Akureyri. Dæmdur lýsti því, að ummæl-

in væru ekki rjett höfð eftir, og hefir í svari sínu til dómstjórans, æðsta dómara landsins, meðal annars þessi orð:

„Hinn löggilti vigtarmaður rjettlætisins á Íslandi, Kristján Jónsson, nefndur dómstjóri í stofnun þeirri, sem af óþektum orsökum er nefnd „hæstirjettur“ .... „endurtekur Kristján þau (þ. e. orð Ó. F.) án þess að láta sjer velgja við að viðhafa sömu aðferðina og verstu kjaftakerlingar, sem lepja slúðrið hver úr annari“ .... „Verði Kristján þessi eitthvað frekar að yðba sig, verður tækifæri til þess að ræða betur meðferð dómstólanna á máli því, sem hjer er um að ræða“.

Svo kemur rjett fyrir árslokin síðustu hæstarjettardómur í öðru Ólafsmáli (við Íslandsbanka), skaðabótamáli. Þá eru endurteknar samskonar ásakanir og árásir. Verkamannafjelagið Dagsbrún samþykkir mótmæli gegn dómnum „sem gagnstæðum rjettarmeðvitund almennings“ og heimtar, alveg eins og hv. 5. landsk. þm. (JJ), að tveir af dómurum hæstarjettar sjeu settir af. Formaður Dagsbrúnar, Hjeðinn Valdimarsson, skrifar um þennan hæstarjettardóm í Alþýðublaðið á líkan hátt sem í það hafði verið skrifað um hinn dóminn, en með hógværari orðum. Það þarf máske ekki að kippa sjer upp við það, þótt slíkar árásir, jafnvel á dómstólana, og það hæstarjett sjálfan, komi frá róttækum jafnaðarmönnum í málgagni þeirra, mönnum, sem vilja kollsteypa hinni núverandi þjóðfjelagsskipun.

En þetta þykir ekki nóg. Nú á að nota Alþingi til hinnar sömu óhæfu. Hjer er riðinn knúturinn á ósómann. Það atriði fyrirspurnarinnar, sem snýr að hæstarjetti, er ekkert annað en áframhald af þessum árásum, sem nú hefi jeg lýst, sjerstaklega framhald af vantraustsyfirlýsingunum út af Ólafsmálinu við Íslandsbanka. En það þýðir ekkert fyrir hv. fyrirspyrjanda. Alþingi tekur ekki undir þetta með honum. Alþingi tekur ekki undir tilraunir til þess að fótumtroða virðing hæstarjettar og til að rýra traust hans. Jeg býst við því, að þeir sjeu ekki margir þingmennirnir á þessum stað, sem álíti, að dómurum hæstarjettar sje til þess meinað að eiga sæti á Alþingi, að vissa sje fyrir, að þeir geti ekki borið hjer hönd fyrir sig og varið sig gegn ómaklegum árásum. Jeg læt mjer ekki einu sinni detta í hug að mótmæla aðdróttuninni um það, að það hafi áhrif á atkvæði dómendanna í málum Íslandsbanka, hvort þeir kunna að eiga hlutabrjef í Íslandsbanka eða ekki. Svo mikil fjarstæða er það.

Jeg hefi orðið svo langorður um þetta mál af því að hjer er hætta á ferðum fyrir þjóðfjelagið. Vjer erum fámenn þjóð og lítils megnandi. Oss ríður það á miklu að vernda beint dómana, styrkja og styðja traustið á hæstarjetti. Það hefir stundum heyrst hjá einstaka erlendum viðskiftamanni, að á Íslandi væri ekki rjett að fá, en þeir hinir sömu hugguðu sig áður við hæstarjett í Danmörku. Og þegar verið var að flytja æðsta dóminn inn í landið, þá heyrði jeg raddir í þá átt, að nú væri erlendum mönnum vissara að gæta sín; búast mætti við, að hann yrði vilhallur landsmönnum í viðskiftunum við útlönd. (JJ: Hvað þektu þeir af dómurum hjer áður?) Máske mig, og þá hafa þeir þekt rjettlátan dómara. Hæstirjettur vor er ungur enn, rúmlega þriggja ára, en mjer er óhætt að segja það, að á þessum tíma

hafi hann unnið sjer traust bæði út á við og inn á við, eða er farinn að vinna sjer traust. Meira getur það ekki verið; tíminn er enn svo stuttur. En þetta er því viðkvæmt enn. Allir þjóðhollir menn eru skyldir að styðja að því, að æðsti dómstóllinn megi njóta sem bests trausts og virðingar. Að vinna á móti þessu gengur landráðum næst.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Eins og jeg bar fram fyrirspurn þessa, snerti hún aðeins ferðakostnað ráðherra síðustu ár. En síðan drógst hv. 4. landsk. þm. (JM) inn í umræðurnar, af því að við upplestur hæstv. forsrh. (SE) komu í ljós upphæðir, sem þm. (JM) fann, að hann þurfti að verja. En eftir ítarlega tilraun komst hann loks að raun um, að 9 þús. kr. reikningurinn var óverjandi. Varð hann þá ofsareiður. Þá tók hann í bræði sinni að stækka vígvöllinn langt út fyrir fyrirspurnina, til að dreifa athyglinni að öðru alveg óviðkomandi. Hann barmaði sjer yfir árásunum, sem gerðar væru á hann í þessari hv. deild, sem hlýtur að stafa af því, að hann finnur rjettmæti þeirra, en vanmátt sjálfs sín. Annars hefir það altaf sýnt sig, að hann telur aðfinslur við aðra fyllilega rjettmætar, en sjálfur vill hann vera undanþeginn.

Síðar í ræðu sinni varð hann þó hógværari og vildi draga saman seglin, en þá sló út í fyrir honum. Talaði hann lengi um Tímann í sambandi við „drengsmálið", en öll þau mótmæli, sem fram hafa komið gegn dómum hæstarjettar, eru Tímanum óviðkomandi. Hitt er rjett, að í fyrra mun hafa komið grein í Tímanum um að fækka mætti hæstarjettardómurunum. Þessi tillaga var síðan tekin upp hjer í þinginu af samherjum 4. landsk. þm., en feld. Ef jeg er sekur við hæstarjett fyrir að hafa viljað fækka hæstarjettardómurunum, þá eru hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og hv. þm. Borgf. (PO) mjer samsekir. Nú munu hv. þdm. sjá, hversu tilgangslaus þessi sveifla hv. 4. landsk. þm. (JM) út fyrir vígvöllinn hefir verið, og enda þótt hún væri gerð í þeim tilgangi að ófrægja mig, þá hefir honum hjer skjátlast hrapallega með því að fara inn á svið, sem eru mjer og mínum flokki óviðkomandi. Jeg tek það hjer fram, að skoðun mín hefir styrkst um, að hv. 4. landsk. þm. (JM) hafi verið á refilstigum síðastliðin ár, og að hámarkinu hafi verið náð 1920. En nú er það mjer mikið gleðiefni, að svo virðist (eða svo virtist mjer síðast í ræðu hans), sem ofsi, vindur og reiði hans sje að hverfa, og vona jeg, að það sje fyrirboði þess, að á næsta þingi fáum við að sjá meira af gætna og skapstilta manninum, en minna af stórherranum frá Ritzhótelinu, sem við fengum að sjá hjer í dag.

8. Starfsmannahald og verklegar framkvæmdir síðan 1900.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 26. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um hlutfallið milli eyðslu landssjóðs til starfsmannahalds og verklegra framkvæmda síðan árið 1900 (A. 219).

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að fjármálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Jeg get verið mjög stuttorður um þessa fyrirspurn. Jeg bjóst við, að henni mundi verða svarað fyr, en jeg geri ráð fyrir, að hún hafi þótt nokkuð umfangsmikil. Og þótt einhverjar upplýsingar fáist nú, þá hygg jeg, að mikill hluti svarsins verði að bíða til næsta þings. Því gerði jeg þessa fyrirspurn, að jeg áleit, að svarið gæti orðið liður í þjóðhagslegri „statistik" og væri hægt að sjá á því, hvernig þjóðin hefir komist í fjárhagsvandræði þau, sem hún er nú komin í. Öll árin, sem liðin eru af þessari öld, hefir stefna þingsins verið sú, að fjölga starfsmönnum ríkisins. Þetta hefir orðið ríkissjóðnum vaxandi byrði ár frá ári, og ef slíku er haldið áfram, má búast við því, að ríkissjóðurinn endist ekki til annars en þessa. Það verður því að breyta algerlega skipulaginu á stjórnháttum okkar. Það er margt, sem mætti spara. Jeg hefi komist að því, af viðtali við einn landskjörinn þingmann, sem fór hjeðan í fyrra, að það mætti spara mikið fje við Alþingi, ef tekin væri upp sú ráðbreytni að láta fjárveitinganefndir þingsins koma saman svo sem 3 vikum fyrir þingsetningu. Þá þyrfti ekki að standa á fjárlögunum. Ef hægt væri að stytta tíma þingsins um þriðjung með þessu, þá er í því fólginn eigi lítill sparnaður. Jeg tek þetta sem dæmi upp á eitt af því, sem spara mætti; en annars skal jeg ekki fara frekar út í þetta að svo stöddu.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg er sammála hv. fyrirspyrjanda (JJ) um, að það hefði mátt svara fyrirspurn þessari fyr. Það hefði meira að segja mátt svara henni strax eftir 2—3 daga, og svarið hefði þá orðið sama og nú, að fyrirspurnin er alt of yfirgripsmikil til þess, að hægt sje að svara henni ítarlega að þessu sinni. Einn af skrifstofustjórum stjórnarráðsins spurði einn alkunnan starfsmann, sem er þessum málum mikið kunnugur, hve langan tíma þyrfti til að búa sig undir að svara þessari fyrirspurn, og hann sagði, að einn maður mundi þurfa 5 mánuði. Jeg hygg nú, að þetta sje ofmælt, en það mun ekki of mikið í lagt, að einn maður þurfi tvo mánuði til þess. Hjer þarf að rannsaka landsreikningana fyrir 22 ár og taka hvert atriði í fjárlögunum til greina. Þótt fyrirspurnin sje ekki nema í 3 liðum, þá felast í hverjum lið margar aðrar fyrirspurnir, sem sjest, er menn athuga liðina. Þótt þetta sje að vísu merkilegt atriði fyrir hagfræði landsins, þá hygg jeg, að það þurfi ekki svona ítarlega sundurliðun, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) gerir ráð fyrir. Það er ómögulegt að svara þessari spurningu ítarlega nú, en mun verða hægt á næsta þingi, en þeirri gagnspurningu vil jeg beina til hv. 5. landsk. þm. (JJ), hvort hann geti ekki fallist á að takmarka þetta nokkuð og hafa sundurliðunina ekki svona ítarlega.

Annars stendur svo einkennilega á, að jeg get svarað fyrirspurninni nokkuð ítarlegar en aðrir, því jeg hefi sjerstaklega rannsakað þetta spursmál áður og samið ritgerð, sem út kom í Andvara 1917, er heitir: Fjárhagsstjórn Íslands 1875—1915. Þar hefi jeg sundurliðað það, er hv. fyrirspyrjandi spyr um, að nokkru leyti; þó ekki eins nákvæmlega

og hann vill, því að jeg hefi tekið 10. hvert ár. Og jeg vil halda, að slík skýrsla komi að eins miklu gagni, þó að hún væri miðuð við annaðhvert ár, og jafnvel þó að hún væri miðuð við 5. hvert ár. En að minsta kosti verður hún að miðast við fjárhagstímabilið, sem sje tvö ár.

Jeg skal þá stuttlega minnast á skýrsluna í ritgerð minni, til þess að gefa fyrirspyrjanda svar að eins miklu leyti og jeg get að þessu sinni.

Útgjöldin voru 1905 áætluð 2250000 kr. og skiftast þannig niður:

Til Alþingis, umboðsstjórnar og dómgæslu	15,2%
Til læknastjettarinnar	10,6%
Til kirkju- og kenslumála	13,6%
Til eftirlauna	4,8%
Eða alls til embættisstjettarinnar	44,2%
Til búnaðarframfara	11,1%
Til fiskiveiða	1,4%
Til samgöngumála	35,8%
Til vísinda og bókmenta	4,4%

Afgangurinn gekk til ýmissa útgjalda.

Það sjest því hjer, að embættismannastjettin hefir gleypt 44,2% af tekjum landsins. En 52,7% ganga til verklegra framkvæmda, vísinda og bókmenta.

Þá hleyp jeg yfir næstu 10 árin og kem að árinu 1915. Þá eru tekjurnar 4,5 milj. kr. Þær skiftast þannig:

Til Alþingis, umboðsstjórnar og dómgæslu	10,5%
Til læknastjettar	10%
Til kirkju- og kenslumála	16,2%
Til eftirlauna	3,7%
eða alls til embættisstjettarinnar	40,4%
Til búnaðar	5,6%
Til samgöngumála	30%
Til eflingar fiskiveiða	1,8%
Til vísinda og bókmenta	4,8%
Til verklegra fyrirtækja	3,3%
Til greiðslna af lánum	10,9%
Alls	96,8%

Það sjest því á þessu yfirliti, að enn tekur embættismannastjettin 40,4% af tekjum ríkissjóðs. En til annara framfara, þar með taldar afborganir af lánum, fara 56,4%.

Þá eru fiskiveiðarnar ekki komnar lengra en svo, að til þeirra gengur aðeins 1,8%.

Jeg hefi þá í yfirliti þessu gert dálítið í áttina til að svara fyrirspyrjanda, þó að skýrsla þessi sje ekki eins sundurliðuð og hann vill, sem jeg tel ekki nauðsyn á vera, því að jeg hefi stiklað hjer á tíu árum.

Jeg býst þá ekki við að geta svarað hv. fyrirspyrjanda frekar nú, en vænti að fá að heyra frá honum, hvort hann ljeti sjer ekki nægja að fá skýrsluna þannig sundurliðaða, að hún væri einungis fyrir annaðhvert ár og ekki í eins mörgum liðum og hann ætlast til í fyrirspurn sinni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Jeg get verið þakklátur hæstv. fjrh. (KlJ) fyrir að hafa svarað fyrirspurn minni að nokkru leyti, þó að það svar hafi ekki verið eins ítarlegt og jeg í fyrstu ætlaðist til. Mjer þykir mjög merkilegt að heyra, að ritgerð um þetta efni skuli vera til, því að mjer var hún alls ekki kunn áður.

Aðalatriðið, sem fyrir mjer vakir með fyrirspurn minni, er að fá sem glegst yfirlit yfir það, hvernig eyðsla landssjóðs hefir komist í það horf, sem nú er. En það skiftir mig ekki miklu máli, hvort það svar kemur á þessu þingi, eða þá ekki fyr en á því næsta, því jeg sætti mig vel við dráttinn.

Þá skal jeg taka það fram, að jeg get vel gengið inn á, að skýrslan sje miðuð við annaðhvert ár yfir tímabilið fram að stríðsárunum. En jeg vil beina þeirri ósk til hæstv. stjórnar, að skýrslan verði miðuð við hvert ár út af fyrir sig eftir að stríðsárin byrja, því að mjer er forvitni á að vita, hvernig við höfum farið að eyða öllum tekjum ríkissjóðs árlega í alt annað en verklegar framkvæmdir. Jeg hygg, að ekki þurfi að sjá eftir þeirri vinnu, sem hagstofan leggur í þetta, því jeg býst við, að hún verði látin vinna þessar skýrslur. Og þar sem hún er eins seinlát og kunnugt er, mun jeg sætta mig vel við dráttinn, en vænti að fá skýrsluna sundurliðaða yfir stríðsárin og þau ár, sem liðin eru síðan.

9. Lán og ábyrgðir landssjóðs.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um lán og ábyrgðir landssjóðs fyrir fjelög og einstaka menn (A. 142).

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 8 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að fjármálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 12. maí, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Jeg get verið stuttorður um fyrirspurnina, því hún er sjálfskýrð. Jeg óska aðeins að heyra í aðaldráttum, í hve mikilli ábyrgð landssjóður stendur fyrir fjelög og einstaka menn. Áður hafa sumir menn, og líklega sumir þingmenn, álitið alveg hættulaust að skrifa nafn sitt á ábyrgðarskjöl, þótt þeir nú af víxilábyrgðunum sjeu farnir að komast á aðra skoðun, en mjer þætti fróðlegt að vita, hvort landsstjórnirnar hafa ekki fyrir landsins hönd oftar gengið í ábyrgðir og veitt lán en hefði átt að vera. Jeg veit, að ekki mun vera auðvelt að svara fyrirspurninni tæmandi, en svarið getur verið fróðlegt og gagn að, þótt ekki verði skýrðir nema aðaldrættir.

Fjármálaráðherra (KlJ): Fyrirspurnin er í 2 liðum. Fyrri liðurinn er um lán, sem veitt hafa verið bæjarfjelögum, sveitarfjelögum og einstökum mönnum. Skifti jeg lánum þessum í þrjá, eða aðallega tvo, höfuðflokka, og lítur niðurskipunin þá þannig út:

A. Lán.

I. Hallærislán:

1. $^{30}/_{11}$ '17 Bæjarsjóður Reykjavíkur . . . . . kr. 100000 (ekkert afborgað).
2. $^{31}/_{1}$ '18 Bæjarsjóður Ísafjarðar . . . . . — 100000 (afborgað kr. 6750).
3. $^{22}/_{4}$ '18 Hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps . . . . — 5000 ($^{17}/_{4}$ '20 afb. kr. 1737,50).
4. $^{12}/_{7}$ 1918 Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps . . — 3000

II. Bæjarsjóður Reykjavíkur:

$^{15}/_{10}$ '21 Til rafmagnsveitu að Laugarnesi og Kleppi (vaxta- og afborganalaust í 6 ár) . . kr. 75000

Þetta eru þau lán, sem hafa verið veitt sjerstaklega samkvæmt lögum. En þar að auki eru ótalmörg landssjóðslán, sem veitt hafa verið í ýmislegum tilgangi. Eru sum þeirra mjög gömul og frá þeim tíma, er hjer voru engir bankar og fáir sparisjóðir. Hafa þessi lán einkum verið veitt húsa- og jarðaeigendum úr svokölluðum viðlagasjóði, en um öll þessi lán er að finna upplýsingar í lista þeim, sem árlega fylgir viðlagasjóðsreikningi. Skráin sjálf er um 30 blöð, og hugsa jeg, að hv. fyrirspyrjandi kæri sig ekki um, að hún verði lesin upp (JJ: Nei), enda hefir hún verið lögð fyrir yfirskoðunarmenn Alþingis, en listinn yfir lánin er á þessa leið:

Almenn afborgunarlán.
Breytt afborgunarlán.
Ömt, sýslunefndir, sveitarfjelög.
Mjólkur- og rjómabú.
Tóvjelalán.
Þurrabúðarmannalán.
Prestaköll, kirkjur, skólar o. fl.
Girðingalán 1907 og 1909.
Girðingalán skv. l. nr. 52, 30. júlí '09.
Ritsíma- og talsímalán.
Harðærislán.
Lán byggingarsjóðs Íslands.

Upphaflega voru öll viðlagasjóðslán afborganalaus, gegn 4% rentu, en fyrir 10 árum síðan eða svo var þeim öllum breytt í afborganalán, og nú er ekkert fast lán veitt nema gegn vissri árlegri afborgun. Rentufóturinn hefir verið mismunandi, en nú er ekkert lán veitt með undir 5% vöxtum.

Eins og kunnugt er, hafa hjeruð, sem eiga að leggja til einhverja upphæð til símalagninga, heimild til að fá þá upphæð að láni úr landssjóði, ef þau geta ekki lagt fjeð fram af eigin ramleik, og skifta þessi lán jafnvel þúsundum króna árlega. Annars liggur viðlagasjóðsskráin frammi til sýnis handa öllum, sem óska.

Mjer skildist á hv. fyrirspyrjanda, að hann teldi ábyrgðirnar mest áríðandi. Þær eru ekki margar, en aftur á móti fyrir háum upphæðum. Fer hjer á eftir listi yfir þær, og í samræmi við fyrirspurnina kalla jeg svarað síðari liðnum.

B. Ábyrgðir.

I. Fyrir bæjarfjelög.

a. Reykjavíkurkaupstaður:

1. Hafnarlán frá 1912 (l. nr. 19/1911 . . . . . kr. 1200000
2. Vatnsveitulán 2 frá 1909 og 1922 (500 þús. + 500 þús.) . . . . . — 1000000
3. Rafveitulán 2 (fjáraukal. 1918—19 og fjáraukal. 1921), samtals — 3100000

b. Akureyrarkaupstaður:

Rafveitulán (fjárl. 1920—21 . . . . . kr. 1000000

c. Vestmannaeyjakaupstaður:

1. Hafnarlán:
   a. Hlaupandi víxlar nú .... kr. 595000
   b. Nýr víxill í vændum ca. kr. 126500
   ———— kr. 721500
2. Lán til rekstrar björgunarskipsins Þórs (fjáraukal. 1920—1921) .. — 80000

II. Botnvörpufjelög.

1. H/f „Stefnir“:
Ábyrgð gagnvart R. O. Clarke í Grimsby (nóv.'21) £ 9500

2. H/f „Hængur“:
Ábyrgð gagnvart Gestemünde Bank kr. 35000, Landsb. kr. 50000 og Íslandsb. kr. 50000 (nóv. '21) alls ..... kr. 135000

3. H/f „Otur“:
Ábyrgð gagnvart Íslandsb. (þó ekki yfir 200000 kr. (nóv. 1921) ..... £ 9500

4. H/f „Höfrungur“:
Ábyrgð gagnvart National Provincial Bank, Southampton (1923, ekki enn komið til framkvæmda) ..... £ 9500

5. H/f „Kári“:
Lofuð ábyrgð gagnvart Íslandsbanka (ekki afgreidd) £ 5000

Hefi jeg svo ekki frekara að segja við þessari fyrirspurn. Skýrslur þær, er jeg hefi gefið, eru frá skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins, og efa jeg ekki, að þær sjeu rjettar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Jeg er fyllilega ánægður með úrlausnina á fyrirspurninni. Jeg álít, eins og hæstv. fjrh. (KlJ), að ekki komi til mála að lesa upp allar smáupphæðir. Stóru upphæðirnar skifta mestu máli.

10. Veltufje, tap og uppgjafir bankanna.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um skiftingu á veltufje, tapi og uppgjöfum bankanna milli atvinnuvega og hjeraða (A. 141).

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 8 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 27. apríl, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að fjármálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er langt liðið síðan fyrirspurn þessi kom fram. Af því, sem mjer hefir skilist á hæstv. atvrh., sem nú er einnig fjrh., að aðiljar þeir, sem áttu að gefa upplýsingarnar, væru ekki viðbúnir að gefa ítarleg svör, þá finst mjer ekki ástæða til að fara svo nákvæmlega út í málið og ella hefði orðið. Það nægir að benda á þann tvenna tilgang, sem fyrirspurnin felur í sjer. Fyrst að fá vitneskju um, hvern-

ig bankarnir skifta fje sínu milli atvinnuveganna. Sjávarútvegurinn hefir hingað til hlotið mestan hluta veltufjárins. Útvegurinn notar nú nýtísku vjelar og nýtísku skipulag á öllu, sem að sjó lýtur; það er fjárfrekt, enda hefir langmest af veltufje bankanna horfið þessa leið. Öðru máli er að gegna með jarðræktina; hún er enn þá utangarðs hjá þjóðinni. Landbúnaðinn vantar veltufje til aukinnar jarðræktar og býla. En í stað þess hefir fólkið flúið sveitirnar, og enn þá er straumurinn til kaupstaðanna. Ef fengist glögg skýrsla yfir, hvernig veltufjeð skiftist, þá væri grundvöllurinn fenginn fyrir kröfum sveitanna um rjettlátari skiftingu en hingað til.

Þess vegna er þessi þáttur fyrirspurnarinnar, hve mikið hver atvinnuvegur og einstök hjeruð hafi fengið af veltufjenu, nauðsynlegur fróðleikur fyrir þing og stjórn. Og þótt ekki komi ljós svör nú, þá vænti jeg, að þau muni síðar koma.

Þá er hinn þátturinn, hvernig tapið skiftist milli atvinnuveganna og hjeraðanna. Um það vita menn ekki neitt annað en það, að sjerstaklega annar bankinn hefir tapað stórfje; sumt hefir hann gefið upp nú þegar og sumt fær hann vitanlega aldrei borgað, þótt það sje enn þá fært sem eign. Við þessari spurningu á þjóðin heimtingu á að fá svar. Það hefir verið reynt að halda því fram hjer á Alþingi, að þegar stóratvinnurekendur lendi í fjárþröng, þá eigi þjóðin að hlaupa í skörðin. Þá eru tekin stórlán með okurkjörum og þeim fleygt inn í vafasamar lánsstofnanir, sem síðar eiga að ala gjaldþrotsmennina. En á hverjum bitnar þetta? Hver borgar brúsann? Það gerir þjóðin, sumpart með háum vöxtum og sumpart með landssjóðsgjöldum. Jeg álít, að ástand síðustu missira hafi sýnt, að það er þörf á því að hafa annað eftirlit með lánsstofnunum og atvinnuvegunum en verið hefir. Það er óskaplegt að láta einstaka menn og stjettir ausa peningum úr lánsstofnununum út í sjóinn fyrir óstjórn og fyrirhyggjuleysi, og láta þetta síðan bitna á öllum almenningi. Jeg get hugsað, að þeir, sem ekki vilja vita neitt um tryggingar fyrir enska láninu, vilji ekkert um þetta vita. En jeg er ekki einn í þeirra tölu. Og þótt ekki fáist fullnægjandi svör nú, mun eigi verða lint á kröfum um fulla yitneskju, fyr en hún er fengin. Það hefir víðar verið farið ógætilega í þessum efnum en hjer. Jeg skal nefna dæmi. Í gær bárust fjesýslumönnum hjer skeyti um það, að 2 bankar í Noregi hefðu stöðvast. Annar þeirra hafði þó fengið mikla hjálp og var álitinn úr hættu. En búist er við, að bankar þessir komist af stað aftur með hjálp ríkisins. Þá skal jeg koma með dæmi, sem sýnir, að hræðslan við að láta vita um slíka hluti er ekki alstaðar jafnrík og hjer. Einn af stærstu bönkunum í Danmörku er Andelsbanken í Kaupmannahöfn. Hann var stofnaður 1914 og hefir 80 útibú víðs vegar um Danmörku. Þessi banki hefir vaxið hraðar en nokkur annar banki í Danmörku, en þó hefir síst á það skort, að aðsúgur hafi verið gerður að honum. Það hefir oft undanfarin ár verið ráðist á hann af miklum móði, venjulega skömmu áður en reikningar hans koma út. En þá hafa árásirnar þagnað, því að það hefir jafnan sýnt sig, að bankinn stóð sig vel. Nú fyrir skömmu gerðist „kritikin“ háver. Bankastjórnin baðst þá eftir rannsókn á hag bankans, og kom þá í ljós, að hann

var ágætlega stæður og allur grunur var ástæðulaus. Þetta sýnir, að erlendis eru menn ekki hræddir við að spyrja eða svara. En hjer vilja menn láta skakkaföllin gleymast án rannsóknar eða eftirlits. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta nú; jeg geri athugasemd seinna, ef svo fer, sem mig grunar, að stjórnin geti ekki gefið fullnaðarsvar nú.

Fjármálaráðherra (KlJ): Hv. fyrirspyrjandi (JJ) gat þess í upphafi ræðu sinnar, að langt væri um liðið síðan hann bar fyrirspurn þessa fram. Það er satt að vísu, en þegar er fyrirspurnin kom fram, skrifaði stjórnin báðum bönkunum og bað þá að láta í tje nauðsynlegar upplýsingar. Nú eru svörin komin frá bönkunum, og það síðara er dagsett 17. apríl, svo jeg vona, að hv. fyrirspyrjandi geti ekki sagt, að jeg hafi legið lengi á þessu.

Ef svara ætti fyrirspurn þessari svo ítarlega, sem gert er ráð fyrir af spyrjanda, þá yrði það langt mál. En svar mitt verður mjög stutt að þessu sinni. Landsbankinn segir svo í brjefi sínu út af fyrirspurninni, að með því að bankinn hafi ekki áður látið fara fram slíka sundurliðun og um ræðir í fyrirspurninni, hvorki í aðalbankanum nje útibúunum, og þar eð þetta sje afarmikið og seinlegt verk, ef það eigi að framkvæmast nákvæmlega, og þar eð starfsfólk bankans sje nú sem stendur önnum kafið, og svo standi yfir ársreikningagerðaskil bankans, þá sjái bankastjórnin sjer ekki fært að svo stöddu að láta í tje hinar umbeðnu upplýsingar. Hins vegar sje bankastjórnin fús til strax og henni vinnist tími til þess, að láta framkvæma sundurliðun þá, er um getur í fyrirspurninni, svo framarlega sem stjórnin óskar þess.

Enn fremur segir bankastjórnin, að þetta sje ekkert áhlaupaverk; til þess þurfi að minsta kosti 2 menn í 3 mánuði, og það menn, sem kunnugir sjeu í bankanum og geti farið í útibúin og gert þar upp á sama grundvelli, en þeir menn sjeu nú svo önnum kafnir, að ekki geti komið til mála að sinna þessu fyr en ársskilum bankans sje lokið.

Jeg geri nú ráð fyrir, að stjórnin telji þetta svo mikilsvert atriði, að hún noti sjer tilboð Landsbankastjórnarinnar. Þá getur Landsbankinn líka farið sjer hægt með þetta, en sundurliðunin verið tilbúin fyrir næsta þing.

En Íslandsbanki svarar á þá leið, að til þess að unt sje að svara ítarlega umgetinni fyrirspurn, þá þyrfti fyrst að fara fram svo nákvæm skoðun á öllum lánsskjölum bankans og útibúa hans, að óhugsandi sje að ljúka þeirri skoðun fyrir þinglok.

Bankastjórnin fer ekki ítarlega inn á þetta, en jeg geri ráð fyrir, að hún muni líka fús til þess að gefa sundurliðaða skýrslu, sem tilbúin yrði fyrir næsta þing. Fleira get jeg ekki að svo stöddu svarað þessari fyrirspurn.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það fór sem mig varði, að það var ekki hægt að fá nú slíkt svar, sem fyrirspurnin gerði ráð fyrir. Jeg skal taka það fram, að jeg álít stjórnina ekki vítaverða, en bankarnir hafa alls ekki komið fram sem skyldi, er þeir draga svona lengi að senda jafneinföld svör. Jeg tel þetta eftir atvikum sæmilega lausn á málinu, þar sem hæstv. stjórn treystir sjer til að geta á næsta þingi gefið þingheimi glögga skýrslu um þetta mál. Vænti jeg,

að bönkunum verði ekki vegna tómlætis leyft að skjóta sjer undan að gefa skýrslur þær, sem þeir eru skyldir að láta yfirboðurum sínum í tje.

11. Hlutaeign dómara og þingmanna í Íslandsbanka.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar út af hlutaeign alþingismanna og dómara í Íslandsbanka (A. 37).

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 2. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf, GÓ, IHB, JM, JJ, HSt.

nei: HSn, JóhJóh, KE.

Einn þm. (SE) fjarstaddur.

Með brjefi, dags. 2. mars, sendi forseti efri deildar landsstjórninni fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hve nær hún teldi sig við látna að svara.

Við þessu brjefi barst aldrei svar, og var fyrirspurnin því ekki á dagskrá tekin framar.

12. Stjórnar- og eftirlitskostnaður Íslandsbanka síðan 1914.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 26. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um kostnað við stjórn og eftirlit með Íslandsbanka síðan 1914 (A. 220).

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 8 shlj. atkv.

Með brjefi, dags. 27. mars, sendi forseti efri deildar landsstjórninni fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hve nær hún teldi sig við látna að svara.

Við brjefi þessu barst aldrei svar. Fyrirspurnin var því ekki á dagskrá tekin framar.

13. Meðferð utanríkismála.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um meðferð utanríkismála (A. 508).

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 16:3 atkv.

Með brjefi, dags. 3. maí, sendi forseti neðri deildar fyrirspurnina til landsstjórnarinnar og beiddist jafnframt vitneskju um, hve nær hún teldi sig við látna að svara.

Við brjefi þessu barst aldrei svar. Fyrirspurnin var því ekki á dagskrá tekin framar.

VIÐBÆTIR

Yfirlit um alþingiskostnað

frá 1. janúar til 31. desember 1922.

(Með fylgiskjölum I.—V.).

I. Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskjal I.)*			kr. 85322.38
II. Goldið starfsmönnum:			
A. Föstum starfsmönnum *(fylgiskjal II.)*		kr. 16102.00	
B. Lausum starfsmönnum *(fylgiskjal III.)*		— 25306.50	
			— 41408.50
III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:			
1. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda *(fylgiskjöl IV.—V.)*:			
A. Skjalapartur og þingskjöl:			
a. Prentað samkvæmt munnlegum samningi: 1.—20. örk A-deildar, með kápu á 1. hefti, án sjerprentana (en fyrir þær hefir ráðuneytið greitt og talið með óvissum gjöldum)	kr. 2789.88		
b. Prentað samkvæmt samningi 21. apríl: 21.—87. örk. A-deildar og a.—d.-örk, alls 69½ örk á kr. 180.00, með sjerprentunum ásamt 3 kápum á kr. 15.50	— 12556.50		
c. Uppprentun þingskjala og framyfirprentun	— 46.00		
		kr. 15392.38	
B. B-deild, 59½ örk á kr. 124.00, með 3 kápum á kr. 14.00 .		— 7420.00	
C. C-deild, 45½ örk á kr. 124.00, með 2 kápum á kr. 14.00 .		— 5670.00	

D. Viðbætir, 1½ örk (31.—32. örk D-deildar) á kr. 200.00 . .	—	300.00			
E. Aðalefnisyfirlit, 4 arkir á kr. 200.00, með 1 kápu á kr. 14.00	—	814.00			
F. D-deild, 1.—30. örk, á kr. 124.00, með 1 kápu á kr. 14.00	—	3734.00			
G. Aðstoð við prófarkalestur	—	714.00			
H. Pappír keyptur erlendis í skjalapart og umræður (428 rís), með kostnaði	—	5551.05			
I. Útsending (burðareyrir kr. 3709.94, vinna við umbúnað og útburð kr. 130.00, umbúðir kr. 119.00)	—	3958.94			
			kr.	43554.37	
2. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna:					
A. Til yfirskoðunarmanna (þriggja), 1000 kr. til hvers + verðstuðulsuppbót (94%)	kr.	5820.00			
B. Prentkostnaður.	—	2610.00			
			—	8430.00	
3. Önnur prentun:					
A. Prentun dagskráa, með pappír	kr.	1298.50			
B. Hreinprentun laga og þingsályktana, með pappír, o. fl. . .	—	1037.25			
C. Prentun þingmannalista, ávísanaskrár, aðgöngumiða o. fl., með pappír.	—	514.61			
			—	2850.36	
				—	54834.73
IV. Bókband, bækur, ritföng:					
1. Bókband			kr.	1551.99	
2. Bækur			—	210.80	
3. Ritföng (þar í ritvjel og fjölriti)			—	2225.03	
				—	3987.82
V. Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:					
1. Ljós og ljósfæri			kr.	1835.95	
2. Hiti			—	2369.00	
			Flyt kr.	4204.95	kr. 185553.43

	Fluttar	kr. 4204.95	kr. 185553.43	
3. Ræsting:				
A. Ræstingarvinna	kr. 1713.10			
B. Ræstingarvörur	— 478.80			
		— 2191.90		
4. Viðhald á húsi (þar í ný eldavjel)		— 1573.74		
5. Viðhald á munum		— 588.90		
			—	8559.49
VI. Önnur gjöld:				
1. Aðstoð og aukavinna		kr. 53.20		
2. Kostnaður við einstakar nefndir		— 1177.00		
3. Símagjöld Alþingis (talsímaleiga o. fl.)		— 372.25		
4. Símanot þingmanna:				
A. Símtöl og símskeyti	kr. 3820.80			
B. Símavarsla	— 840.00			
		— 4660.80		
5. Þinghúsgarðurinn		— 455.00		
6. Opinber gjöld		— 1837.59		
7. Ýms gjöld:				
A. Minning látinna manna:				
a. Pjeturs ráðherra Jónssonar (silfurkrans og kveðjuathöfn í Alþingishúsinu)	kr. 1533.05			
b. Magnúsar prófasts Andrjessonar (minningargjöf)	— 50.00			
	kr. 1583.05			
B. Boð forseta fyrir prófessor Fr. Paasche í Þingvallaför		— 368.65		
C. Stencilpappír o. fl. [keypt til fjölritunar, meðan horfur voru á, að ekki tækjust samningar um þingskjalaprentun. Verður pappírinn nú notaður til fjölritunar á dagskrám o. fl. í þarfir þingsins]		— 573.45		

D. Auglýsingar og frímerki	— 169.25	
	— 2694.40	
		— 11250.24
		Samtals kr. 205363.16

Ávisað samkvæmt ávisana- og viðskiftabókum þingsins	kr. 197021.16
Greitt af ráðuneytinu	— 8342.00
	Kr. 205363.16

Skrifstofu Alþingis, 1. febrúar 1923.

Jón Sigurðsson.

Skilagrein

um greiðslur í ríkissjóð frá skrifstofu Alþingis á árinu 1922.

1. Fyrir seld Alþingistíðindi	kr.	822.35
2. Fyrir selda búta af gömlum þakrennum, er teknar voru af þinghúsinu 1921, o. fl.	—	25.00
3. Fyrir seldan prentpappír af birgðum Alþingis	—	1020.00
Samtals	kr.	1867.35

Skrifstofu Alþingis, 1. febrúar 1923.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1922.

(Samkvæmt lögum nr. 36, 28. nóv. 1919).

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferðakostnaður	Þingfararkaup alls
	Dagpeningar	Uppbót	Dagpeningar og uppbót alls		
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Bjarni Jónsson, þm. Dala., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Björn Hallsson, 2. þm. N.-M., á Rangá	1164.00	1094.16	2258.16	361.00	2619.16
Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Einar Árnason, 2. þm. Eyf., á Eyrarlandi	1200.00	1128.00	2328.00	200.00	2528.00
Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K., í Hafnarfirði	876.00	823.44	1699.44	25.00	1724.44
Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn., á Selfossi	936.00	879.84	1815.84	150.00	1965.84
Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang., á Stórólfshvoli	900.00	846.00	1746.00	480.00	2226.00
Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv., í Ási	1068.00	1003.92	2071.92	352.00	2423.92
Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	1104.00	1037.76	2141.76	100.00	2241.76
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	1176.00	1105.44	2281.44	204.50	2485.94
Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm., í Arnarholti	996.00	936.24	1932.24	142.00	2074.24
Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., í Fjósatungu	936.00	879.84	1815.84	232.00	2047.84
Jakob Möller, 1. þm. Reykv., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88

Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf., á Ísafirði	1056.00	992.64	2048.64	56.00	2104.64
Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., á Reynistað	1092.00	1026.48	2118.48	209.42	2327.90
Jón Þorláksson, 3. þm. Reykv., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Karl Einarsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum	696.00	654.24	1350.24	60.00	1410.24
Lárus Helgason, þm. V.-Sk., á Kirkjubæjarklaustri	504.00	473.76	977.76	964.00	1941.76
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Magnús Kristjánsson, þm. Ak., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Magnús Pjetursson, þm. Str., á Hólmavík	1116.00	1049.04	2165.04	94.00	2259.04
Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytra-Hólmi	924.00	868.56	1792.56	25.00	1817.56
Pjetur Þórðarson, þm. Mýra., í Hjörsey	972.00	913.68	1885.68	180.00	2065.68
Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm., í Reykjavík	852.00	800.88	1652.88	. . .	1652.88
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M., á Eskifirði	936.00	879.84	1815.84	179.00	1994.84
Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., á Ystafelli	1272.00	1195.68	2467.68	307.00	2774.68
Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., í Vigur	1176.00	1105.44	2281.44	120.00	2401.44
Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. varaþm., á Litlu-Laugum	1188.00	1116.72	2304.72	220.00	2524.72
Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf., í Fagraskógi	1152.00	1082.88	2234.88	260.42	2495.30
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	1128.00	1060.32	2188.32	210.00	2398.32
Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn., í Þorlákshöfn	900.00	846.00	1746.00	150.00	1896.00
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum	1212.00	1139.28	2351.28	525.00	2876.28
Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M., á Akureyri	1200.00	1128.00	2328.00	200.00	2528.00
Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv., á Hjaltabakka	1056.00	992.64	2048.64	327.00	2375.64
Samtals	40716.00	38273.04	78989.04	6333.34	85322.38

Fylgiskjal II.

Úr gerðabók forseta Alþingis.

Ár 1922, miðvikudaginn 26. apríl, áttu forsetar Alþingis fund með sjer í skrifstofu þingsins.

Fór þar fram:

I. Með brjefi, dags. 5. þ. m., hefir Einar skrifstofustjóri Þorkelsson leitað þess, að forsetar ljetu sig halda óskertum launum sínum til næsta nýárs, en færi svo, að hann yrði þá eigi fær til þess, heilsunnar vegna, að taka við skrifstofustjóraembættinu, þá muni hann að sjálfsögðu segja starfinu lausu.

Forsetar urðu ásáttir um að verða við þessari beiðni.

. . . . . .

Fundi slitið.

G. Björnson. *Benedikt Sveinsson.* *M. J. Kristjánsson.*

Fylgiskjal III.

Yfirlit um greiðslur til lausra starfsmanna við Alþingi 1922.

Skrifstofan	kr.	4371.00
Skjalavarsla og afgreiðsla	—	1350.00
Prófarkalestur	—	2968.00
Lestrarsalsgæsla	—	1122.00
Innanþingsskriftir	—	11256.00
Dyra- og pallavarsla	—	2654.00
Þingsveinsstörf	—	1585.50
	Samtals kr.	25306.50

Fylgiskjal IV.

Útdráttur úr samningum um prentun Alþingistíðinda 1922.

A. *Skjalapartur og þingskjöl.*

(Samningur við prentsmiðjuna Gutenberg, 21. apríl).

. . . . . .

2. gr. — Upplag þessa hluta þingtíðindanna skal vera 800 — átta hundruð, — eintök, en auk þess skal láta þinginu í tje um þingtímann 150 sjerprentanir

ókeypis af hverju þingskjali út af fyrir sig, með því lagi og þeim frágangi, er tíðkast hefir hingað til og skrifstofustjóri þingsins mælir fyrir um og þörf er á. Nú óskar þingið fleiri sjerprentana af einhverju þingskjali en að ofan greinir, eins og áður hefir átt sjer stað, og skulu þær þá látnar í tje, gegn sanngjarnri aukaþóknun fyrir framyfirprentun og heftingu. . . . . .

4. gr. — Fyrir hverja prentaða örk (8 blaðsíður) af skjalapartínum, með heftingu . . . . áskiljum vjer, stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, að fjelaginu sjeu greiddar 180 — eitt hundrað og áttatíu — krónur, og fyrir prentun kápu á hverju hefti (20 arka) kr. 15.50 — fimtán krónur og fimtíu aurar —. Nær verð þetta einnig til þess, er þegar hefir verið prentað af skjalapartinum frá því er þing kom saman, eða frá 21. örk. . . . . .

5. gr. — Pappír í skjalapart og í sjerprentanir þær, sem getur um í 2. gr., leggur þingið til sjálft, og er prentsmiðjunni skylt að geyma þann pappír ókeypis, er þingið hefir afhent eða afhendir henni í þessu skyni, og hafa á honum fulla ábyrgð.

. . . . . .

B. *Umræður.*

1. B-deild (samþykt lagafrumvörp).

(Samningur við Ísafoldarprentsmiðju, 18. apríl).

. . . . . .

2. gr. — Upplag þessa hluta Alþingistíðindanna skal vera 700 . . . .

4. gr. — Fyrir prentun og hefting hverrar arkar þessa hluta þingtíðindanna áskilur Ísafoldarprentsmiðja h. f. sjer 124 — eitt hundrað tuttugu og fjórar — krónur, og fyrir prentun á kápu á hverju hefti 14 — fjórtán — krónur. .

5. gr. — Pappír í þennan hluta þingtíðindanna leggur þingið til sjálft, og er prentsmiðjunni skylt að geyma þann pappír ókeypis, er þingið hefir afhent eða afhendir henni í þessu skyni, og hafa á honum fulla ábyrgð. Í hverja fullprentaða þingtíðindaörk með 700 eintaka upplagi mega fara 400 pappírsarkir ($^4/_5$ úr rísi).

. . . . . .

2. C-deild (fallin lagafrumvörp, útrædd og aftur tekin, ásamt aðalefnisyfirliti).

(Samningur við Fjelagsprentsmiðjuna, 21. apríl).

. . . . . .

2. gr. — Upplag þessa hluta þingtíðindanna skal vera 700 . . . . .

4. gr. — Verð fyrir prentun áskilur Fjelagsprentsmiðjan sjer svo sem hjer segir:

Fyrir hverja fullprentaða örk C-deildar, með heftingu, 124 — eitt hundrað tuttugu og fjórar — krónur.

Fyrir prentun kápu á hverju hefti 14 — fjórtán — krónur.

Fyrir hverja fullprentaða örk aðalefnisyfirlits, með heftingu, 200 — tvö hundruð — krónur.

. . . . . .

5. gr. — (Samhljóða 5. gr. í B. 1. hjer að framan).

. . . . . .

3. D-deild (þingsályktunartillögur og fyrirspurnir).

(Samningur við prentsmiðjuna Acta, 15. apríl).

. . . . . .

2. gr. — Upplag þessa hluta þingtíðindanna skal vera 700 . . . . .

4. gr. — Fyrir prentun og hefting hverrar arkar þessa hluta þingtíðindanna áskilur prentsmiðjan Acta sjer 124 — eitt hundrað tuttugu og fjórar — krónur, og fyrir prentun kápu á hverju hefti 14 — fjórtán — krónur. . . . .

5. gr. — (Samhljóða 5. gr. í B. 1. hjer að framan).

. . . . . .

Fylgiskjal V.

Skilagrein

fyrir prentpappír í Alþingistíðindi.

I. Pappírsleifar frá f. á. samkvæmt síðasta þingreikningi $71^{1}/_{20}$ rís*). kr. 1620.79

II. Pappír, keyptur frá útlöndum á árinu, 428 rís . . . . . — 5551.05

Pappírskostnaður alls $499^{1}/_{20}$ rís kr. 7171.84

Jafnaðarverð ca. kr. 14.37 rísið.

Af pappír þessum hefir farið:

1. Í *skjalapart og þingskjöl* $100^{4}/_{5}$ rís . . . . kr. 1448.50
2. Í *B-deild* $48^{4}/_{5}$ rís. . . . . — 701.26

Flyt kr. 2149.76 kr. 7171.84

*) Vegna smávillu í skilagreininni í fyrra voru leifarnar taldar þá $71^{1}/_{12}$ rís, en áttu að vera $71^{1}/_{20}$ rís.

	Fluttar kr. 2149.76	kr. 7171.84
3. Í *C-deild* með *aðalefnisyfirliti* og *viðbæti* 42 rís	— 603.54	
4. Í *D-deild* $24^{2}/_{5}$ rís	— 350.63	
5. Í *Landsreikninginn 1920* (athugasemdir) $1^{2}/_{5}$ rís	— 20.12	
	kr. 3124.05	
Seld hafa verið 60 rís á 17 kr. hvert	— 1020.00	
		— 4144.05
En eftir er óeytt $221^{13}/_{20}$ rís		kr. 3027.79